Lagafrumvörp felld.

1. Opinber vinna.

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um opinbera vinnu (þmfrv., A. 111).

Á 21. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Víðast hvar erlendis hafa verið tekin í lög ákvæði um vinnutíma og kaupgjald í opinberri vinnu. Þetta frv. gengur í sömu átt.

Hér er farið fram á, að vinnudagur verði ákveðinn 9 stundir, en þó er leyft, að lengur sé unnið með vissum skilyrðum, enda teljist það eftirvinna, sem unnið er fram yfir þennan tíma.

Erlendis er vinnudagur í opinberri vinnu víðast 8 stundir og sumsstaðar jafnvel styttri, ekki nema 5—6 stundir. Við flm. höfum þó ekki gengið lengra en þetta. Á Siglufirði er vinnutími ákveðinn 8 stundir í bæjarvinnu. Í öðrum kaupstöðum er vinnutíminn 9—10 stundir.

Það liggur í augum uppi, að hið opinbera hefir í senn góða aðstöðu og ber skylda til að ganga á undan öðrum atvinnurekendum með góðu eftirdæmi í þessum efnum. Það skiptir miklu máli, að vinnutíminn sé ekki of langur, ekki aðeins fyrir verkamenn, heldur einnig atvinnurekendur. Reynslan hefir sannað, að jafnmiklu eða meiru er afkastað í 9 stunda vinnu og 10 stunda vinnu. Og á þennan hátt græða verkamenn eina dýrmæta klukkustund til hvíldar eða tómstundaiðkana.

Annað höfuðatriði frv. er í því fólgið að ákveða nánar en verið hefir um kaupgjaldið í opinberri vinnu. Í sumum bæjum hafa risið upp deilur um þetta efni, og hefir þeim lyktað með því, að bæjarsjóðir hafa fallizt á að greiða það kaup, sem almennt gildir á staðnum. En í vegagerð, brúagerð og vitabyggingum hefir verið öðru máli að gegna. Þar hefir engin föst regla gilt um kaupgjald, heldur virðist vegamálastjóri hafa lagt alla áherzlu á að þrýsta kaupinu svo niður sem unnt er, og jafnvel gengið þar lengra en svíðingslegustu atvinnurekendur. Ég þarf ekki að fara neinum orðum um það, hve ósæmilegt er að nota opinbera vinnu til þess að halda kaupgjaldi í landinu niðri. Hið minnsta, sem hægt er að fara fram á, er, að hið opinbera láti kaupgjaldsmálin afskiptalaus og greiði það kaup, sem almennt gildir, taxta verklýðsfélaganna, og meira er ekki krafizt hér. Í símavinnu hefir aftur á móti verið haldið sama kaupi um land allt.

Ég vil benda á, að á Hellisheiði hefir munað 20—30 aur. á tímakaupi manna í vegavinnu, eftir því, hvaðan þeir eru af landinu. Þetta nær vitanlega engri átt, og verður þegar að kippa því í lag.

Vænti ég þess, að frv. verði að lokinni umr. vísað til allshn.

Bernharð Stefánsson [óyfirl.]: Ég er ekki vanur að amast við því, að mál gangi til n., en engin regla er án undantekningar. Hér er lagt til, að kaup við vinnu, sem sveitarfélög og ríkissjóður láta framkvæma, skuli greitt samkv. gildandi kaupgjaldstaxta eða kaupgjaldssamningi þess verkalýðsfélags, sem næst er. Í flestum sveitum landsins eru engin verkalýðsfélög til, og yrði því að gilda

Alþt. 1931. C. (43. löggjafarþing).

taxti verkalýðsfélags í næsta kauptúni. Nú er svo ástatt í sveitunum, að þar má heita, að víðast sé ekkert verkafólk til, og því verða bændur sjálfir að inna af höndum þá vinnu, sem sveitarfélagið lætur vinna. Þessir sömu bændur eru jafnframt gjaldendur til sveitarsjóðs, sem lætur framkvæma vinnuna. Hér er því farið fram á að banna bændum að taka það kaup hjá sjálfum sér, sem þeim finnst vera hæfilegt. Og ekki er nóg með það, heldur er þeim bannað að vinna meira en 9 stundir á dag. Ég get nú frætt hv. flm. á því, að bændur verða almennt að vinna miklu lengri tíma en þetta á heimilum sínum, og þegar liggur á vegarspotta í sveitina þeirra, hugsa þeir meira um að koma verkinu áfram en að vinna sem stytzt. Það gæti vel verið, að ég hefði ekki lagzt á móti frv., ef í því fælust eingöngu ákvæði um þá vinnu, er ríkissjóður lætur framkvæma. En þegar á að setja sveitarfélögunum stólinn fyrir dyrnar á þennan hátt, sé ég ekki ástæðu til, að svo mikið sé haft við frv. þetta að vísa því til nefndar, og vona ég, að fleiri hv. þdm. líti eins á þetta mál.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Ég þarf ekki að þakka hv. 2. þm. Eyf. fyrir undirtektir hans. Býst ég við, að sérstakar ástæður, aðrar en hann tók fram, ráði afstöðu hans í þessu máli, og skal ég ekki fara nánar út í þá sálma.

Ræða hv. þm. var ekki sérlega sannfærandi. Hann sagði að lítið væri um verkafólk í sveitum. Þetta vissum við flm. áður, en verkamenn úr smákauptúnunum eru í vegavinnunni, og meðan bændur eru í vegagerð hjá því opinbera, eru þeir þó verkamenn þess. Hv. þm. sagði ennfremur, að bændur væru jafnframt gjaldendur. Þetta má segja um alla verkamenn líka. Þeir greiða einnig skatta og skyldur til hins opinbera og vinna jafnan að einhverju leyti fyrir sjálfa sig. En skyldi hv. þm. þó vilja fallast á, að vegavinnuflokkarnir ráði sjálfir kaupi sínu yfirleitt? Ég hygg, að bændum sé engin óþökk í því fremur en öðrum að fá vinnu sína sæmilega borgaða, og að þeir hafi ekki mikla freistingu til að fá útsvör lækkuð, með því að vinna sjálfir fyrir smánarlaun og sem allra lengst. Það er ennfremur fullkominn misskilningur hjá hv. þm., að það að vinna sem lengst sé sama og að vinna sem mest. Bændur hafa sjálfir komið auga á þetta. Áður fyrr var unnið í sveitum landsins á sumrum 14—15 stundir á dag. Nú mun vinnutíminn óvíða vera lengri en 10—12 stundir. Bændur hafa séð, að styttri vinnutíminn borgar sig betur. Sama lögmál gildir í vegavinnu. Hinu opinbera ber skylda til að fara vel með sína verkamenn. En enginn mun með nokkrum rökum geta haldið því fram, að lengri vinnutími en sá, sem lagður er til í frv., sé æskilegur, ef ætlazt er til, að menn hafi einhvern tíma afgangs frá striti og svefni. Eftir kenningu hv. 2. þm. Eyf. (svo að notuð séu orð „Tímans“, er hann talar um „kenningar“ flokksmanna sinna) ættu bændur helzt að vinna sem mest fyrir sem minnst kaupgjald, eða upp í 18 tíma á dag fyrir lítið sem ekki neitt.

En mér er kunnugt um, að vegavinnumenn sjálfir, hvort sem þeir eru bændur eða ekki, líta öðrum augum á þetta en hv. 2. þm. Eyf. Ég vil því skora á hv. þm., samkv. ummælum hans áðan, að koma fram með brtt. um það, að vegavinnumenn ráði kaupi sínu sjálfir. Þá get ég tekið frv. aftur, að því leyti, sem það snertir kaupgjaldið.

En þingið getur ekki gengið framhjá því, að hið opinbera má ekki fara verr með verkamenn sína en einstakir atvinnurekendur.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Hv. 2. þm. Eyf. hefir réttilega bent á, hve fjarstætt það er, að ákvæði frv. skuli ná yfir þá vinnu, sem sveitarfélög láta framkvæma. En frv. gengur lengra en þetta, því að það nær yfir vinnendur hjá næstum hverjum bónda á landinu, sem styrks nýtur samkv. jarðræktarlögunum. Í 1. gr. frv. er svo ákveðið, að undir ákvæði þess falli öll sú vinna, sem ríkissjóður veitir styrk til. Þetta verða hv. þdm. að athuga.

Ég vildi spyrja hv. flm., hvað við sé átt með gildandi kauptaxta verkalýðsfélaganna. Er það sá taxti, sem atvinnurekendur hafa fallizt á, eða er það sá taxti, sem verkalýðsfélögin hafa auglýst, þótt enginn láti sér detta í hug að láta

vinna eftir honum? Um þetta væri gott að fá upplýsingar.

Í grg. frv. er sagt, að ákvæðin um vinnutímann séu sniðin eftir vinnutíma verzlunarmanna. Hér er þá líklega miðað við Rvík eina, því að annarstaðar á landinu, t. d. kringum Húnaflóa, er mér kunnugt um, að verzlunarmenn vinna miklu lengur, oftast allt að 12 stundum á dag. Ef miða ætti vinnutímann við vinnutíma verzlunarmanna á þessum stöðum, ætti fremur að lengja hann en stytta frá því sem nú er.

Bernharð Stefánsson [óyfirl.]: Hv. flm. segist vilja ganga að því, að ákvæðið sé, að verkamenn ráði sjálfir kaupi sínu. En ég veit ekki betur en að svo sé nú. Ég þekki þess ekki dæmi, að verkamenn séu teknir nauðugir í opinbera vinnu. Þegar ákvæðin er vinna og kaup, er þeim í sjálfsvald sett, hvort þeir vilja vinna eða ekki. Ég vildi óska, að hv. flm. og flokksbræðrum hans væri alvara með þetta. En í fyrrahaust var dálítið annað uppi á teningnum, þegar flokksbræður hans komu inn í Eyjafjörð í bílum, til að reka menn úr vinnu, af því að kauptaxti þeirra var ekki viðurkenndur á Akureyri. Því er ekki nema gott til þess að vita, ef jafnaðarmenn ætla nú að fara að taka upp hina regluna.

Hv. flm. sagði, að enginn hefði gott af að vinna meira en 9 stundir á dag. En í sveitum landsins verður þessu ekki við komið og einyrkja bændur framfleyta ekki lífinu, nema með langtum lengri vinnutíma.

Þegar þannig stendur á, að hreppsbúum bráðliggur á að fá þann veg, sem verið er að leggja, þá hugsa sveitamennirnir, sem við hann vinna, mest um það að ljúka verkinu af, því að þeir finna það, að þeir eru að vinna fyrir sjálfa sig. Þeir eru líka allflestir einyrkjar, sem eiga óhægt með að vera lengi burtu frá heimilum sínum, og mundi því vera það mjög fjarri skapi að vinna aðeins 8 eða 9 tíma á dag. Annars nenni ég ekki að svara frekar öllum þeim fjarstæðum, sem komu fram í ræðu hv. flm.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Hv. 2. þm. Eyf. fór alveg í gegnum sjálfan sig í ræðu sinni, þegar hann fór að tala um vegavinnu bændanna. Hann byrjaði á því að andmæla frv. fyrir það, að þar er mælt svo fyrir, að við opinbera vinnu skuli gilda samþykktur kauptaxti verkamanna, en svo þegar hann fór að tala um vegavinnu í sveitum, þá vildi hann ekki annað heyra en að verkamennirnir sjálfir réðu kaupinu, eins og þeir yrðu á móti kauptaxta verkalýðsfélaganna. Ef þm. kæmi fram með brtt. um það, að verkamenn sjálfir ættu að ákveða sitt kaup t. d. í vegavinnu, sem sveitarstjórnin síðar greiddi, mundi ég óðara fallast á þá till., því að það væri allt annað fyrirkomulag heldur en ef sveitarstjórnirnar ákveða kaupið. Verkamenn við vegavinnu, bæði bændur og aðrir, vilja hafa sama kaup eins og við aðra vinnu. Þó að ef til vill megi finna dæmi einhverstaðar á landinu, þar sem einhverjir séu svo fórnfúsir og vel staddir efnalega, að þeir kæra sig ekki um að taka fullkomin laun fyrir vinnu sína, þá er vitanlega ekki hægt að nota slík dæmi sem form fyrir vegavinnu almennt.

Það liggur í augum uppi, að allir þeir verkamenn, sem vinna að vegagerð, líklega hátt á annað þúsund síðastl. sumar, hafa ekki sótt þá vinnu af eintómri fórnfýsi, enda sýnir kostnaður við vegagerðir 1930, að svo hefir ekki verið.

Tilgangurinn með frv. þessu er sá, að koma í veg fyrir, að hið opinbera sé notað sem verkfæri í höndum atvinnurekenda til að halda niðri eða lækka kaup verkafólksins.

Margir harðsvíraðir atvinnurekendur reyna af fremsta megni að hafa áhrif á stjórn atvinnumálanna til þess að halda niðri kaupi, ekki í þeim tilgangi að spara fé ríkissjóðs, heldur til þess, að þeir geti sjálfir grætt á því. Slíkt athæfi er svívirðilegt að mínum dómi. Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Eyf. talaði um vinnustöðvun norður í Eyjafirði, sem verkamannafélag Akureyrar stóð fyrir, þá verð ég að viðurkenna, að ég er því máli ekki nægilega kunnugur til þess að ræða um það hér, en ég býst við, að hér syðra hefði verið farið öðruvísi að. (**LH:** Hvernig var með garnaflækjuna?) Ég geri ráð fyrir að taka það mál rækilega til athugunar á eldhúsdegi og mun þá

rekja svo garnirnar úr hv. þm., að þess verði lengi minnzt. (**LH:** Ætli hv. þm. gangi það ekki illa?). Hv. þm. V.-Húnv. var að spyrja um það, hvaða taxti það væri, sem ætti að gilda. Eins og tekið er fram í 3. og 4. gr. frv., þá á að gilda sá taxti, sem unnið er samkv. á staðnum eða í næsta þorpi. Ef atvinnurekendur láta vinna eftir kauptaxta verkalýðsfélaganna, þá skoðast hann gildandi samkv. þessu frv., en annars ekki, ef verkamennirnir sjálfir vinna ekki eftir taxta sínum. Ég sé, að þetta frv. ætlar ekki að mæta neinum sérstökum vinsældum hjá Framsóknarflokknum hér á þingi, enda bjóst ég tæplega við því hjá hinum háttsettari innan flokksins. En ég efast stórlega um, að þessi framkoma þeirra sé eins vinsæl heima í sveitunum eins og hún virðist sjálfsögð hér meðal ofríkismanna flokksins.

Hákon Kristófersson: Það sé fjarri mér að vilja gera lítið úr þeirri fyrirhöfn og því hugarþeli, sem þurft hefir til að semja og bera fram þetta frv. Ég veit, að verkið hefir verið unnið sem kærleiksverk af umhyggju fyrir verkalýðnum, en ég vænti þess, að vinur minn hv. 1. flm. afsaki það, þó að ég verði að segja, að mér finnst ákvæði frv. vera sum ónauðsynleg, og ég get ekki stillt mig um að benda honum á, að ef þau verða að lögum, þá banna þau alveg þau samkomulagsákvæði, sem víða gilda í sveitum um vegavinnukaup. Eftir þessu kærleiksfrv. er óheimilt að vinna samkv. slíkum sveitarsamþykktum. Við í Barðastrandarsýslu yrðum að haga okkur eftir kauptaxta á Patreksfirði, því að annað verkalýðsfélag er ekki nær, nema þá kannske nýstofnað félag í Flatey. Ég skil ekkert í því, að slíkt frv. sem þetta skuli koma frá jafnágætum mönnum. Ég get verið sammála flm. þessa frv. um það, að 10 stunda vinna á dag sé hæfileg. Það er sem sé sagt í frv., að verkamenn megi vinna allt að 10 stundum 5 daga vikunnar, en með því móti að draga það frá sjötta deginum, en það var nú misskilningur, enda hefir flm. ekki reynt að færa rök að því, að 10 stunda vinna á dag væri skaðleg.

Ég tók eftir því, að hv. flm. sagði, að vegamálastjóri gengi erinda verstu atvinnurekenda. Ég skil ekkert í því, hvað jafngætinn maður talar ógætilega, og um mann, sem hvergi er nærri. Án þess að ég telji þess þörf að taka svari vegamálastjóra hvað þetta snertir, vil ég þó taka það fram, að ég held, að það sé ekki rétt að ásaka hann um það, að hann vilji ekki borga nógu hátt kaup. Mér verður næst fyrir að minnast vegagerðarmanna, sem unnu vestur í Barðastrandarsýslu í sumar. Já, þar unnu menn fyrir 12 kr. á dag, alveg bráðónýtir, já, svo að ég held, að ég hefði ekki þorað að taka þá meðgjafarlaust, þótt ég hefði átt kost á þeim. Það má kannske segja, að þeir hafi ekki verið ónýtir til eins, og það var að fara svívirðilega illa með hestana, sem þeir unnu með. En þarna voru ekki brotin gildandi lög eða ákvæði, því að þarna var borgað samkv. kauptaxta verkamanna.

Í vetur hafa mér borizt fjölda margar fyrirspurnir, bæði bréflega og símleiðis, um það, hvort hægt yrði að fá vinnu fyrir vestan í vor fyrir kr. 8,00—8,50 á dag með 10 tíma vinnu, en þessir menn fengju ekki að ráða sig fyrir þetta kaup, þó að þeir vildu.

Það, sem mér þykir allra skaðlegast við þessi kauptaxtaákvæði, er það, að öllum skuli vera borgað jafnt kaup, bæði duglegum mönnum og lélegum. (**HG:** Þetta er lágmarkskaup). Var það lágmarkskaup, 12 kr.? Það er einkennilegt, að aðrir eins merkismenn og þessir skuli standa á bak við þetta frv., sem heimtar hærra kaup og minni vinnu. En þó að frv. sé nú ekki betra en þetta, þá vil ég nú, að hv. þd. sýni flm. þann sóma að vísa því til einhverrar nefndar, en jafnframt vildi ég láta leggja ríkt á við þá nefnd, að láta það aldrei koma frá sér aftur.

Ég get tekið undir það með hv. þm. V.-Húnv. og hv. 2. þm. Eyf., að afleiðingarnar af þessu frv., ef það yrði að lögum, ná lengra en til opinberrar vinnu, því þó lögin næðu ekki bókstaflega yfir annað en opinbera vinnu, þá mundi sú venja skapast, að önnur vinna yrði að lúta sömu ákvæðum. Enda sagði minn ágæti vinur, 1. flm., það einu sinni við mig, að ef það væri satt, að við bændur létum

vinna svona lengi eins og sagt væri, þá væri ekkert vit í því nema að setja lög til að banna það. Nú, næsta sporið er auðvitað að neita öllum undantekningum og heimta að láta þurrt hey liggja flatt o. s. frv. (**HV:** Ég hefi aldrei talað neitt um þetta; þetta eru ósannindi). Skelfing leiðist mér nú þetta; vegna hv. þm. vildi ég, að þetta væri ósatt mál, en ég verð að reyna að afsaka hann með minnisleysi. En hann hefir líklega misskilið mig. Ég var að tala um þá stefnu, sem lægi bak við frv., og mér finnst nú sannarlega skörin færast upp í bekkinn, ef á að fara að banna sveitarfélögum að ákveða kaup við þau verk, sem þau láta vinna, heldur skuli gilda kauptaxtar óviðkomandi fjarlægra héraða.

Það má ekki gleymast, að með ákvæðum um stytting vinnutímans úr 10 tímum niður í 9 eða 8 vinnst þó eitt, og það er það, að það verður minnu afkastað. Í vissum tilfellum gæti þetta nú komið sér illa, ef t. d. verið væri að vinna eitthvert verk, sem þyrfti að vera lokið fyrir ákveðinn tíma, og svo er styttur vinnutíminn um tvo tíma á dag. Það er ekki lengi að draga sig saman, og svo er ekki hægt að ljúka verkinu fyrir vikið, en veturinn skellur á, og meira að segja, það sem búið er af verkinu, stórskemmist. Ég veit eitt áþreifanlegt dæmi frá síðasta hausti, er sannar þetta.

Við nánari athugun hefir hv. flm. þótt viðeigandi að gera ráð fyrir því, að hægt væri að vinna 10 tíma vinnu. Með því er fengin viðurkenning fyrir því, að það sé ekkert skaðlegt að vinna 10 tíma á dag.

Í sveitunum hafa menn nú einmitt komið auga á það, að ekki borgar sig að hafa langan vinnutíma. Þar er alveg hætt að vinna nema 10 tíma á dag, nema sérstaklega standi á. Bændur eru sem sagt komnir á þessa skoðun, og það er því alveg óþarft að vera að setja lög um þetta, því að hér er allt í lagi, og jafnvel þó að góður vilji sé á bak við frv., þá er það jafnóþarft fyrir því. Og svo er nú ekki um neitt smáræði að ræða, ef út af ber, 100—5000 kr. sektir. Raunar er það eitt, sem ekki hefir verið bent á, en leiða mundi af þessu frv., ef það yrði að lögum, að með stytting vinnutímans mundi skapast atvinna fyrir fleiri menn, en það getur nú verið spurning, hversu heilbrigt það er.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Úr því að farið er að ræða þetta mál við 1. umr., þá ætla ég að fara um það nokkrum orðum. Mér finnst fara vel á því, að hv. þm. Barð. er valinn til þess að andmæla þessu frv. fyrir hönd Íhaldsflokksins. Hann mun vera tvennt í senn: spaugsamasti og hjartabezti maður í þeim flokki. En hvernig meðferðin á málstaðnum er hjá honum, já, það verður nú hver að dæma frá sínum bæjardyrum. Mér finnst það annars næsta óviðeigandi, er hv. þm. hlæja og flissa undir umr. um svo alvarlegt mál sem þetta er. (**ÓTh:** Sá, sem flissaði mest, var hv. þm. Ísaf.). Það má vera, að ég hafi brosað að framkomu hv. 2. þm. G.-K. (**MJ:** Þetta er allt skrípaleikur). Guðfræðiprófessorinn er vanur við skrípaleikinn líklega á fleiri en einum stað. Röksemdir hv. þm. Barð. voru lítilfjörlegar, eins og hans var von og vísa, og þarf því lítið að svara honum. Vegavinnuhorfurnar eru nú þannig, að þar sem árið 1929 voru unnin í vegavinnu 130 þús. dagsverk og árið 1930 sjálfsagt ekki innan við 150 þús. dagsverk, þá er nú í fjárlagafrv. stj. lagt til, að framlög til vega verði sem svarar fyrir 30—40 þús. dagsverkum. M. ö. o. á að skera niður sem svarar 100 dagsverkum fyrir 1000 manns.

Umræðum um þetta alvarlega ástand vill hv. þm. Barð. snúa upp í glens. Mér finnst flest annað fremur broslegt.

Það voru einu rök hv. þm. Barð., að einhverjir handónýtir strákar vestur í Barðastrandarsýslu hefðu unnið að vegagerð ríkissjóðs Afleiðingin af því að greiða miklu lægra kaup við vegagerð en aðra vinnu verður einmitt sú, að í þá vinnu veljast lélegustu mennirnir, er sízt fá vinnu annarsstaðar. Þetta hafa sagt mér fjölmargir vegagerðarverkstjórar, og jafnvel vegamálastjóri sjálfur. Enda er þetta mjög eðlilegt, þegar vegavinnukaupið er 30—40% lægra en annarsstaðar er borgað. Í frv. er með kauptaxta átt við lágmarkskaup fyrir fullvinnandi menn. Auðvitað er sanngjarnt og verkstjórum

innan handar að borga duglegum mönnum meira en lágmarkskaup.

Hv. þm. sagði, að nú væri sú öldin uppi, að menn heimtuðu minni vinnu og meira kaup. Þetta er alveg rétt athugað. Það er stefna allra manna að tryggja lífskjör sín sem bezt. Verkamenn vilja auðvitað láta sér líða sæmilega eins og aðrir, t. d. eins og við hv. þm. Barð. Nema þá hv. þm. telji, að verkamenn séu eitthvað allt annað en aðrir menn — þá er máske skiljanlegt, að hv. þm. finnist þetta broslegt, finnist það vera skringileg fjarstæða.

Í lok ræðu sinnar óskaði hv. þm. þess, að málið væri látið ganga til nefndar, en hann lét þau orð fylgja með til nefndarinnar, að hún settist á frv. og léti það aldrei sjást framar, — svo að hv. þm. fái ekki tækifæri til þess að greiða atkv. um málið. Hv. þm. Barð. er auðvitað í þessu sem öðru í samræmi við Íhaldsflokkinn, og mun það ekki vera nein tilviljun, að hann rís upp til andmæla fyrir flokkinn.

Aðalatriði þessa máls er þetta: Á hið opinbera að gera betur eða verr við starfsmenn sína, verkamennina, heldur en einstakir atvinnurekendur, sem reka atvinnu sína í gróðaskyni?

Ef hið opinbera veitir verkamönnum sínum betri kjör en aðrir, hlýtur það að gera verkamönnum auðveldara að koma fram réttlátum hagsmunakröfum sínum á hendur einstökum vinnuveitendum. En ef hið opinbera veitir þeim verri kjör, þá hefir það ófug áhrif, þá spillir ríkið fyrir hagsbótum verkamannanna. Verður ekki annað sagt en að það sé blóðug skömm, að hið opinbera gangi þannig á undan í því að spilla fyrir hagsbótakröfum hinnar vinnandi stéttar. Hefir þetta komið oft fyrir á síðari árum, og er það slíkur smánarblettur á tveim síðustu landsstj., að hann verður aldrei af þeim skafinn.

Skal ég taka eitt dæmi, til þess að sýna nánar fram á það, hversu hróplegt ranglæti þetta er.

Í hitteðfyrra var byggð bryggja í Borgarnesi með styrk af ríkisfé. Útlent félag sá um verkið, og greiddi það verkamönnunum 1,20 kr. á klst., eins og þá var greitt hér í Rvík. Í sambandi við bryggjuna lét ríkissjóður byggja brú út í Brákarey, og heyrði verkið undir stjórn vegamálanna. Við brúargerðina voru greiddir 90 au. á klst., en 1,20 kr. við bryggjugerðina, eins og ég gat um áðan.

Mig furðar á því, að hv. þm. skuli ekki stökkva bros. Og þó ekki. Ástand eins og þetta er alvarlegra en svo, að að því sé hlæjandi. Þegar útlent félag, sem tekur hér að sér verk til þess að græða á því, greiðir 1,20 kr. á klst., þá greiðir ríkissjóður 0,90 kr., eða fjórðungi lægra kaup, — á sama vinnustaðnum. — (**MJ**: Vill ekki hv. þm. samt, að ríkið reki sem flest fyrirtæki?). Jú, en það er áreiðanlegt, að flokksmenn hv. þm. stjórna ekki landinu, eftir að atvinnutækin hafa verið gerð að þjóðareign. En þessi kaupgreiðsla hins opinbera er til skammar. Það er smánarlegt, að ríkið skuli nota aðstöðu sína sem vinnuveitandi til þess, að verkamenn fái sem lægst kaup. (**ÓTh**: Til þess, að einstaka þm. fái sem hæst kaup!). Hv. 2. þm. G.-K. hefir nú sjálfur sett met hvað hátt kaupgjald snertir, að því er hann hefir sjálfur sagt. Ég man ekki, hvort hann sagðist hafa 400 kr. á klukkustund, eða hvort það var fyrir hverja hálfa klukkustund við gengisnefndarstörfin.

En það, hvaða afstöðu hið opinbera vill taka til hagsmunabaráttu hinnar vinnandi stéttar, er ennþá þýðingarmeira nú en fyrr. Ástandið og útlitið er iskyggilegt: Margir atvinnurekendur hafa stöðvað fyrirtæki sín, og togararnir liggja ennþá bundnir við hafnargarðinn. Það er ekkert vafamál, að atvinnurekendur ætla sér með þessu að beita því vopninu, sem hvassast er og þeir treysta bezt, atvinnuskortinum, til þess að koma á almennri kauplækkun.

Nú er spurningin þessi: Ætlar hið opinbera að ljá atvinnurekendunum lið til þess að lækka kaupið, eða ekki?

Ef þetta frv. verður felllt, þá lýsir ríkið yfir því, að það ætli að halda áfram sömu stefnunni og áður — að gangast fyrir almennri kauplækkun.

Verði fjárlögin afgreidd líkt og hæstv. stj. leggur til og búast má við að verði gert, þá verða framkvæmdir ríkisins felldar mjög niður, í viðbót við verkbann atvinnurekenda. Við það eykst atvinnuleysið enn að mun, og kemur vinnuveitendum þannig tvöföld hjálp til þess að

lækka kaup verkafólksins, sem sé að ríkið greiðir lágt kaup og sker niður framkvæmdir. Hvort þetta verður gert eða ekki, kemur í ljós við atkvgr. um þetta frumvarp. (**ÓTh:** Það er ljótt að styðja stjórn, sem gerir slíkt). Ég styð ekki hæstvirta stjórn og hefi aldrei gert það. En ég vil benda hv. 2. þm. G.-K. á það, að hann hefir aldrei flutt vantraust á hæstv. stj., þótt hann hafi belgt sig mikið út af verkum hæstv. stj., bæði utan þings og innan. (**ÓTh:** Hv. þm. ætti að flytja vantraust sjálfur). Það er eins og hv. þm. þori ekki að flytja vantraustsyfirlýsingu sjálfur, heldur vilji ota mér fram til þess. Það lítur ekki út fyrir, að hv. þm. hafi mikinn hug á að koma hæstv. stj. frá völdum. (**SE:** Getur þá ekki orðið samkomulag um að fella hæstv. stj.? — **Forseti** hringir). Ef hv. 2. þm. G.-K. fær sinn flokk til þess að samþykkja þetta frv. með okkur Alþýðuflokksmönnum, en hæstv. stj. og flokkur hennar berst á móti, þá getur farið svo, að við komum með vantraust, en aldrei munum við láta hv. 2. þm. G.-K. segja okkur fyrir verkum.

Hvað viðvíkur ræðum þeirra hv. þm. V.-Húnv. og hv. 2. þm. Eyf., þá verð ég að segja það, að mér fundust mótbárur þeirra næsta broslegar. Þeir héldu því fram, að það væri verið að fjandskapast við bændur með frv. Einyrkjarnir þyrftu að vinna meira en í 9 klst. á dag, til þess að geta aflað sér lífsviðurværis. Auðvitað koma ákvæði frv. þeim ekkert við. En broslegast var það, að báðir þessir hv. þm. héldu því jafnframt fram, að meiri hluti vegavinnumanna í sveitum væri úr bændastétt. Það lítur því út fyrir, að þessum hv. þm. þyki það hinn mesti fjandskapur við bændur, að kaup þeirra sjálfra sé hækkað og vinnudagurinn styttur! Slík „hundalogik" sem þetta er alls ekki hv. þm. samboðin.

Það er rétt, að sveitafólk stundar vegavinnu. Þar, sem ég þekkti til áður, voru það einkum ungir menn, sem unnu þessa vinnu, menn, sem voru að vinna sér inn skotsilfur, til þess að geta notið skólavistar, eða ungir bændur, sem voru að afla sér fjár, til þess að geta kostað ýmsar umbætur á jörðum sínum.

Af þessum mönnum er nú dregið, er hið opinbera klípur af launum verkamanna sinna. Það er dregið af bændunum, sem vilja kaupa nýjar vélar, til þess að gera umbætur auðveldari á jörðum sínum. Ég get nú ekki skilið, hvaða mein bændum getum verið í því, að þeim og öðrum sé borgað sæmilegt kaup.

Hv. þm. V.-Húnv. taldi það helzt bjargráð að lengja vinnutímann í 12 st., og bar það fyrir sig, að verzlunarmenn í Húnavatnssýslu yrðu að vinna tólf stundir á dag. Veit ég ekki, hve margir hv. þdm. eru honum samdóma um þetta atriði. En kannske það fari ekki svo illa á því, að vinnutíminn yrði lengdur og kaupið lækkað samhliða, svo að verkamenn fengju minna fyrir 12 st. vinnu heldur en 9 eða 10 st. vinnu áður!!

Ég skal svo ekki lengja umr. meira að sinni. En að lokum vil ég endurtaka það, sem ég álít, að sé aðalatriðið í þessu máli, en það er þetta:

Líta hv. þm. svo á, að hinu opinbera eigi að farast betur eða verr við verkamenn sína en einstökum fyrirtækjum, sem rekin eru í gróðaskyni?

Í frv. er ekki farið fram á það, að hið opinbera geri betur, heldur aðeins jafnvel við verkamenn sína og einkafyrirtæki. Og ríkið getur ekki beðið neitt fjárhagslegt tjón af þessu frv. Það er margsannað, að afkast manna minnkar ekki hlutfallslega, þótt vinnutíminn sé styttur. Það er meira að segja líklegt, að meiru verði afkastað með 9 tíma vinnudegi. Og ef kaupið yrði hærra, þá mundu duglegri menn veljast í vinnu ríkissjóðs heldur en nú, þegar kaupið er svo lágt. Læt ég svo útrætt um frv. að sinni.

Jón Ólafsson: Það er ekki vegna efnisins í ræðu hv. þm. Ísaf., að ég stend upp. Ræða hans var mest hljómur og innantóm stóryrði, eins og svo oft hjá þessum hv. þm., og er slíkt ekki svaravert.

En hv. þm. Ísaf. var mjög hneykslaður á því, að menn skyldu brosa að ræðu hv. þm. Barð. um þetta frv. En í þessu frv. kemur fram svo meinlaus vitleysa og svo látlaust blygðunarleysi, að réttast væri að hlæja að því.

Ég gat ekki betur séð en að hv. þm. Barð. tæki frv. þetta á réttan hátt. Því að það kemur mjög átakanlega í ljós, að hv.

flm. skilja alls ekki undirstöðu þeirra mála, sem þeir eru að tala um.

Það er á frv. að sjá, að hv. flm. þess haldi, að hér sé allt fullt af peningum og ekki þurfi annað en taka þá og ausa þeim út til beggja handa. Nei, það er fé, sem vantar hér á landi. Það væri ef til vill æskilegt, að ríki og bæjarfélög byggju betur um verkamenn sína, en ef hv. flm. vildu hugsa um það, hvaðan og hvernig tekjur þær eru teknar, sem varið er til opinberrar vinnu, þá mundu þeir ekki tala svo gálauslega um minna afkast og hærra kaup.

Hver einasti maður hlýtur að sjá það, að hér á landi er flest það ógert, sem þyrfti að gera, til þess að nokkurt viðlit væri að fara fram á það, sem gert er í þessu frv.

En hér er sú viðleitni á ferðinni, sem reyndar hefir þegar borið árangur: Að koma atvinnuvegunum sem lengst niður á við. Og nú er búið að eyðileggja annan aðalatvinnuveg landsins, sjávarútveginn, að svo miklu leyti, að ekki er hægt að halda honum uppi, nema peningastofnanirnar taki á sig mikla áhættu, og eru þær þó hálftæmdar fyrir.

Fjöldi skipa liggur nú uppi (ég á þar ekki við togarana), vegna þess, að eigendur þeirra eru orðnir vanskilamenn og komnir á vonarvöl. Og þegar svo búið er að koma atvinnuvegunum þannig á kné, þá er ráðizt á hið opinbera, og fjárhag ríkis og bæjarfélaga komið í kalda kol. En hvað er hið opinbera? Afkoma atvinnuveganna og þeirra einstaklinga, sem reka þá.

Um svo sjálfsagða hluti sem þessa er aldrei hugsað af þeim mönnum, sem hæst tala. Það er máske hægt að fyrirgefa þeim, sem tala svo vegna vanþekkingar, en það er ófyrirgefanlegt af hv. þm. Ísaf. að koma svo hugsunarlaust fram í þessum málum. Hlýtur hann að tala á móti betri vitund, því að hann þekkir of vel ástand atvinnuvega vorra og fjárhags til þess að hugsa eins og hann talar.

Það eru því engin undur, þótt hv. þdm. hafi brosað að þessu frv. En mér fyrir mitt leyti þykir þetta alvarlegra en svo, að ég geti brosað, þótt réttast væri auðvitað að skopast að þessu máli.

Það eru nú orðnar ærnar umr. um þetta mál, og sé ég ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum. En ég vildi ekki láta hjá líða að minnast á hina alvarlegu hlið þessa máls, þá hlið, sem að þjóðfélaginu snýr.

Það er enginn leikur að hækka kaupið og stytta vinnutímann, meðan flest það er ógert í landinu, sem gera þarf. Því að hvað myndi það þýða annað en að landsmenn fengju því styttri vegi, því færri brýr. — Það mundi skapa enn meiri kyrrstöðu í atvinnulífinu en nú er, og mundum við þannig verða enn fjær því að ná því stigi, sem þarf að nást til þess að hægt sé að veita það, sem farið er fram á í frv. Hv. flm. þessa frv. ná aldrei því marki, sem þeir keppa að, með þeim aðferðum, sem þeir beita, heldur með því að gæta hófs og samræmis í öllu.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Mér finnst, að það sé ástæðulaust fyrir hv. þm. Ísaf. að vera að amast við því, þótt hv. þm. Barð. talaði svo skemmtilega um þetta mál. Hv. þm. Barð. er þekktur að því að vera hnyttnari en aðrir í ræðum sínum, og ætti hann því frekar að fá þökk en óþökk fyrir það að skemmta okkur í þessari leiðinlegu samkundu. Og sízt situr það á hv. þm. Ísaf. að vera að amast við þessu, þar sem hann hló svo dátt, að ég sá alla leið niður í kok á honum.

Annars líkaði mér ræða hv. þm. Ísaf. vel. Ég hefi oft heyrt jafnaðarmenn tala með miklum látburðum og af mikilli tilfinningu um mál sem þessi, og mála með sem svörtustum litum kjör þeirra, sem lægra eru settir, en hugsa aldrei lengra. Svo er það t. d., er þeir tala um skattamálin. Um hina hliðina, sem er sú, hver gjaldgeta atvinnuveganna er á hverjum tíma, ræða jafnaðarmenn aldrei, og við, sem höfum tekizt það hlutverk á hendur að koma vitinu fyrir þá í þessu efni, eigum vanþakklátt starf að rækja, því að það er vitaskuld þakksælla að prédika mönnum fagnaðarboðskap kauphækkunarinnar en að benda á þá meinlegu staðreynd, að ekki megi hafa kröfurnar meiri en gjaldgetan þolir. Þó að ég vænti ekki mikils af hv. þm. Ísaf. sem bankastjóra, er ég þess sannfærður, að hann muni ekki tala af sama gáleysinu og ábyrgðarleysinu um þessi mál eins og hann gerir hér

nú, eftir að hann er búinn að vera bankastjóri í nokkur ár og hefir þannig kynnzt betur atvinnulífi þjóðarinnar. Ég efast ekki um það, að fyrir jafnaðarmönnum vaki eitthvað gott í garð hinnar vinnandi stéttar, en till. þeirra horfa ekki til mikilla heilla fyrir þá stétt, því að þær mundu leiða til alþjóðaratvinnuleysis, ef fram gengju. Ef boginn er spenntur of hátt og meiri kröfur gerðar en atvinnuvegirnir þola, hlýtur að leiða til þess, að strengurinn springi. (HV: Er hv. þm. að ræða um vegavinnukaupið?). Ég er að ræða um kaup hér í landinu almennt, en ég get vel skilið það, að hv. 2. þm. Reykv. sé kærara annað umræðuefni. Hann þjónar þeim tveimur herrunum, sem erfiðast er að þjóna, þar sem hann er annarsvegar umboðsmaður fyrir hreinræktað auðvaldsfélag, en hinsvegar form. í verkamannafélagi. Ég veit það að vísu, að hv. þm. er vel gefinn, en þó hefi ég oft undrað mig yfir því, hve laglega honum tekst að leika þetta tvöfalda hlutverk. (HV: Er þm. ekki ánægður með það?). Jú, ég verð að taka undir það með hv. þm. Barð., að verri maður gæti að þessu komið. Ég veit það, að hv. 2. þm. Reykv. hefir stundum orðið að ganga lengra en hann hefði kosið að ganga. (HV: Gagnvart Kveldúlfi?) Jafnt Kveldúlfi sem öðrum útgerðarfélögum.

Hv. þm. Ísaf. heldur því fram, að kjarni þessa máls sé sá, hvort ríkið eigi að gera verr við verkamenn en einstakir atvinnurekendur eða ekki. Það má alveg eins vel snúa þessu við og segja, að kjarni málsins sé sá, hvort verkamenn eigi að gera betur við ríkissjóð en einstaka atvinnurekendur eða ekki. Það er margt, sem mælir með því, að verkamenn eigi að gera lægri kröfur gagnvart ríkissjóði en einstökum atvinnurekendum. Eins og opinberri vinnu er háttað, vinna þeir verkamenn, sem hana stunda sér til framfærslu, jafnframt að nytjamálum sinnar sveitar, flestir hverjir að minnsta kosti, og er því ekki nema sanngjarnt, að þeir vinni fyrir lægri kjör en hjá einstökum atvinnurekendum.

Ég þarf svo ekki að fara frekari orðum um efnishlið þessa máls, en vil nú, að gefnu tilefni, víkja að því tilboði um vantraust, sem hv. þm. Ísaf. gaf mér. Verð ég að segja, að það voru undarleg svör, sem hv. þm. Ísaf. gaf mér um það, hvort hann mundi styðja vantraustsyfirlýsingu á stj. eða ekki. Þegar hann hefir sjálfur ráðizt á stj. af mikilli grimmd og ég geri þá fyrirspurn til hans, hvort hann muni vilja styðja vantraust, fæ ég þau svör, að ég sé ragur, ég þori ekki að koma með vantraust á stj. Vita þó allir, að ég bæði þori og vil; ég hefi aldrei farið dult með það, að ég er andstæðingur núv. stj. Hv. þm. Ísaf. má því að vísu ganga um afstöðu mína til vantrausts, ef hann ber það fram. Um hann sjálfan vita hinsvegar allir, að hann er stuðningsmaður stj., og af þeim ástæðum þýðir mér ekki að bera fram vantraust, nema hann vilji fylgja því. Hv. þm. ætti að geta skilið þennan eðlismun á afstöðu minni og hans sjálfs til vantrausts. En þar sem ekki er meiri alvara að baki árásum hv. þm. á stj. en svo, að hann ber ekki sjálfur fram vantraust, hefi ég ekki ástæðu til að halda, að hann muni fylgja vantrausti, þó að ég bæri það fram. Ég get ekki neitað því, að mér þykir það hálfbroslegt, þegar þessi hv. þm. er að reigja sig og hafa í frammi dólgslæti út af því, að stj. píni sjúklinga og bruggi áfengi, til þess að þeir, sem drykkfelldir eru, fari sem hraklegast fyrir þessu eitri. Ef fyrrverandi stj. hefðu látið þjóna sína brugga áfengi og hælzt um á eftir yfir því að hafa með því móti getað komið því út á meðal þjóðarinnar, er mér sem ég sjái hv. þm. Ísaf. fyrir mér. Þá hefði hann sagt, að fyrst væru þegnarnir skattpíndir og svo bruggað áfengi, til þess að leiða í freistni þá, sem veikir væru á svellinu, og taka síðasta eyrinn af vinhneigðum heimilisfeðrum frá sveltandi konum og börnum, sem biðu þess í angist, að þeir kæmu heim úr vínholum stj. En nú er hv. þm. Ísaf. rólegur. Nú segir hann einungis, að stj. ætti skilið að vera vikið frá, og hann mundi tilleiðanlegur að fylgja vantrausti, ef ég bæri það fram. En hver getur trúað því, að hugur fylgi máli hjá hv. þm. Ísaf., þar sem hann situr auðum höndum samtímis því, sem hann ber þær sakir á stj., að hún gangi á þeim veika og minna máttar og píni verkalýðinn svo, að þjóðarskömm sé að? Hver getur tekið annað eins og þetta alvar-

lega? Það getur að vísu legið sú skýring á bak við þetta, að einstaka dyggir verkamenn fái sín góðu laun, en það eru þá verkamenn stj., og ekki aðrir.

Hv. þm. Ísaf. gerði mér tilboð um það að vera með mér í því að fella stj., ef ég vildi tryggja honum, að þetta frv. næði fram að ganga, og stj. væri á móti því. Af undirtektum þeim, sem frv. hefir þegar fengið hér í deildinni, vissi hv. þm. ósköp vel, að Framsóknarflokkurinn stendur á móti því. Hv. þm. vissi ennfremur, að hv. þm. Barð. er andvigur frv. Engu að síður gerir hann mér þetta tilboð. Nú hefir Framsóknarflokkurinn 14 mönnum á að skipa hér í deildinni, og þar sem hv. þm. Barð. er einnig á móti frv., mátti hv. þm. Ísaf. fyrirfram vita, að ég gat ekki tryggt honum, að frv. næði fram að ganga, hve feginn sem ég hefði viljað. Þótt ég meira að segja hefði verið slíkur áhrifamaður í mínum flokki, að ég hefði getað fengið alla flokksbræður mína til að fylgja mér um að samþ. frv., hefði það ekki nægt að heldur. Framsóknarþingmennirnir hefðu staðið yfir moldum þess og það fallið með jöfnum atkv. Þó að hv. þm. Ísaf. geri mér því þetta tilboð, má ekki af því marka, hvort nokkur alvara er á bak við orð hans. Það má vera, að hv. þm. Ísaf. langi til að koma með vantraust á stj., en ég get búizt við, að hann sé orðinn stj. svo taglhnýttur með gullböndum, að hann geti ekki losað sig. Mér þykir að vísu gaman að því, að hv. þm. Ísaf. býður mér sig og flokksbræður sína til kaups við þessu verði. Og ég vildi líka gjarnan kaupa þá, því að þetta eru greindir og góðir menn, en mér er ekki grunlaust um, að eignin sé dýr. Ætli hún sé ekki veðsett öðrum og að þurfi því að kaupa hana út? Það er langt frá því, að ég vilji kaupa jafnaðarmenn gegn því að þurfa að greiða þeirra vegna 30—40 þús. kr. árlega. Ég get sagt hv. þm. Ísaf. það í einlægni, að ég er allt annað en fús til að eiga börn með honum. Svo óásjálegur sem flokkur hans var, áður en hann gekk í hjónasængina með Framsóknarflokknum, er hann þó sýnu verri nú, eftir að þeir atburðir hafa gerzt. Get ég og sagt hv. þm. Ísaf. það, að jafnan er illt að eiga þræl að einkavin.

Hannes Jónsson [óyfirl.]: Hv. þm. Ísaf. talaði um „hundalogik". Fer vel á því, því að hann mun henni kunnugastur. Að minnsta kosti þurfti töluverða „hundalogik" til þess að finna það út úr því, sem ég sagði áðan, að ég teldi, að það bæri að lengja vinnutíma vegavinnumanna með l. Það, sem ég sagði, var það, að eftir grg. frv. að dæma væri frv. með öllu óþarft. Þar segir svo m. a.:

„Í frv. þessu er einungis farið fram á það, að í opinberri vinnu sé vinnutími verkafólks ekki að jafnaði lengri en hinn venjulegi vinnutími verzlunarfólks".

Nú er vinnutími verzlunarmanna yfirleitt 10—12 tímar, og þarf því ekki að setja nein lagaákvæði um þetta.

Hv. flm. hafa ekki borið það við að skýra það ákvæði frv., sem ég spurðist fyrir um, og ég vil því endurtaka þá ósk mína að fá skýringu á því, hvers vegna sé nauðsynlegt að skylda bændur til að reikna 8—9 stunda vinnudag, t. d. við jarðabótarvinnu. Er það virkilega meining hv. flm., að vinnudagur í sveitum sé ekki lengri en þetta? (**HV**: Þá er að hafa eftirvinnu). Ætli hv. þm. vilji ekki hafa allt eftirvinnu? Það stendur víst næst hans stefnuskrá. Að minnsta kosti tala jafnaðarmenn um fátt meira en nauðsynina á hækkuðu kaupi og styttri vinnutíma. Annars skal ég ekki verða til að lengja þessar umr. frekar en orðið er, en ég vil endurtaka það, að mér þætti vænt um að fá skýringu á því hjá hv. flm., af hvaða ástæðum þeir telja svo nauðsynlegt að einskorða vinnudaginn til sveita við 9 tíma.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég skal vera bæði stuttorður og mjúkorður, svo að hægt sé að ljúka þessu máli, áður en venjulegur fundartími er úti.

Hv. 3. þm. Reykv. hefi ég fáu einu að svara. Ræða hans var að mestu leyti almennar hugleiðingar um lífið og tilveruna, sem ég get með öllu leitt hjá mér. Eitt atriði í ræðu hv. þm. verð ég þó að drepa á. Hv. þm. var að tala um það, að tekizt hefði að koma aðalatvinnurekstri okkar svo mjög á kné, að við lægi, að hann mundi stöðvast. Skildist mér á hv. þm., sem orsökin væri sú, hve miklar

kaupkröfur hefðu verið gerðar við þennan atvinnurekstur. Þetta er auðvitað með öllu rangt. Örðugleikar þeir, sem sjávarútvegurinn á nú við að stríða, standa í engu sambandi við kaupkröfur verkamanna. Hinar raunverulegu orsakir fyrir þessum örðugleikum eru þær, að fiskverðið hefir fallið um yfir ⅓. Það er þessi verðlækkun, sem hefir skapað örðugleikana. Hitt getur engum óbrjáluðum manni dottið í hug, að verkamenn geti nokkru um ráðið fiskverðið á Spáni. Og að fara að blanda hinu almenna kaupgjaldi nú í landinu inn í umr. um þetta frv., nær vitanlega engri átt, þar sem frv. fjallar eingöngu um opinbera vinnu, og get ég þó að vísu fallizt á, að samþykkt frv. geti síðar haft einhver áhrif á það almenna kaupgjald.

Hv. 2. þm. G.-K. þarf ég sömuleiðis litlu að svara. Honum er ekki of gott að líta ofan í kokið á mér, ef hann hefir einhverja ánægju af því, og ég vona, að hv. þm. hafi ekki séð þar neitt ljótt. Hvað ræðu hv. þm. snertir, verð ég að segja það, að mér þótti þar kenna ýmsra fáséðra grasa. Hv. þm. sagði, að kjarni þessa máls væri ekki sá, sem ég hefði sagt hann vera og var það, hvort ríkið ætti að gera verr eða betur við verkamenn sína heldur en einstakir atvinnurekendur, heldur væri kjarni málsins sá, hvort verkamenn ættu að vera liðugri við ríkið en einstaka atvinnurekendur eða ekki í kaupkröfum sínum. Og hv. þm. virtist vilja halda því fram, að verkamönnum ætti að vera ljúfara að vinna við lágu kaupi hjá ríkinu heldur en einstökum fyrirtækjum. Það virtist svo meira að segja, sem hv. þm. teldi þetta skyldu verkamanna. Minnir þessi hugsanagangur hv. 2. þm. G.-K. allmjög á hina alkunnu vísu:

Ó, hve margur yrði sæll
(ÓTh: Og elska mundi landið heitt,
mætt' ann vera í mánuð þræll
og moka skít fyrir ekki neitt).

Þetta kann þá hv. þm. En hann virðist ekki hafa komið auga á það, að vísan er kveðin til þess að gera gys að samskonar kenningu og hv. þm. nú flytur hér. Höf. gerir gys að hv. þm. (ÓTh) og speki hans. Þær röksemdir hv. þm., að þeir verkamenn, sem opinbera vinnu stunda, séu jafnframt að skapa sjálfum sér verðmæti, eru alveg út í loftið, því að það eru yfirleitt eignalausir menn, sem þessa vinnu stunda, en ekki hinir, sem fasteignir eiga og njóta því verðhækkunarinnar af opinberum framkvæmdum.

Þá vil ég víkja að vantraustinu. Alþýðuflokkurinn hefir aldrei stutt núverandi stj. og gerir það ekki heldur nú. Það er vitað, að flokkur hv. 2. þm. G.-K. er ekki meiri á velli en svo, að stj. hefir aldrei þurft á neinum stuðning að halda. Þm. Framsóknarflokksins eru 19, auk þess sem einn þm. fylgir flokknum að málum. Hinsvegar eru sjálfstæðiskempurnar ekki nema 17, svo að stj. kemst vel af án nokkurs stuðnings, enda hefi ég aldrei stutt hana. Hitt er annað mál, að ég skal ekki verða meinsmaður vantrausts á stj., ef hv. 2. þm. G.-K. ber það fram. En ég býst ekki við því, að hv. þm. verði mikill hugarléttir við þessa yfirlýsingu mína, enda hefir hann heyrt hana oft áður. Það, sem hann hefir út á mig að setja, er það, að ég skuli ekki vilja byggja eina sæng með honum. Hvað mundi taka við, ef íhaldsmönnum lánaðist að koma fram vantrausti? Ætli þeir mundu þá ekki taka við stj. í staðinn sem annar stærsti flokkur þingsins? Og hvað væri unnið við það? Eftir undirtektunum við þetta frv. að dæma, lítur að minnsta kosti ekki út fyrir, að það yrði til mikilla bóta að fá þeim í hendur framkvæmd og yfirstjórn opinberrar vinnu.

Hv. 2. þm. G.-K. var að hlakkast um yfir því, að ég væri til kaups. Ég neita því ekki, að ef hv. þm. vill ganga í endurnýjungu lífdaganna og koma fram áhugamálum verkalýðsins, getur komið til mála, að ég veiti honum og flokki hans lið í bili. En ef hann verður enn bölvaðri í þessum efnum en núv. stj., eins og búast má við, dettur mér það ekki í hug. En eins og ég hefi oft áður sagt hv. 2. þm. G.-K., þá eru það einmitt íhaldsmenn, sem eru stuðningsmenn núv. stj. Vegna þess, hve þeir gáfu illa raun á meðan þeim var trúað fyrir að fara með stj. í landinu, hryllir þjóðinni við þeirri hugsun að fela þeim stj. aftur, hún telur það að fara úr öskunni í eldinn. Hv. þm. var að tala um það, að núv. stj. píndi

verkalýðinn með lágu kaupi og háum sköttum. Skal ég verða síðastur til að neita þessu, en ekki hefi ég heyrt það áður úr þeirri átt, þar sem er þessi hv. þm. og flokksbræður hans, enda geri ég mér ekki miklar vonir um umbætur í þessum efnum, þó að hv. þm. tækist að komast til valda. Ætli umbæturnar yrðu ekki svipaðar og hjá Róbóam sálaða forðum — svo að ég leyfi mér að vitna í bibliuna — því að það mun hafa verið hann, sem sagði: „Faðir minn gerði ok yðar þungt, en ég mun gera það enn þyngra; hann refsaði yður með svipum, en ég mun refsa yður með gaddasvipum".

Hákon Kristófersson: Það leit út fyrir, að þessi fáu orð, sem ég sagði áðan, hefðu komið eitthvað óþægilega við hv. þm. Ísaf. Svo mikill hiti hljóp í hann í svarræðu hans til mín. Annars þykir mér sem það sitji sízt á hv. þm. Ísaf. að tala um það, að aðrir séu kátbroslegir, því að hvað er kátbroslegra heldur en það, þegar þessi hv. þm. er að tala um, að hann sé ekki stuðningsmaður stj.? Um það má þó með sanni segja: Verkin tala. Er fjarri því, að ég sé með þessu að lá hv. þm., þó að hann sé stuðningsmaður stj., en hitt þykir mér kynlegt, að hann skuli ekki vilja játa þessa staðreynd, því að hv. þm. gerir sig einungis hlægilegan með því að vera að synja fyrir þetta. Hinsvegar vil ég ekki segja, að hv. þm. fái fé fyrir þennan stuðning sinn við stj. Læt ég það felast undir þeim orðum, sem ég sagði áðan: Verkin tala.

Hv. þm. sagði, að það væri mergur þessa máls, hvort ríkið ætti að gera betur eða verr við verkamenn sína heldur en einstakir atvinnurekendur. Út frá þessu vil ég leyfa mér að benda hv. þm. á það, að opinber vinna gefur yfirleitt sama sem ekkert af sér, samanborið við þá vinnu, sem unnin er á sjó og við sjó. Sjávarútvegurinn gefur svo mikið í aðra hönd, að landvinna yfirleitt þolir þar engan samanburð. Er af þeim ástæðum ókleift fyrir bændur og ríkissjóð að borga eins hátt kaup og atvinnurekendur yfirleitt.

Það var ómaklegt mjög, þegar hv. þm. Ísaf. var að bera mér það á brýn, að ég hefði verið að niðra verkamönnum. Er mér ekkert fjær skapi en það, því að það er sú stétt, sem ég er runninn úr. Efast ég og um það, að hv. þm. Ísaf. sé velviljaðri verkamönnum en ég. Ég held, að fagurgali hans sé sprottinn af því, að hann sjái sér leik á borði til að nota verkamenn til þess að lyfta sér til valda og metorða. Að ég hafi mælt á móti því, að kjör verkamanna væru bætt, er með öllu ósatt. Ég hefi aðeins bent á, hver væri stefna þessa frv. Ég er þess fullviss, að þess verður ekki langt að bíða, að við bændur verðum sóttir heim með sömu löggjöf, ef flm. þessa frv. koma til með að mega sín nokkurs hér á Alþingi.

Það situr illa á hv. þm. Ísaf. að bregða mér um flónshátt. Það ætti hv. þm. ekki að gera, því að flónsháttúrinn væri þá mestur í því, að ég hélt, að fyrir honum vekti gott eitt. Ég skal svo lofa hv. þm. að búa við ánægjuna af vitsmunum sínum, bæði í þessu máli og öðrum. Skal ég svo ekki tala meira um þetta mál að sinni. Eins og ég hefi bent á, eru þau ákvæði í frv., að ég tel ekki rétt að samþ. það. Enda er óþarft að skipa með lagaákvæðum þeim hlutum, sem hér er um að ræða.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ég ætla raunar ekki að gera aths. við ræðu hv. þm. Ísaf., ég kann þann kafla, að það er ekki Alþýðuflokkurinn, heldur sjálfstæðismenn, sem styðja stj. Þetta er vitanlega svo mikil bábilja, að sæmilega vitiborinn maður ætti ekki að láta slíkt út úr sér. Ef þessi hv. þm. álítur stj. svo slæma, að hún píni almenning, hví er hann þá að styðja hana? Ég efast ekki um, að hann skilur, að honum og hans flokki er fyrir beztu, að sjálfstæðismenn sitji að völdum. En hinu vil ég bæta við, að ég tel, að aðstaða þessa hv. þm. markist af persónulegum ástæðum. Hv. þm. sagði, að Alþýðuflokkurinn hefði aldrei stutt stj. Ég man ekki, hvernig orðalag var á yfirlýsingunni, sem sambandsþing Alþýðuflokksins samdi um það, að ástæður, sem áður voru fyrir hlutleysi gagnvart stj., væru ekki lengur fyrir hendi. En hvað felst í þessari yfirlýsingu? Ekki annað en það, að flokkurinn sé kominn í beina andstöðu við stjórnina.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég ætla mér ekki að fara að segja hv. 2. þm. G.-K. neitt frá samþykktum Alþýðuflokksins; þær koma honum ekkert við. Ályktun sú, sem gerð var á sambandsþinginu, var, að þær ástæður, sem voru fyrir hlutleysi, séu ekki lengur fyrir hendi. Það er Alþýðuflokkurinn sjálfur, sem ákveður, hvenær hann snýst til andstöðu, en hann lætur ekki hv. 2. þm. G.-K. segja sér neitt fyrir um það.

Magnús Guðmundsson [óyfirl.]: Ég sé ekki, að til neins sé að deila um það, hvort jafnaðarmenn fylgi stj. eða ekki. Með orðum sínum hefir hv. þm. Ísaf. lýst yfir því, að hann gerði það. Hann segir, að það mundi taka verra við, ef stj. færi frá völdum. Þetta er það, sem allir flokkar segja, þegar þeir styðja stjórn.

Sigurður Eggerz: Ég vildi aðeins gera stutta aths., sem ekki snertir frv. beinlínis, heldur stórpólitiska „situation". Ég vildi aðeins geta þess, að ef einhver flokkur einhversstaðar annarsstaðar í heiminum gæfi þá yfirlýsingu, að ástæður fyrir hlutleysi gagnvart stjórninni væru ekki lengur fyrir hendi, gæti það ekki þýtt annað en að þessi flokkur væri kominn í ákveðna andstöðu við stjórnina. Ef það þýðir eitthvað annað, þá er það ekkert annað en skrípaleikur. En allir vita, að þessa yfirlýsingu er ekkert að marka, því að allir þekkja ástina með jafnaðarmönnum og framsóknarmönnum. Þetta er það, sem Englendingar mundu kalla „bluff". Ég sá þá ganga saman, hæstv. dómsmrh. og form. Alþýðuflokksins, rétt eftir að yfirlýsingin var gefin. Mér sýndist allt vera óbreytt á milli þeirra og hlýjan aldrei meiri en þá. Yfirlýsingin var gefin í því skyni að láta líta svo út, að framsóknarmenn væru í andstöðu við jafnaðarmenn, svo að bændur yfirgæfu þá ekki, og til þess að jafnaðarmenn héldu fylgi verkalýðsins hér í bænum. Þetta skilja allir. Þessi framkoma er lítt sæmileg og hvorugum flokknum til heiðurs.

Forseti (JörB): Þessi ræða er nokkuð langt frá umræðuefninu.

Ólafur Thors [óyfirl.]: Ef ég má ekki tala um málið eins og síðasti ræðumaður, þá sezt ég niður. (**BÁ:** Ágætt!). Ágætt, segir hv.þm.Mýr. og hv.þm. Ísaf. vill slíta fundi. Sök bítur sekan! Eitthvað þýðir þessi yfirlýsing, svo loðin sem hún er. Svo loðin er hún, að enginn getur hafa orðað hana nema hv. 2. landsk. (JBald), svo að þeir eru sjálfráðir, hvort þeir styðja stjórnina eða ekki. Ef nokkur meining er með þessu, hlýtur af því að leiða, að þeir beri vantraust á stj. Ég veit, að ástæður fyrir hlutleysi flokksins eru ekki lengur fyrir hendi. Leiðir hér af því, að ástæður fyrir hlutleysi þingflokksins eru enn. Þetta er undarlegur skrípaleikur, eins og hv. þm. Dal. komst að orði.

Sigurður Eggerz: Ég verð að byrja á því að taka fram, að ég tek mjög óstinnt upp fyrir forseta, að hann áminnir mig einan fyrir að tala um efni, sem allir bæði á undan mér og eftir hafa mátt tala um. Ég álít ekki hægt að komast hjá því að tala um stórpólitík og tek því ekki á móti þessum ákúrum frá forseta. Ég sé ekki sérstaka ástæðu til að svara fyrirspurn sessunautar míns (HV). Ég lít svo á, að við sjálfstæðismenn mættum óska, að kosningar færu fram sem fyrst, því að svo framarlega, sem þjóðin hefir ekki augun lokuð, þá hljóta þær að færa sjálfstæðismönnum heim stórfelldan sigur.

ATKVGR.

Frv. fellt frá 2. umr. með 13 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, SÁÓ, BSv, BÁ, HG, HV, JörB.

nei: JJós, JÓl, JS, LH, MG, ÓTh, PO, SE, SvÓ, ÞorlJ, BSt, HK, IngB.

Átta þm. (JAJ, MT, TrÞ, ÁÁ, EJ, GunnS, HStef, HJ) fjarstaddir.

2. Dragnótaveiðar í landhelgi (frv. HG).

Á 21. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi (þmfrv., A. 123).

Á 24., 26., 28., 30., 31., 32., 33., 34., 35. og 36. fundi í Nd., 14., 17., 19., 21., 23., 24., 25., 26., 27. og 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., 30. marz, utan dagskrár, mælti:

Haraldur Guðmundsson: Ég vildi benda hæstv. forseta á það, að málið, sem nú er 9. mál á dagskrá, frv. til l. um breyt. á l. nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, er enn ekki komið til 1. umr., þó að langt sé síðan frv. var útbýtt. Forseti hefir alltaf sett það í vonlaust sæti. Ég vildi mælast til þess, að hæstv. forseti færði það til á dagskrá, eða að öðrum kosti tæki það sem 1. mál á morgun. Ég vildi ámálga þetta við hæstv. forseta; mér finnst tæplega hlýða fyrir hann að hafa þetta mál að engu.

Forseti (JörB): Út af ummælum hv. þm. Ísaf. vil ég geta þess, að það er ekki nema að litlu leyti á valdi forseta, hvað málunum miðar áfram. Það munu vera um 20 frv., sem enn eru ekki komin til 1. umr., og sum þeirra eru jafngömul þessu frv. En ég mun hvað þetta frv. snertir reyna að greiða götu þess. En það er ekki nema að litlu leyti á mínu valdi. Það er mest undir hv. þm. sjálfum komið, hversu fljótt gengur með afgreiðslu málanna, að þeir tefji ekki fyrir framgangi þeirra með óþarfa málæði, eins og stundum á sér stað.

Haraldur Guðmundsson: Ég óskaði þess, að málið yrði annaðhvort fært fram á dagskrá í dag eða tekið sem 1. mál á morgun. Vill hæstv. forseti svara mér, hvað hann ætli að gera, en vera ekki með þessar vífilengjur?

Forseti (JörB): Það er ekki hægt að segja um það fyrr en séð er, hvernig dagskrá miðar áfram í dag.

Haraldur Guðmundsson: Ég veit ekki til, að nokkurt frv. hafi beðið eins lengi og þetta frv. En málinu er þörf að komast áfram; það þarf að komast sem fyrst til sjútvn., vegna mála, sem snerta það og nefndin hefir þegar fengið til meðferðar.

Forseti (JörB): Ég vil benda hv. þm. á, að mörg frv. eru jafngömul þessu, og jafnvel eldri, og ekki komin enn til 1. umr. En til þess að greiða fyrir frv. skal ég taka það með fyrstu málunum á dagskrá á morgun.

Síðar á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég vildi gjarnan, að hægt yrði að afgreiða þetta mál og vísa því til n., áður en fundi verður slitið, og skal því láta mér nægja að vísa til grg., sem frv. fylgir, um ástæðurnar fyrir því, enda er þm. þetta mál kunnugt, því að um það voru miklar umr. á þinginu 1928, þegar þau l. voru sett, sem hér er farið fram á breytingar á. Ef hinsvegar verður ekki hægt að afgreiða málið umræðulaust á þessum fundi, áskil ég mér að sjálfsögðu rétt til frekari framsögu.

Sigurður Eggerz: Mér nægir ekki sá tími, sem eftir er til kl. 4, til þeirra aths., sem ég þarf að gera við þetta frv., og vildi því beina því til hæstv. forseta, að hann tæki málið út af dagskrá og frestaði umr. (**Nokkrir þm.:** Það eru fleiri, sem þurfa að leggja hér orð í belg).

Forseti (JörB): Þar sem augsýnt er, að umr. getur ekki orðið lokið fyrir kl. 4, mun ég láta að ósk hv. þm. Dal. og fresta því umr.

Á 38. og 39. fundi í Nd., 31. marz og 1. apríl, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 7. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég tel ekki ástæðu til að vera langorður um þetta frv. En af því mér virðist talsverður vígahugur í sumum hv. þm. út af því, finnst mér sanngjarnt að búa í haginn fyrir þá, sem á eftir taka til máls, með nokkrum orðum, láta þá fá eitthvað að glíma við.

Efni þessa frv. er fyrst og fremst það, að lengja tímann, sem dragnótaveiðar í landhelgi eru leyfðar, úr 3 upp í 7 mánuði á ári. Nú eru þær leyfðar frá 1. sept. til 1. des., en í mínu frv. er lagt til, að þær verði leyfðar frá 1. ágúst til marzloka.

Annað nýmæli frv. er það, að jafnframt því, að veiðitíminn er lengdur, sé ráðh. heimilað að ákveða með reglugerð möskvastærð nótanna, lágmarksstærð þess fiskjar, sem hagnýta megi úr afla dragnóta. Er það til að koma í veg fyrir, að ungviðið sé drepið að óþörfu. Slík ákvæði hafa aðrar þjóðir sett, þar sem stunduð er samskonar veiði og hér er um að ræða, og hefir það reynzt vel.

Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir, að 8. gr. laganna falli burt. Hún er þess efnis, að ráðh. skuli vera heimilt, eftir tillögum hlutaðeigandi héraðsvalda, að lengja þann tíma ársins, sem dragnótaveiðar í landhelgi eru bannaðar, frá því, sem lögin ákveða. Á fiskiþingi hefir þetta mál verið mikið rætt, og var þar samþ. að skora á Alþ. að fella úr lögunum þessa gr.

Þegar lög þessi voru til umr. á þingi 1928, töldu margir illa farið að hallast að því ráði, sem með þeim var upp tekið. Og óánægjan með þau hefir farið vaxandi. Sjómenn víðsvegar um land telja þau valda miklum skaða, en álíta þau hinsvegar til því nær einskis gagns.

Tvær ástæður voru til þess, að bannaðar voru dragnótaveiðar í landhelgi. Önnur sú trú manna, að dragnótaveiðar spilli veiðiskap almennt og eyðileggi fiskstofninn. Hin: ótti landsmanna við það, að Danir notuðu sér svo mjög þá aðstöðu, að hafa sama rétt til dragnótaveiða í landhelgi og við sjálfir, að þeir myndu bera okkur ofurliði í þessari grein fiskveiðanna, ef hún væri ekki þröngum takmörkum bundin.

Hvað fyrra atriðið snertir, þá mun það ekki vera ofmælt, að flestir, sem þessu efni eru kunnugir, telji óttann við það, að notkun dragnóta spilli veiðiskap almennt, sömu vitleysuna og það, þegar menn álitu þau veiðarfæri, sem nú eru mest notuð, línur og þorskanet, hættuleg veiðiskapnum. Þessi hjátrú varð svo mögnuð, að það var jafnvel bannað um eitt skeið að nota þorskanet og línur hér við Faxaflóa. Ég held, að allir núlifandi menn séu á þeirri skoðun, að óttinn við notkun þessara veiðarfæra hafi ekki haft við nein rök að styðjast, og sama mun reynslan sýna um óttann við dragnótaveiðarnar. Engar sannanir eru fyrir því, að þær eyði fiskstofninum fremur en aðrar veiðiaðferðir. Dragnótin er létt og veigalítið veiðarfæri, sem ekki er hægt að nota nema þar, sem er mjúkur og sléttur botn. Þorsksílin hafast aftur á móti við á ósléttum og grýttum botni, svo ekki er mikil hætta á að dragnótirnar grandi þeim.

Um hitt atriðið, að Danir mundu flykkjast hingað og bola okkur frá að hafa hagnað af dragnótaveiðum, er svipað að segja. Ég veit ekki betur en Danir hafi yfirleitt sama rétt til fiskiveiða hér við land og við sjálfir, og hefir þó reynslan hvergi sýnt, að þeir stæðu betur að vígi en við, enda væri það harla óeðlilegt. Reynslan hefir þvert á móti sannað, að við stöndum Dönum miklu framar í fiskveiðum hér við land, jafnvel líka kolaveiðum með dragnót. Þá 3 mánuði, sem kolaveiðar með dragnót eru leyfðar, veiða Danir ekki nema ⅓ á við okkur. En þegar þeir telja sig hafa hag af að senda hingað skip til að veiða kola þennan stutta tíma, sem dragnótaveiðar eru leyfðar, þá hljótum við að hafa af okkur stórfé með því að stunda ekki slíkar veiðar það sem hægt er. Það er engin ástæða til að óttast, að við förum halloka fyrir Dönum fremur, þó veiðitíminn sé lengdur.

Það er rétt, að ég geri tilraun til að sýna hv. þdm. fram á, hvað hér er um mikið hagsmunamál að ræða. Árni Friðriksson fiskifræðingur hefir samið skýrslu um lifnaðarháttu kolans og kolaveiðar við strendur Íslands. Ætla ég með leyfi hæstv. forseta að skýra frá og lesa upp nokkur atriði úr henni, og byrja þá á byrjuninni.

Í sambandi við þá trú manna, að dragnótaveiðar spilli veiðiskap, segir fiskifræðingurinn, að skarkolinn hafist við aðeins þar, sem er sléttur og mjúkur leirbotn, en á þeim stöðum lifi þorskaseiðin ekki. Fullyrðir hann því, að óttinn við, að dragnótaveiðar eyðileggi fiskstofninn, sé ástæðulaus. Fiskifræðingur-

inn segir, að við suður- og vesturströnd landsins byrji kolinn að hrygna í marz og þar sé hrygningartímanum lokið síðast í maí. En norðan og austanlands, þar sem sjórinn er kaldari, byrjar hrygningartíminn í maí og stendur yfir fram í júlí eða byrjun ágúst. Ef menn vilja athuga frv., sjá menn, að kolinn er friðaður einmitt um hrygningartímann, frá marz til júlíloka. Kolinn er grunnsævisfiskur og lifir ekki á meira en 100 m. dýpi; annarsstaðar er hans ekki að leita.

Ég hefi tekið upp yfirlit úr árbók, sem hagstofan hefir gefið út um fiskveiðar 5 þjóða í Evrópu, sem ég skal lesa upp fyrir deildina. Þar er og reiknað út, hvað þessar þjóðir hafa fengið fyrir kg. af heildaraflanum að meðaltali. Árið 1927 hafa Íslendingar veitt 249410 þús. kg. af fiski alls, sem hefir verið að verðmæti 33729 þús. kr., meðalverð 13,6 au. Danir veiddu sama ár aðeins 83951 þús. kg., eða ⅓ á við veiði okkar Íslendinga, og seldu aflann fyrir 40280 þús. kr., eða fyrir 7 millj. kr. meira en við Íslendingar fengum fyrir okkar afla, sem var þrefalt meiri að vöxtum og þyngd. Danir fengu 48 au. fyrir hvert kg. að meðaltali. Svíar veiddu 79640 þús. kg. og seldu aflann fyrir 32894 þús. kr.; meðalverðið var 41,3 au. Þjóðverjar veiddu 240333 þús. kg. og fengu fyrir aflann 66742 þús. kr.; meðalverð 27,8 au. á hvert kg. Bretar veiddu 1020729 þús. kg. og seldu aflann fyrir 379695 þús. kr.; meðalverð 37,2 aurar.

Á þessu yfirliti sést, að við Íslendingar fáum ekki helming verðs fyrir kg. á við það, sem Þjóðverjar fá, ekki nálægt ⅓ á við Dani, tæpan ⅓ á við Englendinga. Þetta liggur í mörgu. Fyrst og fremst í því, hvernig fiskurinn er verkaður og hvar hann er seldur, en jafnframt mikið í því, eftir hvaða fiski er sótzt. Það sýnir sig, að þær þjóðir, sem sækjast eftir öðrum fiski en þorski, fá hæst verð fyrir sinn afla. En hinar, sem eingöngu hirða um síld og þorskveiðar, fá lægst. Við Íslendingar leggjum minnsta stund á að veiða kolann, sem er langverðmætasti fiskurinn.

Þetta verður ljóst, ef menn athuga yfirlit yfir kolaveiðar hér við land. Ég hefi hér skýrslu frá fiskifræðingi Íslands um skarkolaveiðar Íslendinga og annara þjóða hér við land á árunum 1919—'28. Bretar veiddu árið 1919 92.6% af öllum kola, sem veiddur var við landið það ár. Íslendingar 6,4%, en aðrar þjóðir til samans 1%. Árið 1924 veiddu Bretar 88,9%, Ísl. 6,2%, aðrar þjóðir 4,9%. — 1926 veiddu Bretar 83,2%, Ísl. 10,3%, aðrar þjóðir 6,5%. 1928 veiddu Bretar 81%, Ísl. 9,3%, aðrar þjóðir 9,7%.

Skarkolaveiði hefir þessi ár við Ísland numið í smálestum: árið 1919 6765 smál., 1923 6323 smál., 1926 6526 smál., 1928 6455 smál. Hluti Íslendinga þessi ár af veiðinni hefir orðið árið 1919 um 400 smál., 1926 670 smál., 1928 601 smál. af 6455 smál., eða 9,3%, eins og áður er sagt. Af þessu sést, hve mikils — eða réttara sagt lítils — við njótum af skarkolaveiðunum hér við land. Aldrei náð meiru en 9,3% af kolaaflanum, verðmesta fiskinum. Eftir skýrslu hagstofunnar hafa Íslendingar veitt árið 1927 688 smál. af skarkola og fengið fyrir hvert kg. 90 au., eða h. u. b. sjöfalt á við meðalverð. Um veiðiskap Dana hefi ég aflað mér upplýsinga. Árið 1927 höfðu Danir 4 skip hér við land og veiddu samtals 230 smál. af skarkola, eða ⅓ á við veiði okkar þá. Fyrir kg. fengu þeir tæpa 90 au., sama og við Ísl. Árið 1928 höfðu Danir einnig 4 skip, veiddu 95 þús. kg. og fengu 1 kr. fyrir kg. 1929 höfðu þeir einnig 4 skip, veiddu 125 þús. kg. og fengu fyrir kg. 1.09 kr. Mér er ekki kunnugt, að til sé sérstök skýrsla yfir veiði Færeyinga hér við land. En þeir eru taldir með öðrum þjóðum í skýrslu fiskifræðingsins, og með leyfi forseta ætla ég að lesa nokkur orð úr skýrslu hans. Hann segir: „Það eru Bretar, sem eru að eyða skarkolanum okkar. Þeir fá árlega um 80—90% af öllum skarkola, veiddum við Ísland, eða með öðrum orðum, þegar við Íslendingar sjálfir og allir útlendingar við Ísland, aðrir en Bretar, veiðum 1 eða 2 skarkola, veiða Bretar einir 8—9 kola. Við erum því að friða kolann okkar fyrir útlendinga, sérstaklega Breta, því sjálfir veiðum við ekki nema ⅒ hluta á móti útlendingum, eða varla það að jafnaði. Þetta er þeim mun meira áberandi, þegar þess er gætt, að við veið-

um langmest allra þjóða af flestum öðrum nytjafiskum vorum hér við land, eins og sjá má á þessum tölum: Árið 1927 veiddu Íslendingar 164783 smál. af þorski, en Bretar, sem komu næstir, veiddu þá hér 104683 smál. Sama ár veiddu Ísl. 51371 smál. af síld, en Norðmenn, sem komu næstir, fengu 18528 smál. En af skarkola veiddu Ísl. þá aðeins 688 smál., en Bretar 6488 smál." — Að lokum vil ég lesa upp niðurlagsorð skýrslu fiskifræðingsins um notkun dragnótar: „Það er óþarfi að lýsa dragnótinni hér og nægilegt að taka það fram, að hún er handhægt og ódýrt veiðarfæri, sem getur gert fátækum fiskimönnum það fært að nota björgina, sem oft er við bæjardyrnar, án mikils mannafla eða kostnaðar. Dragnót er einungis hægt að nota á sand- eða leirbotni, því hún er veikgerð og þolir hvorki grýttan botn né þaragróður. Hún getur því ekkert mein unnið þaragróðrinum, sem reyndar er lítils virði fyrir útgerðina, og það mjög óbeinlínis. Ungviði þorskins og annara bolfiska getur hún ekki grandað svo neinu nemi, af þeim ástæðum, sem nú skal greina: Í fyrsta lagi er þorskurinn ekki við land, nema á meðan hann er á unga aldri, þegar hann er svo lítill (um 20 cm.), að hann getur hæglega smogið vanalega dragnót. Í öðru lagi hefst hann helzt við á þara og grjóti meðan hann er á grunnsævi, eða einmitt á þeim stöðum, sem dragnótaveiðum verður ekki komið við. Það er með öllu ómögulegt, að dragnótin geti eyðilagt „botninn" eða lífsskilyrði fiskanna, þar sem hún er notuð, því bæði er það, að hún nær litlu af þeim dýrum, sem að gagni mega koma sem fiskfæða, og svo er hitt, að slíkum dýrum er engin hætta búin, þótt þau kæmu inn í skipið, því að þau lifa alveg eins vel fyrir það, þegar þeim er kastað út aftur. Niðurstaðan í mínum augum getur aðeins orðið ein. Og hún er sú, að með þeirri lagasetningu, sem nú er gildandi, höfum við af okkur árlega mikið fé, sem auðvelt er að taka með litlum tilkostnaði við strendur landsins. Þetta er því meira glapræði, sem meira og meira er unnið að því að flytja fiskinn ísvarinn á útlendan markað. Það sýnir sig, að útlendir togarar eru fengsælli en íslenzkir, þar sem þeir fá 9 fiska meðan Íslendingar fá 1.

Við erum, eins og fiskifræðingurinn segir, að friða kolann í landhelgi handa útlendingum, sem veiða fyrir utan landhelgi, og stundum jafnvel innan landhelgi, og þeir mest, sem frekastir eru og ásælnastir.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta nú, en vil mælast til þess, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til sjútvn., og vil ég biðja þá n. að athuga, hvort ekki er hægt að segja gerr en í frv. stendur, hvað er dragnót. Skilgreiningin er tæpast nógu skýr. Ég vænti þess, að n. vilji taka þetta til athugunar um leið og hún athugar frv.

Benedikt Sveinsson: Hv. flm. hefir gert góða grein fyrir sínum málstað og notað skýrslu fiskifræðings Íslands sér til stuðnings. En þó held ég, að ekki sé nema hálfsögð sagan, þegar einn segir frá, þar sem ræða hans er. Hann segir, að fiskimenn líti svo á, að engin ástæða sé að banna dragnótaveiðar í landhelgi, og gefur hann í skyn, að fyrir almennar raddir frá þeim flytji hann frv. En hann bendir ekki á óskir nokkursstaðar af landinu, nema frá fundi, sem haldinn var í Fiskifélagi Íslands. En á þeim fundi var ekki farið fram á annað en að 8. gr. l. yrði breytt á þann veg að afnema heimild þá, er veitt er til frekari friðunar, samkv. kröfu og ósk þeirra, er mest eiga hlut að máli.

Ýms byggðarlög hafa óskað eftir að fá friðuð viss svæði, t. d. Hafnahreppur, Gerðahreppur, Keflavíkurhreppur og Vatnsleysuströnd. Kröfur þessara fjögurra hreppa hafa verið teknar til greina, því að svo er til skilið í lögum, að krefjast megi þess, að landhelgi á tilteknu svæði sé að fullu friðuð gegn dragnótaveiði með auglýsing stjórnarráðs, en áður því verði framgengt skuli þó leitað umsagnar hreppsnefnda þeirra, er þar eiga fyrir að ráða, og svo umsagnar stjórnar Fiskifélags Íslands. Það hefir ekki staðið á hreppunum að láta óskir sínar í ljós, og hafa þær ávallt verið eindregnar með friðun, en svokölluð stjórn Fiskifélagsins hefir staðið fyrir því, að nokkurt svæði fengist friðað norðan-

lands, síðan lögin frá 1928 voru sett. Skortir þó eigi á fullkomlega eindregnar kröfur um þetta efni frá þeim héruðum, er harðast hafa orðið úti fyrir freklegan ágang útlendinga árum saman, t. d. í Þistilfirði, Axarfirði, Skjálfandaflóa og ennfremur í Skagafirði. Frá þessum héruðum, flestum eða öllum, komu árið 1926 sterkar kröfur um algerða friðun fyrir dragnótaveiði, en þótt allar hreppsnefndir styddu þær kröfur einróma, þá hefir landsstj. ekki séð annað fært en að láta Fiskifélagið hafa fullnaðar-„veto" gegn löglegum kröfum, sem komið hafa fram í þessu máli. Er hér tekið fram fyrir hendur löggjafarvaldsins, héraðanna og stjórnarráðsins. — Merkilegt í þessu máli er það, að Fiskifélagið hefir friðað tvö svæði hér við Faxaflóa, Hafnaleir og svæðið frá Garðskaga til Keilisness, að því er ég veit bezt. Er það undarlegt — eftir aðstöðu Fiskifélagsstjórnarinnar — að hefjast handa til þess að friða þá staði, sem **Íslendingar** sjálfir hafa helzt tækifæri til að stunda þessar veiðar, en **standa á móti** því að friða þau svæði, sem **einungis útlendingar** veiða á og hafa spillt veiði fyrir landsmönnum, eins og átt hefir sér stað stórkostlega, svo sem í Lónafirði. Að vísu hefir komið dálítill afturkippur í þetta friðunarmál hér við Faxaflóa. Frá einum hreppi, Keflavíkurhreppi, var skrifað bréf nú í vetur á fundi í Keflavík, þar sem 17 — sautján — menn samþykkja að skora á Alþingi að afnema þessa þriggja mánaða friðun, sem heimild hafði verið veitt til að nota.

Á hinn bóginn hafa ekki komið neinar óskir frá nokkrum hrepp eða sýslufélagi neinsstaðar af Íslandi um að fara fram á slíkt, nema á fundi í Fiskifélagi Íslands í vetur um að afnema 8. gr. l. Þar hafðist það fram, eftir langa mæðu og mjög mikla smölun af hendi forseta — aldrei þessu vant — að 10 menn af 14, og með því að fengnir voru nokkrir nýir menn í félagið, greiddu atkvæði með því, gegn fjórum, að skora á Alþingi að afnema heimild héraðanna, sem um getur í 8. gr. laganna. Aðrar „óskir" en þessar hefi ég ekki heyrt á nafn nefndar um rýmkun laga um dragnótaveiði, en margar og veigamiklar í þveröfuga átt. Þessi óskmál, sem hv. flm. kemur fram með, eru því eigi nýmæli, er styðjist við ósk nokkurra fiskimanna hér á landi.

Blöðin í Reykjavík minnast ekki á þessa fundi í Fiskifélaginu. Það kemst upp seinna, þegar menn hafa lesið fiskitímaritið Ægi, að þessir fundir hafa verið haldnir. Og þegar það fer að kvisast, rísa menn upp og halda mótmælafundi gegn þessum tillögum, sem forsetinn knýr fram eftir tveggja daga rimmu með tíu gegn fjórum!

Ég hafði símað Húsvíkingum þessa ályktun Fiskifélagsins vegna þess, að sagt var á fundinum, að þeir væru nú alveg horfnir frá kröfum sínum um friðun gegn dragnótaveiði, heldur væru þeir henni nú orðnir mjög fylgjandi. Var síðan haldinn fundur um málið þar í kauptúninu. Til hans var boðað af fiskifélagsdeildinni „Garðar" og til kvaddir allir útgerðarmenn og sjómenn. Á fundinum voru alls 64 menn. Þar var svofelld samþykkt gerð:

1) Fundurinn skorar á ríkisstjórnina að friða Skjálfandaflóa fyrir dragnótaveiðum í landhelgi, eins og hlutaðeigandi hreppar hafa farið fram á.
2) Fundurinn er eindregið mótfallinn því, að 8. gr. gildandi laga um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi sé burtu numin úr lögum og lýsir óánægju sinni yfir því, að slík málaleitun skuli hafa komið frá formanni Fiskifélags Íslands.
3) Fundurinn lýsir yfir því, að gefnu tilefni, að honum er gersamlega ókunnugt um, að Húsvíkingar séu orðnir andvígir friðlýsing fyrir dragnótaveiði, og telur öll ummæli í þá átt uppspuna einn.

Maður einn af Akureyri hafði gefið þær upplýsingar á Fiskifélagsfundinum hér í Rvík, að Húsvíkingar vildu láta opna landhelgina fyrir dragnótaveiðum. Þetta mun hafa haft sín áhrif, þótt það væri uppspuni einn, enda hafði þessi fulltrúi hælzt um það á eftir, hve slunginn hann hefði verið að blekkja fundarmenn.

Þá tók ekki betra við, er Skagfirðingar fengu að heyra þennan fagnaðarboðskap hv. þm. Ísaf. í útvarpinu. (**HG:** Ætli þeir hafi ekki fengið hann annarsstaðar frá?) Ég skammast mín ekkert fyrir að játa, að ég hafi einnig gert nokkrum mönn-

um aðvart um þetta. Haldnir voru þegar fjórir fundir um málið, á Sauðárkróki, í Hofsósi og í Skarðshreppi, og loks var málið tekið fyrir á sýslufundi þar í Skagafirði. Mun enginn gerast svo djarfur að segja, að slíkur fundur sé skipaður fíflum einum og fáráðlingum. Menn kröfðust þess einróma á öllum þessum fundum að fá flóann friðaðan. Ef ekki á að taka þessar undirtektir til greina, þá veit ég ekki, hvað á að hafa áhrif í þessu máli. Ég held því, að það sé prentvilla í frv., að menn óski eftir að opna landhelgina fyrir dragnótaveiðum „víða um land". Mér finnst sennilegra, að þetta hafi átt að vera „víða í öðrum löndum".

Þingeyingar hafa ekki talið sig þurfa að samþykkja enn á ný mótmæli gegn rýmkun dragnótaveiðinnar. Henni hafði áður verið mótmælt á þrem fundum á Langanesi og einum fundi á Húsavík.

Ég hefi því sýnt fram á, að því fer svo fjarri, að almennar óskir hafi komið fram um þetta efni, að heil héruð, hvert af öðru, hafa risið upp til mótmæla. Óskir í þessa átt hafa hvergi komið fram, nema úr Keflavíkurhreppi. Þar var farið fram á, að veiða mætti þrjá mánuði á ári, eins og nú er leyfilegt, ef héraðssamþykkt er ekki á móti.

Hv. flm. tók ýmislegt upp úr fróðlegri skýrslu eftir Árna Friðriksson fiskifræðing um eðlisháttu skarkola og dragnótaveiðar. — Þrátt fyrir niðurstöður höfundar er þó ýmislegt í skýrslu þessari, er styður mál þeirra, er ekki vilja láta opna landhelgina til þessara veiða. Fiskifræðingurinn segir, að kolinn sé að ganga til þurrðar við Ísland, jafnvel þótt bannað sé að veiða hann í landhelgi, — vegna veiða útlendinga utan landhelgi. Hann segir ennfremur, að kolinn fari ávallt smækkandi. Áður hafi langmest af þeim kola, er veiddist, verið í 1. flokki (stórkoli). Nú nemi smákolinn 22% af aflanum í stað 1% fyrir rúmum tuttugu árum.

Af þessu sést, að verið er á góðri leið með að eyða þessum fiski, þótt ekki sé farið inn fyrir landhelgina. Mun honum því sízt veita af þeirri vernd, sem hún veitir honum.

Hv. flm. sagði, að veiðarfæri þetta væri gott, létt og ódýrt, en því aðeins getur það talizt gott, að hægt sé að veiða í það. Reynslan hefir líka sýnt það í öðrum löndum, að veiðitæki þetta hefir verið ærið mikilvirkt um koladrápin, þar sem leirbotn er undir eða sandur. Má svo heita, að það taki hvern kola, sem fyrir verður. Hér heldur kolinn sig á tiltölulega litlu svæði, einkum í fjörðum, sem ár falla í, svo sem Skagafirði, Skjálfanda, Axarfirði og Þistilfirði, og myndu þau mið fljótlega hroðin með nót þessari, ef leyft væri að beita henni hindrunarlaust. Reynslan hefir sýnt það hér við land. Hv. þm. N.-Ísf. hefir sagt mér, að tvö skip hafi upprætt allan kola á Aðalvík á skömmum tíma fyrir nokkrum árum. Þannig er þessu alstaðar farið, enda segir einn mjög kunnugur maður, að hægt sé að veiða kolann í tvö ár með þessum hætti hér, en svo ekki meira að sinni.

Látið er í veðri vaka, að það sé koli einn, sem veiðist í dragnætur, en það er ekki rétt. Í dragnætur veiðist einnig lúða, allt að 60 pundum. Hefir það komið berlega fram við Langanes, að lúðuveiðar hafa að mestu gereyðilagzt síðan farið var að stunda dragnótaveiðar. Ennfremur veiðist ýsa í nætur þessar, enda er hún á sömu slóðum sem kolinn. Hefi ég og séð í erlendum fræðibókum, að þorskur sé veiddur á þennan hátt, þótt eigi sé það svo mjög sem flatfiskur og ýsa.

Þessi nót eyðileggur ekki botninn, en hún er drápsvél engu að síður. Sá fiskur, sem drepinn hefir verið, gengur ekki aftur. Árni Friðriksson segir, að vér Íslendingar ölum kolann upp fyrir Englendinga. Ég skal ekki segja um það, hvort sá koli, sem þeir veiða, sé alinn upp utan eða innan landhelgi. En ef vér öfundumst yfir því, að einhver fiskur fer út úr landhelginni, ætti að vera ástæða fyrir oss að gæta þess að hleypa ekki **öðrum þjóðum í landhelgina sjálfa** til þessara veiða. Skýrsla Árna Friðrikssonar ber það með sér, að Íslendingar veiða meira en aðrar þjóðir af öðrum fiski en kola hlutfallslega. Kolaveiðarnar einar virðast hafa mætt afgangi í samkeppni Íslendinga og annara þjóða hér við land. Ástæðan til þess getur ekki verið sú, að Íslendingum láti verr að veiða kola en annan fisk, heldur hitt, að þeim þykir

borga sig betur að sækja þorsk á djúpmið í stormum og stórsjó en fást við kolann, þótt skemmra sé hans að leita.

Hvernig hefir nú reynsla Íslendinga sjálfra verið um þessar veiðar? Byrjað var á veiðum þessum vestur á fjörðum fyrir 30 árum, og víðar hafa þær verið reyndar, en hvergi þótt borga sig. Kolinn eyðist fljótt hér við land, og auk þess kunna Íslendingar ekki eins vel til þessara veiða sem aðrar þjóðir, t. d. Danir, enda er veiði þessi einhver hin vandasamasta í alla staði, og að því hefir Íslendingum orðið hingað til. Hafa gagnkunnugir menn sagt mér þetta með rökstuðningi margra dæma. — Tveir bátar í Vestmannaeyjum hafa stundað þessar veiðar, og hefi ég átt tal við formann annars bátsins, Þorvald Guðjónsson Grænlandsfara, sem er fiskimaður mikill og dugandlegur maður í hvívetna. Hann kvaðst mundu græða á því í sumar, ef landhelgin yrði opnuð, en taldi þó hið mesta glapræði að gera slíkt, því að það myndi hefna sín síðar. Þessari skoðun hafa líka menn vestan af fjörðum haldið fram við mig, og ýmsir fleiri. Vil ég þar til nefna tvo nafnkunna skipstjóra, Jón Sigurðsson á Blómsturvöllum og Jón Árnason frá Heimaskaga, sem báðir eru manna kunnugastir hér í flóanum.

Íslendingar hafa harðar landhelgisvarnir og láta sökudólga gjalda afbrota sinna eftir því sem föng eru á. Sökudólgarnir kvarta oft undan meðferðinni, er þeir koma heim til sín, en stjórnir þeirra hafa ekki sinnt þeim kvörtunum, því að þær vilja halda lög og siðgæðireglur þær, sem gilda milli þjóða, og þar við bætist, að allar menningarþjóðir vita, að landhelgin er mikilsverð til að ala upp fiskstofninn og halda honum við. Rætt hefir verið um að reyna að fá landhelgina færða út, þar á meðal þannig, að hún næði út yfir Faxaflóa. Hefir jafnvel komið fram í enskum blöðum nú fyrir skemmstu, að nauðsyn bæri til að friða Breiðafjörð, vegna smálúðunnar, þar sem öll lúða þykir nú stórum vera að ganga til þurrðar. Þetta virðist benda til þess, að hægt yrði að fá samþykki erlendra þjóða til að færa landhelgina eitthvað út, eða friða ákveðin svæði hér við land, utan landhelgi, fyrir jafnhremmilegum veiðarfærum sem botnvörpu og öðrum dragnótum. Það væri því að stefna í öfuga átt, að fara að brjóta þessar vonir á bak aftur með því að fara að leyfa dragnótaveiði í þeirri landhelgi, sem nú er. Ef slíkt verður gert, eru þessar vonir að engu orðnar.

Ritari Fiskifélagsins, Sveinbjörn Egilsson, telur alls ekki örvænt um, að Faxaflói fengist friðaður með það fyrir augum, að fiskistofninn varðveittist bezt á þann hátt.

Því hefir oft verið haldið fram, að ekki sé hætta á því, að kolinn gangi til þurrðar, þótt dragnótaveiðar séu leyfðar í landhelgi. Hann hafi verið veiddur í Eystrasalti og dönsku sundunum árum saman og ekki þorrið. Hvað sem þessu líður, á þetta ekki við hér. Eftir skýrslu fiskifræðingsins að dæma, er kolinn einmitt að þverra hér við land utan landhelginnar. Kolinn er hér á tiltölulega litlu svæði, svo að samanburður við veiðarnar í Eystrasalti og sundunum er ekki réttmætur. Kolinn hér við land þroskast seinna en þar og viðkoman er minni, vegna þess að sjávarhitinn er lægri og lífsskilyrðin því mun lakari. Að vísu er það ekki sönnun þess, að kolinn sé ekki að minnka þar syðra, þó að mikið veiðist af honum enn. T. d. fara hvalveiðar Norðmanna vaxandi, vegna þess að útgerðin eykst stöðugt, en allir vita þó, að hvölum fækkar sífellt, svo að gerauðn nemur bráðlega, nema friðunarreglur verði settar.

Ég sá frásögn um það í „Extrabladet" frá því í marzmánuði þ. á., að drepizt hefði koli, sem fluttur var lifandi í kössum til Esbjerg, og því var bætt við, að því hefði ekki fengizt þar koli í hálft ár! Bendir það ekki á miklar veiðar.

En nú mæna Danir vonaraugum á landhelgi vora vegna þessa frv. hv. þm. Ísaf. Tugir skipa í Danmörku og Færeyjum bíða eftir því að hagnýta sér þessa veiði, sem Íslendingar ætli nú að gefa þeim. Hér eru svo sem 5—6 smáskip innlend, sem mega sín lítils og ætla sér ekki þá dul að keppa við flota tveggja þjóða um dragnótaveiðina í landhelgi. Enda væri það hinn mesti barnaskapur.

Ákvæðið í 6. gr. sambandslaganna um gagnkvæman ríkisborgararétt Dana og

Íslendinga er þannig, að óskiljanlegt er, að nokkur síðuð þjóð skuli hafa látið bjóða sér slíkt, sem landar vorir létu flekast til 1918. Slíkt ákvæði gildir jafnvel ekki meðal nýlendna Englendinga. — Þetta dragnótamál myndi horfa allmjög annan veg við, ef Íslendingar væru einir um hituna í sínu landi. En úr því er að ráða, sem komið er, og þar sem þeir eru svo hörmulega settir, þá verður að gæta nauðsynlegrar varúðar.

Því var haldið fram á Fiskifélagsfundi í vetur, sem háður var af 14 mönnum, að gott væri að opna landhelgina fyrir Dönum, því að af því myndi leiða fjandskap milli Dana og Íslendinga, sem flýta myndi fyrir uppsögn sambandslaganna og leiða til skilnaðar. — Þótt ég ætli, að ég sé ekki ófúsari á skilnað við Dani en aðrir menn, þá er ég ekki svo fíkinn í að fjandskapast við þá, að ég vilji fórna öllum skarkolanum í landhelgi Íslands til slíks, enda mun mega útkljá sambandsslit og skilnað á friðsamlegan hátt, er til þess kemur.

Ég skal ekki neita því, að stundarhag gæti leitt af samþykkt þessa frv. fyrir Íslendinga, í sumar og e. t. v. næsta sumar, en lengur stendur sá hagnaður ekki í bili, jafnvel að dómi þeirra, sem þessu máli eru fylgjandi.

Ég hefi ekki trú á því, að Íslendingar færu að stunda kolaveiðar meira en áður fyrir það, þó veiðitíminn yrði lengdur. Þeir sækja einmitt veiðina á djúpmiðin, eins og skýrslur Fiskifélagsins vitna bezt um.

Árangur þess, að veiðiheimildin væri rýmkuð, mundi verða ærið ankannaleg, — sú, að útlendingar veiða næst landi í logni og skjóli meðan Íslendingar stunda sína veiði á djúpmiðum innan um hafís og þoku úthafsins.

Ég hefi mörg gögn fram að færa, önnur en þau, er ég hefi þegar tilfært, til stuðnings mínu máli, en mun þó nema staðar að sinni, því að liðið er á fundartíma, en mörg mál á dagskrá, og því rétt, að eigi séu lengdar umr. að mun á þessu stigi málsins. Ég ætlast aðeins til þess af hv. þd., að hún hafi fyrir augum hag landsfólksins í þessu máli og taki til greina kröfur þjóðarinnar og álitsgerðir, er hingað hafa borizt hvaðanæva, sem byggðar eru á þeirri reynslu, sem öllum ætti kunn að vera í þessu efni.

Í sambandi við það, sem hv. flm. sagði um það, að útlit væri fyrir, að kolaveiðin yrði Íslendingum arðsöm atvinnugrein, þar sem útlendingar sæju sér hag í því að stunda hér þá arðsömu veiði, þá má segja, að þetta horfir í fljótu bragði nógu vel við. En það, að útlendingar leggja nú svo mikið kapp á þessa veiði hér, bendir einmitt á það, að allalvarleg þurrð sé komin í þessa veiði á þeirra heimamiðum, og einnig hitt, að þessi veiðarfæri, dragnæturnar, muni eigi vera svo meinlaus og hv. flm. telur. Auk þess verður á það að líta, að þjóðir þessar, Danir og Færeyingar, hafa þegar til að bera fullkomna kunnáttu á þessu sviði og sömuleiðis reynslu fram yfir Íslendinga. Þeir þekkja veiðiaðferðir, markaði og meðferð vörunnar. Þeir standa einnig betur að vígi en Íslendingar fyrir það, að þeir þurfa eigi að greiða útflutningsgjald af veiðinni, eins og Íslendingar, ennfremur ekki innflutningsgjöld af vörum og veiðarfærum til kolaveiðinnar, sem Íslendingar mega sætta sig við að greiða. Allt þetta gerir mikinn aðstöðumun milli Íslendinga annarsvegar og Færeyinga og Dana hinsvegar.

Skal ég þá eigi að sinni fjölyrða meira um þetta mál, en vænti þess, að hv. þd. taki það þeim tökum, sem heillavænleg eru landi og þjóð.

Sveinn Ólafsson [óyfirl.]: Ég finn ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frv. að þessu sinni, sumpart fyrir það, að ég býst við að mér gefist kostur á að fást við það í þeirri n., sem það væntanlega verður sett í, en einkum vegna þess, að hv. þm. N.-Þ. hefir nú með ræðu sinni tekið nálega allt það fram, er ég vildi sagt hafa í þessu efni. Ég get lýst því yfir, að ég vil einmitt undirstrika það, sem hv. þm. sagði um málið.

Það eru aðallega þrjú atriði, sem lagt er til í þessu frv., að breytt verði í gildandi lögum. Hið fyrsta er lenging veiðitímans, sem leiðir til þess að gera samkeppni Dana og Færeyinga við okkur Íslendinga haganlegri fyrir þá. Veiðitíminn var áður aðeins september- og októbermánuðir, en nú er ágústmánuði bætt

við, og það til stórhagnaðar fyrir þessar þjóðir.

Annað atriðið er það, að heimila ráðh. að setja reglugerð um meðferð veiðarfæra á þessum skipum, og get ég vel fallizt á, að það sé þarft ákvæði.

Þriðja atriðið er niðurfelling 8. gr. laganna frá 1928, sem einmitt kveður á um rétt hinna einstöku héraða til þess að verja sínar landhelgilóðir. Það er augljóst, að hér er alveg sérstök ástæða til þess að taka tillit til hinna mörgu ákveðnu óska hlutaðeigenda um friðun miðanna, sem sýna svo glögglega, að það er alls ekki tímabært að fara að breyta eða fella niður ákvæði 8. gr.

Ég vil segja það út af ræðu hv. flm., að mér fannst hann ekki skýra rétt frá, hver reynslan væri í þessum efnum, því hann gekk alveg framhjá að tala um athafnir keppinauta okkar, Dana og Færeyinga, um þessa veiði. Færeyingar hafa að vísu fáir stundað þessa veiði hér fyrr en nú upp á síðkastið, en þeir eru nú farnir að sækja hana fastar, og Danir eru þegar farnir að sækja hingað af kappi. Það er alveg ljóst, að afleiðingin af rýmkun lagaákvæðanna yrði til þess, að þessar þjóðir mundu stórum auka útgerðina hér við land. Það vita allir, að kolaveiðin er talin dýrmæt veiði og því mjög eftirsóknarverð. Fiskiskýrslur Dana sýna það, að þessi veiði er þorrin þar, en fer mikið minnkandi við Færeyjar. Er það augljóst, hvaða áhrif það hefði, þegar þannig stendur á, að opna fyrir þeim landhelgina hér meira en þegar er.

Ég ætla þá ekki að tefja tímann með því að ræða þetta frekar. Ég býst við, að þeir, sem aðeins byggja á fiskiveiðaskýrslunum í þessu máli, telji okkur ekki dómhæfa, en við því er ekkert að gera, og verður að fara um þetta mál sem auðið er, en ég legg lítið upp úr niðurstöðum fiskiveiðaskýrslnanna.

Flm. (Haraldur Guðmundsson) [óyfirl.]: Það væri synd að segja, að þær viðtökur, sem þetta frv. hefir fengið hjá hv. tveim síðustu ræðumönnum, séu vonum betri.

Hv. þm. N.-Þ. andmælti því, að rétt væri, að fiskimenn víðsvegar teldu bann gegn dragnótaveiðinni okkur Íslendingum óhagstætt, en hélt því aftur fram, að sjómenn væru yfirleitt fylgjandi bannínu. Hann gat engin rök fært fyrir sínu máli, en var að reyna að vísa til nokkurra fundarsamþykkta, sem eru mjög óábyggilegar. En honum láðist að geta um samþykkt á fjölmennum fundi í Keflavík og sömuleiðis að segja frá þeirri afstöðu, sem Fiskifélag Íslands hefir tekið til frv. Hann gat ekki um það, að bæði samþykktin frá Keflavíkurfundinum og eins Fiskifélag Íslands var frv. mjög fylgjandi. Það er merkilegt, að hv. þm. skuli ekki taka meira mark á jafnvirðulegri stofnun og Fiskifélaginu, sem hann er nú, að ég hygg, talsvert við riðinn. (BSv: Já, ég er einn af stofnendum þess og hefi verið í því frá upphafi). Þá er merkilegt, að hv. þm. skuli gleyma sínu eigin félagi. (BSv: Félaginu hefir verið fremur illa stjórnað í seinni tíð). Það er einkennilegt, hvað hv. þm. er tryggur við þetta félag, sem er bæði illa stjórnað og hefir allt aðra stefnu en hann í þýðingarmiklum efnum. Vill ekki þm. reyna að bæta félagið? (BSv: Ég er að vinna að því að bæta félagið). Hv. þm. drap á mótmælafund gegn frv., er haldinn hefði verið á Húsavík, en þm. var undarlega fáorður um þann fund, og lítur út fyrir, að honum hafi fundizt lítið vera á honum að græða. Ég skal einnig benda hv. þd. á samþykkt fundarins í Nesi í Norðfirði, sem hv. þm. minntist á, þar sem átti nú að hóa saman mótmælum gegn frv., en tókst ekki betur en það, að fundurinn einmitt samþ. áskorun til Alþingis um að lengja veiðitímann. Þá gat hv. þm. um öflug mótmæli, er samþ. höfðu verið á fundi í Skagafirði, sem haldinn hafði verið, er fréttist um þetta voðalega frv.

Mér er sagt, að til fundarins hafi verið stofnað með auglýsingu frá sýslumanni Skagfirðinga, og að í fundarbyrjun hafi verið lesið upp skeyti til sýslumannsins frá hv. þm. N.-Þ., sem var á þessa leið, eftir því sem mér hefir verið sagt:

„Haraldur Guðmundsson flytur frv. um vikkun dragnótaveiða. Friðunartíminn virðist miðaður við þann tíma, sem dönsk skip eru bundin við veiðar annarsstaðar. Sat sapienti. Ben. Sveinsson".

Þetta er nú heimild Skagfirðinga í

málinu. Ég veit ekki, hvort þetta skeyti er samboðið virðingu hv. þm., en það er áreiðanlega ekki samboðið virðingu hv. þd. Hv. þm. virðist með skeytinu vera að gefa í skyn, að með frv. sé gerð tilraun til þess að svíkja landsfólkið, og sjá allir af því, hversu ábyggileg heimild skeytið er, enda tókst nú ekki betur með þann umrædda fund á Sauðárkróki en það, að öllum þorra fundarmanna þótti málið svo illa upplýst, að þeir neituðu að taka afstöðu til þess, og greiddu því ekki nema sárfáir atkv. á fundinum. Það er því von, þótt hv. þm. sé upp með sér af árangrinum. En hann huggar sig líklega við gamla málsháttinn, að betra sé að veifa röngu tré en öngu.

Ég vil skjóta hér inn í nokkru, sem ég gleymdi að svara hv. 1. þm. S.-M. Hann var að tala um, að frv. færi fram á, að veiðitíminn yrði lengdur um 2 mánuði að sumrinu til, en þetta er algerlega rangt hjá honum. (SvÔ: *Ég nefndi* aðeins einn mánuð). Hv. þm. talaði um tvo mánuði, bæði júlí og ágúst, en ef hann vildi lesa frv. betur, þá getur hann séð, að þar er einmitt tekið fram, að friðunartíminn standi til 31. júlí ár hvert. Í sambandi við mótmæli Skagfirðinga gegn frv. vildi ég hinsvegar láta í ljós þá skoðun, að heppilegast mundi vera fyrir þá, að veiðitíminn yrði lengdur. Þá mundi ekki lengi á því standa, að bátaeigendur þar fengju sér dragnætur, og þrátt fyrir álit hv. þm. N.-Þ. er ég ekki í miklum vafa um, að Íslendingar stæðu Dönum fyllilega á sporði í þeirri veiðigrein.

Hv. þm. hélt því fram, að ekki mætti rýmka veiðiheimildina fyrr en eftir 10-12 ár, þegar veiðiheimild Dana og Færeyinga væri útrunnin. Þetta lítur í fljótu bragði ekki svo illa út, ef hv. þm. hefði ekki verið svo seinheppinn að koma í því sambandi fram með rök, er mæla einmitt með því að rýmka veiðitímann. Hann hélt því fram, að kolinn hér við land færi smækkandi og að hann væri að minnka. Ef þetta er rétt, þá sýnist það vafamál út af fyrir sig, hvort þetta einmitt gefi ekki næga ástæðu til þess að lengja veiðitímann, því að ekki sé eftir miklu að bíða. Nú eru það útlendingar svo að segja einir, sem hafa not af þessari veiði, en þegar við kæmum til skjalanna eftir 10—12 ár, þá væri kolinn að mestu uppétinn.

Ég held, að það séu engar skýrslur til um það, hve mikið af kola þeim, sem veiddur er hér við land, er veitt innan landhelginnar, en það er alveg víst, að það er aðeins lítill hluti, og þar af leiðandi mundi það hafa lítil áhrif í þessu efni, hvort veiðitíminn innan landhelginnar væri lengri eða skemmri.

Til þess að vernda kolastofninn og halda honum við eru ákvæði gildandi laga ekki nægileg, eins og hv. þm. sjálfur viðurkenndi. Til þess þarf allt aðrar ráðstafanir, svo sem klakstarfsemi á þeim stöðum, sem því verður við komið, ákvæði um stærð möskva o. fl. o. fl.

Hv. þm. fann það dragnótaveiðinni til foráttu, að með þeirri aðferð veiddust fleiri fisktegundir en kolinn, svo sem smálúða. Þetta tel ég einmitt kost. Aðalmótbára hans gegn frv. var sú, að Íslendingar væru ekki eins lagnir og útlendingar við þessa veiði og mundu því bera minna hlut frá borði. Þetta er hreinasta vitleysa. Reynslan hefir sýnt það, að þeir eru útlendingum a. m. k. jafnslyngir í þeim veiðiaðferðum, sem þeir hafa lært.

Þær veiðiaðferðir, sem Íslendingar kunna ekki, verða þeir auðvitað að læra. Skúli fógeti fékk á sínum tíma útlenda sjómenn til þess að kenna Íslendingum nýjar veiðiaðferðir. Íslendingar verða vitanlega að sætta sig við það, að útlendingar séu þeim slyngari þangað til þeir eru búnir að læra veiðiaðferðirnar af útlendingum.

Það er ekki eðlilegt, að smábátar hafi enn sinnt mikið þessum veiðum eða keypt veiðarfæri, meðan veiðitíminn er svo stuttur sem nú er. Ef hann væri aftur á móti lengri á hverju ári, svo hann yrði t. d. 7 mánuðir, þá mundu þessi veiðarfæri óðara verða keypt og menn komast upp á að nota þau. Ég vil taka hér fram eitt atriði, sem ég gleymdi að geta um í fyrstu ræðu minni, sem mælir ekki alllítið með frv. Það er alkunnugt, að veiðarfærakostnaður við línuveiðaraútgerðina er svo gríðarhár, að til stórvandræða horfir, og það lítur helzt út fyrir, að hann ætli að sliga útgerðina, ef ekki verður unnt að draga úr honum með

einhverju móti. Dragnót er miklu ódýrara veiðarfæri í rekstri heldur en línan, og er af því sýnt, hvaða áhrif það hefði á útgerðarkostnaðinn að taka upp dragnót í stað línu.

Hv. þm. var að tala um friðun Faxaflóa fyrir botnvörpuveiðum í sambandi við þetta mál. Ég sé ekki, hvað það kemur þessu máli við. Ríkisstj. mun hafa eitthvað þreifað fyrir sér í því efni, eftir því sem upplýst hefir verið hér í d., þó ekki sé útlit fyrir mikinn árangur af því. En að þetta komi frv. við, er fjarstæða.

Hv. þm. talaði eins og honum þætti það firn og endemi, að Íslendingar skyldu hugsa svo hátt að keppa við „stórþjóðirnar" í kolaveiðum hér við land. Mér finnst það engin fásinna að ætla, að Íslendingar geti sýnt sama dugnað eða meiri í veiðiskap og fiskimenn stórþjóðanna. Ég veit ekki betur en að reynslan hafi einmitt sannað, að íslenzkir fiskimenn eru yfirleitt miklu fengsælli en erlendir sjómenn, er sækja á miðin við Íslandsstrendur. Og ég tel hreinustu fásinnu að ætla, að íslenzkir fiskimenn geti ekki lært að hagnýta sér dragnót og veiða kola alveg eins og þeir hafa lært að nota net, línu og botnvörpu og skara fram úr öðrum í þorskveiðunum. Annars skildi ég ekki vel hvaða „stórþjóðir" hv. þm. átti við. Mér er ekki kunnugt um, að aðrar þjóðir geti að lögum keppt við okkur í dragnótaveiðum innan landhelgi en Danir og Færeyingar. En Færeyingar hafa ekki talizt stórþjóð til þessa.

Ræðukafli hv. þm. um það, hvernig verða myndi útlits á miðum hér við land, ef frv. þetta yrði samþ., bar fremur vott um skáldlega andagift en skynsamlega athygli. Spádómur hans um það, að þá myndi sífellt verða fullt af útlendum skipum við veiðar í logni og sólskini inni á fjörðum og víkum við strendur landsins, þar sem þeir myndu ausa upp dýrmætum kola og græða stórfé, meðan vesalings Íslendingarnir yrðu að hafast við á sínum fleytum úti á djúpmiðum í þoku, hafís, illviðrum og hverskonar háska — og ekkert hafa upp úr sér fyrir stritið og hættuna — er vægast sagt ekkert annað en fávíslegt bull og vitleysa. — Hví skyldu Íslendingar ekki vilja veiða kolann í logninu?

Rétt er það hjá hv. þm., að við Íslendingar þurfum að greiða útflutningsgjald af okkar fiski. En það verða útlendingar líka að gera, ef þeir leggja aflann í land. Annars munar þetta ekki miklu. Útflutningsgjaldið er ennþá ekki nema 1½ eða 1¾%.

Aðalatriðið er þetta: Eigum við að sitja hjá og hafast ekki að meðan útlendingar ausa upp milljóna króna virði af kola hér við bæjardyrnar hjá okkur sjálfum, eða eigum við að reyna að hafa eitthvert gagn af þessum dýra og auðsótta fiski sjálfir.

Sigurður Eggerz [óyfirl.]: Ég ætla aðeins að gera lítillega grein fyrir atkv. mínu um þetta mál, en ætla mér ekki að vera langorður. — Mér skilst svo, að ekki blási byrlega fyrir kolanum, ef þetta frv. er samþ. Fyrst er lýst, hvernig kolinn er veiddur utan landhelgi, en ef líka má veiða hann innan landhelgi, þá er aðstaða hans verri. Það liggur í hlutarins eðli, að hvað fínt sem þetta veiðarfæri er, þá er það skaðlegt fyrir kolann. Það þarf því enginn að vera í vafa um það, að með því að rýmka aðganginn að kolanum, verða lífsmöguleikar hans minni og árásin á hann meiri en áður.

Annað atriði er veiðin utan landhelgi, sem hefir verið aðalatriðið, því veiðin innan landhelgi hefir verið ógnar lítil; en hv. þm. N.-Þ., sem er sérfræðingur í þessu máli, hefir talað ýtarlega um þetta, svo óþarft er að bæta nokkru þar við, en enginn, sem talað hefir í þessu máli, hefir sannfært mig um það, að hann ætli að standa á móti þessu.

Hv. flm. sýndi í ræðu sinni skýrt fram á, hve mikilsverður kolinn er, hverja þýðingu hann hefir og hve verðhár hann er á markaðinum. Þetta er skýr ábending um, að sambandsþjóð okkar noti sér þennan rétt. Enginn áfellist hana, þó hún geri það, en það má áfellast okkur fyrir að vilja tæma þessa kolauppsprettu okkar.

Atvinnuleysið þjáir allar þjóðir, einnig sambandsþjóð okkar, Dani; þeir kunna vel með dragnót að fara, og sem að líkindum lætur, færa þeir sér það í nyt, en það er auðvitað mál, að aðstaða kolans verður verri, ef bæði Íslendingar og

Danir ráðast inn í landhelgi, og má þá búast við, að þessi gullnáma verði fljótlega tæmd. — Aðalatriðið er, að kolanum fækkar, vegna þess, hve veiðarfærin eru hættuleg.

Ég átti um daginn tal við fátækan fiskimann, og talaði hann einmitt um þetta frv. Sagðist hann hafa stundað dragnótaveiðar, og væri aðstaðan betri að stunda þær innan landhelgi, en aðstaða smábátaútvegsins hér til að taka þátt í veiðunum væri verri síðan varðskipið Þór hefði tekið þátt í þeim, því það seldi fiskinn svo ódýrt, — og sýndi hann mér fram á þetta með ýmsum rökum, en ég sagði: „Sýnist yður rétt að hleypa stærri þjóðum, sem koma með þetta veiðarfæri, inn í okkar landhelgi og láta þær eyðileggja fyrir okkur?“ Þá segir þessi fátæki fiskimaður, sem örðugt á uppdráttar og á í brösum við Þór: „Ef það er að óttast, að kolinn gangi til þurrðar, þá vonast ég til, að þér greiðið ekki atkvæði með þessu frumvarpi“.

Þetta segir þessi fiskimaður, þótt hann hefði hag af þessum veiðum; hann er ekki samþ. frv., ef hann heldur, að það verði hættulegt fyrir þjóðina. Ég vildi, að fleiri hugsuðu eins, og ættu allir að taka hann til fyrirmyndar.

Jón Ólafsson [óyfirl.]: Það lítur svo út, að það sé nú eins og fyrri daginn, að hvorki dugi rök né vísindi til að sannfæra hv. dm. um ágæti þessa frv. Af verjendum málsins er gengið framhjá öllu því, sem skiptir máli, sem sé því, að afkoma þjóðarinnar veltur á því, hvernig málið fer. Við höfum fengið vísindalegar sannanir fyrir því, að verið er að eyða dýrmætum auðæfum okkar kringum landið, og okkar þátttaka er aðeins 10% af öllu, sem aflast. Það sjá allir, að það getur ekki gengið, að við látum eyða þessu fyrir okkur, því þjóðin þarf á öllu sínu að halda, — að nota allar auðsuppsprettur, í stað þess að láta útlendinga tæma þær. Það er ekki verið að tala um það, að þó þátttaka okkar sé lítil, þá munum við samt fá okkar skerf á hverjum fiskidegi í ís. Það er annað, sem vantar; það er ekki lagni, sem landsmenn vantar, heldur skipafloti, sem getur tekið þennan fisk, þegar hentugast er.

Það er þess vegna kominn tími til að tala um þetta nú, þegar áhuginn er vaknaður, — til að finna leið til að taka meiri þátt í útflutningi á nýjum fiski en verið hefir, því ef ekki verður rýmkað til, er tilraunin dauðadæmd.

Það má segja, að það komi úr hörðustu átt, er ég mæli með þessu frv., af því ég er riðinn við stærri útgerð, því ef farið er að stunda þessa veiði innan landhelgi, verður auðvitað minna fyrir þá, sem fiska fyrir utan. Þá sést, að Englendingar, sem hafa stóran flota, hirða allt, þó við höfum fiskimergð, en þeir, sem þurfa þess með, smábátarnir, geta ekki farið út fyrir landhelgi, — fá ekki neitt, og er þannig bægt frá að stunda þessa veiði.

Það, sem þessu ræður, er það, að andstæðingar frv. eru hræddir við, að Danir taki þátt í þessu meira en verið hefir. En hér er aðeins um einn mánuð að ræða, því þeir hafa hingað til ekki þolað okkar loftslag að haustlagi eða vetrarlagi; þá er aðeins um ágúst að ræða, og lítið um þeirra þátttöku fyrst um sinn, þar eð ekki tekur að sækja svo langa leið fyrir svo stuttan tíma.

Svo er annað atriði, sem gerir, að andmælingar eru á móti þessu, en það eru samþykktir og raddir utan af landi. Það má minna á það, að ekki er rétt, og hefir orðið til stórtjóns, að hlýða á raddir, sem komið hafa úr sveitum. Þarf ekki annað en minnast á samþykktirnar við Faxaflóa; þær eru 30 að tölu og allar af meinsemi við náungann, svo enginn fær afla. Strandarmenn, Vogamenn og Njarðvíkingar gerðu þessar samþykktir, svo Garðmenn fengju ekki afla. Þeir máttu ekki leggja net, en það brá svo við, að fiskurinn var horfinn, þegar þeir máttu leggja. Þá var ekki annað að gera en bíða til næsta árs, ef fiskinum þá þóknaðist að sveima um þær slóðir. Enn er þetta uppi að vilja friða sitt land fyrir ágangi annara; en það er fróðlegt að athuga, að fiskurinn flýtur einmitt kringum þau héruð, sem sjálf hafa ekki hafizt handa. Það kemur strax fram, að þegar menn ætla að hefjast handa til veiða, þá upphefja þeir slíkar samþykktir; t. d. í Keflavík urðu 2—3 menn brotlegir við

landhelgi og fengu afla. Þarna kemur það, sem menn mega vera vissir um, að hversu blindir sem menn eru nú, þá munu þeir hefjast handa síðar til að fá þetta afnumið. En hver veit nema það verði þá allt of seint; hver veit nema Englendingar hafi þá fengið 30% og haldið áfram að uppræta kolann, og engar tekjur sé af honum að hafa. Hv. þm. vitnaði í Norðmenn og hvalinn. Þeir hafa ofsótt hvalinn og upprætt hann á sumum stöðum. Þar hafa þeir tekið mikil auðæfi, svo hann var einhver stærsta gróðalind Norðmanna um langt skeið. Þeir hafa ekki hugsað svo, að bezt væri að geyma auðæfin í þeim tilgangi, að enginn næði í þau. Þeir hafa ekki lagt á sig þau meinlæti að snerta ekki á því að veiða hvalinn. En sú hugsun kemur fram hjá andstæðingum frv., að ekki beri að snerta gullnámuna, af því þeir eru hræddir við, að einhverjir kunni að koma og taka einhvern hluta af henni.

Þetta minnir mig á þann kotungsrig og þá hreppapólitík, sem of mikið hefir verið af í okkar þjóðfélagi. Náttúrlega er auðvelt að hóa saman mótmælafundum, þegar svona er ástatt, en ef flytja á út kældan fisk, veiddan á smábátum, þá koma áreiðanlega áskoranir hvaðanæva um afnám bannsins, áskoranir, sem nægja til að opna augu þeirra, sem nú eru á móti málinu.

Hv. þm. Dal. harmaði það, hver herferð væri hafin gegn kolanum og lífi hans, ef þetta yrði lög. Ég veit ekki, hver hermaður hv. þm. Dal. er, en ég veit, að ísl. sjómenn eru svo blóðþyrstir, að þeir munu ekki harma lát kolans, og ef hv. þm. Dal. þekkti málið, myndi hann ekki gera það heldur.

Ég er viss um, að lögin yrðu til gleði mörgum sjómönnum, sem ætla að brjótast áfram á smærri skipum, ef þetta yrði samþ., en það lítur út fyrir sem fyrr, að ennþá sé ekki hægt að opna augu hv. þm. fyrir þessu þjóðþrifamáli. En fullviss er ég þess, að eigi verður þess langt að bíða, að augu manna opnist og þeir sjái, að með þessu banni sé búið að hafa af landsmönnum geysimikil auðæfi og að við séum máske orðnir of seinir til þess að opna landhelgina fyrir dragnótaveiðum.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni, en ég vona, að hv. þdm. líti ekki á þetta mál frá sjónarmiði þröngsýninnar, heldur frá því sjónarmiði, er til heilla horfir þjóðinni. En þjóðnytjamál má það kalla að rýmka um þau bönn, sem nú hvíla á þjóðvorri hvað dragnótaveiðar snertir.

Pétur Ottesen: Ég get ekki fallizt á, að það sé hægt að neinu leyti að bera saman samþykktir þær, sem gerðar voru fyrrum við Faxaflóa um takmörkun á notkun þorskaneta og lína o. s. frv., og þær samþykktir, sem gerðar hafa verið um bann gegn notkun dragnóta í landhelgi. Slíkur samanburður nær ekki nokkurri átt, þar sem dragnætur eru náskyldar botnvörpum, sem drepa ungviðið jafnt nytjafiskinum; en það er ekki hægt að segja nema að örlitlu leyti um línu, og alls ekki um þorskanet.

Það vita allir, sem kunnugir eru þessum málum, að þessu er þannig varið með dragnæturnar eins og aðrar botnvörpur, sem stærri eru, að þær drepa ungviðið jafnt sem fullorðna fiskinn. — Þó að hv. flm. geri ráð fyrir því í frv., að möskvastærðin verði aukin að einhverju leyti frá því, sem nú er, þá verða næturnar aldrei hafðar þannig, að öll smásílin komist út um möskvana. Þau fara í eina þvögu og drepast á leiðinni, meðan verið er að draga næturnar upp í bátana. Þegar upp í bátinn er komið, er engin leið að bjarga þeim lifandi út aftur.

Bann gegn dragnótaveiðum er því algerlega ósambærilegt við þær samþykktir, sem fyrr meir voru gerðar við Faxaflóa um notkun veiðarfæra.

En dragnótaveiðamálið hefir fleiri hliðar en þessa einu. Það hefir verið bent á það af ýmsum hv. þm., að við mættum minnast þess, að við höfum veitt þjóð, sem er 30 sinnum stærri en Íslendingar og 30 sinnum auðugri, jafnan rétt á við okkur sjálfa til atvinnurekstrar hér, — bæði á landi og í landhelginni. Mönnum mun og kunnugt, að þessi þjóð, Danir, eru upphafsmenn að dragnótaveiðum og hafa því mikla leikni og æfingu í að nota þetta veiðarfæri, enda hafa þeir stundað slíkar veiðar um nokkurt skeið

á sínum fiskimiðum. Stöndum við því verr að vígi en þeir hvað þessar veiðar snertir. Að vísu geta Íslendingar tileinkað sér kunnáttu þeirra í þessu efni og hafa þegar nokkuð reynt þessa veiðiaðferð, en Danir hljóta að hafa þar nokkra yfirburði fyrst í stað.

Hv. þm. N.-Þ. hefir upplýst það hér, og hefir því ekki verið á móti mælt, að á fiskimiðum við Danmörku og í Norðursjó, þar sem dragnótaveiði hefir mjög verið stunduð nú um skeið, sé flatfiskurinn nú mjög að ganga til þurrðar. Hafa Danir því ekki aðstöðu til þess að ausa honum upp í svo ríkum mæli sem áður. Skaðsemi dragnótaveiðanna og upprætting flatfiskjar af þeim völdum er þegar komin greinilega í ljós. En þeir hafa mikinn útbúnað til þessara veiða og bezta kunnáttu á þessum veiðiaðferðum. Megum við því vera þess albúnir, að Danir, sem nú færast mjög í aukana hvað fiskiveiðar snertir, muni sækja hingað til þess að stunda dragnótaveiðar í stórum stíl, og að flatfiskur og annar botnfiskur muni þá mjög ganga til þurrðar hér, eins og raun ber vitni um, að orðið er við strendur Danmerkur og í Norðursjó, þar sem þetta veiðarfæri hefir verið notað. Það er öllum kunnugt, að landbúnaður Dana hefir beðið mikið afhroð sökum verkfalls á framleiðsluvörum þeirra. Verða þeir því knúðir til þess að leita sér annara atvinnuvega að meira eða minna leyti. Er því fullkomin ástæða til að álíta, að þeir muni kosta kapps um að nota sér þann rétt, sem þeir eiga ennþá hér á landi, en sem þeir eiga skamman tíma eftir að njóta, sem betur fer. En því betur munu þeir nú hyggja á að nota sér hann þennan tíma.

Þess vegna álít ég, að fullkomin ástæða sé til þess, að löggjöfin um þessi efni sé sniðin eins og núgildandi lög eru sniðin, með það fyrir augum að verja okkur fyrir því, að Danir noti hér meira en góðu hófi gegnir þetta skaðlega veiðarfæri. Ég álít, að fullkomin ástæða sé til þess að hafa slíka löggjöf nú, og ef til vill enn brýnni nauðsyn nú en áður til þess að tryggja það, að Danir, með Færeyinga í eftirdragi, geri hér ekki usla með þessum veiðiaðferðum, og þá vitanlega flýti fyrir því, að sama niðurstaðan verði hér hjá okkur og hjá þeim, að kolaveiðarnar gangi til þurrðar og verði þannig til engra nota, nema kolinn verði friðaður að nýju.

Þá kem ég að þriðja atriðinu, sem ég vil minnast á í sambandi við þetta mál, og er það atriði engan veginn ómerkast. Frá því að botnvörpuveiðar hófust hér við land, hafa jafnan verið uppi kröfur um að færa út og rýmka landhelgina, svo sem hv. þm. N.-Þ. benti greinilega á í sambandi við þetta mál. Er fullkomin ástæða til að minnast þessa nú, þegar verið er að fara fram á, að slakað sé til í þessu efni hvað friðun landhelginnar snertir — minnast þess, að við höfum jafnan verið að gera allt okkar ýtrasta til að rýmka landhelgina og friða hana.

Nú er því svo varið, að við eigum undir þær þjóðir að sækja um rýmkun landhelginnar, sem vel eru kunnugar þeim afleiðingum, sem dragnótaveiðar hafa haft. Ég býst fastlega við, að þeim mundi koma það undarlega fyrir sjónir, að við, sem krefjumst þess, að landhelgin sé rýmkuð, skulum samtímis slaka á þeirri löggjöf, er nú veitir okkur vernd gegn dragnótaveiðum í landhelgi, veiðum, er hafa orðið til þess að uppræta kola og annan botnfisk að mestu leyti þar, sem þær hafa verið stundaðar annarsstaðar.

Ég vil fastlega mælast til þess, að hv. þdm. athugi það vel við afgreiðslu þessa máls, að rýmkun landhelginnar er stórt mál og mikilsvert fyrir okkur Íslendinga, mál, sem við verðum að leggja fram okkar ýtrustu krafta til að koma í framkvæmd, og að við megum ekki tefla út úr höndum okkar neinum sönnunargögnum, er megi verða því máli til stuðnings og framdráttar.

En ef frv. þetta yrði samþ., þá býst ég við, að erlendar þjóðir mundu álíta, að minni nauðsyn væri fyrir okkur að fá landhelgina rýmkaða en við viljum vera láta. Það er ekki hvað sízt vegna þessa atriðis, að ég býst ekki við, að ég ljái frv. þessu fylgi. Þótt ég viðurkenni, að meðan verið væri að uppræta kolann, þá gæti okkur Íslendingum fallið nokkuð í skaut fram yfir það, sem nú er, þá álít ég þó hitt miklu meira virði, að við gæt-

um jafnan haft hreinan skjöld í krófum okkar um rýmkun landhelginnar. Sá hagur, er við mundum hafa af því, að frv. þetta væri samþ., kæmist aldrei í námunda við þann skaða, sem við mundum hljóta, ef samþykkt þessa frv. gæti tafið fyrir hinu mikla máli: rýmkun landhelginnar.

Benedikt Sveinsson: Miklar umr. hafa dunið yfir síðan ég talaði síðast, og hefir hinn málsnari þm. Ísaf. reynt að verja sitt mál, en það verð ég að segja, að ekki hefir honum í annað sinn tekizt það lakar.

Hv. þm. byrjaði á því að áfellast mig fyrir það, að ég hefði ekki fært rök fyrir þeirri fullyrðingu, að fiskimenn víðsvegar um land óskuðu eftir því, að frv. þetta næði ekki fram að ganga. Ég get auðvitað ekki sagt, að ég hafi yfirlýsingar frá öllum fiskimönnum á Íslandi, en ég hefi yfirlýsingar margra fjölmennra funda víðsvegar af landinu. Hv. þm. Ísaf. getur aftur á móti ekki bent á fylgi neinna funda við frv. sitt, nema fundar þess í Keflavík, er ég benti honum á, auk ummæla fiskiþingsins um 8. gr. l. Þetta er sýnishorn af röksemdafærslu hv. flm. Hefir hann óþægileg endaskipti á hlutunum, er hann bregður mér um röksemdaþrot í þessu máli, því að sönnunarskyldan hvílir á honum, að sanna það, er hann segir í grg. frv. síns, að fjöldi manna óski nýbreytinga á lögunum í umrædda átt, en hefir svo ekki fyrir sig að bera svo mikið sem þrjátíu hræður í öllu landinu.

Þá minntist hv. þm. á fundinn á Norðfirði. Ekki getur hv. þm. átt við þær raddir í grg. sinni fyrir frv., því að þær komu ekki fram fyrr en eftir að frv. hafði verið útbýtt, svo að ekki er það nein sönnun fyrir ummælum hv. þm. Og þó að Austfirðingar þessir sjái sér einhvern hag í því, að frv. verði samþ., birtist þó í tillögu þeirra eigi alllítill geigur við það, því að þeir komast þannig að orði:

„Vill fundurinn benda hinu háa Alþingi á, **að varhugavert sé að opna landhelgina fyrir stærri skipum, ekki sízt þar sem sambandsþjóð vor hefir mikinn og fullkominn útbúnað til slíkra veiða**".

Þá er fundurinn og mótfallinn því, að 8. gr. sé felld niður, og segir svo: „Ennfremur samþykkir fundurinn, að 8. gr. l. nr. 55 frá 7. maí 1928 sé ekki felld úr gildi".

Í þessa fundargerð er hv. flm. að vísa til sönnunar um fylgi frv. síns meðal þjóðarinnar. Ég býst nú við, að flestum muni þykja þetta allmögur meðmæli með því að opna landhelgina fyrir öðrum þjóðum og afnema 8. gr.

Þá vildi hv. flm. gera lítið úr samþykktum Skagfirðinga um þetta mál. Var líkast því, að hv. flm. vildi ætla, að skoðanir þeirra væru eingöngu byggðar á einu símskeyti frá mér til sýslumanns, og að þeir hefðu aldrei heyrt dragnótaveiðar nefndar á nafn fyrr. En hv. flm. gleymir því, að símí liggur héðan og norður í Skagafjörð og að daglega berast skeytasendingar á milli. Og þá er margir menn safnast saman á fundi norður í Skagafirði, þá láta menn sér varla nægja stutt skeyti frá mér til fullnaðarþekkingar um mikilvæg þingmál, þótt það sé hvorttveggja á íslenzka tungu og á latínu, og þó að ég sé mönnum að góðu kunnur þar sem annarsstaðar á landinu. En Skagfirðingar hafa reynslu í þessu máli. Þeir hafa ekki ennþá gleymt því, hvernig skipin upprættu kolann í Skagafirði með dragnótum, áður en bannið gegn þeim var sett. Ég held, að fáir gangi þess duldir, að Danir hafa mikinn viðbúnað til þess að efla fiskiveiðar sínar við Grænland. Færeyingar hafa sótt þangað undanfarin sumur á nær því tveim hundruðum skipa, og stunda þeir árl. veiðar hér við land áður þeir fari til Grænlands og síðan er þeir koma þaðan aftur. Það væri því mjög hentugt fyrir þá að stunda dragnótaveiðar hér við land þann tíma, sem þeir eru eigi við veiðiskap við Grænland.

Eins og ég sagði áður, er nú mikill áhugi í Danmörku fyrir Norðurhafsveiðum. Í febr. síðastl. stofnuðu Danir banka með 25 millj. kr. höfuðstól, til þess að efla og styðja fiskiveiðar sínar á norðurvegum. Útlánsvextir bankans eru 4½%. Held ég, að þessi banki standi Útvegsbanka vorum fullkomlega á sporði, — eða treystir hv. 3. þm. Reykv. sér til þess að keppa við hann? Getur Útvegs-

bankinn látið hérlendum mönnum sömu kjör í té? Annað heyrðist mér á Vestmannaeyingum, sem ekkert höfðu fengið lánað þaðan til útvegs síns frá nýári og allt til þess, er þm. þeirra kom til þings um miðjan febrúarmánuð. Nei, við verðum að ræða um mál þetta í alvöru og reyna að skilja orsakasambandið milli hlutanna. Hér er um að ræða vaxandi útveg hjá þjóð, sem kalla mætti stóra veiðiþjóð í samanburði við oss, þar sem hún hefir margfalt meira auðmagn og meiri kunnáttu og leikni í að fara með þau veiðitæki, er þarf til dragnótaveiða, heldur en vér.

Hvað Grænlandi viðvíkur, þá vil ég benda á það, að afli hefir verið þar mjög stopull og miklu óvissara að stunda þar veiðar heldur en við Ísland. Því var haldið fram til skamms tíma, að enginn fiskur væri við Grænland til neinna drátta, en eftir að Norðmenn og Englendingar fóru að veiða þar, kom í ljós, að stundum er þar mjög mikil veiði. Ganga þá stórar fiskitorfur á vissum aldri. En svo koma ár, að enginn fiskur sést á sveimi, er fæðzt hafi upp sum árabil. Virðast klakskilyrði því vera þar mjög stopul, og af því leiðir, að jafnan má búast við, að veiði bregðist þar um viss tímabil. Og þegar Danir hafa komið sér upp miklum skipastól og rammauknum banka, sem lánar út með beztu kjörum, og eru teknir að stunda þessar veiðar af kappi, er gefið mál, að þeir verða að fara á næsta stað, ef veiði bregzt við Grænland, — og það er Ísland. Fyrir **hominem sapientem** er það því augljóst, að samband er milli þessara hluta. Þetta veit ég og, að sýslumaður þeirra Skagfirðinga hefir skilið. Að hann hafi farið að hengja upp á vegg þetta skeyti, sem ég sendi honum, þykir mér allskáldskaparkennt, þó að ég hinsvegar vilji ekki rengja hv. þm. Ísaf. (HG: Ég sagði það nú reyndar ekki, heldur að sýslumaðurinn hefði látið þá skýringu fylgja fundarboðinu, að Danir ætluðu að fara að sölsa Ísland undir sig). Þetta atriði skiptir ekki heldur neinu meginmáli, heldur hitt, að hér er um enga hendingu að ræða, en þvert á móti fasta viðburðaröð, því að Danir hafa nú hafið rammaukinn viðbúnað til þess að hagnýta sér sem bezt þessar veiðar hér á norðurvegum.

Þá var hv. þm. Ísaf. að áfellast mig fyrir það, að ég vantreysti Íslendingum til þess að læra dragnótaveiðar, svo sem Danir kynnu með þær veiðar að fara. Sagði ég ekkert í þessa átt, enda geng ég þess ódulinn, að ef Íslendingar fara á annað borð að stunda þessar veiðar, muni þeim fljótlega lærast þær og þeir verða jafnhlutgengir öðrum þjóðum við þær athafnir. En því er ekki til að dreifa eins og stendur.

Ég sé, að sá tími, sem hæstv. forseti ætlaði mér, er liðinn, og mun ég því láta hér hlé á ræðu minni, og vænti ég þess jafnframt, að hæstv. forseti gefi mér færi síðar til þess að ljúka máli mínu, en það þarf ekki mín vegna að verða fyrr en upp úr sumarmálum. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Nd., 8. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Benedikt Sveinsson [frh.]: Þar mun máli mínu hafa verið komið í gær, að ég var að sýna, að í raun og veru hefðu engar óskir komið frá landsmönnum í þá átt, að farið væri fram á rýmkun á leyfi til dragnótaveiða, nema frá nokkrum mönnum í aðeins einum hreppi, Keflavíkurhreppi. Aðrar óskir í þessu efni hafa ekki legið hér fyrir, þegar þetta mál hefir verið fyrir deildinni.

Hv. flm. hélt því fram, að fjarstæða væri að telja samband milli þess að leyfa dragnótaveiði innan landhelgilínunnar og þess að friða Faxaflóa. En það að friða Faxaflóa, er ekki einungis mál, sem varðar Íslendinga sjálfa, heldur einnig Englendinga og fleiri þjóðir, svo sem ég vitnaði til í ræðu minni í gær. Það hefir komið fram fyrir skemmstu í ensku blaði, sem heitir „Fishing News“ og er gefið út í Aberdeen, að nauðsyn væri að friða flóa við Ísland, einkanlega Breiðafjörð, vegna þess, hversu **heilagfiski** hefði gengið til þurrðar umhverfis landið síðustu áratugi. Ég skil ekki annað en að jafngáfaður maður og hv. flm. sjái, að samband er á milli þessara tveggja atriða. Til hvers væri að friða fiskinn

á Faxaflóa eða Breiðafirði fyrir botnvörpuskipum, ef svo ætti að leyfa að drepa kola og annan flatfisk á sömu slóðum, og meira að segja innan landhelgi, með áþekkum veiðarfærum? — Þetta er svo augljóst, að hver maður hlýtur að skilja það, og þar sem hv. þm. Borgf. lýsti þessu með svo skörpum orðum og ljósum rökum í gær, þá þarf ég ekki að hafa lengra mál um það. Væri það nokkuð undarlegt, ef Englendingar vildu fleygja frá sér þeim rétti, sem þeir hafa að alþjóðalögum til að veiða fisk á fjörðum þessum utan landhelgi, jafnframt því, sem Íslendingum og tveimur eða þremur öðrum þjóðum væri leyfilegt að skarka að vild sinni með veiðnustu morðtækjum innan landhelgilínunnar.

Hv. þm. hneykslaðist á því, að ég sagði, að þjóðirnar mundu skipa sér niður á miðin eftir því, hverja veiði þær stunduðu, en þetta er þó einmitt það, sem þær gera. Um Dani er það kunnugt, að þeir eru sérstakir snillingar að veiða kola á sandi og leirum í fjarðarbotnum. — Færeyingar stunda mest færafiski á grunnmiðum, utan og innan landhelgi. Íslendingum finnst það ekki borga sig lengur að fást við víkurveiðar með nót eða færi, þó að þeir hafi reynt það, en telja sér betra og gróðavænlegra að sækja á djúpmiðin. Hví skyldu þessar þjóðir ekki raða sér á miðin eftir því, sem þær álíta sér bezt og hagfelldast? — Það liggur í hlutarins eðli, að þær gera það.

Hv. flm. kannaðist við, að útlendingar — það er að segja Danir og Færeyingar — stæðu hér betur að vígi en Íslendingar, af því að þeir þyrftu ekki að greiða útflutningsgjald af afla sínum, en Íslendingar verða aftur að greiða mikið fé í útflutningsgjald, jafnt þótt þeir séu ekki að veiðum innan landhelgi. — Þetta er mikill aðstöðumunur, og þar að auki eru öll önnur gjöld, sem hvíla á útvegi Íslendinga, en koma ekki niður á þeim erlendu mönnum, sem hér hafa verið að veiðum að undanförnu. Nýlega kom í dönsku blaði hrottaleg skammagrein til Íslendinga út af því, að kolaveiðari, sem kom hér inn á höfn, hefði orðið að greiða eitthvað 140 kr. í ýmisleg gjöld. Þar var sagt, að þetta sýndi yfirgang og frekju Íslendinga. —

Hv. flm. sagði, að Danir þyrftu að setja hér á landi stöðvar, því að þá fengju Íslendingar útflutningsgjald af þeim kola, sem þeir veiddu. — Já, auðvitað mundum vér fá útflutningsgjald, en það mundi verða til þess, að kolinn yrði algerlega upprættur hér, ef Danir færu að setja hér fastastöðvar í landi til kolaveiða í landhelgi. — Megum vér sízt fara að kjassa útlendinga til þess að setja upp stöðvar hér í landi voru til að uppræta fiskinn innan landhelginnar.

Hv. flm. og þeir fáu, sem fylgja honum að málum, halda, að hér sé verið að taka hlunnindi frá Íslendingum, sem séu rétt við bæjardyrnar, eins og þeir orða það. En ef þetta er rétt við bæjardyrnar, þá er með þessu verið að hleypa útlendingum heim að bæjardyrum til að taka veiðina þar, beinlínis verið að bjóða þeim heim í hlaðvarpann til fanga. —

Því verður eigi með sanni neitað, að hérlendir menn hafa til þessa haft hlunnindi af kolaveiði heima við bæjarvegginn, því að kauptúnin hafa hagnað af þessari veiði til matar og jafnvel til sölu. Í Hafnarfirði hefir það lengi verið mikið bjargræði fátækum mönnum að veiða þar kola í soðið. Sama er að segja um fleiri staði, t. d. Húsavík, Þórshöfn og Vopnafjörð. Þetta er allt eyðilagt, ef nú á að fara að „trolla upp við kálgarð" hjá landsbúum, eins og þeir orða það „ömmufrændur" við Faxaflóa.

Hv. flm. hélt einnig fram, að engin ástæða væri að óttast, að kolinn gengi til þurrðar innan landhelgi eða utan. En það hlýtur að vera öllum ljóst, þ. á m. hv. flm., að ef kolinn á hvergi griðastað, utan eða innan landhelgi, þá verður honum erfitt uppdráttar. Að uppvöxtur hans verði meiri, ef vér hleypum inn í landhelgina til viðbótar tveimur öðrum veiðiþjóðum til að veiða þar með þessum liðlegu og ódýru, en þó fengsælu veiðitækjum, það er mér hulinn leyndardómur, hvernig megi verða. En mér skildist það á hv. flm. og hv. 3. þm. Reykv., að það þyrfti að drepa kolann svo að um munaði til þess að fá mikinn kolastofn við landið! Annars hélt ég, að ekki væri svo mikið af kolanum enn hér

við land, að hann sé farinn að éta sig sjálfan, svo að þess vegna þyrfti að drepa hann sem snarast, svo að það stæði ekki kynstofni hans fyrir þrifum. (HG: Alveg laukrétt!). Já, það er allt rétt, sem ég hefi sagt um þetta.

Þá vil ég lítið eitt snúa máli mínu til hv. 3. þm. Reykv. Hann hefir nú sem oft áður talað um þetta mál og hefir nú sem fyrr haldið þennan gamla fyrirlestur, hvað þröngsýnir og bölsýnir Íslendingar hafi verið gegn öllum hagsmunamálum og með meinbægni gegn öllum, og að þeir vildu ekki unna öðrum gagns af því, sem þeir gætu ekki hagnýtt sér sjálfir. Mig undrar það, að hann skuli enn vera hér að flytja þessar gömlu kenningar sínar. Hann er nú að vísu farinn að sleppa nokkrum kafla úr þessari ræðu sinni, og vona ég, að þetta verði í síðasta sinn, sem hann flytur hér í deildinni nokkuð af því gamla og úrelta hjali. Eins og nokkur neiti því, að hér sem annarsstaðar hafi sumar ráðstafanir verið gerðar af fáfræði og að vér eigum ekki að leggja niður alla hagnýtingu, þó að henni hafi einhverntíma verið misbeitt! Hér sannast hið fornkveðna, að sá, sem sannar of mikið, hann sannar ekki neitt. Hér er ekki verið að setja skorður við því, að vér megum veiða með lóðum og netjum eins og gert hefir verið áður, heldur er hér að ræða um veiðarfæri, sem útlendingar einir nota, mestmegnis, til ómetanlegs tjóns landsmönnum.

Hv. þm. var að segja nokkra drætti úr æfisögu þorsksins og sagði, að þegar hann kæmi inn fyrir Garðskaga, þá gerði hann mönnum stundum þann óleik að leggja krók á hala sinn og halda vestur í Jökuldjúp. Ég er ekki svo kunnugur hugarfari þorsksins, að ég viti til, að hann hugsi réttara en hvert annað dýr. Ég gæti fremur hugsað, að hann samkv. eðli sínu væri að elta eitthvert æti, t. d. loðnu. Kolinn er aftur á móti miklu hægferðugri. Hann liggur við botninn og „gengur eftir skipulagsbundnari áætlunum", svo að ég tali reglulegt menntamál. En svo að ég sleppi nú þessum kenningum, þá þótti mér einkennilegt, hverja tröllatrú þessi góði þm. hefir á því, að þessar kolaveiðar verði nú helzta bjargræði Íslendinga út úr þessu svartsýnisöngþveiti, sem enginn sjái nú út yfir. Þessi opnun landhelgi fyrir dragnótaveiði á nú að verða bjargvættur Íslendinga. — Hann segir, að afkoma þjóðarinnar velti mjög á því, hvernig þessu frv. verður tekið. Hann segir, að stórmikil auðæfi séu af landsmönnum höfð með því að leggja hömlur á veiðina. En hvað er langt síðan það var gert? Það eru þrjú ár. Íslendingar hafa því haft tímann frá upphafi Íslandsbyggðar og fram á mitt sumar 1928 til þess að moka upp þessum dæmalausu auðæfum. En ég veit ekki til, að þeir hafi auðgazt svo mikið á því. Þeir hafa reynt þessa veiðiaðferð og það ekki svo lítið. En þeir hafa beðið af henni einbert tjón og guggnað. Þessi veiði hefir því ekki verið almennt notuð. Danir stunduðu þessa veiði aftur á móti um nokkurra ára skeið fyrir Vestfjörðum, en kolinn varð brátt upprættur og þá fór allt á hausinn. Og þetta er þá sá Kína-lífselixír, sem á að bjarga allri þjóðinni. Ef Íslendingar líta á þetta sem sitt eina bjargræði, þá má nærri geta, hver hagur þeirra verður.

Á þessum veiðum voru alls engin höft fyrr en 1923, þegar friðaður var Hafnaleir fyrir utan Skaga. Og þó að þetta litla svæði væri friðað, þá var samt eftir nóg svigrúm til að grípa þetta gull.

Þegar þessa er gætt, kemur það berlega fram, að þetta tal hv. þm. er ekkert nema draumórar út í loftið, — um þessa veiði sem mikilvægan þátt í atvinnulífi þjóðarinnar. Það er svo barnalegt, að ég er alveg hissa á því. Nei, hv. þm. er miklu óhættara að treysta sínum gamla kunningja, þorskinum, til þess að auðga og farsæla þessa þjóð.

Hv. þm. hefir oft talað um það, að óhæft væri, að útlendingar veiddu þennan verðmæta fisk hér við land án þess að Íslendingar tækju sjálfir þátt í þeirri veiði. Íslendingar veiða mikið utan landhelgi. En hvers vegna veiða þeir þá ekki eins innan landhelgi þennan dýra fisk, meðan það er heimilt að lögum? Því hefir verið svarað áður. Það er af því, að þeir standa öðrum framar við þorskveiði, en standa öðrum að baki við kolaveiði. Og hvers vegna? Af því að þeim þykir þorskveiðin borga sig

betur. Það má nærri geta, hvort Íslendingar mundu ekki kosta kapps um að veiða kolann, ef þeir héldu, að sú veiði borgaði sig betur. Ég hefði gaman af að fá skýringu á þessu hjá hv. þm.

Út af Berufirði og Reyðarfirði eru kolamið, sem heita „út af Hvítingunum". Liggja þau utan landhelgi. Englendingar sópa mið þessi á hverju hausti, með ágætum árangri, en þar sést enginn Íslendingur, ekki einn einasti. Má af þessu ráða, að þeir séu ekki jafnáfjáðir í þessa veiði og Englendingar, og þó eru þeir þarna jafnvígir Englendingum. Þeir mundu því áreiðanlega leggja stund á þá veiði, ef þeim þætti hún borga sig.

Ég man ekki, hvort ég tók það fram í gær, en ég skal þá geta þess nú, að einn af mestu veiðimönnum hér við land, sem hefir veitt með allskonar veiðitækjum, hefir sagt mér, að af öllum veiðitækjum væri vandfarnast með dragnót, — það kostaði mesta nákvæmni og mesta þekkingu á réttum aðferðum, miklu fremur en botnvarpa, lagnet og reknet. Hv. þm. vilja nú, að leyfi til að veiða með dragnót sé rýmkað og svo þjóti Íslendingar til og hjálpi útlendingum um að uppræta allan kola úr landhelginni. En það kemur aldrei til þessa. Íslendingar kunna ekki vel að fara með dragnót, og útlendingar hefðu því upprætt allan kola, áður en Íslendingar gætu náð í nokkuð til drátta af honum. Reynslan sjálf segir þetta. Svona var það fyrir Vestfjörðum, og svona var það úti fyrir Aðalvík. Á þessum tveimur miðum hefir kolinn verið svo upp urinn, að þar er ekki nokkur skepna eftir, og svona verður það alstaðar, ef svo mikið á að stunda þessa veiði sem hv. þm. vill.

Hv. þm. sagði í öðru orðinu, að Íslendingar gætu veitt kolann móts við aðrar þjóðir alveg eins og þorskinn. Hversvegna gera þeir það þá ekki? Svo sagði hann, að oss vantaði skipaflota. Það getur verið, að oss vanti hann einmitt til þessara hluta. Ætli vér yrðum ekki nokkuð aftarlega í kolaveiðinni, þar sem útlendingar, sem kunna þessa veiði til fullnustu, bíða nú eftir löggjöf um, að þeim skuli verða hleypt í landhelgina, en þá verðum vér, sem kunnum þessa veiði miklu miður, að fara að kría út lán til að smíða skip. Sér hv. þm. ekki, að þetta nær engri átt?

Það er rangt, sem hv. þm. sagði, að Íslendinga vantaði manntak í þessu efni. Þeir hafa þekkt kolann eins og annan fisk og hagnýtt sér hann eftir því sem þeim hefir þótt gagnlegt. Það er ekki fyrir manntaksleysi, að menn hafa ekki tekið upp á að rífa bæði hann og smálúðu úr landhelginni. Þeir hafa séð og skilið, að það gengur ekki til lengdar að drepa ungfiskinn innan landhelgilínunnar svo mikið sem mögulegt er.

Hv. þm. sagði, að það væri of seint að fara að veiða kolann nú, því að Englendingar hefðu að mestu lokið við hann. Þetta rekur sig ónotalega á það, sem hann sagði áður, að engin hætta væri á, að kolinn gengi til þurrðar. Það getur tæplega verið, að þessi þriggja ára friðun hafi alveg upprætt hann, eins og ætti að vera eftir rökum þessa hv. þm.

Hv. þm. sagði, að sjómenn ættu að vera blóðþyrstir við fiskinn. Eiga menn þá ekki að vera líka blóðþyrstir við laxinn í ánum? Eiga menn þá ekki að fara með einhverja dragnót í árnar og skafa upp það, sem þar er til af þessum dýra fiski? Hann verður annars kannske ellidauður! Það getur verið, að einhver Englendingur nái í hann, ef hann nær að ganga til sjávar! — Nei, mönnum hefir fundizt réttara að hafa þennan dýra fisk friðaðan nema þrjá mánuði á ári. En hv. þm. er svo grimmur orðinn, að hann vill ekkert nema „drepa, drepa".

Þá minntist hv. þm. á hvalveiðina og Norðmenn. Hann sagði, að það væri hart, að Íslendingar hefðu látið þau auðæfi ganga úr greipum sér. Það, sem aftraði Íslendingum frá þeirri veiði á 19. öld, var aðeins fátækt og kunnáttuleysi. En þó að hvalveiði sé jafnmikil nú sem áður, þá er það engin sönnun þess, að hvalurinn gangi ekki til þurrðar, heldur eru þá aðeins leituð upp ný veiðimið, þegar önnur þrotna. En þá fer svo, að eftir stuttan tíma verða allir hvalir drepnir, nema friðun verði sett.

Það mun vera svo í þessu máli sem öðrum, að reynslan er ólygnust. Ég held, að menn, sem aldir eru upp við

sjó frá barnsaldri og eru nú komnir á efri ár, hafi eins vel vit á þessu eins og þessir útlærðu sérfræðingar, sem einir þykjast hafa vit á öllu, þó að þeir hafi aldrei kynnzt dýrarikinu sjálfu nema af bókum.

Ég hefi hér stutta greinargerð um kolaveiði í Þistilfirði, hvernig henni hefir verið hagað og hvernig þeim málum er komið nú. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa þessa grg. upp:

„Fyrir einum mannsaldri voru allir firðir hér fullir af smálúðu, ýsu og fleiri fiskitegundum. Höfðu bændur með ströndum fram mjög mikla björg af því að leggja lóðarspotta í fjörðuna og veiða lúðu og fleiri fiska í soðið handa sér og nágrönnum sínum.

Um 1890 komu svo enskir togarar og sópuðu svo fjarðarbotnana, að engu kvikindi var þar vært. Á stríðsárunum hurfu togararnir og ungviðið fór aftur að þróast í næði í landhelginni og menn fóru aftur að stunda lóðaveiði á fjörðum inni með góðum árangri, svo yfir smáhafnirnar varð gnægð af smálúðu til soðningar þeim, sem við sjóinn bjuggu.

Vegna aukinna landhelgisvarna hafa togararnir ekki gert skaða þessi seinustu ár, en aftur er kominn annar ófögnuður í staðinn; það eru dragnótaskipin, og hafa þau svo rækilega sópað landhelgina, að lúða sést nú ekki, og varla fæst í soðið af öðrum fiski, nema sækja það á haf út.

Er þetta vitaskuld afarmikið tjón fyrir þá, sem við sjóinn búa, að geta ekki fengið soðningu nema með ærnum tilkostnaði, og frá fjárhagslegu sjónarmiði alveg ófært, að sú mikla uppeldisstöð, landhelgin, skuli þannig eyðilögð af útlendingum.

Á almennum sveitarfundum í Sauðanes- og Svalbarðshreppi hefir verið skorað á hreppsnefndirnar að beitast fyrir því, að fá landhelgina friðaða fyrir þessari veiðiaðferð.

Vér leyfum oss því hér með að snúa oss til hins háa atvinnumálaráðuneytis og óskum og krefjumst þess, að ráðuneytið banni algerlega dragnótaveiði í landhelgi þessara hreppa, samkv. 8. gr. laga nr. 55 frá 7. maí 1928 um dragnótaveiði".

Þetta bréf er ritað síðastl. haust og er undirritað af oddvitum þessara hreppa. Þeir eru aldir upp við Þistilfjörð og þessu máli gagnkunnugir, og því rétt að líta á, hvað þeir telja að rétt sé í þessum efnum.

Ég get svo látið útrætt um þetta mál, enda mæla þingsköp svo fyrir, að hver þm. tali eigi oftar en tvisvar sinnum. Ég er ekki hræddur um, þó að aðrir standi upp og tali af sinni miklu þekkingu á málinu, að þeir fái snúið nokkrum manni á sína sveif í þessu efni.

Jón Ólafsson [óyfirl]: Það er ekki gaman að eiga við slíkar röksemdir og ræðuhöld, sem hv. þm. N.-Þ. hefir flutt hér um tíma. Að mínum dómi kemur þar fram sama hugsunin og hjá karlinum hér í Vesturbænum, þegar átti að fara að gera höfnina hér í Reykjavík. Þá var það, að taka átti klett, sem guð hafði sett í fjöruna og látið standa þar frá ómunatíð. Og hann var svo afturhaldssamur karlinn, að hann áleit, að ekki gæti komið til mála að róta við þeim steini, sem guð hafði látið standa þarna svona lengi. Hann kvaddi heiminn með þeirri hugsun, karltuskan, að guð mundi vissulega í hefndarskyni láta rigna eldi og brennisteini yfir þennan bæ. Slíkar hugsanir sem þessar er ómögulegt að hafa orð um. Þær fordæma sig sjálfar.

Þá talaði hv. þm. um, að við hefðum einusinni veitt kola við bryggjurnar hér. Og skildist mér jafnvel á honum, sem hann væri hlynntur því, að við hyrfum aftur að því ráði.

Við lifðum einu sinni því auma þjóðlífi, að ekki voru aðrar leiðir til að afla fiskjar en að fara með háf eða poka með gjörð hér niður á bryggjur eða klappir. Við höfum nú bundið þá bagga, að við getum ekki snúið aftur til svo frumstæðra aðferða sem þessara. Við lifum sem betur fer ekki svo aumu lífi nú, að við förum að stunda atvinnu, sem ekki gefur okkur að éta.

Ég hefði viljað, að hv. þm. hefði tekið betur eftir orðum mínum í gær. Við Íslendingar höfum ekki nema 10% af veiddum fiski hér við land á móti Englendingum, og höfum því heldur ekki meira en 10% af veiddum kola.

Þessi hv. þm. og þm. Borgf. töluðu með lítilsvirðingu um íslenzka sjómenn, og að þeir gætu ekki lært að fara með „snurrevaad". Sögðu þeir, að Íslendingar gætu ekki lært að fiska kola. Mér finnst, að þeim hefði verið nær að viðurkenna hinn mikla dugnað Íslendinga og hæfileika þeirra til að fara með öll möguleg veiðarfæri, og þá jafnframt að fiska allra manna mest með þeim.

Þessi óvirðing, sem þarna kom fram, er auðvitað með öllu ranglát og á við engin rök að styðjast, og það nær vitanlega engri átt að bera það fram í þessari hv. d., að sjómenn okkar geti ekki lært að fara með „snurrevaad", sem þó mun auðveldust allra veiðarfæra næst haldfærinu. Sérstaklega þegar þess er gætt, að okkar sjómenn eru taldir beztir og ötulastir fiskimenn á Norðurlöndum, og þó víðar væri leitað.

Ég meina, að hið eina, sem orðið gæti til þess að gera þátttökuna í kolaveiðunum almennari, sé það, að nota þá smábáta, sem við eigum, en fara ekki að ráðast í kaup á stærri skipum að svo stöddu, og flytja svo fiskinn ísaðan. Með þessu móti hygg ég, að við gætum aukið skarkolaveiðar okkar að miklum mun. Og ég býst ekki við, að hann hafi heldur neinar röksemdir á móti þessu.

Þá sagði hv. þm., að skarkoli hefði þekkzt hér lengi. Það má vel vera. En ekki held ég, að vert sé að gera mikið úr þeirri þekkingu, sem menn höfðu á honum áður en þeir fiskifræðingarnir Árni og Bjarni komu til. Má vera, að þm. kjósi sömu þekkingu á gildi skarkolans og meðferð, sem tíðkuð var um það leyti, sem ég kom hér fyrst til bæjarins. Þá höfðu Seltirningar það sem sé þannig, að þeir báru skarkolann á túnin hjá sér. Og viðvíkjandi vísindunum, þá finnst mér alldjarft af honum að slá því föstu, að þau hafi ekkert að segja í þessu máli. Við vitum það eingöngu fyrir atbeina vísindamanna, að skarkolinn er að ganga til þurrðar hér við land. Það ætti því að vera skylda okkar að raða okkur á hann, áður en útlendir menn, sem hafa betri skipakost, ljúka við að útrýma honum.

Mótstöðumenn þessa máls eru mjög hræddir við það, að Danir taki einhvern ofurlítinn skerf frá okkur jafnhliða því, sem við sjálfir veiðum, og virðist það vera eitur í þeirra beinum. Hér kemur sama hugsunin fram og hjá þeim mönnum, sem vilja banna öðrum að njóta þess, sem þeir af menningarleysi og athafnaleysi ekki geta aflað sér sjálfir. Þess vegna, þegar hv. þm er að tala um að geyma kolann, gengur hann alveg framhjá vísindunum og þeirri reynslu, sem menn hafa fengið eftir miklar tilraunir, og heldur sér við sína gömlu skoðun, er hann telur, að kolinn muni aukast eftir vissan árafjölda.. — (BSv: Ég sagði ekki árafjölda). Jú, ég held, að hv. þm. hafi verið að tala um árafjölda, en það skiptir nú ekki miklu máli. Hann talaði um, að kolinn væri að hverfa á Vestfjörðum. Allir fiskimenn vita, að fiskurinn er ekki alla tíð á sama stað, heldur hverfur hann einn góðan veðurdag af þessu miði og færir sig yfir á annað. Þeir vita, að fiskurinn er ekki staðbundinn inni á fjörðum allt árið.

Þá var hv. þm. að „citera" Englendinga, að þeir vildu friða Faxaflóa, vegna þess að smálúðan væri að ganga til þurrðar. Það koma alltaf fram raddir um þetta, — hjáróma raddir. Menn hafa haldið, að fiskurinn sé eins og nokkurskonar kálfur í fjósi innan landhelginnar. Eins og grasbítur, sem lifi eingöngu á því, sem er við botninn, og sé mjög staðbundinn innan landhelginnar. Þessi skoðun er að vísu mjög almenn. En þó þykir mér kynlegt, að hv. þm. N.-Þ skuli dirfast að halda henni fram í þessari hv. d., meðan verið er að ala upp vísindi, sem sanna hið gagnstæða. Og yfirleitt er það þessi frumstæða skoðun, að fiskurinn lifi eins og grasbítur við botninn, sem einkennir ræður hv. mótstöðumanna frv. Vísindin segja, að átan svífi í sjónum um allt, og mun því nú tæplega á móti mælt.

Hv. þm. var að spyrja, hvað ég ætti við, þegar ég væri að tala um afkomu þjóða og að bæta hag þeirra með fiskiveiðum og öðru slíku, sem tekjur gefur ærnar í ríkissjóð. Auðvitað get ég ekki gefið neitt heildaryfirlit yfir það, hve mikið það mundi bæta hag þjóðarinnar, að menn færu að stunda kolaveiðar al-

mennt. Hann getur kynnt sér, hve mikið við höfum grætt á kolaveiðum hingað til. Og ef við bættum við okkur 30—40% kolaveiði, þá myndi þetta gefa okkur margar millj. kr. tekjuauka og gera okkur hæfari til að standa undir byrðum þeim, sem þjóðfélagið leggur okkur á herðar. Og svona lauslega ályktað held ég, að við myndum brátt veiða helming alls kola, sem veiddur er hér við land, og þá er víst, að það myndi auka tekjur okkar stórum.

Hv. þm. N.-Þ. fór ómaklegum og óvirðulegum orðum um Fiskifélag Íslands og talaði mikið um, að því væri illa stjórnað. Það stendur nú ekki næst mér að fara að bera sakir af stjórn Fiskifélagsins, en ég kann alltaf illa við að bera sakir á fjarverandi menn, sem ekki hafa tækifæri til að bera hönd fyrir höfuð sér. En ég skal játa, að mér þykir félaginu vel stjórnað, þótt ekki sé forsetinn leiðitamur eða þægur við dutlunga ýmissa manna og héraða. Og hann mun ekki ljá þeim málum fylgi sitt, sem hann telur að ekki eigi samleið með hagsmunum þjóðarinnar í eðli sínu. Það er eitt mál, sem hann er ákveðinn á móti og hefir lengi verið, en það er að banna dragnótaveiðar á sumum tímum árs. Hann álítur, að þetta bann sé sprottið af einskærri þröngsýni, ef ekki öðru verra.

Í Keflavík hafa þeir, sem sektaðir hafa verið fyrir veiðar of nærri línu, tekið sig saman og hafið mótmæli. Upp af þessu hefir risið sú alda, að það sé ótækt að taka ekki þann fisk, sem berst svo að segja upp í landsteina hjá mönnum, sú alda, að héraðið hafi ekki efni á því að láta kolann sveima hjá ár eftir ár án þess að tilraun sé gerð til þess að hagnýta sér hann, en íbúarnir séu í þröng fjárhagslega. Þarna kom sú stoðin, er fyrst hneig undir þetta frv., og ég er ekki í vafa um, að fleiri koma á eftir. En kolaveiðarnar koma aldrei að verulegu gagni fyrr en linað er á lögunum um dragnótaveiðar í landhelgi, eða þau eru brotin á bak aftur af þeirri fyrirlitningu, sem allir eiga að fyllast gagnvart jafnranglátum lögum. Þannig var það um netalögin hér áður, að menn vildu heldur láta setja sig í fangelsi en halda slík lög, sem hefta mjög framtak manna og sjálfsbjargarviðleitni.

Að lokum vil ég geta þess, að ég hefði kunnað betur við, að hv. þm. hefði borið þessar sakir á stjórn Fiskifél. á þeim fundi, er hann sat á síðast.

Benedikt Sveinsson: Hv. 3. þm. Reykv. er ekki beinlínis minnisgóður, ef hann man það ekki, að það var ég, sem stóð einn uppi, er menn vildu leggja niður félagið í vetur. Þá var það ég, sem tvo daga samfleytt varpaði allþungum ásökunum á stjórnina. Því að vitanlega var það fyrir illa og óheppilega stjórn félagsins, að mönnum kom sú hugsun, að leggja bæri það niður. En það var sakir áhuga míns og trúar á nauðsyn slíkra félaga, sé þeim vel stjórnað, að ég barðist fyrir því, að félagið fengi að lifa og starfa áfram og þá jafnframt, að það fengi nýja og betri stjórn. Og ég vildi aðeins benda hv. þm. á það, að hafi hann verið á þessum fundum, þá er honum algerlega óþarft að núa mér því um nasir, að ég hafi ekki sýnt núv. stj. Fiskifélagsins fulla einurð, bæði nú í vetur og endranær.

Haraldur Guðmundsson: Þessar umr. eru þegar orðnar alllangar, og þar sem ég vildi heldur, að þeim lyki í dag, þá mun ég að þessu sinni verða mjög stuttorður.

Hv. þm. Dal. talaði í gær, eins og hans var von og vísa, af miklum mannkærleika. Hann talaði eins og göfuglyndur dýraverndari um, hve ljótt væri að ofsækja saklausan kolann og vildi ekki með nokkru móti láta ráðast á þann kola, sem innan er landhelginnar. Og þótti honum næsta nóg að taka þann kola, sem utan hennar var. Annars skal ég leiða þetta hjá mér. Hitt vil ég taka fram, að mér finnst hagkvæmt og sjálfsagt að láta kolann í friði um þann tíma, sem hann er að hrygna, og sömuleiðis, að möskvastærð nótanna sé ákveðin þannig, að ungviði sé ekki grandað, svo sem drepið er á í frv. og grg. þess.

Þá sagði hv. þm. eina undurfagra smásögu um göfuglyndan fátækan sjómann, sem hann hitti hér á einhverri rakarastofu. Sagði hann, að sjómaður-

inn hefði fyrst í stað verið því fylgjandi að lengja veiðitímann á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frv. En eftir að hann hafði heyrt röksemdir hv. þm. Dal., þá hafi hann gefið þessum hv. þm. leyfi til þess að greiða atkv. móti frv., til þess að forðast að „stórþjóðir"(!) eins og Danir og Færeyingar ginu yfir þessum tekjustofni þjóðarinnar. Og átti sjómaðurinn að hafa talað eitthvað á þessa leið: „Þó ég ef til vill geti grætt á þessu persónulega, þá vil ég heldur vera laus við þann hagnað en stofna á þennan hátt þjóðarhagnum í voða". Þetta er svo sem nógu fallega mælt af þessum fátæka sjómanni. Annars býst ég við, að hv. dm. muni ásamt mér hafa litla trú á dæmisögum sem þessari.

Hér er um mikið fjárhagsatriði að ræða. Og það mun viðurkennt af öllum, að mikill hluti bátaflotans, sem telur 700—800 mótorbáta, hafi góð skilyrði til að stunda veiðar með „snurrevaad". En það er rétt, sem hv. þm. Dal. gat um eftir sjómanninum, að mótorbátunum myndi veitast erfitt að leita kolans á togaramiðum.

Hv. þm. Borgf. neitaði því, að ástæða væri til að minnast á mótbárurnar, sem á sínum tíma komu fram gegn notkun lóða og þorskaneta, í sambandi við þetta mál. Ég minnist á þær aðeins til að sýna, hvað ýmsar kerlingabækur og vitleysur geta náð miklum tökum á mönnum í einstökum landshlutum, þegar hreppapólitík eða eitthvað þesskonar kemst að. Mér skildist hv. þm. ekki álíta hafa verið neina ástæðu til að banna notkun lóða og þorskaneta, en héraðsmenn hans voru á annari skoðun um það árið 1699. Þá var gerð samþykkt um að banna notkun þessara veiðarfæra á þeim miðum, sem Akurnesingar sóttu til. Þá hafa menn verið sannfærðir um, að hún væri stórhættuleg fiskveiðunum. Í framtíðinni mun bann gegn dragnótaveiðum verða talið álíka mikil vitleysa eins og samþykktirnir gegn notkun lóða og þorskaneta áður fyrr eru taldar nú. Árið 1859 samþykktu Álftnesingar að hætta lóðaveiðum um tíma, og 1882 voru þorskanet bönnuð við allan Faxaflóa. Það var sagt, að þessar „vélar" hræddu þorskinn til hafs, — eyðilegðu veiðina o. s. frv. Var yfirleitt sami söngurinn út af þessum veiðiaðferðum þá eins og nú er út af dragnótaveiðunum.

Það er að vísu rétt, að ofurlítið stendur öðruvísi á um dragnótirnar heldur en lóðirnar og þorskanetin, þar sem ekki er alveg útilokað, að þær geti drepið ungviðið. En úr þeirri hættu er dregið með því ákvæði frv., að setja skuli ákvæði um möskvastærð dragnótanna og um hvað hirða megi smæstan fisk. Sumstaðar eru líka hafðar grindur í dragnótunum, sem þenja netið út, svo að það sigtar fiskinn þannig, að ungviðið smýgur. Hv. þm. veit, að það eru togararnir, sem mest drepa af kolanum, bæði utan landhelginnar, og því miður innan hennar líka. Botnvörpurnar sigta ekki fiskinn, þær taka allar stærðir og eyðileggja ungviðið. Þar er því um meiri hættu að ræða heldur en af dragnótaveiðum.

Hv. þm. Borgf. var á sömu skoðun og hv. þm. N.-Þ. um það, að Danir væru miklu leiknari í að nota dragnótir heldur en við Íslendingar og að þeir mundu verða búnir að éta upp allan kolann áður en við værum búnir að læra að veiða hann, ef veiðitíminn væri lengdur. En ég vil benda á, að það kemur fleira til greina við veiðarnar heldur en það að kunna að draga nótina. Það er líka betra að vera kunnugur miðunum, straumum o. s. frv. Þar hygg ég, að við stöndum þeim mun betur að vígi en Danir, sem þeir kunna að vera vanari að nota dragnótir. Það er því engin ástæða til að búast við, að Danir eða Færeyingar taki okkur fram á þessu sviði, og reynslan mun sanna það sama þar um dugnað íslenzkra sjómanna sem í öðrum greinum fiskiveiðanna.

Hv. þm. Borgf. viðurkenndi, að nokkur gróði myndi verða að því í byrjun að taka hér upp dragnótaveiðar. En hann álítur það stundarhagnað, sem ekki borgi sig að nota, og eins er um hv. þm. N.-Þ. En mér finnst það undarlegt, að hann virðist jafnframt álíta, að úr því að kolinn sé að ganga til þurrðar, þá muni hann verða nytjafiskur hér í framtíðinni, þó að núgildandi lögum sé haldið óbreyttum. Ef svo er, eftir hverju er þá að bíða? Er ekki sjálfsagt fyrir okkur

að nota hagnaðinn af þessari veiði meðan tími er til, ef hún verður hvort sem er þrotin eftir 12 ár, þegar sambandslögin falla úr gildi?

Að lokum vil ég beina nokkrum orðum til hv. þm. N.-Þ. Hann vill véfengja það, að uppi séu óskir um það meðal fiskimanna, að tíminn, sem dragnótaveiðar í landhelgi eru leyfðar, sé lengdur. Ég skal ekki deila við hann út af því, hvern dóm hann leggur á gögn mín um það efni. En gögn þau, sem hann ber fram um hið gagnstæða, er harla lítils virði. Um fundinn á Norðfirði ber þess að gæta, að honum var hóað saman til að andmæla frv. mínu, þó hann reyndar snerist á hina sveifina. (BSv: Mér var ekki kunnugt um það).

Um skeytið frá hv. þm. til sýslumannsins á Sauðárkróki vil ég endurtaka það, sem ég sagði í dag; ég tel það mjög villandi. Það gefur alranga hugmynd um það, sem hér er á ferðinni. Það segir, að eftir frv. eigi landhelgin að vera friðuð þann tíma, sem dönsk veiðiskip séu bundin annarsstaðar. Ég veit ekki, hvað hv. þm. meinar með þessu. En ég geri ráð fyrir, að tilgangurinn með því að setja slíkan uppspuna í skeytið sé sá, að vekja ótta manna um það, að hér sé verið að afla sambandsþjóð okkar fríðinda, til skaða fyrir okkur sjálfa. Frv. gefur alls ekki tilefni til þess. Ef hægt er að segja, að dönsk veiðiskip séu sérstaklega bundin annarsstaðar einhvern tíma ársins, þá er það tímabilið ágúst--september, þegar veiðar eru mest stundaðar við Grænland; m. ö. o. allan þann mánuð, sem frv. gerir ráð fyrir, að leyfistíminn til dragnótaveiða sé færður fram. Hv þm. hefir því snúið sannleikanum við.

Það er rétt hjá hv. þm., að Danir hafa stofnað fiskveiðabanka, sem veitir ódýr lán. En ég hefi talsvert lesið um áætlanir Dana um að auka fiskiveiðar sínar og hvergi séð gert ráð fyrir, að veiðar við Íslandsstrendur ættu að verða mikill þáttur í þeim.

Hv. þm. mun vita, að hinum nýja banka í Danmörku er ekki sérstaklega ætlað að styðja stórskipaútgerð. Hann á fyrst og fremst að koma fiskverkun þar í landi í betra horf, styðja verzlun og iðnað í sambandi við fiskveiðarnar.

Bæði hv. þm. Borgf. og hv. þm. N.-Þ. telja eitthvert samband á milli þess, hvort við fáum að friða Faxaflóa alveg fyrir botnvörpuveiðum, og hvort þetta frv. verður samþ. Þetta er ekki annað en hugarórar hv. þm.; það er ómögulegt að finna neitt samband þarna á milli. Í frv. er gert ráð fyrir, að kolinn sé friðaður fyrir dragnótum allan hrygningartímann, og svo er hann vitanlega friðaður í landhelgi allt árið fyrir botnvörpum, eins og aðrar fisktegundir. Dragnótirnar eru ekki sambærilegar við botnvörpurnar að því er eyðingu fiskstofnsins snertir. Þó má vel vera, að það borgaði sig að friða sérstaka staði fyrir dragnótum, ef rannsóknir sýndu, að þar yxi kolinn upp fremur en annarsstaðar. En nú eru engar rannsóknir til, sem styðja það, að einn stað beri að friða öðrum fremur. Að friða þess vegna landhelgina alla, það nær engri átt.

Hv. þm. N.-Þ. var enn að spyrja um það, þó því sé margsvarað, hvers vegna Íslendingar hafi ekki gefið sig meira en þeir hafa gert að kolaveiðum, ef þær séu svo arðvænlegar sem af er látið, því Englendingar veiði hér miklu meiri kola en við sjálfir. Mig furðar á, að hv. þm. skuli spyrja um jafnaugljóst atriði og þetta. Allan þann tíma, sem íslenzku togararnir eru á saltfisksveiðum, hafa þeir lítið við kola að gera; það borgar sig ekki að sækjast eftir honum til að verka hann á sama hátt og þorskinn. Eins er um síldveiðitímann. Það er aðeins þegar togararnir veiða í ís, sem kolinn kemur þeim að notum, og þá hafa þeir ekki verið eftirbátar útlendinga um að ná í hann.

Nú er þetta að breytast, eins og bent er á í grg. frv. Gert er ráð fyrir, að reglubundnar ferðir hefjist til að flytja ísfisk héðan til útlanda, og þá er það íslenzkum sjómönnum lífsspursmál að geta veitt þennan verðmesta fisk, kolann, á sem auðveldastan hátt; áður var þeim ekki til neins að veiða hann, nema sér til matar. Þetta vona ég, að hv. þm. skilji. Dragnótir má ekki nota nú nema 3 mánuði ársins, og auk þess hangir það yfir sjómönnum eins og svipa, að þær verði bannaðar þann tíma líka. Það er því ekki nema eðlilegt, þó bátaeigendur

hugsi sig tvisvar um áður en þeir kaupa þetta veiðarfæri auk annara. Ef þeir mættu nota það í 7 mánuði, mundu þeir ekki hika við að afla sér þess, þegar þeir jafnframt fá aðstöðu til að koma kolanum í verð. Vona ég, að hv. þm. þurfi nú ekki að spyrja oftar um þetta, og að hann falli nú frá því, að það stafi af klaufaskap ísl. sjómanna, hvað lítið hefir verið veitt af kola hér undanfarin ár, og að þeim sé ekki trúandi til að komast upp á að veiða með dragnót.

Eins og nú er, verndum við kolann fyrir innlendum mönnum, til þess að auka veiðiskap annara þjóða. Það eru botnvörpungarnir, sem mest veiða af kola hér, og þeir mest, sem freklegast brjóta landhelgilögin. Þeir fá mestan kola, sem mest sækja inn í landhelgina, inn á þá staði, sem bezt eru fallnir til dragnótaveiða. Handa þessum mönnum er verið að vernda kolann.

Hv. þm. hafa talað um, að Danir og Færeyingar mundu verða okkur hættulegir keppinautar, ef leyft væri að veiða kolann innan landhelginnar meira en nú er. Ég hefi gefið skýrslu um kolaveiðar Dana hér við land. Síðan hefi ég fengið upplýsingar um veiðar Færeyinga. Þeir höfðu hér einn „kútter" til kolaveiðanna, sem veiddi 11 þús. kg. síðastl. ár, og auk þess tvo minni báta, sem ég hefi ekki skýrslu um, hvað mikið hafa veitt, en það mun hafa verið mjög lítið. Ég held það sé því ástæðulítið fyrir okkur að óttast, að Danir og Færeyingar verði okkur ofjarlar við þennan veiðiskap þann tíma, sem þeir eiga eftir að hafa sama rétt og við innan landhelginnar. Og það er undarlega mikil þröngsýni og hreppapólitík, að vilja hafa af okkur sjálfum stórkostlegan hagnað, af ótta við það, að um leið og við fáum eina krónu fái Danir e. t. v. 10 aura eða 12.

Mótorbátar hér við land eru nú orðnir 7 til 8 hundruð. Þó kolaveiði þessara báta ekki nema þrefaldaðist, væri það fleiri milljóna króna tekjuauki á ári fyrir bátaeigendurna. Hvaða vit er í að neita sér um að njóta þessa hagnaðar af ótta við það, að Danir fái um leið auknar tekjur af veiðum hér við land, sem svarar einum tíunda af tekjuauka okkar. Það væri eins og ef maður hengdi sjálfan sig til þess að fá högginn litla fingur af keppinaut sínum.

Ég þarf svo ekki fleira að taka fram um þetta mál. Hv. þm. N.-Þ. sagði eitthvað á þá leið, að ég og hv. 3. þm. Reykv. hefðum talað eins og við vildum helzt, að þorskveiðarnar legðust niður. Það er vitleysa, sem vitanlega nær engri átt. Hitt er annað mál, að af því þorskurinn er að falla í verði og hinsvegar útlit fyrir, að útflutningur á ísfiski aukist og verði tryggari, þá er enn brýnni nauðsyn á því en áður, að menn fái að notfæra sér kolann.

Hitt er líka röng eftirtekt hjá hv. þm., að við höfum talað eins og við álitum, að kolanum mundi fjölga, ef leyft væri að veiða hann lengri tíma á ári. Þó geri ég ekki ráð fyrir, að kolastofninn mundi ganga örar til þurrðar þó frv. sé samþ. heldur en hann gerir nú, ef hann þá er að þverra. Hrygningartími kolans yrði jafnt friðaður eins og nú. Það er lýðum ljóst, að það eru aðallega togararnir, sem eyða kolanum, togararnir, sem í landhelgi stelast, og þeir sækja þangað vegna hans. Dragnótirnar mundu ekki spilla kolaveiðunum teljandi, samanborið við botnvörpurnar, a. m. k. ekki ef möskvastærð þeirra væri ákveðin.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég get ekki greitt þessu frv. atkv., því ég get ekki séð, að þörf sé á þeirri lagabreyt., sem í því felst, nú sem stendur. Ef rýmka ætti lögin um dragnótaveiðar í landhelgi, þarf fyrst að vera séð, að sjómenn okkar séu tilbúnir að færa sér það í nyt, áður en það er um seinan. Nú stunda þeir ekki dragnótaveiðar til muna og virðast vanbúnir til að taka þær upp í fljótu bragði.

Hinsvegar er það víst, að ef við samþykktum nú að lengja dragnótaveiðitímann í landhelgi eins og frv. gerir ráð fyrir, þá mundum við strax á næsta sumri fá yfir okkur flóð af Dönum og Færeyingum, sérstaklega Færeyingum. Og eftir áliti kunnugra manna mundu ekki líða mörg ár áður en skarkolamið okkar væru þurrausin.

Það er vitanlegt, að útlendingar þurfa minna að kosta til veiðiskaparins heldur en við, og getur því borgað sig fyrir þá

að stunda veiðar, sem við höfum ekki hag af að stunda. Það er líka mjög takmarkaður fjöldi af skipum okkar, sem getur stundað þá veiði, sem hér er um að ræða. Mörg þeirra stunda síldveiðar fram í september; þau mundu ekki fara að hætta við þær til þess að fara á dragnótaveiðar. Þess vegna er ekki ástæða til að bæta ágúst við veiðitímann.

Í öðru lagi hafa útlendar þjóðir, sem hingað sækja á fiskimiðin, lítið gert að dragnótaveiðum fyrir þá sök, að þeim þykir veiðitíminn of stuttur. Ef hann væri lengdur upp í 7 mánuði, mundi kolaveiði þeirra margfaldast. Ég get því ekki fallizt á að samþ. frv. á þessu þingi. Það væri fyrst eftir að Íslendingar væru farnir að stunda þessar veiðar eitthvað til muna og hafa hag af þeim, að mér gæti komið til hugar að stuðla að því með atkv. mínu að lengja veiðitímann eitthvað. Eins og nú standa sakir álít ég, að það yrði okkur til svo tiltölulega lítilla hagsbóta, þó dragnótaveiðarnar væru leyfðar í febrúar og marz, og í ágúst eru skipin bundin við síldveiðarnar, sem að jafnaði eru arðvænlegri.

Ég ætla ekki að fara langt út í málið að þessu sinni, þar sem margir hafa um það rætt. Komi það til 2. umr., mun ég gera málinu nokkur skil.

Sigurður Eggerz [óyfirl.]: Það má máske segja, að óþarfi sé að lengja þessar umr. mikið, af þeim ástæðum, að mér finnst anda móti þessu frv. í þá átt, sem ég hefi óskað. Mér finnst andstaðan mögnuð, sem eðlilegt er, móti frv. Háttv. þm. Ísaf. var að tala um, að ummæli mín um kolann sýndu, hve mikill dýravinur ég væri, þar sem mér þætti hart að veitast að kolanum bæði fyrir utan og innan landhelgi. Ég verð að þakka hv. þm. fyrir þessi ummæli hans, því mér þykir auðvitað sómi að því að vera dýravinur. En ég hygg, að hv. þm. eigi erfitt með að andmæla því, að fiskveiðunum er illa farið, ef á að ráðast að kolanum bæði utan og innan landhelgi. Mér hefir dottið í hug í þessu sambandi, þegar ég hefi heyrt meðmælendur þessa frv. tala um að gera árásir á kolann, hvort viturlegt væri fyrir bónda, sem á lítinn bústofn, en hefir þó getað lifað af honum ár eftir ár, hvort það væri viturlegt fyrir hann að taka sig til einn vetur og slátra niður öllum bústofninum og lifa svo eins og kóngur, en eiga engan bústofn eftir. Alveg sama hugsunin liggur bak við umr. þessara manna, sem vilja tæma þessa gullkistu með því að bjóða þjóð, sem er 30 sinnum stærri en Ísland, til þess að veiða þar.

Hv. þm. Ísaf. vildi ekki gera mikið úr þeirri hættu, sem stafaði af því, að Danir veiddu hér í landhelgi, vildi ekki gera meira úr henni en að fyrir hverja krónu, sem Íslendingar græddu, fengju Danir 10 au. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. getur á nokkurn hátt sýnt fram á, að hlutföllin verði þessi. Þegar maður lítur á það, að annarsvegar stendur þjóð, sem er þekkt að því að vera dugleg og hefir nóg fé, og sem hefir sýnt sig að því að hafa áhuga fyrir fiskveiðum, með banka, sem hefir 25 millj., og lánar lán, sem eru langt fyrir neðan lán, sem lánuð eru í voru landi, þjóð, sem er þekkt fyrir dugnað sinn og er 30 sinnum stærri en ísl. þjóðin, og þegar þessi gullkista er opnuð fyrir henni, sem hefir svo þægilega aðstöðu, að halda þá, að hlutföllin á gróðanum verði 10 au. móti 1 kr. Er það mesta ráðleysi, þegar eftir er svo stuttur tími af sambandinu milli Dana og Íslendinga, að veita sambandsþjóðinni sérstakan rétt til veiða. Ég er ekki aðeins hræddur við það, að þeir vilji ekki skipta þessari gullkistu með okkur, en er hræddur við það að lokka Dani þannig inn í gullnámuna með því að opna hana nú, og þá er ég hræddur við, að Danir fái svo mikinn áhuga á veiðum, að þeir vilji halda 6. gr. sambandslaganna sem mest óbreyttri. Ég þarf ekki að minna á það, hvað allt verður að standa saman til þess að losna við þær kvaðir, sem hvíla á landinu. Er þetta í rauninni einkennilegt, eins og komið hafa fram á þinginu einróma yfirlýsingar að losna við kvaðir, sem í sambandsl. hvíla á landinu. Það er eins og sumir menn skoði þetta sem orðin tóm, yfirlýsingar, sem praktiskt er að gera, en ekki sem lifandi tilfinningu af því, hvað stórt og mikið mál þetta er. Ef slíkar kvaðir sem þessar yrðu lagðar á

aðrar þjóðir, t. d. Þjóðverja eða Norðmenn, þá myndi verða þjóðarsorg í þeim löndum, en það er eins og okkur hætti til að gleyma þeim kvöðum, sem á okkur hvíla. Það eru til víðsýnir menn í Danmörku, sem segja, að bezt sé að losna sem fyrst við sambandsl. Það er komin gleðileg hreyfing í Danmörku um að losna við sambandsl. sem fyrst. Með því að bjóða Dönum inn í landhelgina er verið að beita hinu girnilegasta agni á öngulinn, og kæmi til þess, að þeir verði dregnir í landhelgina, er ýtt undir þá að nota rétt sinn, og þá mundi ég samstundis koma með till. um það að slíta sambandinu strax. Ég lít ekki stórum augum á deilumál, sem eru hátt uppi með þjóðinni, og sem eru til að draga hana niður, en hún vill ekki deila um málið, sem er og verður stærsta mál þjóðarinnar. Það var verið að tala um Fiskifélagið í sambandi við þetta mál. Og er ég sammála hv. þm. N.-Þ. og þakklátur honum fyrir, að hann hefir ekki farið hrósandi orðum um framkomu Fiskifélagsins í þessu máli. Ég segi fyrir mitt leyti og vil taka undir það með hv. þm., að ég er ekki þakklátur formanni Fiskifélagsins fyrir það, að reyna að fá þjóðina til að opna landhelgina fyrir Dönum. Hann gerir allt, sem hann getur til þess, en þrátt fyrir alla þessa „agitation" frá félaginu, þá er sem betur fer heilbrigð skynsemi manna svo mikil, að enginn vafi er á því, að þetta frv. verður háðulega fellt hér í d., og ég legg til, að það verði drepið frá 2. umr.

Pétur Ottesen: Það hafa orðið miklar umr. um þetta mál, og er það ekki að ástæðulausu, að menn láta til sín heyra um slíkt mál sem þetta er. Það er ekki einungis það út af fyrir sig, hvað mikið verðmæti getur verið um að ræða í sambandi við þessa breyt., sem hér er farið fram á, heldur hitt, að þetta mál og afgreiðsla þess grípur inn í ýmislegt, sem við höfum með höndum til viðreisnar og tryggingar þjóð vorri, sem gefur ástæðu til að gefa slíkri till. gaum. Það er miklu frekar þetta en hitt, hvaða þýðingu það hefir út af fyrir sig, að frv. verði samþ., sem mestu máli skiptir. Hv. flm. þessa frv. vildi halda því fram, að það, hvað Íslendingar hefðu lítið sinnt kolaveiðum með dragnótum að undanförnu, stafaði af því, að þeir hefðu ekki átt þess kost að koma kolanum á erlendan markað og gera hann þannig að verðmætri vöru. Þetta er ekki tilfellið; það hafa alltaf verið nægir kaupendur að kolanum. En hitt er annað mál, að þessi veiðiaðferð hefir reynzt Íslendingum yfirleitt harla óarðsöm og þeim hefir ekki þótt hún borga sig, þótt þeir fengju markað fyrir vöruna. Mér er kunnugt um, að það hefir að undanförnu verið gerð tilraun á Akranesi með dragnætur víðsvegar þar, sem leirbotn er, vestur við Þormóðssker í Hvalfirði og Kollafirði og alstaðar, sem líklegt þótti, að koli veiddist. Aflabrögð voru lítil á þessum svæðum og þóttu ekki borga sig, og þar af leiðandi hefir ekki komið þar neinn skriður á þetta. Ég minnist þess líka, að fyrir nokkrum árum stunduðu bátar hér úr Reykjavík dragnótaveiði úr Kollafirði, en veiði þvarr þar eftir skamman tíma, og síðan hefir enginn koli veiðzt á því svæði. Þetta bendir til þess, að ef veiðin yrði aukin og slakað yrði á friðuninni, mundi hún fljótlega ganga til þurrðar. Skýrsla sú, sem hinn nýi fiskifræðingur, Árni Friðriksson, hefir sent til sjútvn., hefir verið notuð til stuðnings því máli, að slaka til um dragnótaveiði. En ég ætla, að nokkrir staðir séu í skýrslunni, sem ótvíræðlega benda á, að ef slakað yrði á veiðinni, yrði eftir skamman tíma að setja löggjöf að nýju til að friða kolasvæðin. Ég ætla að fara í nokkur atriði í skýrslunni, því hún hefir verið notuð til varnar þeim málstað, að slaka nú allmjög til í þessu efni. Skilst mér á þeim, sem talað hafa, að enginn nema fiskifræðingurinn hafi vit á þessu máli, því nú er allt fordæmt nema það, sem hægt er að setja einhvern vísindastimpil á. Reynsla manna hverfur eins og þoka fyrir sólu hjá þessum mönnum. Þessi vísindamaður segir um þetta, að á vorin gangi skarkolinn á grunn inn á firði, en hverfi svo um og eftir jafndægur að hausti. Ef þetta er rétt, sem fiskifræðingurinn segir, þá er enginn koli eftir jafndægur inni á fjörðum hér við land. Ég held, að það hefði því litla þýðingu að leyfa veiði í des., jan., febr. og marz, eins og frv.

gerir ráð fyrir, ef byggja má nokkuð á vísindamennsku þessa manns. Svo heldur hann áfram í þessari skýrslu sinni og kemur að því, þar sem hann talar um dragnótaveiðar. Hann segir, að af dragnótinni stafi ungviði þorsksins ekki nein hætta, því það heldur sig ekki á sand- og leirbotni, heldur þar, sem þaragróður er og botninn grýttur. En hann segir, að því verði ekki neitað, að dragnótin geti drepið ungviði skarkolans og annara flatfiska. Hann viðurkennir hér með, að með þessari veiðiaðferð sé hætta á því, að ungviði kolans verði drepið. Sama er að segja um smálúðu; hún lýtur sömu lögum, því hún er botnfiskur og heldur sig á sandi og leir, og eins er með ýsuna. Er því hætta á því, að ungviði þessara fiska verði veiðiaðferðinni að bráð. Nú vil ég í þessu sambandi, áður en ég fer lengra út í skýrsluna, minnast á það, að erlendis hefir verið tekið undir kröfur okkar um rýmkun landhelginnar, þ. á. m. af Englendingum, því við erum þeim einum bundnir samningi um landhelgina. Augu þeirra virðast vera farin að opnast nokkuð fyrir þeirri nauðsyn, að hér við land séu firðir og flóar friðaðir fyrir botnvörpuveiðum, til tryggingar því, að fiskveiðar gangi ekki til þurrðar í framtíðinni. Okkur er þetta afarmikils virði og þó að þessi skoðun sé ekki orðin það almenn enn á Englandi, að samkomulag fáist um útfærslu landhelginnar, þá er hér mjór mikils vísir og okkur mjög nauðsynlegt að gera hér engar þær ráðstafanir viðvíkjandi landhelgisveiðum, er vakið gætu grun um, að hugur fylgdi ekki máli hjá okkur um nauðsyn á aukinni friðun.

Svo heldur fiskifræðingurinn áfram og er nú genginn inn á það, að af dragnótunum leiði, að ungviði kolans og flatfiskur verði drepið. Svo segir hann ennfremur: „Vitanlega getur dragnótin einnig gert tjón á veiðarfærum". — Ég bið menn að taka eftir þessu, — „og væri því rétt að banna hana a. m. k. nokkurn tíma ársins". „En ekki finnst mér", bætir hann við, „ætti að banna hana nema þar, sem brýn nauðsyn er til". Hann viðurkennir, þessi sérfræðingur og vísindamaður, að dragnæturnar drepi ungviðið, og auk þess geti hlotizt af þeim tjón á öðrum veiðarfærum. Ég held, að þetta sé nóg til þess að sýna, að af dragnótaveiðum stafar mikil hætta, sú hætta, sem okkur ber að gjalda mjög varhuga við. — Danir myndu fegins hendi gleypa við þessu, ef þeim væri leyft að veiða hér á þeim tíma, sem þeim þætti bezt borga sig að gera hér út og hagkvæmast væri fyrir þá að stunda hér veiðar. En hverjar mundu verða afleiðingar af því? Í því sambandi vil ég vekja athygli á skýrslu fiskifræðingsins. Hann ítrekar og undirstrikar, að afleiðingin af dragnótaveiðunum mundi ekki einasta verða sú, að kolaveiðarnar gangi úr sér, heldur yrði að gera sérstakar friðunarráðstafanir síðar, til þess að koma aftur upp kolaveiðum hér við land. Þegar svo langt er komið, að búið er að uppræta kolann, þá á, segir hann, að auka hann með klaki eins og Norðmenn gera. Skýrslan byrjar á því að mæla með þessari tilslökun, sem um er að ræða, en þegar fram í sækir, bendir hún á alla þá skaðsemi, sem af slíkum veiðum getur hlotizt, og endar með því, að þegar svo er komið, að búið er að ganga af honum dauðum, þá verði að gera ráðstafanir til að klekja honum út og koma á nýrri friðun. Ég skal ekki fara frekar út í einstök atriði, sem komið hafa hér fram, því það er orðið framorðið og fer að líða að því, að fundi verði slitið.

Hv. 3. þm. Reykv. vildi draga það út úr orðum mínum, að ég lítilsvirti íslenzka sjómenn með því að láta í ljós, að ég teldi, að þeir mundu ekki geta lært að notfæra sér dragnótaveiðar. En þetta er röng eftirtekt eða misskilningur hjá hv. þm., því ég hélt þessu aldrei fram. Ég sagði einungis, að Danir væru nú leiknari en Íslendingar í notkun og meðferð þessa veiðarfæris. Þeir stæðu því betur að vígi í byrjun. En um hitt var ég fullviss, að Íslendingar myndu fljótt læra að nota dragnótina og verða útlendingum jafnsnjallir í því. Það er því rangur skilningur á orðum mínum og rangt farið með álit mitt um þetta efni hjá hv. þm.

Þá taldi hv. þm. það svíðingsháttt af okkur, sem erum á móti frv. og viljum setja undir þann leka, að Danir eyddu þessum sjávarnytjum hér. Hann vildi líkja þessu við það, að maður, sem ætti

miklu meira engi en hann sjálfur gæti unnið, vildi meina öðrum að notfæra sér afganginn. Ég vil nú segja það, að enda þótt við Íslendingar yrðum 1918 að leggja okkur undir það ok, að þola öðrum jafnrétti á þessu sviði, þá lá þó fyrst og fremst í þeim samningi það, að Íslendingar notuðu sjálfir sín eigin gæði til lands og sjávar, og þá ekki síst miklu fremur en menn, sem að þessu eru komnir líkt og Danir eru að sínum fríðindum komnir hér á landi. Þess ættum við að vera minnugir.

Hv. flm. minntist á samþykkt, sem gerð hefði verið á Akranesi um árið 1600. Hann sagði, að um það leyti hefðu verið gerðar margar samþykktir. Og hann taldi, að eftir jafnlangan tíma, eða þrjár aldir, myndi verða talin jafnmikill skrælingjabragur á banninu gegn dragnótaveiðum og við teldum nú vera á umgetnum samþykktum. Hv. þm. gæti víst eins haldið því fram, að svo muni líka verða um bann það, sem nú gildir um botnvörpuveiðar í landhelgi. Hv. þm. Ísaf. hefir þó enn ekki komið með tillögu um það að létta af því banni, sem nú er gegn því að veiða með botnvörpu upp við strendur landsins. Ég er þess fullviss, að allar þær ráðstafanir, sem við gerum til að tryggja framtíðarfiskveiðar hér við land, munu verða þakksamlega þegnar af eftirkomendum okkar, og taldar frekar vottur um víðsýni heldur en þröngsýni.

Ég skal svo ekki segja fleira um þetta mál. Það er í raun og veru mjög margþætt og grípur svo víða inn í ýmsar fyrirætlanir hér á landi, að fyllsta ástæða er til, að því sé rækilegur gaumur gefinn og athugað frá ýmsum sjónarmiðum, áður en hrapað er að nokkurri breytingu eða tilslökun.

Halldór Stefánsson: Almennar umr. um þetta mál eru nú orðnar svo langar, að naumast er vert að lengja þær að verulegum mun, og skal ég þá heldur ekki gera það.

Höfuðástæðan, sem færð hefir verið með þessu frv., er sú, að það sé hagnaðarvon, sem af því mætti verða fyrir Íslendinga, ef það gengur fram. Jafnframt er því haldið fram, að engin hætta fylgi því, þótt rýmkað sé um skilyrðin til þessarar veiði.

Ég vil nú lýsa yfir því sem minni skoðun, að ég tel þessi rök hæpin. Ég álít, að eins og nú er varið rétti Íslendinga og annara, þ. e. Dana, til þessara veiða í landhelgi, þá sé vafasamt, að almennir hagsmunir okkar aukist, þótt rýmkað sé um þessa veiðiaðferð. Byggi ég það álit mitt á talsverðri reynslu, sem um þetta hefir fengizt á Norð-Austurlandinu og mér er kunnug af umsögn annara. Um síðastl. aldamót stunduðu Danir dragnótaveiðar við Bakkafjörð og Vopnafjörð. Mun sú útgerð hafa verið frá Esbjerg. Þessa veiði stunduðu þeir í nokkur ár, en hættu svo. Um ástæðuna fyrir því, að þeir hættu, er ekki beinlínis vitað, en geta má sér til um hana. Hefir hún eflaust verið sú, að fiskurinn hefir verið genginn svo til þurrðar, að veiðin hefir ekki borgað sig, því innlendir menn, sem stundað höfðu þessa veiði með góðum árangri áður, urðu nú lítt fiskvarir um hríð. Þarna varð svo ekki veiðivart að kalla í 10—20 ár, þótt reynt væri með venjulegum veiðarfærum. En eftir þann tíma fór aftur að verða vart við flatfisk, og þá líkt og áður.

Stuttu áður en þær almennu takmarkanir, sem settar voru í lögunum frá 1928, komu til framkvæmda, voru Danir aftur farnir að veiða þarna. En þeir hættu, er l. voru sett. Má ætla, að ástæðan fyrir því, að þeir hættu þá, hafi verið sú, að þeim hafi þótt ákvæði l. of þröng fyrir sig, þar sem ekki mátti byrja fyrr en 1. september og þeir gátu því ekki notað sumarmánuðina. Síðastl. sumar varð kolans nokkuð vart í veiðarfæri, sem þó voru notuð í smáum stíl.

Á síðastl. ári var stofnað félag í Færeyjum, sem þeir nefna Ísvirki. Er tilgangurinn sá, að veiða flatfisk og ýsu. Hefir félag þetta, sem hefir 7 skip, notið mikils stuðnings frá Danmörku. Hefir það fengið þaðan 85% lán út á verð skipanna. Nokkur af skipum þessum komu til Austurlands síðastl. sumar og keyptu ýsu og kola. Þegar dragnótaveiði mátti byrja, fóru 4 þeirra, að því sem mér er tjáð, að stunda þær veiðar, — ekki aðeins 2 skip, eins og hv. flm. hélt fram. — Tvö þessara skipa fengu svo sekt fyrir ó-

lögleg veiðarfæri. Það er nú vitanlegt, að félag þetta bíður þess með eftirvæntingu, að þessi rýmkun, sem frv. fer fram á, verði gerð. Þessi floti Færeyinga er nærtækur og nokkuð stór og er tilbúinn að hremma bráðina. Og þótt Íslendingar gætu vitanlega lært veiðiaðferð Dana og búið sig til veiða, þá mundu þeir ekki verða svo fljótt tilbúnir, að hinir, sem eru þegar fyrirfram tilbúnir og bíða aðeins eftir leyfinu, sem þetta frv. á að færa þeim, hefðu ekki þegar eitthvað að gert. Mætti því svo fara, að afleiðing þessarar rýmkunar yrði sú, að þarna og víðar við land mundi þessi fiskur vera svo til þurrðar genginn af veiðum Færeyinga og Dana, þegar Íslendingar væru tilbúnir, að Íslendingar sætu uppi með kostnaðinn af því að búa sig til veiðanna, en misstu fiskjarins. Ég tel því hagnaðarvon Íslendinga af þessari rýmkun a. m. k. mjög vafasama, ef útkoman yrði þá ekki alveg gagnstæð. Þeir, sem hagnaðarins nytu, myndu verða aðrir en Íslendingar.

ATKVGR.

Frv. felld frá 2. umr. með 18 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JÓl, MJ, SÁÓ, ÁÁ, HG, HK.

nei: IngB, JAJ, JS, LH, MG, MT, PO, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, JörB.

EJ[1]) greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (ÓTh, HV) fjarstaddir.

3. Stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur.

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur (þmfrv., A. 89).

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Þetta frv. hefir legið hér áður fyrir þinginu, en þá ekki náð fram að ganga. Er hinn sami vilji á bak við það sem fyrr frá hálfu Reykvíkinga, sem er sá, að fá enda bundinn á þetta mál, með því að jarðirnar Þormóðsstaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi, ásamt verzlunarstaðnum Skildinganesi við Skerjafjörð, verði lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Fólkinu fjölgar mjög á þessum slóðum, og ég hygg, að ég segi ekki of mikið, þó að ég segi það, að meiri hl. íbúanna á þessum stað kjósi fremur að heyra undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, enda er það hagkvæmast fyrir báða aðilja, að þetta skot út úr hreppnum, sem er umlukt af Reykjavík á báða bóga, heyri undir Reykjavík. Eins og nú er, er lögreglueftirlit og tollgæzla sameiginleg fyrir Reykjavík og þennan hluta Seltjarnarneshrepps, en ýmis mál fleiri þyrftu að vera það, t. d. brunamál og skipulag á byggingum.

Ég geri ráð fyrir, að þetta mál upplýsist betur áður en 2. umr. um það fer fram, og mun því ekki hafa þessi orð fleiri. Að lokinni umr. leyfi ég mér að vænta þess, að málinu verði vísað til allshn.

Ólafur Thors: Ég hefði ekki séð ástæðu til að fara að ræða þetta mál nú, ef hv. flm. hefði ekki látið falla nokkur orð, sem voru þess eðlis, að mér þykir rétt að gera aths. við þau strax.

Hv. flm. sagði, að hann teldi sig ekki segja of mikið, þó að hann segði, að meiri hl. þeirra manna, sem búa á þeim stað, sem hér er um að ræða, kysi heldur að heyra undir lögsagnarumdæmi Rvíkur. Ég hygg, að þetta sé mjög svo ofmælt hjá hv. flm. Annars vildi ég skora á hann að færa sönnur á réttmæti þessara orða sinna. Er það tiltölulega auðvelt, þar sem ekki þarf annað en safna undirskriftum þeirra, sem þarna búa, til staðfestingar þeim. Ef hv. flm. gerir það ekki, verð ég að telja, að hann fari hér með rangt mál.

Þetta mál liggur hér að öðru leyti eins fyrir sem undanfarið. Þar sem það hefir verið mikið rætt, sé ég ekki ástæðu til þess að fara nú að nýju að færa fram þau rök, sem móti því mæla. Hér er um ekkert annað að ræða en ásælni Reykjavíkur — tilraun hins sterka til að kúga

1) Með svofelldri grg.: Það er svo undarlega mikið búið að tala um þetta mál, án þess að maður hafi fengið nokkrar upplýsingar um það, sem máli skiptir, því að um það hafa talað að mestu leyti þeir, sem ekkert skyn bera á málið. Ég greiði því ekki atkv.

þann, sem er minni máttar. Þykir mér því ekki nema eðlilegt í alla staði, að hv. 2. þm. Reykv. skuli fylgja þessu máli jafnfast fram og hann gerir. Ég furða mig meira á sumum meðflm. hans.

Vegna þeirra ummæla hv. flm., að málið mundi upplýsast meira en orðið er undir meðferð þess, mun ég ekki greiða atkv. á móti því, að frv. verði vísað til n., en ég reiði mig á það, fyrir hönd þess aðiljans í þessu máli, sem kúga á, að vilji Alþingis í málinu sé óbreyttur.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Út af orðum hv. 2. þm. G.-K. vil ég aðeins láta þess getið, að ég hefi séð skjal, undirskrifað af 80 fullorðnum mönnum, sem búa í Skildinganesi, þar sem þeir óska eftir því, að umræddur hluti Seltjarnarneshrepps verði lagður undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, og er það meiri hluti kjósenda í hreppnum.

Ólafur Thors: Ég sé ekki ástæðu til að véfengja það, að hv. flm. hafi séð eitthvert skjal þessa efnis. Hitt er ég vantrúaðri á, að undir þessu skjali hafi staðið nöfn 80 kjósenda í þessum hreppi. Ætli hér geti ekki verið um samskonar undirskriftir að ræða sem í fyrra, þegar verið var að gefa hæstv. dómsmrh. heilbrigðisvottorðið og börn voru látin flagga með nafni sínu fyrir heilbrigði ráðh., og það jafnvel löngu áður en þau voru skírð, ef aðeins var ákveðið, hvað þau ættu að heita.

Það er allt annað mál, þó að einhverjir menn á þessu svæði óski ef til vill eftir að gera samninga við Rvík um þetta mál, enda mun ég ekki setja mig á móti því. Er það sitt hvað, þó að menn geri samninga sín á milli af fúsum vilja, eða að löggjafarvaldið fari að neyða menn til slíkra hluta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 35., 36., 40. og 41. fundi í Nd., 27. og 28. marz og 7. og 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 89, n. 199 og 202).

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ.

Við fyrri umr. málsins var skorað á mig af hv. 2. þm. G.-K. o. fl. að sýna það, sem við ætti í þessu máli. Ég skýrði þá frá, að til væru áskoranir til Alþingis frá 80 íbúum úr Skildinganeslandi, um að sá staður væri lagður undir lögsagnarumdæmi Rvíkur, en síðan hefir undirskriftatalan aukizt upp í 104. Hinsvegar hafa komið áskoranir frá 42 mönnum um, að þessi hluti Seltjarnarneshrepps verði ekki lagður undir Rvík, en bæði er það, að þetta er miklu minni tala en hinna, og svo hitt, að þarna er fjöldi undirskriftarmanna, sem ekki eiga heima í Skildinganesi, svo að þeim kemur málið ekki við. Því til sönnunar vil ég geta þess, að meðal undirskriftarmanna eru Thorsarnir (Kveldúlfur), Har. Árnason kaupm., Samvinnufél. Haukur, Eggert Claessen, h.f. „Baugur" og „Titan", sem ég hélt, að væri dautt. Það er auðsætt, að allt hefir þurft að tína til, til að ná þessum nöfnum. Það er enginn vafi á því, að lávarðurinn þarna syðra hefir gert allt, sem hann hefir getað, til að varna því, að áskoranir um innlimun Skildinganess yrðu sendar. Hann hefir lagt fast að mönnum að undirskrifa ekki, og þeir, sem hafa keypt land af honum, hafa staðið höllum fæti gagnvart honum, en samt hefir það sýnt sig, að það er mikill meiri hluti, sem vill þetta.

Þá hefir komið umsögn frá oddvita Seltjarnarneshrepps, og er hann á móti þessu, en sjálfsagt er að meta meira þörf og vilja íbúanna sjálfra og höfuðstaðarins.

Hv. 2. þm. G.-K. hefir haldið því fram, að margir af undirskrifendum hafi nýlega flutzt suður. Það er ekkert við því að segja, því að ör fólksflutningur hefir verið þangað héðan, og auk þess hefir mikill fjöldi flutzt þaðan hingað, svo að ekki er að undra, þótt þessi staður sé skoðaður sem hluti af Rvík, og búast má við, að ekki verði allir grónir þar, sem þangað koma.

Innlimunin á Skildinganesi í lögsagn-

arumdæmi Rvíkur er líka nauðsynleg fyrir Reykjavík, svo að þessi staður sé ekki sem eyja þarna, þar sem skattflóttamenn geta haldizt við.

Þá hafa Skildinganesbúar við ýmis óþægindi að stríða vegna vatnsskorts og rafmagnsskorts. Það er allt í ólagi hjá þeim. Það þarf ekki annað en líta á byggingarnar, — engar byggingarreglur eru settar. Úr þessu verður að bæta á einhvern hátt. Engar eru varnir gegn eldsvoða á þessum stað, og er þó mestallt byggt úr timbri og í mesta skipulagsleysi. En verði ekki úr því bætt, verða brunabótagjöld skjótlega úr hófi keyrandi. Það er þess vegna engu síður nauðsynlegt fyrir hreppinn að laga þetta heldur en Reykjavík.

Ég ætla svo ekki að mæla meira fyrir þessu frv. að sinni. Það á að vera orðið deildarmönnum ljóst, að ekki gengur að halda þessum hluta Seltjarnarneshrepps lengur fyrir utan Reykjavík. Hér er ekki um að ræða innlimun sveitar í bæ, því að þarna búa 800 manns í kauptúni á litlum bletti og fer stöðugt fjölgandi, svo að hér er einungis að ræða um innlimun útbæjarhverfis Rvíkur í höfuðstaðinn.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson) [óyfirl.]: Þetta mál er ekki nýtt á Alþ. Það hefir verið hér áður og var þá fellt. Mér þykir líklegt, að þeir sömu menn, sem áttu að greiða atkv. um það á síðasta þingi, muni fara svipað með það í ár.

Það er leiðinlegt að tyggja upp ár eftir ár sömu ástæðurnar með eða móti einhverju frv. Ég geri þess vegna eins lítið og ég get að því, en vil víkja örlítið að því nýja í málinu, og svara nokkru af því, sem hv. frsm. meiri hl. sagði.

Ég vil geta þess, að meiri hl. n. skipa 3 þm., og undir álit minni hl. hefir aðeins 1 skrifað, en hv. þm. V.-Sk. (LH) hefir óbundnar hendur um atkv. sitt og gerir sjálfur grein fyrir afstöðu sinni.

Ég hefi ekki orðið var við neina áskorun frá bæjarstjórn Rvíkur um þetta mál. Það hefir máske komið áður, en liggur áreiðanlega ekki fyrir þessu þingi. Mér finnst það eigi að vera það fyrsta, að fyrir liggi beiðni frá hlutaðeiganda, að hann kæri sig um þetta, ekki sízt, þegar fyrir liggja mótmæli. Hv. 2. þm. Reykv. minntist á mótmæli, sem komið hafa frá hreppsnefndinni sjálfri; þau liggja frammi í lestrarsal og eru jafneindregin og í fyrra. Í þessum upplýsingum er sagt, að 2 af þeim, sem á skjalinu eru, hafi skrifað sig bæði með og móti frv.; er lítið á slíkum undirskriftum að byggja. Ennfremur eru þarna nöfn 5 manna, sem ekki eru skráðir á manntalsskýrsluna frá í des. síðastl. Þetta eru vafalaust aðkomumenn, sem hafa aðeins staðið við 2—4 nætur, svo að ekki er hægt að segja, að þetta séu heimilisfastir menn.

Svo eru á skjalinu nöfn 27 manna, sem ekki hafa kosningarrétt til Alþingis vegna aldurs; þar af eru 15, sem ekki hafa kosningarrétt í sveitarmálum. Ég veit ekki, hvort þetta eru börn, en það er að minnsta kosti mjög ungt fólk.

En aðalatriðið er, að af þeim 160 íbúum, sem hafa skrifað undir, eru það 69, sem flutzt hafa inn í hreppinn á síðastl. ári, og hafa því ekki kosningarrétt í málefnum hans. Það er vitaskuld, að þetta eru menn, sem flutzt hafa þangað 1. okt., eru sjálfsagt leigjendur, og margir af þeim fara 14. maí eða 1. okt. M.ö.o. er þetta fólk, sem er á ferð og flugi fram og aftur, en einir 13, sem eiga fastan bústað í hreppnum; þar af eru 2, sem bæði eru með og móti frv. Aftur á móti liggur fyrir, eins og hv. 2. þm. Reykv. tók fram, yfirlýsing frá 42 fasteignaeigendum af þessu svæði; mönnum, sem annaðhvort ætla sér að vera þarna áfram, eða hugsa sér að eiga þarna fasteign, sem þeir í framtíðinni ætla sér að eiga sjálfir, eða selja og leigja öðrum.

Mér finnst þetta líkast sveitakritum, þannig að koma andmæli frá bændunum sjálfum, en meðmæli frá hjúunum. Hvort ætti að meta meira? Ég er viss um, að það, sem ræður úrslitum hér, er tryggð manna við jörðina, sem þeir ætla að eiga. Ég geri þess vegna ákaflega lítið úr þessari undirskriftasöfnun, sem meiri hl. flaggar með, en meira úr áskorunum og yfirlýsingum manna, sem eiga landið.

Nöfn nokkurra manna hneyksluðu hv. frsm. meiri hl. Það voru nöfn framkvæmdarstj. hlutafél. Títans og Baugs, Björns Árnasonar, Haralds Árnasonar og Thors Jensens. Ég get ekki séð annað en

að þeir hafi sama rétt til að skrifa undir, þótt þeir búi þarna ekki nú.

Það þarf ekki að taka það fram, að oddviti og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps mælir eindregið á móti þessu frv., og sýslunefnd Kjósarsýslu gerir það einnig, því að þetta er sama sem að ræna Kjósarsýslu mjög verulegum hluta af sýslugjöldum hennar. Ég vil leyfa mér að gera þá fyrirspurn til hv. frsm. meiri hl., hvort hann hugsi sér, að sýslan fái bætur fyrir þetta, ef frv. þetta nær fram að ganga. Og ef halda á áfram og allt Seltjarnarnes, Viðey og Mosfellssveit verða lögð undir Reykjavík, hvar á Kjósarsýsla þá að fá tekjur sínar?

Það er ekki svo lítið, sem hér er um að ræða. Sýslugjöld Seltjarnarneshrepps hafa verið 50—60% af öllum sýslugjöldum Kjósarsýslu, og oddvitinn segir, að í ár verði þau sennilega um 70%. Það er engin smávegis blóðtaka, ef þetta frv. verður að lögum. Á þessu svæði býr um helmingur af íbúum Seltjarnarneshrepps, eða um 450 manns.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl., að Skildinganeskauptún væri nokkurskonar eyja inni í Rvík, og væri fyrir skattflóttamenn. Ég skil ekki, hvernig hann fer að halda slíku fram. Það var sýnt fram á það í fyrra, að útsvör í Skildinganeshreppi eru yfirleitt eins há og hér í Rvík. Ég hefi fyrir mér upplýsingar um það, að útsvar á þessu svæði, sem nú á að innlima í Rvík, voru hér um bil 24 þús. kr. í fyrra. Þetta sýnir sannarlega, að það er ekki til mikils að flytja þangað til þess að losna við útsvör, enda eru þessir menn, sem hér er um að ræða, starfandi í Rvík og þar af leiðandi fær hún hluta af útsvörum þeirra.

Að öllu þessu athuguðu virðist mér sanngirnin ekki mæla með því, að samþ. þetta frv., og ég hefi lítið „sympati" með þeim kaupstöðum, sem að nauðsynjalausu eru að teygja anga sína út. Ég hefi ekki fengið upplýsingar um það, hverssvegna Rvík vill ná í þetta land. Er það af því, að Rvík ætli sér að hjálpa íbúum þessa svæðis? En jafnvel þó að það væri bezt fyrir þá að komast undir verndarvæng Rvíkur, þá eiga þeir menn, sem hlut eiga að máli, að fá að ráða um þetta sjálfir.

Þetta er nú það, sem sanngirnin mælir með og móti þessu frv. En svo eru og til lagaákvæði um þetta efni. Má þá fyrst og fremst nefna sveitarstjórnarlögin. Þar er sagt, að forsrh. hafi heimild til þess að skipta og sameina og breyta hreppamörkum. Ennfremur segir þar, að eigi megi neina breytingu gera á þessu, nema eftir beiðni hreppsnefnda þeirra, er hlut eiga að máli, og meðmælum sýslunefndar, nema þegar svo stendur á sem í 4. gr. segir. Hér segja sveitarstjórnarlögin sjálf, að ekki megi breyta þessu, nema það sé samþ. af hreppsn. og sýslun. En í 4. gr. laganna segir svo, að ef kauptún eða þorp hefir yfir 300 íbúa, hafi það rétt til að fá sérstaka sveitarstjórn. Nú stendur svo á, að í þessu þorpi eru um 450 íbúar, og hefir það því rétt til að verða sérstakt kauptún, þegar íbúar þess vilja. Auk þessa eru í sveitarstjórnarlögunum ýms ákvæði um það, að málefnum, sem varða hreppa eða sýslur sérstaklega, skuli ekki ráðið til lykta, nema fengið sé álit hreppsins og sýslunnar um þau. Nú hefir ekkert álit verið fengið frá Kjósarsýslu og um álit frá Seltjarnarneshreppi hefir ekki verið beðið, en hann hefir sent mótmæli óbeðið. (HV: Voru þau ekki pöntuð?). Það getur verið, að hv. frsm. meiri hl. hafi pantað þau, ég hefi ekki gert það. —

Vona ég, að hv. d. verði sjálfri sér samkvæm og fari með þetta mál á sama hátt og í fyrra.

Lárus Helgason: Hv. 1. þm. Skagf. gat þess, að ég hefði frá n. hálfu óbundnar hendur um atkv. mitt í þessu máli, og er það alveg rétt. Vil ég nú með nokkrum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þess.

Ég hefi undanfarið verið á móti þessu máli, af því að mér hefir ekki fundizt vera færð nægileg rök fyrir því, að þetta sé réttmætt. Og ég geri ekki mikið úr öllum þessum undirskriftum. Ég legg langmest upp úr umsögn hreppsnefndarinnar, og hún leggur eindregið á móti frv., og sama gerir sýslunefndin. Mér finnst réttara að taka tillit til þessa heldur en þess, þótt smalað sé saman nokkrum nöfnum. Það er upplýst, að meiri hl. þeirra, sem undirskrifa velþóknun sína

á frv., séu aðeins búnir að eiga heima þarna part úr ári.

Mér finnst þetta mál ekki liggja svo hreint fyrir, að rétt sé fyrir þingið að gera breytingar á þessu án samþykkis sveitarfélagsins. Breytingar eru ekki réttmætar nema víst sé, að þær séu til hins betra. En ég get ekki séð, að hér sé um það að ræða.

Er ég því ráðinn í því að greiða atkv. á móti frv. eins og ég hefi gert að undanförnu.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Ekkert af því, sem hv. þm. V.-Sk. sagði, sýnist þess eðlis, að hann hefði ekki getað sagt frá því í n. Hann hafði nægan tíma til að láta þetta álit sitt í ljós í n., og er mér því óskiljanlegur þessi dráttur.

Hann vitnaði í það, að meiri hl. af þessum mönnum, sem undir hafa skrifað, hafi aðeins verið búsettir þarna part úr ári. Að vísu segir í áliti oddvitans, að nokkrir hafi flutzt þangað árið 1930. En þar sem íbúatalan þarna hefir vaxið um nálægt 100 manns á ári núna síðustu árin, þá hlýtur alltaf nokkur hluti manna þar að vera nýfluttur.

Hv. 1. þm. Skagf. hélt hjartnæma ræðu um bændur þarna. Ég veit ekki, hvaða bændur hann hefir átt við, því að þarna mun varla vera nokkur maður, sem lifir á landbúnaði. En kannske hefir hv. þm. átt við lóðaeigendur þarna, þá Thor Jensen, h/f Baug, Shell o. fl. Það eru ef til vill hagsmunir þessara „bænda", sem hv. þm. vill vernda.

Það var ætlazt til þess, að sérstakur listi gengi á Þormóðsstöðum, en hann hefir ekki komið ennþá. (**JÓl:** Jú, hann er hérna). Ég geri fyllilega ráð fyrir því, að þeir séu þar sömu skoðunar og hinir.

Þá talaði hv. frsm. minni hl. um það, hve útsvörin væru mikil úr þessum hluta Seltjarnarneshrepps. Þetta segir í rauninni ekkert. Útsvara þarf með til þess að greiða kostnað, en þegar búið er að taka þetta land undir Rvík, þá þarf hreppurinn ekki lengur að leggja í eins mikinn kostnað og áður, svo að ekki er víst, að hann tapi nokkru á þessu.

Hvað viðvíkur sýslusjóðsgjaldinu, þá skal ég viðurkenna það, að það fellur niður. Ég er ekki kunnugur því, hvernig það er, þegar hreppur er lagður undir annað lögsagnarumdæmi, hvort þá eru greiddar nokkrar skaðabætur.

Ég nenni ekki að fara lengra út í þörf Rvíkur á að fá þetta land. Bæjarstj. Rvíkur hefir í mörg ár samþ. að skora á Alþ. að leggja þetta land undir bæinn, en það hefir alltaf daufheyrzt við því. Menn þurfa ekki annað en líta á kort af Rvík og nágrenni hennar til að sjá, að þetta á að tilheyra henni. Rvík hefir vaxið allt í kringum þetta svæði og henni er nauðsynlegt að fá það, þótt ekki væri nema til að skipuleggja það.

Þá óttast menn einnig, eins og ég gat um, að ósamræmi geti komizt á um sveitargjöld á nærliggjandi stöðum, og geti því verið, að einhverjir flyttu þangað í skattflóttaskyni. Nokkrir menn hafa þegar gert það. Og allir hljóta að sjá, hversu hættulegt það er fyrir Rvík, að menn búi þar og stundi atvinnu sína í bænum, en svo sé ekki hægt að leggja á þá hér. Nytu þeir þá allra hlunninda hér, án þess að greiða nokkur gjöld.

Hv. frsm. minni hl. sagði, að í sveitarstjórnarlögunum væru ákvæði um þetta. Þau lög eru engin stjórnarskrá. Ef við setjum nú lög um þetta, þá ganga þau auðvitað fyrir.

Ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta. Það er alkunnugt, frá hverjum andstaðan til þessa máls er komin. Það er frá þeim fáu landeigendum, sem ég gat um áðan, og þykir mér það merkilegt, ef orð þeirra mega sín meira en vilji flestra íbúa Skildinganeshrepps.

Jón Ólafsson [óyfirl.]: Hv. 1. þm. Skagf. gaf mér í raun og veru tilefni til þess að sitja ekki algerlega hjá, því að hann fór að spyrjast fyrir um það, hvaða nauðsyn bæri til þess, að Rvík fengi Þormóðsstaði og Skildinganes. Menn geta ekki sagt að nú sem stendur sé þetta svo mikil nauðsyn. En þeir, sem lengra sjá en út fyrir sitt asklok, þykjast sjá, að á sínum tíma komi að því, að þessir blettir verði lagðir undir lögsagnarumdæmi Rvíkur, og þá verður búið að byggja þar alveg skipulagslaust, svo að það lendir á bænum að kaupa upp hús, sem búið er að setja niður á röngum stöðum. Þarna

er nauðsynlegt að gæta þessa hagsmuna bæjarins, og skammsýni manna í þessum efnum er alltaf að koma fram.

Önnur aðalástæðan fyrir þessari nauðsyn er sú, að ýmsir, sem menn kalla „braskara", eru að leitast við að fá fé til þess að byrja hafnargerð suður við Skerjafjörð og vofir yfir, að þetta geti komizt í framkvæmd. Við Reykvíkingar höfum lagt mikið fé í hafnargerð hér og erum ekki búnir að greiða það fé til fulls enn. En þegar þessi höfn er fullgerð, getur hún tekið öll skip á þessu svæði. Þetta gæti því orðið stórkostlega hættulegt fyrir Rvík, sem á að standa skil á láninu til hafnargerðarinnar.

Undirskriftir manna má gera tortryggilegar á margan hátt. Hreppsnefndin getur hæglega sagt, að þessir menn hafi ekki verið í hreppnum og þeir hafi ekki kosningarrétt o. s. frv. Það er að vísu rétt, en það er einmitt vegna þess, sem hv. 2. þm. Reykv. tók fram, að það sannar ekki nema það, að þessi staður er svo óaðskiljanlegur bænum, að leigjendur flytja þar á milli þessa tvo aðalflutningsdaga á árinu, 14. maí og 1. okt., án tillits til þess, að þeir eru að flytja milli hreppa. Þessi flutningur er eins tíður og á milli Austur- og Vesturbæjar, svo að það er eins og hér sé um hluta af Rvík að ræða.

Hv. þm. gleymdi því líka, að ég tala hér fyrir hönd eigenda og ábúenda á 20 dagslátta svæði. Ég veit ekki, hvað Skildinganesland er stórt, en ég held, að það sé ekki meira en ⅔ stærra. En svo fyrir utan þá, sem eru á þessum lista, standa þeir, sem ekki vissu um þessar undirskriftir. Þá skal ég um leið geta þess, að þeim, sem skrifuðu undir þetta skjal, láðist að setja nöfn kvenna sinni á skjalið líka, en það hefði fjölgað tölunni stórlega. Eigandinn hefir ekki skrifað undir, en umráðamaðurinn stendur hér og segist vera þessu fylgjandi.

Hv. 1. þm. Skagf. hefir í því, sem hann hefir tínt til sínu máli til stuðnings, sýnt, að þessir hreppar gjalda 24 þús. kr. til hreppsfélagsins. En alla sína atvinnu hafa þeir í Reykjavík og eru að öllu leyti upp á Reykjavík komnir. Þetta fé er því alveg úr Reykjavík runnið. Ég tala nú ekki um vegina. Þeir nota þá alveg eins og bæjarbúar og jafnvel meira, því að þeir koma flestir akandi til bæjarins.

Á þennan stað hefir farið til þessa of mikið fé frá bæjarfélaginu, því að ýmsir þeir hafa dregið sig þangað undan réttum sköttum hér, sem vilja ekki standa undir þeim framförum, sem hér hafa verið gerðar, og þeim álögum, sem þær hafa í för með sér. Þeir hafa flúið þangað til að reyna að hafa þar eitthvað betra. Það er líka eðlilegt, þeir sem hafa landið, til þess að þeir geti notað það til þess arna. En það er jafneðlilegt, að þingið líti hér á hag fjöldans fremur en hag þessara fáu manna. Þó að ég vilji virða mikils landsréttindi manna yfirleitt, þá er ég ekki fastur á því, þegar um er að ræða lóðir, sem þarf til húsabygginga, en okrað er á þeim frá mörgu sjónarmiði.

Mér finnst, að þeir, sem á móti þessu máli eru, líti ekki nægilega réttum augum á þörf bæjarins. Og ég held, að segja megi í þessu máli, að það sé bæði útlátalaust og sjálfsagt að hlynna að bæjarfélaginu á þennan hátt. Það er ekki á neinn hátt neinum til baga, nema þessum fáu landeigendum, sem vilja halda sér fyrir utan bæinn með sína skika. En ég geri ekkert úr því, þar sem hrepps- og sýslufélagið og Reykjavík eru þeir réttu aðiljar, og þorpsbúar sækja allar sínar tekjur til Reykjavíkur, hverju nafni sem nefnast, nema hvað „Shell" hefir þar nokkra starfsemi, en skipar þó upp í Reykjavík. En mér finnst bresta á fullan skilning á þessu fyrir Reykjavíkur hönd, og að þm. sé ekki sárt um, þó að þessu sjálfsagða réttlæti sé eitthvað vikið við.

Ólafur Thors: Þetta mál er svo rætt hér á þingi, bæði nú og þó sérstaklega að undanförnu, að það er að bera í bakkafullan lækinn að fara að flytja langa ræðu um það nú. En mér þykir samt ekki hlýða að láta það ganga svo gegnum þessa umr., að ég mæli ekki fáein orð til viðbótar við þau höfuðrök, sem hv. frsm. minni hl. hefir borið fram.

Það er eitt í þessu máli, sem mér þykir undarlegast, og það er það, að öllum þeim, sem fylgja þessu frv., þykir það alveg gefið, að þessi skipting muni fara fram einhverntíma, fyrr eða síðar, og á því byggjast öll þeirra rök. Hv. 3. þm.

Reykv., sem talaði síðast, sagði um þetta: „Þarna eru höfuðrökin“, Ég hefi þetta orðrétt eftir hv. þm. Hann sagði þetta að loknum þeim ummælum, að skipulagsleysi í byggingum á þessum stað lenti fyrr eða síðar á Reykjavík, þannig, að það yrði kostnaðarsamt fyrir bæinn. Hann álítur þannig gefið fyrirfram, að málið hljóti að ná fram að ganga, fyrr eða síðar. En ég er alls ekki svo viss um, að þetta verði, og ég er ekki heldur viss um, að menn á þessu svæði óski þess, og eftir því sem ætlazt var til 1927, þá var það tilgangurinn, að slík skipting færi aldrei fram, án þess að hlutaðeigandi hreppur óskaði eftir, hvað þá að það yrði þrátt fyrir mótmæli hreppsbúa. Ég skal játa það, að þeim lögum má breyta, en það er ólíklegt, að í því hafi orðið stefnubreyting á svo fáum árum, svo að nú eigi að þröngva kosti þeirra manna, sem fyrir fjórum árum átti sérstaklega að vernda. Hv. frsm. meiri hl. og hv. 1. þm. Reykv. áttu báðir sæti í allshn., þegar hún 1927 afgreiddi sveitarstjórnarlögin og gaf út um þau örstutt nál., þar sem ekkert er tekið fram nema að ákvæði 3. gr. séu svo mikilsverð, að ríka áherzlu verði að leggja á þau. En þau ákvæði eru það, að atvmrh. megi aldrei gera breytingar á hreppaskiptingu, nema hreppsarnir sjálfir séu því samþykkir. Og þetta um sjálfræði hreppanna er ekki mál, sem á að vera breytingum undirorpið. Það er þess vegna undarlegt, þegar þeir menn, sem fyrir fjórum árum börðust fyrir sjálfræði hreppanna í þessum efnum, vilja nú taka það sjálfræði af þeim. Eins og hv. frsm. minni hl. tók fram, þá er það skýrt tekið fram í lögunum, að það séu þeir fjárhagslegu hagsmunaaðiljar, sem verða að fá umsagnarrétt, áður en skipti fara fram.

Ég verð því að segja, að það er ekki eðlilegt, að slík frv. skuli vera borin hér fram ár eftir ár, án þess að nokkur ný rök komi fram, og ég mótmæli því, að nokkur ný rök hafi komið í málinu. Að vísu hefir komið fram áskorun frá 106 íbúum þessa hrepps, sem mæla með sameiningunni, en eins og hv. frsm. minni hl. sagði, þá er lítið tillit takandi til þess, af því að 69 af þeim eru alveg nýfluttir inn í þorpið og eru því hluti af Reykjavík, og því hafa þeir þar hagsmuni Rvíkur fyrir augum, en hafa ekki ennþá, sem vonlegt er, komið þar auga á hag hreppsins. En álit þeirra hreppsbúa, sem þar hafa lengur verið, má marka af því, að af þeim 350—400 íbúum, sem þar voru um áramótin 1929 og 1930, hafa einir 32 skrifað undir.

Það er ekki nema vitleysa, að sameiningin sé sérstaklega gagnstæð hagsmunum lóðaeigenda í þeim hluta hreppsins, sem innlima á. En ég skil vel, að aðrir lóðaeigendur þessa hrepps séu því mótfallnir, að þessar lóðir séu teknar af hreppnum. Lóðaeigendur í Skildinganesi mega vel þar við una, en fyrir aðra gjaldendur hreppsins og sýslunnar er þetta veigamikið fjárhagsatriði, þar sem þeir bera 50—60% af öllum útsvörum, 23600 kr., og á yfirstandandi ári munu þeir greiða milli 60 og 70% af öllum gjöldum. Mér er líka ljóst, að það er ekki óeðlilegt, þó að sýslan nú vildi einhverntíma síðar selja þessi fríðindi, að sýslubúar samt vilji gjarnan, að það dragist eitthvað að gera þá samninga, því að eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði, þá munu þau verða þeim mun dýrari, sem lengur dregst að festa kaupin. Þetta er hagsmunamál Reykjavíkur, en ekki Seltjarnarneshrepps, en það er ekki svo mikið hagsmunamál Reykjavíkur, að heill bæjarins sé undir því komin, því að ef svo væri, þá gæti verið, að mætti athuga, hvort ekki skyldi meta meira hagsmuni bæjarins en sýslunnar. Ég er ekki svo lokaður fyrir hagsmunum Reykjavíkur, enda er engin ástæða fyrir mig til að vera það.

Ég get ekki samþykkt það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að íbúar á þessu svæði lifðu eingöngu á atvinnu frá Reykjavík. Eins og hv. þm. veit, þá er þar sjálfstætt togarafélag, og í sambandi við það er stórmikil atvinna, en auk þess reka þar atvinnu tvö útgerðarfélög, sem eiga heimilisfang í Reykjavík. Vinnukrafturinn kemur frá mönnum, sem eru búsettir á þessu svæði, en fjármagnið frá Reykjavík. Ég veit ekki, hvort á að þakka þetta meira fjármagninu úr Reykjavík eða vinnukraftinum frá Skildinganesi, það gæti orðið deilumál á milli hv. 2. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykv.

Þá kom hv. 3. þm. Reykv. með nýtt

skjal, sem ég vissi ekki, hvað átti að sanna. Hv. 3. þm. Reykv. áleit eftir því sem mér skildist, að það væri frá lóðaeigendunum, en mér skilst eftir því sem á skjalinu stendur, að það sé frá íbúum í húsum í Þormóðsstaðalandi; en það getur verið, þó að ekkert standi undir, að lóðaeigendurnir séu samþykkir þessu. En hver hefir skrifað þetta? Ja, þar þekki ég nú rithönd hv. 3. þm. Reykv. Hann hefir skrifað þetta og borið það síðan á milli húskarla sinna þar suður frá, og því marka ég ekki mikið, þó að hann hafi getað fengið einhverja til að setja nöfn sín á blaðið.

Hv. þm. sagði, að það hefði gleymzt að láta eiginkonur þeirra manna, sem skrifuðu á skjalið, setja þar nöfn sín líka, og þess vegna hefðu nöfnin getað orðið margfalt fleiri. Það hljóta þá að vera eintómir soldánar, sem lifa í fjölkvæni, sem þarna búa. Þetta kemur víst flestum á óvart, og er nú annað tveggja, að eitthvað er ávant siðferðinu í landareign hv. þm., eða hann seilist helzt til langt til raka fyrir sínum lélega málstað.

Eins og málið liggur fyrir nú, þá hafa engin ný og frambærileg rök komið fram, sem gætu breytt afstöðu þingsins. Ég leyfi mér því að vænta þess, að um þetta mál verði ekki langar umr., og þingið geti haldið þeirri afstöðu, sem það hefir áður tekið og fellt frv.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson) [óyfirl.]: Ég þarf ekki miklu að svara, en þó vil ég beina fáeinum orðum til hv. frsm. meiri hl.

Hann sagði, að það væri auðsætt, að meiri hluti fólksins vildi sameinast Reykjavík, en ég tók það fram, að þetta er fólk, sem er alveg nýflutt þangað og hefir engin tengsli við þennan stað. Þess vegna hlýtur maður að leggja meira upp úr orðum þeirra, sem eiga þessar jarðir og hafa verið þar lengi og vilja vera þar áfram.

Hv. þm. segir, að ekkert sé að byggja á útsvörunum, en mér skildist hann viðurkenna, að skattarnir væru háir, og það er þó á því að byggja. Þeir eru alveg eins háir þar og í Reykjavík. Þessi skattaflótti er því ekkert nema tilbúningur. Skattar eru eins háir þar eða hærri.

Hv. frsm. kvaðst ekki vita um sýslusjóðsgjaldið, en það skiptir miklu máli. Ég vil nú spyrja hv. frsm., hvort hann vilji ekki fyrir 3. umr. útvega upplýsingar um það, hve hárri upphæð bærinn vilji bæta sýslunni þann tekjumissi, sem sýslan yrði fyrir, ef frv. yrði samþ. Það getur verið, að Reykjavík vilji borga það allt, en ég vil þá sjá það svart á hvítu, því að Kjósarsýslu er þetta mikið áhugamál.

Hv. frsm. heldur sér við það, að þessi partur úr Skildinganeshreppi tilheyri Reykjavík, af því að hann sé eyja innan Reykjavíkur. Þetta á sér víða stað. Ég hefi áður nefnt í því sambandi Friðriksberg og Kaupmannahöfn. Það þykir ekki nægileg ástæða til að heimta innlimun á minna sveitarfélagi, þó að það sé orðið eyja innan í hinu stærra. Ef við lítum á þetta nánar og athugum hinn hluta Seltjarnarnessins, þá mætti eins segja, að þegar Reykjavík er búin að þenja sig suður að Skerjafirði, þá ætti eins að mega innlima það Rvík, því að þá er það orðið eins og rófa út úr Rvík. Í 4. gr. sveitarstjórnarlaganna er gefið skilyrðislaust leyfi þeim kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, að vera sérstakt sveitarfélag, en þessi réttur á hér að verða af þeim tekinn, og það loforð, sem þeim var með lögum gefið, á að verða að engu haft.

Þá viðurkenndi hv. 3. þm. Reykv., að það væri engin augnabliksnauðsyn að fá þetta land, en af því að hann sæi lengra en út fyrir sitt asklok, þá sæi hann, að þetta mundi verða, og því fyrr, því betra. En ég sé ekki, hvers vegna þetta þarf að verða. Ég sé ekki, hvers vegna þarna má ekki vera sérstakt kauptún. Hv. þm. heldur, að þarna verði byggt svo heimskulega, að Reykjavík verði vegna þess að eyða stórfé, því að hún hafi áður orðið að gera það. En fyrst það hefir komið fyrir Rvík sjálfa, þá er ekki rétt að setja aðra undir Reykjavík, svo að þeir komist út í þessa sömu ófæru. Ég skil ekki annað en að aðrir ættu þar að læra af óförum Reykjavíkur.

Hv. þm. talaði um höfn við Skildinganes. Ég hefi ekki heyrt fyrr, að Reykjavík ætti á hættu, að höfn kæmi við Skildinganes. En má ég spyrja: Getur Reykjavík

hindrað það, að höfn verði byggð við Skerjafjörð, þó að Skildinganes væri innlimað Reykjavík? Hafa menn þar ekki rétt til þess að setja þar hafnarbætur? Það sér hver maður, að þeir hafa þann rétt, en ég er hinsvegar ekkert hræddur um, að það komi fyrir, því að sú höfn yrði ærið kostnaðarsöm, þegar ekki er lengra en þetta til Reykjavíkur.

Þormóðsstaðayfirlýsinguna þarf ég ekki að minnast á. Hv. 3. þm. Reykv. er þar eigandinn, svo að það er eðlilegt, að vilji eigandans falli saman við vilja hv. þm. í þeim efnum. Hv. þm. segir, að þeir noti vegi og önnur gæði Reykjavíkur, en það gera Árnesingar og Rangæingar líka, og mun hv. þm. þó ekki vilja halda fram, að eigi að innlima alla Árnesinga og Rangæinga fyrir þær sakir.

Þessi „önnur gæði" mun vera atvinna hér í bænum. Þeir, sem hana sækja, færa bænum hagsmuni í staðinn. Þeir hafa hér viðskipti, sem bærinn hefir tekjur af. Ef þeir fá sér kaffibolla á „Borg", greiða þeir fé fyrir, og svo leggur aftur bærinn útsvar á hóteleigandann. (HV: „Hótel Borg" greiddi ekkert útsvar árið sem leið). Jæja, það má þá alveg eins taka „Hótel Ísland" sem dæmi.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Hv. 2. þm. G.-K. er þetta mál vandabundið, sem eðlilegt er, þar sem hann er lóðaeigandi í Skildinganesi ásamt föður sínum og bræðrum, og er því skiljanlegt, að hann reyni að varna framgangi þess, þótt það sé ekki afsakanlegt. En rök hans voru alveg þau sömu sem í fyrra, og get ég því vísað til svara minna við þeim í Alþt.

Hv. 1. þm. Skagf. minnti á Friðriksberg, hvað lengi sá staður hefir verið sjálfstæður innan takmarka Kaupmannahafnar. Hv. þm. veit eflaust vel, hvernig þróun Kaupmannahafnar hefir verið háttað. Hver útborgin eftir aðra hefir verið lögð undir lögsagnarumdæmi hennar, því að auðugir menn hafa af fjárhagsástæðum flutt út fyrir takmörk borgarinnar til þess að flýja réttmæta skatta. En vegna aðstöðu þeirra manna, sem Friðriksberg byggja, hefir enn ekki tekizt að sameina það Kaupmannahöfn. Þykir flestum það stórhneyksli, að engin stj. hefir komið því í gegn, þótt Kaupmannahafnarbúar hafi oft óskað eftir því, og eru þar allar stéttir, nema ríka fólkið, á einu máli.

Þá minntist hv. þm. á það, að ef Skildinganes væri sameinað Reykjavík, þá missti það réttinn til að vera sjálfstætt hreppsfélag. Það liggur auðvitað í hlutarins eðli. En þar sem óskir um sameiningu við Reykjavík hafa nú komið fram frá Skildinganesbúum, þá geta þeir ekki æskt eftir að vera sérstakur hreppur til annars en þess að geta sameinazt Reykjavík.

Jón Ólafsson [óyfirl.]: Aðalrök hv. 2. þm. G.-K. gegn frv. voru þau, að þingið hefði áður tekið ákvörðun um þetta mál. Ég hélt, að hann væri nú búinn að vera nógu lengi á þingi til þess að þekkja það, að afstaða þingsins til einstakra mála getur breytzt, bæði við nánari athugun og breyttar ástæður. Ég held jafnvel, að mér sé óhætt að fullyrða, að hv. þm. hafi sjálfur einhverntíma skipt um skoðun á máli, aðeins fyrir nánari athugun. Það eru nú svo mörg mál, sem fyrir þingið koma hvert ár, að þm. munu ekki geta rannsakað þau öll til hlítar. Þess vegna daga mörg mál uppi á hverju þingi, og önnur eru afgr. á annan hátt heldur en rétt er og bezt. Þegar slík mál hafa verið athuguð nægilega vel, greiða menn oft öðruvísi atkv. um þau en áður, án þess að telja sér minnkun að.

En hv. þm. gleymdi alveg að hrekja aðalatriði þeirra röksemda, sem frv. er byggt á. Og það lítið hv. 1. þm. Skagf. reyndi í þá átt, var á misskilningi byggt. Hann var að tala um, að landeigendur hefðu full umráð yfir landi sínu og gætu gert þar þau mannvirki, sem þeir vildu. Ég vil aðeins benda honum á, að í hafnarlögum Reykjavíkur er tekið fram, að engin hafnarmannvirki megi gera innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, nema með samþykki bæjarstj. Það er því misskilningur, að Skildinganesbúar gætu jafnt byggt höfn á landareignum sínum, þótt þorpið væri lagt undir Reykjavík.

Hv. 2. þm. G.-K. vildi gera lítið úr undirskriftum húsráðendanna á Þormóðsstöðum. Það er rétt, að þeir hafa ekki látið konur sínar, hjú né leigjendur

skrifa undir með sér. Það munar um 15 atkvæðum, og get ég eflaust fengið undirskriftir þess fólks fyrir 3. umr., ef hv. þm. telur það skipta svo miklu máli.

Ég veit, að hv. 2. þm. G.-K. gengur ekki annað til andstöðu við þetta mál heldur en að verja hreppsfélagið, þó að margir þar vilji helzt losna við þennan skika, sem um er að ræða. Þeir sjá, að ef Skildinganes er ekki lagt undir Reykjavík, þarf hreppurinn að reisa þar sérstakan barnaskóla og sjá um ýmsar framkvæmdir, sem éta mundu upp allt það fé, sem þorpsbúar leggja af mörkum. En þeim finnst einhver niðurlæging í því að láta Reykjavík gleypa í sig part af hreppnum, og þar sem þeir hafa alltaf verið á móti því, þegar landskikar hafa verið lagðir undir Reykjavík, kunna þeir ekki við annað nú.

Það er rétt að geta þess, að á þessum landskika er engin atvinna, hún er öll sótt hingað til Reykjavíkur, nema hvað örfáir menn vinna hjá steinolíufélaginu. Þess vegna á Reykjavík einnig að vera skjól og skjöldur íbúanna í öðrum málum, þar sem þarfir þeirra og Reykvíkinga eru sameiginlegar. Það er aðeins fyrir skammsýni og fastheldni við gamlar kreddur, að þetta mál hefir ekki enn náð fram að ganga.

Ólafur Thors: Hv. 2. þm. Reykv. hefir litlu andmælt af því, sem ég hefi sagt um þetta mál. Mér þykir leitt, að hann skuli enga aðra eðlilega ástæðu sjá fyrir rökum mínum gegn frv. heldur en þá, að hann heldur mig eiga lóðarspildu suður í Skildinganesi, sem hann að vísu veit ekkert um. En þótt svo væri, væri engin ástæða til þess fyrir mig að vinna á móti frv. fyrir það. Lóðareigendur þarna suður frá geta einmitt vel sætt sig við, að Skildinganes sé innlimað Rvík. Það eru aðrir, sem þar hafa hagsmuna að gæta, þeir hreppsbúar, sem eftir verða í Seltjarnarneshreppi, þegar búið er að svipta hann miklum hluta af gjaldendunum.

Þá er það hugsunarvilla hjá hv. þm., að undirskriftir þær, sem hann flaggar með, séu nokkur sönnun fyrir því, að Skildinganesbúar mundu samþykkja að sameinast Rvík, ef þorpið yrði sérstakur hreppur. Það hefir ekki nema ¼ íbúanna skrifað undir þetta áskorunarskjal. (HV: Eru engin börn þar?). Ég held það sé nú eitthvað af börnum á þessu skjali. A. m. k. rakst ég þar á tvo 16 ára unglinga, og margir eru þar á aldrinum 18 til 20 ára.

Hv. 3. þm. Reykv. var að tala um, að þm., bæði ég og aðrir, skiptu oft um skoðun á einstökum málum. Ég vona, að það sé rétt hjá honum, að ég hafi einhverntíma skipt um skoðun á máli vegna nýrra upplýsinga eða breyttra ástæðna, því að slíkt tel ég hverjum manni til heiðurs. Það er alls ekki heiður að því að halda alltaf fast við upphaflega afstöðu, þótt hún reynist röng, af hræðslu við að vera kallaður hringlandi.

En það mál, sem hér er um að ræða, er þess eðlis, að engin ástæða er til að ætla, að hv. þm. breyti um skoðun á því. Hér er um að ræða, hvort setja eigi nýja takmörkun fyrir sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélags í mikilsvarðandi hagsmuna- og mannréttindamálum. Þingið 1927 setti skýr ákvæði um það, að sveitarfélög skyldu hafa rétt til ákvarðana um slík efni. Þetta er svo stórt atriði, að það snertir grundvallarskoðanir manna á sama hátt eins og t. d., hvort menn álíta, að hefta eigi framtak einstaklinganna. Til slíkra stefnuatriða taka menn afstöðu í eitt skipti fyrir öll. Hefi ég því fulla ástæðu til að vænta þess, að hv. þm. standi fast við fyrri skoðun sína á þessu máli.

Ég tel það engu máli skipta, hvort það er rétt hjá hv. þm., að íbúar húsanna á Þormóðsstöðum séu allir sammála húsbændunum um þetta mál. Sem betur fer, eru nú ekki lengur þeir tímar, að konur og hjú séu háð húsbændunum í skoðunum, og eru því undirskriftir húsráðenda á Þormóðsstöðum ekki nein sönnun um vilja hins heimilisfólksins.

Hv. 3. þm. Reykv. var með fullyrðingar um það, að Seltjarnarneshreppsbúar vildu margir losna við þennan skika, sem um er að ræða. Þetta er misskilningur, enda væri það harla óeðlilegt, þar sem íbúar „skikans" bera 70% af gjöldum hreppsins. Árið sem leið greiddu þeir 23600 kr. í útsvör. Eðilegra væri, að lóðareigendur þar vildu sameina þorpið Rvík, en ekki þeir, sem eftir eiga að sitja með sárt enni, þegar búið er að taka af hreppnum þann

hlutann, sem borið hefir uppi fjárhag hans.

Ég skal að endingu láta þess getið, að ég tel það ekkert óeðlilegt, þó þessi hluti Seltjarnarneshrepps væri sameinaður Rvík. Það má ekki skilja orð mín svo, að ég telji það nokkra goðgá, þótt um það sé talað. Ef hreppurinn vildi semja um þetta við Rvík af frjálsum vilja, mundi ég alls ekki vinna á móti því. En ég tel mjög óeðlilegt, að Alþingi skyldi þessa aðilja til samninga, eða láti taka hluta af hreppnum að honum nauðugum handa Rvík. Alþingi hefir sjálft sett reglur um, hvaða kringumstæður þurfi að vera fyrir hendi til þess að ákvarðanir megi taka um að breyta hreppatakmörkum, og þær kringumstæður eru ekki fyrir hendi hér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 43. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 89, n. 199 og 202).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv, HG, HK, HV, IngB, JÓl, MJ, MT, JörB.

nei: ÓTh, PO, SE, SvÓ, BÁ, EJ, HStef, HJ, JAJ, JS, LH, MG.

Þrír þm. (BSt, GunnS, JJós) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 14:5 atkv.

Brtt. 199 samþ. með 14 : 1 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 14:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:7 atkv.

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 366, 372).

Hákon Kristófersson: Ég hefi lagt fram brtt. við þetta frv. á þskj. 372, sem er fram komin í þeim tilgangi og með þeim huga, að ef þær verði samþ., þá verði þessu máli lokið á friðsamlegan hátt og svo, að allir aðiljar megi vel við una. Með brtt. er það meint, að þetta mál verði ekki afgr. nema með góðu samþ. aðilja. Fyrri liður brtt. er á þá leið, að á eftir orðinu „Seltjarnarneshrepp“ í 3. gr. frv. komi „og Kjósarsýslu“. Það segir sig sjálft, að þessi breyt. er alls ekki óviðkomandi sýslunni, og því er ekki nema eðlilegt, að hún eigi atkv. um málið. Síðari liður þessarar brtt. fer aftur á móti í þá átt að fella úr gildi frv., ef það samkomulag næst ekki, sem frv. byggist á, og er það raunar það, sem meint er, ef breytingin nær fram að ganga með góðu samkomulagi, og þarf ég ekki að fjölyrða um þetta meir.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Ég bjóst ekki við, að þetta mál kæmi svo fljótt á dagskrá hér í hv. d. og hefi því ekki komið því í verk að leita álits bæjarstjórnar Rvíkur eða borgarstjóra um einstök atriði frv.

Hvað snertir brtt. hv. þm. Barð., þá get ég tekið það fram, að ég get verið samþ. a-lið brtt. um það, að sýslan fái að greiða atkv. um málið, en hinsvegar get ég ekki fallizt á síðara liðinn, sem mér virðist beinlínis segja það, að engin lög eigi að koma í framkvæmd um málið, ef ekki fæst samþykki allra aðilja. Mér finnst það algerlega rangt að ganga fram hjá yfirlýstum vilja allmikils hluta hreppsbúa í Seltjarnarneshreppi, sem hefir sent óskir sínar til Alþingis um að mega sameinast Rvík. Vegna mögulegs ósamkomulags milli aðilja finnst mér ekki ástæða til að koma með breytingar við frv., því að allvel er búið um það mál í frv. eins og það er. Þar er ákveðið, að skipa skuli gerðardóm til þess að gera út um málið, ef samkomulag fæst ekki milli aðilja, og í þann gerðardóm á hæstiréttur, sem almennt mun vera álitinn hátindur réttlætis í landinu, að skipa oddamann. Einnig virðist mér, að síðari liður brtt. 372, ef hann verður samþykktur, gefi hreppsnefndinni í Seltjarnarneshreppi undir fótinn með að álíta, að hreppurinn þurfi alls ekki að taka þátt í neinum samningum og því vera til þess að stórspilla frv. Af þessum ástæðum vil ég leggja á móti því, að b-liðurinn verði samþ.

Hákon Kristófersson: Ég mótmæli því engan veginn, sem hv. 2. þm. Reykv. hefir haldið fram, að 2. liður minnar brtt. verði ef til vill til þess að tefja það, að þetta

mál verði leitt til lykta, en aftur á móti átti hún að tryggja, að það, sem gert yrði, væri með fullkomnu samkomulagi beggja aðilja, og að ekki yrði farin sú leið að láta löggjafarvaldið skerast í leikinn, fyrr en þrautreynt er, að samningar ekki takist. Ég get viðurkennt það, að báðir aðiljar hafa mikið til síns máls. En mér finnst örðugt að ætla að taka hluta af Seltjarnarneshreppi og leggja við Reykjavík án samþykkis hreppsins. Og af því að það er óhjákvæmileg nauðsyn fyrir framtíðina, að báðir aðiljar geti orðið sem ánægðastir með úrslit málsins, þá held ég nú, að hyggilegast sé, með hliðsjón af velvild til beggja aðilja, að samþ. mínar brtt.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson) [óyfirl.]: Það leiðir af sjálfu sér, að minni hl. n. er ánægður með brtt. hv. þm. Barð., og ég get tekið undir þá skoðun hans, að hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps muni einmitt sjá sér þann kost vænstan að ganga nú til samninga, er hún má búast við, að málið verði að öðrum kosti til lykta leitt með lögum.

Að því er snertir fyrirspurn þá, er ég gerði til hv. 2. þm. Reykv. við 2. umr., þá fellur hún niður, ef hv. þm. ætlar að samþ. 1. lið brtt. 372.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Það er algengur leikur hér á Alþingi, sem nú er leikinn í þessu máli, þegar sýnt þykir, að ekki sé hægt að hefta framgang einhvers máls, að koma þá með fleyga, sem reynt er að þrengja inn í frv., til þess að gera þau að engu. Það er ekki nema gott að fá viðurkenningu fyrir því, að þessar brtt. eru fram komnar til þess að ónýta málið, og við því er raunar ekkert að segja. Alþingi ræður úrslitum málsins. Og það ætti að hafa kjark til þess að sýna hreinar línur í málinu, án þess að fara nokkrar krókaleiðir.

Í sambandi við ræðu hv. 1. þm. Skagf. vildi ég spyrja hann, hvort beri að skilja orð hans svo, að hann mundi greiða atkv. með því á næsta þingi, að Seltjarnarnesið skyldi leggjast við Reykjavík, ef ekki hefðu þá enn tekizt samningar milli Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps. Ég er glaður yfir ræðu hv. þm., ef á að skilja hana þannig, því ég tel alveg sjálfsagt, að reynt sé til hlítar að fara samningaleið í þessu efni, ef mögulegt er. En á hinn bóginn virðist það mjög óskynsamlegt, ef Reykjavík þarf mjög nauðsynlega að fá þetta land, að hinn aðilinn skuli geta neitað öllum samningum. Það er nú einu sinni svo í okkar þjóðfélagi, að eignarrétturinn er nú ekki meir verndaður en það, að hægt er að skylda menn til að selja eignir sínar samkv. sanngjörnu mati, ef alþjóðarhagur er í veði. Ég vil taka það skýrt fram, að ég vil alls ekki, að farið sé hér fram með neinu ofbeldi. Ég vil, að hlutaðeigendur fái fullt gjald fyrir það land, sem þeir létu af hendi. En hér er um alveg samskonar tilfelli að ræða og þegar Reykjavík þurfti að fá nokkrar jarðir hér fyrir ofan. Ég fylgi alveg sömu stefnu nú og þá; ég vil, að Reykjavík fái landið, af því að henni er það nauðsynlegt, en ég vil, að fyllstu sanngirni sé beitt, og að eigendurnir fái fullt gjald fyrir og verði fyrir sem allra minnstum óþægindum.

Ólafur Thors: Ég get verið þakklátur hv. þm. Barð. Það var honum líkt að vilja, að það réði í málinu, sem réttlátast er. Hv. 1. þm. Reykv. talaði um, að hér væri verið að leika leik. Nei, hér er ekki um neinn leik að ræða. Það er verið að ræða um það, eða sama sem, hvort þessi hreppur á að afhenda Reykjavík gjaldstofn, sem gefur af sér 24 þús. kr. tekjur árlega til hreppsins, auk sýslugjalda.

Hv. þm. var að vona það, að hv. Alþingi hefði kjark í sér til að samþykkja þetta frv. Ég vil vona það, að Alþingi hafi aldrei þann kjark, sem til þess þarf að samþykkja, að hinn sterki megi kúgi hinn veika, sér til hagsmuna.

Hv. 2. þm. Reykv. segir, að það sé náttúrlegast, að íbúarnir í Skildinganesi ráði, og að þeir hafi þegar lýst yfir sínum vilja. En þetta er alveg rangt. Það hefir að vísu komið áskorun frá nokkrum hluta hreppsbúa, en íbúarnir þar eru um 450—500, og mikill meiri hluti þeirra hefir ekkert látið til sín heyra.

Ég get ekki annað en litið á það sem vott um ranglæti og hræsni, þegar menn eru að tala um það, að fullt gjald eigi að koma fyrir þetta land, — þegar menn

standa upp brosandi eins og englar og tala um það, að hlutaðeigendum skuli enginn óréttur ger. Hver getur sagt um það í dag, hvers virði þetta land verður í framtíðinni? Það er öllum vitanlegt, að landið stígur í verði dag frá degi, og það veit Reykjavík, og einmitt þess vegna sækir hún svo eftir því að fá það til eignar þegar í stað án allrar tafar.

Hv. 1. þm. Reykv. má ekki ganga út frá því, að þeir, sem fara vilja samningaleiðina í þessu máli nú, lofi því að vera með þvingunarlögum á næsta þingi. Þó nokkrir þm. hafi skipt um skoðun í þessu máli nú, þá eru margir, sem líta á þetta sem stefnumál. Og málið snýst um sjálfræði sveitarfélaganna, hvort þau eigi að halda því eins og hv. Alþingi gaf þeim það með sveitarstjórnarlögunum frá 1927. Ég vænti þess, að hv. Alþingi sé enn á sömu skoðun, og að það þess vegna samþ. brtt. á þskj. 372, en ef það fellir þær, þá felli það líka frv.

Frsm. minni hl. (Magnús Guðmundsson) [óyfirl.]: Hv. 1. þm. Reykv. vildi fá yfirlýsingu um það, hvort ég mundi fylgja þessu máli með vissum skilyrðum á næsta þingi. Ég hefi myndað mér skoðun í þessu máli, og hún er á þá leið, að ég vil ekki láta samþykkja lög um þetta efni, fyrr en Seltjarnarneshr. hefir samþ. sameininguna. En það, sem ég vildi benda á í síðustu ræðu minni, var það, að miklar líkur væru til þess, að hreppsnefndin sæi nú bráðlega þann kostinn vænstan að semja, þar sem alltaf fjölgaði þeim mönnum, sem vildu kúga þá til að láta af hendi landið.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Ég vildi gjarnan beina sömu spurningu til hv. þm. Barð., er hv. 1. þm. Reykv. beindi til hv. 1. þm. Skagf., um, hvort hann mundi á næsta þingi, ef hann nær kosningu, samþ. lög svipuð þessu frv., ef engir samningar hefðu tekizt á yfirstandandi ári, og vænti ég, að ekki standi á svari hv. þm., og því ótvíræðu. Annars langaði mig til að fá dálítið nánari útskýringu á ummælum hv. 2. þm. G.-K., þar sem hann var að tala um þetta umrædda land eins og einskonar gjaldstofn fyrir Seltjarnarneshrepp og Kjósarsýslu til þess að græða á. Það er eitthvað einkennilegt fyrirkomulag, ef útsvör og sýslusjóðsgjöld úr þessum hluta hreppsins geta skoðazt sem hreinar tekjur. Ef þessu er svo farið, sem helzt er að skilja af ræðu hv. þm., þá fer það ekki að verða neitt undarlegt, þó að hreppnum þyki sárt að sleppa nesinu, og að íbúarnir þar vilji fegnir komast í samband við Reykjavík, ef þeir eru notaðir sem tekjustofn, er gefur af sér 24 þús. kr. á ári, án þess að fá nein hlunnindi í staðinn fyrir þetta fé, eða að hreppurinn eyði engu fé til þeirra þarfa. Hv. þm. var að tala um 450—500 íbúa á þessu svæði, sem flestir hafi ekkert látið til sín heyra. Það getur verið, að íbúarnir séu þetta margir, ef talin eru börn niður að fæðingu, en nú hafa komið undirskriftir um 200 manna, sem mæla með frv. Hinsvegar hefir mótstöðumönnum frv. ekki tekizt að fá nema um 40 menn og félög til þess að mæla á móti því, og eru þar með taldir lóðaeigendur, sem búa hér í bænum, en eiga lóðir þar suður frá. Vilji íbúanna er ótvíræður, og það er hart, ef Alþingi ætlar enn einu sinni að láta hann eins og vind um eyrun þjóta.

Magnús Jónsson [óyfirl.]: Ég sagði ekki, að hv. Alþingi ætti að hafa kjark til þess að greiða atkv. með frv., heldur að það þyrfti að sýna hreinar línur. Það þarf líklega álíka mikinn kjark til þess að greiða atkv. með og móti frv.

Mér þykir vænt um að hafa fengið greinilegt svar frá hv. 1. þm. Skagf., þó að ég sé ekki ánægður með svarið. Eg hélt, eftir orðum hans í fyrri ræðu, að hann ætlaði að verða með frv., þegar útséð væri um samninga, en nú er það skýrt komið fram, að hann ætlar aldrei að vera með því, fyrr en samþykki allra hlutaðeigenda er fengið. Ef allir hugsa svo, þá er það bersýnilegt, að það er algerlega ómögulegt fyrir lögsagnarumdæmi að fá löggjafarvaldið sér til aðstoðar í nokkru tilfelli.

Hv. 2. þm. G.-K. talaði um, að það væri enginn leikur fyrir hreppinn og sýsluna að afhenda annan eins tekjustofn. Það liggur nú nærri,

að þetta verði að teljast svo ósæmilegt tal, að það sé naumast viðeigandi hér á þessum stað, að tala um menn eins og tekjustofn, sem hreppurinn og sýslan eigi aðeins að hafa til að græða á sem einskonar mjólkurkýr. Ef þessu er bókstaflega svona farið, þá fer að verða ofur skiljanlegt, hvers vegna hreppurinn vill ekki missa þessa menn, og hvers vegna þeir aftur á móti vilja gjarnan losna. — Hv. þm. var að tala um það, að ómögulegt væri að segja, hvers virði þetta land væri. En það er engin mótbára. Þeir óhlutdrægu menn, sem kjörnir verða til þess að meta þetta land, þeir geta náttúrulega alveg eins metið það of hátt eins og of lágt. Við vitum það allir, að þess vegna skaðast menn og ábatast af viðskiptum, að ekki er alltaf rétt metið. Af því skaðast menn og ábatast af viðskiptum, að þeir geta ekki sagt fyrir víst um verðið á hlutunum. En þessi óvissa mælir einmitt með sameiningunni við Rvík, því að verðbreytingin stafar beinlínis héðan. Það eru ekki líkur til, að Seltjarnarneshreppi eða Gullbringu- og Kjósarsýslu geri nokkuð til, að haggist verð þessa svæðis. Það er einmitt Rvík, sem á að gjalda eða njóta þess, sem breytist þar. Ef þarna fjölgar fólki og gjöld verða meiri, er það einungis vegna legu þessa staðar í útjaðri Rvíkur. — Hv. 2. þm. G.-K. talaði um lambið fátæka mannsins; orð hans vekja meðaumkun, en hún minnkar, þegar á það er litið, að það er annar, sem á að ala lambið. Þegar bær er þarna til orðinn vegna Rvíkur, miðast vöxtur hans við hana, og þá eru það aðrir, sem hirða afraksturinn af því. Einmitt allt þetta tal um það, hvers virði þetta svæði sé, mælir með því, að það verði lagt undir lögsagnarumdæmi Rvíkur.

Ég skal svo ekki þreyta þetta mál meira; ég hefi lítið barizt fyrir því, en hefi treyst á sannsýni hv. dm., að þeir sjái, að ekki verður spyrnt á móti broddunum, og sanngirni þeirra, að þeir samþykki þetta, því málinu er að smáaukast fylgi, — og að tala um kúgun í þessu sambandi, er firra ein.

Í stríðinu voru það vissir landshlutar, sem menn voru í vafa um, hvar ættu að lenda. Þá voru það nokkrir menn, sem innleiddu sjálfsákvörðunarrétt þeirra manna, sem bjuggu á svæðinu.

Ef um kúgun er að ræða í þessu sambandi, þá er það einungis það að ganga á móti vilja þeirra manna sjálfra, sem svæðið byggja. Eftir þeirra vilja verður að fara.

Hákon Kristófersson: Ég hélt, að þessi brtt. mín mundi ekki valda svo miklum umr. Ég þakka hv. 2. þm. G.-K. fyrir hin lofsverðu ummæli hans í minn garð, og er það rétt hjá honum, að þessi till. sé mér lík; ég hefi gert hina ýtrustu tilraun til samninga, en hitt veit hv. þm., að engar umr. hafa farið fram okkar á milli um þetta, og er ég enginn sendisveinn hv. 2. þm. G.-K. í þessu máli. Þetta vil ég taka fram sökum þess, að mér er ekki grunlaust um, að miður góðgjarnir menn hér í hv. deild líti svo á, að ég hafi flutt brtt. mínar samkv. beiðni hv. 2. þm. G.-K. Hv. 1. þm. Reykv. talaði um, að þetta væri fleygur, en þetta er sú hreinasta aðstaða, sem verið getur, að miða að því, að samningar fáist. Hv. þm. segir, að það sé engin kúgun, þótt lambið sé tekið frá fátæka manninum. Hv. þm. er auðsjáanlega vel að sér í biblíunni. En aðstaða mín er svo hrein í þessu máli, sem verið getur, því að ég vil vinna að vinsamlegu samkomulagi, og þá um leið því, að lambið sé ekki tekið frá fátæka manninum. Um það, hvort um tekjumissi er að ræða fyrir Seltjarnarnes, veit ég ekki, en ég býst við, að það sé ekki af óeigingirni, að Rvík vill fá þennan hluta hreppsins, og þau fríðindi, sem þar hafa vaxið upp, kannast ég ekki við, að séu Rvík að þakka. Þar hafa setzt að mörg rík félög, sem hreppurinn hefir tekjur af. Ég býst varla við, að þau hafi gert það fyrir Rvík að setjast þarna að.

Hv. 2. þm. Reykv. spurði um það, hvað ég gerði í málinu, ef ég væri hér staddur á næsta þingi, og þá sýndi sig, að ekki næðist samkomulag. Það er vel farið að hafa þann fyrirvara, ef ég yrði hér á næsta þingi, — en þá lofa ég því, að ef hv. 2. þm. Reykv. kemur fram með sanngirni, þá skal ég hugsa til málsins með velvilja, og vænti ég þess, að þá verði gott samkomulag milli mín og hv. þm., en ég mun þó reyna fyrst þessa leið.

Ólafur Thors: Ég skil ekki þá speki, sem 1. og 2. þm. Reykv. eru með, að þeim finnst það goðgá, að ég haldi því fram, að ákveðinn hluti úr hreppnum sé sérstakur tekjustofn hrepps og sýslu. Hugsið þið ykkur, að miðhluti Rvíkur væri skilinn frá öðrum hlutum bæjarins. — Haldið þið það væri ekki betra fyrir þá menn, sem þar stunda atvinnu og eiga þar lóðir, að vera út af fyrir sig, heldur en að vera gjaldstofn 28 þús. manna? Alveg það sama gildir um Skildinganes. — Aftur á móti væri verra fyrir Rvík að missa þennan hluta bæjarins, eins og það er verra fyrir Seltjarnarneshrepp og sýsluna að missa þennan hluta hreppsins, sem lagður yrði undir Rvík. Ég hefi aðeins sýnt fram á, að þarna er stór gjaldstofn fyrir hreppinn og sýsluna. Um þetta á ekki að þurfa að ræða, því þeir menn, sem ég á í deilum við, hljóta að skilja þetta. En annars er það svo, að þeir í hreppnum vilja hafa sitt sjálfstæði til að ákveða án íhlutunar Alþingis, hvort þeir ganga undir Rvík eða ekki.

Það er óþarft af hv. þm. Barð. að taka það fram, að hann hafi ekki borið fram þessar till. mín vegna. Ég hafði ekki hugmynd um, að hann væri að hugsa um þessar till., fyrr en ég las þær.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að hann væri andvígur allri kúgun í þessu efni, en þetta frv. verður alltaf kúgun, meðan réttir aðiljar vilja ekki láta þennan hreppshluta af hendi. Hreppurinn og sýslan eru aðiljar, sem ekki vilja ganga inn á innlimunina. Það er ekki heldur ljóst, hvað íbúarnir vilja í þessu efni; það hafa ekki komið fram óyggjandi rök fyrir því. Það eru 106 af 400—500 manns, sem segjast vilja innlimast, og þar af eru 70 innflytjendur. Ef heildin af mönnum, sem verið hafa lengi í hreppnum, vill samþykkja þetta, því þá ekki að fá hluta af þeim til að láta umsögn falla um það. Af 100 innflytjendum eru 70 með frv., en einir 36 af 300—400 eldri íbúum hreppsins. Þetta bendir til þess, að íbúarnir vilji ekki sameinast Rvík. Ég álít því, að þetta sé kúgun.

Ég játa það, að það er erfitt að ákveða andvirði hluta, en það er augljóst um þetta, sem hér á að ganga kaupum og sölum, að það er að hækka í verði ár frá ári, en óvíst, hve mikið. Það er ekki rétt ályktað hjá hv. þm., að Rvík eigi allar rætur þess vaxtar, sem þarna verður, og jafnvel þótt það væri rétt, þá er ekki víst, að hann fái meiri hl. þd. til að draga þá ályktun, sem hann sjálfur dró, að af því mætti ráða, að það eina rétta væri að samþykkja frv. Því ef svo er, þá má segja, að þróun Gullbringu- og Kjósarsýslu hafi átt rætur í þróun Rvíkur, og með sama rétti má segja, að Rvík megi leggja undir sig þær sýslur landsins, sem henni þóknast og svo stendur á um. Ég álít, að þetta sé nokkuð hál braut, sem þessi og þvílíkur hugsunarháttur mundi leiða hv. þm. inn á.

ATKVGR.

Brtt. 372, a. samþ. með 19 shlj. atkv.

— 372, b. felld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, BÁ, HStef, HJ, HK, JAJ, JS, LH, MG, ÓTh, PO, SE, SvÓ.

nei: BSv, EJ, GunnS, HG, HV, IngB, JJós, JÓl, MJ, MT, SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, JörB.

Frv. fellt með 14 :14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, IngB, JJós, JÓl, MJ, MT, SÁÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv, GunnS, HG, JörB.

nei: HK, JAJ, JS, LH, MG, ÓTh, PO, SE, SvÓ, BSt, BÁ, EJ, HStef, HJ.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Fjárlög 1932.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1932 (stjfrv., A. 1).

Á 6. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég verð að byrja á því að víkja lítið eitt að búningi þessa frv., vegna þess, að það er samið eftir öðrum reglum að formi til en fyrri fjárlagafrv. Þessi formbreyt. stendur í sambandi við þær endurbætur á ríkisbókhaldinu og ríkisreikningi Íslands, sem að nokkru leyti er búið að koma á og sumpart standa yfir og ætlazt er til, að staðfestar verði í fjárlögum og lögum um bókhald og endurskoðun ríkisins. Er frv. til þeirra laga borið fram á þessu þingi.

Aðalbreytingarnar frá fyrri frumvörpum eru þrjár:

1. Inn í frv. er aðeins tekinn nettóhagnaður og nettótap af rekstri ríkisstofnananna.

Hingað til hafa sum ríkisfyrirtæki verið færð á fjárlög með nettótekjur eða nettótap, svo sem víneinkasala, rekstur ríkisskipa o. fl., en önnur með brúttótekjur og útgjöld þeirra gjaldamegin, svo sem sími og póstur. Í þessu er ósamræmi, sem sjálfsagt er að lagfæra, svo að skýrari mynd fáist af tekjum og gjöldum ríkissjóðsins. Verður að telja eðlilegra að nota það fyrirkomulag, sem hér er tekið upp, þar sem fyrirtækin skila aðeins afgangi sínum í ríkissjóðinn eða taka það, sem á vantar, að tekjur standi straum af gjöldum. Þá fæst og með þessu móti skýrara yfirlit um rekstrarafkomu hverrar stofnunar en áður var. Þetta skipulag er í samræmi við gildandi form annara ríkja um þessi efni.

2. Kaflaskipting frv. er breytt þannig, að í stað þess, sem fjárlögin hafa áður verið í 2 köflum, er þetta frv. í 3 köflum. Má þó í rauninni skipta frumvarpinu í 2 aðalhluta.

Fyrri hlutinn er um fjárveitingar og áætlanir þær, sem áhrif hafa á rekstrarniðurstöðu þjóðarbúsins, og er sá hluti undirstaðan að rekstrarreikningi ríkisins.

Síðari hlutinn, sem er 3. kafli frv., er um þær fjárveitingar, sem og áætlanir, sem ekki hafa áhrif á rekstrarútkomu, og því eru niðurstöðutölur tilsvarandi hluta í ríkisreikningi færðar á yfirlit um út- og innborganir, til þess að sýna greiðslujöfnuðinn. Með þessu fyrirkomulagi er auðvelt að sjá, hversu mikið fé fer til beinna eyðsluútgjalda og hve mikið til að afla nýrra verðmætra eigna, eða lækka skuldir. Ennfremur er hægt að sjá, hve mikið af því fé, sem ríkið fær til ráðstöfunar árlega, eru beinar tekjur þess, og hve mikið vegna eignasölu, lána eða afborgana af útistandandi skuldum þess. Eins og gerð er grein fyrir í 27. gr. frv., þar sem dregnar eru saman niðurstöður þess, finnst áætlaður greiðslujöfnuður ríkissjóðsins með því að leggja saman útkomu beggja aðalhluta þess, og sú tala, sem nefnd er greiðslujöfnuður í þessu frv., er algerlega hliðstæð þeim tölum í fyrri fjárlagafrumvörpum, sem nefndar hafa verið tekjuafgangur eða tekjuhalli.

3. Sú breyt. er tekin upp, að í frv. er ætlað fyrir fyrningu á eignum ríkisins. Verður það að teljast nauðsynlegt, til þess að hægt sé að áætla rekstrarniðurstöðu þjóðarbúsins. Er fyrningin miðuð við tillögur forstöðumanna hinna ýmsu

ríkisstofnana, þar sem um sérstæðar eignir er að ræða, en fyrning á húsum er áætluð 2% af timburhúsum og 1% á steinhúsum, og er þá brunabótamat aðallega lagt til grundvallar. Um þetta frv. vil ég ennfremur taka það fram, að form þess er skapað af mönnum, sem fyrir tilmæli stj. hafa undanfarið verið að vinna að því að koma nýju skipulagi á allt reikningshald ríkisins. Þessir menn eru Eysteinn Jónsson skattstjóri og Björn Steffensen endurskoðandi. Hafa þeir lagt í það mikla vinnu og kynnt sér sérstaklega fyrirkomulag þessara mála hjá nágrannaþjóðum vorum. Um síðastl. nýár var komið á nýtízku bókhaldi fyrir ríkissjóðinn, og er þess vænzt, að á yfirstandanda ári verði þessum málum komið í sæmilegt horf og að ríkisreikningar fyrir 1931 geti orðið fullkomnir að formi og aðgengilegri en hingað til hefir verið. Ennfremur er þess að vænta, að nokkrar endurbætur verði hægt að gera á reikningi ársins 1930, sérstaklega að því er snertir efnahagsreikning ríkisins.

Stj. hefði helzt kosið að koma fram með fjárlagafrv. í þessu formi á síðasta þingi, en þá var ekki komið svo langt undirbúningi bókhaldsendurbótanna, að slíkt væri hægt. Þó ætti ekki að vera útilokað, að mögulegt væri að semja landsreikninginn fyrir 1931 eftir þeim grundvallarreglum, sem hér eru settar, þó ekki sé fjárlagafrv. fyrir það ár í þessum búningi.

Sé eldra form fjárl. lagt til grundvallar, þá eru tekjurnar í þessu frv. áætlaðar kr. 12373600,00 og gjöldin kr. 12211-217,00. — Tekjuafgangur því rúmlega 162 þús. kr. Við áætlun teknanna er gert ráð fyrir sömu tekjustofnum eins og undanfarið, jafnvel þótt verðtollurinn falli úr gildi um næstu áramót. En þar sem telja má víst, að þingið geri ráðstafanir til þess, að tekjustofnar ríkissjóðs verði ekki rýrðir, þá þótti rétt að reikna með því, að verðtollur í einhverri mynd yrði í gildi árið 1932. Frumvörp um alla helztu skatta og tolla ríkissjóðs eru lögð fyrir þetta þing, og vil ég mega vænta þess, að þau fái góðar viðtökur. Myndu tekjur ríkissjóðs, ef frumvörp þessi verða samþ., standa á fastari grundvelli en þær gera nú.

Ég sé ekki ástæðu til þess að tala um einstaka liði í tekjukafla frv. Þetta er allt áætlun fram í tímann, og á þessari stundu verður ekkert um það fullyrt, hvort tekjuáætlunin í heild sinni muni reynast hæfilega sett. Þó er það mín skoðun, að fullhátt sé farið í frv. eins og horfurnar eru nú sem stendur og að þingið megi alls ekki hækka tekjurnar á pappírnum, heldur verður að fara þá leið, að draga úr útgjaldaliðunum enn meira en þegar hefir verið gert. Ég tók það fram á síðasta þingi, að vegna þeirra miklu útgjalda, sem með sérstökum lögum eru sett á ríkissjóðinn, þá væru miklir erfiðleikar á því að geta látið tekjurnar hrökkva, ef ekki væri betra en meðaltekjuár. Þeir erfiðleikar, sem á þessu voru í fyrra, eru engu minni nú. Kemur þar einkum tvennt til greina: Í fyrsta lagi, hversu aðalatvinnuvegir þjóðarinnar standa nú höllum fæti í baráttunni við hátt kaupgjald og lágt markaðsverð, sem óhjákvæmilega hlýtur að valda rýrnun á tekjum ríkissjóðs, og í öðru lagi aukning vaxta og afborgana, sem að miklu leyti stafar af fjármálaóhöppum þess tímabils, sem liðið er síðan heimsstyrjöldinni lauk.

Að því er viðkemur gjaldahliðinni geri ég ráð fyrir því, að þm. hafi veitt því eftirtekt, að í frv. eru ekki ætlaðar fjárveitingar til bygginga þjóðvega, brúa og símalagninga. Hinsvegar er ætluð allrífleg upphæð til sýsluvega og nokkur upphæð til einkasíma. Þótti rétt að láta það sitja fyrir að leggja fram fé til þeirra framkvæmda, sem héruð og einstaklingar treysta sér til að leggja fram fé á móti.

Vitanlega væri æskilegast að þurfa ekki að láta niður falla neitt af þeim verklegu framkvæmdum, sem til umbóta horfa. En með þeim tekjum, sem vænta má að fyrir hendi verði árið 1932, sýnist ekki fært að leggja út í meiri framkvæmdir en gert er ráð fyrir í frv. Því má heldur ekki gleyma, að þó ekki sé ætlað fé til nýbygginga vega, þá má gera ráð fyrir, að ríkissjóður verði að greiða á fjárlagaárinu til viðhalds og umbóta á þjóðvegum upphæð, sem nemur um 500 þús. kr. Verða þá framlög ríkissjóðs til vega, þegar sýsluvegir eru meðtaldir, um 600 þús. kr.

Nú er það alkunnugt, að síðustu árin hefir verið óvenju mikið unnið að símalagningum, vega- og brúagerðum. Ætti þess vegna frekar að vera hægt að una við það, þó dregið sé úr þessum framkvæmdum í bili, enda þótt ærin verkefni séu að vísu fyrir höndum.

Svo sem bert er af frv. og ég hefi áður vikið að, hafa vaxtaútgjöldin hækkað mikið. Meginhluti þessarar útgjaldahækkunar hefir sína forsögu, sem eigi getur orðið rakin hér nema að litlu leyti. Á síðastl. áratug er talið, að fram hafi komið hjá báðum bönkunum, Landsbankanum og Íslandsbanka, skuldatöp, sem nema ca. 33 millj. kr. Verður hér eigi rakin saga þessara tapa, en vera má, að ástæða gefist til þess síðar á þessu þingi.

Afleiðingar tapanna hafa verið að koma í ljós síðustu árin á þann hátt, að fjárþröng bankanna hefir stöðugt aukizt, og snemma á síðastl. ári komst Íslandsbanki í algert þrot. Á rústum hans var svo Útvegsbankinn stofnaður og honum lagt til frá ríkinu 4½ millj. kr. í hlutafé. Tók hann jafnframt við eignum og skuldum Íslandsbanka.

Hag Útvegsbankans er þann veg háttað, að eigi verður búizt við arðgreiðslum þaðan fyrst um sinn. Þetta hlutafjárframlag veldur ríkissjóði auknum útgjöldum í vöxtum og afborgunum, sem nema ca. 550 þús. kr. á ári. Er sú upphæð 75 þús. kr. hærri en veitt er í gildandi fjárl. til nýbygginga þjóðvega og brúargerða í landinu. Má raunar segja, að þessi útgjaldaaukning hafi verið yfirvofandi árum saman vegna sífelldra fjárhagsörðugleika Íslandsbanka, svo að hér sé ekki um raunverulega breytingu að ræða.

Afleiðingar ógætilegrar bankamálastjórnar fyrri ára koma nú betur og betur í ljós. Hér á landi mun vera meiri munur út- og innlánsvaxta bankanna en í nágrannalöndunum, og þótt bankarnir græði með því móti mörg hundruð þús. kr. árlega á því fé, sem þeir lána skilamönnum í landinu, hefir það ekki nægt til að standast töp á vanskilamönnum. Hefir ríkið af þessum orsökum orðið að leggja fram síðustu 3 árin 7½ millj. kr. til bankanna. En alls hefir ríkissjóður greitt til þeirra:

Til Útvegsbankans (hlutafé) ..	4,5 millj.
— Landsbankans, nýtt stofnfé	3,0 —
Ennfremur til Landsbankans (eldra stofnfé)	1,7 —
Alls kr.	9,2 millj.

Af þeim 3 millj., sem ríkið lagði Landsbankanum í stofnfé, greiðir hann 6% vexti. En af 6,2 millj. getur ríkið ekki gert sér vonir um að fá neina vexti í náinni framtíð. Eigi verður með vissu um það sagt, hvort eða hversu mikið af því fé, sem ríkið hefir lagt til bankanna, kann að vera tapað til fulls. Það fer vitanlega eftir því, hvernig bankarekstrinn gengur. En hversu sem fer um þessi mál í framtíðinni, þá er víst, að ríkissjóði er nú stórlega íþyngt með framlögum þeim, sem hann hefir orðið að inna af höndum vegna bankanna, svo að slíkt hlýtur að hafa áhrif til lækkunar á fjárveitingar til verklegra framkvæmda.

Þá skal ég samkvæmt undanfarinni venju gefa yfirlit yfir fjárhagsástandið síðastl. ár, eftir því, sem næst verður komizt. Greiðslum, sem tilheyra árinu 1930, er ekki að fullu lokið enn og verður því að hafa fyrirvara nokkurn um einstaka liði.

Bráðabirgðauppgerð á tekjum og gjöldum ríkissjóðs árið 1930.

Tekjur:

		Fjárlög	Reikn.
2. gr.	1. Fasteignaskattur	250000	284515
	2. Tekju- og eignarskattur	1200000	1734766
	3. Lestagjöld af skipum	40000	52734
	4. Aukatekjur	450000	608143
	5. Erfðafjárskattur	30000	65418
	6. Vitagjald	350000	500037
	7. Leyfisbréfagjöld	10000	24746

		Fjárlög	Reikn.	
	8. Stimpilgjald	325000	445511	
	9. Skólagjöld	15000	10000	
	10. Bifreiðaskattur	60000	111543	
	11. Útflutningsgjöld	1075000	1092413	
	12. Áfengistollur	350000	752495	
	13. Tóbakstollur	950000	1287414	
	14. Kaffi- og sykurtollur	850000	1047217	
	15. Annað aðflutningsgjald	200000	287900	
	16. Vörutollur	1350000	1951255	
	17. Verðtollur	1500000	2268608	
	18. Gjald af sætinda- og brjóstsykurgerð	35000	145768	
	19. Pósttekjur	450000	600000	
	20. Símatekjur	1580000	2023000	
	21. Víneinkasala	450000	1250000	
				16543483
3. gr.	1. Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs	30000	30000	
	2. Tekjur af kirkjum	100		
	3. Tekjur af silfurbergi	1000		
	4. Legkaup til dómkirkjunnar í Reykjavík	3500	3000	
				33000
4. gr.	1. Tekjur af bönkum	15000		
	2. Vextir af bankavaxtabréfum	23000	21919	
	3. Væntanl. útdr. af þeim bréfum	24000	34100	
	4. Vextir af innstæðum í bönkum	8000	10825	
	5. Vextir af viðlagasjóði	60000		
	6. Aðrir vextir	75000	24750	
				91594
5. gr.	1. Óvissar tekjur	50000	30000	
	2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	10000	35000	
	3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	20000	24866	
	4. Skemmtanaskattur	75000	75000	
	5. Tekjur Menningarsjóðs	15000	15000	
				179866
	Frá Landsverzlun			400000
				17247943

Gjöld:

		Fjárlög	Reikn.	
7. gr.	Greiðslur af lánum:			
	I. Vextir	545930	719877	
	II. Afborganir	649606	704599	
	III. Framlag til Landsbankans	100000	100000	
				1524476
8. gr.	Borðfé konungs	60000		73200
9. gr.	Kostnaður við Alþingi	229350		325000
10. gr.	I. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.	210100	292147	
	II. Hagstofan	55500	57353	
	III. Utanríkismál o. fl.	62000	98542	
				448042
11. gr.	A. Dómgæzla og lögreglustjórn	702200	1313180	
	B. Sameiginl. kostn. við embættisrekstur	192000	324560	
				1637740

Fjárlög 1932.

		Fjárlög	Reikn.	
12. gr.	Læknaskipun og heilbrigðismál	702875		670042
13. gr.	Til samgöngumála:			
	A. Póstmál	509500	595825	
	B. Vegamál	1002350	1565000	
	C. Samgöngur á sjó	375500	440000	
	D. Hraðskeyta- og talsímasamband	1575000	1946600	
	E. Vitamál og hafnargerðir	367400	525819	
				5073244
14. gr.	Kirkju- og kennslumál:			
	A. Andlega stéttin	314650	319167	
	B. Kennslumál	1243650	1505670	
				1824837
15. gr.	Til vísinda, bókmennta og lista	303660		342546
16. gr.	Verkleg fyrirtæki	1535960		1840743
17. gr.	Til almennrar styrktarstarfsemi	791300		800875
18. gr.	Eftirlaun og styrktarfé	226893		237455
19. gr.	Óviss útgjöld	100000		379653
20. gr.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	10000		56290
23. gr.	Heimildarlög			497877
25. gr.	Sérstök lög, fjáraukalög og þingsál.			1433990
	Tekjuafgangur			81933
				17247943

Eins og þetta yfirlit sýnir, hafa ýmsir liðir bæði tekju- og gjaldamegin farið allmikið fram úr áætlun.

Tekjumegin eru það sérstaklega þessir:

	þús. kr.
Tekju- og eignarskattur	534
Aukatekjur	158
Vitagjald	150
Stimpilgjald	120
Bifreiðaskattur	51
Áfengistollur	400
Tóbakstollur	337
Kaffi- og sykurtollur	197
Annað aðflutningsgjald	87
Vörutollur	601
Verðtollur	768
Sætinda- og konfektgerð	110
Pósttekjur	150
Símatekjur, þar með taldar eftirstöðvar frá f. á., 165 þús., sem ekki voru þá taldar með tekjum ríkissjóðs	443
Víneinkasalan	800

Gjaldamegin hafa umframgreiðslur orðið þessar helztar:

	þús. kr.
7. gr. Vextir og afborganir	228
9. — Alþingi	96
11. gr. Dómgæzla og lögreglustjórn	506
13. — Samgöngumál	1243
14. — Kirkju- og kennslumál	238
16. — Verkleg fyrirtæki	337
19. — Óviss útgjöld	280

Auk þess eru gjöld utan fjárl. samkv. eldri og yngri lögum, þingsályktunum og fjáraukalögum, er nema samtals kr. 1930 þús.

Umframgreiðslurnar á einstökum gr. sundurliðast þannig í aðalatriðum:

7. gr. Upphæðin stafar að töluverðu leyti af vöxtum og afborgunum á þeim hluta enska lánsins, sem ríkissjóður tók á sig vegna ráðstafana Alþingis út af Íslandsbanka.

11. gr. **Landhelgisgæzlan** 155 þús.

Vinnuhælið 70 þús. Alls hefir verið greitt til hælisins ca. 80 þús. kr. Eftir því, sem næst verður komizt nú, er rekstrarhalli hælisins um 10 þús. kr. Hefir því þessum 70 þús. kr. verið varið til byggingar húss handa forstöðumanni og til endurbóta á hælisbyggingunni sjálfri og jörðinni.

Sakamálakostnaður og lögreglumála 104 þús.; þar í er talinn kostnaður við lög- og tollgæzlu úti um land. Hefir ekki

verið ætlað fyrir kostnaði þessum, enda þótt reynslan hafi sýnt, að hann sé nauðsynlegur og til stórmikilla hagsbóta fyrir ríkissjóðinn.

Eyðublaðakostnaður, fasteignamat og skattvirðingar 108 þús. Stafar umframgreiðslan einkum af fasteignamatinu, þar sem allt of lítið hefir verið áætlað fyrir þeim kostnaði.

13. gr. **Pósturinn** 86 þús. Aðallega stafar þessi hækkun af auknum rekstrarkostnaði stofnunarinnar, sem er eðlileg afleiðing vaxandi póstviðskipta, sem aftur á móti ætti að gefa auknar tekjur, þannig, að rekstrarniðurstaða stofnunarinnar yrði sízt lakari en áður.

Vegir og brýr 563 þús. kr. Enda hefir verið meira unnið að vega- og brúargerðum á síðastl. ári en nokkurntíma fyrr í sögu landsins.

Samgöngur á sjó 64 þús. kr. Stafar hækkunin að miklu leyti af rekstrarhalla á Esju frá árinu 1929, sem útborgaður var 1930. Rekstrarafkomu ríkisskipanna árið 1930 kem ég síðar að.

Síminn 372 þús. kr. Að mestu leyti nýjar símalagningar.

Vitar og hafnargerðir 158 þús.

14. gr. **Barnafræðsla** 130 þús. Hækkunin stafar að miklu leyti af hækkuðum kennaralaunum samkv. lögum frá 1930.

Byggingarstyrkur héraðsskóla og húsmæðraskóla 45 þús.

16. gr. Gjöld samkv. jarðræktarlögunum. Jarðabótastyrkur 240 þús. Flutningskostnaður á tilbúnum áburði 70 þús. kr. Landmælingar 27 þús.

19. gr. Endurgreiddur tollur nemur 100 þús. kr. Gengismunur 20 þús. Sjóvarnargarður á Sauðárkróki 15 þús. Sauðnautakaup 8000. Greiðsla til Páls Torfasonar fyrir milligöngu um enska lánið 1921, sem greitt var samkv. áskorun meira hl. þingmanna, 10 þús. kr.

Stærstu upphæðirnar, sem greiddar hafa verið samkv. sérstökum lögum og heimildum þingsins, eru þessar:

	þús. kr.
Þingvallavegur	338
Til Eimskipafél. (styrkur)	85
Til stofnunar mjólkurbúa	42
Til Flóaáveitu	161
Byggingarstyrkur héraðsskóla	203
Rekstrarstyrkur	71
Alþingishátíðin	594
Vestmannaeyjahöfn	27
Sjómælingar	31
Eftirlit með bifreiðum og verksmiðjum	28

Eins og yfirlitið um tekjurnar sýnir, eru allmiklar umframtekjur af vöruinnflutningum, og sama var reynslan undanfarin ár. Þetta gefur að vísu ríkissjóði miklar tekjur, en er þó tvíeggjað sverð, því hvenær sem að því kemur, að framleiðsla landsins rýrnar til muna að vöxtum eða verðmæti, verður ekki staðið í skilum með greiðslu á úttekt þjóðarinnar erlendis. Og nú hefir það að borið á síðastl. ári, að þrátt fyrir fádæma mikil aflabrögð og óvenjumikla framleiðslu þjóðarinnar yfirleitt, þá vantar nú 9—10 millj. kr. til þess að útflutningurinn jafnist við innflutninginn.

Afleiðingarnar af þessu eru nú komnar strax í ljós. Fjárkreppa er skollin yfir, sem óhjákvæmilega hlýtur að lama framkvæmdalíf þjóðarinnar að meira og minna leyti um ófyrirsjáanlegan tíma.

Á bönkunum kemur kreppan hart niður, því atvinnuvegirnir hafa ekki getað skilað aftur til þeirra þeim peningum, sem lánaðir voru til rekstrarins árið 1930. Þessi fjárþröng og viðskiptakreppa, sem nú hefir heimsótt okkur, er ekkert sérstæð fyrir Ísland. Allar þær þjóðir, sem við höfum bein eða óbein skipti við, hafa við engu minni örðugleika að stríða um framleiðslu, verzlun og atvinnu. Það er viðurkennt sem lögmál, að slík krepputímabil koma við og við á misjafnlega löngu árabili. Hér er því ekkert að gerast annað en það, sem áður hefir skeð og búast mátti við. Íslenzka þjóðin er í svo nánu og hlutfallslega miklu sambandi við umheiminn, að það er gersamlega útilokað, að hún geti farið varhluta af þeim erfiðleikum, sem þar eru ríkjandi.

Þessu næst skal skýrt frá lántökum ríkissjóðs á árinu og skuldum hans í árslokin 1930 í aðaldráttum.

Snemma á árinu voru tekin tvö ný lán. Var annað þeirra vegna útvarpsstöðvarinnar, en hitt vegna byggingar nýrrar landssímastöðvar og bæjarmið-

stöðvar. Eru hvortveggja lánin tekin samkv. ákvörðun þingsins.

Útvarpsstöðvarlánið er tekið hjá Marconifélaginu í London, að upphæð 28 þús. £ með 6½% vöxtum og afborgist á 5 árum. Er fyrstu afborgun þegar lokið.

Landssímastöðvarlánið er tekið hjá Telefonaktiebolaget L. M. Ericsson í Stokkhólmi, að upphæð 55 þús. £. Eru vextir af því 6% og afborgist á 15 árum.

Stærsta lánið var tekið 7. nóv. hjá Hambros Bank London. Það er að upphæð, eins og kunnugt er, 540 þús. £, eða tæpar 12 millj. ísl. kr. Lánið er tekið til 40 ára og er afborgunarlaust fyrstu 5 árin. Vextir af því eru 5½%, en útboðsgengi 96½%. Stimpilgjald, sem greiða verður brezka ríkinu, er 2%. Umboðsþóknun bankans fyrir að ábyrgjast sölu skuldabréfanna og standa straum af umboðskostnaði lánsins o. fl. er 2%. Útborgunargengi verður þá 92½% og raunverulegir vextir rúmlega 6%. Umboðsmaður stj. við lántökuna var Magnús Sigurðsson bankastjóri Landsbankans. Verður lánssamningurinn lagður fyrir fjárhagsnefndir þingsins, og hafa þingmenn aðgang að honum þar til athugunar.

Um ráðstafanir þessa lánsfjár skal þetta tekið fram í aðaldráttum:

Lánsupphæð: £540000, gengi 92½ ísl.	kr.	11055000
Af því liggur í Hambros Bank til fyrstu vaxtagr. ca.	—	265000
	Kr.	10790000

Falla þá eftirtaldar upphæðir í hlut þessara stofnana:

Landsbankinn	kr.	3000000	
Búnaðarbankinn	—	3600000	
Síldarbræðslan	—	1300000	
Landsspítalinn	—	847000	
Arnarhvoll (skrifstofubyggingin)	—	351000	
Súðin	—	231000	
Útvarpið	—	152000	
			— 9481000
Inn í ríkissjóðinn til ráðstöfunar þaðan			— 1309300

Verður ekki tekin ákvörðun um þá upphæð fyrr en séð verður um útkomu yfirstandandi árs.

Í þessu sambandi skal ég taka fram, að á rekstrarreikning ríkissjóðs 1930 eru færðar 2 upphæðir, sem lánsheimild er fyrir. Er það Þingvallavegurinn, 338 þús. kr., og stofnkostnaður héraðsskóla 203 þús. Þykir ekki fært að færa þetta á lánareikning, þar sem hér er ekki um varanlega eign að ræða til handa ríkissj.

Þar sem nú hefir verið gerð grein fyrir lántökum ársins 1930, mun ég gefa yfirlit um skuldir ríkissjóðsins. En áður en ég hverf að því, vil ég við þetta tækifæri skýra frá því, að á þessu ári, í sama mund og verið var að leita eftir lánsfé í útlöndum handa ríkissjóði samkv. eindregnum fyrirmælum Alþingis, var af einstökum blöðum hér í landi hafin árás á lánstraust ríkisins. Kvað svo rammt að þessu, að útlend blöð fóru að veita því athygli, og jafnvel flytja greinar um það. Sem betur fór mun þetta þó ekki hafa haft áhrif á þá menn, sem einhvers voru megnugir um fjármál, og fyrir góðra manna íhlutun munu þessi blaðaskrif ekki hafa valdið skaða. Ég minnist á þetta vegna þess, að þetta tiltæki er svo einstakt. Þetta hefir aldrei komið fyrir síðan Íslendingar fengu fjárforræði, og vonandi verður aldrei framar þvílík pólitík rekin.

Undanfarið hefir nokkuð um það verið deilt, hverjar hafi verið skuldir ríkissjóðs einstök ár, og hversu lán þau, er ríkissjóður hefir tekið, skuli bókfærð.

Þar sem deilur um þessi efni eru óviðunandi og úr þeim þarf að skera til þess að grundvöllur undir fjármálaumræðum verði réttur, hefir hagstofan, fyr-

ir tilmæli mín, gert yfirlit um skuldir ríkisins frá 1921—29.

Hefir hagstofan skipt skuldunum í tvo aðalflokka eftir eðli þeirra og uppruna. Annarsvegar eru taldar þær skuldir, sem stofnaðar eru vegna sjálfs ríkissjóðsins og hans fyrirtækja, en hinsvegar þær, sem ríkissjóður hefir stofnað vegna banka landsins og annara sjálfstæðra fyrirtækja. Er skipting þessi glögg og eðlileg. Ber að gera glögg skil á milli þeirra lána, sem ríkissjóður tekur til afnota í sín fyrirtæki, og hinna, er hann tekur sem milliliður banka og annara stofnana og erl. lánveitenda. Fer hér á eftir yfirlit hagstofunnar (d. 131—134).

Samkv. þessu yfirliti hafa skuldir ríkisins verið vantaldar um nær 12 millj. kr. í árslok 1926 og rúmlega 16½ millj. kr. í árslok 1927. Stafar þetta af því, að mörg lán voru alls eigi talin með skuldum ríkisins, og ennfremur voru ýms þeirra lána, sem með voru talin, of lágt tilfærð, þar eð eigi var tekið tillit til gengismunar innlendrar og erlendrar myntar. Voru þær skuldir, sem tilfærðar voru á landsreikningum 1926 og 1927, taldar fullri 1 millj. kr. of lágt bæði árin.

Í landsreikningnum 1929 voru skuldir ríkisins færðar á réttan hátt, og var yfirlit þetta síðan samið af hagstofunni til þess að glöggur samanburður fengist um skuldirnar einstök ár.

Við athugun skýrslu þessarar kemur það fljótt í ljós, að frá því 1927 hafa skuldir vegna banka hækkað um tæpar 3 millj. kr. til ársloka 1929, og er ástæðan til þess stofnfjárframlag til Landsbankans.

Á sama tíma hafa aðrar skuldir ríkissjóðs lækkað um ca. 700 þús. kr.

Þá hlýðir að gera nokkra grein fyrir skuldum ríkissjóðs í árslok 1930. Hefi ég látið reikna þær út og skipt í 2 aðalflokka, nákvæmlega á sama hátt og hagstofan hefir gert fram til ársloka 1929. Eru í fyrra flokki skuldir ríkissjóðsins sjálfs og hans fyrirtækja, en í þeim síðara skuldir vegna banka og annara sjálfstæðra fyrirtækja (þar með talin síldarbræðslan).

Í árslok 1930 voru skuldirnar þessar:

Skuldir vegna ríkissjóðsins og hans fyrirtækja .... kr. 15130000
Skuldir vegna banka og annara sjálfstæðra fyrirtækja ..... — 25080000

Allar skuldir ríkisins kr. 40210000

Séu þessar niðurstöður bornar saman við skuldirnar í árslok 1927, kemur í ljós, að skuldir vegna ríkissjóðsins hafa hækkað um ca. 2774000. Þar af er lán til símstöðvar ca. 1218000 kr. og útvarpsstöðvar ca. 260000 kr. Tæplega 1 millj. kr. af hækkun skulda er því fram komin vegna skrifstofubyggingar ríkisins, landsspítalans, Súðarinnar o. fl. stórframkvæmda. En svo sem fjárlagafrv. ber með sér, mun skrifstofubyggingin fyllilega standa straum af því fé, er í hana hefir verið lagt, og gera má ótvírætt ráð fyrir, að sú bætta aðstaða símans, sem nýja byggingin og ný tæki veita, valdi tekjuauka, er fyllilega svari til þess fjár, sem til hans hefir verið lagt.

Vegna stórframkvæmda þeirra, sem orðið hafa á síðustu árum, hefir skuldaaukningin, sem ríkissjóður verður að bera hita og þunga af, því orðið sem næst 1,2 millj. kr. Helztu framkvæmdirnar, sem valdið hafa þessari skuldaaukningu, eru: Útvarpsstöðin, strandferðaskipið og landsspítalinn. Allar eru þessar framkvæmdir unnar samkv. heimildum eða ákvörðunum Alþingis og eru til þjóðnytja.

Skuldir vegna banka og sjálfstæðra fyrirtækja hafa aukizt um 9,4 millj. Er það stofnfé Landsbankans, lánshluti Búnaðarbankans og Síldarbræðslunnar. Ennfremur 1,5 millj. kr., sem teknar voru að láni til kaupa á hlutabréfum í Útvegsbanka Íslands h/f, samkv. ákvörðun síðasta Alþingis. Eru öll þessi lán og framlög framkvæmd samkv. ákvörðunum Alþingis.

Þá vil ég taka það fram, að ég gerði samanburð á skuldum í árslok 1927 og 1930 vegna þess, að andstæðingar stj. hafa í blöðum sínum haldið fram hinum mestu fjarstæðum um aukningu ríkisskuldanna á síðustu 3 árum, en þó einkum síðastl. ár. Vil ég með yfirliti þessu upplýsa hið rétta um þetta efni, bæði um upphæð ríkisskuldanna í heild og eins hversu þær skiptast í flokka eftir uppruna. Kemur þá í ljós, að eigi hefir þyngt á ríkissjóðnum vegna framkvæmda hans

Ríkisskuldir 1921—'29. (Erlendar fastaskuldir reiknaðar eftir

A. Innlendar skuldir.	1921	1922
Landsbankinn 1916	80000	76000
—— 1918	71400	68000
—— 1918	500000	500000
Íslandsbanki 1918	700000	600000
Háskólalán	1000000	1000000
Innanríkislán 1920	2862700	2862700
Veðdeildarlán Staðarfells		
Landsbankinn 1928 til vinnuhælis		
Vegna kaupa á Reykjatorfu		
Lán Helgustaðanáma	70000	70000
Lausaskuldir	309668	818862
Samtals	5593768	5995522
B. Erlendar skuldir.		
Ríkissjóður Danmerkur 1908 til síma	121770	81180
Danskir bankar 1909 til bankavaxtabréfa	1065487	1004602
Statsanstalten for Livsforsikring 1912 til bankavaxtabréfa	218171	208024
Danskir bankar 1912, Reykjavíkurhöfn o. fl.	243540	202950
Mikla norræna Ritsímafélagið 1913 til síma	513296	498378
Bicuben til Heilsuhælisins á Vífilsstöðum		
Mikla norrræna Ritsímafélagið 1917	564283	552960
Handelsbanken 1917 til skipakaupa	1461240	1217700
Danskir bankar 1919	4931685	4657703
Enska lánið 1921, hluti ríkissjóðs	2885033	2885033
Lausaskuldir í dönskum krónum	980535	2110802
Lausaskuldir í £		68304
Samtals	12985040	13487636
Samtals A. B.	18578808	19483198
C. Skuldir vegna banka etc.		
Enska lánið 1921, hluti Íslandsbanka	6222616	6222616
— — — — Landsbankans	1967351	1967351
Statsanstalten for Livsforsikring 1926 til bankavaxtabréfa		
Hafnia 1926, til bankavaxtabréfa		
— 1927, — ——		
Dansk Folkefors. 1927, til bankavaxtabréfa		
Lausaskuldir Landsbankans (stofnfé)		
Lausaskuldir í £		
Samtals	8189967	8189967
Skuldir alls	26768775	27673165

nema um 1,2 millj. kr., þrátt fyrir öll þau merku fyrirtæki, sem ráðizt hefir verið í og eigi þoldu bið. Hin einu verulegu þyngsli af skuldum, sem á ríkissjóðinn hafa fallið á síðustu árum, eru vextir og afborganir af þeim 3 millj. kr., sem ríkið varð að leggja af enska láninu frá 1921 til hlutabréfakaupa í Útvegsbankanum,

gengi 31. desember 1929, en lausaskuldir eftir gengi um hver áramót).

1923	1924	1925	1926	1927	1928	1929
72000	68000	64000	60000	56000	52000	48000
64600	61200	57800	54400	51000	47600	44200
500000	500000					
500000	400000	300000	200000	100000		
1000000	1000000	1000000	1000000	1000000	1000000	1000000
2564400	2423400	2280300	2139250	2004950	1855650	1722300
7973	7810	7639	7459	7270	6889	6681
					50000	47500
						70000
70000	49000	42000	35000	28000	21000	14000
2049893	1693251	16519	523796	991451	976620	460146
6828866	6202661	3768258	4019905	4238671	4009759	3412823
40590						
943718	882832	821948	761063	700178	639293	578408
197876	187729	177581	167434	157286	147139	136991
162360	121770	81180	40590			
482857	466709	449909	432430	414244	395324	375640
	162255	160403	158467	156443	154327	152114
541065	528567	515437	501642	487148	471921	455923
1004602	761063	517522	273982	219186	170478	121770
4383720	4109737	3835755	3561773	3287790	3013807	2739825
2852003	2816661	2778861	2738471	2695195	2648746	2599124
2344933	1545341	34				
250402	233708					1069404
13204126	11816372	9338630	8635852	8117470	7641035	8229199
20032992	18019033	13106888	12655757	12356141	11650724	11642022
6151375	6075148	5993618	5906502	5813162	5712978	5605949
1944827	1920727	1894951	1867418	1837907	1806233	1772395
			2435400	2423040	2409928	2396017
			608850	606836	602625	598157
				2435400	2435400	2417492
				2435400	2435400	2417492
					3000000	1500000
						1500000
8096202	7995875	7888569	10818170	15551745	18402564	18207502
28129194	26014908	20995457	23473927	27907886	30053358	29849524

og þeirri 1,5 millj., sem ríkið tók að láni í sama skyni.

Áður en ég skilst við ríkissjóðinn sjálfan, vil ég enn gera nokkra grein fyrir útgjöldum hans. Má skipta þeim í tvo aðalflokka eftir eðli þeirra.

1. Bein útgjöld við stj. landsins og rekstur ríkisstofnana.

2. Útgjöld í þarfir atvinnuvega og samgangna og heilbrigðis- og menntamála.

Eins og landsreikningarnir hafa verið færðir hingað til, er ennfremur að finna á rekstrarreikningi ríkisins þriðju tegund útgjalda. Eru það útgjöld til eignaaukninga ríkisins, afborganir skulda þess og framlög til nýbygginga.

Síðasta áratuginn hafa útgjöld ríkissjóðsins stöðugt farið hækkandi. Af hverju stafar sú hækkun? Eru aðalorsakir hennar aukinn beinn kostnaður við rekstur þjóðarbúsins? Eða hafa framlög ríkissjóðsins til eignaaukningar ríkisins sjálfs, þjóðnytjaframkvæmda og aukinnar menningar landsmanna fyrst og fremst valdið hækkuninni? Síðari spurningunni ber að svara hiklaust játandi. Og til þess að mönnum gefist kostur á að kynna sér þetta atriði rækilega, hefir skýrsla verið gerð um þetta efni:

Yfirlit um útgjöld ríkissjóðs 1924—1930, incl., í þús. króna[1].

	1924	1925	1926	1927	1928	1929	1930
I. Til eignaaukningar ríkisins og atvinnuvega:	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.	þús. kr.
a. Afborganir lána	968	889	954	768	740	632	705
b. Byggingar, nýir símar og vitar	59	203	730	928	971	900	1131
c. Landbúnaður	308	626	1213	791	874	1484	1779
d. Sjávarútvegur	241	234	381	492	420	449	507
e. Hafnargerðir, lendingarbætur og rekstur vita	272	313	420	486	418	587	407
f. Samgöngur á sjó	321	355	426	461	441	409	525
g. Samgöngur á landi	365	490	817	1109	1206	1592	1843
h. Flugferðir						42	28
Samtals kr.	2534	3110	4941	5035	5070	6095	6925
II. Kennslumál	1075	1142	1191	1192	1220	1474	1852
III. Heilbrigðismál	1079	1269	1342	1685	1630	1405	1291
Samtals kr.	4668	5521	7474	7912	7920	8974	10068
IV. Alþingishátíð					49	311	594
V. Önnur gjöld	4815	5389	5167	4867	5208	5899	6504[2]
Gjöld alls	9503	10910	12641	12779	13177	15184	17166

ATHS. Útgjöldin 1930 eru tekin á yfirlit þetta eftir því, sem ætla má að þau verði, og í samræmi við bráðabirgðauppgerð fyrir það ár. — Eigi þótti annað fært en að færa útgjöldin vegna alþingishátíðarinnar sem sérstakan lið vegna sérstöðu þeirra. Ella hefðu þau valdið því, að eigi hefði fengizt réttur samanburður gjalda einstakra flokka frá ári til árs. — Undir önnur gjöld kemur hér beinn starfrækslukostnaður ríkisins, svo sem Alþingi, stjórn, vextir, dómgæzla, kirkjumál, eftirlaun, rekstrarkostnaður pósts og síma o. s. frv.

1 Til þess að réttur samanburður fengist á öðrum gjöldum, þurfti að draga hér frá 180 þús. kr. vaxta frá Landsbankanum af stofnfé hans, sem eigi var talin til frádráttar vaxtagjöldum með tekjum 1929.

2 Það athugast sérstaklega um hækkun annara gjalda 1930, að ca. 85 þús. af henni eru vegna ráðstafana síðasta Alþingis út af Íslandsbanka.

Samkv. þessu yfirliti er ljóst, að hinn beini kostnaður við rekstur þjóðarbúsins er litlum sveiflum háður. Fer hann jafnt hækkandi undanfarin ár af eðlilegum ástæðum. Stafar töluverður hluti þeirrar hækkunar af auknum rekstrarkostnaði við fyrirtæki ríkissjóðs, póst og síma, en sá aukni kostnaður sýnir, að viðskipti nefndra stofnana fara vaxandi, og vaxa því tekjurnar eigi síður en gjöldin.

Stafar nokkuð af hækkuninni af bættu eftirliti með tekjuinnheimtu ríkissjóðs. Og ennfremur tekur ríkið í sínar hendur æ fleiri og fleiri verk til hagsbóta fyrir þjóðina, sem hafa hækkandi áhrif á hin beinu útgjöld ríkisins.

Sé aftur á móti litið á hinn aðalflokk gjaldanna, útgjöld til eignaaukningar ríkisins, atvinnuveganna og menningar og heilbrigðismála, sést greinilega, að í þeim flokki er að finna aðalútgjaldahækkanirnar. Hafa útgjöld til þessara mála meira og minna margfaldazt á síðastl. 7 ára tímabili, og við athugun hinna einstöku liða kemur fram, að stórfelldust hefir aukningin orðið á framlögum til landbúnaðarins og til samgangna á landi.

Að lokum vil ég taka fram nokkur atriði viðvíkjandi þeim ráðstöfunum, er stj. hefir gert um það, að ríkissjóður tæki sjálfur að sér rekstur á ýmsum þeim framkvæmdum, er hann hefir keypt af stofnunum. Eru það þá sérstaklega

Skipaútgerðin,
Landssmiðjan og
Ríkisprentsmiðjan.

Um Skipaútgerðina er það að segja, að á árinu 1929 ákvað stj. sérstaklega skrifstofu, sem hefði á hendi útgerðarstjórn allra ríkisskipanna. Eru þá talin, auk strandferðaskipanna, varðskipin og vitabáturinn. Útgerð allra þessara skipa kostar ríkið um 1 millj. kr. á ári, ef ekki eru dregnar frá sektartekjur varðskipanna. En þær fara nú alltaf minnkandi.

Eimskipafélag Íslands hefir haft á hendi útgerð Esju fyrir ríkissjóð fram til ársloka 1929, og hefir félaginu verið greitt fyrir útgerðarstjórnina milli 30 og 40 þús. kr. En rétt er að geta þess, að um þær mundir, sem ákveðið var að ríkið tæki reksturinn í sínar hendur, gerði E. Í. tilboð um að lækka til muna útgerðarstjórnarkostnaðinn.

Nú er lokið reikningum og starfskýrslu Skipaútgerðarinnar fyrir 1930, og er með því fengið yfirlit yfir reksturinn þetta 1. ár.

Á árinu voru keypt 2 skip, strandferðaskipið Súðin, sem kom hingað í apríl, og björgunarskipið Þór, sem kom hingað í nóv. Eignarverð Súðarinnar, með kælitækjum, er nú 237 þús. kr., og Þórs 205 þús. kr.; hafa þá verið gerðar nauðsynlegar endurbætur á báðum skipunum.

Útgerðin hefir á árinu annazt stjórn og reikningshald eftirtaldra skipa:

Strandferðaskip: Esja og Súðin.

Varðskip og varðbátar: Óðinn, Ægir, Hermóður (1. jan. til 30. apríl), Þór, Geir Goði, Ægir (bátur), Jón Finnsson (bátur).

Vitaskip: Hermóður og Sigríður.

Sjómælingaskip: Haförninn.

Flóabáturinn Skaftfellingur.

Kolaverð var allt árið óhagstætt, 20—25% hærra en árið á undan. Esja eyddi kolum fyrir 93 þús. kr., Óðinn 85 þús., og Súðin, 8 mánuði ársins, fyrir 49 þús. kr.

Skrifstofukostnaður nam rúml. 41 þús. kr., en af því fékkst endurgreitt frá Skaftfellingi og vitaskipunum 3 þús. kr. Þær 38 þús., sem þá eru eftir, skiptast þannig, að landhelgisgæzlan ber 12 þús. og strandferðaskipin 26 þús. Sá liður skiptist svo, að Esja ber 15 þús., en Súðin 11 þús. kr.

Breytt var til um fæðissöluna á Esju þann veg, að útgerðin tók hana í sínar hendur, og er talið, að á því hafi sparazt um 10 þús. kr.

Rekstrarhalli á Súðinni varð 94 þús. kr. og á Esju 140 þús. kr. Er rekstrarhalli Esju 27 þús. kr. lægri en árið á undan, og var þó hvorttveggja, hærra kolaverð og óhagstæðari skipaútgerð, sakir rýrnandi vöruflutninga, eins og greinilega kemur í ljós hjá Eimskipafélagi Íslands. Auk þess var Esja í förum allt árið 1930, en 1929 byrjaði hún ekki ferðir fyrr en í febrúarlok, og gengu þá úr 2 lökustu siglingamánuðir ársins.

Um landhelgisgæzluna er það að segja, að allur kostnaður við hana varð um 700 þús. kr., og er það líkt og árið á undan.

Eldsneytiskostnaður Ægis varð 32 þús. kr. lægri en Óðins.

Sjómælingar voru framkvæmdar á vesturhluta Húnaflóa undir stjórn Friðriks Ólafssonar skipstjóra. Varð kostnaður við það tæpl. 20 þús. kr.

Þá er að minnast á Landssmiðju Íslands. Á undanförnum árum hefir ríkissjóður greitt mikið fé til einkafyrirtækja fyrir smíði brúa og viðgerða á eignum sínum, einkum skipum. Fyrir allmörgum árum hafði ríkissjóður sitt eigið vélaverkstæði. Voru þar smíðaðar brýr og unnin önnur verk fyrir ríkið. Þetta verkstæði hafði lítil störf með höndum hin síðari árin, en ríkið keypti vinnu af einkafyrirtækjum.

Í janúar síðastl. ár var vélaverkstæðið reist úr rústum samkv. ákvörðun stj. Hefir Landssmiðjan nú gert upp reikning sinn, og sýnir hann rekstrarhagnað, sem nemur liðl. 23 þús. kr. Er þó ætlað ríflega fyrir fyrningu á eignum hennar.

Um nýár 1930 tók ríkissjóður við prentsmiðjunni Gutenberg til eignar, og hefir hún verið rekin af ríkinu síðan. Reikningar prentsmiðjunnar hafa eigi enn verið gerðir upp að fullu, vegna lasleika forstjórans, en það er hægt að upplýsa nú, að þegar bráðabirgðauppgerð fór fram, eftir að hún hafði starfað í 7 mánuði, var hreinn ágóði fullar 30 þús. kr., og er engin ástæða til að ætla, að niðurstaða síðari hluta ársins verði lakari. —

Þá læt ég máli mínu lokið. Ég hefi ef til vill reynt um of á þolgæði hv. þingmanna, með því að tala alllangt mál og nefna margar tölur. En ég fann ástæðu til þess að gera mitt til þess að láta það koma fram um þessi mál, sem þjóð og þing þarf að vita.

Ég legg svo til, að þessari umr. verði samkv. venju frestað og að frv. verði vísað til fjvn.

Magnús Jónsson: Það er aðeins athugasemd um þingsköp, sem mig langar til að gera. Af því að ég sá, að ræðu hæstv. fjmrh. var útvarpað, þá vil ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort áframhaldsumr. um þetta mál verður einnig varpað út. Ég hafði hugsað mér að nota tækifærið, ef útvarpað er, til þess að lýsa fjármálaástandinu lítið eitt, eins og það kemur mér fyrir sjónir.

Forseti (JörB): Forsetar hafa enga ákvörðun tekið um útvörpun þessarar ræðu, og ég fyrir mitt leyti get því ekkert svar gefið við fyrirspurn hv. þm.

Magnús Jónsson: Ég vil minna á það, að í 4. gr. útvarpslaganna frá síðasta þingi eru ströng fyrirmæli um það, að „gætt verði fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum". — Það er augljóst, að stj. útvarpsins hefir ætlað að fylgja þessu ákvæði strangt fram, því hún hefir sent bréf til miðstjórna flokkanna, hvert eftir annað, til að brýna fyrir þeim ákvæði þessarar gr. Ég hefi hér bréf, sem sent var 12. febr., og annað, sem var sent 16. febr. Þar er sagt, að ákvæðum þessarar gr. muni verða framfylgt í strangasta lagi, en þó réttlátlega. — Ég er alveg sammála um, að þetta skuli gert. Og ég vona, að hæstv. forseti athugi þetta fyrir sitt leyti. En ég verð að segja það, að ræða hæstv. fjmrh. var engan veginn alveg hlutlaus. Sérstaklega voru það ummæli hans um blöð andstæðinganna.

Hér er um fyrirfram samda og undirbúna ræðu að ræða, sem inniheldur margar tölur. Er því erfitt að svara henni samstundis. En ég teldi fulla ástæðu til, þegar ræðan hefir verið prentuð og menn hafa fengið tíma til að átta sig á henni, að hæstv. forseti gæfi þá þeim tækifæri til að láta í ljós álit sitt, sem öðruvísi kunna að líta á þessi mál.

Ásgeir Ásgeirsson: Útvarpsráðið tekur ákvarðanir um það, hverju það vill útvarpa. Eftir gildandi lögum þarf það engan um það að spyrja, hverju það varpar út. Ég hygg þó, að þrátt fyrir þennan rétt, þá muni útvarpsráðið varpa út frá Alþ. í samráði við forseta, en þeir aftur leita samkomulags um það við flokkana. Um útvörpun fjárlagaræðunnar er það að segja, að nefnt hafði verið við mig, hvort ég sæi nokkuð til fyrirstöðu því, að svo yrði gert. Ég fyrir mitt leyti sá það ekki. Ég tel, að sú venja eigi að myndast, að henni verði ávallt varp-

að út, hver sem við stjórn situr. Sú ræða verður ávallt sérstaks eðlis og ég tel fyllsta hlutleysis gætt, ef það er alltaf gert, hvaða flokkur sem fer með völd.

Um að varpa út framhaldsumræðum um þetta mál hefir engin ákvörðun verið tekin og engar málaleitanir borizt um það enn. En æskilegt væri, að sem minnst væri um þetta talað nú. Þær umr. gætu valdið því, að erfiðara verði um að ná samkomulagi um það atriði síðar. (**MG:** Er þessu útvarpað? — **ÓTh:** Hver veit, hverju er útvarpað! — Margir tala). — Ég vil biðja hæstv. forseta að þagga niður í svona mönnum. Þetta er mál, sem ræðast þarf með stillingu og sanngirni. En það næst ekki, ef þrír eða fjórir tala í senn. — Það þarf að verða samkomulag um það á milli flokkanna, hvort útvarpa skuli öllu, sem sagt verður við framhaldsumr., eða ekki nema nokkru, og þá hvernig því skuli réttlátlega skipt á milli flokkanna. En til þess að fá heppilega lausn á því, verður að ræða þetta mál með stillingu og sanngirni.

Héðinn Valdimarsson: Við jafnaðarmenn höfðum búizt við því, að þessari umr. væri frestað án þess umr. færu fram nú, eins og venja hefir verið áður. Við höfðum því hugsað okkur að geyma okkar aths. til eldhúsdagsins. Það er okkar skoðun, að það sé alveg sjálfsagt, að fjmrh. fái ávallt að útvarpa sinni ræðu. Eins tel ég sjálfsagt, að eldhúsdagsumr. sé öllum útvarpað. Ég býst við, að menn vilji gjarnan heyra þær. Það er ósk mín, að hæstv. forseti taki þetta til athugunar og ráði því til lykta í samráði við stjórnmálaflokkana.

Sigurður Eggerz: Ég vil spyrja hæstv. forseta um, hvort leitað hafi verið hans samþykkis á því, að útvarpað yrði á þann hátt, sem gert hefir verið hér í dag. Ég tel sjálfsagt, að útvarpað verði frá Alþ., en þingið verður sjálft að ráða fyrirkomulaginu. Ég held, að æskilegt væri, að umr. um öll stærstu málin verði útvarpað. Ef aðeins framsöguræðu er útvarpað, verður það hlutdrægt, en slíkt þarf algerlega að fyrirbyggja, að útvarpið verði notað í þarfir sérstakra flokka. Það liggur og í hlutarins eðli, að útvarpsráðið, menn úti í bæ, getur ekki tekið neinar ákvarðanir um, hverju útvarpað sé, nema samþykki Alþingis sé fengið til þess.

Magnús Jónsson: Mér þótti ákaflega leiðinlegt, hvernig hæstv. forseti Sþ. tók í þetta mál. Ég skil ekkert í, hvað hann gerir metnað forseta og þings lítinn, þegar hann segir, að við verðum að fara bónarveg að útvarpinu, til þess að fá einhverju ráðið um þetta. Mér rann dálítið í skap og greip því fram í. Því að það minnsta, sem útvarpsstjórnin gæti gert við þessa vesalings stofnun, Alþingi, væri það, að forsetar fengju að vita, hvenær ætti að útvarpa úr þinginu.

Það er satt, að fjármálaræðan var sérstaks eðlis. Hún er óheppileg til þess að vera útvarpað, hún er eina ræðan, sem ekki er aðstaða til að svara í sama skipti. Þegar málið kemur aftur fyrir, á eldhúsdag, er langur tími liðinn og fjöldamargt fleira en fjármál, sem blandast þar inn í, og þá stendur því allt öðruvísi á með útvörpun. En til þess að gæta í strangasta lagi hlutleysis, ætti að gefa andstæðingum stj. tækifæri til að svara strax eftir að þeir hafa kynnt sér ræðu fjmrh.

Hitt er alveg ófært og óverjandi, að hafa mann í blaðamannaherberginu, sem kippir í og úr sambandi, eftir því hvort heppilegra er fyrir stj.

Svona fór við þingsetningu, þegar jafnaðarmenn hófu húrrahróp fyrir ísl. þjóðinni. Þá er mér sagt, að þeir, sem í útvarpið hlustuðu, hafi heyrt, að kallað var: Ísl. þjóðin lengi lifi, og svo bara eitt „hú—", — þá var þessum sama tappa kippt úr til þess að ekkert heyrðist. Þetta er gersamlega óþolandi. Ég held næstum, að ég geri bandalag við þá, sem vilja beita handaflinu, til þess að varna því, að svona sé útvarpað. Þetta er sú óhæfa, að það væri fullkomið réttlæti að grípa til óvenjulegra ráðstafana.

Ég er sammála hæstv. forseta Sþ. um það, að við getum rætt það hitalaust, hverju skuli útvarpað. Og þrátt fyrir þessa leiðinlegu reynslu, mun ég ekki búast við, að stj. ætli sér að nota þetta nýja menningartæki í sína þjónustu.

Héðinn Valdimarsson: Þegar ég talaði þessi fáu orð áðan, stóð ég í þeirri trú, að þá væri enn útvarpað. En nú sé ég, að þeir menn, sem voru úti á götu að hlusta, eru farnir. Og þó að hv. 1. þm. Reykv. væri að tala, fannst mér það ekki næg ástæða til þess að þeir hyrfu allir.

Mér er spurn: Hver ræður því, hverju er útvarpað? Hugsum okkur, ef einhver Jónas Þorbergsson væri yfir Alþt. og réði, hvað væri prentað. Hvaða fréttir myndi þjóðin fá af þessu þingi? — Ég vil taka undir með hv. 1. þm. Reykv., að þessu verður að kippa í lag. Ef útvarpa á úr þinginu, verður þingið sjálft að ráða því, hvenær útvarpað er. Og það á að ganga jafnt yfir flokkana, svo að þeir hafi allir jafnt tækifæri til að láta útvarpsnotendur til sín heyra.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég vil þakka hv. 2. þm. Reykv. fyrir þá sanngirni, sem hann sýndi í fyrri ræðu sinni, en mér kom á óvart, að þessi sami ótti hafði gripið hann í seinni ræðunni eins og hv. 1. þm. Reykv. Þeim, sem í minni hl. eru, er nokkur vorkunn um slíkt. En eftir að ég hafði lýst yfir því, að engar fastar ákvarðanir hefðu verið teknar um framhald umr., heldur yrði það fyrst gert, þegar samkomulag hefði náðst við flokkana, þá hélt ég, að þessi ótti mundi sefast.

Þessháttar umr., sem hér hafa farið fram, eru óþarfar, þegar búið er að tala um það úr stjórnarflokknum, að samkomulags verði leitað um, hverju skuli útvarpað. Ég vona, að það takist, en ef það verður ekki, mun ég skorast undan því að ákveða, hvernig útvörpun skuli framvegis háttað. Þá verður að setja um það lög eða þáltill. En ef menn vilja vinna að samkomulagi, verða allir að vera sanngjarnir.

Útvarpið er að hefjast í okkar landi. Áður en fastar reglur hafa myndazt, hefir tvennu verið útvarpað úr þinginu, þingsetningu og fjármálaræðunni. Fleiru geri ég ekki ráð fyrir, að verði útvarpað, áður en samkomulag er fengið eða ákvarðanir settar.

Út af fyrirspurn hv. þm. Dal. vil ég svara því, að útvarpsráðið taldi æskilegt, að fjármálaræðunni væri útvarpað, og ég hafði ekkert á móti því, þegar mér var tilkynnt það.

Forseti (JörB): Hv. þm. Dal. beindi til mín þeirri fyrirspurn, hvort forsetar hefðu tekið ákvarðanir um, hvernig bæri að haga því, sem útvarpað yrði frá Alþingi. Ég hefi áður út af fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. sagt, að forsetar hafa ekki enn sem komið er tekið neinar slíkar ákvarðanir.

Hinsvegar get ég út af ummælum, sem hafa fallið í þessari hv. d., lýst því yfir, að ég álít, að taka beri hið fyllsta tillit til óska hv. þm. um þetta efni við framhald umr. Og síðar meir verða þingflokkarnir að koma sér saman um, hverju skuli útvarpað og hvernig því skuli háttað.

Ég hygg, að enginn skaði sé skeður, þótt ekki sé útvarpað meira að þessu sinni, ef hv. þm. fá tækifæri seinna til þess að gera þær aths., sem þeir vilja gera um þetta mál, og ég mun fyrir mitt leyti stuðla að því.

Ég vil geta þess, að áður hefir verið útvarpað ræðu fjmrh. hér í þinginu og engu öðru, og ekki vakti það neinar deilur.

Ég vænti þess, að hv. þm. geti látið sér þetta lynda og lengi ekki umr. úr hófi fram um þetta atriði.

Magnús Jónsson: Ég legg enga áherzlu á, að útvarpað sé frá þinginu, en ef það er gert, verður að ráða þar fullkomið hlutleysi, þannig að öllu sé útvarpað um hvert mál. Og hæstv. forseta Sþ. þekki ég ekki rétt, ef hann álítur, að maður eigi að vera við hendina, sem tekur úr sambandi, eftir því sem honum sýnist. (BSt.: Þetta var gert í tíð fyrrv. stjórnar). Það er ekki alveg sama, hvort lög eru brotin eða ekki. Meðan ekki voru til nein lög um þetta efni, varð að fara eftir því, sem hver hafði á tilfinningunni. En þegar búið er að setja lög um hlutleysi útvarpsins, og þau eru tvíbrotin hér í þinginu, þá er ekki við það unandi. Í tvö skipti hefir verið útvarpað úr þinginu, í bæði skiptin er því misbeitt. Ég skil ekki þá menn, sem undrast það, að þm. reiðist út af slíku framferði. (**Dómsmrh.:** Þær eru svo merkilegar þessar umr.). Ó-já, þær eru harla merkileg

mynd af því stjórnarfarssiðleysi, sem ríkir nú í þessu landi.

Svar hæstv. forseta þessarar deildar gladdi mig. Hann tók vel í málið og virðist vilja vera skeleggur og ráðríkur í því, að þingið ákveði skýlaust um þetta mál.

Gunnar Sigurðsson: Ég tel sjálfsagt, að öllum þingræðum verði útvarpað svo fljótt sem við verður komið. Það mundi verða til þess, að menn töluðu styttra og vönduðu betur ræðurnar. En hvað sem því líður, þarf enginn að búast við því, að útvarpið verði nokkurntíma alveg hlutlaust, hvaða stjórn, sem situr að völdum.

Ásgeir Ásgeirsson: Af því að þeirri fyrirspurn var beint til mín frá hv. 1. þm. Reykv., hvort ég vildi heldur hlutdrægt útvarp eða óhlutdrægt, þá skal ég svara því, sem hann reyndar veit, að ég vil heldur óhlutdrægt útvarp. En ég vil benda hv. þm. á það, að þegar gerðar voru ráðstafanir til þess að útvarpa ræðu Jóns Þorlákssonar, þegar hann var fjmrh., var ekkert talað um það áður. Það eru því til fordæmi fyrir þessu. Og þeim, sem þá voru við stjórn og fengu ráðið þessu, ferst ekki að finna að því, að þegar annar þingflokkur situr að völdum, skuli nákvæmlega það sama koma fyrir. (**MG:** Þá urðu engar umr., og þá var útvarpið einkafélag). Það er alveg sama, hvort um einkafélag er að ræða eða ekki.

Að öðru leyti vil ég benda á það, að hinu háa Alþingi hefir láðst í löggjöf sinni að áskilja sér einu ótvíræðan rétt um útvörpun, en samkv. lögum hefir útvarpsráðið rétt til að ráða útvörpun, þótt því hafi ekki verið beitt.

Ég vil vona, að þessar umr. hafi ekki gefið neitt tilefni til þess að óttast hlutdrægni í þessu efni í framtíðinni. Það er óþarfi að bera kvíðboga fyrir því, sem á næstunni verður borið undir þingið.

Sigurður Eggerz: Ég skildi svar hæstv. forseta þannig, að forsetar hefðu ekki tekið neina ákvörðun um þetta, né hafi þar nokkuð um að segja. En það eru þeir og engir aðrir, sem eiga að ráða þessu. Hæstv. forseti bjóst við, að menn yndu við þessi málalok í þetta skipti. Ég tel gott engu að síður, að þessar umr. hafa orðið, svo að hinum ráðandi mönnum sé það ljóst, að því verður kröftuglega mótmælt, ef á að fara að misbeita útvarpinu á þennan hátt. Í útvarpinu hafa komið ýmsar fréttir, sem bera á sér blæ ákveðins stjórnmálaflokks. En ég vil taka það fram aftur, að meðal þjóðarinnar er lögð áherzla á, að hlutleysis sé gætt. Og sú eðlilegasta krafa, sem kjósendur landsins geta gert, er, að þeim gefist sem oftast tækifæri til að heyra, hvað þeirra fulltrúar segja í þinginu. Þær skýrslur, sem blöðin birta af ræðum manna, eru afarófullkomnar, og stundum svo, að menn roðna við að sjá þær. Þess vegna ættu þingmenn að vera því fylgjandi, að öllum ræðum væri útvarpað. Þá væru rangfærslur blaðanna kveðnar niður og skapaðar meiri líkur til þess, að kjósendur landsins geti myndað sér réttar skoðanir á þjóðmálunum og hætt að taka eftir því, sem hinir og þessir snatar, sem sendir eru út um landið með róg til kjósendanna, bera um það, sem hvorki er rétt né satt.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 18 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 1, n. 340, 327, 367).

Frsm. (Hannes Jónsson): Við framhald þessarar umr. hefi ég ekki annað að segja fyrir hönd n. en það, að hún óskar, að frv. verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni.

Magnús Guðmundsson: Ég vil aðeins taka það fram, að þar sem vantraustsyfirlýsing er fram komin, verður af hálfu sjálfstæðismanna ekki farið í eldhúsið á þessum degi.

Haraldur Guðmundsson: Ég ætlaði aðeins að geta þess, að ég hefi lagt fram álit frá minni hl. fjvn. Ég geri ráð fyrir, að það komi fram og verði útbýtt í hv. d., áður en 2. umr. hefst.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Síðar á sama fundi var útbýtt nál. frá minni hl. fjvn., á þskj. 387, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar, með því að næsta dag var á fundi í Sþ. lýst yfir þingrofi, og varð þessi hinztur fundur deildarinnar.

2. Fjáraukalög 1929.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1929 (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég þarf ekkert sérstakt að taka fram í sambandi við þetta frv. að þessu sinni, en vildi aðeins óska, að því yrði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

3. Landsreikningur 1929.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um samþykkt á landsreikningnum 1929 (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

4. Tekjuskattur og eignarskattur (stjfrv.).

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt (stjfrv., A. 4).

Á 4. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt lá fyrir síðasta Alþingi og var flutt af meiri hl. mþn. í skattamálum og samið og undirbúið af henni. Það frv. var samþ. hér í þessari hv. d., en varð ekki útrætt í hv. Ed. Það frv., sem hér liggur fyrir, er shlj. frv. í fyrra, eins og það var afgr. frá þessari deild. Þess vegna tel ég ástæðulítið fyrir mig að fara að ræða þetta frv. í einstökum atriðum, enda er hv. d. málið svo kunnugt, að þess gerist ekki þörf að svo stöddu. Ég vil einungis leggja til, að málinu verði vísað til fjhn., að lokinni þessari umr.

Haraldur Guðmundsson: Ég skal ekki mæla því í gegn, að frv. þetta fari til n., en vil biðja þá hv. n., sem fær það til athugunar, að hafa í huga, að ég mun bráðlega flytja annað frv. um tekju- og eignarskatt hér í deildinni. Vona ég, að n. taki bæði frv. til athugunar samtímis.

Þetta frv. hæstv. ráðh. er svo til shlj. frv. meiri hl. skattamálanefndar, eins og það var afgr. frá Nd. í fyrra, og er þar aðeins um lítilvægar breyt. að ræða frá gildandi lögum. En megingalli gildandi laga um tekju- og eignarskatt, og þá um leið frv. þessa, eru tveir:

Í fyrsta lagi er persónufrádráttur sá, sem frv. heimilar, allt of lágur. Mun ég víkja nánar að því síðar.

Í öðru lagi er skatturinn á háum tekjum og stóreignum allt of lágur, og hlutafélögum, sem ráða yfir miklu hlutafé, alveg sérstaklega hlíft við tekjuskatti.

Úr hvorugum þessara megingalla bætir frv. Þótt það yrði samþ., yrðu eftir sem áður lágtekjurnar, nauðsynjarnar, aðalskattstofninn, en arður og stóreignir lítt notuð sem skattstofn ríkissjóðs.

Tvennt er það þó í frv., sem segja mætti að horfði til nokkurra bóta frá því, sem nú

er: Fyrst að heimila að hækka skattinn um 25% með einföldu fjárlagaákvæði. Hitt er ákvæðið um ríkisskattanefndina, sem óefað verður til þess að skapa meira eftirlit með framtalinu og festu í framkvæmd laganna um allt land. Að þessu undanteknu er ekkert í frv., sem horfir til bóta frá gildandi lögum. Meginatriðinu, að nota betur hinn sjálfsagðasta skattstofn ríkisins, tekjur yfir vissu lágmarki og skuldlausar eignir, er algerlega gengið framhjá í frv. Af því leiðir aftur hitt, að ekki er ætlazt til þess, að létt sé tollum af nauðsynjavörum frá því, sem nú er. Frv. stígur ekki eitt spor í áttina til þess að létta byrðar hinna efnaminni stétta, lágtekjumanna og fjölskyldufólks. Í þessu sambandi þykir mér rétt að benda á hér, hvernig þessi skattstofn, eignir og tekjur yfir vissu lágmarki, hefir hingað til verið notaður hér á landi, samanborið við lágu tekjurnar. Þær tekjur, sem ríkið fær af þessum skattstofni, tekju- og eignarskatti, nema ekki nema um tíunda hluta allra ríkisteknanna, en níu tíundu hlutar þeirra eru teknir á annan hátt. Þetta frv. breytir, eins og áður er sagt, litlu hér um, og sízt til bóta.

Nú er það sérstaklega athyglisvert, hvernig meiri hl. mþn. segist líta á réttmæti þessa gjaldstofns. Á bls. 19 í grg. segir svo: „Tekju- og eignarskatt verður að telja meðal hinna réttlátustu skatta“ og er það talið til síðar í grg., að hann hafi „þann mikla kost, að hann lætur hina efnaðri eða tekjuhærri ríkisborgara greiða stighækkandi skatt“. Að dómi meiri hl. n. er tekju- og eignarskattur þannig einn hinn réttlátasti skattur, en samt má, að dómi sömu manna og skv. frv. hæstv. fjmrh., ekki nota hann meir en gert hefir verið hingað til.

En hvernig hefir þá skattstofn þessi verið notaður til þessa? Ég drap á það áðan og skal nú fara nánar inn á það atriði. Spurningin hefir tvær hliðar, og veit önnur að ríkinu, en hin að gjaldendum. Að því er snertir þá hlið, er að ríkissjóði veit, er það áður tekið fram, að tekju- og eignarskatturinn, réttlátasti skatturinn að áliti meiri hl. n., hefir undanfarin ár numið rétt um 10% af tekjum ríkissjóðsins. Hin 90% af ríkistekjunum hafa að mestu verið tekin með öðrum minna réttlátum sköttum, og mest með afarranglátum tollum á lífsnauðsynjum almennings. Og einmitt þessir tollar eiga og hafa átt einna drýgstan þátt í að auka og halda við hinni miklu dýrtíð í landinu. Þessu vill meiri hl. n. ekki breyta og hæstv. stj. hefir gert till. hennar að sínum í þessu efni.

Að því er snertir þá hlið, er veit að einstökum gjaldendum, þá er þess að geta, að samkv. skattskýrslum undanfarinna ára, sérstaklega 1924 til 1927, hefir samanlagður tekju- og eignarskattur numið réttum 3,5% af skattskyldu tekjunum, þ. e. þeim hluta teknanna, sem umfram er lágmarkið, sem tekjuskattslögin ætla til brýnustu lífsþarfa, en það er allt of lágt, t. d. aðeins 2500 kr. fyrir 5 manna fjölskyldu. Hið sama verður uppi á teningnum, ef athugaðar eru skattskýrslur fyrir Reykjavík fyrir síðasta ár. Skattskyldar tekjur voru um 28 millj. kr. og skatturinn tæpl. 1200 þús. kr., eða liðlega 4%. Til samanburðar við þetta má geta þess, að tollar á nauðsynja- og neyzluvörum eru a. m. k. þrisvar sinnum hærri, eða ekki undir 10%—12% af tekjum allra lágtekjumanna, sem hafa fyrir fjölskyldu að sjá, og yfirleitt af þeim tekjum, sem eru lægri en svo, að þær teljist skattskyldar til tekjuskatts. Nú ætla ég, að mönnum sé það ljóst, að lítil sanngirni eða skynsemi er í því að taka aðeins 3½% af þeim tekjum, sem eru umfram það, sem draga má fram lífið á, en taka aftur á móti yfir 10% af þeim tekjum, sem eru undir lágmarki til lífsframfæris. Þessu má heldur ekki breyta, að áliti hæstv. stj., sem sést á því, að hún hefir tekið þetta fóstur n. upp á sína arma.

Ágreiningurinn í skattamálanefndinni í fyrra var einkum um það, hvort halda skyldi uppteknum hætti um skattaálögur, þeim, að skattleggja með tollum á nauðsynjum lágtekjurnar, sem eru undir því marki, sem skattalögin telja lágmark til lífsframfæris, þrefalt hærra en stóreignir og hátekjur, sem eru yfir því lágmarki, eru skattlagðar til ríkissjóðs. Ég lagði til, að tekju- og eignarskatturinn í heild yrði hækkaður

um ca. 75% og að lágtekjurnar yrðu jafnframt gerðar skattfrjálsar til tekjuskatts, með því að hækka persónufrádráttinn og hafa hann mismunandi eftir dýrtíð í hinum ýmsu hlutum landsins. Tollabyrðin lagði ég til, að yrði létt um nærri 2 millj. á nauðsynjavörum. Meiri hl. vildi hinsvegar hafa tekju- og eignarskattinn því sem næst óbreyttan, en hækka tolla á nauðsynjum allverulega frá því, sem nú er. Og nú hefir hæstv. stj. einnig tekið að sér þetta fóstur n., með því að flytja bæði þetta frv. og frv. um verðtoll og loks frv. til tolllaga. Nú kemur til kasta hv. deildar að fella dóm um þennan ágreining.

Ég drap á það áðan, að í gildandi lögum er hámark skattfrjálsra tekna allt of lágt, aðeins 500 kr. fyrir hverja persónu, hvar sem er á landinu. Í frv. þessu er gert ráð fyrir 800 kr. frádrætti fyrir fullorðna, en 500 kr. fyrir börn, og jafnt um allt land, sem er alveg ósanngjarnt. Ég lagði til, að þessi frádráttur yrði fyrir fullorðna: 1200 kr. í Reykjavík, 1000 kr. í kaupstöðum úti um land og 800 kr. í sveitum, og 600, 500 og 400 kr. fyrir börn. Meiri hl. n. féllst á það í fyrra að hafa persónufrádráttinn mismunandi, eftir dýrtíð í hinum ýmsu hlutum landsins, en hv. þm. Borgf. fékk því breytt aftur í það horf, sem nú er í frv. Samkv. mínu frv. í fyrra ætti 5 manna fjölskylda hér í Reykjavík að hafa 4000 kr. tekjur skattfrjálsar til lífsframfæris, og má það alls ekki minna vera. Hinsvegar ber þess vel að gæta, að þetta atriði, persónufrádrátturinn, skiptir í rauninni mjög litlu máli fyrir ríkissjóð. Skatturinn, sem ríkissjóður fær af lágtekjumönnunum, er tiltölulega mjög lítill hluti af skattinum í heild. Þótt mikill hluti lágtekjumanna í landinu yrði leystur undan skatti, yrði tekjumissir ríkissjóðs af því næsta lítill. Skal þetta nú sannað með tölum:

Af ca. 25000 gjaldendum á árunum 1924—1927 voru 16850, eða um 70% af öllum gjaldendum, sem höfðu undir 1000 kr. í skattskyldar tekjur.

Árið 1927 voru gjaldendur á öllu landinu ca. 25000 og greiddu um 650000 kr. í skatt. Af þeim voru um 17 þús. gjaldendur, er greiddu alls liðlega 50 þús. kr. í skatt, eða um 3 kr. hver til jafnaðar. Greiddu þannig 70% af gjaldendum aðeins 7—8% af skattinum það ár. Af þessu sést það greinilega, að skattur þessara manna borgar alls ekki umstang og fyrirhöfn við innheimtuna, hvað þá meira.

Athugi maður skattskýrslurnar fyrir Reykjavík, verður hið sama uppi á teningnum í þessu efni. Síðastl. ár voru gjaldendur 9686 með skattskyldar eignir um 55 millj. kr. og skattskyldar tekjur um 28 millj. kr. Skatturinn nam samanlagður af eignum og tekjum í Reykjavík það ár ca. 1205 þús. kr. Af gjaldendum voru 5121, eða um 53%, sem höfðu til uppjafnaðar 900 til 1100 kr. tekjur skattskyldar, og nam skattur þeirra um 39 þús. kr., eða rösklega 3% af skattinum samanlögðum.

Ég sé nú ekki, hvaða vit er í því fyrir ríkissjóðinn að vera að nurla út úr þessum fimm þúsundum gjaldenda skattupphæð, sem nemur ekki meiru en 3% af öllum skattinum. Innheimtan ein borgar sig ekki, hvað þá heldur að hér sé um nokkrar tekjur að ræða fyrir ríkissjóðinn. Slíkar tekjur eiga að vera skattfrjálsar, þar sem hvorttveggja er, að ekkert vit er í því að leggja svo mikið á sig til þess að ná í þetta lítilræði, enda algerlega ranglátt að leggja, þótt lítið sé, á tekjur, sem eru lægri en svo, að þær hrökkvi til lífsframfæris.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frekar við þessa umr. Hér er aðeins um það deilt, hvort fremur eigi að skattleggja nauðsynjar fólksins og þar með lágtekjurnar, starfsemina og barnauppeldið í landinu, eða hátekjurnar, arð og eignir. Ég hefi lagt til að nota þann skattstofninn, sem réttlátastur er, að allra dómi, jafnvel líka að dómi meiri hl. skattamálanefndarinnar, en draga að því skapi úr tollum á nauðsynjum, hinum óbeinu sköttum, sem skapa og viðhalda dýrtíðinni í landinu, auka á örbirgð og skort. Hæstv. stj. hefir nú lýst sinni afstöðu, og kemur nú til kasta hv. d. að taka afstöðu til þessa ágreinings.

Að lokum get ég ekki stillt mig um að

minna hv. d. á það, hvernig hv. fjhn., sem hafði frv. meiri hl. skattamálanefndar til meðferðar í fyrra, skildi við þetta mál þá. Ég minni á það vegna þess, að ég hygg, að slík málsmeðferð þingnefndar sé alveg einsdæmi. Meiri hl. hennar lagði til, að frv. yrði samþ. með nokkrum breyt., sem flestar eru teknar upp í þetta frv. Í meiri hl. voru fjórir menn, 2 íhaldsmenn og 2 framsóknarmenn. Af þessum 4 rituðu 3 undir nál. og till. með fyrirvara. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upp dagsetning og undirskriftir undir nál. á þskj. 303 í fyrra; má sjá það á bls. 28 í grg. þessa frv., og hljóðar það svo:

„Alþingi, 11. marz 1930.
H. Stefánsson,
form. og frsm.
Sig. Eggerz,
með fyrirvara, einnig um rökstuðninginn.
Hannes Jónsson,
fundaskr., með fyrirvara.
Ólafur Thors,
með fyrirvara".

Ég held, að það sé einsdæmi, að nokkur nefnd hafi afgr. slíkt stórmál sem þetta á þennan hátt, eða a. m. k. man ég engin dæmi slíks. Ég hlýt að draga þá sjálfsögðu og eðlilegu ályktun af þessu framferði, að mennirnir hafi skrifað undir gegn þungum samvizkunnar mótmælum, og er það mjög að vonum.

Ég mun ekki mæla því í gegn, að frv. þetta fái að fara í nefnd, en ég vona, að lengra fari það ekki, en fái þau afdrif, sem því hæfa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 4, n. 108 og 175, 159, 160).

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Við þessa umr. málsins liggja ekki fyrir nema tvær brtt., svo að vitað sé um. Önnur þeirra er frá meiri hl. fjhn., og er hún nánast aðeins orðabreyt., þar sem nánar er fram tekið það, sem lagt er til í frv. um verðlag búpenings. Það er lagt til, að það sé lögákveðið, að búpening skuli meta til eignar eftir síðustu verðlagsskýrslu hvers hrepps. Um þetta hafa ekki gilt neinar fastar reglur, og hefir það því verið nokkuð á reiki og í óvissu.

Við brtt. frá hv. þm. Dal. munu hv. þdm. kannast, því að á síðasta þingi bar hann fram samskonar till., sem þá var felld. Það, sem farið er fram á í þessari till., er það, að áður en skatturinn er lagður á, megi draga frá tekjum aukaútsvör og tekju- og eignarskatt. Þetta er að vísu eins og í gildandi lögum. En þegar lögin voru sett upphaflega, 1921, var svo ákveðið, að ekki mætti draga þetta frá skattskyldum tekjum áður en skattur væri á þær lagður, en því var breytt 1923.

Það, sem lagt er til í frv., er bil beggja, sem sé að draga megi frá helming aukaútsvara og tekju- og eignarskatts. Mþn. í tolla- og skattamálum lagði til að hækka persónufrádráttinn. Af því leiddi sýnilega rýrnun á skattinum, ef á það yrði fallizt. Til þess að vega upp á móti þeirri rýrnun var lagt til, að skatt og útsvar skyldi ekki draga frá, en það breyttist í meðferð þingsins í fyrra í það horf, sem það er nú í frv.

Ég vil benda á það, að ef till. hv. þm. Dal. verður samþ., þá er það sama og að rýra enn þennan tekjustofn að talsverðu leyti. Það, sem mælir á móti þessari till., er ekkert nema þetta, að hún rýrir tekjur ríkissjóðs af þessum tekjustofni. Ég vil benda á það, þeim mönnum, sem er það mikið áhugamál að fá þessa till. samþ., að óvíst er, að að því yrði nokkur skattléttir, því þá er sú leið til að jafna það síðar í meðferð málsins með því að hækka skattstigann. Ég get sagt það, að ég geri ekki mikinn ágreining um þetta atriði, hvor leiðin er farin, eða þó tekjustofninn yrði rýrður um það, sem af þessari brtt. leiðir, ef það þykir fært.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég stend aðeins upp til að þakka hv. meiri hl. n. fyrir afgreiðslu þessa máls. Það er ekki bein ástæða til að fara út í einstök atriði málsins. Frv. er eins og það var af-

gr. frá þessari d. á síðasta þingi. Þess vegna vænti ég þess, að það fái nú greiðan framgang í d.

Hv. meiri hl. n. flytur eina brtt. við frv. Um hana vil ég segja það, að ég fellst á hana. Það hefir oft verið mikill ágreiningur um þetta atriði og oft komið fyrirspurnir til fjmrn. um það, hvernig ætti að meta búpening til skatts. Sannleikurinn er sá, að um það hefir engin föst regla gilt. Þess vegna tel ég rétt að slá þessari reglu fastri, sem meiri hl. n. stingur upp á í þessari brtt.

Frsm. minni hl. (Héðinn Valdimarsson): Ég hefi fyrst getað komið nál. frá mér nú á þennan fund. Eins og þar er tekið fram, er ég á móti frv. Fyrir n. lá annað frv. um tekju- og eignarskatt, frá hv. þm. Ísaf. fyrir hönd Alþýðuflokksins. Því frv. fylgdi ég, þegar bæði þessi frv. voru til umr. í n. En þar sem meiri hl. n. var á móti því frv., þá mun annarhvor okkar hv. þm. Ísaf. bera fram brtt. við þetta frv., sem eru í samræmi við hitt frv. Nú ætlaði hv. þm. Ísaf. að bera þessar brtt. fram, en honum hefir ekki unnizt það nógu fljótt, svo að þær geta ekki komið fyrr en við 3. umr., og því býst ég við, að þá verði frá okkar hálfu aðalumr. um þetta mál.

Það, sem ég hefi aðallega á móti þessu frv., er það, hve litlar breyt. það gerir frá núgildandi lögum í þessu efni. Að vísu hækkar persónufrádrátturinn lítið eitt, en þar á móti kemur aftur það, að tekju- og eignarskatt og útsvör er leyft að draga frá aðeins að hálfu leyti. Þar sýnir það sig, að þar hafa tveir menn og tveir flokkar unnið að, sem hafa verið ólíkrar skoðunar og haft síðan helmingaskipti á sannfæring sinni. En það getur ekkert mælt með því að draga helminginn frá. Annaðhvort á að draga allt frá eða þá ekkert.

Viðvíkjandi skatta-„skalanum“ vil ég segja það, að ekki sízt hér á landi, þar sem tollar eru mjög svo háir, sem almenningur, sérstaklega fátæka fólkið og þeir, sem stór heimili hafa, verða aðallega að bera, þá sýndist, að eignarskatturinn gæti verið allmiklu hærri. Þær till., sem ég og hv. þm. Ísaf. höfum borið fram um það, hefðu gert það að verkum, að ríkissjóður hefði fengið meira en 1 millj. kr. tekjuaukningu af þeim tekjustofni, og hana hefði svo mátt nota til þess að lækka eitthvað þá tolla, sem þyngst koma niður á fátæklingunum.

Þá er annað deiluatriðið, skattar af hlutafélögum. Þetta frv., ef það verður að lögum, veitir þeim félögum mikla vernd, sem eru öflug og eiga mikinn höfuðstól. Hinum félögunum er aftur á móti gert erfitt fyrir, sem lítinn hafa höfuðstólinn, eru ung og hafa litlum sjóðum safnað. Ef menn vilja leyfa takmarkaða ábyrgð og hlutafélagsform, sem engin ástæða er til að amast við, þá er ekki rétt að hlífa þeim félögum helzt við sköttum, sem elzt eru og sterkust, en láta skattana koma þyngst niður á þeim félögum, sem eru ung og eiga oft örðugt uppdráttar. Af hálfu okkar jafnaðarmanna er því haldið fram, að hér eigi að hafa svipaða aðferð við hlutafélögin og við einstaklingana.

Hv. þm. Ísaf. kom með þá till., að bæjarsjóðir gætu lagt sérstakt gjald ofan á tekju- og eignarskattinn, en lækkað útsvörin að sama skapi. Það mundi gera álagninguna fljótari og innheimtuna haganlegri. En meiri hl. hefir ekki í þessu frekar en öðru tekið tillit til annara hugsana en þeim hefir sjálfum komið í hug. Ég vil nú, eins og ég hefi áður gert við annað tækifæri, þar sem fjárhagsmál voru til umr., lýsa undrun minni yfir því, að þessir flokkar, Framsókn og Íhald, sem vilja báðir ná völdunum, skuli geta í svona deilumáli komið sér alveg saman eins og einn flokkur. Það virðist yfirleitt, að baráttan sé um völdin og um einstaka menn, en ekki um stefnur.

Ég skal lýsa því yfir viðvíkjandi brtt. hv. þm. Dal., að ég mun greiða henni atkv., en viðvíkjandi brtt. meiri hl. fjhn. skal ég geta þess, að við 3. umr. mun ég bera fram aðra brtt. um það atriði, sem hún fjallar um.

Sigurður Eggerz: Ég ætti nú í raun og veru ekki að þurfa að halda langa ræðu til að mæla fyrir till. eins og þessari, mér sýnist satt að segja sanngirnin mæla svo mikið með henni. Það er nokkuð óeðlilegt, að menn borgi tekjuskatt af

sveitarútsvörum. Tökum t. d. mann, sem á að greiða útsvar og tekjuskatt af 10 þús. kr. Í útsvar greiðir hann 2 þús. kr. Þá eru eftir 8 þús. Í staðinn fyrir að eiga nú að borga tekjuskatt af 8 þús. kr., þá verður hann að borga skatt af 10 þús., þeirri upphæð, sem honum hefir aldrei komið til tekna.

Það liggur í hlutarins eðli, að annaðhvort á að draga allt frá eða ekkert. Það getur ekki byggzt á neinum skattareglum að eiga að draga helminginn frá.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að þetta gerði svo mikla röskun, að ef mín till. yrði samþ., þá yrði að grípa til þess að hækka skattstigann.

Það getur enginn sagt um, hvað miklu það munar á skatttekjum ríkissjóðs, hvort þessi breyt. verður samþ. eða ekki. Í núgildandi lögum er leyft að draga skatta og útsvör frá skattskyldum tekjum. Og ég hygg, að í þessu nýja skattakerfi, sem nú er verið að setja upp, sé yfirleitt ekki gert ráð fyrir hærri sköttum en áður voru. Ég þarf ekki að fara meira út í það, er snertir réttlætisatriði þessarar brtt. minnar, það er svo augljóst. Þó vil ég benda á, að tekjuskatturinn kemur mjög niður á embættis- og launamönnum, sem margir hafa mjög lág laun. Það er annað mál, hvort hægt er að greiða þeim meira. Hvað sem því líður, er ekki hægt að bera á móti því, að laun þeirra eru lág. Ef sú breyt. er samþ. að reikna skuli skatt af sköttum, er það beinlínis niðurfærsla á kaupi þessara manna.

Það mun aðallega verða haft á móti brtt., að hún geri skatttekjur ríkisins of litlar. En eins og ég hefi þegar bent á, mun mþn. hafa gengið út frá því, að nægar tekjur fengjust samkv. till. hennar, þó þessi frádráttur eigi sér stað.

Það hefir mikið verið barizt gegn því hér á Alþ., að tekjuhalli sé á fjárlögum. Það er jafnvel eins og mönnum finnist þá allt búið og allt í bezta lagi, aðeins ef hægt er að koma í veg fyrir tekjuhalla. Til þess eru tvær leiðir: önnur að spara sem mest öll útgjöld ríkissjóðs, og hin að auka tekjur hans. Þessu virðist hv. þm. hafa hætt til að blanda saman; þeir hafa sofið rólegir og talið öllum skyldum fullnægt, hafi fjárl. verið afgr. án tekjuhalla. Það hefir ekki verið hugsað um, þó til þess þyrfti að hækka skatta og tolla. Það hefir viljað gleymast sú staðreynd, að gjaldþoli gjaldenda eru takmörk sett. Það er gaman að athuga þessa „framþróun“ í fjármálunum, af því talað er um, að till. mín muni rýra um of tekjur ríkissjóðs. Vildi ég, með leyfi hæstv. forseta, mega lesa upp nokkrar tölur úr skýrslu hæstv. fjmrh. Gjöld ríkissjóðs voru:

Árið 1924	9503	þús. kr.
— 1925	10910	— —
— 1926	12641	— —
— 1927	12779	— —
— 1928	13177	— —
— 1929	15184	— —
— 1930	17166	— —

Af þessu sést, hvað af því hefir leitt að láta stjórnirnar stundum hafa of miklar tekjur.

Ef manni, sem vanur er að lifa af t. d. 3000 kr., hefir áskotnazt aukið fé og fer svo að lifa langt fram úr venjulegum tekjum, þá stendur sá maður illa að vígi, ef hann aftur verður að lifa af fyrri tekjum. Kröfur hans til lífsins eru orðnar stærri, en getan eins og hún upprunalega var.

Svipað er um ríkið. Þess vegna getur mikill tekjuafgangur orðið ríkinu til ills, þegar stj. kann ekki með hann að fara, eða réttara, þegar stj. eyðir honum í heimildarleysi, eins og nú hefir átt sér stað, og eykur hin föstu árlegu útgjöld að miklum mun með óhóflegum og óheimilum ráðstöfunum sínum. Í hendur stj. eins og þessarar hygg ég að óráðlegt sé að láta meiri tekjur en nauðsyn rekur til, og hygg ég, að þær verði nógu háar, þó brtt. mín sé samþ.

Þessar stuttu aths. vildi ég koma fram með í sambandi við brtt. mína. En af því ég er nú staðinn upp, langar mig til að víkja að einu atriði í frv. Tilefni þess er bréf, sem fjhn. hefir borizt frá Skattþegnasambandi Íslands. Er því meiri ástæða til að veita því athygli, þar sem mjög þekktur maður, próf. Einar Arnórsson, hefir undirritað það.

Í bréfi þessu eru aths., sem snerta 8. gr. frv. Þar er ákveðið, að tekjuskattinn samkv. 6. gr. og 7. gr. megi hækka og lækka um ákveðna hundraðstölu með

einföldu fjárlagaákvæði. Ég játa, að ég hafði ekki veitt þessu ákvæði athygli, þangað til ég sá þetta bréf, sem vekur athygli á því, að það muni ganga nærri stjórnarskrárbroti. Í stjskr. stendur: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka, nema með lögum". Það er enginn vafi á, að þegar talað er um lög í þessu sambandi, er ekki átt við fjárlög. Það sést ákveðið í stjskr., að hún gerir greinarmun á lögum og fjárlögum. Og nú er í sjálfri stjskr. tekið ákveðið fram, að: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka, nema með **lögum**". En í frv. er aftur ákveðið, að þetta megi gera með fjárlagaákvæði innan vissra takmarka.

Ég veit, að sumir munu halda fram, að fjárlög séu lög eins og önnur lög. En ef maður athugar, að hverju ákvæði stjskr. um skattaálagningu stefnir, er það fljótskilið. Með þeim á að tryggja, að ekki séu gerðar breyt. á sköttum, nema eftir mikla athugun. Höfundar stjskr. hafa skilið, hvað þýðingarmikið það er fyrir þegnana, að ekki sé hægt að skella á þá nýjum og nýjum sköttum án nákvæmrar yfirvegunar. Og fyrir því er betri trygging, ef skipað er fyrir um skattana með sérstökum lögum, heldur en ef það er gert í fjárlögum. Það er hægt að koma fram breyt. á fjárl. á einfaldari hátt heldur en á öðrum lögum. Ef t. d. fjárlögin koma fyrir Sþ., ræður þar úrslitum einfaldur meiri hl., en þannig er ekki um önnur lög.

Ég lít svo á, að við eigum að vera varfærnir í því, að ganga ekki of nærri stjskr. Um grundvallarlög hvers ríkis þarf að vera helgi, því hlutverk þeirra er m. a. að vernda og tryggja borgurum þjóðfélagsins ýms þeirra helgustu réttindi. Það er ekki þjóð vorri samboðið, að löggjafarvaldið gangi um of nærri stjskr.

Það heyrir að vísu undir hæstv. forseta að skera úr, hvort ákvæði þessa frv. stríða gegn fyrirmælum stjskr. En ég álít, að aldrei eigi að samþ. till., sem vafi getur leikið á, hvort samræmanlegar eru stjskr. Og ég held, að skilningur prof. Einars Arnórssonar á þessu máli sé réttur. Ákvæði frv. um að hækka og lækka megi skattinn með fjárlögum, virðist í sjálfu sér lítið eftirsóknarvert. Því ekki að fara hina gömlu og góðu lagaleið?

Jón Sigurðsson: Það er út af brtt. hv. meiri hl. fjhn., að ég stend upp. Þar stendur: „Búpening skal meta svo sem hann væri framgenginn í fardögum næstu á eftir og eftir verðlagi síðustu verðlagsskýrslu hvers hrepps". Í Skagafirði er það regla, að hreppstjóri og undirskattanefnd gera verðlagsáætlun skömmu fyrir áramótin og senda hana til yfirskattanefndar. Það mun vera slík skýrsla, sem átt er við í brtt. hv. fjhn., en þar er ekkert tekið fram um, að hún skuli staðfest af yfirskattanefnd. Ákveði skattanefndirnar í hverjum hreppi algerlega verðlagsmatið, er enginn grundvöllur fyrir samræmi í matinu. Svo getur farið, að í einum hreppi sé t. d. ein ær metin á 40 kr., í næsta hreppi á 45 kr. og í hreppnum á hina hliðina á t. d. 35 kr. Það fer eingöngu eftir áliti hverrar einstakrar skattanefndar, hvaða verðlag er talið hæfilegt á hverjum stað. Með því aftur að senda skýrslu hvers hrepps til yfirskattanefndar og láta hana vinna úr þeim, má treysta því, að hún finni sanngjarnt verðlag fyrir alla sýsluna. Þetta fyrirkomulag hefir gefizt vel. Vildi ég því, að brtt. yrði breytt og orðuð þannig:

„Búpening skal meta svo sem hann væri framgenginn í fardögum næstu á eftir og eftir verðlagi, er yfirskattanefnd ákveður, að fengnum verðlagsskýrslum úr öllum hreppum sýslunnar".

Ég vildi biðja hæstv. forseta að leita afbrigða frá þingsköpum um það, að þessi skriflega brtt. megi komast að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 182) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Magnús Guðmundsson: Það var líka einmitt út af brtt. hv. fjhn., að ég vildi segja nokkur orð. Ég er hv. samþm. mínum sammála um það, að varhugavert sé að samþ. hana eins og hún liggur nú fyrir. Þar sem þetta atriði er undirbúningur undir ákvörðun tekju- og eignarskatts, verður að vanda vel til þess. Ég vildi því gera það að minni till., að hv.

meiri hl. taki aftur brtt. sína til 3. umr., til þess að hægt sé að athuga þetta betur. Vildi ég þá einnig mega ganga út frá, að hv. samþm. minn taki aftur sína till. til 3. umr.

Ég man ekki til, að neinsstaðar sé ákveðið, að sú aðferð skuli höfð við verðlagsmat, sem eftir upplýsingum hv. samþm. míns er notuð í Skagafirði. En mér finnst, að þetta muni heppileg aðferð, og væri því gott að fá tíma til að athuga það nánar. Það þarf ekkert að tefja frv., því ég ætlast ekki til, að umr. sé frestað, heldur aðeins, að geymt sé að taka ákvörðun um brtt. þangað til við 3. umr. Vildi ég mælast til, að hv. þm. Dal. taki líka aftur sína brtt. til 3. umr., enda munu þá, eftir ummælum hv. 2. þm. Reykv., fara fram aðalumr. um málið.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Ég sé ekki ástæðu til að fara út í almennar umr. um frv. á þessu stigi málsins, og það því síður, sem fram munu koma við 3. umr. brtt., sem tilefni geta gefið til almennra umr.

Það hefir verið farið fram á, að brtt. þær, sem fram hafa komið við frv., væru allar teknar aftur til 3. umr. Um brtt. fjhn. get ég sagt það, að ég er að vísu fús á að taka hana aftur til 3. umr. til samkomulags. En út af því, sem hv. 2. þm. Skagf. var að tala um mismun, sem gæti orðið á verðlagsmati hreppanna, þá held ég, að hann geti ekki orðið teljandi, nema réttmætar ástæður séu til. Það er ekki óvandlega valið í nefndina, sem meta á verðlagið, þar sem í henni eiga sæti hreppstjórinn, presturinn og þriðji maður, sem hreppsnefnd kýs. Prestarnir eiga eiginhagsmuna að gæta, að verðlagsmatið sé a. m. k. ekki of lágt, þar sem þeir eiga að taka laun fyrir aukastörf sín eftir verðlagsskrá. Ég get ekki tortryggt valda trúnaðarmenn um það, að þeir af ásettu ráði búi til ranga verðlagsskýrslu. En af tillátssemi við þá, sem tortryggnari eru, mun ég ekki setja mig upp á móti því að taka till. aftur til 3. umr., ef hægt er að búa tryggilegar um þetta atriði, þannig, að þessi vakandi tortryggni geti ekki komizt þar að.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. Dal. tekur brtt. sína aftur við þessa umr., og vil ég því minnast örlítið á rök hans. Réttmæti till. hans er fullkomið álitamál. Það er að vísu rétt, að segja má, að í till. frv. felist það að taka skatt af skatti, eins og hv. þm. orðar það. En slíkt er ekkert einsdæmi eða fátítt. Um hvoruga leiðina, að leyfa frádráttinn eða leyfa hann ekki, er hægt að fullyrða, að hún sé „absolut" hin rétta. Í skattamálum er ekkert slíkt réttlæti til. En meðalvegurinn getur aldrei verið rangari en yztu línur til hægri eða vinstri. Ég vil líka benda á, að í ýmsum öðrum tilfellum er á sama hátt tekinn skattur af skatti, svo þetta er ekkert einstakt. Tökum t. d. fasteignaskattinn. Fyrst er lagður fasteignaskattur á fasteignirnar, síðan er lagður á þær eignarskattur sem eign í eignaframtali, í þriðja lagi er lagður tekjuskattur á þær tekjur, sem fasteignirnar gefa, og í fjórða lagi leggst svo á útsvar, því alltaf mun tekið tillit til þess, þegar jafnað er niður útsvörunum, ef menn eiga fasteignir. Hér er ekki um að ræða skatt af skatti, heldur margfaldan skatt.

Annars er í þessu máli, eins og ég hefi áður vikið að, um tvær leiðir að velja, eða þó öllu heldur þrjár. Í fyrsta lagi er hægt að fallast á brtt. hv. þm. Dal. og rýra þannig tekjur ríkissjóðs. Í öðru lagi gæti komið til mála að samþ. till. hv. þm. og hækka jafnframt skattstigann sem því svarar. Þriðja leiðin er að fallast á frv. eins og það liggur fyrir.

Ég tel þetta ekki svo stórt atriði, að rétt sé að gera það að miklu kappsmáli, og því vil ég ekki halda uppi löngum umr. um það. Að endingu vil ég þó minna á það, að í fyrra féllst þingið á þá niðurstöðu að fara þá millileið, sem frv. gerir ráð fyrir.

Því er nú haldið fram, að ákvæði 8. og 17. gr. frv., sem heimila að hækka eða lækka tekju- og eignarskatt um ákveðna hundraðstölu með fjárlagaákvæði fyrir eitt ár í senn, komi í bága við 36. gr. stjskr., er svo segir: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka, nema með lögum".

Gagnvart þessu vil ég benda á það fyrst, að samskonar ákvæði að efni til gilda um þetta atriði t. d. í Bretlandi. Þá vil ég geta þess, að með lögum nr. 53., frá 7. maí 1928, var stj. gefin heimild til

að hækka tekjuskattinn af tekjum yfir 4000 kr. um 25%, og var það látið óátalið í þessu tilliti. Ætti þingið með engu móti að geta gefið stj. heimild til þess, sem það hefir ekki heimild á sjálft. Loks vil ég benda á, að 8. og 17. gr. frv. eru nákvæmlega eins orðaðar og í fyrra, er þær voru samþ. athugasemdalaust að þessu leyti hér í deildinni.

Og þar sem fjárl. eru fyrst og fremst lög og í öðru lagi þar sem grundvallarákvörðunin um þetta er í öðrum lögum en fjárl., þ. e. í þessum lögum, að svo megi til haga um þennan skatt, sem segir í 8. og 17. gr., þá getur það ekki komið til mála, að gengið sé of nærri ákvæðum stjskr. um þetta efni. Annars er rétt að vísa til forseta um þetta, og náttúrlega verður að hlíta hans úrskurði.

Ég skal svo ekki lengja mál mitt, en vil aðeins endurtaka, að til samkomulags við þá, sem tortryggnir eru og óttast, að þeir mætu menn, sem verðlagsskrárnefnd skipa, muni geta látið sér detta í hug að byggja verðlagið á einhverju öðru en því, sem þeir telja rétt, þá skal ég taka brtt. n. aftur til 3. umr.

Sigurður Eggerz: Hvað snertir ræðu hv. frsm. meiri hl. get ég vísað til þess, sem ég hefi sagt áður, og sé ekki ástæðu til að endurtaka þau rök, sem þar eru færð fram. Hvað snertir ummæli hans um ákvæði, sem ég taldi, að kæmi í bága við stjskr., þá sagði hann fyrst, að fjárl. væru lög. Ég held, að það megi ganga út frá því, að fjárl. eru ekki það, sem eftir lagavísindum er kallað lög. Stjskr. sýnir mismun á lögum og fjárlögum. Hitt atriðið er veigameira, að þetta ákvæði er í öðrum lögum en fjárl. Ég vildi benda á, að ef það er rétt, að nægilegt sé að ákveða slíkt með öðrum lögum með tilvísun til fjárlaganna, þá má koma öllum sköttum, hækkunum þeirra og lækkunum, undir fjárlagaákvæði. Þannig mætti grafa undan því, sem er aðalmark ákvæðisins í stjórnarskránni. Ég vil taka fram, að í samráði við nokkra menn hér í d., sem gjarnan vildu íhuga till. betur, tek ég hana aftur til 3. umr.

Magnús Torfason: Það er búið að taka aftur till. um að meta búpening eftir verðlagsskrá hvers hrepps. Verðlagsskýrsluna semja hreppstjóri og prestur og einn maður kosinn af hreppsnefndinni. Þessir menn eiga ekkert skylt við skattanefnd eða yfirskattanefnd. Með þessu, að setja verðlagsskýrslu með verðlagsmæli á gjaldskrá, er verið að auka þeim gildi. Yfirleitt hafa þessar verðlagsskrár aðeins þýðingu fyrir presta og afgjöld, sem eru borguð í fríðu eftir landaurum. En þarna urðu þessar verðlagsskrár þýðingarmiklar sem undirstaða undir skattgreiðslur. Ég held, að það sé varhugavert að láta verðlagsskýrslurnar verða ráðandi um verðlagið, því mér er kunnugt um, að ákaflega breytilegt verðlag er í hreppum, þótt landkostir séu álíka góðir og sala á afurðum alveg eins. En ef ætti að setja þennan skattaverðmæli inn í tekju- og eignarskattslögin, þá held ég, að það þyrfti um leið að breyta verðlagsskrárlögunum og ganga betur frá þessu, með því að fela yfirskattan. að athuga skýrslurnar og veita þeim vald til að breyta þeim. Að því er snertir ummæli hv. þm. Dal., um að það færi í bága við stjskr., að lögin geri ráð fyrir, að það megi breyta einhverju með fjárl., þá get ég ekki verið honum sammála. Þetta ætti þá að þýða, að engum staf mætti hagga í þeim málefnum, sem skipa á með lögum, nema af þinginu. Löggjafarvaldið afsalar sér oft valdi sínu til framkvæmdarvalds, og jafnvel til ýmsra nefnda. Samkv. þessari stefnu skilst mér, að það geti ekki náð nokkurri átt, að löggjafarvaldið megi ekki afsala einhverju valdi sínu til fjárlagavaldsins. Löggjöf vor hefir víða gert þetta, í tolllögum og hafnarlögum. Við vitum sjálfsagt allir, að í landi, þar sem bezt er vakað yfir stjórnarskrárfyrirmælum og grundvallarlögum, Englandi, þar er einmitt skattahæð ákveðin með fjárlögum. Það getur verið hentugra að víkja til, og það er ekki víst einu sinni, að slík ákvæði yrðu skattgreiðendum til tjóns; þess háttar fer eftir ýmsum ástæðum, t. d. hvernig lætur í ári, og eftir því, hvaða tekjur ríkissjóður þarf að hafa. Ég veit ekki, hvort ástæða er fyrir skattgreiðendur að hafa á móti þessu. Ég vildi benda á þetta nú. Mér hefir verið sagt, að úrskurður hafi verið lagður á þetta

mál, en ég býst við, að ekki hefði átt við að gera það fyrr en við 3. umr.

Hákon Kristófersson [óyfirl.]: Það eru færri menn í d. en hér eiga að vera. — Út af þessum ummælum, sem fram komu um brtt. meiri hl., vildi ég segja nokkur orð. Hv. 2. þm. Árn. sagði, að óskyldir menn skattanefndum semdu verðlagsskýrslurnar í hreppunum. Fyrir utan prest og hreppstjóra er í nefndinni 1 maður, sem oft og einatt er annar úr hreppsnefndinni. Ég býst því við, að hv. þm. geti verið mér sammála um það, að til þessarar n. er eins vel vandað og kostur er á í því byggðarlagi. Að ósamræmi eigi sér stað, t. d. í Árnessýslu, má vel vera, því það getur komið fyrir í öllum sýslum, og oft kemur það fyrir, að mismunur verðlagsins er ekki einungis milli hreppa, heldur líka oft og einatt innan hreppa. Ég held, að ef menn vilja fara þessa leið, þá verði ekki önnur hreinni leið farin en sú, sem meiri hl. fjhn. bendir til. Þar er ekki átt við verðlagsskrár í hverri sýslu, heldur í hverjum hreppi. Ég get ekki fallizt á þetta. Ég tel, að það yrði óveruleg skóbótarskipti, ef farið verður með þetta matsákvæði til skattanefndar. Það er ómögulegt að neita því, eins og hv. frsm. tók fram, að þetta verðlag verður að vera mismunandi. Ég vil ekki ætla, að ekki sé hægt að treysta svo hreppstjórum og öðrum, sem þar að vinna, að þeir fari að gefa falskar skýrslur. Hv. þm. Dal. minntist á í sambandi við brtt. sína á þskj. 160, hve óeðlilegt væri, að nokkur hluti útsvara væri undanþeginn frádrætti. Ég verð að segja það, að frá leikmannsbæjardyrum mínum er ég hissa á því og get ekki skilið, hvernig stendur á því, að hv. þm. skuli ekki hafa getað fallizt á till. hv. þm. Dal. Með sama rétti mætti segja, að það væri ástæðulaust að draga frá ýmsan embættiskostnað. Það var réttilega fram tekið af hv. frsm., að óréttlæti væri í þessu sumstaðar, en það á ekki að eiga sér stað yfirleitt.

Um það, hvort ákvæði, sem hv. þm. Dal. nefndi, kæmi í bága við stjskr., skal ég ekkert segja. En ég veit, að það hefir verið svo, að lög hafa ekki verið felld niður né ákvæðum breytt á annan hátt en þau hafa til orðið. Mér er kunnugt um það, að fyrir löngu síðan hefir fjhn. leyft sér að breyta gildandi lögum án þinglegra heimilda, og hún hefir fengið þegjandi samþykki þingsins til þess. Ég skal í þessu sambandi, ef menn eru í efa um þetta, benda á, að gildandi fyrirmælum um meðgjöf sjúklinga á Kleppi hefir fjhn. leyft sér að breyta og fengið til þess þegjandi samþykki þingsins. Af þessu leiðir, að sönnur eru fengnar fyrir því, að farnar eru krókaleiðir til að koma slíkum hlutum á. Ég verð að segja það, að betur ætti við, að lagaákvæðum væri breytt á sama hátt og þau eru til orðin. Þegar til kemur, mun ég greiða till. hv. þm. Dal. jákvæði mitt, því ég álít, að hún sé rétt og býst við, að ég verði frekar með brtt. meiri hl. fjhn., sem er á þskj. 159, eins og hún er, heldur en að breyta henni. En þar með hefi ég ekkert sagt um hug minn til frv. yfirleitt, því ég hefi ekki eins mikið vit á þessum skattamálum eins og nefndin, sem bæði hefir mikið vit á þessu og hefir haft mikinn tíma til að yfirfara þetta og stendur því betur að vígi en ég og mínir líkar. En ég býst við, að leika muni á tveim tungum ýms ákvæði viðvíkjandi tekju- og eignarskattinum, sem hún leggur til, og að sumu leyti hefi ég meiri tilhneigingu til að fylgjast með ýmsum till. hv. þm. Ísaf.

Sigurður Eggerz: Ég er þakklátur hv. þm. Barð. fyrir það, hve vel hann tók í mína till.

Ég vildi svara hv. 2. þm. Árn. nokkrum orðum. Hann færði það máli sínu til stuðnings, að í Englandi væru skattar ákveðnir í fjárl., og sagði, að Englendingar vektu fast yfir sinni stjskr. En hafa Englendingar aðra stjskr. en Magna charta? Ég efast um það. Eru nokkur ákvæði þar um þetta, líkt og í okkar stjskr.? Til þess að gera þetta sambærilegt verður að sýna fram á, hvort þar standi eins á og hér. Hv þm. sagði, að ekki mætti taka þetta of bókstaflega. En ég vildi benda á það, að ef með einstökum lögum má fela fjárveitingavaldinu að ákveða skattamál, þá má fela því allt, og er þá búið að kippa grundvelli undan ákvæðum stjskr. Með brtt. við síðustu

umr. fjárl. í Ed. má koma með þessu móti að stórfelldum breyt. á skattalöggjöfinni. En því að ýta undir ógætnina, þegar svo er ástatt, að útgjöldin, sem stj. viðurkennir síðasta ár, eru orðin 17 millj.?

Hannes Jónsson: Hv. þm. Dal. hélt því fram, að ákvæði frv. bryti í bága við stjskr. Þá er þess að geta, að samskonar ákvæði hafa staðið í skattalögum okkar. Þingið 1928 samþ. að heimila stj. að innheimta tekjuskattinn með 25% viðauka. Þess vegna verð ég að líta svo á, að ef tilsvarandi ákvæði þessa frv. eru of nærgöngul stjskr., þá er þingið búið að sverfa að henni æðioft. Enda þótt heimildarlögin frá 1928 væru aldrei framkvæmd, þá skiptir það ekki máli í þessu sambandi, en aðalatriðið er það, að ekkert hefir þinginu þótt athugavert við þá lagasetning, þegar hún var á döfinni, né heldur hefir því verið haldið fram síðan, að nefnd lög hafi brotið stjskr. Annars er það alveg rétt hjá hv. þm. Dal., að ákvæði frv. um að skipta til helminga skatti og útsvari og draga annan helminginn frá í tekjuframtali, getur illa staðizt, og álít ég, að annaðhvort ætti að draga allt frá eða ekkert.

Magnús Torfason: Hv. þm. Dal. kom með aths. út af ummælum mínum um þau ákvæði frv., að hækka megi og lækka tekjuskattinn með einföldu fjárlagaákvæði. Gáfu þær aths. ekkert tilefni til svars, enda hafði ég ekki sagt annað en það, sem voru óhrekjanlegar staðreyndir í þessum efnum. Ég gaf einungis stutta skýrslu um reynslu mína og annara í þessum greinum. — Hv. þm. var að tala um tilfinningar, svo sem hans er vandi. Ég held, að hv. þm. ætti að temja sér dálítið meira rólega yfirvegun hlutanna, í stað þess að vera með þetta stöðuga fleipur um tilfinningar. Ég held, að það sé yfirleitt bezt að leggja tilfinningarnar til hliðar, þegar um fjármálaefni er að ræða. En þá list hefir hv. þm. Dal. ekki tamið sér, enda fer litlum sögum af fjármálaviti hans bæði fyrr og síðar.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. V.-Húnv., að í þeim atriðum þessa frv., sem hv. þm. Dal. telur stjskr. brotna, er ekki um annað að ræða en það, sem verið hefir í lögum okkar síðan 1928. Þá var ráðh. heimilað að bæta 25% við tekjuskattinn. Það, sem ákveðið er í þessu frv., er því ótvírætt innan þeirra takmarka, sem gildandi lög ákveða, og er sízt lengra gengið, því að í frv. er líka heimilað að lækka skattinn um 25%, og er það því mjög í hag skattgreiðendum. Með lögunum frá 1928 er framkvæmdarvaldinu falið að ákveða skattinn að nokkru leyti og innan lögbundinna takmarka. Hér er hert á og vald þetta fengið í hendur þinginu sem fjárlagagjafa. Vitaskuld er þetta innan ramma stjskr., því að þó að stjskr. mæli svo fyrir, að skattamálum skuli skipað með lögum, þá er hér hvergi farið yfir þau takmörk. Almenni löggjafinn skal skipa þessum málum, og getur hann vitaskuld falið þetta fjárveitingavaldinu, ekki síður en framkvæmdarvaldinu, sem síðan 1928 hefir farið með þessi mál hvað þetta atriði snertir. Ef hér er um stjórnarskrárbrot að ræða, þá hefir þingið 1928 framið miklu stærra stjskr.brot. Annars er það ekki nema gott, að búið sé svo um þessa hnúta, að hægt sé að laga þetta í hendi sér að einhverju leyti, eftir kringumstæðunum á hverjum tíma. Og með því að enska þjóðin lætur sér sæma að hafa slíkt fyrirkomulag í skattamálum sínum og telur það ekkert varhugavert, þá held ég, að okkur hérna sé alveg óhætt að fara að dæmi þeirra. Er það öldungis út í bláinn að halda, að skattalöggjöf okkar verði leikfang í nokkurs manns hendi fyrir þá sök.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Mig er farið að furða á þessum umr. hér í deildinni, því þær virðast snúast um allt annað en meginatriði þessa máls. Ég minnist þess nú, að ég heyrði einn hv. þdm. tala af miklum fjálgleik um það, að ekki mætti ganga of hart að innlendum félögum og stofnunum. Ætla ég, að þetta hafi verið við 1. umr. um frv. hv. 1. þm. N.-M. um sveitargjöld. Fengu þessi orð, að því er virtist, góðar undirtektir í deildinni. Nú vildi ég mega benda þessum sömu mönnum á 7. gr. þessa frv., og mætti vel vera, að þeim rynni til rifja sú meðferð, sem þar um ræðir. Það væri

eftir atvikum æskilegt, ef hv. þm. vildu láta svo lítið að athuga þessa grein, en eftir þeim umr., sem fram hafa farið, er helzt að ætla, að mjög fáir þm. hafi kynnt sér þessa gr. frv. Ég hefi reiknað út muninn á skatti tveggja félaga, sem bæði hafa jafnar tekjur skattskyldar, 30000 kr., en annað félagið hefir 10 þús. kr. hlutafé, en hitt 1 millj. kr. hlutafé. Eftir gildandi lögum og eftir frv. því, sem hér liggur fyrir, þá ætti minna félagið að greiða 8755 kr. í skatt, eða ca. 28,6% af tekjum sínum. Ég fæst ekki um þetta út af fyrir sig, en ef þetta er borið saman við það, sem stærra félagið á að borga í tekjuskatt, þá kemur það í ljós, að það félag á ekki að borga nema einar 1400 kr., eða ca. 4,6% af hinum skattskylda gróða, í stað þess að hitt félagið á að greiða 28,6% af sínum gróða. Ég veit ekki, hvort hv. þdm. telja það sæmilegt að ganga svo frá þessum lögum. Auk þess hlýtur stærra félagið að hafa margfalt meiri gróða til þess að hafa sömu skattskyldar tekjur sem litla félagið, því að það hefir margfalt meiri frádrátt, fyrst og fremst hundrað sinnum hærri vexti og auk þess tillag til varasjóðs, sem allt dregst frá hinum skattskyldu tekjum. Enda verður útkoman sú, að fátækara félagið greiðir allt að 30% af sínum tekjum, en hitt ekki nema liðlega 4%. Ég hygg, að hv. þdm. hefðu gott af að veita þessu athygli, áður en lengra er gengið.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Út af þessari aths. hv. þm. Ísaf. í niðurlagi ræðu sinnar vil ég benda á, að þær reglur, sem settar eru um skattgjald félaga, byggjast á þeirri hugsun, að því meiri sem gróðinn er í hlutfalli við hlutaféð, því hærri skatt skuli greiða af honum. Hinsvegar er hugsanagangur hv. þm. Ísaf. á þá leið, að því meiri sem gróðinn er án tillits til upphæða hlutafjárins, því meiri skatt eigi það að greiða, m. ö. o. alveg án tillits til þess, hvort félagið hafi í raun og veru grætt nokkuð eða ekki. Þetta er munurinn á ákvæðum og skoðunum hv. þm. Ísaf.

Haraldur Guðmundsson: Ekkert skil ég í hugsanagangi hv. 1. þm. N.-M., ef hann kemst að þeirri niðurstöðu, að ég vilji leggja á tekjuskatt, enda þótt engar tekjur séu fyrir hendi. Ég held, að hv. þm. sé að gera að gamni sínu. Hann veit það ósköp vel, að áður en félagið með 1 millj. kr. hlutafénu gefur upp 30 þús. kr. tekjur, þá hefir það lagt til hliðar af gróða sínum bæði vexti af hlutafénu, 45 þús. kr., og þvínæst 15 þús. kr. til varasjóðs. M. ö. o. hefir félag þetta haft 90 þús. kr. hreinan gróða, en samt er því ekki ætlað að greiða nema 1400 kr. í tekjuskatt. En litla félagið, með 10 þús. kr. hlutaféð, það má ekki greiða sínum hluthöfum nema 450 kr., en verður að greiða á 9. þús. kr. í tekjuskatt. Ef þetta er ekki ranglæti, þá veit ég ekki, hvað ranglæti er. En svo kemur hv. frsm. og fræðir þdm. á því, að ég vilji skattleggja félögin án tillits til þess, hvort þau hafa nokkurn arð eða ekki.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Ákvæði þessa frv. og gildandi laga um það, að frá hreinum tekjum innlendra félaga og stofnana megi draga 4% af innborguðu stofnfé eða hlutafé, er sambærilegt við persónufrádrátt einstaklinga. Miðast hundraðstala þessi við lægstu innlánsvexti, sem unnizt hefðu á þetta fé, ef það hefði verið lagt á vöxtu. Hinsvegar ber þess einnig að gæta, að hlutafé félags er ekki eign þess, heldur skuld, og þeir vextir, sem félagið greiðir eigendum hlutafjárins, koma til teknaframtals og skatts hjá þeim.

Annars er það skiljanlegt, að hv. þm. Ísaf., sem samkv. kenningum jafnaðarmanna mun ekki viðurkenna, að fé eigi yfirleitt nokkurn rétt á að fá arð, vilji leggja tekjuskatt á, án tillits til þess, hvort um nokkurn raunverulegan gróða er að ræða eða ekki. Tillögur hans ýmsar í þessum málum, t. d. um fasteignaskattinn, benda til þess, að hann myndi vera ekki ófús til að ganga svo langt, að nærri stappar eignarnámi. Þessi orð hv. þm. og afstaða hans yfirleitt til skattamálanna er skiljanleg afleiðing af þessum hugsanagangi hv. þm.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Mér fannst nú hv. frsm. víkja öðru við en í síðustu ræðu sinni, því að nú var hann að

leitast við að færa rök að því, að ég væri fylgjandi eignarnámi. Það er mjög sennilegt, að hann geti þar rétt til um mínar skoðanir á þeim efnum, en annars finnst mér hv. þm. vera orðinn ærið gleyminn, því að fyrir nokkrum dögum vildi hann sjálfur færa tekjuskattinn upp í 104% af tekjunum, en þá var það ég, sem varð til þess að mótmæla, svo að enda þótt ég kunni að vera gráðugur í eignarnám, þá hefir þó hv. frsm. sjálfur slegið mig algerlega út í þeim efnum. Ég held meira að segja, að hann hafi sett met — slegið record — í þessum till. sínum, og hvorki ég né aðrir eignarnámsmenn hafi nokkru sinni komizt hálfa leið á móts við hv. frsm., hvað þessa hluti snertir.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði nú, skal ég taka það fram, að það á ekki frekar við mínar till. en hans. Hans till. hnigu að því að taka miklum mun hærri tekjuskatt í ríkissjóð en nú er; síðan áttu útsvörin að leggjast ofan á, en þau eru sem næst þreföld við tekjuskattinn. Hv. þm. Ísaf. vildi hækka tekju- og eignarskattinn til ríkissjóðs um nálega helming, án þess að skeyta því nokkru, þótt bæjar- og sveitarsjóðir eigi þá eftir að taka útsvörin — þrefalda upphæð — af hinum sama tekjustofni.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég er borinn svo alvarlegum sökum af hv. frsm., að hæstv. forseti verður að leyfa mér að segja nokkur orð til þess að bera þær af mér.

Hv. frsm. er enn að reyna að halda því fram, að tekjuskatturinn samkv. mínum till. fari fram úr tekjunum. Þetta er tilbúningur einn, eins og hv. þm. hlýtur að vita. Minn skattur fer ekki upp úr 48% af tekjunum, og það er því fjarri öllu viti hjá hv. frsm. að ætla að telja mönnum trú um, að hann fari upp úr 100%. Því fer fjarri, að orðum sé eyðandi að slíku. Það er einnig fjarstæða, að engar leiðir séu til þess að þrefalda skattinn, aðrar en að þrefalda skattstigann. Slíkt dettur engum óvitlausum manni í hug, því að þá færi skatturinn upp undir 200% af tekjunum! Hinsvegar er það enginn vandi að fá 6 millj. kr. í skatt út af 30 millj. kr. skattskyldum tekjum landsmanna. (**HStef:** En því má ekki taka útsvörin eftir sömu reglum og tekjuskattinn?) Í sjálfu sér hefi ég ekkert á móti því, en því fer fjarri, að hv. frsm. haldi þeirri reglu í till. sínum. Hann vill láta taka tekjur sveitar- og bæjarfélaga með ýmsu móti, t. d. vegagjaldi, aukaniðurjöfnun o. fl. Hitt er háskalegur misskilningur hjá hv. frsm., að ekki sé hægt að þre- eða fjórfalda skattinn nema margfalda skattstigann að sama skapi. Mig furðar á því, að hv. frsm. skuli hvað eftir annað bera fram þvílíkar staðleysur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:2 atkv.

2.—7. gr. samþ. með 17:1 atkv.

Forseti (JörB): Það hefir verið óskað úrskurðar forseta um það, hvort ákvæði 8. gr. og 17. gr. þessa frv. myndu brjóta í bága við 36. gr. stjskr.

8. gr. frv. hljóðar þannig:

„Tekjuskattinn eftir 6. og 7. gr. má með fjárlagaákvæði hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, eitt og eitt ár í senn".

En 36. gr. stjskr. hljóðar þannig:

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka, nema með lögum; ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins, né afnotarétt þeirra, nema samkvæmt lagaheimild".

Með „lögum" er átt við skattalög, en ekki fjárlög. 73. gr. stjskr. hljóðar svo: „Skattamálum skal skipa með lögum". Með ákvæðum þessarar greinar er meint, að skattamálum skuli skipa með venjulegum lögum, skattalögum, en ekki fjárlögum.

Tekjur ríkissjóðs eru nær allar lögákveðnar. Tilgangurinn með fjárlögum og fyrirkomulagi þeirra er m. a. að telja beri alla tekjuliðina, og hvern tekjulið með tiltekinni upphæð, og að það skuli gert eftir gildandi lögum í því efni.

Það er að vísu svo, að fjárhæðir tekjuliða eru ekki beint lögákveðnar. Þær fara að miklu leyti eftir efnum og ástæðum

gjaldenda, en það er hvorttveggja, sem kunnugt er, á meiri eða minni hreyfingu. En fjárhæð hvers liðs er lögákveðin, að því leyti, að lagt er með lögum ákveðið gjald á, eftir verði gjaldstofns eða magni. Við það gjald er fjárveitingavaldið bundið, og það verður því að áætla verð gjaldstofnsins eða magn og svo að reikna út fjárhæð hvers tekjuliðs samkvæmt því eftir hinu lögákveðna gjaldi.

Þegar þingið hefir talið þörf á því að breyta skattalögum undanfarið, þó sú skattabreyting hafi átt að standa stutta stund, hefir það ætíð verið gert með lögum (ekki fjárlögum), t. d. tollhækkunin, sem gerð var með lögum nr. 6, 29. júlí 1905, og standa átti tvö ár. Ennfremur skattalinunin, sem gerð var 1885 og 1887 á skatti af ábúð og afnotum jarða og lausafjár, og standa átti í tvö ár, sbr. lög nr. 25, 2. nóv. 1885, og lög nr. 17, 4. nóv. 1887. Ennfremur má minna á lög nr. 3, 1. apríl 1924, um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum (átti að leggja á 20% af innkaupsverði þeirra) og gilda áttu aðeins til ársloka 1925. Og ennfremur lög nr. 2, 27. marz 1924, um heimild fyrir ríkisstj. að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka, á meðan sterlingspund er skráð í Reykjavík á 25 kr. og þar yfir. Þessum lögum var breytt með lögum nr. 37, 27. júní 1925. Þar er ríkisstj. heimilaði til ársloka 1927 að innheimta þetta gjald, 25% gengisviðauka, þó gengi á sterlingspundi væri þá orðið annað (fyrir neðan 25 kr.). Og enn má benda á lög nr. 36, 7. maí 1928, um heimild fyrir ríkisstj. til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka til ársloka 1930.

Vafalaust mætti og benda á fleira, sem líkt er ástatt um og það, sem nú hefir nefnt verið.

Þess vil ég sérstaklega geta, út af ummælum, sem fram hafa komið um það, að eins standi á um slíka heimild til hækkunar eða lækkunar á skatti, gefna í fjárlögum og væri það gert með öðrum lögum (skattalögum), til þess að hafa skattinn hreyfanlegan, að ég tel, að hér sé ekki um hliðstætt atriði að ræða. Hækkunar- eða lækkunarheimild í skattalögum er gefin þar, með því lagaboði, er slík mál eiga að sæta, og framkvæmdarvaldinu veittur réttur til þess að ákveða, hvort það notar heimildina eða ekki, en sé heimildin notuð, er það gert samkv. þeirri skilorðslausu lagaheimild. Ef hinsvegar slík skattbreyting er látin vera komin undir ákvæði fjárlaga, er þar með farið út fyrir það svið, sem fjárlögum er ætlað að ná yfir samkv. stjskr.

Í gildandi skattalögum vorum er ekkert ákvæði, sem heimilar það, að á skatti þeim, er þau ákveða, megi gera breytingu með einföldu fjárlagaákvæði. Það er því ekki við því að búast, að breyting á þeim hafi verið gerð nema með lögum (ekki fjárlögum). Enda hefir því ætíð verið fylgt.

Samkv. 8. gr. þessa frv. er heimild gefin til þess með fjárlagaákvæði, að breyta megi tekjuskattinum (sem ákveðinn er í 6. og 7. gr. frv.), **hækka** hann eða **lækka** um ákveðna hundraðstölu, allt að 25%, eitt og eitt ár í senn. (Hið sama gildir um eignarskattinn samkv. 17. gr.) Sú breyting, sem þannig yrði gerð með fjárl.ákvæðum á skattinum (eftir á skv. 8. og 17. gr.), hvort heldur væri til **hækkunar** eða **lækkunar,** væri þá innan þess ramma, er greinarnar tiltaka, og væri því hægt að segja, að þesskonar skattbreyting væri skv. ákvæðum þessara skattlaga (ef frv. yrði að lögum með þessu ákvæði). Og sú ákvörðun, sem þannig væri með fjárlagaákvæði tekin, bryti á engan hátt í bága við ákvæði 36. gr. stjskr., þessi: **„Engan skatt má á leggja** né **breyta** né **aftaka,** nema með lögum", vegna þess, að heimildin til þessarar breytingar á skattinum er að finna í þessum skattlögum. En þegar þess er nánar gætt, hvernig breyting skattsins kemur fram, hvort heldur er til hækkunar eða lækkunar, þá verður skatturinn ýmist **meiri** eða **minni** á hverri einingu af óbreyttu verði gjaldstofnsins, en það ákvarðast af fjárlagaákvæðinu.

T. d. af 4000 kr. skattskyldum tekjum á skv. 6. gr. frv. að greiða í skatt 72 kr. Sé skatturinn hækkaður um 25%, þá hækkar hann um 18 kr. og skatturinn yrði þá af 4000 kr. skattskyldum tekjum 90 kr. En ef um 25% lækkun er að ræða, þá verður skatturinn 54 kr.

Þegar því heimild 8. gr. þessa frv. eða 17. gr. um breyting á skattinum með

fjárl.ákvæði yrði notuð, þá væri ýmist skattur með því að nokkrum hluta á **lagður** eða að nokkrum hluta **af tekinn.** Og vitaskuld er þá líka með slíkri ákvörðun skatti breytt.

En samkv. 36. gr. stjskr. mega slíkar skattbreytingar aðeins verða samkv. lögum, sbr. og ákvæði 73. gr. stjskr.: „Skattamálum skal skipa með lögum". Í þessu efni verður og að hafa í huga þann mun, sem er á skilyrðum fyrir afgreiðslu fjárl. frá þingi og annara laga.

Ég tel því ákvæði 8. og 17. gr. þessa frv., ef að lögum yrði, ekki geta samrýmzt ákvæðum 36. gr. stjskr., og getur því 8. og 17. gr. frv. ekki komið til atkv. Hljóta þær því að falla burt úr frv., og greinatala þess breytist samkv. því.

ATKVGR. (frh.).

8. gr. felld með forsetaúrskurði.

9. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

10.—15. gr. (verða 9.—14. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

16. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

17. gr. felld með forsetaúrskurði.

18.—24. gr. (verða 16.—22. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

25.—33. gr. (verða 23.—31. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

34.—48. gr. (verða 32.—46. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

49.—57. gr. (verða 47.—55. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

58.—59. gr. (verða 56.—57. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:2 atkv.

Á 29., 30. og 31. fundi í Nd., 20., 21. og 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., 24. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 185, 191, 205, 209, 220, 232).

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Meiri hl. fjhn. hefir borið fram brtt. á þskj. 220. — Eins og menn muna, þá úrskurðaði hæstv. forseti við 2. umr. þessa frv., að tvær gr. þess gætu ekki komið til atkv., vegna þess, að þær gengju of nærri 36. og 73. gr. stjskr. Þessar gr. voru 8. og 17. gr. frv. Nú er það svo, að úrskurður hæstv. forseta er í þessu máli æðsti réttur. Er því þýðingarlaust að gera hann að umtalsefni nú, enda þótt hann sé nokkuð vafasamur. Samhljóða gr. voru samþ. hér á þingi í fyrra, og sá þá enginn neitt athugavert við það.

Vegna þess, að þessar gr. voru ekki bornar undir deildina að þessu sinni, þá verður ekki vitað, hvernig deildin lítur á efni greinanna, ef þær eru bornar fram í því formi, að ekki þyki rekast á ákvæði stjskr. Nú er því efni þessara gr. borið fram á þskj. 220 í öðrum umbúðum. Efni brtt. er, að hækka megi eða lækka tekju- og eignarskattinn um 25% eitt ár í senn, eins og var lagt til í frv. En formbreytingin er sú, að í stað þess, að í frv. var lagt til, að þetta væri ákveðið í fjárl. fyrir eitt ár í senn, þá er í brtt. lagt til, að ríkisstj. sé veitt heimild til hins sama. Nú kynni að vera álitið, að í þessu formi rekist till. enn á ákvæði stjskr. En gagnvart því áliti vil ég nú þegar benda á l. nr. 53 frá 1928, þar sem samskonar ákvæði, bæði að efni og formi, og hér eru borin fram, eru lögfest og hafa gilt síðan, án þess að það þætti eða hafi þótt nokkuð athugavert.

Þá vil ég stuttlega minnast á þær aðrar brtt., er fyrir liggja. Hafa sumar þeirra komið fram áður, svo sem brtt. 205 frá hv. þm. Dal., sem hann tók aftur við 2. umr. Samskonar till. að efni til hafa líka komið fram frá hv. 1. þm. Reykv. og hv. þm. Ísaf. Gildir því um allar þessar till. sameiginlega það, sem ég segi um brtt. 205.

Þegar meiri hl. fjhn. í fyrra setti í frv. það ákvæði, sem nú er í h-lið 11. gr. þess, um að draga megi frá tekjum áður en skattur er á þær lagður, aðeins helming aukaútsvara og helming tekjuskatts og eignarskatts, þá var hugsunin með því, að það mætti vega nokkurnveginn á móti þeirri tekjurýrnun, sem hækkun persónufrádráttarins hefir í för með sér. Till. um hækkun persónufrádráttar þótti ekki fært að gera, nema eitthvað kæmi í staðinn, svo að tekjur ríkissjóðs af skatt-

inum rýrnuðu ekki. Ef gengið er að þessari brtt. á þskj. 205, þá er fallinn niður sá grundvöllur, að raska ekki tekjum ríkissjóðs. Þó einhver af þessum till. verði samþ., þá er ekki víst, að það leiði til lækkunar á tekju- og eignarskatti manna, því sú samþykkt gæti orðið til, að till. yrðu gerðar til hækkunar á skattstiganum. Hjá því verður ekki hægt að komast, nema þá að tekjur ríkissjóðs minnki af þessum skatti.

Það er nú ekki svo gott að gera sér fulla grein fyrir því, hve miklu þessi lækkun muni nema. Ég hefi þó reynt að gera lauslega áætlun um það, og byggi ég hana á því, að skattskyldar tekjur landsmanna séu alls 30—40 millj. kr., eins og verið hefir undanfarin ár, og að meðalskatthæð sé 3½%. Mætti samkv. því ætla, að tekjur ríkissjóðs rýrnuðu um 90 þús. kr., ef till. yrði samþ. En við það má svo bæta því, að allar tekjur falla við það í skattstiganum. Hve miklu sú rýrnun á tekjum ríkissjóðs kunni að nema, er ekki gott að segja, en þess má geta til, að hún geti numið 30—50 þús. kr. Er þá tekjurýrnun samkv. þessari till. á annað hundrað þús. kr.

Þá skal ég minnast á brtt. á þskj. 191. Á fyrri till. hefi ég þegar minnzt. Fyrri liður síðari till., a, 1—2, er till. um að hafa misháan persónufrádrátt. Lágu samskonar till. hér fyrir frá meiri hl. mþn. í skattamálum í fyrra, en voru þá felldar. Um þetta skal ég ekki segja annað en það, að ég er, eins og fyrr, persónulega meðmæltur því, að persónufrádráttur sé gerður mismunandi eftir mismunandi dýrtíð í landinu. En ég býst varla við því, að deildin fallist á þetta fremur nú en þá.

Loks er b-liður till. Ég skal ekki gera hann neitt sérstaklega að umtalsefni. Það, sem þar er farið fram á, er sanngjarnt. En þó gæti það valdið óvissu og ruglingi í framtali manna.

Þá kem ég að brtt. 232, frá hv. 2. þm. Skagf. Um þessa brtt. var nokkuð rætt við 2. umr. Var brtt. þá tekin aftur eftir tilmælum n. En nú er hún aftur komin fram, og er þá um till. og liðinn í frv. að velja. Það getur naumast orðið mikið ágreiningsmál, hvor leiðin er farin. En telja má, að sú leið, að leggja verðlagsskrárverðið til grundvallar sé eðlilegasta og réttasta leiðin, því það er hið eina löggilta verðlag, sem til er. En ekki get ég þó gert það að verulegu ágreiningsatriði, hvor leiðin er farin. Þó verður þetta umstangsminna eftir frv.

Þá kem ég loks að hinum fyrirferðarmiklu brtt. hv. þm. Ísaf. á þskj. 209. Í þessum till. felast í raun og veru aðeins tvær verulegar efnislegar breytingar. Það er þá fyrst hækkun á skattstiganum. Það annað, að lagt er til, að félög séu skattlögð eftir nærri sömu reglu og einstaklingar. En þessi tvö atriði eru svo framsett í brtt., að þau verða að falla eða standa hvort með öðru. Að því er snertir skattstigann, þá gildir hið sama og ég hefi oft tekið fram áður, að sú hækkun, sem lögð er til, er beint tekin af skattstofni sveitanna og lögð til ríkisins. Þetta er alveg sambærilegt við till. sparnaðarn. 1922, sem átti að rannsaka, hversu mætti draga úr útgjöldum ríkisins. Hennar aðalbjargráð var það að taka útgjöldin af ríkissjóði og færa þau yfir á sveitirnar! Hér er um alveg sambærilega till. að ræða. Hún fer fram á að taka af skattstofni sveitarfélaganna og leggja þá til ríkisins. Af þeim ástæðum get ég ekki fallizt á till. hv. þm. Ísaf.

Hinar aðrar till. eru minni háttar, og getur verið álitamál, hvort ekki sé rétt eða a. m. k. meinlaust að samþ. sumar þeirra. Ég sé t. d. enga ástæðu til að leggjast á móti því, að gefnir séu lengri frestir hér í Reykjavík en annarsstaðar á landinu, ef það telst nauðsynlegt. — Ýmsar aðrar till. eru svo lítið frábrugðnar frv., að ég get látið alveg hlutlaust, hvort þær verða samþ. eða ekki. Ég vil þó sérstaklega minnast á 5.c-lið till. Hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frá tekjum samvinnufélaga skal draga varasjóðstillag það, sem ákveðið er í 24. gr. laga nr. 30, 27. júní 1921. Af framlagi af ársarði hlutafélaga má draga ⅓ hluta". — Ég minnist þess, að við 1. umr. þessa frv. taldi hv. þm. Ísaf., að sitt frv. um tekju- og eignarskatt væri frábrugðið frv. stj. að því leyti, að frádráttarheimildin á lögboðnu varasjóðstillagi samvinnufélaga væri nýmæli í sínu frv. En svo er ekki. Hv. þm. hefir sézt

yfir þetta í 8. gr. stjfrv. og er betur frá því gengið þar.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég get verið miklu stuttorðari en ætla mætti um þessar brtt. mínar á þskj. 209, því efni þeirra hefir þegar verið rætt.

Ég skal þá víkja að till. í þeirri röð, sem þær eru í á þskj. 209. Í 1. brtt., við 4. gr. frv. eins og það lítur út eftir 2. umr., hefi ég lagt til, að bætt væri við gr. fyrirtækjum bæjar- og sveitarfélaga. Þegar meiri hl. mþn. í skatta- og tollamálum gekk frá sínu frv., breytti hann gildandi lögum á þann hátt, að við þessa grein var bætt ríkisfyrirtækjum, sem skyldu vera skattfrjáls. Ég tel rétt, að sama gildi um fyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga, eins og ég veit, að muni hafa verið. Ég hygg, að rafmagns- og gasveitufyrirtæki hafi ekki verið látin greiða tekjuskatt. Úr því að ástæða þótti til að taka þetta fram um ríkisfyrirtæki, þá tel ég rétt, að það sé einnig tekið fram um fyrirtæki bæjar- og sveitarfélaga.

Þá er það 2. brtt., við 6. gr., og till. um, að 7. gr. falli burt. Efnið í brtt. er það, eins og hv. þm. sjá, að skatturinn hækkar töluvert og að sömu reglu er fylgt um skatt félaga og einstaklinga. Ennfremur er lágmark skattsins á hlutafélögum hækkað upp í 10% úr 5% og samvinnufélaga í 10% í stað 6%. Annað er ekki í þessari gr., sem sérstök þörf er að benda á.

Um skattuppæðirnar sjálfar get ég verið stuttorður. Ég hefi áður sýnt fram á hér í þessari hv. deild, eins og skatta- og tollalögum nú er háttað, að fjölskyldumaður, sem hefir 5 manns í heimili og 3 þús. kr. árstekjur, greiðir 10—11% í sköttum og tollum til ríkissjóðs, en maður, sem hefir 5. þús. kr. tekjur á ári og jafnmargt í heimili, þarf ekki að greiða nema milli 6 og 7%. Hann greiðir ekki nema ⅔ hundraðsgjalds á við hinn manninn, þann fátækari. Þetta er heimska og ranglæti. Einnig hefi ég sýnt fram á hér í d., að félag, sem hefir lítið hlutafé, greiðir of mikinn skatt eftir ákvæði 7. gr., borið saman við félag með meira hlutafé. Í mörgum tilfellum getur komið fyrir um 2 félög með mismunandi hlutafé og sömu skattskyldu tekjum, að annað greiði sjöfalt á við hitt. Smærra félagið greiðir margfalt hærri skatt en það stærra.

Að 7. gr. falli burtu er afleiðing af því, að skattstiginn er settur í eina grein.

Þá er það 10. gr. frv., þar sem ég legg til um b- og c-liðina, að öðruvísi verði skipt milli þeirra innbyrðis. Ég kann illa við, að í b-lið sé talað um eignaaukning, er stafi af eftirgjöf skulda, þegar hinn liðurinn, c, nefnir sem tekjuliði lán og eyðslu höfuðstóls. Ég álít, að það eigi heima í sama lið, eftirgjöf skulda, eyðsla höfuðstóls og lántökur. Tel ég ekki rétt að flokka eins og hefir verið gert í frv. Auk þess hefi ég bætt við slysabótum og örorkubótum. Það er ekki réttlátt, að bætur, sem stafa af iðgjöldum, séu taldar til tekna, enda hefir það ekki verið svo, að brunabætur og lífsábyrgðarupphæðir hafi verið taldar til tekna.

Þá kem ég að 11. gr., um hvað draga megi frá tekjunum, áður en skatturinn er á lagður. Ég legg til, að b-liðurinn falli burt. Hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður, tap á atvinnurekstri, er á skattárinu verður eða þá fyrst kemur í ljós“ .. o. s. frv. Nú segir 1. málsgr. þessarar gr., að frá tekjunum megi draga rekstrarkostnað allan, allan kostnað við öflun teknanna. Og í 8. gr. l. er talað um, hvað teljist til tekna; þar segir í þessari gr. l. t. d.: „tekjur af landbúnaði, sjávarútvegi, siglingum, verzlun eða öðrum atvinnurekstri“. Nú fæ ég ekki betur séð en að þegar fylgt er ákvæði 8. gr. og frádrætti a-liðs 11. gr., verði niðurstaðan annaðhvort tap eða gróði, eftir því hvort tekjurnar eru meiri eða minni en gjöldin. Niðurstaðan af framtalinu eða frádrætti a-liðs kemur fram annaðhvort sem tap eða hagnaður á atvinnurekstrinum. Það er rangt að taka upp regluna í b-lið, að frá megi draga auk þess tap á atvinnurekstri, eins og ætlazt sé til að draga tapið tvisvar frá. Ég skal taka dæmi til skýringar. Ég veit ekki betur en að bændur hafi tvennskonar framtöl, búreikninga og einkaframtal. Á búreikningana eru teknar allar tekjur og gjöld tilheyrandi búinu og niðurstaðan er svo færð inn á einka-

framtalið, annarsvegar tekjurnar og hinsvegar gjöldin. Ef gjöldin eru meiri en tekjurnar, kemur fram lækkun á framtali manna; þar með er búið að taka tillit til tapsins. Ef ætti svo að fara að hafa nýjan lið sem tap á atvinnurekstri, þá er búið að reikna tapið tvisvar. Þess vegna legg ég til, að liðurinn falli burt.

Þá er það b-liður 5. brtt., að frá tekjum verkamanna, iðnlærðra manna og annara þeirra, sem eru félagar í stéttarfélögum, skuli draga félagsiðgjöld þeirra. Einnig, að draga skuli frá iðgjöld til sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, enda hafi iðgjöldin verið greidd að fullu á réttu gjaldári. Nú er heimilt að draga frá iðgjöld lífsábyrgðar. Jafnsjálfsagt sýnist, að iðgjöld og félagsgjöld þeirra manna, sem tryggja atvinnu sína með því að vera í stéttarfélögum, séu skattfrjáls. Ég veit ekki betur en að öll tryggingariðgjöld séu skattfrjáls.

Það var rétt, sem hv. 1. þm. N.-M. tók fram. Mér hafði sézt yfir, að í frv. stj. er gert ráð fyrir í 9. gr., að samvinnufélög megi draga frá lögboðið tillag til varasjóðs. — Ég vil benda hæstv. forseta á, að það er misprentun bæði í frv. og brtt. Þar stendur: „ Samkvæmt 20. gr. l. nr. 30, 27. júní 1921“ o. s. frv. Ég held ég muni það rétt, að lögin eru nr. 36, ef hæstv. forseti vildi athuga það. — Það, sem villti mig í þessu efni, er það, að í 11. gr. frv. er einnig gert ráð fyrir því, að samvinnufélögin dragi frá ⅓ af því, sem þau leggja til varasjóðs, eins og hlutafélögum nú er heimilt og gert er ráð fyrir í frv. Mér finnst dálítið langt gengið hjá flm. í þessu efni. Fyrst að skilja undan skatti lögboðið tillag til varasjóðs og svo að bæta við, að ⅓ af öðrum framlögum til varasjóðs megi líka draga frá. Engin ástæða er til þess, því samvinnufélögin ákveða sjálf, hve mikið þau leggja í sjóð. Þetta hafði ég ekki athugað og hefi því ekki gert brtt. eins og hún ætti að vera, þegar athuguð eru ákvæði 9. gr. Vonast ég til að geta gert það, áður en umr. lýkur, og komið henni skriflegri til forseta.

Þá er það d-liðurinn. Þar legg ég til, að ákvæði laganna eins og þau eru nú haldist, sem sé að aukaútsvar, tekjuskatt og eignarskatt megi draga frá tekjunum, þó því aðeins, að þau séu fallin í gjalddaga og greidd að fullu á árinu. Þetta er sjálfsagt skilyrði. Það er engin meining í að leyfa mönnum að safna skatti og útsvörum fleira ára og borga svo upp á tekjuhærri árum. Einnig yrði það sjálfsagt aðhald til skilsemi, ef þetta er tekið fram í lögunum. Ég sé ekki á brtt. hv. þm. Dal. eða annara, sem hafa tekið þetta upp, að þeir hafi gætt þessa.

Ég er ósammála hv. 1. þm. N.-M., að það sé eðlilegt að leyfa ekki frádrátt á skatti og útsvari. Mér finnst það eðlilegur frádráttur. En ég tel, að skattaupphæðirnar eigi að vera hærri. Nú, hv. 1. þm.. N.-M. heldur því fram, að það, sem ætlazt sé til að ná með því að leyfa ekki frádráttinn, sé að hækka skattinn af hærri tekjunum. Einfaldasta leiðin væri að ákveða annan skattstiga og leyfa frádrátt á skatti og útsvari. Þessi till. mín er miðuð við, að skattstiganum sé breytt, eins og gert er ráð fyrir í 2. brtt.; og ég hefi óbundnar hendur um það, hvernig ég greiði atkv., ef svo fer, að till. um skattstigann verður felld.

Þá er það brtt. við 13. gr. Nokkrar fleiri brtt. hafa komið fram við þessa gr. frv. Aðalatriðið í brtt. minni er, að frádráttur sé mismunandi, eftir dýrtíðinni í ýmsum héruðum landsins. Að vísu er ekki hægt að flokka landið í marga dýrtíðarflokka, heldur aðeins 3 flokka, Reykjavík, hina kaupstaðina og annarsstaðar á landinu. Dýrtíðin er mest í Rvík, svo í hinum kaupstöðunum og minnst í sveitum landsins. Eftir minni till. skal draga frá fyrir einstakling í Rvík 1200 kr., hinum kaupstöðunum 1000 kr. og 800 kr. annarsstaðar á landinu, tvöfalt fyrir hjón og 50% fyrir börn. Þetta svarar til, að fyrir 5 manna fjölskyldu skuli draga frá 4200 kr. í Rvík., 3500 kr. í kaupstöðunum og 2800 kr. annarsstaðar.

Ég hygg, að það orki ekki tvímælis, að þetta er það lægsta, sem hægt er að setja, ef á að framkvæma þetta í þeim anda laganna að leggja skattinn einungis á það, sem umfram er brýnustu nauðsynjar.

Hvað einstaklinga snertir ætti frádrátturinn helzt að hækka nokkuð.

Ég tel það alveg fráleitt að hafa frádráttinn jafnan á öllu landinu. Auk þess er í þessari brtt. gert ráð fyrir, að framfærslueyrir barna, sem er dreginn frá, skuli teljast þar til börnin eru orðin 16 ára, í stað 14 ára, eins og er í gildandi lögum og frv. stj. Það mun, sem betur fer, vera nokkuð algengt víða, að 2 ár eftir 14 ára aldur séu notuð til að afla börnunum menntunar, annaðhvort bóklegrar eða verklegrar. Einmitt með tilliti til þessa er ekki nema sjálfsagt, að foreldrunum sé létt undir með því, að ekki sé hætt að draga frá framfærslueyri þessi 2 ár. Ég held, að það sé rétt hjá mér, að í sumum framfærslulögum, t. d. l. um framfærslu óskilgetinna barna, sé framfærslan miðuð við a. m. k. 15 ára aldur. Í frv. er ekki gert ráð fyrir, að framfærsla skilgetinna barna nái nema til 14 ára. Í þessu er ósamræmi.

Þá kemur að 7. brtt., við 15. gr., um eignarskatt. Á honum geri ég till. um 2 breytingar. Í fyrsta lagi, að skattstiginn hækki um rúm 100% að jafnaði. Í öðru lagi, að ef eignir nema yfir 5 þús. kr., sé greiddur skattur af allri upphæðinni, en ekki að draga 5 þús. frá. Mér finnst það hlægileg heimska, að maður, sem telur fram skuldlausa eign 1 millj. kr., megi draga frá 5 þús. Það munar hann engu.

Eftir brtt. minum er skatturinn af 10 þús. kr. eign 10 kr., sama og menn eftir frv. greiða af 15 þús. kr. eign. Eftir till. minni er skattur af 100 þús. kr. eign 500 kr. í stað 221 kr. í gildandi lögum og frv. stj., og af 500 þús. kr. eign greiða menn eftir minum till. 5000 kr., en eftir gildandi lögum og frv. stj. 2121 kr. Hækkunin er að jafnaði 100% og auk þess bætist við skattur af 5 þús. kr. fyrir hvern eignarskattsgreiðanda.

Þá er það 8. brtt., við 20. gr. b-lið, um hvernig telja skuli fram búpening. Í frv. stj. er gert ráð fyrir, að hann skuli talinn fram svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir og með gildandi verðlagsskrárverði. Yfirleitt mun verðlagsskrárverðið vera undir gangverði. En ég álít, að rétt sé og sjálfsagt að komast sem næst gangverði búpeningsins. Ég legg því til, að búpening skuli telja fram með almennu gangverði, svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir.

Þá legg ég til, að e-liðurinn sé orðaður á annan veg en gert er í frv. stj. og gildandi lögum. Eftir minum till. skulu hlutabréf talin fram með gangverði, ef gangverð er skráð opinberlega. Mestur hluti hlutabréfa, sem hér er um að ræða, hefir ekki skráð gangverð. Eigi því að gera sér hugmynd um verðgildi þeirra, er ekki um aðra leið að gera en að fara eftir efnahagsreikningum félaganna, sem staðfestir eru af aðalfundi. Þeir eru þau beztu gögn, sem hægt er að byggja á. Því legg ég til, að óskráð hlutabréf séu metin samkv. efnahagsreikningi félagsins, eins og hann var samþ. á síðasta aðalfundi þess. Nær er ekki hægt að komast. Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal meta eftir nafnverði, nema sérstakar ástæður þyki að telja þau ótrygg. Í mþn. barst í tal, hvort ekki væri rétt að telja skuldir með mjög lágum vöxtum með lægra verði með tilliti til vaxtanna. En það tel ég ekki rétt. Því tók ég það fram, að þær skyldi telja með nafnverði, nema ástæða væri til að telja þær ótryggar, og ekki taka tillit til vaxtanna.

Svo er það 9. brtt., við 33. gr. frv. Ég vil leyfa mér að skýra frá í þessu sambandi, að upphaf 9. brtt. er misorðað. Þar stendur, að 3 fyrstu málsgr. gr. orðist svo, en á að vera: Í stað fyrstu málsgr. komi. Þessar málsgr. koma allar fyrir 1. málsgr. Ég vænti þess, að forseti taki þetta til greina. Þetta ákvæði mun þykja meir formsatriði, og það viðurkenni ég. Ég vil benda þdm. á upphafsorð 33. gr. frv., sem er shlj. gildandi lögum. Þar er svo til orða tekið, að allir þeir, sem skattskyldar tekjur hafi o. s. frv. Þetta finnst mér óviðfelldið orðalag. Það lítur út fyrir eftir þessu, að í raun-inni sé framteljendum gert að meta, hvort þeir eigi skattskyldar tekjur eða ekki. Því aðeins senda þeir skýrslu, að þeir álíti sig hafa það. Ef gert er ráð fyrir, að framkvæmdin sé þessu lík, þá hafa skattanefndir og skattstjórar engin tök á að fylgjast með því, hvort það séu ekki fleiri en þeir, sem talið hafa fram, sem hafi skattskyldar tekjur. Ég vil, að upphaf gr. sé orðað svo: „Allir þeir, er tekjur hafa samkv. 8. gr. eða eignir samkv. 19. gr“. o. s. frv. Síðan eru það skattanefndir og skattstjórar, sem að

fengnum upplýsingum meta, hvort tekjurnar eða eignirnar séu svo háar, að menn séu skattskyldir. Skilyrði til þess, að þær geti þetta, er, að þær fái gögnin í hendur. Þá er í öðru lagi gerður munur á framtalsfrestum í Rvík og annarsstaðar á landinu. Er það í samræmi við tilskipun, sem gildir um framtal og fresti og annað, sem að lögunum lýtur, í Rvík. Ég hygg, að þessi tilskipun hafi verið sett af nauðsyn. Að það hafi sýnt sig, að það hafi ekki verið hægt að vinna úr skýrslunum í Rvík á jafnskömmum tíma og annarsstaðar. Það er ekki hægt að búast við því, þar sem 10 þús. skattgreiðendur eru í Rvík einni, eða rúmur þriðjungur allra skattgreiðenda á landinu.

10. brtt. lýtur að því sama, að veita aðra fresti í Rvík en annarsstaðar. Auk þess er þar nýmæli, þar sem gert er ráð fyrir, að skattskráin sé sundurliðuð, þannig, að hægt sé að sjá skattskyldar tekjur og eignir, ennfremur frádrátt og svo skattupphæðirnar sjálfar. Ég tel sjálfsagt, að í skattskýrslunum séu þær upplýsingar um framtöl skattgreiðenda, og það er meiri trygging um rétt framtöl manna, ef hún lægi frammi, svo mönnum gefist kostur á að sjá hana. Ennfremur er gert ráð fyrir að semja sérstaka skrá um tekju- og eignaframtöl þeirra, sem ekki greiða skatt. Mér finnst sjálfsagt, eins mikil vinna og lögð er í skattskýrslur, að reyna um leið að afla undirstöðu undir sem beztar skýrslur um efnahag Íslendinga.

11. brtt. er í beinu samhengi við síðustu brtt.

12. brtt., sem er við 39. gr. frv., er það einnig. Hún er eingöngu viðvíkjandi frestinum. 13. brtt. er það sömuleiðis, en þar er gert ráð fyrir, að þeir, sem engan skatt hafa greitt, sendi þetta einnig.

14. brtt. er við 41. gr. frv. Þar segir svo í frv. stj., að ríkisskattanefnd skuli leggja úrskurð á kærur fyrir lok september og tilkynna lögreglustjóra. En eftir till. minni á nefndin að tilkynna það innheimtumönnum skattsins og aðiljum sjálfum. Hér stendur „lögreglustjóri", í frv. stj., en það á ekki við, því að tollstjóri innheimtir í Rvík, og því er betra að standi „innheimtumönnum".

Þá kemur 15. brtt., um starfssvið ríkisskattanefndar. Ég geri það ekki að neinu kappsmáli, hvort gr. verður samþ. eða ekki. Munurinn er einungis sá, að í till. minni er það tekið fram í byrjun gr., hvað sé aðalverkefni nefndarinnar.

Þá kemur 16. brtt., við 46. gr., um innheimtu skattsins. Í þeirri gr. eru nýmæli frá því, sem er í gildandi lögum og frv. stj. Fyrst er það, að menn greiði 1% dráttarvexti á mánuði, sé skatturinn ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga. Svo, að fjmrh. geti með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna. Og í þriðja lagi, að hann megi í reglugerðinni kveða á um tilbúning skattmerkja. Með þessu móti ætti að vera auðveldara og betra að innheimta skattinn.

Þá kemur 17. brtt., þar sem gert er ráð fyrir, að bæjar- og sveitarstjórnum sé heimilt að taka 50% álagningu á skattinum til sinna þarfa, og ef þau nota þessa heimild, fái þau einnig ⅓ af eignarskattinum. Þetta er í raun og veru svar við því, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði áðan, að með frv. mínu væri beinlínis verið að ganga á tekjustofn sveitar- og bæjarfélaga. Ég er á þeirri skoðun, að bæjar- og sveitarfélög og ríkissjóður verði að byggja sem mest á þessum skattstofni, eignum og tekjum.

Eins og gildandi skattalöggjöf er, fer oft svo, að skattur er greiddur af mönnum, sem í raun og veru geta engan skatt greitt. Þeir, sem kosta fátæka, greiða toll af öllum nauðsynjum þeirra manna, sem þeir framfæra, hvort sem það eru sjúkir menn eða fatlaðir eða geta ekki unnið af öðrum ástæðum. Vitaskuld verða skattar að greiðast af tekjum borgaranna í heild sinni, en þeir skattar, sem lagðir eru á nauðsynjar manna, verða eingöngu til þess að auka dýrtíðina í landinu. Hinsvegar verða skattar, sem lagðir eru á það, sem borgararnir hafa umfram það, sem þeir þurfa til framfæris, ekki til þess að auka dýrtíðina með því að hækka vöruverð, né heldur verða þeir til þess, að menn stofni sér í skuld til þess að greiða skatt. Hv.þm. virðist hallast að því, að rétt sé að halda því, sem nú er, þannig, að af 3 þús. kr. tekjum 5 manna fjölskyldu er tekið 10—11% í tolla og skatta, en af 15 þús. kr. tekjum 5 manna fjölskyldu er ekki tekið nema 6—7%. Þetta

er mikill ágreiningur milli mín og þeirra, sem standa að frv. hæstv. stj. Af tekjum borgaranna verðum við að fá skattana, — en eigum við að leggja á það, sem er undir því lágmarki, sem menn þurfa til framfæris síns? Mér finnst, að svo sé ekki, en eftir stjfrv. á að gera það.

Um aðrar brtt. sé ég ekki ástæða til að fjölyrða, og mun ég sýna afstöðu mína til þeirra við atkvgr.

Sigurður Eggerz: Það eru aðeins tvær till., sem ég ætla að víkja orðum að. Sú fyrri er till. á þskj. 205, um að það megi draga frá aukaútsvar, tekjuskatt og eignarskatt. Ég get að mestu vísað til þess, sem ég sagði um þessa till. við fyrri umr. Það er nokkurnveginn augljóst ranglæti að ætlast til þess, að menn greiði skatt af aukaútsvari og tekjuskatti, og mér finnst það vera blettur á skattalöggjöfinni, ef það verður samþ. Þar sem hv. frsm. meiri hl. talaði um, að svo framarlega sem þessi till. mín yrði samþ., gæti það leitt til þess, að skattarnir yrðu hækkaðir, geri ég ekki ráð fyrir, að þetta sé annað en ógnun af hálfu hv. þm., því að nefnd sú, sem sett var til þess að endurskoða skattalögin, mun sjálfsagt hafa gert ráð fyrir því, að þau gæfu svipaðar tekjur og áður.

Nú er á ferð nýr skattur, bifreiðaskattur, sem gefa mun ríkissjóði nokkur hundruð þúsund krónur, svo að þó að brtt. mín verði samþ. og frv. þau, sem á ferð eru, þá mundi niðurstaðan verða sú, að þingið sneri þannig við skattalöggjöfinni, að skattarnir yrðu hækkaðir á þjóðinni.

Ég held því, að menn geti með góðri samvizku samþ. þessa till. og látið vera að hækka skattstigann frá því, sem nú er.

Hv. þm. Ísaf. hefir komið með brtt., sem gengur í líka átt, en í brtt. hans er tekið fram berum orðum, að því aðeins megi draga frá, að borgað sé á réttum gjalddögum. Mismunurinn er því þessi, að eftir till. hv. þm. Ísaf. er það útilokað, að draga megi frá, ef ekki er borgað á réttum dögum, enda þótt borgað sé seinna. Það, sem hann ætlast til með þessu, mun vera það, að þá sé ýtt undir menn að borga á réttum tíma: En ég held, að þetta sé miklu betur leyst með því að setja ákvæði um það, að draga megi frá strax og borgað er. Vanalegasta ástæðan til þess, að menn borga ekki, er sú, að þeir geta það ekki. Þess vegna finnst mér ekki rétt, að þeir geti ekki heimtað, að þetta sé dregið frá.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, því að heilbrigð skynsemi hlýtur að standa með þessari till., en ekki hinni, því að hún byggist ekki á neinni hugsun.

En hér er önnur till., á þskj. 220, sem ég furða mig mikið á. Hún er komin frá meiri hl. fjhn. Minni hl. n. vissi ekki um, þegar þessi till. var samþ. þar. Ég furða mig á því, af þeim ástæðum, að nýlega hefir verið felldur úrskurður af hæstv. forseta um það atriði, hvort ákveða mætti í þessum lögum, að fjárl. væru ákveðnar vissar breyt. á skattalögunum. Þessi úrskurður fellur á þá leið, að greinarnar skuli felldar burtu. En þegar það er í ósamræmi við stjskr. landsins, þá hljóta menn að sjá, að það stríðir enn meir gegn henni að fela stj. að gera þetta. En úrskurður forseta sýnir, að þetta var stjórnarskrárbrot, og þá held ég, að menn geti verið mér sammála um það, að þetta sé engu að síður stjskrbrot.

Mönnum hlýtur að vera það ljóst, að það er ákaflega hættuleg braut, sem þingið er komið inn á, ef það ætlar sér að fara að útbúa skattalögin þannig, að leggja það á vald stj., hvort hækka skuli skatta eða lækka. Hvar er þá verndin og tryggingin, sem stjskr. vill veita borgurunum, ef löggjafarvaldið getur falið stj. að gera þetta? Mér finnst þá vera lagt nokkuð mikið vald í hendur stj. í viðbót við það, sem hún hefir nú, ef það á að fela henni að gera þetta.

Mér er alveg óskiljanlegt, hvernig meiri hl. fjhn. hefir getað komið sér saman um að koma fram brtt., sem stríðir gegn stjskr. samkv. nýuppkveðnum úrskurði forseta, og þar að auki gengur í bága við heilbrigða skynsemi.

Það, sem gerzt hefir á síðastl. árum, bendir á það, að Alþ. þurfi að standa á verði og láta stj. ekki hafa of mikið vald. Ef Alþ. ætlar að svara því, hvernig stj. hefir hundsað þingið, með því að segja: „Þú skalt ráða því, hvernig skattarnir eru lagðir á," — þá fer skörin að

færast upp í bekkinn. Mér þætti gaman að sjá framan í þá, sem greiða atkv. með þessu.

Annars finnst mér, að úrskurður hæstv. forseta, sem nýlega hefir verið upp kveðinn, hljóti að útiloka það, að þessi till. komi til greina.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég vildi með fáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þeirra brtt., sem fyrir liggja.

Ég verð að telja, að það sé mikill skaði, að menn hafa ekki gefið þessu máli þann gaum, sem hefði mátt vænta. Hér er ekkert smámál á ferð, og mér er ekki grunlaust um, að þegar til atkvgr. kemur, muni ekki allir vera á því hreina með, hvað rétt sé að samþ. og hvað ekki.

Þessar till. eru þannig, að ekki er alveg sama, hverjar eru samþ. og hverjar ekki. Það getur raskað frv. svo, að það verði ónothæft, ef brtt. eru samþ. sitt á hvað.

Hér verður þá fyrst fyrir brtt. á þskj. 232, frá hv. 2. þm. Skagf. Ég tel þá brtt. til bóta og legg til, að hún verði samþ. Þá er brtt. á þskj. 220, frá meiri hl. fjhn. Hv. þm. Dal. gerði þessa brtt. að umtalsefni og var henni mjög mótfallinn. Hvort sem það er rétt eða ekki, að þingið geti samþ. slík ákvæði, þá er þó víst, að þingið hefir samþ. lög, er farið hafa í alveg sömu átt. Allt tal hv. þm. Dal. um, að þessi brtt. geti ekki komið til atkv., er að mínu áliti ekki á neinum rökum byggt. (SE: Á úrskurði forseta um daginn). Ég verð að telja skaða, að þær greinar, sem um þetta atriði fjölluðu í frv., voru úrskurðaðar frá atkvgr. við 2. umr. Vegna þess að þær voru þá felldar niður, ber meiri hl. fjhn. þessar brtt. fram nú, og þeim mun ég fylgja, enda þótt ég telji þær lakari en hin upprunalegu ákvæði frv., að þingið skyldi taka ákvörðun um þetta efni fyrir eitt ár í senn.

Þá eru samskonar brtt. á fleiru en einu þskj., sem hv. þm. Dal. og fl. flytja og hann gerði að umtalsefni áðan, um það, að útsvör og tekjuskattur séu dregin frá skattskyldum tekjum. Ég skal játa, að mér finnst, að svo ætti að vera, að annaðhvort séu allar þessar upphæðir dregnar frá eða engin af þeim. Má deila um, hvort réttara er. Ég mun ekki gera að ágreiningsefni, hvort þessi till. verður samþ. eða ekki. Mér er ljóst, að af samþ. hennar leiðir nokkurn tekjumissi fyrir ríkissjóð, og hefði því verið réttmætt að hækka skattstigann lítið eitt um leið og hún væri samþ. En með því að slíkt liggur ekki fyrir hér, mun ég láta brtt. þessa afskiptalausa.

Þá eru allmargar brtt. á þskj. 209, frá hv. þm. Ísaf. Ég mun þó ekki gera aðrar brtt. hans að umtalsefni en þær, sem ég get fallizt á. Ég hefi orðið þess var, að sumir hafa talið sjálfsagt að leggjast á móti öllum brtt. hv. þm. Ísaf. við frv. En það er auðvitað misskilningur, að eigi sé rétt að samþ. þær till. hans, sem eigi rugla efni frv., en miða hinsvegar að því að gera ýmis ákvæði þess skýrari. Í þessum brtt. eru þrjár efnisbreytingar, sem ég geri ekki að umtalsefni, þar sem ég er þeim mótfallinn.

1. brtt. á þskj. 209 tel ég rétt að samþ., þar sem hv. þm. Ísaf. vill hafa skýrara orðalag í samræmi við það, sem stendur í frvgr. um ríkisfyrirtæki.

Þá er 4. brtt., sem er í tveim stafliðum. Ég tel ennfremur rétt að samþ. hana. Þar eru þau atriði, sem um er að ræða, skýrar orðuð en í frv.

B-liður 8. brtt., sem tekur meira fram um verð hlutabréfa, er að mínu áliti líka til bóta og á að samþykkjast.

Þá eru nokkrar brtt., sem samræmis vegna verður að fella eða samþykkja allar. Ég fyrir mitt leyti óska, að þær verði samþ. Þær fjalla um tímatakmörkin fyrir starfsemi skattstofunnar í Rvík. Ég hefi leitað upplýsinga hjá skattstjóra um þetta atriði, og telur hann, að tími sá, sem ákveðinn er í frv., sé of naumur, og verði skattstofan að fá undanþágu frá því að afgreiða skattinn svo snemma sem þar er tiltekið. Skattaálagningin er mikið verk, og skattstjóri á jafnframt sæti í niðurjöfnunarnefnd, sem starfar að mestu leyti á sama tíma.

Að vísu eru í 10. brtt. tvær málsgreinar, sem gera kunna skattstofunni óþörf óþægindi. Önnur er á þá leið, að skattanefndir skuli semja skrá um tekjur og eignir framleiðenda, er ekki greiða tekju- og eignarskatt. Þetta er mikið

verk, sem bætist á skattstofuna, ef till. verður samþ., og get ég eigi heldur séð, að þetta sé nauðsynlegt. Skattstjóri telur, að þetta ákvæði auki annir í skattstofunni, en megi þó standa, ef ekki sé hægt að láta fara fram sérstaka atkvgr. um þennan málslið.

Þá tel ég ennfremur síðasta málslið í 2. málsgr. athugunarverðan. Þar er svo ákveðið, að skattskrá Reykjavíkur skuli liggja frammi í skattstofunni. Þetta verður til að auka mjög átroðning í skattstofunni, og væri því gott að fella þennan lið niður. Lægi þá skattskráin frammi í bæjarþingstofu Reykjavíkur eins og í öðrum kaupstöðum.

Þá er a-liður 11. brtt. Hann er sjálfsögð afleiðing af 10. brtt., og sama má segja um 12., 13., og jafnvel 14. brtt.

Þá er 15. brtt. Í henni felst ekki efnisbreyting á frv., en hún er með ákveðnara orðalagi en frv., og hefi ég sízt á móti, að hún verði samþ.

Í 16. brtt. felst nýmæli, sem ég tel til bóta, þar sem heimilað er, að með reglugerð megi setja ákvæði um, að gjalddagar á sköttum megi vera fleiri en einn. Ég held, að það væri góð regla, a. m. k. hér í Rvík, að skattar og útsvör væru greidd mánaðarlega. Mönnum er óþægilegt að verða að greiða alla upphæðina í einu lagi. Fólk er nú einu sinni svo gert, að það borgar ekki fyrirfram og bíður unz öll upphæðin er fallin í gjalddaga á sama degi. En hér er ennfremur gert ráð fyrir 1% dráttarvöxtum á mánuði. Þetta atriði tel ég varhugavert og ætti að fella það úr brtt.

Ég býst varla við, að þessar brtt. hv. þm. Ísaf., sem ég hefi gert að umtalsefni, komi í bága við skoðun meiri hl. fjhn. og þurfi því ekki að verða ágreiningur um þær.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að ræða málið í heild, en vildi aðeins skýra afstöðu mína til brtt. Hefi ég þó ekki gert aðrar þeirra að umtalsefni en þær, sem ég er fylgjandi að mestu eða öllu leyti.

Frsm. minni hl. (Héðinn Valdimarsson): Hv. þm. Ísaf. hefir gert grein fyrir brtt. sínum, svo að ég hefi þar litlu við að bæta, enda þótt ég fylgi þeim sem minni hl. fjhn. En ég vil í þess stað rifja nokkuð upp, hvernig til þessa frv. er stofnað.

Fyrir tveim árum var skipuð mþn. í skattamálum. Virtist af þeim umr., sem þá urðu hér um þetta mál, að verkefnið ætti að vera að koma skattamálunum á nýjan, fastan og réttlátan grundvöll. Annars hefði ekki heldur verið ástæða til neinnar nefndarskipunar. Menn létu sem þeir æsktu breytinga á skattalöggjöfinni. Í þessa mþn. voru skipaðir þeir hv. þm. Ísaf., hv. 1. þm. N.-M. og hv. 1. þm. Skagf. Hér liggur nú fyrir frv. frá meiri hl. þessarar nefndar.

Hið fyrsta, sem menn reka augun í, er, að meiri hl. hefir enga tilraun gert til að breyta grundvelli skattanna, þ. e. því, á hverjum skattarnir eiga að hvíla. Hinsvegar sést fljótt, að hv. þm. Ísaf. hefir verið á annari skoðun en hinir nefndarmennirnir. Hann ber eigi aðeins fram till. um breyt. á skattahæðinni, heldur flytur hann till. um að færa skattana yfir af einni stétt á aðra. Hann hefir því starfað í samræmi við þann þingvilja, er kom fram, er mþn. var skipuð. En fulltrúi Framsóknarflokksins hefir hinsvegar gengið í bandalag við fulltrúa Íhaldsins, og það — sem furðulegra er — hefir komið á daginn, að Framsóknarflokkurinn fylgir þessum furðulegu till. þeirra tvímenninganna.

Ef litið er á það frv., sem hér liggur fyrir, sést, hvernig vinnan hefir gengið í n. Þær breyt., sem hv. 1. þm. N.-M. hefir fengið inn í frv., eru um ríkisskattanefnd, sem allir flokkar eru sammála um og stofna hefði mátt með einföldum lögum. Þá hefir hann fengið inn í frv. 25% hækkun á tekju- og eignarskatti, ef þingið veitir samþykki til slíkrar hækkunar. En hæstv. forseti hefir nú úrskurðað, að það ákvæði sé stjskr.brot. Þá fer nú ávinningurinn að verða lítill.

Þá má telja það, að hækka persónufrádráttinn úr 500 í 800 kr. Að vísu er að þessu dálítil bót, og ég veit, að kjósendur hv. 1. þm. N.-M. hafa óskað þessarar breytingar. En til þess að verða ekki fyrir tekjumissi, fundu þeir hv. 1. þm. N.-M. og hv. 1. þm. Skagf. upp ráð, sem allur þingheimur hlær að. Skattstigann mátti auðvitað ekki hækka. Ráðið var að draga helming útsvara og tekju-

skatts frá skattskyldum tekjum, en láta menn greiða skatt af hinum helmingnum. Þetta á að bæta upp hækkunina á frádráttarupphæðinni. Þetta er nú það, sem hv. 1. þm. N.-M., fulltrúi Framsóknarflokksins, hefir áorkað í nefndinni og svo er ekkert líklegra en að þessi síðasta uppfynding hans falli, — og hvað á þá aumingja 1. þm. N.-M. að gera? Líklega að fella hækkunina á frádrættinum til þess að minnka ekki ríkissjóðstekjurnar! Annars vil ég ekki fara að leggjast á þennan vesalings þingmann meira. Ég býst við, að kjósendur hans og annara framsóknarmanna, sem fylgja honum að málum, kunni að meta við þá frammistöðuna.

Hv. þm. Ísaf. hefir borið fram brtt. um hækkun skattstigans fyrir hinar hærri tekjur og hækkar persónufrádráttinn upp í 1200 kr. í Rvík, 1000 kr. í öðrum kaupstöðum og 800 kr. í sveitum. Hann hefir á þann hátt tekið tillit til hinnar mismunandi dýrtíðar í landinu, eins og tíðkast erlendis. Tekjuaukningin af hækkun skattsins lendir einkum á þeim, sem hafa yfir 7000 kr. árstekjur, og á að vera til að létta tollum af almenningi. Þetta er eitthvað í þá átt, sem meiri hl. þingsins ætlaðist til að farið yrði, þegar mþn. í skattamálum var skipuð. Hæstv. fjmrh. hefir játað, að þær brtt. hv. þm. Ísaf., sem ekki koma skattahæð við, séu betur samdar en ákvæði frv. meiri hl. Um dráttarvextina er það að segja, að þeir eru þegar komnir á útsvörin í Rvík. Þar sem engir dráttarvextir eru á tekju- og eignarskatti, reyna menn eðlilega að draga greiðsluna sem allra lengst. Hefir borið mjög á þessu hér í Rvík og stundum hefir þessi dráttur orðið til þess, að skatturinn hefir alls ekki náðst.

Þá flytur og hv. þm. Ísaf. till. um að hafa fleiri en einn gjalddaga. Hinir nm. hafa ekki tekið undir þetta. Mér er ekki kunnugt um, hvernig á því stendur, en varla getur það verið af umhyggju fyrir hag ríkissjóðs né þægindum gjaldþegnanna.

Hv. 1. þm. N.-M. hefir komið fram með sérstakt frv. um, hvernig eigi að leggja útsvör á. Hér er ákvæði um stundarsakir frá hv. þm. Ísaf. um, að fara megi að miklu leyti eftir sömu reglum og um tekjuskatt og eignarskatt. En ég hygg, að það sé betra en tekjuskattur og eignarskattur að því leyti, að eftir því má næstum leggja á eftir efnum og ástæðum. Á þetta hefir hv. 1. þm. N.-M. ekki getað fallizt. Hann vill koma með frv. til að sýna, að hann sé fylgjandi þeirri hugsun að velja fastan gjaldastofn fyrir útsvörin, en hefir það í því formi, að enginn getur fallizt á það. Það frv. sefur áreiðanlega fleiri þing og verður svo sjálfdautt.

Hv. þm. Dal. talaði á móti þeirri breyt., sem meiri hl. n. hefir tekið upp, að heimila stj. að heimta inn tekjuskattinn með 25% álagningu. Þetta er tekið upp vegna þess, að forseti hefir fellt það, að þingið sjálft gæti í fjárl. haft þetta 25% álag, eins og var í frv. fyrst. Ég skoða úrskurð forseta rangan, en úr því sem komið er, þá er bezt að reyna hann á þessu atriði og fá úrskurð hans um það. Hv. þm. Dal. hefir setið hér á þingi fyrr en nú; hann sat hér, þegar lögin voru samþ. um að heimila 25% álagningu á tekjuskattinn og eignarskattinn. Þá vil ég spyrja: Hefir þetta verið á móti stjskr. allan þennan tíma?

Það er mjög eðlilegt, eftir þeim skoðunum, sem Íhaldið hefir yfirleitt, að því sé illa við það, að tekjuskattsálagningin hækki. Aftur á móti eru íhaldsmenn ekkert á móti því, þó að tollarnir hækki, þó að það megi alveg eins kallast stjskr.-brot.

Ég sé hér í þessu frv. ávöxt af sambandi flokkanna, sem mun ná fram að ganga að miklu leyti í því formi, sem Íhaldið óskaði eftir.

Jón Sigurðsson: Ég á hér eina litla brtt. á þskj. 232. Hún er að mestu leyti shlj. þeirri skriflegu brtt., sem fram kom við 2. umr., en var þá tekin aftur, svo sem aðrar brtt. frá fjhn. Brtt. er við 20. gr. og gengur út á það að breyta þeim ákvæðum, sem þar eru um virðingu búpenings. Eins og ákvæðið er í frvgr., á að meta hann svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir samkv. gildandi verðlagsskrárverði. En nú er verðlagsskráin samin missiri áður en hún kemur í gildi. T. d. hefir sú verð-

lagsskrá, sem fara á eftir í vetur, verið samin eftir verðlaginu eins og það var 1929, m. ö. o. fyrir meira en ári síðan. Þetta mundi gera matið á búpeningnum óeðlilegt og ranglátt, vegna þess, að sveiflur verða oft á verðlaginu. T. d. er annað verðlag á búpeningi nú en var 1929, svo að það er ekki rétt að fara eftir því nú.

Líka má benda á það, að í frv. er ekki gert ráð fyrir neinni samvinnu eða eftirliti í þessu efni, sem er ekki heldur von, þar sem verðlagsskrárverð getur ekki verið alstaðar samhljóða. Hér er gert ráð fyrir framkvæmdinni þannig, að undirskattanefnd sé skylt að gera till. um verðlag, og skulu þær till. vera komnar til yfirskattanefndar fyrir 31. des. Verðlagið er síðan ákveðið af yfirskattan., sem tilkynnir svo skattanefndum það fyrir 1. febr., svo að allir skattgreiðendur hafi nægan tíma til að kynnast því.

Ég þykist ekki þurfa að útskýra þessa till. mína. Þetta er einfalt mál, og hæstv. fjmrh. hefir lýst yfir því, að hann muni fylgja till.

Ég skal svo láta máli mínu lokið. Ég sleppi því að gera aths. við einstök atriði, en læt mér nægja að gera grein fyrir skoðun minni með atkv. mínu.

Magnús Guðmundsson: Mér sýnist til lítils að halda uppi umr. um þetta mál, því að flestir eru farnir úr deildinni. Ég vil þó fara fáeinum orðum um brtt. á þskj. 220, frá meiri hl. fjhn. Mér hefir skilizt á því, sem fram hefir komið við þessa umr., að þessi till. eigi að koma í staðinn fyrir þær greinar, sem felldar voru úr frv. samkv. úrskurði hæstv. forseta við 2. umr. Ég vil spyrja meiri hl. hv. fjhn. um það, hvort það sé ekki meining hans með þessari till., að stj. fái þar heimild til að hækka tekju- og eignarskattinn eftir að þingið er búið að ganga frá fjárl. Ef svo er, þá er þetta annað en sú till., sem hér var til meðferðar við 2. umr., því að þar var gert ráð fyrir, að þetta skyldi gera fyrirfram, en það yrði ekki eftir brtt. Ég skal ekkert um það segja, hvernig úrskurður forseta fellur um þetta, en ég vil bara segja það, að ef það er ólöglegt, að löggjafarvaldið feli fjárveitingavaldinu að ákveða þetta, þá er það jafnóheimilt að fela það ríkisstj.

Um brtt. hv. þm. Dal. þarf ég ekkert að ræða, þar sem hæstv. fjmrh. hefir sagt, að hann gæti sætt sig við hana, og mun ég því greiða atkv. með henni.

Þá eru brtt. á þskj. 209, og vil ég aðallega minnast á þær till., sem hæstv. fjmrh. mælti með eða lét hlutlausar.

Hæstv. ráðh. mælti með því, að skattanefnd Reykjavíkur hefði talsvert lengri tíma til að undirbúa sína skattskrá en aðrar skattanefndir. Ég verð að segja það, að ég skil ekki, hvers vegna þess er þörf; þó að ég geti viðurkennt, að þar séu fleiri gjaldendur og því meira starf að vinna en annarsstaðar á landinu, þá getur þetta ekki verið annað en spurning um fólksfjölgun á skattstofunni vissan tíma á árinu.

Því hefir verið haldið fram, að tíminn þurfi að vera svona langur, vegna þess, að svo margir gjaldendur séu í Reykjavík. Þá mætti halda fram með sama rétti, að í milljónaborgum eins og London, New-York og París væri ekki hægt að koma fram með skattskrána fyrr en árið eftir eða jafnvel eftir mörg ár. Það er undarlegt, að Reykjavík skuli þurfa einhverja sérstöðu, þó að íbúarnir séu margir. Það ætti ekki að þurfa neitt annað en að bæta við vinnukrafti.

Hæstv. ráðh. mælti ennfremur með brtt. við 20. gr., b.-lið, sem er um það, að verð hlutabréfa skuli vera metið eftir efnahagsreikningi hvers félags. Ég held ekki, að þetta verði hentugt í framkvæmdinni, því að vel stætt félag getur þá að nokkru leyti skapað sér lágan skatt með því að meta sín hlutabréf lágt í efnahagsreikningi, en félag, sem er illa stætt, gæti, til þess að láta ekki sjást, að það eigi ekki fyrir skuldum, metið hlutabréf sín í efnahagsreikningi hærra en þau væru í raun og veru verð.

En það, sem kom mér sérstaklega til að standa upp, var 16. brtt. hv. þm. Ísaf., þar sem ræðir um að setja dráttarvexti á allan tekju- og eignarskatt, ef greiðsla dregst meira en mánuð fram yfir gjalddaga, sem er á manntalsþingum. Ég held, að þetta ákvæði væri óþægilegt, a. m. k. fyrir sveitirnar. Gjaldendur þar

eru margir búsettir í fjarlægð frá innheimtumanni, og víða í sveitum er erfitt með peningagreiðslur á þessum tíma. Ég get ekki heldur séð, að það geri ríkissjóði verulega til, þó að skattar séu ekki allir komnir inn fyrr en á hausti eða jafnvel undir áramót, því að hann þarf ekki á tekjum sínum að halda fyrr en smátt og smátt.

Mér finnst ekki nema sanngjarnt að sýna gjaldendum þá linkind, að þeir þurfi ekki að borga á ákveðnum degi, sérstaklega þegar þeir búa langt frá innheimtumanni, og þegar það er vitað, að á þeim tíma er lítið um peninga meðal bænda.

Að fjmrh. geti ákveðið í reglugerð, að tekju- og eignarskatt megi greiða smátt og smátt, kann að vera til bóta í Reykjavík, en varla úti um land, enda geri ég ekki ráð fyrir, að þetta ákvæði yrði notað þar. Ég er ekki viss um nema innheimtumaður gæti gert þetta, þó að það væri ekki heimilað í lögum, alveg eins og hann getur látið það vera í marga mánuði að gera lögtak.

Það ætti líka að vera hægt að leyfa innheimtumönnum að taka á móti skattinum í smápörtum, og ég efast ekki um, að þeir gerðu það, ef gjaldendurnir vildu. Ég hygg, að enginn mundi neita að taka á móti þesshättar greiðslum; það er a. m. k. ólíklegt.

Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að við, sem vorum í mþn. í skattamálum, hefðum unnið þar lítið. Það getur náttúrlega verið álitamál, en ég verð að segja það, að ég hefi ekkert slæma samvizku út af því, hvernig þar hefir verið unnið. Og þegar hv. þm. er að kvarta yfir, að ekki hafi verið raskað grundvellinum fyrir sköttunum, þeim grundvelli, sem áður hefir verið, þá er hann eingöngu að kvarta yfir því, hvernig sú skoðun sé, sem meiri hl. þingsins og n. hefir, en til þess hefir hann ekkert leyfi; það er okkar mál, en ekki hans. Eins og við viljum lofa honum að hafa sína skoðun í friði, er hann skyldugur til að lofa okkur að hafa okkar skoðun í friði. Það hefir sýnt sig við meðferð þessa máls, að þótt við hv. 1. þm. N.-M. hvor úr sínum flokki bærum okkur ekkert saman við okkar flokka, þá hafa þeir getað fylgzt að um þessi frv., sem ennþá hafa verið hér til meðferðar.

Hv. þm. talaði um samning, sem ég og hv. 1. þm. N.-M. hefðum gert um það, að ekki ætti að draga frá skattskyldum tekjum nema helming af tekju- og eignarskatti og útsvörum, í staðinn fyrir, að allt hefði verið dregið frá áður. Þegar hann heldur því fram, þá fer hann með rangt mál. Það er undarlegt, að hann, sem er í fjhn., skuli ekki hafa kynnt sér þetta mál betur. Í n. var ágreiningur milli mín og hv. 1. þm. N.-M. um þetta atriði. Ég vildi draga allt frá, en hann ekkert. Það fór þannig inn á þing í fyrra, að ekkert átti að draga frá, en í meðferð málsins var ákveðið, að draga skyldi helming frá, svo að hafi verið um samning að ræða, þá er það ekki milli mín og hv. 1. þm. N.-M. Annars get ég ekki tekið þátt í hinni miklu hryggð hv. 2. þm. Reykv. út af því, hversu vel Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum kemur saman í skattamálunum. Ég hefi aldrei heyrt neinn maka bera sig verr yfir tryggðrofum vinar en hv. þm. ber sig yfir því, hvernig Framsóknarflokkurinn hefir farið að í skattamálunum.

Magnús Torfason: Ég stend upp út af 16. brtt. á þskj. 209, við 46. gr. Þar er gert ráð fyrir því, að leggja skuli dráttarvexti á skattinn, ef hann er ekki greiddur innan mánaðar frá réttum gjalddaga. Ég verð að taka undir það með hv. 1. þm. Skagf., að þetta ákvæði sé ekki heppilegt, a. m. k. nema þá í Reykjavík. Hér er yfirleitt um litlar summur að ræða. Ég þykist viss um, að 9/10 af þessum sköttum muni vera greiddir af gjaldendum, sem borga innan við 10 kr. hver, og tekur bersýnilega ekki að eltast við vexti af svo litlum upphæðum. Í öðru lagi er það, að gjalddagi er á manntalsþingum, en eftir að fólki hefir fækkað í sveitum, hafa bændur mikið til hætt að sækja mannntalsþingin. Þetta ákvæði væri því sama og að segja, að bændur verði að hlaupa um sláttinn til hreppstjóra til að koma sér undan að greiða dráttarvextina. Yfirleitt er það orðið svo, að manntalsbókargjald er borgað á haustin, þegar bændur fá fé fyrir haustafurðir sínar, og þá gera

hreppstjórar gangskör að því að innheimta skattinn í réttunum, eftir að lögtakslistinn er kominn frá sýslumönnum, sem sjaldan er fyrr en komið er fram í september. Ég tel því eins og nú standa sakir, að ekki sé vert að leggja dráttarvexti á, og það því síður, sem hreppstjórar eru illa launaðir. Auk þess eru hreppstjórar ekki þeir eiginlegu innheimtumenn, heldur eru sýslumenn, lögreglustjórar og tollstjóri það. Hreppstjórar eru aðeins umboðsmenn þeirra og innheimta skattinn fyrir ekki neitt. En út af þessum eineyringum og tvíeyringum, sem hér er um að gera, geta orðið talsverðar skriftir. Fyrst verða hreppstjórar að reikna þá út, og síðan verða sýslumenn að reikna þá út, og eftir því sem manntalsbókunum og sjóðbókunum er nú hagað, þá er alls ekkert rúm fyrir þessa dráttarvexti.

Ég vil því leyfa mér að koma fram með skriflega brtt. við brtt. á þskj. 209, við 46. gr., ásamt hv. þm. N.-Þ. Hún hljóðar þannig: „2. málsliður gr. fellur niður". Ég mun svo afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt.

Hér hafa orðið nokkrar umr. um það, hvort brtt. n. megi koma til atkv., um, hvort gefa megi ráðuneytinu heimild til að hækka eða lækka skattinn um 25%. Eins og hér hefir verið tekið fram áður, þá hefir þetta verið í lögum síðan 1924, að stj. hefir verið heimilt að innheimta alla tolla samkv. tolllögunum með 25%. Þetta er og í samræmi við breyt. þá, sem gerð var á tekjuskattslögunum 1928. Þetta er því búið að standa alllengi, og víst er, að góðir lögfræðingar hafa um það fjallað. A. m. k. veit ég ekki betur en að Jón heit. Magnússon hafi verið talinn einn af beztu lögfræðingum landsins á sinni tíð. En hann hefir líka lagt blessun sína yfir þessa aðferð. Og þess er líka von, því að í 36. gr. stjskr. er ekkert, er mæli á móti þessu, og ekkert bendir til þess, að minni áherzlu beri að leggja á orðin, „samkv. lagaheimild" í niðurlagi gr. en „með lögum" í upphafi gr., enda er það áreiðanlegt, að þetta „samkv. lagaheimild" þýðir „með lögum" og ekkert annað, hvað sem hver segir.

Heldur ekki 73. gr. er á móti þessu. Hún hljóðar svo: „Skattamálum skal skipa með lögum". Þar ber ekki að leggja neitt sérstaka áherzlu á „með lögum". Því að þetta er aðeins eldgömul afturganga, allt frá stjórnarbyltingu Frakka, en þá settu þeir, sem kunnugt er, lög um öll möguleg mannréttindi. Og var þar gefið það loforð, að öllum skattamálum ætti að skipa með lögum. Þó mun mestu hafa ráðið um þetta ákvæði hinn óvinsæli saltskattur, sem öllu hleypti í bál og brand í Frakklandi.

En að ætlast til, að ekkert vald megi um þetta fjalla nema þingið leyfi, nær vitanlega ekki nokkurri átt.

Afleiðingin af þessari stefnu yrði, að við einir hér á Íslandi megum ómögulega hafa skattahækkun, eða færanlegan skattstiga, einmitt þegar farið er að taka sem mest tillit til gjaldþols manna í flestum öðrum menningarlöndum.

Ég veit ofurvel, að það á að heita, að einhver guð hafi í upphafi sagt: „Svona skal það vera, og þessu má aldrei breyta, nema með lögum". Það má vel vera, að einhver guð hafi sagt þetta. En ég fullvissa hv. þdm., að það var ekki guð Ísraelsmanna, sem þetta sagði. Það var guð Filisteanna, — það var guð skattþegnafélags Reykjavíkur!

Annars tel ég, að það sé yfirleitt góð regla, að eftir að þing og stj. hafa langar stundir fylgt einhverri reglu, að breyta henni ekki nema brýn nauðsyn sé til. En þá má ekki heldur skirrast við að gera það.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 268) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., 25. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 185, 191, 205, 209, 220, 232, 268, 270).

Jón Ólafsson: Þegar ég kvaddi mér hljóðs, þá var það af því, að hv. 1. þm. Reykv. gat ekki verið hér í deildinni, en bað mig að mæla með nokkrum orðum fyrir brtt. sinni á þskj. 191. Nú er þessi hv. þm. mættur hér, svo að ég sé ekki ástæðu til að fara út í till. hans. En af því ég kvaddi mér hljóðs, þá kann ég ekki við að falla frá orðinu og vil því fara nokkrum orðum um málið í heild sinni.

Hv. 2. þm. Reykv. kvað sig óánægðan með samkomulag mþn. og með útkomuna af starfi hennar í heild sinni. Ég get sagt það sama; ég varð að mörgu leyti fyrir vonbrigðum út af störfum n., en ég geri ráð fyrir, að þau vonbrigði séu nokkuð annars eðlis en vonbrigði hv. 2. þm. Reykv. Ég býst við, að hans vonbrigði hafi verið þau, að honum þyki ekki gengið nógu nærri skattþegnum ríkisins, en ég álít, að í flestum þeim till., sem komið hafa frá n., sé gengið feti lengra en heppilegt sé. Nú er uppi hjá fjölda manna sú skoðun, að ekkert sé að gera nema leggja á meiri og meiri skatta og sjálfsagt sé að ganga svo nærri í því efni sem frekast séu föng á, og í raun og veru þurfi þar ekki á annað að líta en það að ná sem mestu í ríkissjóð og sveitarsjóði frá einstaklingum þjóðfélagsins. Þetta kemur berlega fram í till. hv. þm. Ísaf., og það kemur ennþá berar fram hjá hv. 1. þm. N.-M., þar sem hann í frv. sínu um sveitargjöld vill ganga svo nærri borgurum landsins, að þessar greiðslur þeirra geti í einstökum tilfellum orðið nokkuð meiri en allur þeirra ágóði árið yfir

Ég býst við, að menn geri sér það ekki almennt ljóst, hvert stefnir með þessu og hvernig málum þjóðarinnar mundi brátt verða komið, ef þessi hugsun getur ekki tekið breyt. í þá átt, að menn geri sér grein fyrir, að ef þessu heldur áfram, þá er ekki að búast við því, að hér rísi upp eða haldist við örugg fyrirtæki, sem ríkið geti byggt framtíð sína á. Þetta fyrirkomulag getur aðeins gengið hjá þeim þjóðum, sem búnar eru að búa svo vel um sig, að atvinnufyrirtækin þar eru rekin með þeirra eigin fé, eða þá máske að litlu leyti með fé, sem þeim er leigt með vægri borgun. Þar getur slík skattalöggjöf sem þessi staðizt. En hjá þjóð eins og okkur, ungu þjóðfélagi, þar sem hver einstaklingur verður að byggja afkomu eingöngu á mjög dýrum lánum, ef hann vill eitthvað aðhafast, þar er slík skattalöggjöf bein tilraun til að kæfa fyrirtækin þegar í upphafi. Þegar gengið er svona nærri þeim á byrjunarstigi, er tæplega von, að þau geti átt sér mikla framtíð, en hætt við, að þau líði undir lok, áður en þau eru komin á legg. Ég held, að allir, sem eitthvað vilja hugsa fram í tímann, hljóti að sjá, að eitt af því versta, sem komið gæti fyrir okkar þjóðfélag, væri það, ef það yrði svo í framtíðinni, að menn þyrðu ekki að leggja fé í fyrirtæki vegna þess arna.

Ég kannast við, að það er mikil þörf fyrir ríkið og sveitarfél. að fá fé í sjóði sína, því að þau eru nú búin að binda sér þá bagga, sem ekki er gott að létta af. En ég álít samt ekki hyggilegt að ganga svo langt í því að taka skatta af einstaklingum þjóðfélagsins, að þeir geti aldrei komið fyrirtækjum sínum á fót. Um þetta eru auðvitað skiptar skoðanir. Þeir, sem halda því fram, að einstaklingsfyrirtæki eigi engan tilverurétt, hljóta að vera með því, að þannig sé farið að strax á byrjunarstigi einstaklingsfyrirtækjanna, að þau geti alls ekki komizt upp, og hin, sem þegar eru komin á fót, geti ekki þrifizt, því að það lendir auðvitað í því, að allt kemst yfir á hið opinbera, því að þá getur enginn einstaklingur fengizt við sjálfstæð fyrirtæki vegna skilningsleysis þeirra manna, sem um þessi mál eiga að fjalla. Ég veit ekki, hvort þeir, sem stóðu í sambandi við stofnun samvinnufélaganna eða stóðu að lögverndun þeirra fyrir ósanngjörnum álögum, hafa komið auga á þessa hættu, sem ég nú hefi bent á, þegar þeir fengu lagasetningu þá, sem verndaði þessi fyrirtæki frá því, að af þeim væri strax tekinn sá máttur, sem félögunum átti að skapast og átti að geta orðið þeim til liðs, sem í félögunum voru, en það virðist þó sýnilegt, að þeir hafa haft skilning á því, að ekki dugir að láta svo til ganga, að engar skorður séu settar í þessu efni hvað snertir einstaklingsfyrirtæki. Ég hefði vonazt eftir því, að n. í skattamálum sæi sér fært að taka til greina þær réttlátu till., sem komið hafa til greina áður og ræddar hafa verið nokkuð hér á hv. Alþingi, sem sé þær, að leggja skatt á eftir meðaltali tekna í yfir 3 ára tímabil, hinna síðustu. Hverjum manni hlýtur að vera það ljóst, að þessi regla er alveg nauðsynleg, sérstaklega viðvíkjandi þeim fyrirtækjum, sem mikil áhætta fylgir. Það er blátt áfram nauðsynlegt, ef þeir, sem við slík fyrir-

tæki fást, eiga ekki að fá hið mesta ógeð á þeim. Í þessu sambandi vil ég koma með eitt eða tvö dæmi, sem ég þekki

Árið 1929 er hér félag, sem hefir tekjuafgangs skattskyldra tekna 86 þús. kr. Árið 1930 er tekjuhalli þessa sama félags 4 þús. kr., og þar að auki sá halli, sem sjálfsagt er að taka með í reikninginn, sem sé fyrning á öllum eignum félagsins, sem nemur eftir löglegum fyrningarfrádrætti 82 þús. kr. Þá hafa þessi tvö ár jafnað sig þannig upp, að reksturinn í þessi tvö ár er sama og núll. Á árinu 1930 greiddi hið sama félag í skatta til bæjar- og ríkissjóðs 60 þús. kr., sem afleiðing af hinu góða árferði 1929.

Eftir frv. því, sem hér liggur fyrir, ætti félagið að bæta við árstekjur sínar helmingi af sköttum og komst það þá í skattskyldar tekjur, sem auka mundu halla félagsins, í allt að 10 þús. kr. Nú er það óumflýjanlegt, að sveitarfélagið þarf að fá sitt á þessu ári til að halda sér uppi, og má búast við, að það verði ekki minna en 30 þús. Allir sjá, að þegar svona er komið, þá er ekki álitlegt að ganga inn á næsta ár, sem má búast við að gefi ennþá meiri tekjuhalla, og verða þar á ofan að greiða þessa skatta áframhaldandi. Þeim, sem um þetta hugsa, hlýtur að hrjósa hugur við þessu og fara að efast um, að nokkuð sé eigandi við svona fyrirtæki, ef mögulegt væri að losna við þau og draga sig þar með út úr þeim erfiðleikum og áhættu, sem þeim er samfara.

Með þessu er samt ekki nema hálfsögð sagan. Það eru til margar ægilegri hliðar á þessu máli en þetta dæmi út af fyrir sig, sem þó sýnir það ljóslega, að hér er gengið mjög langt í skilningsleysi.

Þá vil ég benda mönnum á annað, sem ég býst við, að tekið hafi verið til greina við endurskoðun skattalaganna. Það hefir nokkuð verið rætt um hlutafélög og þeirra ástæður til skattgreiðslu. En þar kemur það fram, sem menn virðast ekki hafa komið auga á, að félögin verða að greiða tvöfaldan skatt af eignum sínum. Ég skal þessu til sönnunar tilfæra eitt dæmi: Hlutafélag, sem safnað hefir fé í sjóð, t. d. varasjóð, er látið greiða eignarskatt af þeirri eign. Það á enga eign nema þennan sjóð, sem það hefir safnað, því að hlutaféð er vitanlega talið skuld. En það fyrirbrigði er í frv., að gert er ráð fyrir, að hlutabréf félagsins séu metin eftir eign félagsins. En nú á þetta félag ekkert nema þennan sjóð, og það er búið að borga skatt af honum. En svo kemur það fram í till. frá n., að meta skuli þessi hlutabréf og leggja sjóðseignina við verðmæti þeirra, og geta þau þannig orðið margföld í verði. Svo verður sá, sem hlutabréfin á, að greiða skatt af þessu öllu.

Þetta hefir þær afleiðingar í för með sér, að þeir, sem annars geta greitt hlut höfum nokkurn arð, fá þarna ástæða til að hafa þá greiðslu hærri vegna hinna þungu skatta, sem á hlutabréfin eru lagðir. Nú er það mjög óhollt afkomu félaganna, að þau greiði meiri arð en forsvaranlegt er. En þarna verður þessi skattalöggjöf beinlínis til þess að ýta undir þá vanhugsun, að ganga feti lengra en rétt er. Það er alveg sama, hvaða stétt er hér um að ræða, að á meðan svona er farið með ágóðann af starfsemi félaga og einstaklinga, er ekki líklegt, að upp rísi í landinu vel stæðar stéttir, sem gætu orðið og ættu að verða þjóðfélaginu til styrktar.

Í öðru lagi verða þessar álögur, eins og oft hefir verið tekið fram áður, til að ýta undir félögin og fyrirtækin að viðhafa eyðslusemi, en hugsa minna um að eflast og blómgast.

Það er merkilegt, að hv. þm. Ísaf. gengur nokkuð skemmra en frv. það, sem hér liggur fyrir, en það er samt ekki víða. Ég get vel tekið dæmi, sem sýnir, að hv. þm. hefir ekki hugsað málið og gengur því skemmra en hann ætlaði. En það má við hann virða, að ekki ætlast hann til, að greiddur sé skattur af skatti, svo sem gert er ráð fyrir í frv. n.

Sigurður Eggerz: Ég ætla að þessu sinni að minnast á aðeins eina till. frá meiri hl. fjhn. Þessi till. fer fram á að heimila ríkisstj. að gera vissar breyt. á tekju- og eignarskattinum. Eins og kunnugt er, þá kom í frv. ákvæði um að heimila að gera þessar breyt. í fjárlögum. Því var skotið undir úrskurð forseta, en sá úrskurður féll þannig, að það stríddi á móti ákvæðum stjskr. að ákveða þetta

í fjárlögum. Eins og ég hefi áður lýst yfir, þá er ég hissa á því, að hv. meiri hl. fjhn. skuli nú koma fram með þessa till., sem að minni ætlan er í beinu stríði við þennan úrskurð hæstv. forseta. Ég vil leyfa mér á ný að gera grein fyrir þeirri skoðun minni.

Eins og menn vita, þá byggist úrskurður forseta á 36. gr. stjskr. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum".

Nú er spurningin, þegar talað er um lög, hvort þar er einnig átt við fjárlög.

Úrskurður forseta var þannig, að þegar talað er um lög, þá væri ekki átt við fjárlög, enda sýna margar greinar í stjskr. það, að munur er gerður á lögum og fjárlögum. Ástæðan til, að stjskr. kveður svo skýrt á um þetta, er sú, að það hefir svo mikla þýðingu fyrir borgarana, að ekki sé hvatvíslega verið að breyta sköttum í landinu. Þetta er hverjum einasta manni viðkomandi, og því vill stjskr. með þessu ákvæði skapa örugga tryggingu fyrir því, að ekkert sé gert í fljótræði, heldur sé lagaleiðin farin.

Á fjárl. og lögum almennt er sá munur, að fjárlögin er hægt að samþykkja í Sþ. með einföldum meiri hl., en til þess að samþykkja önnur lög þarf „kvalificeraðan" meiri hl.

Úrskurður forseta féll þannig, að ekki væri heimilt að ákveða þetta í fjárl., en þegar sá úrskurður er fallinn, þá furðar mig, að menn skuli álíta, að hægt sé að fela stj. að breyta lögunum, þegar ekki má breyta þeim með fjárlagaákvæði, því að svo lengi sem það ákvæði stæði í lögunum, að heimilt væri að breyta skattaálaginu með fjárlagaákvæði, þá væri það í höndum Alþingis, hvort lögunum skuli breytt á einn eða annan hátt. En ef þetta er lagt í hendur stj., þá hefir Alþingi enga ihlutun um þetta. Því sýnist mér það ekki koma til mála að gefa stj. vald til þess að breyta lögum í landinu, eða m. ö. o. gefa henni vald til að leggja á nýja skatta. Þess vegna er nauðsynlegt að halda sér við þetta, sem stjskr. ákveður. Hvernig færi, ef ætti að víkja frá ákvæðum stjskr., t. d. að því er tryggingu þá snertir, sem sköpuð er í stjskr. fyrir dómsvaldið? Hvernig væru þá þeir menn staddir, sem væru á svörtum lista hjá ósvífinni ríkisstjórn, ef þeir ættu ekki næga tryggingu í óhlutdrægni dómstólanna? Ég er hræddur um, að þeir stæðu nokkuð höllum fæti. Fjárhagurinn stæði líka höllum fæti, ef það mætti liggja í hendi eyðslusamrar stj., hvort hún legði á nýja skatta eða ekki. Það er því hin mesta hætta að syndga gegn tryggingarákvæðum stjskr., bæði í þessum efnum og öðrum. Ég verð því að vænta þess, að hæstv. forseti úrskurði það, að þessi till. sé ekki síður í stríði við stjskr. en fyrri till. sem hann úrskurðaði, að væri í stríði við stjskr.

Ég verð að segja það, að ég var alveg hissa, þegar einn hv. þm. í þessari deild var að tala um, að það hefði áreiðanlega ekki verið guð Ísraels, sem stóð á bak við hæstv. forseta, þegar hann kvað upp úrskurðinn, heldur hefði það verið guð skattþegnafélagsins, sem stóð þar. Þessi orð hv. þm. er ekki hægt að skilja á aðra leið en þá, að hæstv. forseti hafi kveðið upp úrskurð eftir því, sem einhver annar hafi blásið honum inn, en ekki eftir því, sem hann hafi sjálfur álitið rétt. Það er ekki mitt að svara fyrir hæstv. forseta, en ég er sannfærður um, að sú niðurstaða, sem hann komst að í úrskurði sínum, var rétt og ekki innblásin af öðru en því, sem sterk rödd hinnar heilbrigðu skynsemi hefir sagt honum.

Ég þarf svo ekki fleiri orð um þetta, en vil einnig skjóta þessari till. undir úrskurð hæstv. forseta, og ég er sannfærður um, að hann getur ekki fallið nema á eina leið, því að ef ekki má trúa fjárveitingavaldinu til að breyta lögunum, þá er því síður hægt að trúa stj. landsins til þess, hverjir sem hana skipa.

Magnús Jónsson: Ég þykist sjá, að hv. þdm. muni vera búnir að gera það upp í huga sér, hverja afstöðu þeir taki til þeirra brtt., sem við frv. eru, og þess vegna þýðir mér það ef til vill ekki að fara mjög mörgum orðum um brtt. minar á þskj. 191.

Ég vil þakka hv. samþm. minum fyrir það, að hann vildi taka þessar till. minar til fósturs í lasleikaforföllum minum, þó að ekki þyrfti að koma til þess.

Ég vil geta þess, sem hv. þm. hafa sjálfsagt tekið eftir, að eftir tölusetningunni á brtt. mínum, þá falla þær ekki við réttar greinar í frv. Þetta stafar af því, að till. voru bornar fram við frv. eins og það var við 2. umr., en ég gerði það fyrir tilmæli annara að taka þær aftur til 3. umr., en þá breyttist greinatalan við það, að 8. gr. féll niður, en hæstv. forseti hefir lofað mér, að þær skuli vera bornar upp á réttum stað.

Tvær fyrstu brtt. eru ekki nýmæli. Fyrsta brtt., við 12. gr. eða nú við 11. gr., er um það, að draga aukaútsvar og tekju- og eignarskatt frá skattskyldum tekjum. Þessi till. hefir nú einnig verið borin fram af hv. þm. Dal. og líka verið í gildandi skattalöggjöf. Mér finnst ég ekki þurfa að fara mörgum orðum um þessa till.; það liggur í augum uppi, að svona gjöld á að draga frá. Það er með öllu óhugsandi, að nokkur maður þurfi að greiða tekjuskatt af þeirri upphæð, sem hann hefir orðið að greiða í þessa beinu skatta. Um þetta atriði er í raun og veru ekki mikill skoðanamunur, en mér líkar illa sú leið, sem farið er fram á í frv., að draga helming þessara skatta frá. Það liggur í hlutarins eðli, að annaðhvort er rétt að draga allt frá eða ekkert, en að draga helminginn frá, það nær engri átt.

Það eru ýmis svona atriði, þar sem ekki má ganga neinn meðalveg til samkomulags. T. d. ef vafi léki á því, að einhver maður hefði framið eitthvert það verk, sem væri refsingarvert, þá væri það auðvitað ekkert réttlæti að láta hann taka út helming refsingarinnar. Annaðhvort hefir maðurinn framið verkið eða hann hefir ekki framið það, svo að þar má ekki fara neina millileið. Verða hv. þdm. því að gera það upp við sig, hvort þeir vilja hér greiða tvöfaldan skatt eða ekki. Í till. minni er bætt við það, sem er í lögum nú, orðunum „sem greiddur hefir verið á árinu“, því að í framkvæmdinni hefir það verið svo, að þeir skattar hafa verið dregnir frá, sem maðurinn hefir greitt á því ári.

Þá er önnur brtt. mín, a., sem verður við 13. gr., um persónufrádráttinn. Þar er tekin upp till., sem mþn. gerði, en var síðan breytt við meðferð málsins í fyrra, sem sé, að persónufrádrátturinn sé mismunandi hár, eftir því hvar á landinu er. Ef þessi persónufrádráttur á að byggjast á því, að þessi frádregna upphæð sé álitin það lægsta, sem hver einstaklingur komist af með til að framfleyta lífinu, þá nær það engri átt, að hann sé alstaðar jafnhár. Og þó að hann væri ekki byggður á því, þá væri samt rétt að hafa hann mismunandi háan, eftir því hvað dýrt er að lifa á hverjum stað, því að annars er hann bara út í loftið.

Sumir vilja nú kannske líta svo á, að þar sem þetta muni ekki nema 100 kr., þá svari það alls ekki til þess mikla mismunar, sem er á dýrtíðinni á ýmsum stöðum. Þetta er nú að vísu rétt, en þessi till. gengur þó í áttina til að jafna þetta, og ég álít, að skoðun mþn. á þessu hafi verið alveg laukrétt, og finnst mér því rétt að fá nú álit hv. þdm. um þessa sanngjörnu brtt.

B-liður 2. brtt. er aftur á móti nýmæli. Ég man a. m. k. ekki til, að áður hafi komið brtt. í þá átt, að til frádráttar komi ekki aðeins persónufrádráttur þeirra barna, sem eru undir 14 ára, heldur líka þau börn, sem kosta verður til náms, þó að þau séu yfir 14 ára að aldri. Þessi persónufrádráttur byggist vitanlega á því, að sá, sem skattinn á að greiða, hafi kostnað við framfærslu þessa barns og því sé rétt að draga þetta frá. Þess vegna hlýtur það að vera réttmætt og sjálfsagt, að þessi frádráttur eigi að vera svo lengi sem maðurinn hefir barnið á beinni framfærslu, og það til þjóðþrifa. Hitt er eðlilegt, að annars sé miðað við 14 ár, því að venjulega fara börn að vinna fyrir sér, þegar þau hafa náð þeim aldri, og eru því ekki ómagar eftir þann tíma. Það er mönnum kunnugt, sem börn eiga, að sá kostnaður, sem af skólagöngunni leiðir, eykst mjög mikið eftir að börnin eru komin yfir þann aldur. Þá er lokið þeirri skólagöngu, sem ókeypis er í té látin, og þá verða foreldrarnir að fara að greiða skólagjöld fyrir börn sín, ef þau búa hér í Reykjavík eða öðrum kaupstöðum. Nú, ef þau eiga ekki heima hér, þá verða þau að kaupa allar þarfir þeirra hér, og allir vita, hversu ódýrt það er. — Nei, það hljóta allir að sjá, að börnin verða foreldrum oft miklu dýrari eftir að þau eru komin yfir 14 ára aldur.

Það er því hrein fjarstæða, að menn skuli hætta að reikna persónufrádrátt fyrir þau börn, sem svo er um, sem nú lýsti ég.

Ég býst við, að allir viðurkenni, að því lengur, sem börn og unglingar eru í skólum, því betra sé það og heillavænlegra fyrir menntun og fræðslu þjóðarinnar. Geta nú ekki þessir sömu menn séð, hve hróplegt ranglæti það væri að fyrirbyggja það í eitt skipti fyrir öll með lögum, að alþýða manna geti veitt börnum sínum þá fræðslu, sem nauðsynleg þykir?

Skal ég svo ekki að sinni tefja hv. dm. á því að tala lengur fyrir þessum brtt. mínum. Mér finnst ástæðurnar vera svo ljósar og einfaldar, að menn geti þegar gert upp við sig, hvort þeim finnst þær svo knýjandi og sanngjarnar, að þeir vilji ljá þeim fylgi sitt.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Ég hefi af tilviljun ekki verið viðstaddur allar umr. málsins, og getur því verið, að eitthvað það hafi fram komið, sem ég hefði viljað svara, en ég verð þá vitanlega að sleppa því.

Hinsvegar býst ég við, að búið sé að ræða að mestu þær brtt., sem fyrir hafa legið, svo að þær séu hv. dm. kunnar orðnar og þeir hafi tekið afstöðu til þeirra. Sé ég því ekki ástæðu til að ræða mjög ýtarlega allar þær mörgu brtt., sem hér liggja fyrir.

Vil ég þó minnast á einstakar till. og atriði, sem fram hafa komið í umr. meðan ég hefi hlýtt á.

Er þá fyrst 4. brtt. á þskj. 209, við 10. gr. frv., b-liður. Við fyrri hluta till. er ekkert að athuga, þar sem sagt er, að lántaka, eyðsla höfuðstóls eða greiðsla skulda skuli ekki teljast til tekna. Þetta er nú gott út af fyrir sig. En svo kemur viðaukasetningin, sem á við greiðslu skulda, svo hljóðandi: „sem sannazt hefir við gjaldþrot, nauðasamninga eða á annan fullnægjandi hátt, að eignir voru ekki til fyrir".

Ef þessi aukasetning verður samþ. með þessum lið, þá er því þar með slegið föstu, að eftirgjöf skulda skuli teljast skattskyldar tekjur í öllum öðrum tilfellum en þeim, sem viðaukasetningin gerir ráð fyrir. Hér er augsýnilega ruglað saman tekjum og eignum, því að eftirgefnar skuldir koma fram á næsta ári sem eignaaukning og koma til eignarskatts, þannig að efnahagurinn verður þá betri. T. d. nefni ég eftirgjöf skulda hjá lánsverzlun, sem altíðar eru. Það nær vitanlega engri átt að telja eftirgjöf slíkra skulda til skattskyldra tekna þeim, er eftirgjöfina fá.

Ég sé nú, að hv. tillögumaður er ekki viðstaddur, en ég verð að segja það, að ég hygg, að hann hafi ruglað saman tekjum og eignum. Annars get ég fallizt á fyrra hl. gr., ef eftirsetningin væri felld niður.

Þá vil ég minnast á till., sem komið hafa frá nokkrum þm. á ýmsum þskj. um helmingsfrádrátt á skatti og útsvörum, sem getið er um í 12. gr. h-lið frv. Vilja þeir láta draga alla skatta og útsvör frá.

Nú hefir hæstv. fjmrh. enga áherzlu lagt á, hvort þessar brtt. yrðu samþ. eða ekki. Ég hefi áður bent á, hverri tekjurýrnun samþykkt þessarar till. muni valda, og með því tel ég mig hafa gert skyldu mína. Fyrst stj. er svo ósárt um það, þótt tekjurnar rýrni, þá tel ég mér óskylt að vera að fást um það.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að annaðhvort hlyti að vera rétt að draga frá allt eða ekkert. En þetta er aðeins fyrirkomulagsatriði, sem má haga alveg eftir vild. Í skattamálum er ekkert fullkomið réttlæti til; þar verður að byggja allt á mati og taka tillit til ýmsra ástæðna og atvika. Hálfur frádráttur er bil beggja þeirra leiða, sem um þetta hafa gilt, og getur því ekki verið ranglátari en yztu takmörk til beggja hliða.

Vitanlega er þetta einskonar álag á tekjuskattinn að leyfa ekki nema hálfan frádrátt, samskonar álag eins og þegar tekjuskatturinn er hækkaður stig af stigi með stighækkandi skatti. Þetta er alveg samskonar, bara annað form. Það er því engin ástæða til af þessum ástæðum að fallast frekar á þessar till. en till. frv.

Ég minnist þess nú, að hv. 1. þm. Skagf. gerði fyrirspurn til mín fyrir hönd minni hl. fjhn. út af till., sem við berum fram um heimild fyrir ríkisstj. til að hækka eða lækka tekjuskattinn um ákveðinn hundraðshluta. Hann spurði, hvort meiningin væri, að stj. segði til, hvort hún

ætlaði að nota heimildina samhliða því, sem fjárlög eru lögð fyrir eða ekki fyrr en eftir á. Vil ég nú fyrst geta þess, að hv. fyrirspyrjandi og aðrir vita, að lík ákvæði þessu hafa verið í l. síðan árið 1928. Mun hafa verið hugsað að nota heimildina eftir á. Eftir till. okkar eins og hún liggur fyrir er þetta alveg óbundið. Það er svo laust og óbundið, að nota mætti heimildina á hvorn veginn sem er, og jafnvel mætti nota hana á báða vegu. (MG: Svo!). Já, þannig, að þegar fjárlagafrv. er lagt fram, geta horfur verið þannig um afkomu ríkissjóðs, að stj. þyki ekki ástæða til að nota heimildina á hvorugan bóginn. En þegar fram líður, gæti ástandið verið orðið þannig breytt, að hún þá vildi nota heimildina, annaðhvort til lækkunar eða hækkunar, eftir því sem á stæði. Annars er þetta að mínum dómi algerlega framkvæmdaratriði.

Hv. frsm. minni hl. gerði mjög að umtalsefni starfsháttu n. og afstöðu hennar til málsins. Ég sé varla ástæðu til að vera að minnast frekar á þetta, úr því að hv. þm. er ekki staddur hér í deildinni.

Þá gekk hv. 2. þm. Reykv. inn á sömu braut, sem sé að tala um starfsháttu n. Ég vildi nú spyrja, hvaðan honum kæmi heimildir fyrir þeirri lýsingu, sem hann hafði um starfsháttu n. Næst er að ætla, að hann hafi þær frá hv. samflm. sínum, sem var í n. Ég ætla nú ekki að fara að afsaka n. að neinu leyti fyrir þessum hv. þm. En ég vil segja það, að hv. þm. var hér að tala um það, sem hann annaðhvort vissi ekkert um eða hafði fengið rangar upplýsingar um. Mér þykir heldur ólíklegt, að hann hafi vizku sína úr samflm. sínum, því að hann á þá vissulega sinn hluta í dómnum um starfsháttu n., enda var hann okkur í ýmsum atriðum sammála, þótt á milli bæri um annað. Þá talaði hv. þm. um stefnu meiri hl. n. og afstöðu til þess máls, skattamálsins. Út af ummælum þm. vil ég taka það fram, að í raun og veru eru allir flokkar í landinu sammála í skattamálunum að vissu stigi, sammála um það að nota þennan skattstofn í svo ríkum mæli, sem skynsamlegt er. Svo skiljast aftur leiðir flokkanna um það, hvar þau skynsamlegu takmörk séu. Munurinn er því frekar stigmunur en stefnumunur. Ég tek því þess vegna ekki sem réttmætu ásökunarefni á meiri hl. n., þótt skoðun hans sé sú, að nú þegar sé lagzt svo þungt á þennan skattstofn, þegar útsvörin eru tekin með, að það sé allt að því yfir skynsamleg takmörk.

Það er rétt að benda á það í þessu sambandi, að í nálægum löndum Evrópu er hvergi lagt eins þungt á þennan skattstofn og hér, þegar útsvörin eru tekin með. Hin skynsamlegu takmörk eru þau, að ekki sé lagt þyngra á þennan skattstofn en það, að ekki sé með því dregið úr framtaki einstaklingsins.

Reynslan hefir líka sýnt, enda liggur það í augum uppi, að ef lengra er farið á þessari leið en skynsamlegt er, þá verður það til þess að rýra þennan skattstofn, þegar til lengdar lætur, og þar með tekjurnar af honum. Eins og kunnugt er, eru það alstaðar jafnaðarmennirnir, sem vilja ganga lengst í því að leggja á þennan skattstofn. Mest ber þó á því meðan þeir eru að reyna að vinni sér hylli og ná í völd. En þegar þeir hafa fengið völd og finna ábyrgðina á sér hvíla, þá dregur úr fortölum þeirra um þetta efni og þeir skilja það eins og aðrir, að í þessu efni þarf að halda sér við skynsamleg takmörk.

Eru nú hér eftir brtt. frá hv. þm. Ísaf. Kemur það fram, að hann viðurkennir ekki eða þykist ekki viðurkenna, að útsvörin hvíli á þessum skattstofni. Hann sér ekki yfir nema einn fjórða af því, sem á þessum skattstofni hvílir. Þess vegna er ekki von, að hann haldi sér innan við skynsamleg takmörk í tillögum sínum.

Það er alkunnugt, að Alþýðuflokkurinn hirðir ekkert um framtak einstaklingsins; á því byggist afstaða hans í ýmsum málum. Jafnaðarmenn bera fram ýmsar till. sínar aðeins til að flagga með framan í kjósendur og reyna að kaupa sér með því fylgi hjá alþýðu manna. Þeir vita, að það lætur vel í eyrum, að þeir eigi að greiða öll gjöldin í ríkissjóð, sem hafi „breiðu bökin", til þess að þeir geti sloppið sjálfir.

Ég er þess fullviss, að ef jafnaðarmenn ættu sjálfir að bera ábyrgð á afkomu landsins, þá myndu þeir meir stilla till. sínum í hóf. Nú standa þeir svo langt

frá því takmarki, að þeir telja sig geta gert svona öfgafullar till. Till. jafnaðarmanna í þessum málum er aðeins önnur leið til eignarnáms, sem þeir eru svo fúsir til. Till. þeirra, ef í framkvæmd kæmust, myndu gera hvorttveggja í senn: vera hægfara eignarnám og rýra þannig smátt og smátt sjálfan skattstofninn —éta hann upp — og hefta einstaklingsframtakið.

Þá minntist hv. frsm. minni hl. á það sama og hv. 3. þm. Reykv., að ég vildi í till. mínum í frv. um sveitargjöld leggja svo þungt á þennan skattstofn, að fyrir gæti komið, að skatturinn næmi meira en öllum skattskyldum tekjum. Þetta er ekki með öllu að ástæðulausu sagt. En slíkt kæmi þó ekki fyrir nema í alveg sérstökum tilfellum. Í mínum till. felst ekki það að taka einum eyri meira af þessum stofni en nú er gert. Till. mínar eru að mestu byggðar á því að taka útsvörin eftir sömu reglu og gildir um tekju- og eignarskatt. Og hvers vegna skyldi ekki mega fara eftir þeim reglum? — Er það viðurkenning á því, að þær séu ranglátar? — Nei, það er bara óbein viðurkenning á því, að útsvörin séu óhæfilega há.

Eins og ég hefi sýnt fram á í grg. fyrir frv. til l. um sveitargjöld, er sumsstaðar lagt á þennan skattstofn í útsvörum ekki þrefalt við það, sem borgað er til ríkisins, heldur fjórtánfalt. Þetta er svo hátt, að það er skiljanlegt að öfgar geti komið fram, þegar heimta á þetta háa gjald eftir skynsamlegum föstum reglum.

Hv. frsm. minni hl. talaði um, að hann myndi ekki aðhyllast till. mínar um sveitargjöld, og get ég ómögulega talið þeim það til lasts. Hitt myndi ég frekar telja, að ég væri á rangri leið, ef ég ætti að vænta stuðnings þaðan.

Ég tel ekki sérstaka ástæðu til að ræða neitt verulega um brtt. hv. þm. Ísaf. frá 20. gr. og aftur úr. — Ég sé ekki réttmæta ástæðu til, að frestirnir séu hafðir lengri í Rvík en annarsstaðar, því þó meira sé að gera viðvíkjandi framtali til skatts og skattákvörðun í Rvík en annarsstaðar, þá veldur það ekki öðru en því, að hafa þeim mun fleiri menn við það á meðan á því stendur.

Við hinar aðrar till. hv. þm. hafa ýmsir þm. borið fram brtt. til lagfæringar, og verði þær samþ., þá er meinlaust, þótt till. hv. þm. Ísaf. verði samþ. þannig breyttar.

Ég hefi í svari mínu til hv. frsm. minni hl. einnig svarað hv. 3. þm. Reykv. viðvíkjandi till. um fasta tekjustofna handa sveitar- og bæjarfélögum og um það, að við álagningu útsvara skuli þræða líkar leiðir og við álagningu skatta til ríkissjóðs. Ef mælt er á móti þeirri till., er jafnframt mælt á móti þeirri reglu, sem skatturinn til ríkissjóðs er á lagður eftir.

En hvaða regla sem notuð er við niðurjöfnun útsvara, og þó haldið verði áfram að heimta þau eftir handahófsmati, til þess að reyna að dylja það, hversu þungt lagzt er á þennan tekjustofn, þá verður það ekki út skafið, að gjaldendur verða alltaf að greiða nálega þrefalda upphæð til þarfa sveitarfélaganna við það, sem þeir greiða í skatt til ríkissjóðs, allt af sama skattstofninum.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég skal ekki lengja mikið þessar umr. En mér finnst rétt að benda á það, í sambandi við hugleiðingar hv. frsm. meiri hl., að meginatriði þessa máls er það, hvort heppilegt er fyrir þjóðfélagið að leggja áfram um 10% á lágtekjur með tollum á nauðsynjavörum, en taka aðeins 3½% skatt til jafnaðar af þeim tekjum, sem eru taldar umfram framfærslukostnað gjaldenda. Eða hvort á að snúa þessu við, hækka skatta af þeim hluta tekna, sem umfram er framfærslukostnað gjaldenda, til þess að hægt sé að lækka tolla af nauðsynjavörum, sem raunverulega er skattur af þeim tekjum, sem gjaldendur nota sér til lífsframfæris eingöngu.

Út af hugleiðingum hv. frsm. meiri hl. um það, að við jafnaðarmenn séum eignarnámsmenn, og till. mínar í skattamálum miðuðu því að hægfara eignarnámi, vil ég benda á það, að sé ég að leggja til hægfara eignarnám með till. mínum í skattamálum, þá leggur hann til mjög hraðfara eignarnám í till. sínum um tekjustofna sveitarsjóða. Eftir þeim getur nefnilega komið fyrir, að tekjuhæstu gjaldendur þurfi að greiða 104 af hundraði af tekjum sínum til ríkis og sveitarsjóða, eða ofurlítið meira

en allar tekjurnar, sem skatturinn er lagður á. Ég tel að vísu rétt, að mikill hluti þess fjármagns, sem notað er við sameiginlegt framleiðslustarf þjóðarinnar, komist í hendur hins opinbera. En við jafnaðarmenn viljum fara heppilegri leið að því takmarki en hv. frsm. meiri hl., sem ekki hefir fundið aðra leið til að samræma álagningu útsvara við álagningu hinna beinu skatta til ríkissjóðs heldur en að margfalda skattstigann með fjórum.

Þá vil ég minnast örlítið á tvö atriði, sem ekki snerta beinlínis hv. frsm. meiri hl.

Ég tel mjög varhugavert að leyfa mönnum að draga frá skattskyldum tekjum tekjuskatt og útsvar, nema þau gjöld hafi fallið í gjalddaga og verið greidd að fullu á sama árinu, sem tekjuframtalið nær til. Ef þetta er ekki tekið skýrt fram í lögum, gætu félög með mjög misjafnri rekstrarafkomu dregið að greiða opinber gjöld þangað til þau eiga að greiða háan tekjuskatt. Ef gjöldin eru þannig dregin saman til fleiri ára, þangað til félögunum er heppilegast að láta þau koma fram á skattskýrslu, geta þau stórkostlega lækkað skattinn.

Ég vil ekki láta hjá líða að benda hv. þm. á orðalag 10. gr. frv., sem 4. brtt. mín á þskj. 209 er við. C-liður hennar er orðaður þannig:

„Til tekna telst ekki — — — — — — — c. Tekjuliðir, sem stafa af eyðslu höfuðstóls eða af lántöku".

Mér finnst ekki ná neinni átt að tala um tekjuliði af því að eyða höfuðstól eða taka lán. Furðar mig, að hv. frsm. meiri hl. skuli ekki geta fallizt á að breyta þessum lið frvgr. Í íslenzku máli er ekki lántaka og enn síður eyðsla talin til tekna.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Það er gott fyrir afgreiðslu þessa máls, að umr. eru nú farnar að dragast saman og snúast um einstök atriði frv.

Það er nú eins og fyrri daginn, þegar hv. þm. Ísaf. fer að bera saman tolla og beina skatta, að hann gleymir alveg útsvörunum, sem eru þó þrefalt hærri heldur en tekjuskattur og eignarskattur til samans. Þess vegna er samanburður hans alltaf jafnvillandi.

Hv. þm. minntist á till. mínar um fasta tekjustofna handa sveitarfélögum; ég skal nú benda á, hvað út kemur, ef sama útreikningi er beitt við hans till. sem hann notaði til að sýna fram á, að samkv. till. mínum gætu menn í einstöku tilfellum þurft að greiða 104% af tekjum sínum til hins opinbera. Hann sagði við 1. umr. þessa máls, að eftir sínum till. gæti tekjuskatturinn farið upp í 40% af hæstu tekjum. Seinna leiðrétti hann þetta þannig, að hæsti skattur af skattskyldum tekjum væri 29% eftir hans frv. (**HG:** Hæsti stighækkandi skattur er eftir frv. mínu 29%, en 40% af því, sem **umfram** er hámark). — Nú verður að hafa það í huga, að þegar búið er að hækka skattinn til ríkissjóðs eftir till. hv. þm., þá er eftir að taka **jafn**mikið og áður til sveitarþarfa af sama skattstofni. Þegar hv. þm. væri þannig búinn að hækka tekjuskatt og eignarskatt um nærri helming, gætu þeir ásamt útsvari farið upp í 117% eftir samskonar útreikningi og hann notaði við mínar till. Hann reynir nú líklega að bjarga sér með því, að útsvarið eigi að taka eftir öðrum reglum en tekjuskattinn. En ef vægja á þeim, sem hærra eru í skattstiganum, hlýtur þunginn af útsvörunum að lenda þeim mun meira á lágtekjumönnunum, sem hv. þm. þykist vilja létta sköttunum af. Þessi villa hv. þm. í málinu stafar af því, að hann sér ekki yfir nema part af málinu, sem hann er alltaf að reyna að gera sig svo góðan af. Nú er það svo sumsstaðar á landinu, að menn raunverulega verða að greiða til sveitarsjóða jafnvel 14-falt við það, sem þeir greiða í tekjuskatt.

Eitt atriði vildi ég minnast á enn, 4. brtt. hv. þm. Ísaf., við 10. gr. frv. Hann furðar sig á, að ég skuli ekki geta fallizt á þá brtt. Ég hefi áður gert hana að umtalsefni og getið þess, að ég gæti fallizt á þessa till., ef felld væri niður setningin, sem tengd er við síðari málsgr. hennar. Efni 10. gr. er e. t. v. betur framsett í brtt. en frv.; tel ég þó, að orðalag frv. þurfi ekki að valda misskilningi. En niðurlagssetningin, sem ákveður, að skuldaeftirgjafir skuli því aðeins ekki teljast til skattskyldra tekna, að sannazt hafi um þær við „gjaldþrot, nauðasamninga eða

á annan fullnægjandi hátt", að eignir hafi ekki verið til fyrir skuldinni. Þessi setning gerir það að verkum, að ég get ekki greitt atkv. með 4. brtt. Það er með öllu óréttmætt að telja það til skattskyldra tekna skuldunautar, þó hann fái eftirgjöf á skuldum, það kemur aðeins fram á efnahag hans og getur haft áhrif á eignarskatt.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Þó mér þyki það leiðinlegt, verð ég enn að reyna að leiðrétta misskilning hv. frsm. meiri hl. Hann finnur ekki aðra leið til að taka útsvörin um leið og tekjuskattinn heldur en að margfalda skattstigann með 4. En það liggur í hlutarins eðli, að ef taka á fjórfalt hærra gjald en áður eftir þeim reglum, sem tekjuskatturinn er tekinn eftir, þá verður að semja skattstigann upp á nýtt með tilliti til þess.

Hv. þm. telur alveg ófært að telja eftirgjöf skuldar, sem eignir eru til fyrir, til tekna. Ég aftur á móti tel það sjálfsagt. Ef svo er ekki, er mönnum auðvelt að komast undan tekjuskatti. Fyrst geta menn lánað hverir öðrum, og svo gefið skuldirnar upp. Trygging gegn því fæst ekki á annan hátt en þann, að krafizt sé sönnunar á því með gjaldþroti eða á annan hátt, að eignir séu ekki til fyrir skuldum þeim, sem upp eru gefnar. Sé tekið fram undantekningarlaust, að skuldaeftirgjafir skuli ekki teljast til skattskyldra tekna, þá er mönnum þar með opnuð leið til að koma tekjum sínum undan skatti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 34. fundi í Nd., 26. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 185, 191, 205, 209, 220, 232, 268, 270).

ATKVGR.

Brtt. 209,1 samþ. með 16 : 6 atkv.
— 209,2 felld með 22 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HJ, HG, HK, HV, SÁÓ.
nei: BSv, BSt, BÁ, GunnS, HStef, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, JörB.

Einn þm. (EJ) fjarstaddur.
Brtt. 209,3 tekin aftur.

Forseti (JörB): Hv. þm. Dal. hefir óskað úrskurðar forseta um það, hvort ekki muni brjóta í bága við 36. gr. stjskr. brtt. meiri hl. fjhn. á þskj. 220, um að tekjuskattinn eftir 6. og 7. gr. þessa frv. sé ríkisstj. heimilt að hækka eða lækka um ákveðna hundraðstölu, allt að 25% fyrir eitt ár í senn. Samskonar heimild er gert ráð fyrir að veita ríkisstj. til hækkunar eða lækkunar á eignarskatti eftir 15. gr. frv. Út af þessu vil ég taka þetta fram:

Lög nr. 2, 27. marz 1924, um heimild fyrir ríkisstj. til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka, mæla svo fyrir:

„Á meðan gengi á £ er skráð í Reykjavík á 25 kr. eða þar yfir, veitist ríkisstj. heimild til þess að innheimta tolla samkv. tolllögum nr. 41 1921, vörutoll, vitagjald og afgreiðslu skipa samkv. 54. gr. aukatekjulaganna með gengisviðauka að upphæð 25%, þannig, að hver toll- eða gjaldeining hækkar um 25% og reiknast hver ½ eyrir og stærra brot úr tolleiningu sem heill eyrir, en minna broti er sleppt. Hækkun þessi nær þó ekki til vörutolls af kornvörum".

Þessum lögum var breytt með lögum nr. 37, 27. júní 1925:

„Í stað orðanna: „á meðan gengi á £ er skráð í Reykjavík á 25 kr. eða þar yfir, veitist ríkisstj. heimild til þess að", skal koma: „Ríkisstj. skal heimilt til ársloka 1927 að ..".

Þessum l. var svo breytt 1927 (sjá lög nr. 38, 31. maí 1927):

„Í stað „til ársloka 1927" í 2. málsgr. 1. gr. laganna komi: til ársloka 1928".

Þessum lögum var svo breytt með lögum nr. 36, 7. maí 1928: „Í stað „til ársloka 1927" í 2. málsgr. 1. gr. laganna komi: til ársloka 1930".

Þessum lögum var svo breytt á síðasta þingi, þannig að gert er ráð fyrir, að þau gildi til ársloka 1932 (sjá lög nr. 26, 19. maí 1930).

Ennfremur má benda á lög nr. 29, 28. nóv. 1919. Síðasta málsgr. 1. gr. þeirra l. hljóðar svo:

„Stjórnarráð Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip, er þaðan eru gerð út til fiskveiða hér við land".

Þetta sama ákvæði var sett í lög 1911

um vitagjald (lög nr. 17, 11. júlí 1911). Með þessu er framkvæmdarvaldinu veittur réttur til að semja og ákveða þennan skatt.

Með lögum nr. 53, 7. maí 1928 var ríkisstj. heimilað að innheimta allan tekju- og eignarskatt með 25% viðauka til ársloka 1930. Stj. notaði að vísu ekki heimild þessa, en þingið hafði veitt stj. leyfi til þess. — Þá má minna á lög nr. 54, 15. júní 1926. 3. gr. þeirra laga hljóðar svo:

„Nú kemur í ljós, að vörutollur sá, er ræðir um í 6. eða 7. lið 1. gr., verður að teljast svo hár, að eigi sé sanngjarnt hlutfall milli hans og útsöluverðs vörunnar, og er stjórnarráðinu þá heimilt að færa niður tollinn, ef þess er óskað. Tollinn má þó aldrei færa lengra niður en svo, að hann sé eins og segir í 2. lið 1. gr. Stjórnarráðið skal um hver áramót birta í B-deild Stjórnartíðindanna skrá um ívilnanir þær, sem á næsta ári á undan hafa verið veittar samkvæmt þessari grein".

Um mörg ár og mörgum sinnum hefir þessi heimild, sem veitt er í þessari grein, verið notuð.

Og enn má benda á lög nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör, 3. gr. 1. fyrri málsgr.:

„Að því leyti, sem aðrar tekjur sveitar hrökkva ekki til að greiða gjöldin, skal jafna niður á gjaldþegna hennar því, er á vantar, að viðbættum 5—10%, og heitir gjald það útsvar. Það má ekki nokkru sinni nema meiru en meðaltali útsvara í sveitinni 3 síðustu árin, að viðbættum fimmtungi, nema sýslunefnd veiti hreppsnefndum til þess samþykki sitt, en atvmrh. bæjarstjórnum".

Með þessum ákvæðum er sveitarvöldum veitt heimild til þess, með samþykki æðri stjórnarvalda, að láta skatt til sveitar- og bæjarsjóða fara fram úr því, sem lögin að jafnaði gera ráð fyrir. Og sú heimild til hreyfingar á skatti, sem ráð er fyrir gert með ákvæðum hinna annara laga, sem nú voru nefnd, er einnig ákveðin í þeim lögum sjálfum, sem sætt hafa þeirri meðferð, sem gildir um almenn lög, og Alþingi með því fengið framkvæmdarvaldinu í hendur rétt til þess að innheimta skattinn misháan, eftir því sem það metur nauðsyn til slíkrar skatthreyfingar. Og hefir þetta verið gert af framkvæmdarvaldinu um allmörg undanfarin ár.

Samkv. eðli þessa máls og að fengnum slíkum fordæmum, sem ég nefndi, tel ég orðalag 73. gr. stjskr. um, að skattamálum skuli skipa með lögum, samanborið við 36. gr. hennar, ekki svo einskorðað, að ég telji mér fært sem forseti að taka fram fyrir hendur þingsins í þessu efni, heldur mun ég láta atkvgr. skera úr um vilja þess. Mönnum kann að vísu að virðast svo, að ekki sé eðlilegt, að framkvæmdarvaldinu sé heimilað að hækka eða lækka skattinn innan takmarka laganna, en fjárveitingavaldinu sé slíkt óheimilt með ákvæði í fjárlögum, en þess ber að gæta, að með slíku fjárlagaákvæði er löggjafarsvið fjárlaga fært út fyrir það svið, sem þeim er ætlað að ná samkv. ákvæðum stjskr.

ATKVGR. (frh.).

Brtt. 220,1 samþ. með 14 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, LH, MT.

nei: PO, SE, BSv, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, JörB.

Einn þm. (EJ) fjarstaddur.

Brtt. 209,4.a. samþ. með 14 : 10 atkv.

— 209,4.b. samþ. með 15 : 2 atkv.

— 209,5.a. felld með 14 : 8 atkv.

— 209,5.b. felld með 20 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, GunnS, HG, HK, HV, JJós, LH, MT.

nei: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv, BSt, BÁ, EJ, HStef, HJ, IngB, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, JörB.

Brtt. 209,5.c. fyrri málsliður tekinn aftur.

— 209,5.c. síðari málsliður felldur með 16 : 5 atkv.

— 209,5.d. tekin aftur.

— 205 samþ. með 15 : 7 atkv.

— 209,6 felld með 18 : 10 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, HV, JJós, JÓl, MJ, SÁÓ, ÁÁ, BSv, GunnS, HG.

nei: IngB, JAJ, JS, LH, MG, MT, ÓTh, PO, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, HStef, HJ, JörB.

Brtt. 191,2.a. felld með 14 : 12 atkv.

— 191,2.b. samþ. með 15 : 9 atkv.

Brtt. 209,7 felld með 17 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, IngB, LH, MT, SÁÓ, BÁ, EJ, GunnS, HJ, HG, HK.
nei: JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BÁ, BSv, BSt, HStef, JörB.
Brtt. 230,2 felld með 14 : 14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, BÁ, HStef, HJ, HG, HV, IngB, LH.
nei: ÓTh, PO, SE, BSv, EJ, GunnS, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, JörB.
Brtt. 232 samþ. með 17 : 6 atkv.
— 209,8.a. tekin aftur.
— 209,8.b. samþ. með 16 : 3 atkv.
— 209,9 samþ. með 16 : 3 atkv.
— 270 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 209,10, svo breytt, samþ. með 15 : 8 atkv.
— 209,11.a. samþ. með 17 : 3 atkv.
— 209,11.b. samþ. með 16 : 1 atkv.
— 209,12 samþ. með 16 : 1 atkv.
— 209,13 samþ. með 15 : 2 atkv.
— 209,14 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 209,15 samþ. með 14 : 6 atkv.
— 268 samþ. með 14 : 5 atkv.
— 209,16, svo breytt, samþ. með 14 : 2 atkv.
— 209,17 felld með 25 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SÁÓ, HG, HV.
nei: ÓTh, PO, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HJ, HK, IngB, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MJ, MT, JörB.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 : 6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., 28. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 282).

Á 38. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

5. Verðtollur.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt: **Frv. til l. um verðtoll** (stjfrv., A. 5).

Á 4. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Þetta frv. er upphaflega samið af mþn. í tolla- og skattamálum og var lagt fyrir þingið í fyrra af meiri hl. þeirrar n. Þá skrifaði ég tollstjóranum hér í Reykjavík og bað um álit hans á frv., og einkum með tilliti til þess, hvort hann teldi meiri hættu á tollsvikum samkv. frv. en með núverandi fyrirkomulagi. Tollstjórinn hér í Reykjavík hefir mesta reynslu hérlendra manna um framkvæmd tolllaganna, og var því mikilsvarðandi að fá álit hans á frv. Sendi tollstjórinn álit sitt á frv., og kom þar greinilega fram, að hann var frv. fylgjandi, enda þótt hann gerði till. um nokkrar breyt. á því. Og það taldi tollstjórinn með öllu víst, að ekki myndi meiri hætta á tollsvikum eftir fyrirkomulagi frv. heldur en því, sem nú er.

Þetta frv. varð ekki útrætt á þinginu í fyrra, og síðastl. sumar fór ég þess á leit við skattamálanefndina, að hún tæki málið til athugunar að nýju í sambandi við till. tollstjórans. Varð n. við þessari ósk og féllst að miklu leyti á till. tollstjórans. Eftir að n. hafði svo endurskoðað frv., tók ráðuneytið frv. til athugunar í samráði við tollstjórann og gerði á því nokkrar breyt., sem einkum snertu þó flokkunina í 8. og 9. gr.

Ég verð að halda því fram, að undirbúningur þessa frv. hafi verið svo góður, sem tök voru á. Mþn., stj. og tollstjórinn hafa lagt mikla vinnu í undirbúning frv., og yfirleitt hefir reynt verið að vanda það sem mest, bæði að efni og formi.

Ég sé ekki ástæðu til þess nú við 1. umr. að vera að fara út í einstakar gr. frv., enda fylgir frv. ýtarleg grg., sem gefur allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til skilnings á stefnu frv. í heild sinni, sem og á einstökum atriðum þess. Frv. stefnir að því að gera tollheimtuna einfaldari, en sú tekjuupphæð, sem frv. gæfi, ef að l. yrði, svarar

að mestu til þeirrar upphæðar, sem verð- og vörutollurinn gefa nú.

Ég vildi svo leyfa mér að leggja til, að frv. yrði vísað til fjhn., að lokinni þessari umr.

Haraldur Guðmundsson: Þetta frv. er í beinu framhaldi af frv. því, sem hér var verið að enda við að ræða (frv. um tekju- og eignarskatt), því að af þeirri sameiginlegu skoðun Íhalds og Framsóknar, hæstv. stj. og meiri hl. skattamálanefndar, að fremur beri að lækka en hækka tekju- og eignarskattinn, hlýtur óhjákvæmilega að leiða hækkun tollanna frá því, sem nú er. Enda er það bert, að frv. þetta hefir í för með sér tollahækkun, og hana mjög verulega, þó að frekar sé reynt að leyna því í grg., að svo sé. Staðfestir þetta enn, að Framsókn og Íhald eru sammála í skattamálum, en stefna beggja er að auka á tollana, en hlífa eignum og gróða við sköttum.

Í fjárlagafrv. stj. er gert ráð fyrir, að verð- og vörutollurinn nemi 2800000 kr., en samkv. grg. frv. er verðtollurinn áætlaður 3030000 kr., svo að hér er hækkunin 230 þús. kr. Þó mun hækkunin vera raunverulega miklu meiri, því að áætlun meiri hl. skattamálanefndar er byggð á innflutningi ársins 1926, sem var óvenjulega lítið innflutningsár. Innflutningurinn hefir aukizt mjög mikið síðan. Það er þess vegna ekki vafi á því, að áætlanir skattamálanefndar um tekjur af verðtollinum eru allt of lágar, og að hér er um allstórfellda tollhækkun að ræða.

Hæstv. fjmrh. fjölyrti mjög um það, hversu vandað hefði verið til undirbúnings þessa frv. Skal ég ekki hafa á móti því, að frv. hafi verið sæmilega undirbúið að því er snertir ákvæði um skattheimtuna og hið ytra form frv. yfirleitt. En hinsvegar lít ég svo á, að ekki hafi eins verið vandað til þess undirbúnings, sem að ákvörðun tollanna og upphæð lýtur og því, hvernig þessir skattar koma niður á landsfólkið, en einmitt það tel ég aðalatriðið. Vægast sagt virðist mjög fljótvirknislega frá ákvæðunum um tollabreytingarnar og flokkunina gengið og því líkast, sem flest sé þar af handahófi. Ég skal færa þessu stað með nokkrum dæmum.

Samkv. frv. skal lagður 1½% allsherjarverðtollur á allar vörur, sem til landsins flytjast, en auk þess eru fjórir verðtollsfl., A, B, C og D. Svo mun til ætlazt af flm. og meiri hl. skattamálan., að í A- og B-flokki séu aðeins þær vörur, sem þeir telja hreinar óhófsvörur, og í C- og D-flokki vörur, sem þeir að vísu telja óþarfa, en þó ekki jafnmiklar óhófsvörur og í hinum fyrstu 2 flokkum. Ég skal leyfa mér að nefna 3 tegundir af þessum „hreinu óþarfavörum", sem n. telur og falla undir B-flokk. Eru það: ný egg, ávextir og leir- og glervörur, þ. e. algengur borðbúnaður og búsáhöld. Allar þessar vörutegundir eiga eftir frv. að verða tollaðar með 20% verðtolli auk 1½% allsherjartolls, eða samtals með 21½% verðtolli. Samkv. gildandi lögum eru hver 10 kg. nýrra eggja tollað með kr. 1.80; veit ég ekki með vissu, hversu mikil hækkunin er af hundraði á þessum tolli samkv. frv., því að ég hefi ekki við hendina upplýsingar um verð á eggjum, en víst er hún mikil — alls ekki undir 200%. — Um ávextina er það að segja, að samkv. núgildandi l. eru þeir tollaðir með kr. 0,60 pr. 10 kg., og verður hækkunin þar varla minni, líklega enn meiri. Tollurinn á leir- og glervöru hækkar úr 10% upp í 21%, eða yfir 100%. Þessar 3 vörutegundir virðist meiri hl. n. telja hreinar óhófsvörur, en vitanlegt er flestum, hversu nauðsynlegar þær eru alþýðu manna, og get ég vart trúað því, að meiri hl. hafi í raun og veru ætlað sér að setja þær með óhófsvörum og hækka toll á þeim svo gífurlega; hygg ég fremur, að þetta hafi orðið svo af fljótfærni. En þá fer því fjarri mjög, að þetta sýni góðan undirbúning frv., heldur þvert á móti handahófsmat.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að C- og D-flokkunum. Þeir skipta í raun og veru miklu meira máli, vegna þess, að þar er um langtum stærri upphæðir að ræða og þar eru teknar flestar algengustu neyzlu- og nauðsynjavörur. Í C-flokki er sértollurinn 10% og að auki bætist svo við allsherjartollurinn, sem nemur 1½%, svo sem ég áður sagði. Verður þar í þessum flokki fyrst fyrir mér niðursoðin mjólk, sem nú er tollað 60 aurum pr. 10 kg., en samkv. frv. verður tollurinn af henni alls

11½%, þannig, að á þessari vörutegund nemur tollhækkunin a. m. k. 120—150%. Tollurinn á smjörlíki er nú 60 aurar pr. 10 kg., en verður samkv. frv. 11½%, svo að hækkunin er þar um 200%. Kartöflur eru nú tollaðar 30 aurum pr. 50 kg., og miðað við verð, sem á þeim var í fyrra, verður tollhækkunin á þeim yfir 300%.

Algengur leður- og gúmmiskófatnaður — hér er svo sem ekki um silki eða lakkskó að ræða, sem spjátrungar nota — er nú tollaður kr. 1.80 pr. 10 kg., en verður samkv. frv. 11½%. Tollhækkunin er yfir 200%. Olíufatnaður er nú tollaður kr. 1.00 pr. 50 kg., en tollurinn á að verða með frv. 6½%. Veit ég ekki, um hversu mikla tollhækkun hér er að ræða, en bezt gæti ég trúað, að hún nemi um 500%. Í D-flokki vil ég auk olíufatnaðar geta tveggja vörutegunda, kola og salts, sem samkv. frv. á að tolla um 6½% alls. Nú er tollur á kolum kr. 2.00 pr. 1000 kg., en salttollurinn kr. 1.00 pr. 1000 kg. Á báðum þessum vörutegundum er því um mjög verulega tollhækkun að ræða.

Ég efast ekki um það, að ef hv. þdm. athuga þetta, muni þeir sjá, að þetta er hvorki hagsýni né réttlæti. Það er engin skynsemi í því að ætla sér að hækka tekjur ríkissjóðsins með því að hækka enn afarháa tolla á þessum vörum, sem nú nefndi ég, og fleiri vörum, sem svipaða þýðingu hafa fyrir alþýðu manna, sízt þegar bent er á annan skattstofn, arð og eignir, sem bæði er réttlátara og meiri hagsýni að nota. Hinsvegar er ekki því að neita, að það er eðlilegra að hafa einn toll en bæði vörutoll og verðtoll á þeim vörum, sem á annað borð eru tollaðar. En ég lít svo á, að allar nauðsynjavörur almennings og framleiðsluvörur eigi í raun réttri að vera tollfrjálsar. Þegar litið er til þess, að útflutningsgjald af öllum vörum nemur 1% til ríkissjóðs, verður því þó ekki neitað, að nokkurt samræmi er í því, að tekið sé hliðstætt innflutningsgjald af öllum vörum, t. d. 1%. Samkv. till. meiri hl. skattamálanefndar er gert ráð fyrir, að allsherjarverðtollurinn af innfluttum vörum nemi 1½%. Það legg ég til, að verði lækkað niður í 1%, eða um þriðjung. En þótt ég sé ósammála hv. meiri hl. um allsherjarverðtollinn, tel ég þó megingalla þessa frv. og finn því mest til foráttu, að við þennan allsherjarverðtoll er bætt 5—10% aukatolli, og í sumum tilfellum 20%, á flestallar nauðsynjavörur almennings í landinu, vörur, sem ekki verður komizt hjá að kaupa, ef fólkið á að geta lifað og starfað hér á landi. Verður þó ekki sagt, að þessa sé þörf, þar sem afla má ríkinu tekna í stað tolla þessara með nokkurri hækkun á tekju- og eignarskatti og fasteignaskatti, eins og ég áður hefi bent á og sýnt fram á í frv. mínum um þessi mál.

Ég mæli ekki gegn því, að þetta frv. fái að fara til n., en hinsvegar mun ég leyfa mér að bera fram brtt. við það.

Vildi ég mega vænta þess af hv. deild, að hún láti frv. þetta fá verðskuldaðan dauðdaga, ef ekki tekst að fá sniðna af því stærstu agnúana, þá, sem ég nú hefi bent á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 27., 30., 31., 32. og 33. fundi í Nd., 18., 21., 23., 24. og 25. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., 26. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 5, 50, n. 168 og 172).

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Eins og hv. þd. hefir tekið eftir, hefir fjhn. ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. vill leggja til, að frv. verði samþ. með lítilsháttar brtt. Þessar brtt. snerta aðeins 8. gr. frv. og lúta að því að undanþiggja fleiri vörutegundir frá tolli. Eins og menn hafa tekið eftir, er meginhluti þeirra vara, sem taldar eru í 8. gr., ýmist brýnustu nauðsynjavörur, svo sem kornvörur, eða vörur, sem notaðar eru til framleiðslu. Sumar brtt. eru aðeins til þess að gera ákvæði 8. gr. frv. ótvíræðari og valda vitanlega ekki ágreiningi. T. d. er tekið fram, að telja skuli með aflvélum ósamsettar aflvélar og varahluta, sömuleiðis frystivélar o. s. frv.

Brtt. þessar eru svo auðskildar, að ég álít, að það sé óþarfi að fara fleiri orðum um þær. Auk þess eru brtt. þannig framsettar, að hægt er að greiða atkv. um hin einstöku atriði þeirra hvert um sig, ef svo sýnist.

Þá skal ég taka það fram, að ef þessar brtt. ná samþykki, mun það valda nokkurri lækkun á verðtollinum í heild. — Hefi ég lauslega áætlað, að sú lækkun næmi 80—100 þús. kr. Stærsti liðurinn af þessari upphæð er vegna fiskumbúðanna, sem lagt er til í brtt., að verði undanþegnar verðtolli.

Minni hl. fjhn. ber einnig fram brtt. við frv., en ég mun geyma mér að ræða þær þar til minni hl. hefir fært fram sín rök. Þar sem fleiri brtt. liggja ekki fyrir við þetta frv., sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið að svo stöddu.

Frsm. minni hl. (Héðinn Valdimarsson): Ég hefi orðið ósammála framsóknarflokks- og íhaldsmönnum fjhn. um verðtollsfrv., eins og jafnan, er tekjuaukafrv. eru til umr. Milli þessara flokka er nú myndaður einskonar bræðingur um að koma sameiginlegum tekjuaukafrv. fram í þinginu, til þess að komast hjá deilum um þau mál við næstu kosningar.

Þessir flokkar hafa sýnt þetta mjög greinilega við nýafstaðna atkvgr. um tekju- og eignarskattsfrv., þar sem fulltrúi Framsóknarfl. í fjhn. gat ekki fengið samþ. þá brtt. við frv., er hann lagði mesta áherzlu á. Getur hann nú sagt sínum kjósendum þær fréttir, að hann hafi engu komið fram, og þá fallizt á mál Íhaldsins. Báðir þessir flokkar hafa orðið ásáttir um að lækka tekjuskatt þrátt fyrir aukna tekjuþörf ríkissjóðs, en afla aftur teknanna með auknum tollum á nauðsynjavörum almennings. Það skiptir ekki miklu máli, hvort tollurinn er tekinn sem verð- eða vörutollur. Það er aðeins formsatriði. Tollurinn kemur í aðalatriðum niður á sömu mönnum og einni stétt manna, verkalýðnum í landinu. Virðist svo, sem báðir þessir flokkar ætli að standa saman um það að lækka skatta en hækka tolla og varpa með því gjöldum til ríkissjóðs meir en áður yfir á herðar fátækari hluta þjóðfélagsins.

Við jafnaðarmenn viljum í þessum efnum fara allt aðra leið. Við viljum fella niður C- og D-lið 9. gr. frv., sem þýðir það, að enginn tollur verði lagður á þær vörur, sem þar eru taldar, en það eru allt nauðsynjavörur, sem almenningi er óhjákvæmilegt að kaupa, svo sem fatnaður og allskonar vefnaðarvörur, skófatnaður o. m. fl. En eftir till. frv. og n. eiga þessar vörur að tollast með 10% verðtolli. Ennfremur viljum við fella niður 5% toll samkv. frv. á öðrum vörum, sem teljast mega enn nauðsynlegri, svo sem kornvörur o. þ. u. l. Auk þess leggjum við til, að hinn almenni tollur sé minnkaður um ⅓, færður úr 1½ í 1%.

Tekjuhalla þann, er ríkissjóður mundi bíða af þessum brtt., ætlum við að vinna upp með hækkun fasteignaskatts og tekjuskatts. — Þó till. okkar jafnaðarmanna í þessu efni virðist eigi ætla að fá mikinn byr í þinginu, þá er þó skattafrv. ekki ennþá afgr., og sjáum við því ekki ástæðu til að falla frá okkar brtt. við frv. um verðtoll.

Jafnhliða því, sem þessir flokkar vilja háan toll á nauðsynjavörum, til þess að velta gjaldabyrðum ríkisins sem mest á alþýðuna í landinu, vilja þeir nota þennan háa toll sem verndartoll fyrir þær samskonar vörur, sem framleiddar eru í landinu sjálfu, í stað þess að tolla ekki þær aðflutningsvörur.

Ég get satt að segja ekki annað en undrast yfir framkomu Framsóknarflokksins og Íhaldsflokksins í þessu máli. Ef afstaða þeirra er borin saman við stefnur stjórnmálaflokka í nágrannalöndunum, sem eru nú almennt mjög að snúast á móti hverskonar verndartollum, get ég t. d. nefnt liberala flokkinn í Englandi, sem berst eindregið á móti verndartollum, þá kemur fram alleinkennileg mótsetning. — Framkoma þessara tveggja flokka í skatta- og tollamálum sýnir glögglega, hve íhaldssamir þessir flokkar eru, sem við jafnaðarmenn eigum í höggi við, að þeir ganga langt fram fyrir skjöldu flestra annara borgaralegra flokka í íhaldsseminni. Það þarf ekki í neinar langleitir til þess að sjá afleiðingarnar af lækkun skatta, en hækkun tolla. Það er alkunnugt, að skattar hvíla á

þegnunum eftir efnum þeirra og ástæðum, en tollarnir verða jafnan nefskattar, og sérstaklega verða tollar af nauðsynjavörum nefskattar af verstu tegund, því þeir koma þyngst niður á stærstu fjölskyldunum, sem eru að jafnaði fátækasta fólkið. — Tollafyrirkomulaginu fylgir svo hin rándýra innheimta á þessum gjöldum. Innflytjendur eru látnir greiða tollinn, en svo verða þeir að leggja hann á vörurnar að viðbættu áhættugjaldi, sem að sjálfsögðu leggst á herðar þeirra, er kaupa vörurnar. Ofan á sjálfa tollana leggst þannig álagning, sem nemur um 10—100% af verðinu, a. m. k. Auk þess, sem þjóðin borgar í ríkissjóð vegna tollanna, verður hún að borga í vasa verzlunarstéttarinnar oft eigi minni upphæð en tollinum nemur.

Ég þykist vita það fyrirfram, að þar sem Íhald og Framsókn hafa komið sér svo vel saman í mþn. og fjhn., þá munum við jafnaðarmenn ekki fá þessum réttlætiskröfum okkar framgengt. En ég býst við því, að það líði ekki mörg ár þangað til þeir þm. muni ekki eiga hingað afturkvæmt á þingið, sem fylgja annari stefnu en Alþýðuflokksins í skattamálum.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég vil þakka meiri hl. fjhn. fyrir afgreiðslu hans á þessu máli.

Frv. þetta hefir verið rækilega undirbúið, og þá fyrst og fremst af mþn. í skattamálum. Hefir sú n. lagt mjög mikið verk í þetta mál. Þar að auki hefir frv. verið athugað af tollstjóranum í Reykjavík og fjármálaráðuneytinu. Mun því óhætt að segja, að undirbúningur frv. sé eins góður og hægt er.

Það þótti réttara að fara þá leið, sem hér er farin í þessu frv., að láta allt heita verðtoll, heldur en að hafa tvennskonar tolla eins og undanfarið, vörutoll og verðtoll. Ég sé þó enga ástæðu til að fara út í málið í heild sinni eða stefnu þess.

Það er öllum vitanlegt, að ríkissjóður, með öllum þeim gjöldum, sem á honum hvíla, verður að fá svo arðberandi tekjur, að hann geti fullkomlega staðið í skilum. Og ef farið er að rýra þetta frv., þá má búast við því hvenær sem er, að tekjur ríkissjóðs hrökkvi ekki fyrir gjöldum.

Ég skal ekki fara að deila neitt við hv. minni hl. fjhn. um stefnur í tolla- og skattamálum, enda er búið að ræða það talsvert áður. Ég vil aðeins taka það fram, að ég get fallizt á þær brtt., sem meiri hl. n. flytur. Þær brtt. við frv., sem minni hl. og hv. þm. Ísaf. bera fram, get ég ekki fallizt á, því að þær myndu rýra tekjur ríkisins svo stórkostlega, ef þær yrðu samþ., að við það væri ekki hægt að una.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta mál. Ég óska þess, að það fái afgreiðslu og að sem minnstar breyt. verði gerðar á því. Brtt. meiri hl. fjhn. raska ekki efni frv. í heild, og er ég þeim því ekki mótfallinn.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Hæstv. fjmrh. sagði í lok ræðu sinnar, að hann væri mótfallinn brtt. okkar Alþýðufl.manna, því að þær myndu rýra stórkostlega tekjur ríkissjóðs, ef þær yrðu samþ. Þetta er rangt. Hingað til höfum við fylgt þeirri reglu að gera þær einar till. um tekjurýrnun, að jafnframt sé bent á tekjustofn, er komið geti í staðinn.

Með afgreiðslu frv. um tekju- og eignarskatt er það orðið ljóst, að flokkur hæstv. stj. vill ekki taka þann tekjuauka, sem felst í frv. mínu um tekju- og eignarskatt. Eftir er að greiða atkv. um frv. mitt um fasteignaskatt, en allar líkur benda til þess, að það verði ekki samþ. heldur.

Ég skal því taka það fram, að í brtt. mínum við þetta frv. tek ég ekki tillit til þess, hvort þær muni rýra tekjur ríkissjóðs eða ekki, ef þær næðu samþykki. Ef hæstv. stj. neitar að taka við tekjuauka, sem nemur eigi minna en 2 millj., þá hún um það. En þá verður hún líka að taka afleiðingunum. — Aðalatriðið í þessu máli er óhjákvæmilega það, hvaða borgarar það eru, sem einkum verða að greiða skatt til ríkisins vegna verðtollsins. Eins og margsinnis hefir verið sýnt fram á, eru lágtekjur eða þurftartekjur skattaðar um 50% hærra en tekjur, sem eru fram yfir það, sem þarf til nauðsynlegs lífsviðurværis. Eins og

hv. 2. þm. Reykv. tók fram, er með þessum sköttum á lágtekjunum íþyngt hag alþýðu, dýrtíðinni haldið við og atvinnulífið í landinu lamað.

Ég skal ekki fara langt út í einstakar greinar frv., enda hefi ég gert það áður.

Í nál. minni hl. fjhn. er bent á það, hve langt er gengið í frv. þessu í að koma á fullkomnu verndartollakerfi hér á landi. Það orkar ekki tvímælis, að slíkt fyrirkomulag hækkar vörurnar í verði enn meira en tollinum nemur, sem lagður er á vörurnar, hvort sem þær eru búnar til hér eða fluttar inn. Verndartollur verður og jafnan til þess, að framleiðendur slá meira slöku við verk sitt og vanda vöruna miður en ella, þar sem löggjöfin gefur þeim fríðindi að þessu leyti.

Það er rétt, að ef brtt. okkar hv. 2. þm. Reykv. yrðu samþ., myndi það hafa í för með sér mikla tekjurýrnun fyrir ríkissjóð. Myndi sá tekjumissir nema um 1 millj. 600 þús. til 2 millj. kr., eða hér um bil því sama og lagt er til, að skattarnir hækki í frv. mínum um tekju- og eignarskatt og fasteignaskatt.

Tollurinn er mjög hár á ýmsum helztu nauðsynjavörum almennings samkvæmt þessu frv,, einkum á vefnaðarvörum, fataefni o. s. frv. Þegar svo álagning verzlananna bætist við, þá mun ekki ofmælt, að landsmenn greiði í tolla af nauðsynjavörum fast að 2½ millj. kr. Ef bætt er við því, sem á milli ber í frv. mínu og hæstv. stj. um kaffi- og sykurtoll, þá nemur það um 3 millj. kr., sem landsmenn verða að greiða í tolla af brýnum nauðsynjum sínum.

Samkv. opinberum skýrslum um skiptingu landsmanna í heimili koma 5,3 einstaklingar á hvert heimili að jafnaði. Verður þá meðalheimili að greiða 150 kr. í tolla af lífsnauðsynjum í meðalári. Þó ber þess vandlega að gæta, að skattur þessi kemur ójafnt niður. Þar, sem menn búa að miklu leyti að sínu, verður upphæðin minni. En í borgum, þar sem verkalýðurinn lifir mestmegnis á innfluttum vörum, verður upphæðin hærri. Er því óhætt að gera ráð fyrir, að verkamannafjölskyldur í kaupstöðum greiði yfirleitt talsvert meira en 150 kr. á ári í tolla af brýnustu nauðsynjum.

Það, sem hér er deilt um, er það, hvort heldur skuli leggja þessar byrðar á þá, sem hafa bezta aðstöðu til þess að afla sér auðæfa, eða á hina, sem aðeins hafa til hnífs og skeiðar, eða varla það.

Það er býsna mikið, sem hið opinbera sjálft verður að greiða vegna þessara tolla. Til fátækraframfærslu er varið um 1½ millj. kr. á ári. Það, sem hið opinbera verður að greiða af þeirri upphæð vegna óréttlátra tolla, mun ekki nema minna en 250 þús. kr. á ári. Ríkið hefir fjölda sjúklinga á framfærslu sinni. Til berklavarna einna saman greiðir ríkið yfir 1 millj. kr. Af þeirri upphæð stafa milli 100—200 þús. af þessum tollum. — Þá greiðir ríkið starfsmönnum sínum dýrtíðaruppbót, sem miðuð er við hið háa verðlag í landinu. Það er stefna hinna ráðandi stétta í landinu í tollamálum, sem á mesta sök á dýrtíðinni, og þá um leið á því, að ríkið þarf að greiða starfsmönnum sínum dýrtíðaruppbót.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um frv. að sinni. En verði brtt. okkar hv. 2. þm. Reykv. ekki samþ., þá mun ég greiða atkv. móti frv.

Pétur Ottesen: Það á nú raunar ekki við að tala mjög almennt um málið, þar sem það er nú til 2. umr., en þar sem aðrir hv. þm. hafa leyft sér það, þá vona ég, að hæstv. forseti hafi ekkert við það að athuga, þótt ég tali um málið á nokkuð breiðum grundvelli.

Árið 1912 var fyrst komið á vörutolli hér á landi, til þess að fylla það skarð, sem höggið var í tekjur ríkissjóðs með áfengisbanninu. Síðan hafa jafnan verið uppi tvær stefnur í tollamálum: vörutollsstefnan, þ. e. að tolla vöruna eftir þunga hennar, og verðtollsstefnan, sem er í því fólgin, að lagður er tollur á vöruna eftir verðgildi hennar.

Árið 1912 var mikið deilt um það, hvorn kostinn skyldi taka. Að lokum fór þó svo, að vörutollsleiðin var farin. Á næstu árum var svo oft farið fram á það að breyta vörutollinum í verðtoll að mestu leyti. En það var jafnan fellt, og náði þessi verðtollshugmynd sér lítið niðri um nokkra hríð.

Árið 1921 kom einnig slík till. fram í þinginu. Var þá leitað álits allra lög-

reglustjóra í landinu á því, hvort heppilegra væri að hafa verðtoll eða vörutoll. Stj. bárust svör frá 10 lögreglustjórum. 9 þeirra lögðu eindregið á móti því, að horfið væri frá vörutollinum. Aðalástæður þeirra voru þær, að miklu erfiðara væri að innheimta tollinn, ef verðtollsleiðin væri farin. Voru góð og gild rök færð fyrir þessari skoðun í grg. þessara lögreglustjóra. Eini lögreglustjórinn, er var hlynntur verðtolli, færði engar ástæður fram fyrir skoðun sinni. Það varð ofan á í þetta sinn sem fyrr að láta vörutollinn haldast.

Á þinginu 1924 var loks samþ. að leggja á verðtoll jafnhliða vörutollinum. Hefir svo staðið þangað til nú, að lagt er til í frv. því, er hér liggur fyrir, að vörutollurinn skuli algerlega þoka fyrir verðtollinum. Og í frv. er gert ráð fyrir, að eins miklar tekjur verði af verðtollinum einum framvegis og af báðum tollunum áður. Mér er ekki kunnugt um, hvort nú hefir verið leitað álits lögreglustjóranna í landinu, að tollstjóranum í Reykjavík undanteknum. Hann hefir látið álit sitt í té, og er það á þá leið, að hann telur, að verðtollsleiðin sé eins heppileg. Þessi sami maður lét í ljós álit sitt árið 1921, og var það alveg gagnstætt áliti hans nú.

Þó að tollstjórinn í Reykjavík álíti, að jafnhægt sé að innheimta verðtoll og vörutoll, þá verður að gæta þess, að lögreglustjórar úti um land hafa allt aðra aðstöðu en hann. Það er öllum kunnugt, að tollstjórinn hefir heilan hóp manna í kringum sig, til þess að líta eftir því, að tollar séu greiddir af öllum tollskyldum vörum. Svo að þó að hann líti svo á, út frá aðstöðu sinni, að jafnhægt sé að innheimta verðtoll og vörutoll, þá geta verið mjög miklir annmarkar á því úti um land, þar sem tollþjónar eru ekki nema í stærstu kaupstöðunum.

Það er fengin reynsla fyrir því, að sé vörutollsleiðin farin, þá hafa þeir, sem innheimta tollinn, jafnan glögg gögn í höndum, er gera þeim auðvelda innheimtuna og koma í veg fyrir tollsvik. En um verðtollinn er þessu ekki til að dreifa. Verður þá mest að byggja á reikningum þeim, sem innflytjendur leggja fram um vöruverðið. En sé vörutollur hafður, þá má alltaf hafa til hliðsjónar hleðsluskírteini skipanna, er jafnan liggja fyrir.

Þá er og annar mikill galli á verðtollinum. Hann er sá, að tollurinn hækkar að sama skapi og vöruverðið. Sé þannig mjög hátt verð á nauðsynjavörum, þá verður tollurinn af þeim einnig mjög hár. Eykur það þannig enn á dýrtíðina og hina erfiðu tíma, sem af henni leiðir. Þetta er mikill ókostur, sem verðtollurinn hefir fram yfir vörutollinn. Auðvitað kemur þetta ekki að sök með nauðsynjavörur, sem óþarfi er að flytja inn og við getum framleitt sjálfir í nógu ríkum mæli.

Fylgismenn þessa verðtollsfrv. vitna til þeirrar reynslu, sem þegar er fengin um innheimtu verðtollsins síðan 1924. En þess ber að gæta, að með því að hafa vörutoll jafnframt, hefir það orðið miklu léttara að innheimta verðtollinn. Hygg ég því, að menn renni að mestu leyti blint í sjóinn hvað þetta snertir.

Hvað það snertir, að verðtollur sé réttlátari en þungatollur, þá má það að vísu til sanns vegar færa í sumum tilfellum. En það getur áreiðanlega brugðið til beggja vona, hvort fyrirkomulagið sé betra og hagkvæmara ríki og þjóð, eins og ég hefi áður bent á.

Tveir hv. þm., hv. þm. Ísaf. og hv. 2. þm. Reykv., hafa talað töluvert um verndartolla í sambandi við þetta frv., og byggja þeir á því, að samkv. frv. verður nokkur hækkun á tollum af ýmsum þeim vörum, sem fluttar eru frá útlöndum, en framleiða má í landinu sjálfu.

Hvar sem er í heiminum hefir verið deilt um verndartolla. Það er alveg rétt, að verndartollastefnan hefir yfirleitt átt erfitt uppdráttar. En hitt mun öllum ljóst, sem fylgzt hafa með þessum málum, að henni er alltaf að aukast fylgi. Og ég veit ekki betur en að á Englandi hafi einmitt komið upp háværar raddir nýlega um að vernda innlenda framleiðslu gegn útlendri með tollum. Ég held meira að segja, að þessar raddir hafi komið frá jafnaðarmönnum þar, og að sjálfur fjármálaráðherrann, Philip Snowden, hafi verið þessari stefnu mjög fylgjandi.

Það eru ýmsir stjórnmálamenn og fjármálamenn í löndunum hér í kring, sem

sjá ekki aðra leið út úr erfiðleikunum en að gera ráðstafanir til að tryggja innlenda framleiðslu með verndartollum, og nú er svo komið, að við erum, miðað við fólksfjölda, einhver mesta framleiðsluþjóð heimsins, en markaðurinn, sem við eigum við að búa, er mjög þröngur og okkur óhagkvæmur, og þá leiðir af sjálfu sér, hve mikilsvert er fyrir okkur að geta notað þann markað, sem er til í landinu fyrir þessa vöru, út í æsar. En innflutningsskýrslur tala skýru máli í þessu efni; árlega eru fluttar inn frá útlöndum vörur, sem eru okkar helzta framleiðsla, t. d. árið 1925 var flutt inn mjólk og mjólkurafurðir, fiskur og kjötmeti fyrir 1½ millj. kr. Svona hefir það verið og er síðan, og stundum miklu meira, og fram yfir þetta komu kjötbirgðirnar, sem fluttar voru inn í sumar, þvert ofan í gildandi lagaákvæði um þetta efni. Frá okkar bæjardyrum séð er það vert, að eitthvað sé gert til þess, að notaður sé sá markaður, sem til er í landinu, fyrir framleiðsluvörur okkar.

Þess vegna er ég fyrir mitt leyti mótfallinn brtt. hv. 2. þm. Reykv. á þskj. 168, að fella nokkrar af framleiðsluvörum okkar undan tolli. Ég býst við að styðja að því við 3. umr., að gert verði eitthvað til að tryggja, að markaður okkar fyrir innlenda vöru verði betur notaður en verið hefir — Ég fer ekki út í það, hve mikið tjón er að því að flytja út ullina okkar, sem er vitanlega til þess hæf að veita okkur skjól og hlýindi hér úti á hjara veraldar, og flytja svo í stað þess inn silki, bómull og allskonar grisjuvefnað, sem miðaður er við loftslag heitu landanna. -- 1928 var fluttur inn tilbúinn fatnaður, sem eingöngu er úr ull, fyrir fullar 3 millj. kr. Sama ár var fluttur inn ýmiskonar vefnaður fyrir fulla millj. kr. — Þarna eru komnar 4 millj., og að viðbættu því, sem flutt hefir verið inn úr dýraríkinu, sem er 1½ millj., þá verður þetta alls 5½ millj. kr.

Við skyldum sjá, hvort búskapur okkar og afkoma væri ekki öðruvísi, ef við hefðum notað okkar eigin framleiðslu, í stað þess að kaupa allt frá útlöndum.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni, en við 3. umr. verður það till. mín að hlúa að innlendri framleiðslu og stuðla að því, að upp verði tekið hagkvæmara búskaparlag í landinu.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Ég býst við, að það komi deildinni ekki á óvart, þó minni hl. lýsi óánægju sinni yfir afstöðu meiri hl. um þetta mál, sem liggur fyrir. Þessi ágreiningur hefir svo oft verið ræddur, að ég sé ekki, að þörf sé á að taka upp almennar umr. um þann ágreining nú, enda læt ég mér í léttu rúmi liggja, þótt minni hl. lýsi óánægju sinni. Ég vil aðeins leyfa mér að benda á, að fallinn er grundvöllurinn fyrir till. minni hl. og hv. þm. Ísaf., þar sem vitanlegt er orðið, að þingið muni ekki fallast á þær till., sem hv. þm. Ísaf. hefir komið fram með til að hamla á móti þeirri tekjurýrnun, sem af till. hans og minni hl. myndi leiða. — Bæði frsm. minni hl. og hv. þm. Ísaf. hafa getið þess hér í d., að till. á þskj. 50 myndi valda lækkun, sem næmi nál. 1600 þús. kr., eða rúml. 1½ millj. kr. Auk þess er brtt. minni hl. á þskj. 168. Ég hefi reynt eftir innflutningsskýrslum frá 1928 að gera mér grein fyrir, hve mikil lækkun hlytist af, ef gengið væri inn á þessa till., og hefir mér reiknazt, að það yrði nál. 200 þús kr., svo að samtals eru það 1800 þús. kr. Nú er sýnilega ekki hægt að ganga að till., nema hægt sé að sýna, að ríkið geti misst svo miklar tekjur. Það var samhljóða álit okkar allra nm. í mþn., að við sæjum ekki, að fært væri að lækka tekjur ríkissjóðs í heild sinni. Ef þingið lítur líkt á þetta, þá getur till. minni hl. ekki komið til álita. Hv. frsm. minni hl. fann það að till. frv. um einstakar vörur, að í þeim fælist verndartollastefna. Hvað þessu viðvíkur, þá er það og hefir verið deilumál víðast um heim. Og eins og hv. þm. Borgf. hefir tekið ýtarlega fram, þá virðist svo, sem verðtollsstefnan sé að ryðja sér til rúms, sú stefna, að vernda innlenda framleiðslu gegn ásókn samskonar útlendrar framleiðslu.

Við höfum að vísu ekki mikinn iðnrekstur hér á landi, en það má þó teljast réttmætt að vernda hann í samkeppninni við samskonar erlendan iðnað. Jafnréttmætt er, að aðrar framleiðsluvörur landsins njóti nokkurrar verndar í sam-

keppninni við samskonar erl. framleiðsluvörur. Auk þess má benda á, að með því móti að efla þannig innlenda framleiðslu og iðnað, þá veitir það stöðugri atvinnu í landinu en ella, og ætti það að vera kostur, en ekki ókostur, í augum jafnaðarmanna sem annara. (HV: Á hvers kostnað?). Það yrði til hagsmuna fyrir heildina, — en annars getur hv. þm. eflaust fengið orðið á eftir. — Ef hvergi væri verndartollur, þá mætti tala um það, að við skyldum ekki verða fyrstir til að taka hann upp, en ég vil benda á, að það er eina vörnin, sem hægt er að koma við gegn erfiðleikum þeim, sem tollvernd annara þjóða veldur um erfiðleika á sölu okkar framleiðsluvara erlendis. Alkunnugt er um fisktollinn í Suðurlöndum og kjöttollinn í Noregi, þar sem við seljum okkar aðalframleiðsluvöru.

Þá vil ég benda á, að of mikið er gert úr því, hve tollarnir leggjast þungt á gjaldþol almennings. Þess ber að geta, að tollarnir eru langsamlega hæstir, og að meiri hl. þeirra fellur á óhófs- og munaðarvöru. Toll á óhófsvörur og óhófseyðslu tel ég, að telja megi einn hinn réttlátasta tekjustofn, sem til er, því þeir, sem ekki geta og ekki vilja kaupa hana, geta látið það vera, þar sem þetta er ekki nauðsynjavara eða nauðsynleg eyðsla. Þeir borgarar, sem geta og vilja kaupa slíka vöru, borga þá meginhlutann, og þannig falla tollarnir þyngra á þá, sem meira gjaldþolið hafa eða viljann til óhófs og munaðar, og er það eðlilegt og réttmætt. Hvað viðvíkur hinum einstöku vörum eftir þessu frv., þá sjá menn, að þær vörur, sem taldar eru óhófsvörur, eru hæst tollaðar. Tolli á almennum þurftarvörum er hinsvegar ekki hægt að mæla bót; það er eingöngu tekjuþörfin, sem veldur því, að ekki er hægt að komast hjá að tolla þær einnig. Það má þó í sjálfu sér teljast ekki óréttmætt, að allir landsmenn leggi fram einhvern skerf til framkvæmda og opinberra þarfa, sem ríkið og sveitarfélög þurfa að halda uppi til ágóða og hagsmuna fyrir alla borgara landsins sameiginlega.

Af því að þetta er 2. umr., hafði ég ekki hugsað sér að gefa tilefni til almennra umr. um málið, en nú hefir hv. þm. Borgf. hafið umr. um málið á þeim grundvelli, að álitamál væri, hvort það væri rétt stefna í frv. að hafa verðtoll einn fyrir það, sem nú er bæði verðtollur og þungatollur. Hann gat þess ágreinings, er varð um vörutoll (þungatoll) og verðtoll, er tollurinn var fyrst á lagður 1912 sem almennur tollur. — Gagnvart því vil ég benda á það, að eigi er hægt að gera neinn samanburð á ástæðunum 1912 og nú. Þá var ekki um að ræða nema nál. 300 þús. kr. tekjur, sem afla þurfti á þessum tekjustofni, en nú nál. 3 millj., eða tífalt hærra. Þá var um að ræða jafnan toll eftir þunga varanna; það var svo óbreytt og einfalt er hugsast gat. Þá horfði málið allt öðruvísi við en nú, síðan farið var að flokka vörurnar til þungatolls í misháa tollflokka. Þá fyrst koma gallar þungatollsins verulega í ljós. Þá er komin freistingin til að telja vörurnar í röngum — lægri — tollflokki. 1920 var fyrst lagður á almennur verðtollur, en hann stóð aðeins í 1½ ár, og er það fyrsta reynsla, sem fengizt hefir af verðtolli. Svo var verðtollur lagður á aftur 1924 (ekki 1926, sem mun vera mismæli hjá þm.). Síðan höfum við haft bæði þungat. og verðt., og hvor þessara tolla er nú orðinn margfalt hærri en þungatollurinn upphaflega var. — Báðar þessar aðferðir hafa sína galla, en sýnilegt er, að allra gallamest er að hafa báðar aðferðir, því þá höfum við galla hvorstveggja fyrirkomulagsins. Það er miklum mun einfaldara og annmarkaminna að hafa aðeins aðra aðferðina, og þá, sem annmarkaminni og réttlátari er, en það tel ég, að sé verðtollur, auk þess sem þá liggur ljósara fyrir, hve hátt eru tollaðar hinar minnstu vörutegundir.

Þar sem hv. þm. Borgf. vitnaði í álit lögreglustjóra um galla verðtolls og vörutolls 1920, þá er þess að gæta, að þá var nær engin reynsla fengin fyrir því, hvernig verðtollur reyndist. Þá höfðu menn ekki nema hugmyndir einar að byggja á; síðan 1924 hefir fengizt reynsla í þessu efni, og maður, sem allra manna mesta reynslu hefir í þessu, segir, að ekki sé meiri hætta á tollsvikum á verðtolli en þungatolli, heldur jafnvel þvert á móti. — Þessa skoðun byggir hann á

margra ára reynslu á innheimtu hvorstveggja þessara tolla og staðgóðri þekkingu á þessum efnum. Hann tekur það beinlínis fram, að þegar vafi hafi verið á um rétta uppgjöf til tolls, þá hafi innkaupsreikningarnir reynzt réttari en farmskrárnar. Þessar ástæður mæla því mjög með verðtollinum — Hinsvegar gæti það ekki orðið nema með mesta óskapnaði og óréttlæti að ætla að heimta 3 millj. kr. tekjur af þungatollinum einum saman, og mundi engu síður leiða til undanbragða og tollsvika.

Ég vil að svo komnu komast hjá að fara lengra út í almennar umr. um þetta mál, enda sést nú við afgreiðslu málsins, hvert fylgi frv. hefir.

Magnús Jónsson: Það á ekki við að ræða málið almennt við þessa umr., en ég vil þó segja, að ég tel breyt. á tollunum varhugaverða og álít, að ekki beri að gera hana, nema verulegir hagsmunir séu í aðra hönd.

Hv. frsm. heldur því fram, að núgildandi tollafyrirkomulag sameini gallana, sem því eru samfara að hafa verðtoll og vörutoll. Má ef til vill ýmislegt að þessu fyrirkomulagi finna, en ég verð að segja það, að það hefir þann höfuðkost að vera það fyrirkomulag, sem er og hefir lengi verið, því að ég tel allar breyt. á tollalöggjöfinni mjög varhugaverðar. Séu tollarnir lækkaðir mikið, kemur það niður á þeim, sem liggja með miklar birgðir af þeim vörutegundum, sem tollalækkunin nær til, og dregur þann dilk á eftir sér, að þeir eiga illt með eða geta jafnvel alls ekki staðið í skilum við banka og aðrar lánsstofnanir, og veldur þetta ýmsum fleiri óréttugleikum. Séu tollarnir aftur á móti hækkaðir, kemur það niður á kaupendum, þannig, að kaupmenn geta selt gamlar vörubirgðir við uppsprengdu verði í skjóli tollhækkunarinnar. — Ég átti sæti í fjhn. þessarar deildar þau árin, þegar mest var verið að hringla í tollalöggjöfinni, og þá fékk ég skilning á því, hversu hroðalegar afleiðingar allar breyt. á þessari löggjöf geta haft, og þar sem það nú er mjög mikið vafamál, að hér sé um batnaðarbreytingu að ræða, hika ég því ekki við að greiða atkv. á móti þessu frv. Ég vildi þó mæla með því, að brtt. hv. 2. þm. Reykv. yrði samþ., því að því verður ekki á móti mælt, að með því að setja 20% vörutoll ofan á hinn almenna verðtoll, hlýtur það að verka sem hver annar verndartollur. Var góður skilningur á þessu hjá hv. þm. Borgf. Hann mælti eindregið á móti þessari till., enda er hann, svo sem kunnugt er, síbúinn talsmaður verndartolla á landbúnaðarafurðum.

Um verndartolla má ýmislegt segja, með og móti. Þeir, sem verndartollum eru fylgjandi, segja, að nær sé að stuðla að því, að hinar ýmsu iðnaðarvörur séu framleiddar í landinu sjálfu, og vilja ná því marki með hærri og hærri verðtollum. En þetta er mjög varhugavert. Það er mikið kvartað yfir dýrtíðinni hér í Reykjavík og alið á þessu af þeim mönnum, sem virðast ekki eiga annað áhugamál meira en að rægja Reykjavík úti um sveitir landsins. Þaðan stafar öll bölvunin fyrir þjóðina, segja þessir menn. En af hverju stafar þá dýrtíðin hér í Reykjavík? Verðvísitalan í Hagtíðindunum frá því í febrúar í ár sýnir, að frá því í júlí 1914 hafa útlendar vörur hækkað um 57%, en innlendar um 107%. Verðvísitala innlendu varanna er 207, en hinna útlendu 157. Sést af þessu, að dýrtíðin hér stafar ekki hvað sízt af því, hve innlendar vörur eru dýrar, og ef nú væri farið að tollvernda þær, mundu þær stíga enn í verði. Ef menn því vildu minnka dýrtíðina hér í Reykjavík, á að leyfa þessum vörum að koma í flokk með hinum, sem minna hafa hækkað í verði, en ekki að stuðla að því, að innlendar vörur fari hækkandi í verði frá því, sem er.

Þá var það annað atriði, sem ég vildi draga fram í sambandi við þetta frv. Iðnaðarmenn berjast nú með hnúum og hnefum fyrir því að fá fram hátollun á útlendum iðnaðarvörum. Er þetta eðlilegt og sömu ástæður fyrir því sem þessu. Hefi ég ekki tekið undir þessar raddir, þó að iðnaðarmenn hafi þráfaldlega komið að máli við mig um þetta, eins og líklega fleiri þm., vegna þess, að mér er það ljóst, að slíkt mundi verða til að auka dýrtíðina í landinu, því að í kjölfar þessa verndartolls mundu koma aðr-

ir verndartollar, t. d. á landbúnaðarvörum. Ef hinsvegar hér á að fara að neyta aflsmunar og setja verndartoll á landbúnaðarvörur, eins og ég get búizt við, að allmargir hv. þm. séu fúsir til, verður erfitt að standa á móti því, að iðnaðarvörurnar verði einnig verndartollaðar. Hér er nefnilega um vísi að meiru að ræða en menn virðast hafa gert sér grein fyrir. Menn vilja setja verndartoll á kartöflur og allt mögulegt, sem þeir hafa að selja náunganum, en gæta þess ekki, hver böggull fylgir þessu skammrifi. Er það eftirtektarvert, að sú þjóðin, sem mestum fjármálaþroska hefir náð, en það eru Englendingar, skuli standa á móti verndartollastefnunni. — Þetta er komið svo fast inn í ensku þjóðina, að hún lætur sig ekki, þó að blaðakongarnir básúni það fjöllunum hærra, hvílíkt hnoss verndartollarnir séu.

Þriðja atriðið, sem ég vildi drepa á, er ekki síður athugunarvert. Á ég hér við það, hvernig fara mundi fyrir okkur Íslendingum, ef við byggðum kringum okkur verndartollamúr og aðrar þjóðir svöruðu með því sama. Ég er ekki viss um, að það yrði mikill gróði fyrir okkur, ef t. d. Englendingar svöruðu með því að setja verndartoll á ísfiskinn. Menn verða að hafa það í huga, að alltaf er hætt við því, þegar um viðskipti við aðra er að ræða, að maður fái líkt svar og maður yrðir á hinn aðiljann.

Ég hefi þá gert nokkra grein fyrir því, af hverju ég fylgi brtt. hv. 2. þm. Reykv., en hinsvegar mun ég ekki geta fylgt frv. í heild sinni, eins og ég þegar hefi tekið fram.

Pétur Ottesen: Hv. frsm. meiri hl. hélt því fram, að ekki hefði verið hægt að bera verðtollinn saman við neitt annað, þegar hann var settur árið 1922, og að það verk, sem verðtollinum þá var ætlað að inna af höndum, sé nú minna en honum upphaflega var ætlað. Út af þessu vil ég leyfa mér að benda hv. frsm. á það, að það var fyrst árið 1922, að farið var að flokka hinar ýmsu vörur til tollunar, þó að meira hafi að vísu verið gert að því síðar, og að því leyti, sem þetta krefst meira eftirlits, má minna á það, að tolleftirlitið er nú yfirleitt meira og betra en þá var, svo að þetta út af fyrir sig afsannar það ekki, að verðtollurinn geti sinnt stærra hlutverki en honum var ætlað að gera, þegar hann upphaflega var settur.

Þá sagði hv. frsm. það ennfremur, að með því að hafa bæði verðtoll og vörutoll væri haldið í ókostina, sem hvorumtveggja þessum tolli væri samfara. Verð ég að segja það, að því aðeins er rétt að breyta til í þessu efni, ef breytt er um til batnaðar, því að það nær vitanlega engri átt að fara að taka upp fyrirkomulag, sem hefir fleiri og meiri ókosti en það fyrirkomulag, sem nú er ríkjandi. Hefi ég bent á það áður, að aðalkostur vörutollsins væri sá, hve hægur hann væri í framkvæmd, þar sem um er að ræða lítið tolleftirlit, enda er það svo, að sá verðtollur, sem nú er, byggist að miklu leyti á þessum kostum vörutollsins, og reyndar fleiri kostum hans. Þetta er það, sem gerir þá breyt., sem hér er farið fram á að gera, viðsjárverða í mínum augum. (**HStef:** Tollstjórinn er á öðru máli). Ég var ekki kominn að því atriði, en hv. frsm. getur verið þess fullviss, að ég ætlaði ekki að ganga framhjá því. Vil ég í því sambandi fyrst benda á það, að leitað hefir verið álits tollstjórans hér í Reykjavík eins í þessu máli og vanrækt með öllu að fá álit tollstjóranna úti um land, sem búa við önnur skilyrði, því að hér er tolleftirlitið bezt, en meira eða minna ábótavant úti um landið, og sumstaðar svo að segja ekkert. Ef menn því hefðu viljað fá eitthvað ábyggilegt til að styðjast við um það, hvort heppilegt væri að leggja inn á þessa braut, hefði átt að leita álits þeirra embættismanna úti um land, sem hafa með þessi mál að gera, jafnframt því, sem leitað var álits tollstjórans hér í Reykjavík. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að þegar leitað hefði verið álits tollstjórans hér í Reykjavík viðvíkjandi tollamálunum árið 1921, hefði hann ekki haft við annað að styðjast en vörutollinn. Þetta er ekki rétt, því að tollstjórinn hafði þá um nokkurt skeið innheimt ýmsa aðra tolla og byggði umsögn sína á þeirri reynslu, sem hann þannig hafði fengið. Hinsvegar efast ég ekki um það, að ummæli tollstjórans nú séu rétt, bor-

in saman við þá aðstöðu, sem hann hefir, en þau varpa ekki ljósi yfir það raunverulega í þessu máli, af þeim ástæðum, sem ég þegar hefi tekið fram. — Ég get látið mér þetta nægja við hv. frsm. meiri hl. Ég býst við, að það sé nú þegar ráðið, að frv. verði samþ. og reynt verði að fara þá leið, sem það markar, og reynslan þannig látin skera úr, hvað heppilegast sé í þessu efni.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að hv. 1. þm. Reykv. Hann drap á þau orð, sem ég lét falla í fyrri ræðu minni viðvíkjandi tollvernd á íslenzkri framleiðslu. Sagði hv. þm., að þetta léti vel í eyrum. En það er nú einmitt það, sem það ekki gerir, því að ef það léti vel í eyrum, mundi meira hafa orðið um framkvæmdirnar í þessum efnum. Sú er ógæfan, að ekki hefir verið hægt að opna eyru manna fyrir nauðsyn tollverndarinnar á ísl. framleiðslu og þeim þjóðþrifum, sem af henni mundi leiða. — Hv. þm. var að tala um dýrtíðina hér í Reykjavík og benti í því sambandi á það, að innlendar vörur hefðu hækkað meira í verði en útlendar síðan fyrir stríð, og átti þetta að sanna, hve varhugavert það væri að gera nokkuð til að reyna að tryggja hér söluna á innlendum vörum fram yfir það, sem er. Ég vil út af þessu leyfa mér að benda hv. 1. þm. Reykv. á það, að vörur úr dýraríkinu hafa yfirleitt hækkað meira í verði á heimsmarkaðinum en aðrar vörur, t. d. kornvörur, enda er tollurinn, sem við leggjum á þessar vörur, ekki meiri en af öðrum nauðsynjavörum, sem við flytjum inn. Þó að reynt væri að stuðla að því, að við nytum meira sjálfir hins innlenda markaðs fyrir innlendar vörur en við nú gerum, þarf ekki af því að leiða neina verðhækkun, heldur þvert á móti, en munurinn er, að það fé, sem nú rennur út úr landinu, mundi þá renna til innlendra framleiðenda og gera þeim hægara fyrir með að auka framleiðsluna, og þannig gera vörurnar ódýrari.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég vil að svo stöddu ekkert um það segja, að hve miklu leyti ég mun geta fylgt þessu frv., en mér finnst, eins og hv. þm. Borgf., að við gætum hlítt við það fyrirkomulag, sem nú er í þessum efnum. Með því fyrirkomulagi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, verður tolleftirlitið erfiðara, einkum í hinum smærri héruðum. Um flokkun þá, sem tekin er upp í frv., mætti margt segja; t. d. eru í 20% flokknum margar þær nauðsynjar, sem við getum ekki framleitt sjálfir nóg af, en getum þó hinsvegar ekki án verið. Vil ég í þessu sambandi benda á þær vörutegundir, sem hv. 2. þm. Reykv. tekur upp í brtt. sína. Er mikill hörgull á ýmsum þeim vörutegundum, svo sem ávöxtum, grænmeti, eggjum o. s. frv., og getum við ekki án þeirra verið. (**PO**: Það er hægt að framleiða nóg af þessu). Það er ekki rétt hjá hv. þm. Borgf. Þó að hægt sé að framleiða það mikið, að það fullnægi þörfum Reykjavíkur að einhverju leyti, er vitanlegt, að í flestum árum komumst við jafnvel ekki svo langt, og á meðan svo er, er mjög varhugavert að setja slíka hátolla á brýnustu þarfir manna, t. d. þeirra, sem magaveikir eru. Það er mín skoðun, að bættar samgöngur verði áhrifamestar í þá átt að auka innlenda framleiðslu. Að fara að halda uppi tollvernd í því augnamiði nær engri átt, því að það er á misskilningi byggt, ef menn halda, að það verði til þess að atvinnuvegirnir beri sig betur. Okkur Íslendingum ætti að vera sú ósk heitust að losna við alla verndartolla, því að það er eðlilegast og öllum þjóðum fyrir beztu. Þar sem land er vel fallið til kornræktar, á að rækta korn, en ekki þar, sem korn þrífst illa. Það er vitanlegt, að Norðmenn eyddu mörgum millj. kr. við það að reyna að tollvernda kornrækt þar í landi, því að slíkt gat aldrei borið sig og varð líka til stórskaða fyrir þjóðina. Og hvað okkur Íslendinga snertir, er okkur hagkvæmast í viðskiptum okkar við aðrar þjóðir að hafa ekki verndartolla, nema þá að mjög litlu leyti. Við þurfum flestar vörur að okkur að flytja, og ætti það því að vera okkur fagnaðarefni, ef verndartollastefnan yrði kveðin niður.

Að lokum vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að brtt. hv. 2. þm. Reykv. yrði borin upp í tvennu lagi, þannig, að tveir fyrstu málsl. yrðu bornir upp sér og síðari hl. till. sér. Hefi ég átt tal um

þetta við hv. 2. þm. Reykv., og hann hefir fyrir sitt leyti fallizt á þetta. Mér þykir það hjákátlegt í meira lagi, þegar verið er að tala um verðtoll af kjöti, þar sem svo er ástatt, að ekki má flytja það inn í landið, nema samkv. leyfi ríkisstj. Líkt er að segja um reiðhjólin. Þau eru ekki notuð nema til nauðsynlegra ferðalaga, svo sem af verkamönnum, sem eiga langt að sækja til vinnu. Er ekki rétt að vera að skatta slíkar nauðsynjar með 20% tolli.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Það hefir verið rætt nokkuð um réttmæti verndartollastefnunnar og aðrar svipaðar ráðstafanir í sambandi við þetta frv. Ég fyrir mitt leyti er sammála þeim mönnum, sem telja verndartolla óviturlega og rangláta, en skal þó ekki segja margt um það. Þó vil ég benda á það, að meginið af þeim tollum, sem teknir eru upp í þetta frv., hefir ekki einu sinni það sér til afsökunar, að vera verndartollar.

Í sambandi við það, sem hv. 1. þm. N.-M. var að segja um óhófsvörur, vil ég benda honum á, að ég hefi eigi lagzt á móti að tolla þær hátt. En ef hann telur, að þeirri reglu sé fylgt í þessu frv., þá hefir hann harla einkennilega hugmynd um, hvað sé kallað óhófsvara. T. d. má nefna, að í 9. gr. b-lið eru leir- og glervörur skattlagðar auk 1½% með 20% verðtolli. Þessar vörur mun hv. þm. telja óhófsvörur, en ég er honum ekki sammála í því. Ég tel, að í c- og d-lið séu vörur, sem ekki sé hægt að komast hjá að nota. Sumar af þessum vörum er hægt að framleiða hér, en aðrar verðum við að kaupa að.

Í sambandi við „ágæti" verndartollanna vil ég benda á, hvað hefir verið að gerast hér í skjóli þeirra nú undanfarið. Smjörlíkisgerð er orðin umfangsmikill iðnaður hér á landi, og af smjörlíki er afarlítið flutt inn, samanborið við það, sem áður var. Tollurinn hefir verið kr. 1.80 af hverjum 50 kg., þar með reiknaðar umbúðir. Í skjóli hans hafa risið upp margar smjörlíkisgerðir, tvær t. d. hér í Rvík, og eru þær reknar með miklum gróða. Verndartollurinn verður til þess að halda uppi óeðlilega háu verði á þessari vöru.

Á síðasta ári risu upp tvær nýjar verksmiðjur. Dettur engum í hug, að þessa sé þörf vegna neytenda. Neyzlan er ekki meiri en svo, að tvær verksmiðjur gætu vel fullnægt eftirspurninni. Það er gróðalöngun, sem lokkað hefir menn til þess að leggja fé sitt í slík fyrirtæki, en þær eru ekki komnar upp vegna nauðsynjar. Og það er eftirtektarvert, að þrátt fyrir þessa fjölgun á smjörlíkisgerðum og stórfé, sem lagt er í auglýsingar, hefir verð á smjörlíki ekki lækkað um einn eyri, og er líka tæpast við því að búast, þar sem kostnaðurinn verður meiri að tiltölu hjá svo mörgum verksmiðjum. — Auk þessara verksmiðja hér í Rvík eru líka slíkar verksmiðjur á Ísafirði og Akureyri, ein á hvorum staðnum. Samkv. þessu frv. á að hækka tollinn upp í 11½%, í stað þess að hann er nú um 4 aurar af kg. Skatturinn meira en tvöfaldaður. Þar með er skapað svigrúm til þess að halda áfram á sömu braut, og geta menn gert sér hugmynd um, hver afleiðingin muni verða.

Í sambandi við þetta má benda á ölgerð. Það þótti vera mikill gróði af þeirri ölgerð, sem hér hefir starfað, og afleiðingin er sú, að önnur er nú komin upp og sú þriðja mun vera á leiðinni — og stefnir þar allt að sama marki. — Sama sagan endurtekur sig með kaffibrennslu, og svona mætti lengi telja. Verndartollarnir verða því til þess að halda uppi óhæfilega háu vöruverði í landinu, óhæfilegum kostnaði við framleiðsluna.

Hv. 1. þm. N.-M. sagði, að maður gæti látið vera að kaupa óhófsvörur. Í till. mínum og hv. 2. þm. Reykv. er ekki farið fram á að lækka tolla á óhófsvörum. Það er ekki nema blekking ein, að í frv. stj. sé verið að tolla óhófsvörur.

Ég hefi hér skýrslu hagstofunnar um matvælakaup 5 manna fjölskyldu í Rvík. Eftir þessari skýrslu þarf hver meðalfjölskylda að kaupa garðávexti fyrir 133 kr. á ári. Eftir till. n. á að tolla kartöflur með 11½% og annað grænmeti með 21%. Það mun verða um 15% til uppjafnaðar, eða ca. 20.00 kr.

Meðalkaup á sykri 72.80, þar af 55% verður ca. 40.00 kr.

Kaffi og kaffibætir 110.90, þar af 50% verður ca. 55.00 kr.

Smjör og feiti 279.37, þar af 11½% verður ca. 32.20 kr.

Ostar, egg 80 kr., þar af 21½% verður ca. 17.20 kr.

Eldsneyti, ljós 188 kr., þar af 6½% verður ca. 12.20 kr.

Af þessum 6 vörutegundum þarf fjölskylda að greiða í toll ca. 177.60 kr. Er þá ótalið enn fjöldinn af nauðsynjum, svo sem öll búsáhöld með 21½% og fatnaður með 11½%, öll húsgögn o. fl.

Hér er því um tvennt að ræða í frv. Í fyrsta lagi að auka enn á þá verndartolla, sem fyrir eru. Í öðru lagi að leggja hóflausa tolla á vörur, sem ómögulegt er að vera án, en ómögulegt að framleiða í landinu. Með þessu er verið að auka dýrtíðina í landinu stórkostlega frá því, sem þyrfti að vera.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 35. fundi í Nd., 27. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 5, 50, n. 168 og 172).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SvÓ, ÞorlJ, BSv, BSt, HStef. HJ, IngB, JS, LH, MG, MT, ÓTh, JörB.

nei: PO, SÁÓ, HG, HK, HV, JAJ, JÓl, MJ.

EJ greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (TrÞ, ÁÁ, BÁ, GunnS, J-Jós) fjarstaddir.

2.—6. gr. samþ. með 17 : 2 atkv.

Brtt. 50,1 felld með 15 : 4 atkv.

7. gr. samþ. með 14 : 4 atkv.

Brtt. 50,2 felld með 19 : 4 atkv.

— 172,a—b samþ. með 19 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 168,1. og 2. málsl. felldir með 15 : 9 atkv.

— 168, síðari hl., felldur með 19:5 atkv.

— 50,3.a tekin aftur.

— 50,3.b felld með 21 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HK, HV, JÓl, SÁÓ.

nei: BSv, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HJ, IngB, JAJ, JS, LH, MG, MT, ÓTh, PO, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, JörB.

MJ greiddi ekki atkv.

Einn þm. (JJós.) fjarstaddur.

9. gr. samþ. með 16 : 2 atkv.

10.—23. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 7 atkv.

Á 37., 40. og 41. fundi í Nd., 30. marz, 7. og 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 293, 299, 302).

Pétur Ottesen: Við hv. 2. þm. Skagf. flytjum brtt. við frv. þetta á þskj. 302. Ég þarf ekki að hafa um þær mörg orð, því talsverðar umr. urðu við 2. umr. um þá stefnu, sem fram kemur í þeim.

Fyrri brtt. hljóðar um að flytja nokkrar fæðutegundir, sem sé fisk og fiskmeti, kjöt og kjötmeti, úr B-lið 9. gr. í A-lið hennar; m. ö. o. að færa þær úr 20% verðtollsflokknum í 30% flokkinn. Þessar matvörutegundir, fiskur og kjöt, eru aðalframleiðsluvörur okkar, og framleiðum við margfalt meira af þeim heldur en hægt er að nota í landinu sjálfu. Þess vegna er bæði óþarft og óhagstætt fyrir fjárhag þjóðarinnar að flytja þær inn frá útlöndum. Með þessum brtt. viljum við gera tilraun til að stuðla að því, að fólk eyði ekki fé til að kaupa inn í landið vörutegundir, sem við höfum meira en nóg af fyrir.

Seinni brtt. er um að færa mjólkurafurðir á sama hátt úr C-lið í B-lið, úr 10% flokknum í 20% flokkinn. Um þessar vörutegundir er það sama að segja og hinar, að öðru leyti en því, að eins og nú standa sakir, hefir eina mjólkurniðursuðuverksmiðjan í landinu ekki starfað um nokkurt skeið, svo að ekki mun vera kostur á nægri niðursoðinni mjólk innanlands sem stendur. Af þeirri ástæðu sáum við okkur ekki fært að leggja til, að mjólkurafurðirnar væru færðar undir A-liðinn, í hæsta flokkinn. Þó er nú í ráði, að niðursuðuverksmiðjan taki til starfa aftur, og getur hún þá soðið niður næga mjólk handa landsmönnum. Hefði því sama átt að ganga yfir þetta og það, sem talið er í 1. lið. — Skal ég svo ekki segja fleira um þetta, en ég vænti þess, að hv. deild geti fallizt á brtt. okkar.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég á nokkrar brtt. á þskj. 299, og má yfirleitt um þær segja það, að þær gangi í öfuga átt við brtt. á þskj. 302. Skal ég fara nokkrum orðum um brtt. mínar.

1. brtt. er um það, að tómir pokar og ullarballar séu einungis tollaðir eftir a-lið 6. gr. Þegar litið er til þess, að þetta eru einungis umbúðir utan um vörur, þá er ástæðulaust að tolla þær hærra.

Þá er 2. brtt., a-liður, um það, að nokkrar vörur, humar, krabbar, ostrur og aðrir skelfiskar, séu færðar í 30% flokkinn. Ég sé ekki ástæðu til að tolla þessa vöru minna, því óþarfi er að flytja hana inn. Við höfum krækling hér við land, sem er eins góður og þessi innflutti skelfiskur.

En aðalbreytingin er þó falin í staflið b. í sömu brtt. Það, sem þar er talið, er einkum sjúkrafæða, og þykir mér því sjálfsagt að færa það, sem þar er talið, niður í lægri flokk. Mér finnst undarlegt, ef hv. dm. vilja, vegna löngunar þeirra til að setja á verndartolla, ekki ljá þessari till. fylgi. Þetta, sem þarna er talið, eru aðallega ávextir og grænmeti. Af því er ýmist ekkert eða þá ekki nóg framleitt í landinu sjálfu. Er þessi hái tollur því eingöngu lagður á til hagnaðar fyrir ríkissjóð. Þetta er einkum sjúkrafæða. En sama má og segja um niðursoðinn fisk. Sjúklingar hafa þörf fyrir hann, þar sem ekki er hægt að ná í nýjan fisk, sem er víða.

Þá vil ég sérstaklega minnast á leir- og glervörur, sem ég legg til, að færðar verði undir C-flokkinn, eða tollaðar með 10%. Það er hart að tolla almenna leir- og glervöru með 20%. Án þeirrar vöru getur enginn verið, hvorki ríkur né fátækur. Og engin líkindi eru til, að hún verði framleidd hér á landi.

Hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Skagf. eru með brtt. á þskj. 302. Leggja þeir þar til, að vörur, sem framleiddar eru hér á landi, séu færðar í hærri tollflokk en þær eru undir í frv. Ég lít svo á, að til þess að umræddar vörur séu keyptar og notaðar innanlands fremur en útlendar, þá sé tollstaða þeirra í frv. nógu há. Sá tollur er því í raun og veru mikill verndartollur. Og sum árin hefir niðursuða á mjólk verið styrkt með tugum þúsunda króna, þegar lagður er saman sá beini styrkur, sem Mjöll hefir fengið, og sá verðtollur, sem verið hefir á útlendri mjólk og sem í eðli sínu er verndartollur. Að hækka erlenda vöru með verndartollum er að fara inn á ranga braut. Dýrtíð vex í landinu og neytendur verða fyrir beinum erfiðleikum. Ég álít, að hagur okkar verði betri, ef verndartollar eru ekki lögfestir. Enn er það hættulegt gagnvart erlendum ríkjum, sem hætt er við, að svari í sömu mynt. Og við erum svo fjarri heimsmarkaðinum og markaður fyrir afurðir okkar er svo þröngur, að við höfum ekkert að flýja, ef verndartollar verða settir á afurðir okkar. Það eitt ætti því að vera næg ástæða fyrir okkur til að fara varlega. Ef till. hv. þm. Borgf. verður samþ., þá er hætt við því, að víðar verði settir verndartollar. Mundi það áreiðanlega koma okkur sjálfum í koll. Að endingu vil ég óska þess, að hæstv. forseti skipti atkvgr. um till. mína, þannig að „ávextir og grænmeti þurrkað, saltað og syltað" verði borið upp sér. Ef a-liður verður samþ., þá má skoða, að samsvarandi upptalning í b-lið sé samþ. án atkvgr.

Ég gleymdi að minnast á reiðhjól. Mér þykir undarlegt að tolla þau með 20%. Þau eru þó nauðsynleg mönnum vegna atvinnu þeirra utan heimilis. Þau létta vegalengdir og fjarlægðir og gera mönnum hægar fyrir um að stunda atvinnu fjær heimili sínu.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Þegar málið var síðast til umræðu hér, var naumur tími og komið að fundarlokum. Gafst mér því ekki tími þá til að minnast á nokkur ummæli, er féllu við 2. umr. Vil ég því lítilsháttar gera það nú.

Hv. þm. Ísaf. komst svo að orði, að ég hefði sagt, að tollar á vörum almennt væru hinn réttlátasti tekjustofn, sem til væri. Þetta er ekki rétt eftir mér haft. Ég sagði einungis, að tollur á óþarfa- og munaðarvöru væri einn hinn réttlátasti tekjustofn. Að öðru hnigu orð mín ekki. Þá talaði sami hv. þm. á þá leið, sem skilja mátti svo, sem hér væri um nýja tollálagningu að ræða. Sama mátti heyra á fleiri hv. þm., svo sem hv. þm. N.-Ísf.,

en að honum vík ég nánar síðar. En hið rétta er, að þótt frv. verði samþ. óbreytt, þá er um enga nýja tollaálagningu að ræða og enga breytingu á milli vörutegunda frá því, sem nú er, hvorki almennt né á þeim vörum, sem hv. þm. N-Ísf. gerir lækkunartill. um.

Það hefir nokkuð verið rætt um það, að í frv. sjálfu og einstökum brtt., sem fyrir liggja, felist ákveðin verndartollastefna. Að því er frv. sjálft snertir, þá held ég, að varla sé hægt að hafa orð á því, eða nefna það því nafni, þótt að öðru jöfnu lítilsháttar hærri tollur væri lagður á þær vörutegundir, sem framleiddar eru í landinu. Það er ekki annað en sjálfsögð hagsýni og sanngirni gagnvart eigin framleiðslu.

Það virðist svo af umr., sem sumir hv. þm. haldi það, að nýja ávexti eigi að tolla með 20%. Ég vil út af því vekja athygli á því, að þeir eru ekki taldir upp undir þeim flokki. Þar er eingöngu talað um ávexti og grænmeti, þurrkað, saltað, niðursoðið og syltað. Nýir ávextir falla því undir C-flokk og tollast með 5% + 1½%, alls 6½%. Er það mjög líkt þeim tolli, sem á þeim er nú.

Viðvíkjandi þeim brtt., sem fram eru komnar, vildi ég segja fáein orð. Um brtt. á þskj. 302 er það að segja, að ég fyrir mitt leyti get fallizt á fyrri liðinn. Að vísu er þetta ekki mikilsvert atriði, því þær vörur, sem þar eru taldar, eru mjög lítið fluttar inn. En þær mega gjarnan vera í hæsta verðflokki. 2. lið till. hefi ég tilhneigingu til að fallast á, en þykir þar þó fulllangt gengið.

Þá er brtt. 299,1. Um þann lið vil ég aðeins geta þess, að hann er samræmilegur till. n. og mun hún því eigi vera móti þessum lið till.

Annar töluliður þessarar brtt., stafl. a., er líks efnis og fyrri liður till. á þskj. 302. Hefi ég minnzt á efni hennar áður og þarf ekki að gera það frekar hvað þennan lið snertir. Það er einkum c-liður till., sem kemur til álita, því b.-liðurinn er afleiðing af honum. Hv. þm. talaði um þessar brtt. sínar eins og ætlað væri í frv. að hækka toll á þessum tegundum, sem þar eru taldar upp. Svo er þó ekki. Hv. þm. vill færa tollinn á þessum vörum úr 20% niður í 10%. En ég vil upplýsa það, að eftir till. frv. verða þessar vörur tollaðar líkt og nú er. Þetta á við kex, kökur og hverskonar brauð, að undanskildu skipsbrauði, reiðhjól o. s. frv. Nú eru verðtollur og vörutollur samlagðir um og yfir 20% á þessum tegundum. Er því um engan eða nálega engan mun að ræða. Út af fyrir sig væri það að vísu gott, að hægt væri að færa tolla niður á ýmsum vörutegundum. En sé það gert á miklu vörumagni, eins og hér er um að ræða, þá rýrna líka tekjur ríkissjóðs allmjög við þá lækkun. Ég hefi gert það upp lauslega með till.manni, hve miklu sú tekjurýrnun mundi nema, og niðurstaðan var, að tekjurnar af tollinum lækkuðu um 100—120 þús. kr. Af þeim ástæðum er það eingöngu, að ég sé ekki, að fært sé að fallast á þessa lækkun, en ekki af hinu, að ekki sé í sjálfu sér æskilegt að geta haft tollana sem lægsta.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins segja örfá orð út af því, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði um brtt. á þskj. 302. Hv. þm. sagði, að hér væri verið að ganga inn á hættulega verndartollastefnu. Það var á honum að heyra, að hann teldi samþykkt þessara till., sem gera lítilsháttar tilraun til að styðja að því, að meira verði notuð innlend framleiðsla í landinu, mundu hafa þær afleiðingar, að aðrar þjóðir myndu setja toll á okkar vörur. Ég veit nú ekki betur en að þær þjóðir, sem við seljum aðalframleiðsluvörur okkar, leggi toll á þær. Það er því svo sem ekki því að heilsa, að við sleppum við toll á okkar vörum í þeim löndum, sem þeirra er neytt. Það er aðeins nýr fiskur seldur til Englands, sem er undanþeginn tolli. En þó eru nú háværar raddir uppi þar um að setja á verndartolla. Annars er sá tollur, sem við leggjum til að settur verði á mjólk, sambærilegur við þann toll, sem nú er á þessum vörum samkv. verð- og vörutolli. Hér er því ekkert að óttast. Hið eina, sem gæti líka af þessu leitt, er ofurlítill ávinningur fyrir landsmenn sjálfa.

Ég þarf þá ekki að svara hv. þm. fleiru. En ég vil benda því til hæstv. forseta, að mér skilst, að hann hljóti að vísa frá atkvgr. c.-liðnum í brtt. 299, þar sem alveg samskonar till. var felld við 2 umr. þessa frv. Ég hygg, að ekki sé leyfilegt að taka

upp aftur sömu till. og felld hefir verið, hvorki á sama fundi né á næsta fundi á eftir.

Forseti (JörB): Ég vil út af ummælum hv. þm. Borgf. geta þess, að hér er ekki um samskonar till. að ræða og þá, er felld var hér við 2. umr. Sú till., sem felld var, fór fram á að fá vörur undanþegnar tolli. En í þessum till. er einungis um tolllækkun að ræða.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Hæstv. forseti hefir nú lagt þann úrskurð á, að brtt. *mínar megi koma til atkvgr.* Þarf ég því ekki um það að tala.

En ég vil benda á það ákvæði 5. gr., að póstmenn skuli kvitta fyrir verðtolli með frímerkjum. *Ég veit ekki*, hvort það hefir verið athugað, að með þessu fá þeir, er tollinn greiða, endurgreidd 40% af tollinum. Það er kunnugt, að fyrir 10 kr. frímerki fást 4 kr. Og fyrir t. d. 1 eyris frímerki fæst 100%. Ég veit, að af póstmönnum verða heimtuð 1-eyris frímerki og tollurinn þar með fenginn endurgreiddur.

Þá vil ég einnig benda á það, að þær vörur, sem sendar eru í póstbögglum, eru samkv. 10. gr. flokkaðar eftir reglum 9. gr. Verða þær því undanþegnar 1½% verðtollinum, svo sem um getur í 8. gr.

Þá er um það talað í frv., að frímerkin séu stimpluð með venjulegum stimpli. Ég býst því við, að það verði gert á venjulegan hátt, með dagsetningu o. s. frv. En við það verða frímerkin enn verðmeiri. Ég veit, að 10 kr. frímerki, sem stimplað var, hefir verið selt yfir 6 kr. Fæst því meir en helmingur endurgreiddur.

Ég hefði nú viljað beina því til hv. n., hvort hún vilji ekki lagfæra þetta, með því að fella niður úr frv. ákvæðið um frímerkin.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vildi ekki láta þetta frv. fara út úr þessari hv. d. án þess að ég léti mína kveðju verða því samferða.

Það er vitanlegt, að þessu *máli* er ætlað að fara í gegnum þingið í þeirri mynd, sem það er, þar sem tveir höfuðflokkar þingsins hafa bundizt samtökum um það. Það hefir þegar verið bent á, að hér er um afturför að ræða, þar sem háir tollar eru lagðir á nauðsynjavörur, sem fólkið verður óhjákvæmilega að kaupa.

Brtt. hv. þm. Borgf. og 2. þm. Skagf. eru spor í verri átt en í frv. er, því að með þeirri breyt. er gengið inn á fullkomna verndartollastefnu, með því að setja í hæstu verðtollsflokka vörur svo sem rjóma og mjólk. Það lítur út fyrir, að fólk í sjávarplássunum geti alls ekki verið án þessara vara. Árið 1928 var flutt inn fyrir 290 þús. kr. af þessari vöru, og mér dettur ekki í hug að efast um, að ef nægilegt framboð væri af innlendri *mjólk, myndi hún frekar keypt en sú* erlenda. Það eru gæði ísl. vörunnar, sem fyrst og fremst verður að reikna með. Ég lít svo á, að það væri hreint og beint að svipta fólk *möguleikanum til* þess að kaupa t. d. niðursoðna mjólk, nema með hækkuðu verði, ef till. yrðu samþ. (**PO:** Þetta er mesti misskilningur!). Það er enginn misskilningur, heldur bein afleiðing af þeirri verndartollastefnu, sem í till. felst. Og þó að hv. þm. búist við, að í hans kjördæmi verði framleidd mjólk, þá mun það áreiðanlega ekki fullnægja öllum landsmönnum. Hér er gerð tilraun til þess að hækka verð á vörum, sem menn geta ekki verið án í velflestum sjávarplássum landsins.

Um það, að hækka toll á ísvörðum og niðursoðnum fiski, vil ég geta þess, að þessa þarf ekki með. Innflutningur á þessum vörum er sama sem enginn. Í skýrslum fyrir 1928 stendur, að innfluttar niðursoðnar vörur hafi alls numið 97 þús. kr., en þar eru taldir niðursoðnir ávextir o. fl., svo að hér er ekki um stórvægilegan innflutning að ræða. Sumar niðursuðuvörur eru alveg óhjákvæmilegar neyzluvörur og því ótækt að setja þær upp í hæsta verðflokk.

Ég vil því meðfram af þessu greiða atkv. á móti þessum brtt., því að ég álít þær stefna í öfuga átt og til stórtjóns fyrir alla alþýðu, sem við sjávarsíðuna býr.

Um till. hv. þm. N.-Ísf. er allt öðru máli að gegna. Þær eru spor í algerlega rétta átt. Samkv. þeim falla t. d. niður úr B-lið og koma undir C-lið ávextir, grænmeti, egg og glervörur, sem hvert einasta heimili í landinu verður að nota. Að setja þetta í hæsta flokk er glapræði af Alþingi

og myndi stórlega íþyngja og auka dýrtíðina í landinu.

Frv. í heild er svo mikil afturför gagnvart öllum, sem þurfa að kaupa þær nauðsynjavörur, sem þar eru taldar, að ég mun að síðustu greiða atkv. á móti því um leið og það fer út úr hv. deild.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 43. fundi í Nd., 10. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 293, 299, 302).

ATKVGR.

Brtt. 299,1 samþ. með 16 : 1 atkv.
— 299,2.a. samþ. með 16 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Till. mín á þskj. 302 gengur miklu lengra en þessi brtt. 299,2.-a., sem nú var samþ., og átti því samkv. þingsköpum að vera borin upp fyrst. Ég vil mótmæla þessari aðferð, og ef brtt. 302,1 verður felld, þá er það bara af því, að gengið hefir verið móti réttum reglum með því að bera tillögurnar þannig upp.

Forseti (JörB): Hv. þm. Borgf. verður að viðurkenna, að till. hans er stíluð við B-lið 3. gr. og hlaut því að koma á eftir brtt. 2,a. á þskj. 299, frá hv. þm. N.-Ísf., því að hún er stíluð við A-lið 3. gr. Það var ekki annað hægt en að bera hana upp fyrst.

Jón Auðunn Jónsson: Ég ætlaði aðeins að benda á það, sem hæstv. forseti tók fram, að till. mín átti við A-lið og hlaut því að berast upp fyrst.

Brtt. 302,1 felld með 14 : 14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BÁ, EJ, GunnS, HJ, HK, IngB, JS, LH, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, JörB.
nei: HStef, HG, HV, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, ÁÁ, BSv.

Brtt. 299,2.b. („ávextir .. niðursoðinn") felld með 14 : 13 atkv.
— 299,2.b. („Humar .. skelfiskar") fellur niður (sbr. atkvgr. um brtt. 302,1).
— 299,2.b. („Kex .. klukkur") felld með 16 : 8 atkv.
— 299,2.c. þar með fallin.
— 302,2 felld með 16 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorlJ, BÁ, EJ, GunnS, HJ, IngB, JS, LH, PO, SvÓ, TrÞ, JörB.
nei: ÁÁ, BSv, BSt, HStef, HG, HK, HV, JJós, JAJ, JÓl, MG, MJ, MT, ÓTh, SE, SÁÓ.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 : 9 atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 369).

Á 45. fundi í Ed., 13. apríl, var frv tekið til 1. umr.

Björn Kristjánsson: Af því að ég geri ráð fyrir, að sumir einstakir þm. hér í hv. d. hafi ekki getað vel fylgzt með verðtolls- og vörutollslögunum á undanförnum þingum, langar mig til að fara fáeinum orðum um þetta frv.

Frv. þetta er að því leyti til nýmæli, að ætlazt er til, að verðtollur komi að öllu leyti í staðinn fyrir vörutoll. Hingað til hefir verðtollurinn verið lagður á aðeins sem bráðabirgðaráðstöfun. En þótt Alþingi hafi jafnan séð, að verðtollshugmyndin gæti ekki átt við þetta land, þá hefir þó þessi hugmynd fylgt vörutollsstefnunni eins og skuggi, síðan vörutollsstefnan varð ofan á á Alþingi 1912. En það mun aðallega stafa af því, hve mismunandi hv. þm. hafa lagt á sig að reyna að skilja, hversu mikla yfirburði vörutollsstefnan hefir, þegar tekið er tillit til tryggingarinnar fyrir því, að tollurinn komi svikalaust í landssjóð, og hversu laus vörutollsstefnan er við það að hvetja innflytjendur til að koma sér undan tollgreiðslu. En þetta liggur í því, hversu auðvelt er fyrir hina umboðslegu endurskoðendur að sannreyna, hvort tollurinn allur kemur til skila. En tryggingin fyrir skilvísri greiðslu og fullkominni endurskoðun felst í því, að vörutollurinn er tekinn af **þunga** vörunnar, en ekki eingöngu eftir verðmæti, þó að tekið sé tillit til þess í flokkuninni. Þungi vörunnar er ákveðinn á farmskrá hvers skips, og sömuleiðis vörutegundin í stórum dráttum. Er vigt erlendra vara eins og hún er á farmskrá talin óyggjandi. Stjórnarráðið fær nú frumrit af farmskrá hvers skips, er flytur vörur að landinu, en lög-

reglustjórar, eða umboðsmenn þeirra á hverjum stað, taka á móti útdrætti úr farmskrá þeirri, sem stjórnarráðið fær, og reikna vörutollinn eftir honum. Þessi farmskrárútdráttur er svo látinn fylgja vörutollsuppgerð lögreglustjóra til stjórnarráðsins. Endurskoðunin er því afareinföld og áreiðanleg. Nú halda sumir menn, sem lítið þekkja til, hvernig innkaup ýmsra vara fara fram, að hætta sé á, að menn flytji vörur flokka á milli, búi um vörur úr verðhærri flokkunum, svo sem vefnaðarvörur, skófatnað o. fl., með verðlægri vörum, t.d. í 1.og 2.flokki. En þetta getur illa samrýmzt, því að 3. fl. varan mundi líða of mikið við það. Og tækifærin til þess eru fá, þar sem 1. og 2. flokks vara, járnvörur, vélar, kaðlar og hesskonar, eru venjulega keyptar í allt öðrum stöðum en vefnaðarvörur og skófatnaður. Og svo kemur það höfuðatriði til greina, að stærri vefnaðar- og skófatnaðarverzlanir hér verzla alls ekki með 1. og 2. flokks vörur og geta því ekki blandað þeim saman. Það ætti því að vera auðsætt, að eigi þarf að óttast, að vörutollur tapist að mun vegna flutnings á milli flokka.

Nákvæmir menn, sem hættir til að binda skoðanir sínar við aukaatriði, finna það að vörutollinum og fundu í upphafi, að tollurinn leggst eðlil. ekki alveg jafnt á allar vörur. En í reyndinni kemur þetta lítið að sök, þar sem flest heimili þurfa á mörgum vörutegundum að halda, og það jafnar tollinn. Kaupmönnum og kaupfélögum, sem verzla með allskonar vörur, væri líka innan handar að leggja vörutollinn sem næst jafnt á allar vörur, ef þau vildu og samkeppnin leyfði það. Verzlunin getur fært tollana til og hefir oft gert, eftir því sem henta þótti og samkeppnin gaf tilefni til.

Vörutollslögunum hefir nú verið beitt í 17 ár, og hafa litlar umkvartanir komið fram, enda voru þær helztu komnar fram 1921, er vörutollslögin voru endurskoðuð, eftir að þau höfðu þá gilt frá 1912. Þáverandi fjmrh., Magnús Guðmundsson, endurskoðaði vörutollslögin og umbætti allt, sem bóta þurfti. Hann leitaði álits lögreglustjóra um allt land, hvort þeir álitu hollara að aðhyllast verðtoll eða vörutoll. 10 lögreglustjórar svöruðu. Sendu 9 þeirra stj. rökstudd álit, sem mæltu eindregið **með vörutolli**, og einn mælti alveg **órökstutt** með verðtolli.

Þeir, sem mæltu eindregið með vörutolli, voru þessir:

1. Lögreglustjórinn í Reykjavík, núverandi tollstjóri.
2. Sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.
3. Lögreglustjóri Siglufjarðar.
4. Sýslumaður Skagafjarðarsýslu.
5. — Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
6. — Húnavatnssýslu.
7. — Árnessýslu.
8. — Eyjafjarðarsýslu.
9. — Barðastrandarsýslu.

Leyfi ég mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp bráðum eitt af þessum álitum, en allir þessir menn mæltu eindregið, hver á sinn hátt, með vörutolli, þó að ýtarlegast sé hjá Páli Bjarnasyni í Stykkishólmi og lögreglustjóra Siglufjarðar.

Svo átti vörutollsfrv. eindregið fylgi 1921, að það var samþ. í Nd. með 18 atkv. gegn einu. Á þinginu 1912 bar Lárus H. Bjarnason og nokkrir aðrir þm. fram verðtollsfrv., og tók hann fram, að það væri aðeins borið fram til bráðabirgða og að tollurinn mætti ekki vera hærri en 3%. Samhliða bar ég fram frv. um þungatoll. Bæði frv. voru sett í 7 manna nefnd. Við 2. umr. um verðtollinn stakk Hannes Hafstein ráðherra upp á því, að bæði málin yrðu rædd saman, og var það samþ. Var ég þá, eins og vant var, í fullri andstöðu við Hannes Hafstein og flokk hans. Hannes hélt þá ýtarlega ræðu um málið og sagði m. a. þetta (B. III. 1912, dálki 223), sem ég skal nú lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„En þó að ég fyrir landssjóðsins hönd vilji njóta fylgis og fulltingis aðstandenda frumvarpanna og hvoruga styggja, þá verð ég þó að láta uppi álit mitt um það, hvort frv. heldur beri að aðhyllast, og það jafnvel þótt það frv. gangi á móti því frv., sem að svo stöddu sýnist hafa miklu fjölmennara fylgi hér í deildinni og hefir fylgi sex sjöundu hluta af hv. skattanefnd". — Og ennfremur segir hann síðar í sömu ræðu (dálki 225, 226 og 227): „En það er fleira, sem taka

verður tillit til í framkvæmd laganna. — Fátt er meira siðspillandi en löggjöf, sem ekki er unnt að framfylgja og leiðir menn til undanbragða og svika. Ég sé ekki betur en að verðtollslögin séu þess eðlis, að mjög væri hætt við einhverju slíku. Innheimtan yrði erfið, eftirlitið meira en erfitt, reikningsendurskoðun eftir á nafnið eitt. Það þarf engum blöðum um það að fletta, hve örðugt er að koma í veg fyrir, að innkaupsverð sé rangt upp gefið, — og innkaupsreikningum má ýmislega fyrir koma ....

Endurskoðun á reikningum tollheimtumanna yrði ekkert annað en samlagningarendurskoðun, athugun á því, hvort rétt er goldið af því, sem til er sagt. En endurskoðarinn hefir engin tæki í höndum til þess að rannsaka, jafnvel hvort tollheimtumenn skila því, sem þeir hafa tekið á móti, hvað þá hitt, hvort þeir hafi heimt gjaldið af öllu, sem fluttist. Hingað til hefir endurskoðunin haft opinberar tollskrár og „manifest" skipanna, sem gefið hafa fullnægjandi grundvöll í þessu efni. Um verðtoll eru engin samskonar skilríki fáanleg. Ekkert nema „faktúrur" og reikningar, sem mönnum hefir þóknazt að afhenda, eftir því, sem hverjum býður við að horfa.

Með farmgjaldsfyrirkomulaginu yrði þetta allt framkvæmanlegt og tiltölulega auðvelt. Á „manifestunum" á að mega sjá allt, sem innflutt er, og þyngd þess. Á þeim má því byggja innheimtuna og sjá um, að gjald sé greitt af öllu því, sem með skipinu hefir flutzt. Eftir „manifesti" og öðrum skipaskjölum getur endurskoðunin eftir á sannfært sig um, að öllu sé til skila haldið, þegar ekki þarf að hugsa um annað en þyngd þess, sem innflutt er".

Þannig mælti Hannes Hafstein í þetta sinn, og er þar flest sagt, sem segja þurfti gegn verðtollinum; er það óhrekjandi og á jafnt við nú og 1912.

Alveg í sama streng tók Guðlaugur Guðmundsson bæjarfógeti, sem var þaulvanur tollheimtumaður. Hann segir (í dálki 217) þetta: „Hvað verðtollinn snertir, sem allir geta svikið, skal ég taka það fram, að jafnvel þótt „principið" sé í sjálfu sér ekki óheilbrigt, þá er allur umbúnaður þess svo vaxinn, að ekki er hægt að hafa neitt eftirlit með, að réttar skýrslur komi fram. Það er játað, að áreiðanlegt sé, að ekki komi öll kurl til grafar. Þeir, sem heiðarlegir eru, borga, hinir svíkja".

Höfuðástæðurnar gegn verðtollinum eru því þessar:

1. Að engin trygging er fyrir, að kaupmenn og kaupfélög gefi vörurnar rétt upp til tolls, og allra sízt þau verzlunarfyrirtæki, sem hafa sínar eigin skrifstofur erlendis.

2. Að engin trygging er fyrir því, að lögreglustjórar, skrifarar þeirra, hreppstjórar og aðrir umboðsmenn innheimti verðtollinn allan og hlutdrægnislaust.

3. Að engin trygging er fyrir, að lögreglustjórar skili öllum þeim tolli, er þeir taka á móti, því að öll umboðsleg endurskoðun er útilokuð.

Öll trygging fyrir verðtollsinnheimtunni er sú, að innflytjandi gefur skrá yfir, hvernig vörur á hverjum reikningi deilist eftir flokkum og hver krónuupphæðin sé fyrir hvern flokk, og lánar svo innkaupsreikninginn til samanburðar, sem getur komið frá allt öðru firma erlendis en því, sem hefir selt vöruna, — getur verið lægri en sannvirði og sleppt að greina frá sumum vörunum, umbúðakostnaði o. s. frv.

Loks geta lögreglustjórar og umboðsmenn þeirra ekki rannsakað, hvort innflytjandinn skiptir vörunum rétt í flokka, því að fáir geta lesið reikninga yfir allskonar vörur nema sá, sem hefir keypt vörurnar erlendis. Allar verksmiðjur gefa vörum sínum nöfn eftir geðþótta, og getur engin íslenzk löggjöf bannað þeim það. Lögreglustjóri sendir stjórnarráðinu skrá yfir þann verðtoll, sem hann telur sig hafa innheimt, og verður stjórnarráðið að sætta sig við þá skrá, hversu vitlaus sem hún kann að vera, ef hún aðeins er lögð rétt saman. Farmskráin veitir í þessu tilfelli litla eða enga stoð, þó að hún sé fullnægjandi gagn fyrir vörutollinn. Á hinni nýju fullyrðingu tollstjóra hér á því, að verðtollurinn hafi reynzt álíka vel og vörutollurinn, er ekki rétt að byggja mikið, með því að engin **endurskoðun** á verðtollinum hefir getað farið fram. Tollstjóranum er því alveg óhætt að byggja

á áliti því, er hann gaf sem lögreglustjóri um verðtollinn og vörutollinn 1920. Það er gagnslítið að vitna í lausleg ummæli hans nú. Ég ætla heldur, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp bréf hans til stjórnarráðs Íslands, dagsett 23. sept. 1920, sem hljóðar svo:

„Í bréfi dags. 8. apríl þ. á., hefir hið háa stjórnarráð beðið mig að láta því í té álit mitt um, hvort heppilegra myndi í nýrri löggjöf um skatta til ríkissjóðs af aðfluttum vörum að halda vörutolli með svipuðu fyrirkomulagi og nú er, eða að halda sér að verðtollshugmyndinni með líku fyrirkomulagi og til var ætlazt á Alþingi 1912.

Eftir að ég nú fast að missiri hefi beitt lögum nr. 2, 15. marz 1920, sem eru verðtollslög, og jafnframt framkvæmd þeirra athugað, hverjar bætur mætti á þeim gera til að létta hana, og borið þá reynslu saman við reynsluna, sem fengin er með núgildandi vörutollslögum með hliðsjón af umbótum, er á þeim mætti gera í ljósari og samræmdari flokkun, er ég ekki í neinum vafa um, að heppilegra myndi í nýrri löggjöf að setja skatt til ríkissjóðs af aðfluttum vörum eftir þunga, tölu eða rúmmáli varanna, eftir því sem við á, heldur en eftir verði varanna, hvort svo sem er fob.- eða cif-verð þeirra; því að vörutollsfyrirkomulagið hefir mér reynzt miklu einfaldara og auðveldara og gera skattheimtuna tryggari en verðtollsfyrirkomulagið, en eftir minni skoðun má gera ný skattalög alveg jafnsanngjörn fyrir gjaldendur eða almenning, hvoru fyrirkomulaginu sem skattalögin svo eru byggð á; það atriði veltur á flokkun og nánari ákvæðum laganna sjálfra".

Það má vitanlega ekki glepja menn, þó að fullt eins mikið fé hafi náðst inn með verðtolli eins og vörutolli; það liggur í því, hversu hár verðtollurinn er á móts við vörutollinn. Til dæmis er verðtollurinn af vefnaði, öðrum en silki, 15%, en af vörutolli aðeins um 2½%. En sá flokkur gefur mestu tekjurnar. Er því alls ekki hægt að segja, hversu miklu kann að vera skotið undan tollgreiðslu.

Ef vér athugum sérstaklega innheimtuerfiðleikana á vörutolli úti um land, þá sjáum vér þegar, að vörur flytjast að beint frá útlöndum á 27 hafnir a. m. k., þar sem ekki er neinn lögreglustjóri. Á öllum þessum stöðum eru það því hreppstjórar eða aðrir umboðsmenn lögreglustjóra, sem eiga að innheimta tollinn. Og til hliðsjónar eiga þeir að hafa innkaupsreikninga, sem geta verið á málum þeirra 8—10 landa, sem Ísland kaupir vörur frá. Hvernig eiga nú þessir blessaðir umboðsmenn að geta innheimt tollinn nálægt réttu lagi? Þeir hljóta að verða alveg í höndunum á innflytjendunum. Og bæði er það fávíslegt og samvizkulaust að gefa slíkum umboðsmönnum vald til að meta verð á útlendum vörum, ef þeir gizka á, að innflytjandinn telji það með of lágu verði. Hvernig í dauðanum eiga hreppstjórar og aðrir umboðsmenn að geta vitað um, hvað sé sannvirði hinna ýmsu erlendu vara á ýmsum tímum? — Það gætu ekki einusinni hinir lærðustu kaupmenn í Reykjavík dæmt um, nema með víðtækri rannsókn, sem tæki langan tíma.

En þetta er eitt af blekkingarákvæðunum í frv. — Þá er það ekki lítið blekkingarákvæði í frv., að heimta **nettó**-vigt á öllum hlutum. Nettó-vigtin veitir verðtollsinnheimtunni litla eða hreint enga stoð, nema vöruskoðun fari beint fram, eins og í öðrum löndum.

Svona eru ýms harðneskjuákvæði sett inn í frv., sem gætu átt við, ef lögin ættu að gilda í útlöndum, en ekki hér. Hér verða slík ákvæði bein blekking, notast sem uppfylling í eyður innheimtuskilyrðanna.

Ráðlegast mundi verða að framlengja núv. verðtollslög til næsta þings, endurskoða svo vörutollslögin af mönnum, sem þekkja verðlag á hinum ýmsu vörum og þyngd umbúða þeirra, og bæta svo sem 750 þús. kr. á vörutollinn, en leggja t. d. 1½% á sem almennan verðtoll, sem mundi nú sem stendur nema um 800 þús. kr. Svo lágan verðtoll mundu fáir vilja vinna til að svíkja. Og þá væru fengnar þær tekjur, sem landið í svipinn þarfnast.

Mig hefir langað til að skýra málið dálítið, áður en það færi til n., þar sem ég á ekki sæti í þeirri n., sem það fer til. Út í einstakar gr. frv. fer ég ekki að þessu sinni, þótt frv. sé einnig víða ábótavant

í smærri atriðum, t.d. hvað flokkun vörutegundanna snertir. Hvort sem samin eru verðtolls- eða vörutollslög, þá þarf mikla vinnu og alúð við samningu þeirra. — Þekki ég það vel af eigin reynslu, því að ég lagði mikla vinnu í að semja vörutollslögin á sínum tíma. Þarf mikla natni til að gæta þess, að tollurinn verði ekki of hár á sumum vörum og of léttur á öðrum.

Æskilegast væri, að sú stj., sem situr á næsta þingi, hver sem hún annars verður, komi þá með vel athugað tollafrv. og leggi það fyrir þingið.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég ætla mér ekki að fara að deila um frv. við hv. 1. þm. G.-K. Það er öllum kunnugt, að hann hefir ætíð verið andvígur verðtolli, en hinsvegar talið, að vörutollur væri hentugri til þess að afla ríkinu tekna. Hv. þm. mun vera fyrsti höfundur vörutollslaganna, að vísu ekki eins og þau nú eru, og er því máske eðlilegt, að hann haldi tryggð við hina upphaflegu stefnu í þessu máli.

Hv. þm. sagði í niðurlagi ræðu sinnar, að frv. væri illa undirbúið. Færði hann reyndar engin rök fyrir því, en vegna ummæla hans verð ég að skýra frá því, hvernig frv. þetta er til orðið, enda þótt það sé hv. dm. kunnugt.

Frv. var upphaflega samið af mþn. í tolla- og skattamálum, og lagði n. mikla vinnu í málið. N. vann fyrst að frv. árið 1929 og skilaði þá frv. því, sem meiri hl. n. flutti á þinginu í fyrra. Það frv. varð ekki útrætt, en undir meðferð þess í þinginu leitaði ég álits tollstjórans í Reykjavík á því, því að ég var sannfærður um, að hann væri sá maður, sem kunnugastur væri þessum málum og bezt gæti dæmt um, hvernig tollafyrirkomulagið gæti orðið bezt. Eftir þinglokin í fyrra tók mþn. frv. aftur til athugunar og sömuleiðis álit og till. tollstjóra. Skilaði n. frv. síðan til fjmrn., og var það tekið þar til athugunar á ný, í samráði við tollstjóra. Þau ummæli hv. 1. þm. G.-K., að frv. sé illa undirbúið, eru því á engum rökum reist. Þeir, sem að því hafa unnið, hafa sýnt mikla alúð og nákvæmni við starf sitt.

Mér skildist það á hv. 1. þm. G.-K., að hann væri aðallega mótfallinn verðtolli vegna þess, að þá væri auðveldara að koma við tollsvikum. Vitanlega er það svo um alla tolla og skatta, að hægt er að búast við, að reynt verði að hafa undanbrögð í einstökum tilfellum. Samt hefir engum komið til hugar að hætta að setja l. um þá hluti, þó að hætta geti verið á, að svik eigi sér stað, svo að þetta er ekki nægileg ástæða til þess að vera á móti verðtolli. Og því má ekki gleyma, að verðtollurinn hefir gefið ríkinu álitlega upphæð í tekjur, og ég býst við, að tollurinn muni ekki verða minni en gert er ráð fyrir í aths. við frv. (**BK:** Á hverju byggir hæstv. ráðh. það?). Ætlar hv. þm. máske að fara að halda því fram, að tollurinn muni ekki nema meir en helmingi á við það, sem hann er nú? Mér finnst satt að segja, að hv. þm. megi ekki koma með slíkar ágizkanir án frekari raka.

Hv. þm. talaði mikið um, hvað menn hefðu áður haft á móti verðtolli. Efast ég ekki um, að hann fari rétt með það allt. En þess ber að gæta, að ýms þessara ummæla voru sett fram á þeim tíma, er engin reynsla var fengin um verðtoll og ekki varð stuðzt við annað en spádóma. Þó að leitað væri til lögreglustjóranna úti um land, þá gátu ummæli þeirra ekki orðið annað en spádómar, því að reynsluna vantaði. Hv. þm. ætti að leita álits þeirra nú, þegar búið er að reyna verðtollsl. í sex eða sjö ár. Umsögn lögreglustjóranna myndi vera þyngri á metunum nú en þá.

Hv. þm. las upp álit lögreglustjórans í Reykjavík (núv. tollstjóra) frá þessum tíma. En hv. þm. gengur alveg framhjá áliti þessa sama manns, er fylgir þessu frv. nú, þar sem tollstjórinn setur skýrt fram álit sitt á hættunni á tollsvikum. Ég álít, að það verði að taka meira tillit til þess, sem nú er sagt um málið, heldur en þess, sem einhverntíma var sagt og voru e. t. v. spádómar einir.

Það kemur greinilega fram í áliti tollstjóra, að hann álítur, að hættan á tollsvikum sé engu meiri, þótt hafður sé verðtollur heldur en vörutollur. (**JÞ:** Það nær ekki nokkurri átt). Það verður að gæta þess, að vörutollurinn er nú

allur annar en hann var í sinni upphaflegu mynd. Hann er orðinn miklu fjölbreyttari nú. Eftir því sem vörutollurinn er flokkaður í fleiri flokka, líkist hann meir og meir verðtolli. Það er ómögulegt að halda því fram, að svo verði frá vörutollinum gengið, að ekki sé hægt að koma við tollsvikum. Tollsvik eru vitanlega möguleg, hvaða tollur sem er hafður, eins og greinilega kemur fram í áliti tollstjóra. Hefi ég átt tal um þetta við ýmsa lögreglustjóra úti um land, og hafa þeir sagt mér, að þeir vildu miklu heldur fá þessi lög heldur en að halda því ástandi, sem nú er. Um einstök atriði tolllaga má auðvitað alltaf deila, t. d. um flokkun varanna. En það liggur ekki fyrir nú við 1. umr., en mun koma fram, er væntanleg n. hefir athugað frv.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið nú. Ég get búizt við, að n. muni e. t. v. finna ástæðu til þess að breyta frv. að einhverju leyti. Frv. hefir þó gengið í gegnum hv. Nd. og litlum breyt. tekið þar. Vil ég svo vona, að frv. fái jafngóðar viðtökur hér og í hv. Nd.

Jón Baldvinsson: Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls nú við 1. umr. þessa máls, en ég stend upp vegna þess, að fram hafa komið svo sterk andmæli gegn frv. frá hv. 1. þm. G.-K., að ég býst við, að hann muni jafnvel greiða atkv. á móti frv. nú við 1. umr. (**BK:** Nei, ég geri það ekki). Ég vildi þá taka það fram, að ég greiddi atkv. móti frv. af annari ástæðu en hann.

Hv. 1. þm. G.-K. setur það aðallega út á frv., að erfiðara sé að innheimta tollinn, ef verðtollsleiðin er farin, heldur en ef vörutollur er hafður. Um það skal ég ekki deila, heldur vil ég víkja ofurlítið að sjálfri stefnunni í frv.

Frv. þetta er ekki eingöngu verðtollsfrv., heldur einnig verndartollafrv. Ýmsar mestu nauðsynjavörur, sem almenningur þarf alltaf að kaupa og nota, eru tollaðar með háum verðtolli. Þetta gerir það að verkum, að ég greiði atkv. móti frv. nú þegar.

Tollarnir eru nú gífurlega háir. Sykurtollurinn nemur t. d. um helming innkaupsverðs eða meira. Í frv. þessu eru ýmsar nauðsynjavörur af sömu tegund og þær, sem framleiddar eru í landinu sjálfu, settar í háa tollflokka. Hlýtur það óhjákvæmilega að verða til þess, að samsvarandi innlendar vörur hækki að sama skapi. Og ýmsar aðrar nauðsynjavörur eru einnig tollaðar mjög hátt. Verður þetta til þess að skapa og viðhalda dýrtíðinni í landinu, hinni miklu dýrtíð, sem hæstv. stj. ekki sízt hefir komið auga á, eftir blöðum hennar að dæma. En með þessu frv. á samt að auka dýrtíðina enn meira.

Tollarnir nema nú nál. 10% af öllum innfluttum vörum til jafnaðar. Og það er fátæka fólkið, sem harðast verður fyrir barðinu á tollunum, eins og venjulega á sér stað um tolla, hvort heldur það eru verðtollar af innfluttum nauðsynjavörum eða tollar til þess að vernda innlendu vöruna.

Ég get því ekki greitt frv. þessu atkv. mitt, eins og ég hefi áður tekið fram. Þó að frv. þetta fari til n., sem ég á sæti í, og ég muni flytja við það brtt., þá býst ég ekki við, að þær muni ná fram að ganga, eftir þeim undirtektum, sem slíkar brtt. fengu í hv. Nd., enda hafa báðir stærri flokkarnir tekið höndum saman um þetta mál, og er frv. árangurinn af samstarfi þeirra í mþn. í skattamálum.

Ég ætla ekki að fara að finna að því, að frv. sé illa undirbúið. Hefi ég ekki kynnt mér það nóg til þess að geta dæmt um það. En ég álít, að stefna sú, er í frv. birtist, sé mjög skaðleg. Stefnan er sú, að koma á verndartollum, sem hljóta að hækka verðið á innlendum vörum, og í öðru lagi sú, að leggja háa tolla á ýmsar nauðsynjavörur almennings, sem ekki eru framleiddar í landinu sjálfu. Þess vegna greiði ég atkv. móti frv.

Björn Kristjánsson: Ég ætla ekki að svara hæstv. fjmrh. miklu. Rök hans voru veik, eins og vænta mátti. Trúi ég ekki öðru en að allir óvilhallir menn geti fallizt á það, sem ég sagði um málið.

Hæstv. ráðh. sagði í byrjun ræðu sinnar, að það væri eðlilegt, að ég legði kapp á að halda fram vörutolli, því að ég hefði upphaflega samið vörutollslögin. Það er fjarri mér að haga mér á þann hátt. Ég er orðinn allt of gamall til þess

að vera svo virðingagjarn og allt of reyndur til þess.

En sé nauðsyn til þess að breyta tollögunum, þá verður þingið að hugsa fyrst og fremst um hina siðferðislegu hlið málsins. Það gerði Hannes Hafstein, en það vantaði alveg í ræðu hæstv. fjmrh.

Hæstv. ráðh. fann að því við mig, að ég skyldi segja, að undirbúningur frv. væri slæmur. Ég sagði það, og ég stend við það. Hann sagði ennfremur, að hann hefði snúið sér til ýmsra manna, til þess að afla sér upplýsinga um málið. Hvorki hæstv. fjmrh. eða n. hafa nokkurntíma snúið sér til mín, sem hefi sett mig manna mest inn í málið, og ég efast um, að farið hafi verið til annara, sem betur vissu en n. og stjórnin. 1920 sneri stj. sér þó til Verzlunarráðsins, sem þá mælti einróma og eindregið með vörutollinum.

Þó að fulltrúar beggja flokkanna í mþn. séu báðir góðir menn og gildir, þá brestur þá samt mjög þekkingu á þessu máli. Sem dæmi skal ég taka það, að þeir leggja 30% toll á munnhörpur. Ég er viss um, að ég gæti borið allar þær munnhörpur í einu á bakinu, sem flytjast til landsins árlega, þó að ég sé orðinn gamall og geti varla staðið á fótum. Harmonikur eru tollaðar með 20% og öll önnur hljóðfæri með 5%. Hvaða ástæða er nú til þess að taka munnhörpur út úr? Ætlast n. til, að leitað verði að munnhörpum í hverri sendingu? Þær eru þó engu lítilfjörlegri hljóðfæri heldur en harmónikur. Það má vel halda hljómleika með munnhörpum, ekki síður en harmónikum. En er þetta hljóðfæri vel til þess fallið að vekja áhuga barna og unglinga á musik? Að sjálfsögðu hefðu öll hljóðfæri átt að tollast í sama flokki, í staðinn fyrir í þremur flokkum.

Þá nær ekki nokkurri átt að tolla ávaxtamauk og grænmeti með 20%. Ávextir hverskonar sem eru verða öllum nauðsynlegir, einkanlega þó þeim, sem við sjávarsíðuna búa, og t. d. geta sjúkrahúsin alls ekki verið án þeirra. Ég mundi telja nauðsynlegt að veita styrk til þess að flytja inn ávexti, til þess að auka notkun þeirra, í stað þess að draga úr innflutningi slíkrar nauðsynjavöru með háum verðtolli.

Sama er að segja um lúsakambana; þá á líka að tolla með 20%, og kemur mér það dálítið kynlega fyrir, þegar athugað er, að þingið veitir árlega styrk til þess að útrýma geitum. (Fjmrh.: Er þá lús geitur?). Kambar þessir hafa áður verið tollaðir með vefnaðarvörum, sem hér í frv. á að tolla með 10%. Hver er ástæðan fyrir því, að kambar þessir eiga nú að bera tvöfaldan toll á við vefnaðarvörur? Eru þeir svo miklu meiri óþarfi? Og svona mætti lengi telja. Það er sama hugsunin í gegnum allt frv., að hér sé eins fullkomin tollgæzla og í útlöndum og hver einasta umbúð opnuð og skoðuð.

Annars er það ekki til annars en spauga að því, hvernig þessi flokkun er gerð, svo mjög er hún sett af handahófi. — En ég ætla ekki frekar að fara út í það að sinni og læt mér nægja það, sem ég hefi sagt, enda ætlast ég til, að aths. mínar verði til leiðbeiningar þeirri hv. n., sem fær málið til meðferðar.

Hæstv. fjmrh. hefir ekki leitað til mín eða annara manna, sem hugsað hafa um þetta mál árum saman og reynt að leysa það á viðunandi hátt, heldur spyr hann tollstjórann hér í Reykjavík, sem lagði til, að vörutollurinn yrði felldur niður að mestu leyti, og er hann þó háður eftirliti stjórnarráðsins. Hann treystir þjónum sínum vel um innheimtuna, enda er það miklu þægilegra að þurfa ekki að vera að svara endurskoðendum stjórnarráðsins, eins og nú gerist, meðan vörutollurinn er í gildi. En hvernig getur tollstjóri sagt þetta, þegar þess er gætt, að engin endurskoðun hefir farið fram á verðtollinum.

Svo sagði hæstv. fjmrh., að 1921 hefði lögreglustjóri ekki haft neina reynslu í þessu efni og því hefði verið rennt blint í sjóinn, hvernig fara mundi um innheimtuna. En nú lýsir tollstjóri því yfir, að á 6 mánuðum hafi skapazt sú reynsla, að hann geti auðveldlega dæmt á milli þessara tollstefna. En hér þarf ekki neina reynslu, heldur heilbrigða skynsemi og sæmilega athugun, til þess að sjá, hvað betur hentar í þessu efni.

Hæstv. fjmrh. sagði, að vörutollurinn

væri nokkurskonar verðtollur, og er það rétt. En hví er þá verið að breyta um frá því, sem nú er, og gera mönnum auðveldara fyrir að hliðra sér hjá að greiða lögmæt gjöld?

Hæstv. ráðh. segist í viðtali við menn úti um land hafa fengið þær upplýsingar, að tollheimtumennirnir vildu heldur hafa verðtollinn. Þetta þykir mér ekkert undarlegt, því að væri ég innheimtumaður, mundi ég fremur vilja hafa verðtollinn vegna þess að hann er ekki háður neinni „revision". Þar er auðvelt að koma svikum við og vandalaust að sleppa sumum við tollgreiðslu eða veita þeim hlunnindi, sem aldrei þarf að verða uppvíst um.

Ég ætla svo ekki að segja fleira né standa í frekara þjarki um mál þetta. (**Fjmrh.**: Ekki byrjaði ég!). En ég hefi reynt að segja álit mitt og bent á helztu gallana, sem eru á tollastefnu þeirri, er frv. ætlast til að verði lögtekin.

Jón Þorláksson: [óyfirl.]: Ég vildi segja út af ummælum hæstv. fjmrh., að eftir verðtollslögunum er hægt að hafa undanbrögð um greiðslu tollsins, enda mun slíkt hafa komið fyrir.

Hæstv. ráðh. vill einnig viðurkenna þetta, en heldur því jafnframt fram, að svo sé um fleiri tolla og skatta. En þrátt fyrir þessi undanbrögð, sem mögulegt er að koma við í einstaka tilfellum, verðum við þó að hafa tolla og skatta til þess að reyta í ríkissjóðinn. Að því er tekju- og eignarskattinn snertir, þá er ekki hægt að koma við undanbrögðum svo að neinu nemi, vegna þess að hann byggist á lögmætu mati. Fasteignamatið getur að vísu verið ófullkomið, en annars er óþarfi að láta mönnum haldast uppi að koma við undanbrögðum.

Af aðflutningsgjöldum hygg ég, að vörutollurinn sé næstur tekju- og eignarskattinum að því leyti, að erfitt sé þar að koma við undanbrögðum. Er hægt að hafa gott eftirlit um greiðslu tollsins vegna þess, að þar njótum við aðstoðar erlendra tollstjóra, sem byggist á farmskrám skipanna.

Hvað verðtollinn snertir, þá kann hann að vísu að hafa sína kosti, en framhjá hinu verður ekki gengið, að tiltölulega auðvelt er að koma þar við undanbrögðum.

Gjaldandi á að sýna innkaupsreikning, og er það fyrsti leiðarvísir fyrir lögreglustjóra að fara eftir við innheimtuna. Af innkaupsreikningnum getur hann gert sér grein fyrir, hvort reikningurinn sýnir þær vörur, sem farmskrá gerir ráð fyrir. En yfirleitt sýna reikningarnir ekki þann þunga, sem nefndur er í farmskránum, og stafar það sumpart af því, að umbúðir eru ekki taldar með. Þarna hefir því gjaldandi tvo möguleika að draga undan, þó að hann sýni reikning með innkaupsverði varanna.

Reglan er, að lögreglustjórar reikna verðtollinn eftir eyðslu stimpilmerkjanna. Stimpilmerkin eru talin um áramót, og á þá innheimtan eftir verðtollslögunum og aukatekjulögunum að koma heim við eyðslu stimpilmerkjanna. En það kom þráfaldlega fyrir á meðan ég var fjmrh., að samvizkusamir lögreglustjórar höfðu við áramót meira af stimpilmerkjum en átti að vera samkvæmt innheimtureikningum þeirra. Og þegar spurt var um, hvernig á því stæði, var svarið vanalega á þá leið, að gleymzt hefði að líma merkið á innkaupsreikninginn.

Það skal játað, að það er viðkvæmt mál þessi endurskoðun í stjórnarráðinu á innheimtu verðtollsins. Enda er lítil trygging fyrir því, að þeir peningar komi til skila, sem greiða á fyrir verðtollinn. Sá, sem fer með bréfið eða innkaupsreikninginn til lögreglustjóra, til þess að fá það stimplað, tekur kannske ekkert eftir því, að á innkaupsreikninginn séu límd stimpilmerki fyrir þeirri upphæð, sem greidd er. Sannleikurinn er því sá, að skrifstofuþjónn, sem tilhneigingu hefir til þess að draga fé í vasa sinn, þarf ekki annað en að láta líta svo út, að hann hafi gleymt að líma t. d. 100 króna stimpilmerki á innkaupsreikninginn. Þess vegna nær það ekki neinni átt, að þessa hluti sé hægt að framkvæma eins tryggilega og á sér stað um vörutollinn.

Hv. 1. þm. G.-K. skýrði frá því með ljósum rökum, hvernig vörutollurinn er háður eftirliti og endurskoðun fjmrn., en slíku eftirliti er ekki hægt að koma

við um verðtollinn. Með þessu vil ég þó ekki segja, að ekki sé hægt að hafa verðtoll; við höfum neyðzt til þess og haft af því miklar tekjur, þó að misjafnlega hafi gefizt. En vegna þess, hve ótryggilega er um innheimtuna búið, tel ég mjög varhugavert að kasta vörutollinum á burt að mestu leyti, en taka verðtoll upp í staðinn.

Út af ummælum hv. 2. landsk. um samkomulag stóru flokkanna viðvíkjandi þessu frv. vil ég geta þess, að innan Sjálfstæðisflokksins hefir hver einstakur þm. hans óbundið atkv.

Hinsvegar get ég tekið undir með honum, að þótt frv. þetta sé að sjálfsögðu fram borið til þess að afla ríkissjóði tekna, þá er þó varhugavert að hækka svo aðflutningsgjald á nauðsynjavörum og hér er farið fram á, því að slík hækkun hlýtur að halda uppi háu verði í landinu. Ég er því sammála hv. 2. landsk., að þörf sé á að nema burtu þær misfellur af frv.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég hefi litla ástæðu til þess að kveðja mér hljóðs, því að ekkert það hefir komið fram í ræðum þeirra hv. þdm., sem talað hafa síðan ég lauk máli mínu, sem ástæða er til að svara.

Hv. 1. landsk. talaði um ýmsa agnúa, sem væru á því að innheimta verðtollinn, og taldi meiri hættu á því, að svik gætu átt sér stað í sambandi við hann en um innheimtu annara tolla. Það er rétt athugað, að það er misjafnlega auðvelt að koma við tollsvikum eftir þeim tollögum, sem nú gilda. Mér kemur heldur ekki til hugar að fullyrða neitt um það, að frv. þetta sé svo fullkomið, að það geti ekki staðið til bóta. Tollsvik geta alltaf átt sér stað, en þeir, sem andmælt hafa frv., gera of mikið úr þessu. Það er nú einmitt svo um vörutollinn, sem þessir hv. þm. hafa haldið svo mjög fram, að ákvæði verðtollsins hafa komið í veg fyrir svik í framkvæmd vörutollslaganna. Tollstjórinn í Reykjavík, Jón Hermannsson, hefir upplýst um, að iðulega komi það fyrir, að óskyldar vörur úr ýmsum tollflokkum séu í sömu sendingunni, svo að þó að farmskrá sé við hendina, þarf samt að athuga innkaupsreikninginn, og þar með fæst svo leiðréttingin.

Annars verð ég að segja fyrir mitt leyti, að ég legg meira upp úr reynslu tollstjórans í Reykjavík en þekkingu hv. 1. landsk., sem kann að vísu að vera mikil, en hún getur þó aldrei jafnazt á við daglega reynslu þess manns, sem haft hefir innheimtuna með höndum í mörg ár.

Mér er ekki vel ljóst, hvað vakir fyrir hv. 1. landsk., er hann leggst svo mjög á móti verðtolli, því að ég held því fram, að vörutollurinn eins og hann nú er orðinn í framkvæmdinni megi fremur kallast verðtollur. Annars er hér verið að togast á um orðalag, sem ég sé enga ástæðu til að vera að deila um.

Ég sé heldur ekki ástæðu til að vera að fara út í einstök atriði við þessa umr., eins og hv. 1. þm. G.-K. gerði. Mér liggur það í léttu rúmi, hvort harmonikur, munnhörpur eða lúsakambar eru í þessum flokki eða hinum. Um flokkunina má alltaf deila, en það á betur við að gera það við 2. umr. En það er misskilningur hjá hv. 1. þm. G.-K., að geitur og lús sé sama. Lúsakambar eiga ekkert skylt við geitur. Það er að vísu gömul hjátrú, að lús og geitur standi í sambandi hvort við annað, en ég hélt, að læknarnir og vísindin hefðu kveðið þá hjátrú niður fyrir löngu. Ef hv. þm. er það mikið áhugamál að fá það lögfest, að lús og geitur sé eitt og sama, þá getur hann reynt að bera fram brtt. um það við 2. umr.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Hæstv. fjmrh. vitnar mikið í reynsluna, en ég legg ekki mikið upp úr henni að því er innheimtu verðtollsins snertir. Það getur auðveldlega dulizt, að felld hafi verið niður greiðsla verðtolls, af því að endurskoðun er engin.

Aftur á móti er hægt að tala af reynslu um vörutollslögin og auðvelt að koma upp þeim misfellum, sem þar kunna að eiga sér stað, enda erfitt vegna endurskoðunarinnar að svíkjast undan lögmætum gjöldum.

Ég skal játa, að ég hefi ekki mikla reynslu um, hve mikil undanfærsla á sér stað um greiðslu verðtolls. En af endur-

skoðuninni í stjórnarráðinu veit ég, að auðvelt er að skjóta sér undan lögmætum verðtolli.

Það eru aðeins meðmæli með vörutollinum, að hann sé einskonar verðtollur, þannig, að hann miðist a. n. l. við verð vörunnar.

Hæstv. fjmrh. sagðist ekki hafa skilið afstöðu mína. Ég hélt, að ég hefði talað sæmilega skýrt, en skal þó gera það fyrir hann að segja honum það einu sinni enn, að ég álít mjög varhugavert, af ástæðum, sem ég hefi þegar greint, að nema vörutoll með öllu í burt og setja verðtoll í staðinn. Lágur verðtollur með lágum prósentum er minni annmörkum bundinn en hár verðtollur með háum.

Hæstv. fjmrh. lagði mikla áherzlu á það, að ekki mætti blanda geitum og lúsum saman. En þó hér sé um ólíkar lífsverur að ræða, hafa þær þó það sameiginlegt, að báðum tegundum á að útrýma.

Fjmrh. (Einar Árnason): Mér fannst eitt atriði einkum áberandi í ræðum þeirra hv. 1. landsk. og hv. 1. þm. G.-K., og það var vantraust þeirra á gjaldheimtumönnum ríkissjóðs að því er verðtollinn snertir. Var helzt að heyra á þeim, að gjaldheimtumennirnir myndu ekki skila því fé til ríkissjóðs, er þeir innheimtu á þann hátt. Mér þykja þessar getsakir óviðkunnanlegar og vil mótmæla því, að nokkur ástæða sé til að treysta þeim ekki fullkomlega.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Það er misskilningur hjá hæstv. fjmrh., að ég hafi látið í ljós nokkra tortryggni gagnvart gjaldheimtumönnum ríkissjóðs. En þetta fyrirferðarmikla bákn, ríkisendurskoðunin, er sett á stofn til að sjá um, að gjaldheimtumennirnir skili rétt af sér til ríkissjóðs og gjaldendurnir til þeirra. Hér hefir verið bent á, að þessi endurskoðun kemst ekki að að því er verðtollinn snertir. Er ekki meiri tortryggni að benda á þetta en láta endurskoða á öðrum sviðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:2 atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Með því að þing var rofið næsta dag, varð þessi hinztur fundur deildarinnar og frv. því ekki útrætt.

6. Tolllög (stjfrv.).

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt: **Frv. til tolllaga** (stjfrv., A. 6).

Á 4. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég hefi ekki margt um þetta frv. að segja. Mþn. í tolla- og skattamálum hefir undirbúið það, eins og frv. um tekju- og eignarskatt og frv. um verðtoll.

Aðalbreytingin, sem frv. fer fram á, er sú, að gengisviðaukanum er bætt við tollinn. Samkv. því falla niður lögin um gengisviðaukann, og þess vegna fylgja þessu frv. tvö önnur, frv. til l. um vitagjald og frv. til l. um afgreiðslugjöld skipa. Verða þau frv. lögð fyrir þingið, og vænti ég þess, að þau verði látin fylgja þessu frv. á sínum tíma.

Það er svo með þetta frv. sem frv. um tekju- og eignarskatt og frv. um verðtoll, að ég geri ekki ráð fyrir, að það finni náð fyrir augum hv. þm. Ísaf. Hann heldur því fram, að allir tollar séu óréttlátir og að hægt sé að afla ríkissjóði nægilegra tekna með einum tekju- og eignarskattinum, auk þess sem það sé miklu einfaldara. En ég vil leyfa mér að benda hv. þm. Ísaf. á það, að hann hefir ekki enn sýnt fram á, að hugmynd hans sé framkvæmanleg. Tekju- og eignarskatturinn er sá skattur, sem mestum sveiflum er háður. Stundum hefir hann verið 700—800 þús. kr., stundum í kringum 2 millj. kr. Og ég er hræddur um það, að ef hv. þm. Ísaf. ætti að sjá fyrir rekstri þjóðarbúsins, mundi hann ekki treysta sér til að standa við stjórn með því að taka allar tekjurnar með tekju- og eignarskatti. Það er gott og blessað að tala um réttlæti, en sá er gallinn, að fullt réttlæti næst aldrei í þessum efnum. Auðvitað er sjálfsagt að reyna að nálgast réttlætið sem mest að hægt er, en ríkið þarf á sínum tekjum að halda, og

verður að byggja tekjuvonir sínar á þeim grundvelli, að hægt sé á þær að treysta.

Ég læt þetta nægja, en vildi leggja til, að frv. yrði vísað til fjhn., að lokinni þessari umr.

Haraldur Guðmundsson: Eins og hæstv. fjmrh. tók réttilega fram, er að því stefnt með þessu frv. að lögfesta gengisviðaukann um tíma og eilífð.

Þegar gengisviðauki fyrst var settur í lög, var honum ekki ætlað svo langt líf. Gengisviðaukinn var settur til bráðabirgða, á þeim tímum, þegar krónan var innan við hálfvirði og sterlingspundið kostaði yfir 30 krónur, og var svo ráð fyrir gert, að hann stæði ekki lengur en meðan sterlingspundið kostaði 28 krónur eða meira. Nú hefir sterlingspundið staðið stöðugt í 22.15 kr. í um 5 ár, en gengisviðaukinn hefir ekki verið úr gildi felldur að heldur. Lögin hafa verið framlengd frá ári til árs, þar til nú, að hæstv. stj. og flokkur hennar, í bandalagi við Íhaldsflokkinn, leggur til, að hann verði lögfestur um aldur og æfi. Að vísu er það rétt, að ef á annað borð á að taka gengisviðauka, auk tollanna sjálfra, er eðlilegra og hagfelldara, að tekið sé í einu lagi hvorttveggja, en ekki greint sundur í toll og gengisviðauka með óþarfa amstri og fyrirhöfn, svo sem nú er.

Að þessu sinni skal ég ekki fjölyrða um frv. yfirleitt, en vil þó leyfa mér að drepa nokkuð á nokkra liði, sem ég tel alveg fráleita, og þá einkum á 9., 10., 11. og 12. lið 1. gr. frv.; þar er svo ákveðið, að tollur af kaffibæti skuli vera 75 au. pr. kg., 60 au. af óbrenndu kaffi pr. kg., af brenndu kaffi 80 au. pr. kg. og af sykri og sírópi 15 au. pr. kg.

Eftir verðlagi því, sem var á þessum vörum í fyrra, nam sykurtollurinn þá 66%, kaffitollurinn 60% og tollur af kaffibæti 85%. Er öllum vitanlegt, að verð á öllum þessum vörum hefir lækkað mjög mikið síðan í fyrra. Mun t. d. óhætt að fullyrða, að sykurtollurinn nemi nú meira en 100% af innkaupsverði sykursins.

Hæstv. fjmrh. lét svo um mælt, að aldrei væri hægt að ná fullkomnu réttlæti í tolla- og skattamálum, og virðist mér hann vilja færa þetta sér til afsökunar og afbötunar. En frv. hæstv. ráðh. bera þess lítinn vott, að hann hafi reynt nokkuð til að nálgast réttlæti eða hagsýni í tillögum sínum til tollaálagninga, en hafi hann reynt það, hefir honum mistekizt herfilega.

Þessu til sönnunar vil ég leyfa mér að gera nokkurn samanburð á tillögum hæstv. ráðh. um tollaálagningar á fáeinum vörutegundum. Eftir verðtollsfrv. hæstv. fjmrh. á að leggja á dýrustu skartgripi auðmanna, djásn úr platínu, gulli og silfri, perlur og gimsteina 31.5% verðtoll. En eftir þessu frv. sama hæstv. ráðh. á að leggja á sykurinn, hreina og beina nauðsynjavöru, yfir 100% verðtoll, leggja á hann meira en þrisvar sinnum hærri verðtoll en á gullskraut og gimsteina.

Kaffitollurinn á að verða 60—80% af innkaupsverði eftir þessu frv. hæstv. fjmrh. Samtímis leggur hann til, í frv. um verðtoll, að leggja á dýrustu loðfeldi, tilbúið hár og silkihatta 31,5%, eða helmingi lægra en á kaffið. Á kaffibæti verður tollurinn um 80—100% af innkaupsverði eftir þessu frv. hæstv. fjmrh. En samkv. frv. sama hæstv. ráðh. um tekju- og eignarskatt á maður, sem hefir 12500 króna tekjur og 5 í heimili, aðeins að greiða um 460 krónur í skatt af þeim. Og af dýrustu vörunum, kampavíni o. þ. h. á tollurinn eftir þessu frv. að vera 30—40% eða aðeins ⅓—⅖ af kaffibætistollinum.

Mér virðist af þessu, að hæstv. fjmrh. hafi lánazt að fara merkilega fjarri því, sem hægt er að kalla réttlæti. Hér eru komin fram þrjú frv. frá honum, og samræmið milli þeirra er þannig, að neyzluvörur og nauðsynjar eins og kaffi og sykur eru yfirleitt tollaðar þrefalt hærra en glysvarningur og dýrustu skartgripir. Álítur hæstv. fjmrh. ef til vill, að þetta sé nauðsynlegra en kaffi og sykur? Eða hefir hann gleypt svo með húð og hári skattamálastefnu íhaldsins að hátolla nauðsynjar, í stað þess að skattleggja gróða og eignir, að hann hirði ekkert um að hafa samræmi í till. sínum?

Hæstv. fjmrh. sagði, að ómögulegt væri að ná öllum tekjum ríkissjóðs með

tekju- og eignarskatti, af því að hann væri svo mismunandi eftir árferði. Ég hefi aldrei sagt, að hægt væri að fullnægja tekjuþörf ríkissjóðs með tekju- og eignarskatti. En getur ekki munað einhverju á tollunum? Oft hefir munað meira en 100% á áfengistollinum, og líkt er um fleiri tolla. Ef að er gætt, sést, að margir af tekjustofnunum eru fullkomlega eins óvissir og tekjuskatturinn. Loks er að gæta þess, að það gerir ekki til, þó að tekjur ríkisins verði dálítið misjafnar frá ári til árs, ef hófs er gætt í áætlunum og því ekki eytt jafnharðan, sem umfram fæst á góðu árunum. Ég hefi í öðru frv. bent á leið til að ná vissum tekjum. Enginn skattur er vissari en sá, sem lagður er á fasteignir, sem litlum verðsveiflum eru háðar. Sama er um eignarskattinn líka.

Að lokum skal ég bera þetta frv. saman við tollalög í öðrum löndum. Í Danmörku er tollur á kaffibæti og kaffi 17 aurar á kg. — vitanlega danskir aurar — og á brenndu kaffi 20,7 aurar. Á sykri er hann 10 aur. á kg., en á ódýrari sykri og sírópi lægri, 6,5 aur. á kg. Í Svíþjóð er kaffibætistollurinn 20 aur. á kg., en 40 aur. á óbrenndu kaffi og á brenndu 54 aurar. Þar er sykurtollurinn 10 aurar á kg. á fínum sykri, en 7 aurar og jafnvel 5 á ódýrari tegundum af sykri og sírópi. (**MG:** Og í Svíþjóð hafa jafnaðarmenn lengi verið við völd!). Háttv. þm. veit vel, að þeir hafa aldrei haft þingmeirihluta þar, en samt er tollurinn mun lægri þar en hér. Í Noregi eru tollarnir: Á kaffibæti 30 aur. á kg. og 30 aur. á kg. af óbrenndu kaffi, en á brenndu 54 aurar á kg. Af sykri er tollurinn 20 aurar á kg. eða 5 aurum hærri en hér í frv. Börðu ihaldsmenn það fram, meðan mestur var vegur þeirra og völd í Noregi.

Ég segi hið sama um þetta frv. og hin tvö, sem hér hafa verið til umr. í dag, að ég mun ekki greiða atkv. móti því, að það fari í nefnd. En um leið vil ég láta nefndina vita, að ég hefi sett í prentun annað frv. um breytingar á tollalögunum, sem ég vona, að n. taki til athugunar samtímis þessu.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það er einn sameiginlegur galli á þessum tollalagaræðum hv. þm. Ísaf., að hann tekur í raun og veru aldrei nema aðra hliðina, aðeins þá, sem að gjaldendunum snýr. Hann segir, að ekki eigi að eltast við að taka af þeim tekjur þeirra með allskonar álögum. Það eigi ekki að leggja toll á kaffi og sykur, heldur gimsteina og silfurvörur, silkihatta og loðfeldi. Þetta er nú allt gott og blessað. En ég vildi spyrja hv. þm.: Til hvers eru skattar og tollar lagðir á þjóðina? — Er það ekki til þess, að ríkissjóður geti fengið einhverjar tekjur til þess að vinna að alhliða framförum, sem til gagns horfa fyrir þjóðina? Ekki er verið að leggja þá á fólkið til gamans. Langt frá. Þegar hv. þm. ber saman toll á kaffi og gimsteinum, segir hann, að ósanngjarnt sé að tolla kaffið hærra og sykurinn. Getur vel verið. En ef lagður væri 1000% tollur á gimsteina og þess háttar, en enginn á kaffi og sykur, hver yrði þá árangurinn? Ríkissjóður mundi missa fulla milljón. (**HG:** Tollur á kaffi og sykri er áætlaður 850 þús. alls). Í reyndinni verður það á aðra milljón. Hvað verður úr því, sem ríkissjóður getur gert fyrir þjóðina, ef teóríum hv. þm. Ísaf. væri fylgt?

Hv. þm. sagði, að fleiri skattar væru óáreiðanlegir en tekjuskatturinn, og benti á tekjur af áfengi. Um það má segja, að síðan lag komst á áfengisverzlunina, hefir hún gefið jafnar tekjur og allmiklar. Stafar það sennilega að nokkru af því, að fólk hefir undanfarið haft töluverð peningaráð, — en engu síður af hinu, að nú er miklu betri stjórn á henni en áður var. Ég sé ekki ástæðu til að deila um þetta. En það dugar ekki að líta eingöngu á þá hliðina, sem að gjaldendunum snýr, heldur líka á möguleikana til að fullnægja þörfum ríkissjóðs.

Haraldur Guðmundsson: Það er rétt hjá hæstv. fjmrh., að ég hefi í ræðum mínum aðallega drepið á þá hlið, sem snýr að almenningi, er tollana verður að borga. Og það er eðlilegt, af því að hér er verið að ræða um frv. hæstv. ráðherra. En ég hefi jafnframt skýrt frá því, að ég muni bera fram hér í hv. deild frv. um tekjuöflun handa ríkissjóði í stað tollanna, og veit ég ekki betur en að hann

hafi séð þau, því að ég sendi ráðuneytinu þau til athugunar. Í frumvörpum mínum um tekju- og eignarskatt og fasteignaskatt og um tóbakseinkasölu er bent á tekjuauka, sem mun fyllilega bæta tekjumissi þann, sem lækkun nauðsynjatollanna samkv. tillögum mínum mundu baka ríkissjóði.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. einnar spurningar: Álítur hann, að á 40 millj. kr. skattskyldra tekna sé ómögulegt að leggja rösklega 2 millj. kr., þ. e. um 5%? Er réttara að leggja þessar 2 millj. á nauðsynjar fólksins og skatta með því lágtekjurnar? (HStef: Hv. þm. gleymir útsvörunum). Já, það lá að, að hv. 1. þm. N.-M. gleymdi þeim ekki. En við fáum vonandi að tala um þau síðar.

Hæstv. fjmrh. spurði, til hvers tollar og skattar væru. Hann svaraði sér sjálfur, að það væri til þess, að ríkissjóður hefði fé til gagnlegra framkvæmda. Vissulega þarf ríkissjóður að fá fé til þess að halda við rekstri þjóðarbúsins og styðja gagnlegar framkvæmdir. (SE: Bitlingarnir verða líka að koma með sköttum). Já, ég skal nú ekki fara út í þá sálma að sinni. En vel skil ég það, að hv. þm. Dal. viti af eigin reynd, hversu bitlingar smakkast og hvaðan þeir koma. — Spurningu hæstv. rh. er og hægt að svara sérstaklega að því er tollana snertir. Yrði þá svarið þetta: Tollarnir eru á lagðir til þess að hlífa stóreigna- og hátekjumönnum við réttmætum gróða- og eignaskatti. Aðalatriðið er þetta: Hvort á heldur að leggja skattana á nauðsynjar og neyzluvörur fólksins eða skuldlausar eignir og tekjur efnamannanna? Því minna sem af þeim er tekið, því meira þarf að leggja á neyzluvörur almennings. Því hafa Framsókn og Íhald svarizt í fóstbræðralag í skattamálunum til að hækka tolla, velta skattabyrðinni á alþýðuna, en hlífa gróða- og eignamönnunum.

Um þá útreikninga hæstv. fjmrh., hvað tapast mundi ef kaffi- og sykurtollur væri afnuminn, en 1000% tollur lagður á gimsteina og þ. h., þarf ég fátt að segja, en ríflega er tapið áætlað af hæstv. ráðh. Hann áætlar það eina millj., en allur kaffi- og sykurtollurinn er áætlaður aðeins 850 þús. kr. í fjárlagafrv. hans. Hvernig þessar 150 þús. kr. eiga að tapast, skil ég ekki.

Ég vil ekki láta ógert að minna hæstv. fjmrh. á það, sem flokksblöð hans og fundapostular hafa oft og einatt haldið fram sem meginverkefni og áhugamáli flokksins, — að lækka dýrtíðina. Mannlega væri það gert, ef flokkurinn og hæstv. stj. sneri að þessu mikla nauðsynjamáli og léti ekki sitja við orðin tóm. Dýrtíðin er óskapleg og kreppan erfiðasta viðfangsefnið, sem við blasir. En mér er óskiljanlegt, hvernig hæstv. fjmrh. ætlar að lækka dýrtíðina eða létta kreppuna með þessum skattafrv. sínum. Þau miða þvert á móti öll að því að auka dýrtíðina. Eftir því, sem hagskýrslur herma, fer a. m. k. tíundi hluti tekna almennings til að greiða tolla. Vöruverð verður því a. m. k. 10% hærra en ella, eingöngu vegna tollanna. Þetta er sú dýrtíð, sem tollarnir skapa. Og dýrtíðin er mest í þessari borg, sem lifir að mestu leyti á aðfluttum vörum. Með því að létta tollum af nauðsynjavörum væri stigið stórt spor í þá átt að minnka dýrtíðina. En með frv. hæstv. ráðh. á að hækka tollana, stiga spor til að auka dýrtíðina. Það er ekki í góðu samræmi við það, sem málsvarar flokks stjórnarinnar hafa látið sér um munn fara nú síðasta kastið.

Magnús Jónsson: Ég skal ekki blanda mér inn í deilu hæstv. fjmrh. og hv. þm. Ísaf., því að þar eigast þeir einir við, að ég hirði aldrei, þótt bitist nokkuð. Hv. þm. Ísaf. reis upp og veittist að frv., og bitnar það auðvitað sérstaklega á nefndinni, sem samið hefir frv. Hann dróttar því að nefndinni, að hún viti það rétta, þó að hún vilji ekki fara eftir því. Það er undarlegt, að hæstv. fjmrh. skyldi ekki svara öðru eins fyrir hennar hönd. (HStef: Nefndarmenn eru nú hérna!). Ég býst við, að þetta, sem hv. þm. sagði, hafi verið svo gamall visdómur, að menn hafi ekki nennt að rifja upp þessi fyrstu atriði í barnalærdómnum, þetta um skatta og tolla. Auðvitað mætti lesa upp fræðin hérna, og hæstv. fjmrh. byrjaði á því. Það er fyrst t. d., að ríkissjóður, sem hefir nokkurn veginn jöfn gjöld frá ári til árs, verður að tryggja sér

jafnar tekjur. Og það er ekki hægt, nema með því að leggja á það, sem menn verða að kaupa, hvernig sem lætur í ári. — Þetta er ekki skemmtilegt, en það er jafnsatt fyrir því. Og það er svo alkunnugt, að ekki ætti að þurfa að ræða um það.

En á tekju- og eignarskatti eru ýmsir gallar, og sá ekki minnstur, að erfitt er að framkvæma innheimtu hans réttlátlega. Mér finnst, að eins og lögin um tekju- og eignarskatt hafa verið framkvæmd hér á Íslandi, þá geti ég ekki sem þm. Reykv. annað en mótmælt því, að enn sé haldið áfram að heimta hann með fyllsta dugnaði hér í Reykjavík, en hvergi annarsstaðar. Ég held, að réttara væri að beina geiri sínum þangað, sem þörfin er meiri, úti um land, heldur en að hækka skatt, sem reynslan sýnir, að aðallega er innheimtur hér í bænum. Hlutfallið milli skattsins úr Reykjavík og öðrum landshlutum sýnir, að samræmi getur ekki verið. — Þessi galli mun lengi loða við skattinn, hvað erfitt er að fá hann réttan.

Annað er það, að í efnalitlu þjóðfélagi er ekki rétt að draga neitt úr kappi manna til að afla tekna og auka velmegun sína og þjóðarinnar. Hitt er rétt, að láta menn gjalda duglega af því, sem þeir vilja eyða. Mörg vara, sem menn þykjast þurfa að kaupa, getur bæði verið þörf og óþörf. Það fer eftir því, hvort hennar er neytt í hófi eða óhófi, og um það eru menn sjálfráðir.

Hv. þm. Ísaf. varð æfur út af því, að hæstv. fjmrh. hafði minnzt á niðurfelling skatts. En það er öll ástæða til að fella niður nokkuð af tekjuskatti vegna þeirrar fjárkreppu, sem nú þegar þrengir að og hlýtur að haldast fyrst um sinn, þó að vonandi sé, að ekki verði mjög lengi. Afkoma framleiðenda hefir sjaldan verið verri, afurðir þeirra eru fallnar í verði og lítt seljanlegar, svo að enn er óséð um afleiðingarnar. Hvernig á að bregðast við þessu?— Það er ekki hægt betur en með því að létta af mönnum einhverju af byrðum. Stjórnin hefði átt að búa svo skynsamlega, að við mættum létta talsvert á atvinnuvegunum; hún hefði átt að geyma kornið frá góðu árunum eins og Jósep.

Mér þótti því vænt um, þegar hæstv. fjmrh. boðaði afnám 25% gengisviðaukans. En sá galli var á gjöf Njarðar, að þessi skattur á að koma fram í hækkunum skatta samkv. öðrum frv. Breytingin er þá ekki til neins annars en að festa þessa skatta um aldur og æfi. Eftir þessu frv. á að festa hækkunina í skatti, sem heyrir undir tollalögin, og um leið kemur annað frv., sem festir hækkun í öðrum tollalögum.

Þetta sýnir, hve fjármálastjórn landsins hefir verið herfileg undanfarið og hve illa slíkt ráðleysi kemur niður á atvinnuvegunum.

Í stað þess að geta nú létt undir með atvinnuvegunum og fellt niður þyngslabyrðar, sem á þeim liggja, eins og fyrrverandi stjórn gerði, þá eru þær byrðar margfaldaðar nú með auknum tollum og sköttum, þegar herðir að. (HJ: En fyrrv. stj. skilaði landsreikningnum með tekjuhalla). Það er að vísu rétt, en það er langtum betra að hafa óskert gjaldþol atvinnuveganna, þó að einhver halli kunni að vera á rekstri þjóðarbúsins eitt og eitt ár. Það er stórkostlega hættulegt fyrir atvinnuvegina, eins og horfurnar eru einmitt nú framundan, að hækka skatta og tolla. Að vísu er mér ekki fullljóst, hvað hækkunin muni nema á einstökum liðum gildandi tolllaga. En ég hefi fyrir satt, að tollhækkunin á salti muni nema um 100%, af kolum hefir hann hækkað allmikið og á sjófötum er mér sagt, að hækkunin muni nema um 1000%.

Þetta sýnir því, að fjármálastjórn landsins hefir farið allt annað en vel úr hendi.

En þó er það langalvarlegasta í fjármálastjórn landsins ósagt enn, og það sannar betur en allt annað, hve stj. er ósýnt um að fara með fjármálin. Þrátt fyrir það þó að undanfarið hafi verið einstök góðæri, og þó að allir skattar og tollar séu hækkaðir, þá er samt svo komið, eins og fjárlagafrv. ber með sér, að svo að segja allar verklegar framkvæmdir eru felldar niður. Nú var einmitt nauðsynlegt, að ríkissjóður hefði getað haldið áfram með sínar framkvæmdir, þegar atvinnuvegir þjóðarinnar eru ýmist lamaðir eða í rústum.

Ríkissjóður á að vera í hópi atvinnurekenda eins og seðlabanki meðal annara banka. Hann á að skrúfa að í góðærinu, — láta minna vinna, þegar nóg er um atvinnu og framkvæmdir þjóðarinnar — en eiga svo sín koffort full af fé til þess að hjálpa, þegar kreppan dynur yfir. (**Forsrh.**: Vill þá bankaráðsmaðurinn lækka vextina?). Það liggur ekki fyrir hér að ræða það mál. En vill hæstv. forsrh. mótmæla þeirri reglu um seðlabankana, sem ég var að lýsa?

Þegar atvinnurekendur hafa miklar framkvæmdir með höndum og krefjast mikils vinnuafls, þá á ríkissjóður ekki að keppa á móti þeim með enn meiri framkvæmdum og gera með því allt ómögulegt og lenda svo í tómu öngþveiti á eftir.

Fjárlagafrv. sýnir betur en allt annað, að fjármálastefna hæstv. stj. er þegar farin að hefna sín, eins og hún líka hlaut að gera fyrr eða síðar.

Jóhann Jósefsson: Ég vildi leyfa mér að beina til stjórnarinnar, eða hæstv. fjmrh., þeirri fyrirspurn, hve mikla tollhækkun sé hér um að ræða frá því, sem nú er. Af frv. verður ekkert um það ráðið, hve mikil hækkunin er, en það er auðsætt, að hún muni mikil vera. Þess vegna vil ég skora á hæstv. fjmrh. að gefa nú þegar skjót svör um, hve miklu þessi tollhækkun muni nema. (**Fjmrh.**: Á þm. við verðtollinn?). Ég á bæði við verðtollinn og vörutollinn. Gengisviðaukinn hefir ekki verið fastur fram að þessu. En nú leggur hæstv. stj. til, að hann verði lögfestur, og verð ég að líta svo á, að það sé bein tollhækkun, og hún ekkert smáræði.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég hélt, að ég hefði tekið það atriði fram áður, að tollaukinn á munaðarvörum og á vörutollinum er ekki annar en sá, að bætt er við gengisviðaukanum, og er því aðeins um formsbreytingu að ræða frá því sem nú er.

Um verðtollinn er ekki hægt að segja eins nákvæmlega og ekki hægt að gefa nánari skýrslu um hann en kemur fram í ástæðunum fyrir frv. Ef hv. þm. Vestm. vill lesa aths. við frv., þá fær hann þar þær skýringar, sem enn er mögulegt að gefa.

Ég hafði ekki ætlað mér að svara þeim aths., sem fram hafa komið, en vegna þessarar fyrirspurnar frá hv. þm. Vestm. stóð ég upp, og vil ég þá nota tækifærið og víkja um leið fáeinum orðum að ræðum þeirra hv. þm. Ísaf. og hv. 1. þm. Reykv.

Ég varð að víkja mér frá á meðan hv. þm. Ísaf. talaði, svo að vera má, að ég hafi misst af einhverju, sem ástæða hefði verið að svara. En þegar ég kom aftur inn í d., var hann að gera sér mat úr því, að ég hefði nefnt 2 millj. í stað 850 þús. En þarna var um mismæli að ræða hjá mér, sem ég leiðrétti þá samstundis. En sannleikurinn er sá, að kaffi- og sykurtollurinn gáfu ríkissjóði á aðra milljón kr. í tekjur. Annars vil ég benda hv. þm. Ísaf. á, úr því að hann fór að gera sér mat úr þessu mismæli mínu, að hann mun einnig hafa mismælt sig, er hann var að boða, að hann ætlaði að leggja fyrir hv. deild frv. um tekju- og eignarskatt, þar sem ríkissjóði yrði séð fyrir rífl. tekjumissi. Hann mun hafa átt við, að ríkissjóði yrði séð fyrir nægum tekjum með frv. En hinsvegar held ég, að honum hafi ratazt rétt á munn, að frv. hans verði einmitt til þess að skerða drjúgum tekjur ríkissjóðs.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði á víð og dreif, eins og honum er lagið. Af ræðu hans mátti helzt draga, að hann mundi vera farið að langa til að komast í eldhúsið, enda er það nú svo um þennan hv. þm., að hann er alltaf að leita þangað, sem einhverra matfanga er von.

Hann þóttist vera að finna að því við mig, að ég hefði ekki tekið svari nefndar þeirrar, sem frv. hefir samið, út af illu orðbragði hv. þm. Ísaf. Báðir þessir hv. nefndarmenn eru hér viðstaddir, og áleit ég þá færa um að verja sig og því óþarft fyrir mig að hlaupa þar fram fyrir skjöldu. En það er ekki nema gott til þess að vita, að hv. 1. þm. Reykv. skuli vilja styðja smælingjana, enda mun það skylt lífsstarfi hans að safna undir vængi sína þeim, sem bágt eiga.

Annars situr það tæplega á hv. 1. þm. Reykv. að vera að álasa stj. fyrir það, að hún vilji ekki lækka vexti. Hann

á sæti í bankaráðinu og á einmitt að fjalla um, hverjir skuli vera vextir þjóðbankans. Stj. ræður þar engu um. Og ef þessi hv. þm. og bankaráðsmaður getur ekki fundið upp hjá sjálfum sér að lækka vextina, þá ætti hann að spara sér umr. um þetta. Að vísu var hann að afsaka sig með því, að engar till. lægju fyrir um þetta mál. En hvaðan ættu eiginlega þær till. að koma, nema frá sjálfu bankaráðinu?

Magnús Guðmundsson: Ég ætla ekki að tefja hv. deild á langri ræðu. En út af fyrirspurn hv. þm. Vestm. vil ég geta þess, að nefndin hefir litið svo á, að ef frv. þessi verða að lögum, þá muni þau gefa ríkissjóði líkar tekjur og nú á sér stað, eða kannske freklega það. Og eins og nú horfir við um afkomu ríkissjóðs, þá er hvorki hægt að sleppa neinu af þeim tollum, sem nú eru í gildi, né lækka þá. Ríkissjóði mun ekki veita af sínu á næstu árum, eftir því sem fjárhag hans er komið. Og þó að segja megi, að með frv. þessu sé verið að lögfesta gengisviðaukann, þá má alltaf breyta til síðar, ef þingið sér sér fært, og lækka þá tollana, t. d. um það, sem gengisviðaukanum nemur.

Það er satt, að margar breytingarnar eru í því fólgnar að færa ýmsar vörutegundir milli sérstakra flokka. Og þó að það sé ef til vill ekki allt rétt, eins og hv. þm. Ísaf. sagði, þá er það ekki ranglátara en áður var. Annars má lengi deila um einstök atriði eins og það, hvort rétt sé að setja þessar vörutegundir í þennan flokk eða hinn. Og nefndin mun heldur ekki standa á móti öllum breytingum, sem kunna að verða gerðar. Enda eru það ekki mótmæli gegn frv., þótt finna megi að slíkri niðurröðun og till. verði gerðar um tilfærslur einstakra vörutegunda á milli liða.

Áður en ég sezt niður, vildi ég leiðrétta misskilning, sem kom fram í ræðu hv. þm. Ísaf. Hann vildi halda því fram, að beinu skattarnir væru aðeins tekju- og eignarskattur, og þeir næmu ekki nema 10% af öllum tekjum ríkissjóðs. En það var sýnt fram á það í fyrra af meðnefndarm. mínum, hv. 1. þm. N.-M., að beinu skattarnir eru um helmingur af öllum tekjum ríkissjóðs. Og vil ég þá fyrir mitt leyti segja, að ekki sé hægt á sanngjarnari hátt að láta þessar tvær stefnur mætast — beina og óbeina skatta — en nú er gert.

Magnús Jónsson: Það eru aðeins örfá orð til hæstv. fjmrh. Hann fór alls ekkert út í að reyna að verja hina hræðilegu útkomu á ríkisrekstrinum, sem fjármálaskammsýni og óvit hæstv. stj. hefir leitt yfir þjóðina. En þetta er einmitt nú að koma í ljós, þar sem hæstv. stj. verður að heimta meira, þegar herðir að og kreppa dynur yfir, og getur þó ekki látið framkvæma neitt. En í staðinn fyrir að fara út í þessa sálmą, fer hæstv. fjmrh. að brýna mig á háum vöxtum. Ég minntist ekkert á háa eða lága vexti. Ég tók aðeins líkingu um seðlabankana og benti á, að þeir hefðu háa vexti þegar mikil eftirspurn væri eftir peningum, en lækkuðu svo vexti þegar kreppan kæmi. Og eins ætti stj. að fara að: Þegar mikil góðæri eru, vil ég geyma gjaldþolið, ekki í jöfnunarsjóði, eins og hv. þm. Ísaf., heldur í sjálfum atvinnuvegunum, með því að gera þá traustari.

Hæstv. fjmrh. spurði, hvers vegna ég lækkaði ekki vextina. Ég skil ekkert í þessum misskilningi ráðherrans. Ég svaraði aðeins því, sem hæstv. forsrh. skaut fram í í fyrri ræðu minni.

Annars er ekki nema gott til þess að vita, að hæstv. stj. er orðin svona bljúg og viðurkennir nú, að hún ráði engu um vextina. Annað söng þó í þessum sömu mönnum fyrir síðustu kosningar. Þá var því óspart haldið að þjóðinni, að þeir þyrftu að komast í valdasessinn og þá mundu vextirnir verða lækkaðir samstundis. Hvað er nú orðið af stóru orðunum og öllum loforðunum, sem þá voru gefin?

Annars er það barnaskapur hjá hæstv. fjmrh. að halda, að það sé bankaráðið, sem ráði vöxtunum. Það er fjármálaástandið á hverjum tíma, sem ræður þeim. Ég get ekki skilið, hverskonar mannhundar væru þá í bankaráðum veraldarinnar, ef þeir skrúfuðu upp vextina eftir eigin geðþótta. Það er ástandið í landinu, sem skapar háa eða lága vexti. Ég veit ekki til, að þær ástæður séu fyrir

hendi, að hægt sé að lækka vextina. En það getur verið, að þessari fjármálastjórn, sem við eigum við að búa, takist að koma ríkissjóðnum í það öngþveiti, að vextir lækki. Lágir vextir bera ekki vott um mikla velgengni, heldur hnignun.

Hæstv. fjmrh. talaði fagurlega um það, hvernig ég safnaði undir vængi mína öllum þeim, sem bágt eiga. Ég sé á öllu, að hann á bágt, eins og líka er von, þar sem hann verður að bera ábyrgð á þessu óskaplega ástandi, sem hann á þó sennilega litla sök á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 75).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Við flutning þessa máls og grg. þess hafa verið færðar fram ástæðurnar fyrir þessu frv. Frv. hefir nú verið athugað í n., og meiri hl. n. fallizt á það; en einn nefndarmanna var veikur og átti því engan þátt í afgreiðslu þess. Til athugunar í n. kom einnig annað frv. um sama efni að nokkru leyti, frá hv. þm. Ísaf., sem komið hafði fram síðar. Ber að skilja svo, að n. hafi með afgreiðslu þessa frv. einnig tekið afstöðu til frv. hv. þm. Ísaf.

Þetta er í sjálfu sér ofureinfalt mál. Það eru einungis tvö atriði, sem tillit þarf að taka til: 1) Hvort rétt sé að setja í samfellda heild þau lagaákvæði, sem að þessu lúta. 2) Hvort rétt sé að festa gengisviðauka þann, sem fylgt hefir tollögunum nú um hríð, til viðbótar frumtollinum.

Gengisviðaukinn var lögfestur á þinginu 1924. Var það gert til þess að hamla nokkuð á móti rýrnun þeirri, sem þá var orðin á peningunum. Hann var settur til bráðabirgða, vegna þess, að ekki þótti sýnt, hvernig fara mundi um gengið og gildi peninganna. Hefir hann svo verið framlengdur alla tíð síðan. Nú má telja útséð um það, að gengi krónunnar verði raskað frá því, sem nú er. Afstaða þingsins til gengismálsins er slík. Sýnist því rétt að festa gengisviðaukann í sjálfum lögunum og komast með því hjá tvennskonar ákvörðunum um sama tollinn.

Eins og ég gat um áðan, þá kom frv. hv. þm. Ísaf. til umtals í n. — Þótt það frv. liggi ekki fyrir til umr. nú, þá eru þó meginrök þess svo tengd þessu frv., að vel má ræða þau í sambandi við það. Um það verður varla deilt, að tollar á óhófs- og munaðarvörum eru einhverjir sjálfsögðustu og réttlátustu tekjustofnarnir. Það er vegna þess, að svo má segja, að þann toll þurfi ekki aðrir að greiða en þeir, sem vilja. Þetta mun mega teljast alviðurkennt. Þess vegna var munaðarvaran sú vörutegund, sem fyrst var tolluð hér á landi sem víða annarsstaðar. Um réttmæti þessa tollstofns eru allir sammála. En um hitt hefir verið og er ágreiningur, hvað telja skuli munaðarvörur. Svo er það t. d. um kaffi og sykur. Sumir telja þær tegundir óhjákvæmilegar nauðsynjavörur. Það er að vísu satt, að þjóðin er nú búin að venja sig á mikla neyzlu á þessum vörum. En á það ber þó að líta, að áður fyrri hafði þjóðin nálega ekkert af þessum vörum að segja og lifði þá engu óheilbrigðara lífi en nú, heldur þvert á móti. — Ýmsir læknar halda því líka fram, að þó að sykur sé í sjálfu sér góð vara og næringarrík, þá sé þó ofnautn sykurs líkamanum skaðleg. Sykrið brennur í líkama mannsins líkt og áfengi, og þá sennilega með líkum verkunum á líkamann. Er þessi skoðun því sennileg. Ég skal þó eigi um þetta dæma til fullnustu.

Í ritum Hagstofu Íslands er m. a. skýrsla um sykurnotkun landsmanna tæp síðastliðin 50 ár, eða frá 1880—1928. Fyrsta áratuginn af þessu tímabili var sykureyðslan 7—8 kg. á mann að meðaltali. Vitanlega var hún minni þar áður. Um aldamótin var hún orðin nál. 15 kg. 1928 var hún 38—39 kg. á mann. Af þessum tölum er það auðséð, að mikið af innfluttum sykri er notað sem óhófsvara. Og þótt sykur sé ríkur af næringarefnum, þá má fá sömu næringarefni í öðrum vörum á ódýrari hátt og hollari. Þegar hv. flm. hins frv. bar það fram, þá færði hann sem aðalástæðu fyr-

ir því að lækka sykur- og kaffitollinn, að sá tollur væri hærri, miðað við verðmæti, en tollur á skrautmunum. Þetta er rétt. Hv. flm. gat þess einnig og það með réttu, að tollur af kaffi og sykri væri hlutfallslega hærri nú en í fyrra. Þetta hvorttveggja er mjög eðlilegt, þar sem þetta eru þungatollar, sem verða hlutfallslega við verðið því hærri, sem varan, sem hann er lagður á, er lægri í verði. Um sykurtollinn var þetta athugað í mþn. árið 1928, reiknað út eftir verðlagning 1925. Eftir því var hann þá tæplega 30% af kaupverði. Að tollurinn er hlutfallslega hærri nú, sýnir einungis það, að sykur hefir lækkað í verði síðan. En sú er þó bót í máli, að eftir því sem kaupverðið er lægra, eftir því ætti að vera hægra fyrir neytendur að borga tollinn. Hann er einn og hinn sami. Þá vildi sami hv. þm. draga dár að því, hve óheyrilegt og fáránlegt það væri að hafa þessa tolla hærri, miðað við verðmæti, en t. d. á skrautgripum. Það er að vísu nokkuð til í þessu, út af fyrir sig, en ástæðan fyrir því að hafa ekki glysvörutollinn hærri er eingöngu sú, að hætt er við, að hærri tollun á þessum vörum bæri ekki tilætlaðan árangur til tekjuauka. Slíkur varningur er fyrirferðarlítill og auðvelt að koma honum undan skatti með ýmsum undanbrögðum. Ef tollurinn væri settur svo hátt, sem maklegt væri, þá myndi það freista manna um of til tollsvika, og tollurinn yrði ef til vill engu meiri, sem til skila kæmi. — Um kaffi- og sykurtollinn er öðru máli að gegna. Þar er um vöru að ræða, sem erfitt er að koma undan til tollgreiðslu, enda gefur bæði miklar og vissar tekjur, sem segja má, að þeir séu maklegir að greiða, sem nota þessar vörur óhóflega mikið. Ég vil þá líka benda hv. þm. á það, að samkv. frv. hans ætlast hann til, að sykurtollurinn verði 10 aurar á kg. Sé nú byggt á útreikningum hans, þá er það þó 60—70% verðtollur, eins og verðlag er nú, nál. helmingi hærri en glysvörutollurinn, sem hann talaði mest um. Háðglósur hans til ámælis stj. og þeim öðrum, sem frv. fylgja, slá hann sjálfan líka. Þessi flekklausi maður í tolla- og skattamálum, sem þykist vera, leggur sjálfur til, að sykurtollurinn sé helmingi hærri en á skrautgripum, miðað við verðmæti! Þetta með öðru sýnir, að hann flytur þetta frv. sitt og aðrar till. í þessum málum eingöngu til þess að veiða menn í hina veilu röksemdafærslu sína.

Þá gerði hv. þm. samanburð við nágrannalöndin á þessum tollum og gat þess, að þeir væru hærri hér en þar, að undanteknu því, að sykurtollurinn er hærri í Noregi en hér. Þetta hefir í sjálfu sér litla þýðingu, þarfirnar eru misjafnar, ástæðurnar einnig og sjónarmiðin, og hvert ríki hagar þessu hjá sér eftir sínum ástæðum.

Ég hefi áður minnzt á hina óhóflegu og ef til vill skaðlegu sykurneyzlu. Mér þykir geta komið til mála að tolla hann sérstaklega hátt, beinlínis til varúðar og varnaðar gegn hinni óhóflegu neyzlu. Tollur á kaffi og sykri er nú og eftir till. frv. eins og hann var fyrir stríð og hefir eiginlega dregizt aftur úr öðrum munaðarvörutollum, þar sem gengisviðaukinn hefir verið felldur niður á þessum vörum á einum tíma, sem hann er látinn haldast við á öðrum. Ég hefi þá stuttlega gert grein fyrir ástæðum fyrir till. frv. og leyfi ég mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni, verði málinu vísað til 3. umr.

Héðinn Valdimarsson [óyfirl.]: Ég hefi verið veikur undanfarna daga og því ekki getað tekið þátt í afgreiðslu þessa máls. En ég geri ráð fyrir, að það geri ekki svo mikið til, því að það mun fyrir löngu hafa verið ákveðið, hvernig það færi hér í þinginu. Í fyrra voru Framsóknarfl. og Sjálfstæðisfl. sammála á móti Alþýðufl. Er það einkennilegt, að í máli, sem mest er um deilt í heiminum, skuli 2 stærstu flokkarnir vera algerlega sammála, svo, að ekki gengur hnífur á milli. Það eru svo sem ekki mikil deilumál í landinu, þegar fulltrúar þessara flokka eru á eitt sáttir um það, hvernig fara eigi með fjármálin. Nú eru þeir fallnir í faðma hv. 1. þm. Skagf. og hv. 1. þm. N.-M. Við Alþýðuflokksmenn látum okkur nægja að halda áfram stefnu okkar, að skattar fari eftir getu og gjaldþoli manna, en geti ekki verið ákveðnir eftir neyzlu á þessum og þessum vörutegundum. Ég hygg, að

það muni verða barizt nú við næstu kosningar um þetta mál milli flokkanna, þó ekki milli Framsóknarfl. og Sjálfstæðisfl. Er þetta samband viðurstyggilegt. Að öðru leyti ætla ég ekki að tala um kaffi- og sykurtoll, en vona, að tækifæri gefist síðar til að tala um það.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum til að sýna fram á, að bandalag er með Framsókn og Íhaldi í skattamálum. Ég get ekki neitað, að mér finnst sambúðin vera svo mjög áberandi, að hneykslun valdi. Faðmlögin voru svo heit, að nefndin flýtti að afgreiða frv., þegar minni hl. var ekki við. Í öðru lagi finnst mér undarlegt, að þegar fyrir liggja 2 frv. um breytingu á tolllögum, þá skuli annað frv. vera afgreitt, en hins ekki getið að neinu. Í þessu sambandi vil ég spyrja hv. nefnd, hvort hún vilji veita frv. mínu afgreiðslu. Mér er nauðsyn á að vita þetta, því að fái frv. ekki afgreiðslu, þarf ég að vita það tímanlega, og úr því sem komið er, þó að sjálfsögðu æski ég annars, koma með brtt. við frv. stj. fyrir 3. umr. Ég veit ekki betur en að „æskumanna" Íhaldsfélögin hér hafi gefið út stefnuskrá og eitt atriði í henni sé að afnema tolla. Samflokksmenn þeirra, sem að þessu frv. standa, eru ekki á því. Tolli á kaffi og sykri er ekki í neinu breytt. Hann mun vera um 100—120% af innkaupsverði. Ég minnist þess að hafa heyrt hv. frsm. segja, að slíkar vörutegundir væru vel fallnar til einkasölu, en hví leggur hann það ekki til í stað tollhækkunar? Svo vill hv. frsm. halda því fram, að þessar vörur séu vel fallnar til að leggja á þær tolla, því að þetta séu munaðarvörur. Hann var að burðast við að færa rök fyrir þessu, og skal ég játa, að þess var heldur ekki vanþörf. Íslendingar, segir hann, hafa lifað öldum saman án kaffis og sykurs, þar af leiðandi eru það óþarfavörur. Ég held, að kol og olía hafi verið óþekkt á okkar frægu söguöld; það væri því eftir röksemdafærslu hv. þm. hreinasti óþarfi að flytja slíkt inn í landið. Ég tala nú ekki um mótora, það ætti blátt áfram að banna að flytja þá inn. Ekki notaði Ingólfur Arnarson eða Hjörleifur þá. Að færa slík rök sem þessi er að misbjóða virðingu þingsins. Það má eins vel leita til steinaldarinnar, eða enn lengra aftur í tímann. Það verður að líta á þann tíma, sem við lifum á. Ekki er allt óþarfi, sem ekki er bráðnauðsynlegt til að halda í mönnum lífinu. Það, sem hv. þm. telur óþarfa, er það sem veldur því, að mennirnir eru menn en ekki skepnur. Í því liggur menningin, að hagur manna batnar, kröfurnar verða stærri og fleiri. Hv. frsm. sagði, að læknum væri áhyggjuefni, hve mikið flyttist af sykri inn í landið, 38—39 kg á mann. 1908, þegar hér var rætt um sykurtollinn, man ég ekki betur, en að 2 læknar, Guðm. Björnson, núverandi landlæknir og annar læknir til, stæðu upp og andmæltu sykurtollinum, því að sykur væri hrein og bein nauðsynjavara. Og sykur er ótvírætt nauðsynlegur öllum og sérstaklega fólki, sem lifir við fábreytt mataræði, en síður því, sem getur veitt sér fjölbreyttari mat. En nú má náttúrlega fá sykur úr öðrum efnum. (H-Stef: Ekki er það ódýrara). Ég efast um, að þar fari hv. þm. með rétt mál. Hv. þm. sagði, að lítt væri takandi mark á hjali mínu, þar sem ég vildi hafa 10 aura sykurtoll og 40 aura kaffitoll. Ég flutti frv. mitt sem lítið spor í rétta átt, hélt, að ef til vill væri hægt að fá þessa litlu lækkun. En ef ég flytti till. um lækkun niður í 1%, væri engin von til þess að fá meiri hl. í d. til þess að samþykkja það. Það er svo að skilja hjá hv. frsm. öðru hvoru, að tollar séu skammarlega háir. Ef hv. frsm. vill gera bandalag við mig um að lækka tolla, þá skal ég taka frv. mitt aftur. Ég verð að segja það, að þótt ekki sé um mikla upphæð að ræða, þá munar um minna en að fá 230 þús. kr. lækkun. Í brtt. mínum er farið fram á lækkun, sem alls nemur 2 millj. Ég skal svo ekki orðlengja þetta meira. En ég vildi mælast til, að þessu frv. væri slátrað frá 3. umr. Vænti ég þess, að hv. frsm. láti þess getið, hvort nefndin hyggst að afgreiða mitt frv. eða ekki. Ég þarf að vita það strax.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Mér kemur ekki á óvart, þótt hv. þm. Ísaf. sé ekki ánægður með afstöðu meiri hl. n. En ég sé ekki ástæðu til við þessa umr. að vera að halda hér uppi löngum almennum umræðum um tolla- og skattamál.

Ég vil þá byrja á, til þess að gleyma ekki að svara því, sem hann spurði um, hvort n. hygðist ekki að afgreiða frv. hans um þetta sama efni. Ég hefi þegar áður getið þess, að með því að afgreiða þetta frv., sem hér liggur fyrir, þá væri vitanlega með því tekin afstaða til hins málsins. Ég hefi eiginlega ekki getað gert mér ljóst, hvers vegna hv. þm. hefir borið till. sínar fram sem sérstakt frv., en ekki sem brtt. við þetta frv., því að málið liggur þannig fyrir, að það lá beint við fyrir hv. þm. að bera sínar till. í málinu fram sem brtt. við þetta frv. En vitanlega skal það vera óátalið af mér, hvaða leið hann hefir valið. Hv. þm. gat þess, að hann hefði orðið var við þær skoðanir hjá mér í einkasamtölum, að ég teldi hátollaðar vörur vel fallnar til einkasölu. Ég kannast við þetta og hefi sýnt það í verkinu með því að hafa orðið hv. þm. sammála um að bera fram frv. um einkasölu á tóbaki. En það vil ég taka fram jafnframt, að ég tel ekki allar hátollaðar vörur jafnvel fallnar til einkasölu.

Það kom fram hjá báðum þeim hv. þm. sem töluðu hér á eftir mér, að þeir væru óánægðir með, að ekki var fallizt á þeirra afstöðu í þessum málum. Eins og þeim hafi þurft að koma það svo á óvart! Ég held, að í rauninni hafi þeim ekki komið það svo á óvart eins og þeir láta. Hv. þm. Ísaf. hefir fengið allnáin kynni af mínum skoðunum í þessum efnum. Þetta lýsir því aðeins gremju þeirra yfir því að hafa ekki yfir skoðunum annara að ráða.

Út af ummælum þeirra um samvinnu Framsóknarfl. og Sjálfstæðisfl. í tolla- og skattamálum vil ég hjálpa upp á minni þeirra með því að benda þeim á, að við hv. þm. Ísaf. höfum þó orðið sammála um einstök frv. í skattamálum, sem ekki hafa aðrir orðið til þess að fallast á með okkur. Má þar nefna t. d. frv. um einkasölu á tóbaki, sem lá fyrir þinginu í fyrra. Þá skal ég geta þess, að ég hafði heiðurinn af því að afgreiða með hv. þm. Ísaf. eitt skattafrv., sem ekki hefir enn verið lagt fyrir Alþingi, en er í vörzlum hæstv. stj. (MG: Hvaða frv. er það?). Það er frv. um verðhækkunarskatt. Annars þykir mér hv. þm. Ísaf. vera óþarflega gleyminn á það úr samvinnu okkar, sem var á betri veginn. Eins og ég hefi sýnt fram á, þá höfum við verið sammála í sumum þessum málum og í mörgum einstökum atriðum, og mætti hv. þm. minnast þess einnig.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég vil þakka hv. fjhn. fyrir fljóta og góða afgreiðslu þessa máls og jafnframt þeirra annara frv., sem næst eru á dagskránni og fylgja eiga þessu frv.

Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til þess að blanda mér inn í þær deilur, sem spunnizt hafa um þetta mál hér í deildinni. Það er um tvær ólíkar stefnur að ræða, sem ekki verða samrýmdar að neinu verulegu leyti, og það verður að ráðast, hvor stefnan verður ofan á við afgreiðslu þessa máls hér í deildinni. Hv. þm. Ísaf. hefir sína sérstöku skoðun á þessu máli, og við því er ekkert að segja. En annars kom ekkert nýtt fram í ræðu hans, enda er þetta mál þrautrætt hér í deildinni, bæði fyrir fáum dögum og á fyrri þingum. Ég mun þess vegna ekki eyða tíma þingsins til þess að blanda mér inn í þær deilur frekar.

Magnús Guðmundsson [óyfirl.]: Mér þótti hv. þm. Ísaf. helzt til grimmur, er hann vildi láta slátra þessu frv. nú þegar. Ég held, að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því, hver yrði afleiðingin af því, nefnilega, að þá yrðu tollarnir eins og þeir eru nú, það er að segja eins og þeir eru í frv.

Hv. þm. lýsti yfir því, að hann flytti sitt frv. gegn samvizkunnar mótmælum. Getur hann þá ekki ímyndað sér, að svo kunni að vera um fleiri en hann, og menn neyðist til að leggja annað til þessara mála en það, sem þeir hefðu helzt kosið? Það eru fleiri tillit, sem taka þarf á þessum málum, en hæð skattanna; það verður líka að sjá ríkinu fyrir tekjum, en það er skylda okkar alþm., og þess vegna megum við ekki festa áugun á því eingöngu, er snýr að gjaldendunum. Úr því að hv. þm. Ísaf. verður að nauðga sinni samvizku í þessum efnum, þá má hann vel skilja það, að fleiri geta verið nauðbeygðir til hins sama. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að ég hefði mikinn hug á því að lækka toll-

ana, ef ég teldi það framkvæmanlegt, en ríkissjóðurinn þolir það ekki. (HG: Ef eitthvað kemur í staðinn). Það er ekki einhlítt að benda á tekjuskatt, eignarskatt og þvílíkt, því að það nægir ekki ríkinu nema í einstöku góðærum ef til vill. Og það er alveg víst, að ef hv. þm. Ísaf. og hans flokkur bæri ábyrgð á fjármálum landsins, þá þyrði hann ekki að bera fram slíka till. Það hefir sýnt sig, að jafnaðarmenn annara landa halda ekki fast í þau princip, sem þeir fylgdu áður í skattamálum, eftir að þeir komast til valda. Beygðir af nauðsyn hafa þeir orðið að þverbrjóta sín fyrri loforð og sínar meginreglur í skattamálum. Og ég get ekki séð, að ríkið þoli verulega lækkun tolla og skatta, eins og fjármálum þess er nú komið. (HG: Ef séð er fyrir öðru á móti). Ég kalla það ekki, þótt bent sé á að leggja mörg hundruð prócent toll á gull og gimsteina, sem flutt er inn í landið. Vitanlega er sjálfsagt að lækka tollana, ef það er unnt, en þess ber jafnframt að gæta, að okkar þjóðfélag er á því stigi, að brýn nauðsyn er á því að leggja sem mest í verklegar framkvæmdir og umbætur, og þess vegna verður að velja á milli, hvort leggja á höfuðáherzlu á verklegar framkvæmdir eða lækka tollana, sem hvorttveggja er nauðsynlegt og æskilegt, en ekki samrýmanlegt í senn. Það má vel vera, að sú stefna verði ofan á, að draga úr opinberum framkvæmdum í framtíðinni, en þá þætti mér undarlega við bregða, ef það yrðu jafnaðarmenn, sem réðu í landinu þá og tækju upp þá stefnu. Sjálfstæðismenn hafa sýnt það í verkinu, að þeir vilja lækka tolla og skatta, þegar tækifæri gefst til þess, og nægir að benda á lækkunina 1926, þegar núverandi sjálfstæðismenn fóru með völd.

Hv. þm. Ísaf. hefir gert mikið úr þessum 5 aura mun á sykurtollinum í hans frv. og frv. stjórnarinnar. Það munar að vísu dálitlu, 2½ eyri á hverju pundi, en þó er það ekki meira en svo, að verðsveiflurnar frá ári til árs nema oft miklu meiru.

Það var helzt á hv. þm. að skilja, að honum stæði nokkur ógn af hinum myndarlega og sívaxandi félagsskap ungra sjálfstæðismanna hér í Reykjavík. Ég get vel skilið, að honum komi það ekki vel, enda býst ég við, að það verði nokkur bið á því, að honum takist að veiða þessa ungu menn, sem bundizt hafa öflugum samtökum undir merki Sjálfstæðisflokksins.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Því fer fjarri, að mér sé í nöp við þessa hrevfingu ungra íhaldsmanna í Reykjavík. Þeir virðast þó vera mun skárri en þeir eldri, t. d. hv. 1. þm. Skagf., enda er þá að vísu ekki langt til jafnað. Hitt þótti mér dálítið kynlegt, að hafa lækkun tolla á stefnuskrá sinni, en ætla að ná því takmarki með því að styðja Íhaldsflokkinn! Í þessu felst barnaleg mótsögn, því að Íhaldsflokkurinn berst fyrir háu tollunum, eins og kunnugt er. Annars skal ég engum getum að því leiða, hvernig á þessu stendur; það er kannske innanheimilismál, sem ég hefi ekki leyfi til að blanda mér inn í.

Ég get ekki þakkað hv. frsm. meiri hl. svör hans viðvíkjandi minu frv. Hann sagði, að það væri afgreitt með nál. Því næst spurði hann hví ég hefði ekki komið fram með brtt. við þetta frv., í stað þess að flytja sérstakt frv. Þetta finnst mér undarlega spurt, því að þeirra frv. gengur einungis út á að lögfesta gengisviðaukann, en í minu frv. er ekkert slíkt, heldur er þar um gagngerða breyting að ræða á núgildandi lögum.

Hv. frsm. sagði, að mér hefði ekki þurft að koma á óvart afstaða hans til þessa máls. Nei, vissulega ekki. Ég hafði aldrei efazt um afstöðu hans né hv. 1. þm. Skagf., þar sem þeir sömdu þetta frv. saman. Þessi orð hv. frsm. eru alveg út í bláinn.

Þá reyndi hv. frsm. meiri hl. að mótmæla því, að faðmlög Íhalds og Framsóknar í þessu máli væru eins innileg og ég héldi. Hann sagðist hafa flutt með mér frv. um einkasölu á tóbaki í fyrra, sem hefði fengið slæmar viðtökur. Sömuleiðis höfum við samið frv. um verðhækkunarskatt, en það hefir ekki fundið náð fyrir augum hæstv. fjmrh., enda þótt hann hafi tekið tollafrv. meiri hl. skattamálanefndarinnar upp á sína arma.

En þessar röksemdir hv. frsm. sanna ekkert. Hæstv. fjmrh. hefir nú sagt það, sem á vantaði hjá mér til sönnunar því, að stefna Íhalds og Framsóknar í skattamálum sé hin sama. Hann lét svo um mælt, að hér væri aðeins um tvær stefnur að ræða, og á hann þar vitanlega við stefnu okkar jafnaðarmanna, að taka sem mest með beinum sköttum á arði og eignum, og hinsvegar stefnu íhaldsmanna, að taka sem mest með tollum nauðsynja. Stærsti flokkur þingsins, stjórnarflokkurinn, virðist í rauninni enga stefnu hafa, og hefir hér á þingi tekið upp stefnu íhaldsmanna í skattamálum. Þessu hefi ég jafnan haldið fram, og þetta er nú fullsannað með yfirlýsing hæstv. fjmrh.

Hv. 1. þm. Skagf. þótti ég grimmur, að vilja láta lóga þessu frv. nú þegar. Ég get nú ekki talið það neina sérstaka grimmd, og sízt umfram maklegleika. Stundum kemur það fyrir, að frv. eru felld frá 2. umr., en þessu frv. hefir þó verið leyft að ganga til 2. umr., og vona ég, að þar með sé saga þess á enda.

Það er skakkt, að þetta frv. breyti engu frá því sem nú er, eins og hv. 1. þm. Skagf. hélt fram. Með þessu frv. er verið að lögfesta gengisviðaukann, sem annars fellur niður í árslok 1931.

Hv. 1. þm. Skagf. talaði um samvizkubit sitt vegna sinna afskipta af skattamálum. Ég vil ekki bera brigður á það, að hann segi þar satt frá, en mikið má vesalings maðurinn hafa kvalizt af samvizkubiti öll þessi ár, sem hann hefir setið á þingi. En harla lítið hefir hann skipazt við samvizkunnar átölur, og hlýtur samvizkubit hans því að vera orðið króniskt fyrir löngu.

Hv. þm. talaði mikið um það, hversu illt það væri að þurfa að leggja svona mikið á nauðsynjavörur almennings, en hjá því yrði ekki komizt, því að ríkið vantaði fé. En hv. þm. neitar að sjá, að bent hefir verið á aðrar leiðir til þess að afla sömu tekna. Ef frv. mín um tekju- og eignarskatt verða samþ., bætist ríkissjóði minnst 1 millj. kr. tekjur árlega. Að vísu getur tekjuskatturinn munað nokkru frá ári til árs, en fasteignaskatturinn er þrautviss og litlum breyt. háður frá ári til árs, nema þá í hækkunaráttina.

Hv. þm. hélt því fram, að þar, sem jafnaðarmenn hefðu komizt til valda erlendis, hefðu þeir jafnan brugðizt fyrri kenningum sínum í skattamálum. Hér fer hv. þm. með fleipur eitt. Hvaða land getur hv. þm. bent á, þar sem jafnaðarmenn eru í hreinum meiri hluta, annað en Rússland? En í Rússlandi eru engir tollar. (MG: Eru það þá jafnaðarmenn, sem ráða í Rússlandi?) Heimskulega spurt. Þar ráða kommúnistar. En tollana hafa þeir afnumið engu að síður. Slíkt er til eftirbreytni. Ágreiningur jafnaðarmanna og kommúnista er eigi um skattamál. Annars veit hv. þm. það, að þar sem jafnaðarmenn hafa komizt í stjórn, hafa þeir alstaðar beitt sér fyrir lækkun tolla, t. d. í Danmörku, Englandi og Svíþjóð. Í Noregi hafa þeir verið við völd einungis eina viku, og engu áorkað fyrir þá sök. Annars væri gott, ef hv. þm. vildi sanna mál sitt með dæmum, heldur en fleipra með staðlausa stafi um þessa hluti.

Loks sagði hv. þm., að ég legði mikið upp úr þessum 5 aura mun á sykurtollinum. En það eru ekki 5 aurar heldur a. m. k. 230 þús. kr. á ári, sem hér er um að tefla. Auk þess má bæta við 25% álagning verzlana, og verða þetta þá yfir 300 þús. kr. á ári, eða 15 kr. á meðalheimili í landinu, en miklu meira á þau heimili, þar sem lítið er um mjólk og mjólkurafurðir. En muni almenning ekki mikið um þetta, þá munar ríkið því minna um það. Annars væri það eðlilegastur samanburður, hvort réttlátara væri og hagfelldara að taka þessar 230 þús. kr. á þennan hátt eða t. d. með því að koma á einkasölu á tóbaki og eldspýtum og taka sömu upphæð sem heildsölugróða af þeim vörutegundum og létta skattinum á nauðsynjum fólksins sem því nemur.

Magnús Guðmundsson [óyfirl.]: Það er allsendis rangt hjá hv. þm. Ísaf., að sjálfstæðismenn vilji alltaf hækka tollana; reynslan mælir á móti þessu, enda eru þetta staðlaus ósannindi. Hitt er alveg rétt, að við höfum fulla meðvitund um það, að skaffa þarf fé í ríkissjóðinn, og enda þótt við viljum jafnan átelja óskynsamlega meðferð opinberra fjármuna, þá þýðir ekki að neita um að útvega það fé, sem nauðsynlega þarf.

Þá var hv. þm. að tala um samvizkubit mitt og fór þar með rangfærslur að vanda. Ég hafði aðeins sagt það, að ég vildi, að skattar og tollar væru lægri en nú er, og var þetta mælt af fullri hreinskilni og alvöru. Annars skiptir mig engu, hvað hv. þm. nefnir það, er menn eru hreinskilnir; má vera, að hann hefði gott af að temja sér þá list meira en hann virðist hafa gert til þessa.

Ég lít svo á, að þess sé enginn kostur að afnema tolla að fullu, eins og hv. þm. Ísaf. vildi helzt. En mér virðist eftir atvikum réttast að fara meðalveginn í þessum sökum, og hafa bæði tolla og skatta samtímis, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég sé ekki aðra heppilegri leið, þar sem betur sé tekið tillit til þarfa ríkisins og getu einstaklinganna í senn. Hitt er annað mál, hvað væri æskilegast; við verðum að beygja okkur fyrir staðreyndunum.

Hv. þm. Ísaf. viðurkenndi um daginn, að tekju- og eignarskatturinn væri hærri hér á landi en í öðrum löndum álfunnar, að þeim löndum undanteknum, sem tóku þátt í heimsstyrjöldinni. Þó hafa jafnaðarmenn haft mikil völd víða, t. d. hafa þeir verið við stjórn í tveim af Norðurlöndunum, en alls ekkert gert til þess að fá skattana hækkaða, nema í Danmörku, þar sem eignarskatturinn var hækkaður örlítið í fyrra. Það er þess vegna auðsætt, að hv. þm. Ísaf. er meira í ætt við þá rússnesku en flokksbræður sína á Norðurlöndum.

Ég efast um, að þm. jafnaðarmanna í Danmörku viðurkenni, að ekkert beri á milli socialdemokrata og bolsjevíka í Rússlandi nema aðferðin til að ná markinu, því að engir flokkar berast meir á banaspjót í Danmörku en þeir. (SE: Hvernig er það hér?). Þeir hallast meir að þeim rússnesku hérna, og að því leyti kann að vera, að ég geri þeim rangt til með því að bera skattastefnu þeirra saman við stefnu dönsku jafnaðarmannanna.

Hv. þm. Ísaf. þykist hafa fundið lífselixír í því að hækka fasteignaskattinn. Ég skal viðurkenna, að hann hefir þennan kost, að hann er innheimtur, meðan fasteignirnar eru óseldar. En svo lengi má halda áfram að hækka hann, að ríkið verði að fara að taka jarðir og hús upp í skattinn. Þá er alveg að því komið, að ríkið taki allar jarðir undir sig. Það er auðvitað það, sem hv. þm. Ísaf. vill. Hann hefir ekki dregið dul á það, jafnvel ekki á fundum í sveitum. Þetta er byrjunin á stafrófi hans. En ég er hræddur um, að ef bændur væru spurðir að, hvort þeir vildu heldur hafa kaffi- og sykurtoll eða gjalda háan skatt af jörðum sínum, þá mundu þeir svara, að þeir vildu heldur hafa það eins og það er. Því að þessi kenning hv. þm. hefir verið sein að vinna fylgi þeirra. (HG: Alltaf að aukast). Já, það hefir kannske verið einn í fyrra, en tveir núna, svo að aukningin er 100%. Sízt væri heldur furða, þó að þeir væru tregir, því að fyrir 1000 árum var annar Haraldur, sem vildi taka af þeim jarðir þeirra og gera þá þannig ánauðuga, en þeir vildu heldur flýja hingað út í eyðisker, sem þeir þá kölluðu Ísland, þegar búið var að taka af þeim eignarréttinn. Það má vel vera, að hv. þm. Ísaf. ætli að ná sama valdi og nafni hans í Noregi, en þá held ég, að íslenzkum bændum sé illa úr ætt skotið, ef þeir láta sér það lynda að vera þannig sviptir sínum forna rétti.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Hv. 1. þm. Skagf. sagði það rangt, að Íhaldsflokkurinn vildi hækka tolla. Ég skil ekkert í þessu. Ég veit ekki betur en að það sé margauglýst stefna Íhaldsflokksins að afla tekna sem allra mest með tollum til þess að hlífa eignum manna og háum tekjum. Það er því alrangt eða a. m. k. villandi, þegar hv. þm. talar í einu um háa skatta og tolla. Því hærri sem tollarnir eru, þeim mun lægri geta beinu skattarnir verið, því að ef hrúgað er sem mestu á innfluttar vörur, er að mestu hægt að komast hjá að leggja á eignir og tekjur. Hér er því bara verið að villa á sér heimildir.

Hv. þm. sagði, að útlendir jafnaðarmenn hafi engar tilraunir gert til að hækka beina skatta. Mig furðar á þessu, því að ég veit ekki betur en að breytingar á sköttunum í þá átt hafi alstaðar í nálægum löndum verið bornar fram af jafnaðarmönnum. Svo var það í Danmörku, Svíþjóð og Englandi. Íhaldsflokkurinn lækkaði skatt á stóreignamönnum

síðast þegar hann var við völd í Danmörku um nokkrar millj. króna og sömu millj. voru þá dregnar af þeim styrk, sem öryrkjum og gamalmennum hafði verið veittur. Þegar jafnaðarmannastjórnin kom, var það hennar fyrsta verk að hækka ellistyrkinn og bæta aftur um öryrkjalögin. Ég þori ekki að fullyrða, hvort hún hefir enn komið fram frv. sínum um hækkun á tekjuskattinum. — Þetta snertir að vísu ekki toll á kaffi og sykri, en full þörf er að tala við hv. 1. þm. Skagf. um það síðar.

Hv. þm. hélt, að með fasteignaskattinum hlytu jarðirnar að verða teknar af bændum. Auðvitað má fleygja svona fullyrðingum fram. Skattur af jörðum yrði eftir mínu frv. 0,8% af matsverði. Ég verð að segja, að þá er ættjarðarást og frelsisþrá okkar ágætu „sjálfstæðismanna“ mjög farin að þynnast, ef þeir flýja land vegna þess skatts, þegar þeir fá þar að auki linun á tolli sem því svarar. Hinsvegar vil ég ekki draga dul á þá skoðun mína, að bezt sé, að jarðir séu ríkiseign, og að ýmsir menn, jafnvel í kjördæmi hv. þm., séu einnig á þeirri skoðun.

Jóhann Jósefsson: Ég ætla ekki að blanda mér inn í deilur milli þeirra manna, sem sæti áttu í mþn. í tolla- og skattamálum. Ég vildi aðeins leiðrétta ummæli hv. þm. Ísaf. um stefnuskrá félags ungra sjálfstæðismann, að þar stæði, að þeir vildu hækka óbeina skatta, sem kæmi niður á neyzluvörum, og ætluðu að ná takmarki sínu með samvinnu við Sjálfstæðisflokkinn. Það er sjálfsagt stefnuskrá félagsins Heimdalls, sem hv. þm. á við. En þótt stefnuskráin sé ýtarleg, er ekki vikið einu einasta orði að þessu, að ungir sjálfstæðismenn vilji skattleggja neyzluvörur, né neina vörutegund sérstaklega. Ég vildi leiðrétta þessi ummæli, þó að hér sé raunar ekki um neitt saknæmt að ræða, þó að þetta hefði staðið í stefnuskránni eða eitthvað, sem hv. þm. hefði getað lagt út þannig, en ummælin eru óviðkunnanleg, þegar þau eiga sér engan stað. Hv. þm. þyrfti að kynna sér stefnuskrána betur en í þetta sinn, áður en hann talar næst um stefnuskrár eldri og yngri sjálfstæðismanna.

Magnús Guðmundsson: Hv. þm. Ísaf. sagði, að alstaðar hefðu þm. jafnaðarmanna komið á tekju- og eignarskatti. En rétt áður var hann búinn að segja, að hvergi hefðu þeir komizt í meiri hluta, svo að þeir gætu komið málum sínum fram. Tekju- og eignarskattur á sér miklu lengri sögu. Það var ég, sem hér á landi flutti fyrst frv. um hann 1921, og þá fyrst var sá skattur lögleiddur hér. Þó að ég sé vinur hans að vissu marki, sé ég þá galla, sem honum fylgja; hann má ekki ná nema vissu hámarki.

Hv. þm. hélt, að bændur mundu ekki flýja, þó að 80 aura skattur væri lagður á hverjar 100 kr. jarðarverðs. Ég sagði aðeins, að hvaða marki sá skattur leiddi, og það er eins gott að koma í veg fyrir það strax eins og síðar. — Sé ég svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 : 2 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 : 2 atkv.

---

17. fundi í Nd., 6. marz var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 6, 103).

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Brtt. mínar við frv. eru á þskj. 103.

1. brtt. er um það, að tollur á kaffibæti lækki úr 75 aurum niður í 40 aura, eða m. ö. o. verði jafn og á óbrenndu kaffi. Fram til 1929 hefir kaffi og kaffibætir verið í sama tollflokki, enda sjálfsagt, að tollurinn sé ekki hærri á kaffibæti, þar sem hann er stórum ódýrari en kaffi. Ég held, að sá mismunur, sem nú er á tollinum, stafi af því, að þegar gengisviðaukinn var felldur af kaffi og sykri, hafi gleymzt að taka kaffibætinn með.

2. brtt. er um að lækka toll á óbrenndu kaffi úr 60 aur. í 40 aur.

3. brtt. er um að lækka toll á brenndu kaffi úr 80 aur. í 50 aur.

4. brtt. er um að lækka toll á sykri úr

15 aur. í 10 aur. Ég hefi áður sýnt, að engar vörur nema vindlingar eru tollflagðar jafnhátt og sykur, þar sem tollurinn nemur 120—130% af innkaupsverði. Að meðaltali munu þær vörur, sem um ræðir, vera tollaðar um 100%. Þessar vörur eru því með álagningu helmingi dýrari en vera þyrfti. Mér dettur ekki í hug að fara að eyða orðum að þeirri firru, að þetta séu óhófsvörur. En ég vil aðeins benda á, að það þarf ekki að rýra tekjur ríkissjóðs, þótt brtt. mínar verði samþykktar. Í Ed. liggur fyrir frv. um einkasölu ríkisins á tóbaki og eldspýtum. Hv. þm. verða nú að gera upp með sér, hvort þeir telja betra og réttlátara að láta almenning greiða tvöfalt hærra verð en þörf er á, eða láta ríkissjóð taka til sín heildsöluálagning örfárra manna af tóbaki og eldspýtum. Um þetta tvennt eiga hv. þm. að velja.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Ég mun eigi fara að ræða almenn ágreiningsatriði; þau eru margrædd áður. Meiri hl. fjhn. hefir tekið ákveðna afstöðu í þessum málum.

Vitanlega er það aðalatriðið, hvort hér sé um nauðsynjavörutoll að ræða eða ekki. Fyrst þegar farið var að leggja toll á íslenzkar innflutningsvörur, þá voru þessar vörur settar á bekk með vínföngum og tóbaki, sem sýnir ótvírætt, að þá var litið svo á, að þetta væri munaðarvörutollur. Og alla tíð hefir þessi tollur verið nefndur munaðarvörutollur. Í þá daga var þó innflutningur og neyzla á þessum vörum ekki nema lítið brot af því, sem nú er orðið. Því frekar má neyzla þessara vara að réttu heita munaðarneyzla, sem hún er orðin óhóflegri. Hinsvegar nemur tollurinn ekki hárri upphæð, ef ekki er neytt meira en hóf er að. Ég held, að ekki þurfi annað en að líta inn í kaffihúsin hér í bænum til að sannfærast um, að menn noti þessar vörur til munaðar og nautna langtum meira en hóf er að, og sama má að vísu segja um neyzlu í heimahúsum. Þó að sykurtollurinn sé að vísu hár, þá er hann samt jafnhár nú og hann var fyrir stríð.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. sagði síðast í ræðu sinni, að hér væri um það **að ræða, hvort menn vildu heldur afla** ríkissjóði tekna með tolli á þessum vörum en með einkasölu á tóbaki og eldspýtum, þá get ég svarað því fyrir mitt leyti, að ég er því fylgjandi, að ríkið afli tekna með einkasölu á tóbaki. En um það er of snemmt að ræða fyrr en það mál er komið í höfn. Þá gæti verið um það að ræða, að þessir tollar lækkuðu eitthvað. En mér þykir of snemmt að ákveða það fyrr en þær till. hafa verið samþ. og vissa er fyrir því, að ríkissjóður fái þær tekjur, sem einkasalan getur gefið.

Haraldur Guðmundsson [óyfirl.]: Hv. 1. þm. N.-M. heldur því fram, að hér sé um munaðarvöru að ræða, en mér finnst, að þau rök hans séu engu betri nú en síðast. Hv. þm. sagði, að menn færu inn á kaffihús til að kaupa sér kaffi og því væri það munaðarvara. Það er alveg rétt, menn fara inn á kaffihús til að fá sér kaffi, en menn fara þangað líka til að borða. Og það er þó enginn óþarfi að borða, nema ef til vill að því leyti, að matur er þar dýrari en annarsstaðar. Að þetta sé sönnun fyrir því, að kaffi og sykur sé munaðarvara, er fjarstæða, og mig furðar á því, að slík rök skuli koma fram hér í deildinni. Þetta eru alveg samskonar rök og að þetta hafi verið munaðarvara fyrst þegar það var flutt inn og sé það því enn. Alveg það sama mætti segja um hveitið. Einu sinni þótti það yfirlæti, að hafa mat úr hveiti á borðum sínum. (HStef: Hveiti er ekki heldur tollað). Það hefir verið tollað, þó að sá tollur hafi ekki verið hár. Slíkar röksemdir eru bágbornar. Það má alveg eins segja, að hveiti sé munaðarvara eins og kaffi og sykur.

Hv. þm. sagði, að ef frv. um einkasölu á tóbaki og eldspýtum væri komið í höfn, eins og hann orðaði það, þá væri hann fremur fáanlegur til að fylgja þessum till. minum. Það er nú að sjálfsögðu að miklu leyti á valdi deildarinnar, hverja afgreiðslu það mál fær. Ég man ekki betur en að þetta einkasölufrv. hafi í fyrra verið samþ. með greinilegum meiri hluta, og nú er deildin skipuð alveg sömu mönnum og þá, og í Ed. var það samþ. við 2. umr. Eftir þessu virðist frv. hafa haft mikið fylgi og eiga víst að ganga fram, ef hv. frsm. (HStef) skiptir ekki um skoðun.

Ég held því, að hv. þm. sé óhætt að greiða atkv. með þessum brtt. mínum, því að ríkissjóði verður áreiðanlega séð fyrir þessum tekjum. (JAJ: Ég held, að það sé ekki sýnilegt, að þar verði auknar tekjur). Hv. þm. getur auðvitað lokað augunum.

Ég held, að ég þurfi ekki að segja fleira í sambandi við þessi andmæli, en vil aðeins vænta þess, að hv. deild fallist á að gera þessa lækkun á þessum tollum, því að þeir eru einhver sá alranglátasti skattur, sem landsmenn verða að greiða.

ATKVGR.

Brtt. 103,1 felld með 14 : 4 atkv.
— 103,2 felld með 14 : 5 atkv.
— 103,3 felld með 13 : 5 atkv.
— 103,4 felld með 14 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, SÁÓ, BSv, BÁ, HG, HK, HV, JörB.

nei: JÓl, JS, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, HJ, IngB, JJós.

Sex þm. (MT, SE, SvÓ, ÁÁ, EJ, GunnS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 15 : 4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., 10. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 6).

Á 22. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Þetta frv. er samið af mþn. í skatta- og tollamálum og hefir nú gengið óbreytt gegnum hv. Nd. eins og það var lagt fyrir þar. Ég tel ekki þörf á að skýra þetta frv. nú, en vil vísa til grg., sem frv. fylgir, og legg til, að málinu verði vísað til fjhn., að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Vitagjald.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um vitagjald o. fl. (stjfrv., A. 8).

Á 5. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var frv tekið til 2. umr. (A. 8, n. 73).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Um þetta mál er sama að segja og um síðasta frv. (breyt. á l. um aukatekjur ríkissjóðs), að í því felst sú breyting ein — að kalla má — að festa gengisviðaukann. Jafnframt eru lögin, sem snerta þetta gjald, tekin saman í eina heild. Ég legg til, að frv. gangi sem greiðast til 3. umr.

Jóhann Jósefsson: Á síðasta þingi var, eins og hv. þdm. er kunnugt, komið fram með till. til þál. um miðunarvita frá sjútvn. þessarar deildar, og hljóðaði hún svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsókn fram fara um hentuga staði og stærð miðunarvita á ströndum landsins og undirbúa framhaldandi byggingu þeirra ásamt vantandi ljósvitum, svo sem fært þykir og vitagjald hrekkur til, meðan á byggingu stendur".

Það varð að samkomulagi á 85. fundi þessarar deildar, að till. var ekki borin undir atkv., með því að hæstv. atvmrh. lofaði að taka vilja n. til greina jafnt og ef till. hefði verið samþ. af deildinni. Hann hefir líka gert það og skipað n. til að rannsaka þessi mál. Áttu sæti í henni Pálmi Loftsson útgerðarstjóri ríkisins, Halldór Kr. Þorsteinsson skipstjóri, Þorsteinn Þorsteinsson skipstjóri, Guð-

mundur Jónsson skipstjóri og Kristján Bergsson forseti Fiskifélags Íslands, og auk þess var Th. Krabbe vitamálastjóri að sjálfsögðu í nefndinni, og var hann formaður hennar.

Þessi n. hefir nú lokið störfum og gert till. í frv.formi viðvíkjandi þessum málum, sem þál. snýst um. En nú ber svo við, að hæstv. stj. leggur hér fram frv. það um vitagjald, sem hér er á dagskrá, en hefir ekki lagt fyrir þingið það frv., sem mþn. samdi. Hinsvegar hefir vitamálastjóri sem formaður n. sent sjútvn. sitt álit og frv. n. Ég skal nú ekki segja, hvað fyrir þessu erindi n. liggur. Sjútvn. hefir ekki ennþá tekið afstöðu til frv. En mér þykir það hálfundarlegt, eins sammála og stj. og þing virtist í fyrra, að nú, þegar n. hefir verið sett til að athuga málið og hefir lokið verki sínu, þá skuli vera lagt fram annað frv. um nátengt mál, en ekki minnzt á frv. n. um þetta mikla áhugamálefni þingsins. Ég segi áhugamálefni, því að mjög sterkar raddir hafa komið um það, að í raun og veru ætti að verja öllu vitagjaldinu til að byggja nýja vita og halda þeim við.

Margir þm. hafa borið mikinn áhuga fyrir því, að reistir væru fleiri nýir vitar en átt hefir sér stað á undanförnum árum, og sérstaklega, að svokölluðum miðunarvitum væri komið upp. Og það var sérstaklega með þá fyrir augum, að sjútvn. fór fram á, að skipuð væri þessi n. skipstjóra og annara sérfróðra manna.

Hv. frsm. taldi, að hér væri ekki gerð önnur veruleg breyt. en sú, að gengisviðaukinn væri lögfestur. Eftir því ætti ekki frv. n. um vitamálin að þurfa að rekast neitt á þetta stjfrv. Ég minntist á, að það væri álit margra, að vitagjaldinu öllu bæri að verja til viðhalds og bygginga nýrra vita. Og því hefir líka verið haldið fram, að gjaldið væri svo hátt, að við gætum varla varið það fyrir erlendum skipaeigendum, nema því væri öllu varið til að auka öryggi skipanna. Ég er á þessari skoðun, og þegar ég athuga þetta frv., sem samið er af meiri hl. mþn. í tolla- og skattamálum, sé ég ekki betur en þeirri stefnu sé haldið fram og að með frv. sé því sem næst slegið föstu, að vitagjaldinu skuli varið til öryggis fyrir skipin. Því að 1. gr. byrjar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvél og tekur höfn hér á landi eða haldið er úti frá landinu, skal greiða gjald til vita, sjómerkja og til mælinga siglingaleiðum“ o. s. frv. En í lögunum eins og þeim var seinast breytt 1911 er svo komizt að orði: „Skal greiða vitagjald“, og ekki sagt nánar, til hvers það gangi. Ég tel því, að með nafnbreyt. l. sé fallizt á þá almennu skoðun, að vitagjaldinu eigi að verja til byggingar og viðhalds vita og öðru þar að lútandi.

Ég drap áðan á frv. það, sem komið er frá mþn. eða vitamálaskrifstofunni og nú er komið til sjútvn. Ég get ekki séð neinn stefnumun í því og þessu frv. um ráðstöfun teknanna. Og þótt frv. það komi fram frá n., þá get ég ekki séð, að neinn árekstur þurfi að verða milli þess og þessa frv.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Ég get engar upplýsingar gefið um frv. það um vita, sem hv. þm Vestm. talaði um. Enda mun hann ekki hafa ætlazt til þess. — En út af því, að rætt hefir verið um það, til hvers vitagjaldinu ætti að verja, þá liggur það í nafninu sjálfu, að það á einkum að ganga til vitamála. Þó er þetta ekki alveg einskorðað, því í frv. er svo ákveðið — og eins er það í gildandi lögum — að gjaldið falli til ríkissjóðs, en ekki ákveðið, að það leggist í sérstakan sjóð. Ég kannast við það frá fyrri þingum, að borizt hafa kvartanir frá útlendingum um það, að vitagjaldið væri hátt. En þeir munu þó hafa sætt sig við það, þegar þeir fengu að vita, að gjaldinu er öllu varið til þess að gera siglingaleiðir öruggari. Enda er það í raun og veru svo, að þótt þetta sé ekki lagalega bundið, þá er það í hugum allra, að gjaldinu beri að verja á þennan hátt. Í frv. þetta hefir því verið bætt, að gjaldinu megi verja til að gera sjómerki og mælingar á siglingaleiðum. Kemur það skipum engu síður að gagni en vitarnir. Mér er ekki vel ljóst, hvernig hlutföllin á milli vitagjalds og kostnaðar við vita o. þ. h. hefir verið áður. En samkv. LR 1929, þá hafa vitagjöldin það ár verið áætluð kr. 320 þús., en hafa orðið kr. 470 þús. Til útgjalda við vita var áætlað sama ár kr.

265 þús., en þau útgjöld urðu kr. 326 þús., eða litið eitt hærri en tekjurnar voru áætlaðar. — Ég hefi ekki athugað fleiri ár og skal því ekki um það dæma að svo stöddu, hvernig heildarhlutföllin hafa orðið.

Sveinn Ólafsson: Það eru aðeins örfá orð, er ég vildi segja út af ræðu hv. þm. Vestm. Hann virðist furða sig á því, að þetta frv. var borið fram, en ekki frv. frá vitamálan. En þetta er ekkert undarlegt. Hennar frv. kom ekki í ljós fyrr en á þingsetningardegi og þess vegna of seint til að verða stjfrv. Hitt frv., það sem hér liggur fyrir, var aftur á móti tilbúið löngu áður og lagt fram fyrsta dag þingsins. Ég vil hér staðhæfa, að ekki sé um neinn árekstur milli þessara tveggja frv. að ræða. Að vísu er frv. mþn. viðtækara, þar sem það lýtur að stjórn og framkvæmd vitamálanna, en hér er um einföld skattalög að ræða.

Ég vil út af þeim ummælum, að verja beri vitagjaldinu í þágu vitanna og annara umbóta á siglingaleiðum, upplýsa það, að í skýrslu um þetta efni, sem nær frá 1879—1929, sést, að þótt upphæð vitagjalds og kostnaður af vitabyggingum og rekstri vita standist ekki á endum öll árin, þá hefir þó verið varið meiru fé til vita önnur ár en vitagj. nemur. Heildarútkoman verður því sú, að öllu vitagjaldinu á þessu tímabili hefir verið varið í þarfir vitanna, og þó nokkru betur. Umkvörtun um notkun vitagjaldsins til annara ríkisþarfa en vitanna, sem að vísu hefir heyrzt af vörum útlendra farmanna, er því með öllu óréttmæt. Ég taldi einmitt ástæðu til að minna á þetta vegna þeirra óréttmætu umkvartana, sem þinginu hafa borizt um þetta efni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að segja fleira. Ég vona, að frv. þetta fái góðar undirtektir og að hv. þm. skilji, að það er ekki á neinn veg til fyrirstöðu því, að frv. mþn. í vitamálum geti fengið afgreiðslu á þessu þingi.

Pétur Ottesen: Hafi nokkur verið í vafa um það áður, að vitagjaldið ætti einvörðungu að ganga til bygginga vita, umsjónar og hirðingar þeirra, þá hlýtur sá vafi algerlega að vera á burtu rekinn með þessu frv. Í því stendur, að gjald þetta skuli greiða til vita, sjómerkja og mælinga siglingaleiða. Þetta tekur af allan vafa um það, að vitagjaldið má ekki nota til annara hluta en þessara. Þau atriði, sem upp eru talin, miða öll að því að gera siglingar hér við land öruggari.

Hv. 1. þm. S.-M. gat um, að þær kvartanir, sem hefðu borizt um það, að vitagjaldinu væri ekki varið samkv. tilgangi sínum, væru ekki réttmætar. — Ég vil ekki rengja það, að sú skýrsla, er hann vísaði til, sé rétt. Hinsvegar er víst, að það er síður en svo, að þessu gjaldi hafi verið varið á þennan hátt til fulls síðustu árin. Þannig var vitagjaldið 1927 kr. 374902.00. En vitabyggingar, sjómerki, sæluhús o. fl. þar að lútandi kostuðu það ár kr. 322805.00. Mismunur það ár var því um 50 þús. kr. 1928 var vitagjaldið 494340 kr., en gjöldin það ár 246689 kr. Eftir upplýsingum hv. frsm. var vitagjaldið 1929 470 þús. kr., en gjöldin það ár 326 þús. kr. Ég hefi ekki athugað það í fjárl.ræðu hæstv. fjmrh., hverju þetta hefir numið 1930. En um samanburð síðustu þriggja áranna þar á undan er það að segja, að með breyttri löggjöf verður það ljóst, að framkvæmdirnar á þessu sviði verða að vera meiri en þau árin.

Það er náttúrlega gott að heyra, hvað hv. frsm. segir um þetta atriði. Í grg. frv. er ekki neitt fast ákveðið um þetta. En skýlaus ákvæði frv. upphefja vitanlega grg., ef ekki ber saman.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Mér skildist það á hv. þm. Borgf., að hann liti svo á, að n. hefði haft það fyrir augum að breyta allverulega til um ráðstöfun vitagjaldsins. Vegna þess skilnings vil ég upplýsa hv. þm. um það, að það var ekki meining n. að gera nokkrar verulegar breyt. á þeim ákvæðum, sem þar um giltu. Hið mismunandi orðalag í l. „vitagjald“ og í frv. „gjald til vita“ þýðir eitt og hið sama. Í frv. er aðeins bætt við því, að gjaldið er ætlað einnig til að standa straum af kostnaði til sjómerkja og mælinga á siglingaleiðum. Fyrirsögn þessa frv. er: „Um vitagjald o. fl.“. Er það gert til skýringar á því, að ekki er ætlazt til, að allt gjaldið gangi til vita. Í 2. gr. frv. segir, að gjaldið renni í ríkis-

sjóð. Ef meiningin væri sú, að einskorða það, að gjald þetta rynni allt til vitanna, þá væri það látið renna í sérstakan sjóð, er kostnaður af byggingu og viðhaldi vitanna væri greiddur úr. En nú er það svo, að til þessa tíma hefir meira en öllu vitagjaldinu verið varið til kostnaðar við vita. Hafa því hvorki útlendingar né aðrir ástæðu til að kvarta yfir meðferð gjaldsins. Hitt hefir vitanlega ekkert að segja, þótt framkvæmdir einstakra ára verði mismunandi, stundum meiri, stundum minni en vitagjaldið. Það getur allt jafnað sig. Gjaldið rennur í ríkissjóð og er tekið úr honum aftur. Og framkvæmdirnar er ófært að hnitmiða svo, að tekjur og gjöld hvers árs standist nákvæmlega á.

Pétur Ottesen: Ég veit ekki, hve skýrsla sú nær langt, sem hv. 1. þm. S.-M. var með. (**SvÓ:** Hún nær til 1928). Síðan eru þá liðin tvö ár, og fyrra árið a. m. k. var vitagjaldinu ekki öllu varið á þennan hátt. Ekki svipað því.

Ég get ekki fallizt á þá skoðun hv. frsm., að ekki sé talsverður eðlismunur á orðunum „vitagjald“ eða „gjald til vita“ o. s. frv., enda þótt gjaldið í báðum tilfellum renni í ríkissjóðinn. Með orðunum „gjald til vita“ hlýtur meiningin að vera sú, að þessu gjaldi eigi einungis að verja til vita og annars þess, sem þar er talið og er sama eðlis. Þó að vitagjaldið sé innheimt með öðrum tekjum ríkissjóðs og renni inn í ríkissjóðinn, þá er alveg jafnréttmætt að ákveða það, að því skuli öllu varið á þennan sérstaka hátt, og eftir orðalagi frv. eins og það er nú, þá er þar tvímælalaust svo fyrir mælt, að þessu gjaldi skuli öllu verja á þennan hátt.

Ég held því ekki fram, að árlegar framkvæmdir eigi endilega að miða við upphæð vitagjaldsins t. d. næsta ár á undan. Það getur verið fyllilega réttmætt að verja eitt ár meira, en annað ár minna til þessara framkvæmda. Það fer eftir því, hvað hagkvæmast kann að þykja á hverjum tíma, hvernig þeim framkvæmdum er háttað, sem unnið er að. En þess ber að gæta, þegar öllu er á botninn hvolft, að þá sé a. m. k. öllu vitagjaldinu varið til þessara hluta.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Ég skil ekki vel, hvað um er deilt, né heldur hvers vegna hv. þm. Borgf. er svona óánægður. — Ég vil undirstrika það, sem ég sagði áðan, að meiri hl. mþn. í tolla- og skattamálum, sem afgreiddi málið til stj., ætlaði engu að breyta í frv. öðru en því, sem ég hefi þegar tekið fram. „Gjald til vita“ og „vitagjald“ þýðir vitanlega alveg hið sama. Aðeins hefir verið bætt við, að gjaldið skuli líka ganga til sjómerkja og til mælinga á siglingaleiðum.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins skýra, í hverju munurinn liggur. Nú eru vitarnir ákveðinn gjaldstofn. Í núgildandi lögum og í þessu frv. eru vitarnir ákveðinn gjaldstofn, þannig, að í skjóli þeirra er vitagjaldið á lagt, en með þessu frv. er það auk þess ákveðið, hvernig vitagjaldinu skuli verja, að því sé varið á þennan ákveðna hátt. Þessi er breytingin.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—5. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Jón Auðunn Jónsson: Formaður sjútvn. er því miður ekki mættur, en hann hafði talað um að fá málið tekið út af dagskrá. Ég vildi því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki málið af dagskrá að þessu sinni.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., 11. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 8, 127).

Jóhann Jósefsson: Sjútvn. hefir leyft sér að bera fram brtt. við þetta frv., og er hana að finna á þskj. 127. Það kom að vísu fram við 2. umr. þessa máls, að mþn. í tolla- og skattamálum vildi leggja meiri áherzlu nú en verið hefir áður á það, að vitagjöldum skuli varið til bygginga og viðhalds á vitum og annars þess, er vitamálum kemur við. En þrátt fyrir

það, að við það hafi verið kannazt af hv. frsm., að þetta hafi verið meiningin, þá virðist hann þó ekki vilja skilja þetta frv. svo, að það geri neinar breyt. í þessu frá því, sem nú er. Því virðist okkur sjútvnm., að rétt sé að undirstrika það skýrt í frv., að vitagjaldinu skuli verja til vitamála og annars, sem tryggir öryggi á siglingaleiðum umhverfis landið. Undir þetta heyra auðvitað þær mælingar, sem gera þarf á siglingaleiðum. Í þessu skyni er þessi brtt. fram komin.

Vitagjaldið er að vísu stór fjárupphæð, en nú hefir mþn., sem hefir athugað vitamál landsins, lagt til byggingu á 38 nýjum ljósvitum, stækkun á 6 ljósvitum og byggingu á 9 radióvitum og 8 hljóðvitum. Af þessu sést það, að þeir siglingafróðu menn og aðrir fagmenn, sem í n. hafa starfað, sjá mikla þörf á að efla vitamál landsins. Þess vegna er mikil þörf á að herða á því ákvæði, að öllu vitagjaldinu eða tilsvarandi upphæð sé varið til bygginga og viðhalds vitum og annara þeirra mála, sem þar heyra undir. Nú getur vel farið svo, að ekki sé hægt að koma því við að nota allt hið árlega vitagjald til framkvæmda á þessum málum á sama ári, en þá er ekkert annað en að leggja þeim mun meira í þessar framkvæmdir næsta ár. Það er sem sé skoðun sjútvn. eins og margra annara þdm., að vitagjaldinu eigi sér í lagi að verja til þessara mála, meðan verið er að koma vitakerfi landsins í það horf, sem tíminn krefur og er siglingunum nauðsynlegt.

Það er alkunnugt, að oft er kvartað undan því af hálfu útlendra sjómanna, hvað vitagjaldið sé hátt. Og því verður ekki neitað, að í ýmsum tilfellum virðist ekki sanngjarnt að krefjast eins mikils vitagjalds af útlendum skipum, þegar þau koma eingöngu til að ná í læknishjálp, eins og hinum, sem koma hingað með vörur eða taka hér vörur. Að vísu er í lögum um vitagjald nokkur skilgreining á þessu í nokkrum tilfellum, en sú skilgreining er ekki nægilega greinileg, enda eru lögin ekki framkvæmd alstaðar eins. Út af þessu hefir verið kvartað. En vegna þess, að í þessum lögum er heimild fyrir ríkisstj. að semja um vitagjald fiskiskipa við stjórnir annara ríkja, þá hefir nefndin fallið frá því að gera ýtarlegri skilgreiningu um vitagjald erlendra skipa en nú er. Búast má við, að ennþá muni bóla á þeirri óánægju, sem vart hefir orðið við hjá útlendum mönnum út af vitagjaldinu, sem óneitanlega er mjög hátt. En það er miklu hægra fyrir Íslendinga að verja, hve hátt það er, ef því er öllu varið eins og til var ætlazt í upphafi, nefnilega að tryggja öryggi á siglingaleiðunum.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en vona fastlega, að hv. d. fallist á þessa brtt. sjútvn.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Ég var því miður ekki við, þegar hv. þm. Vestm. tók til máls, svo að vera má, að hann hafi tekið fram það, sem ég vildi spyrja um, en það er það, hvort með þessari brtt. er ætlazt til, að undir þetta umrædda öryggi á siglingaleiðum geti heyrt hafnargerðir og lendingarbætur. Sé svo ekki, þá get ég ekki séð, að þessi brtt. sé nokkur efnisbreyt. frá því, sem stendur í 1. málsgr. 1. gr. frv. Í frv. stendur: „Gjald skal greiða til vita, sjómerkja og til mælinga á siglingaleiðum", en í brtt. segir: „Gjaldi þessu skal varið til vitamála og annars þess, er tryggir öryggi með ströndum fram". Þó að ekki séu notuð sömu orðin, þá er merkingin svo lík, að það liggur við, að brtt. sé aðeins endurtekning á frvgr. Hv. þm. Vestm. sagði, að nauðsyn væri að ákveða þetta nánar en í frv. er gert, að allt vitagjaldið gengi til þess, sem ætlað er. Út af þessu vil ég minna á það, að við 1. umr. upplýsti hv. 1. þm. S.-M., að öllu vitagjaldinu — og meira til — hefði verið varið til vitamála allt til þessa tíma, svo að það virðist engin ástæða til að fara að orða þetta svo stranglega sem gert er í brtt. Það gæti orðið til óþæginda, ef fylgja ætti henni stranglega, því að ef ekki væri á hverju ári varið öllu vitagjaldinu til þessara framkvæmda, þá mætti þegar hefja hótfyndni út af því. Mér sýnist réttast, að frá þessu sé gengið eins og verið hefir, þannig að það geti jafnast á fleiri ár, án þess að það þurfi að sæta aðfinnslum.

Mér þykir þessi brtt. ekki skipta miklu máli og sé því ekki neina ástæðu til að ræða þetta frekar en þegar hefir verið gert.

Magnús Guðmundsson [óyfirl.]: Ég er ekki á sama máli og hv. 1. þm. N.-M. um það, að ekki skipti miklu máli, hvort brtt. á þskj. 127 er samþ. eða ekki.

Mér skilst, að ef frv. er samþ. óbreytt, sé þing og stj. sjálfráð að því á hverjum tíma, hvort vitagjaldinu er öllu varið til þess, sem getið er um í frv.

En ef brtt. á þskj. 127 er samþ., álít ég, að ríkið sé skyldugt til að láta undir öllum kringumstæðum eins mikið fé ganga til vitamálanna og vitagjaldinu nemur. Þess vegna finnst mér það skipta talsvert miklu máli, hvort brtt. er samþykkt eða ekki. Vitagjaldið er vitanlega lagt á í þeim tilgangi, að það gangi til vitamálanna og þess, er að þeim lýtur. Þó lít ég svo á, að hingað til hafi ríkið ekki verið skyldugt til að verja því öllu þannig. Og ég hygg, að frá byrjun hafi ekki verið varið eins miklu til vitamálanna eins og vitagjaldinu svarar.

Aftur hvað snertir orðalag brtt., þá er ég ekki viss um nema mætti skilja hana á þann veg, að vitagjaldinu megi verja t. d. til hafnargerða og lendingarbóta. Góðar hafnir auka öryggi siglinganna með ströndum fram. Mér skilst þó, að það muni ekki vera tilgangur hv. sjútvn., að vitagjöldin gangi til slíkra mannvirkja.

Jóhann Jósefsson: Ég vil taka það skýrt fram, að það er meining sjútvn. með brtt. á þskj. 127 að slá því föstu, að ríkinu sé skylt að láta vitagjaldið renna eingöngu til vitamálanna og þess, er þar að lýtur. Að telja hafnargerðir og lendingarbætur heyra þar undir, finnst mér stappa nærri hártogun. Þó segja megi, að góðar hafnir geri siglingar umhverfis landið tryggari, er auðvitað ekki ætlazt til, að vitagjaldið gangi til hafnargerða. Það er auðsætt, að það er ekki öryggi skipanna inni á höfnum, sem átt er við í brtt., heldur öryggi þeirra á siglingaleiðunum umhverfis landið. Og það öryggi er tryggt með vitum, uppmælingum, sjómerkjum og þesskonar. Eins og segja má, að hafnir auki öryggi siglinganna, er hægt að segja, að góð skip geri hið sama. En það er alls ekki meiningin að verja vitagjaldinu til skipakaupa.

Hv. 1. þm. N.-M. sagðist ekki sjá, að mikill munur væri á orðalagi frv. og brtt. sjútvn. Þetta má til sanns vegar færa. Og e. t. v. hefði sjútvn. ekki séð ástæðu til að leggja neitt til þessa máls, ef hv. þm. hefði ekki haldið því fram þegar málið var hér áður til umr., að með frv. væri engin breyt. gerð á því ástandi, sem nú er. Ég ætla ekki að fara að taka upp ágreining þann, er varð milli hv. 1. þm. N.-M. og hv. þm. Borgf. um þetta mál, en ég verð þó að segja, að ég var þar á sömu skoðun og hv. þm. Borgf. Hann hélt fram, að frv. kvæði skýrara á um það, til hvers ætti að verja vitagjaldinu, heldur en eldri lög gerðu. Hv. 1. þm. N.-M. andmælti þeim skilningi á frv., og með tilliti til þess fannst sjútvn. ástæða til að taka af öll tvímæli í þessu efni. Finnist hv. þm. brtt. óþörf, má hann því sjálfum sér um kenna, að hún er fram komin.

Um þörfina á að endurbæta og auka við vitakerfið er óþarfi að fjölyrða. Það mun vera hverjum meðalgreindum manni ljóst, hvað hún er brýn. Meðan till. mþn. þeirrar, er um þetta mál hefir fjallað, eru ekki fullkomlega komnar í framkvæmd, er nauðsynlegt að verja vitagjöldunum óskiptum til þess að koma vitakerfinu í sæmilegt horf.

Jón Auðunn Jónsson: Það kann að vera, að sumir líti svo á, að ekki sé rétt að fastbinda tekjur ríkisins til ákveðinna útgjalda um mörg ár í senn. En ég vil benda á, að slíkt hefir verið gert áður, t. d. með l. um bifreiðaskatt, með l. um að ½% útflutningsgjalds gangi til Ræktunarsjóðs, og í enn fleiri tilfellum.

Það er lífsnauðsyn að koma máli því, er frv. ræðir um, í gott horf, að mæla upp siglingaleiðirnar og bæta vitakerfið. Eftir till. mþn. þeirrar, er fjallað hefir um þetta efni, þarf að verja til þess 2½ millj. kr. á næstu 10 árum, og starfræksla vitanna og árlegt viðhald mun nema 300 þús. kr. Eftir upplýsingum, sem ég hefi fengið, er alstaðar venja að leggja meira til vitamálanna úr ríkissjóði heldur en vitagjöldin gefa, að Spáni undanteknum. Vitagjaldið er eingöngu tekið af þeim, sem vitanna njóta, og mun stundum vera gengið fulllangt í að heimta það, t. d. þegar erlend skip koma hér inn á hafnir með sjúka menn. Útlendingar kvarta líka

mikið undan því, hvað seint gangi að koma vitakerfinu hér í lag.

Ef vitamálin komast í það lag, sem þau þurfa að komast í, er enginn vafi á því, að af því leiðir beinan fjárhagslegan hagnað, t. d. í lækkun vátryggingariðgjalda. Mér finnst því alveg sjálfsagt, að allt það fé, sem ríkissjóður innheimtir sem vitagjöld, gangi til endurbóta á því sviði. Vona ég, að allir hv. þm. geti fallizt á það.

Fjmrh. (Einar Árnason): Þessi brtt. frá hv. sjútvn. virðist allmiklu þrengri heldur en sýnist fljótt á litið, eftir skýringum hv. þm. Vestm. að dæma. Er ég sá brtt. fyrst, skildi ég hana í svipinn eins og hv. 1. þm. Skagf., að þær gætu heyrt undir t. d. hafnargerðir. Ég verð að segja, að ég lít svo á, að góðar hafnir geri siglingar öruggari. (**MJ:** Það gerir t. d. góður stýrimannaskóli líka). En um þetta atriði skal ég ekki deila, því hv. n. hefir nú skýrt, hvað fyrir henni vakir.

Þá er um það að ræða, hvort þingið vill fallast á að binda þannig í eitt skipti fyrir öll tekjur, sem ríkissjóður á að fá. Sé það gert á þessu sviði, liggur beint við, að það verði gert víðar, og má þá ekki undir neinum kringumstæðum nota þær sérstöku tekjur til annars en þess, sem í þetta eina skipti er ákveðið. Ég tel mjög varhugavert að fara inn á þá braut, án þess þó að ég vilji mótmæla því, að gott sé að geta varið vitagjaldinu eingöngu til vitamálanna. Það er aðeins stefnan, er hér kemur fram, sem ég vil vara við. Það mætti eins ákveða, að allar símatekjurnar gengju til að fjölga símalínum eða að allar pósttekjurnar gengju til póstsins. Þetta eru allt nauðsynjamál.

Ég gæti trúað því, að það yrði einhverntíma til óþæginda þegar stundir líða, ef farin er sú leið í þessu máli, sem hv. sjútvn. leggur til. Það gæti t. d. orðið ágreiningur um það, hvað heyrir undir að gera siglingaleiðirnar umhverfis landið öruggar, og er ekki ólíklegt, að út af því risu deilur.

En sérstaklega vildi ég vekja athygli á því, að það er ný leið og að mínu áliti mjög varhugaverð, að binda tekjugreinar ríkissjóðs í eitt skipti fyrir öll til sérstakra framkvæmda.

Jón Sigurðsson: Það þykir e. t. v. einkennilegt, að ég, sem er sveitabóndi, skuli taka til máls í slíku máli sem þessu. En mér finnst þær till., sem fram eru komnar, talsvert varhugaverðar. Þó ég játi, að nauðsynin á að endurbæta vitakerfi landsins sé tvímælalaus, þá vil ég taka undir það með hæstv. fjmrh., að ég kann illa við að binda tekjur ríkissjóðs til ákveðinna framkvæmda í eitt skipti fyrir öll. Við skulum hugsa okkur, að einhverntíma yrði svo þröngt í búi, að ríkissjóður gæti engar framkvæmdir látið gera og ætti jafnvel erfitt með að standa í skilum. Eftir till. hv. sjútvn. væri ríkið samt skyldugt til að byggja vita, þó að það væri þá engan veginn eins aðkallandi eins og margt annað.

Hefði reynslan sýnt, að vitagjöldin væru misnotuð, að þeim væri yfirleitt varið til einhvers annars en vitamálanna, þá væri ofurlítil ástæða til að ákveða með lögum, til hvers þeim skuli varið. Það vill nú svo vel til, að ég hefi nýlega séð nál. þeirrar mþn., sem falið var að athuga þetta mál. Hún hefir tekið sér fyrir hendur að athuga, hvað mikið ríkið hefir á undanförnum áratugum lagt til vitamálanna og hvað mikið hefir komið inn í vitagjöldum. Henni reiknast svo til, að árið 1923 hafi ríkið verið búið að leggja 800 þús. kr. meira til vitamálanna heldur en það hafði fengið inn í vitagjöldum. Síðan hefir þessi mismunur smátt og smátt farið minnkandi, og nú munu upphæðirnar nokkurnveginn standa í járnum. Þegar þetta er athugað, virðist ekki sérstök ástæða til að lögákveða nú, að vitagjaldinu skuli eingöngu varið til vitamálanna. Mér finnst full ástæða til að vænta, að þingið sýni þeim málum framvegis sanngirni og skilning, eins og upplýsingar mþn. sýna, að það hefir gert að undanförnu.

Hv. sjútvn. mun telja það skyldu sína að gæta hagsmuna sjávarútvegsins í þessu máli, og er það ekki nema eðlilegt. En ég held, að eins og nú standa sakir sé brtt. hennar óþörf. Þingið veitir til vitamálanna sum árin meira og sum minna heldur en inn kemur í vitagjöldum, svo að þegar til lengdar lætur, jafnar það sig upp, enda er það eðlilegasta leiðin í þessu máli.

Magnús Guðmundsson [óyfirl.]: Mér skildist hæstv. fjmrh. halda, að ég skildi brtt. hv. sjútvn. þannig, að undir hana heyrðu hafnargerðir og þ. u. l. Ég sagði það aldrei. En ég benti á, að þann skilning væri hægt að leggja í brtt. Ég tók fram, að hv. sjútvn. mundi ekki ætlast til, að hún væri skilin á þann veg. Og ég býst ekki við, þó brtt. væri samþ., að hún yrði nokkurntíma skýrð þannig, að nota megi vitagjöldin til hafnarbóta, því þau mundu aldrei duga neitt til slíkra framkvæmda.

Ég er hv. samþm. mínum samdóma um það, að ekki sé rétt að binda þingið til að láta á hverju ári ganga jafnmikið fé til vitamálanna eins og inn kemur í vitagjöldum. Ríkissjóði á að vera heimilt að flytja á milli ára, ef svo stendur á. Ég mun því ekki greiða atkv. með brtt. á þskj. 127. Ekki vegna þess, að ég telji rétt, að ríkið noti tekjur af vitagjaldi til langframa til annars en vitamálanna, heldur af því að ég vil ekki binda þannig tekjur ríkissjóðs.

Það hefir verið minnzt á, að vitagjaldið hér væri mjög hátt, hærra en annarsstaðar. Þetta mun vera rétt. En ég held, að það hafi heldur ekkert land í heimi eins langa strandlengju í hlutfalli við íbúafjölda eins og einmitt landið okkar. Þess vegna er eðlilegt, að vitagjaldið sé hærra hér en annarsstaðar. Ég hefi oft átt tal um þetta efni við útlenda skipstjóra. Það vantar ekki, að þeir hafa kvartað undan þessu gjaldi. En mér hefir alltaf fundizt þeir sannfærast um, að það væri eðlilegt, að vitagjaldið væri hátt hér, þegar ég hefi bent þeim á, hvað strandlengjan er löng, en íbúar landsins ekki nema 100 þús.

Jón Ólafsson [óyfirl.]: Það þykir nú e. t. v. koma úr hörðustu átt, ef ég fer að mæla á móti þeirri tilhögun, sem hv. sjútvn. gerir ráð fyrir í brtt. sinni. Ég er þó í því efni samkvæmur sjálfum mér, því á síðasta þingi var ég á móti tveimur till., sem gengu í sömu átt, að binda sérstakar tekjur til sérstakra framfara; voru það till. um flugmálasjóð og fiskveiðasjóð. Þar var farið fram á að skattleggja sérstakar atvinnugreinar þeim til hjálpar á ákveðinn hátt. Ég tel það viðsjárverða stefnu að skattleggja sérstaklega einn atvinnuveg til þess að styðja hann sjálfan.

Okkar bíða nú svo mörg og margvísleg verkefni á framfarabrautinni, að hvergi sér fram úr. Meðan svo er, verður alltaf að líta á það, hvar þörfin er mest til umbóta í hvert skipti. En sé farið inn á þá braut að skattleggja atvinnugreinar til að styðja þær með sérstaklega og að binda sérstakar tekjugreinar ríkissjóðs til að vinna með að ákveðnu efni, getur það leitt til mjög margvíslegrar togstreitu. Mundu af því rísa deilur um rétt hvers atvinnuvegar til þessara og þessara tekna.

Þó að á mörgum sviðum hafi orðið miklar framfarir hér á seinni árum, held ég, að við höfum hvergi tekið eins stórt stökk, að ekki hafi á neinu sviði verið gerð eins myndarleg tilþrif eins og í vitamálunum. Einnig eru skipin nú að fá tæki, fullkomnari en áður hafa þekkzt, sem auka öryggi þeirra, svo sem miðunartæki, dýptarmæla þannig gerða, að ekki þarf annað en styðja á hnapp til að sjá dýptina, o. fl.

Ég held þess vegna, að þó æskilegt sé, að gert sé meira í þessu, þá er ég sannfærður um það, að hjá okkur séu mörg verkefni, sem kalla eins eftir sínum framkvæmdum eins og þetta, og af þeim ástæðum, sem ég hefi tekið fram, finnst mér ófært að taka út úr heildinni vissar tekjugreinar og ráðstafa þeim fyrirfram. Ég get hugsað mér það, að ef þessu er varið svo frá ári til árs, þá verði ekki nauðsynlegt að halda því áfram. Ég býst við, að því mundi verða svarað, að þá væri hægt að breyta lögunum, en það er eins og ég hefi tekið fram, að það veldur alltaf nokkrum ágreiningi, hvort þetta sé hægt eða ekki, hvort ekki eigi að halda áfram þeim breytingum, sem einu sinni hefir verið byrjað á. Þess vegna hefi ég ekki getað fylgt þessum lofsverða áhuga n. í þessu máli. Og þó ég viti, að hún flytur vilja fjölda og þorra sjómanna, þá get ég ekki hvikað frá þeirri skoðun minni, að þetta fyrirkomulag sé óheppilegt.

Jón Auðunn Jónsson: Þessum tekjum er öðruvísi varið en öðrum tekjum ríkis-

sjóðs. Þetta gjald höfum við einir, sem við sjóinn búum. Ef við ekki ættum land að sjó, þá hefðum við heldur ekkert vitagjald. Ég verð að segja, að upphaflega var ekki ætlun þings eða stj. að verja þessu gjaldi til annara þarfa ríkisins. Þegar við lítum á þessa menn, sem hafa gagn af gjaldinu, þá finnst mér hart að gengið, ef þeir eiga að missa það. Ég held, að hv. 3. þm. Reykv. hafi ekki athugað, að við höfum undanfarin ár misst mörg mannslíf í sjóinn einmitt vegna vitaleysis. Ég get bent á tvö tilfelli, t. d. 1917 og 1923, þar sem vitanlegt er, að skipin fórust fyrir vitaleysi. (**LH:** Þau stranda stundum alveg hjá vitunum. — **ÓTh:** Kannske alveg á þeim!). Það er ekki alltaf hægt að ráða við veðrið. Skip geta strandað nálægt vita, þegar við ekkert verður ráðið vegna bilana eða ofveðurs. En það sem í okkar valdi er, er að byggja vita, og með því fækkum við slysunum við strendur Íslands. Fyndist mér einkennilegt, ef þingið vildi ekki samþykkja, að þessu gjaldi sé varið til hjálpar þeim, sem gjalda allt gjaldið í ríkissjóðinn. Ég gat hugsað, að íslenzka ríkið vildi leggja stein í vörðuna til að varða leiðir sjómanna, eða að minnsta kosti að leyfa þeim að byggja sér vörður, en þeir, sem standa á móti þessu, kippa þeim steini í burtu. Ég trúi ekki, að hv. dm. vilji leggja liðsinni sitt til þess. Ég trúi ekki, að hv. þdm. vilji taka peningana úr vasa þeirra manna, sem eru að byggja upp stóran gjaldstofn handa ríkissjóðnum í framtíðinni, til að fækka slysunum hjá sjómönnunum. Þetta gjald er alveg sérstakt gjald og við megum ekki gleyma, að það er goldið aðeins í þessu augnamiði. Þó að við getum tekið eitthvað af þessu gjaldi í aðrar þarfir ríkissjóðs síðar, þegar vitakerfið er komið í sæmilegt horf, þá verðum við að leggja það í þessar framkvæmdir nú, svo brýn sem nauðsynin er.

Jóhann Jósefsson: Það hafa nokkrir fleiri þm. orðið til þess að andmæla till. sjútvn. og telja varhugavert að ákveða meðferð vitagjaldsins eins og farið hefir verið fram á. Hv. þm. N.-Ísf. hefir nú tekið fram ýmislegt af því, sem ég fyrir hönd n., sem er einhuga í þessu máli, vildi sagt hafa. En ég vildi minnast á einstök atriði, og þar með það, að þegar Reykjanesviti var byggður árið 1878, var fyrst ákveðið vitagjald, en þá var almennt litið svo á, að vitagjald af skipum væri ætlað til rekstrar og viðhalds vitanna, en almenningsfé skyldi hinsvegar leggja til kostnaðar við byggingar vitanna. Þetta var hin upphaflega skoðun. En tímarnir hafa breytzt og meira hefir stundum verið tekið af þessu gjaldi til annara þarfa en vel mætti við una ef byggingarkostnaður og rekstrarkostnaður ætti að standast á við vitagjaldið. Gjaldið hefir alltaf farið hækkandi; t. d. var það hækkað 1917, 1919, 1924; sem sé er alltaf verið að herða á þessari skrúfu, og við því er ekki neitt að segja í sjálfu sér, þó að það sé orðið nokkuð hátt vitagjaldið, ef ekki væri neinn bilbugur finnandi á þinginu að verja gjaldinu, eins og hv. þm. V.-Ísf. sagði, í þarfir þeirra, sem þurfa mest á því að halda — sjómannanna. Gjaldið er ekki eftir gefið. Ég get minnzt á, hve hart er eftir því gengið í mínu kjördæmi; menn fá ekki skrásettar skipshafnir á báta sína nema hafi greitt vitagjaldið fyrirfram í byrjun vertíðar. Þó að það sé sjálfsagt, að ríkissjóður fái sín gjöld, þá er hér nú samt fullhart eftir rekið. Hæstv. fjmrh. minntist á pósttekjur og símatekjur í þessu sambandi, en ég held, að það sé ekki sambærilegt, því pósturinn og síminn hafa tekjur fyrir simskeyti og bréfaburð. Það eru ákveðin gjöld, sem greidd eru fyrir ákveðna þjónustu. Það er ekki sambærilegt við vitagjaldið. Svo er ólíkt ástand hvað símasamband er komið hér í gott horf samanborið við vitamálin. Annars hafa verið mikil tilþrif í þessum efnum á þeim áratugum, sem liðnir eru frá því að Reykjanesvitinn var byggður 1878. Það hefir verið unnið stórvirki. En þrátt fyrir það get ég ekki fallizt á það, sem hv. 3. þm. Reykv. virtist halda fram, að hér hafi verið unnið svo mikið, að viðunandi væri. Þess verður að gæta, að samhliða auknum öryggisráðstöfunum aukast kröfur til skipanna, kröfur til sjómannanna og til þeirra, sem stýra. Skip eru meira úti í vondum veðrum sökum þessara öryggisráðstafana. Það dugir ekki að nema staðar við umbætur á þessu sviði vegna þess, að sam-

fara nýtízku öryggisráðstöfunum sé meiru til hætt af hendi sjómannanna. Nú hefir verið bent á það, að undanfarin ár mun hafa látið nærri, að tekjur af vitagjaldi og það, sem ríkissjóður hefir eytt til viðhalds og byggingar vita, hafi staðizt á, en þó hefir verið sýnilegt, hér um bil alltaf, þegar fjárhagsáætlanir hafa verið lagðar fram, að til þess hefir ekki verið ætlazt af stj. Að vísu hefir verið togað út úr þinginu fjárframlag til þessa og hins vita smátt og smátt. Oftast eru lagðar fram fjárhagsáætlanir með litlum umbótum á þessu sviði fyrir augum. Þarf ekki annað en að líta á fjárhagsáætlun, sem núv. stj. hefir lagt fram fyrir árið 1932. Þar á ekki að eyða einum einasta eyri til byggingar vita samkv. till. stj. En þrátt fyrir það er þó áætlað í tekjur af vitagjaldi 375 þús., sem vitanlega verður hærra í reyndinni. Árið 1929 kom í ríkissjóð vitagjald 468 þús. kr., næstum því ½ millj. Mér virðist þess vegna, að þeir hv. þm., sem ásamt fjmrh. leggjast á móti till. sjútvn., taki hér ekki rétt á málinu, svo sem báðir hv. þm. Skagf. og hv. 3. þm. Reykv. og 1. þm. N.-M. Þegar fyrir liggur frv. stj. um að verja engu til vitanna, er full ástæða til, að þeir sameini sig um lögfestingu ráðstafana vitagjaldsins, sem verja vilja hagsmuni sjófarenda. Þeim hv. þm., sem eru með þann ugg og ótta í brjósti fyrir því að binda tekjur ríkissjóðs til þjóðnauðsynlegra framkvæmda, þeim hv. þm. vil ég ráða til að beina spjótum sínum þangað, sem þeirra er meiri þörf, sem sé að ekki sé notað fé ríkisins til alveg ósamþykktra og ónauðsynlegra ráðstafana. Mikið meiri ástæða er til að óttast eyðslu frá óhlutvöndum stjórnarvöldum en þótt þingið fallist á að verja vitagjaldi, sem krafizt er af skipum, til þess að koma vitamálum okkar í sæmilegt horf. Það eru ekki til nema 2 miðunarvitar við strendur þessa lands, af þeim 11, sem mþn. í vitamálum álítur nauðsynlega. Og þar fyrir utan álítur n. nauðsynlegt að koma upp milli 50—60 öðrum vitum, bæði ljósvitum og hljóðvitum. Ég vil endurtaka þau tilmæli og taka undir það, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði, endurtaka þau tilmæli, að hv. dm. greiði atkv. með því, að þessu fé verði varið til öryggis sjófarenda, því það er sorgleg staðreynd, að sjóslys eru hér tíðari en annarsstaðar, og það helzta til að fyrirbyggja þau eru vissulega vitar og góð leiðarmerki. Þó að þetta sé öllum vitanlegt, þá er þó hv. dm. ekki eins ljóst eins og vera ætti, hversu mikil störf eru enn óleyst af hendi við mælingar siglingaleiðanna hér við land. Er tæplega hægt að segja, að farið sé að leggja hönd á plóginn af ríkisins hálfu. En í því efni hvílir skylda á oss, ekki einungis gagnvart vorum eigin sjófarendum, heldur og gagnvart öllum, sem leggja leiðir sínar upp að landinu, bæði innlendum og útlendum. Fyrir nokkrum árum átti ég tal við yfirmanninn á danska varðskipinu um sjávarmælingar. Hann sagði, að sumstaðar við strendurnar væri, sökum framburðar vatna við árósa, svo mikil breyting á botninum, að nauðsynlegt væri að gera mælingar með fárra ára millibili, ef það ætti að teljast öruggt. Þar sem sjútvn. leggur til, að fé sé varið til að mæla siglingaleiðirnar, þá er það eins nauðsynlegt og að byggja vita.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég ætla ekki að taka þátt í deilum út af brtt. sjútvn. á þskj. 127. En ég vil leyfa mér að benda á, að mér virðist þetta mál bera ekki eins að og vera ber. Mér virðist þessi till. ekki eiga heima í sambandi við þetta frv. Ég skal gera grein fyrir því. Í þessari d. í fyrra var borin fram till. um miðunarvita. Út af þessu var skipuð n. manna með sérþekkingu á þessu sviði til þess að athuga þetta. N. skilaði áliti sínu rétt í þingbyrjun. Sjútvn. hefir fengið frv. frá þessum sérfræðingum, frv. um stjórn vitamálanna. Þar var þetta tekið til athugunar. Sjútvn. mun ætla að fallast á till. sérfræðingan. Þar eiga þessi deilumál heima.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins láta þá skoðun mína í ljós, að ég álít, að ákvörðunin um það, hvernig vitagjöldum skuli varið, eigi að sjálfsögðu að vera í þessu frv. Hitt frv., sem hæstv. forsrh. minntist á, er um það, hvar eigi að byggja vita o. s. frv. Þá má benda á það, að sú n., sem samið hefir frv. um vitabyggingar, kveður í till. sínum engu óskýrara á um

það, hvernig vitagjaldinu skuli varið, heldur en sjútvn. Annars verð ég að segja, að ég er undrandi og ég stend alveg agndofa yfir því, hve mikill úlfaþytur hefir risið út af þessari till. Hvað er eðlilegra og sjálfsagðara en það, að vitagjaldinu sé varið til að auka öryggi á siglingaleiðum meðfram ströndum landsins, lýsa ströndina og mæla upp og kortleggja siglingaleiðir á flóum og fjörðum? Til þessa á vitagjaldið allt og óskift að ganga, og einskis annars. Með þessum andmælum eru menn eiginlega að lýsa velþóknun á meðferð núv. stj. á vitagjaldinu, en meðferð hennar er þannig á þessu fé, að ég hefi fyrir mér tölur, sem sýna, hvað vitagjaldið var mikið árið 1928 og hvað miklu af þessu fé var varið til vitanna. Mér virðist munurinn ekki vera minni en 200 þús. 1929 skilst mér mismunurinn vera um 140 þús. kr., sem minna hefir verið varið til vita en vitagjaldinu nam þessi árin.

Ég get alls ekki verið fylgjandi þeirri stefnu stj. undanfarin ár að taka það fé, sem ætlað er til vitamála, og verja því til ýmissa óskyldra hluta. Hér er ákaflega mikið eftir að vinna í þessum efnum, og enn skortir mikið á, að búið sé að lýsa upp strendur landsins, svo sem þarf til öryggis og varúðar sjófarendum, og enn er ekki búið að mæla upp hafnir og siglingaleiðir, svo sem vera ber, og enn er óbyggður fjöldi sjómerkja um strendur landsins. Að þessu athuguðu er það fjarri öllu viti og sanngirni að ganga inn á nokkra tilslökun frá því að verja vitagjaldinu öllu til þessara hluta. Ber þess og að gæta, að eftir því sem vitum fjölgar, þá vex að því skapi starfrækslu- og viðhaldskostnaður vitanna, en minnkar að sama skapi það fé, sem varið verður til nýbyggingar vita, að óbreyttu því vitagjaldi, sem nú er. Má og benda á það, að í frv. er stórum fært út það svið, sem upphaflega var ætlazt til, að vitagjaldinu væri varið til, þar sem lagt er til að verja því einnig til mælinga á siglingaleiðum og til byggingar sjómerkja. Að því athuguðu virðist lítil ástæða til þess að hafa í frammi andmæli og tregðu gagnvart till. sjútvn. Þess má geta, að nú hafa verið fundnir upp svokallaðir radíóvitar, sem taka hinum eldri ljósvitum langt fram um alla hluti, en eru hinsvegar miklu dýrari. Nauðsyn ber nú til þess, að byggðir séu nokkrir slíkir vitar, því að þeir hafa þá alveg ósegjanlega yfirburði yfir gömlu vitana, að þeir geta leiðbeint yfir margfalt stærra svæði og jafnt í gegnum þoku og dimmviðri sem heiðskíru. Þetta ætti að geta fært mönnum heim sanninn um, að sízt má draga úr fjárveitingum til vitamálanna, a. m. k. um næstu framtíð. Ég þykist ekki þurfa að eyða orðum að þeirri röksemd nokkurra hv. þdm. að vitar séu lítt nauðsynlegir hlutir, en þó keyrir nú alveg um þverbak, þegar farið er að tala um það, að skip strandi hvað helzt fast við vitana. Kannske það eigi nú að fara að halda því fram, að vitarnir séu beinlínis hættulegir lífi og öryggi sjófarenda! Það tekur nú steininn úr að fullu og öllu.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta. Aðeins skal ég taka það fram, að enda þótt ég sé því samþykkur, að vitagjöldunum sé varið til vitamálanna, þá er ekki þar með sagt, að endilega þurfi að eyða upp á sama ári öllu því fé, sem ríkissjóði áskotnast á þennan hátt. Slíkt verður vitanlega að fara eftir nánari tilhögun framkvæmdanna, og verður að ætla vitamálastjórninni nokkurt svigrúm til þess að færa upphæðir milli ára, eftir því sem framkvæma þarf meira eða minna eitt árið heldur en annað. Þetta er nánast sagt praktiskt atriði, en hitt er meginatriðið, að vitagjöldin renni til vitamálanna, en ekki annað, og það á að lögfesta með þessu frv., ef að lögum verður, ásamt brtt. sjútvn.

Ég vænti svo, að þessar till. nái samþykki hv. d. Út af þeim skilningi, sem komið hefir fram, að samkv. till. sjútvn. gæti verið átt við byggingu hafna og fleira þvílíkt, vil ég segja það, að þetta nær vitanlega engri átt, því þá mætti ekki síður teygja hugtakið svo, að það nái einnig yfir starfrækslu sjómannaskóla, vélstjóraskóla o. s. frv. Þetta eru firrur einar. Gjaldinu á vitanlega að verja til þeirra hluta, sem frv. stj. segir til um og till. miðast við það. **(JJós: Rétt).** Til þess að koma í veg fyrir frekari misskilning um þetta hefi ég hugsað

mér að koma hér með skriflega brtt., sem ég vil leyfa mér að lesa upp og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir hana. Hún hljóðar svo: „Meginmál till. orðist svo: Gjaldi þessu skal varið til vitamála, sjómerkja og mælinga á siglingaleiðum".

Eftir því, sem upplýst er um vilja hv. sjútvn., þá er mjög sennilegt, að hún geti fallizt á þessa till. mína.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 136) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það eru aðeins örfá orð. Hv. þm. Borgf. getur ekki fallizt á það, að réttara væri og betur viðeigandi að láta umr. um þetta ágreiningsatriði fara fram í sambandi við frv. um stj. vitamálanna, sem væntanlega kemur fram innan skamms. En ég skal einungis láta hv. þm. Borgf. vita það, að ég stend ekki einn um þessa skoðun. Þeir mörgu sérfróðu menn, sem um þetta mál hafa fjallað að undirlagi ríkisstj., eru allir á þessu máli, og skal ég þar nefna fulltrúa frá Eimskipafélaginu, fulltrúa frá Skipstjórafélagi, forseta Fiskifélagsins og útgerðarstjóra ríkisins og fleiri. Þetta eru menn, sem ætlandi er, að beri nokkurt skyn á þessa hluti. Ég þykist því ekki standa berskjaldaður í þessu máli.

Ég þarf nú ekki að hafa þessi orð fleiri, en úr því að ég er staðinn upp, vil ég benda á eitt atriði í ræðu hv. þm. Borgf., sem kom mér kynlega fyrir sjónir. Hann var að tala um, að það væri hættuleg stefna hjá landsstj., að verja ekki nema hluta af vitagjöldunum til þeirra hluta, sem sjútvn. ætlast nú til, heldur haldið sér við ákvæði fjárlaga. Hingað til hafa þeir fremur talað á hinn veginn, andstæðingarnir, og vítt þessa stj. fyrir að hafa ekki haldið sér nægilega við fjárlögin. En nú bregður svo við, að stj. fær ákúrur fyrir að hafa ekki farið út fyrir heimild fjárlaganna í þessum efnum. Hv. þm. Borgf. ásakar stj. fyrir það, að hafa ekki varið meiru til vitamála heldur en fjárlög leyfðu. Hér er hv. þm. í algerðri mótsögn við sjálfan sig og flokksbræður sína. Auk þess nefndi hv. þm. Borgf. ekki nema part af því, sem varið hefir verið til þessara hluta undanfarið, því hann sleppti því alveg, að árið 1929 og 1930 hefir verið varið stórfé til sjómælinga.

Ég sé svo ekki ástæðu til að teygja umr. um þetta mál, en vil einungis ítreka þá skoðun mína og skírskota til álits hinna sérfróðu manna, sem ég hefi nefnt, um það, að þetta ákvæði, sem sjútvn. vill láta setja inn í þetta frv., á ekki þar heima, heldur í frv. um stjórn og rekstur vitamálanna, og eru því umr. þessar að miklu leyti óþarfar.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég get ekki látið hjá líða að segja nokkur orð um þetta mál, enda þótt ég eigi næsta erfitt um mál, sökum hæsi.

Hæstv. forsrh. var að tala um störf og till. vitamálanefndar. Mér þykir því eftir atvikum rétt að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta, till. n. um þessi atriði: „Fé þessu skal fyrst varið til greiðslu kostnaðar við stjórn vitamála og við rekstur, viðhald og umbætur á vitum og sjómerkjum ríkisins. Því, sem afgangs verður, er séð er fyrir þessum kostnaði, skal varið til byggingar nýrra vita eða sjómerkja eða til annara ráðstafana til öryggis lífi sjófarenda og siglingum hér við land". Þetta er meginkjarninn í till. vitamálanefndar, sem hæstv. forsrh. virðist leggja svo mikið upp úr. N. hefir farið þess á leit við hv. sjútvn., að hún tæki þetta upp í frv. um vitagjald, og telur það ekki fulltryggt, nema ákvæði um þetta séu bæði í þessu frv. og frv. því um stjórn vitamála, sem enn er ekki komið fram, en er nú í vörzlum sjútvn. Mér er ekki kunnugt um það, hve mikill hluti sjútvn. vill fá málið fram, en mig uggir um, að það komi ekki héðan af svo tímanlega fram, að það nái fram að ganga og verða að lögum á þessu þingi. En með því að ég álít þessar till. sjútvn. til stórbóta, þá legg ég ríka áherzlu á, að þær verði samþ., því að gera má ráð fyrir, að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi.

Það, sem ágreiningur hefir risið út af í þessu máli, er það, hvort eigi að verja vitagjöldunum samkv. eðli og tilgangi

sínum, nefnilega til byggingar og starfrækslu vita, til þess að auka öryggi siglingaleiða, til sjómerkja, til þess að mæla upp meðfram ströndum landsins, — og loks er eitt ótalið, sem af vangá hefir fallið burt úr frv., og það er björgunarstarfsemin. Við eigum svo mikið ógert í vitabyggingum og sjómælingum, að það fé, sem við höfum yfir að ráða í þessu skyni, mun varla hrökkva til, til þess að geta bætt úr brýnustu þörfunum á hverjum tíma.

Í fjárlagafrv. eru 160 þús. kr. ætlaðar til starfrækslu vita, en vitagjaldið er á sama tíma áætlað 375 þús. kr. Síðastl. ár var vitagjaldið fast að hálfri millj. króna, samkv. bráðabirgða uppgerð hæstv. fjmrh. Þetta eru allverulegar upphæðir, ef þeim væri varið til þess, sem eðlilegast væri og réttast. Við erum fiski- og siglingaþjóð, og það er því geysilegt hagsmunaatriði fyrir okkur, að fá komið vitamálum okkar í viðunandi horf. Erlendar þjóðir hafa veitt því eftirtekt, hversu vitagjaldið er hátt hér á landi, og það hafa borizt kvartanir um það frá útlöndum, að vitgjaldið væri alltof hátt í hlutfalli við það, sem gert væri fyrir vitamálin hér af hálfu hins opinbera. Við erum nú að vísu herrar sjálfir yfir þessum hlutum, en við verðum samt að gefa gætur að því, hvað erlend ríki segja um þessi mál, því það er nánast sagt alþjóðleg skylda að gera eitthvað til öryggis sjófarendum, svo sem með byggingu vita og sjómælingum.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar, enda er mér tregt tungu að hæra, eins og heyra má, og skal ég því láta máli mínu lokið að sinni.

Jón Ólafsson [óyfirl.]: Ég get sparað mér að fara mörgum orðum um þetta mál. Þeir menn, sem einkum hafa beitt sér fyrir till. hv. sjútvn., hafa lítið fært fram af rökum til stuðnings sínu máli. Ég verð nú að segja það, og byggi það á gamalli reynslu, að um það leyti, sem ég tók að stunda sjósókn, urðu sjómenn hér syðra að notast við Reykjanestýruna eina, og ég þori að fullyrða það, að þá voru ekki fleiri slys hér við land en nú undanfarin ár, eftir að vitar eru komnir á annaðhvert annes. Ég vil biðja hv. 4. þm. Reykv. að telja saman þau slys, sem orðið hafa frá Reykjanesi að Garðskaga frá því um aldamót, og ætla ég, að þau séu allt að því eins mörg og áður. Það er svo einkennilegt, að það er eins og skipin farist oft og einatt fast upp við vitana, svo að maður gæti nærri því freistast til að halda, að vitarnir hafi óbeinlínis valdið slysunum, sumum hverjum. Það eru líka sorglega mörg dæmi þess, að skip hafa tekið skakka vita og farist fyrir þá sök. Það er nú orðið svo, að menn vilja sem minnst á sig leggja og treysta alveg á þessa vita og þessi merki, og finnst ógerningur að fara hér með ströndum fram nema hafa þessar týrur fyrir framan nefið á sér. Þó ber ekki að skilja orð mín svo, að ég álíti vitana í sjálfu sér óþarfa, heldur það, að tala þeirra má ekki ganga svo úr öllu hófi fram, að sjófarendur eigi örðugt með að greina þá í sundur og finna út, hvaða vita er um að ræða. Hinsvegar ber á það að líta, að fleiri tæki eru nú til en vitar til þess að auka öryggi sjófarenda. Má þar sérstaklega nefna dýptarmæla, sem sýna strax, hve dýpið er mikið, án þess að skipið þurfi að hægja á ferð. Það tæki mun verða öruggast til þess að forðast grynningar og slys af þeim sökum. Sömuleiðis eru það miðunartækin, sem nú eru komin í flest skip. En til þess að loftskeytin komi að gagni að þessu leyti, þarf miðunarstöð í landi, sem enn er ekki komin upp hér. Skip láta sér því nægja enn sem komið er að taka miðun frá öðrum skipum, og kemur það oft að miklu haldi. Það er því margt, sem eykur öryggi sjófarenda nú á dögum, og er það ekki nema gott, svo lengi sem sjófarendur slá ekki slöku við um aðgæzlu fyrir þær sakir.

Eitt af því, sem teflt hefir verið fram sem rökum í þessu máli, er það, að óviðeigandi væri, að þeir, sem mest drýgðu tekjur ríkissjóðsins með greiðslu vitagjaldanna, væru á móti þessari breyt. Þessu og öðru eins er vægast sagt ekki eyðandi orðum að. Ef ætti að fara að vernda fjárhag ríkisins með slíkum ráðstöfunum, þá yrði það einungis til þess að auka á vandræði ríkissjóðsins. Það er líka hrein og bein hugsunarvilla að ætla að lögfesta einstaka tekjuliði, til þess

að stj. geti ekki sóað þeim til annara hluta. Það er líkt og ef maður vildi ekkert eiga af því til eru þjófar. Nei, slíkar og þvílíkar bollaleggingar verðskulda ekki að vera teknar alvarlega.

Hv. þm. Borgf. var að tala um úlfaþyt hér í d. út af þessu máli. En mér finnst nú, að sá eini úlfaþytur, sem ég hefi veitt eftirtekt, væri frá honum. Annars var það einkennilegt við ræðu þessa manns, sem talinn er greindur í bezta lagi, hversu hún var óvenjulega óskýr á allan máta. Hann talaði fyrst um það, að hér væri ekki um nýmæli að ræða, heldur væri verið að lögfesta það, sem verið hafi venja til þessa dags. Síðar segir hann þó, að undanfarin ár hafi stórfé verið skotið undan og ekki goldið til vitamálanna, sem þó hafi, samkv. eðli málsins, átt að renna þangað. Ekki ætlast þó hv. þm. til þess, að sú venja sé lögfest. Hér er hv. þm. í mótsögn við sjálfan sig. Það er alveg víst, að vitarnir hafa hingað til ekki gefið það af sér, sem í þá hefir verið lagt, enda þótt vel megi vera rétt, að hin síðustu árin hafi þeir gefið nokkuð af sér fram yfir það, sem til þeirra hefir verið lagt undanfarin ár. Hv. þm. sagði ennfremur, að nýbygging vita myndi minnka um leið og þeim fjölgaði, því að starfrækslukostnaður þeirra ykist við það. Hér miðar hv. þm. við það, að vitagjaldið haldist óbreytt, en það bendir aftur til þess, að hv. þm. geri ráð fyrir algerðri kyrrstöðu í þjóðfélagi okkar, a. m. k. í siglingamálum, því að með auknum siglingum og skipakosti ætti vitagjaldið vitaskuld að hækka. En hv. þm. gerir ráð fyrir öfugri þróun í okkar landi, ef marka má þessi orð hans. En mér er þá ráðgáta, hvað við eigum að gera við allt þetta vitakerfi okkar, ef þvílík kyrrstaða er framundan í þjóðlífi og atvinnulífi okkar Íslendinga.

Þetta er, eins og ég hefi tekið fram, alveg gersamlega óviðeigandi að skattleggja vissa grein í sérstöku augnamiði fyrir atvinnuveginn. Það er ekkert vit heldur að taka vissar tekjugreinar út úr og ákveða, til hvers þær séu notaðar eingöngu til síðasta eyris. Það gæti gengið nokkuð langt, ef t. d. tekjur af tóbaki yrðu bundnar þannig, eða því, sem landið græðir af víni, væri varið til bindindisstarfsemi — eða jafnvel öllu heldur til að styrkja þá, sem drekka. (ÓTh: Það væri þó eitthvert vit í því). Hvað yrði þá eftir til okkar sameiginlegu þarfa, ef allar tekjur ríkissjóðs væru rifnar út úr samhengi og ráðstafað þannig? Ekki mundi það bæta úr fátækt okkar og getuleysi. Ekki sízt vegna „principsins“ vildi ég óska, að þessi brtt. yrði ekki samþ., heldur að Alþingi verði hér eftir sem hingað til treyst til að ráðstafa því, sem ríkissjóði áskotnast. Ég get ekki einusinni fallizt á ráð hv. þm. Vestm., að festa tekjurnar til þess að stj. geti ekki sóað þeim. Ekki einusinni þetta getur fengið mig til að hverfa frá þessu lögmáli, og mundi það þó verða tekið til athugunar, ef það breytti málinu mikið.

Hv. þm. Vestm. sagði, að farið væri að gera mjög miklar kröfur til öryggis á sjóferðum. Það er alveg rétt, og sem betur fer eru þær kröfur gerðar til útbúnaðar skipanna ekki síður en vita, og þar standa íslenzk skip mjög hátt; — hafa yfirleitt bezta útbúnað, sem fæst. Hins vegar sýna hin mörgu slys í nánd við sjálfa vitana, að þeir eru ekki einhlítir. Það er náttúrlega gott að hafa týru á nefinu, en það getur jafnvel gert menn að meiri rötum og minni aðgæzlumönnum, ef allt er lagt upp í höndurnar á þeim.

Pétur Ottesen: Hæstv. forsrh. vitnaði svo mjög í þessa sérfræðinga, sem hann nefndi svo, í vitamálum, að mig furðaði dálitið. Mér er ekki kunnugt um, að þeir hafi lagt sérstaka stund á vitamál. En hæstv. ráðh. gat ekki lagt neitt annað til málanna en þeirra ráð. Sjútvn. Nd. hvarf alveg í skuggann af þeim. En það hefir nú verið upplýst hér, að í raun og veru eru till. þessarar „sérfræðinganefndar og sjútvn. alveg það sama; aðeins um annað form að ræða. En það kemur ekki neitt fram í áliti þessarar mþn., sem bannar, að bera megi tillögur hennar fram í öðru formi síðar. Nei, aðalatriðið er að koma till. hennar fram svo, að þær njóti sín í verkinu, og ég tel, að sjútvn. hafi hitt á sjálfsögðu leiðina í þessu efni.

Hæstv. forsrh. sagði, að ég hefði átal-

ið sig fyrir að hafa ekki farið út fyrir heimild fjárl. um fjárframlög til vitanna. Væri það í ósamræmi við, að ég og flokksmenn mínir áteldum stj. yfirleitt fyrir of mikla eyðslu. En hvað hefir stj. gert við það af vitagjaldinu, sem ekki hefir farið til vitanna? Hún hefir eytt því öllu til allt annara hluta en vera átti og vitanlega í heimildarleysi. Það fé verður aldrei gripið aftur til þess að byggja fyrir það vita.

Út af ræðu hv. 3. þm. Reykv. get ég verið stuttorður. Hjá honum kom það fram, sem ég bjóst ekki við, að vitar væru hættulegir hlutir fyrir siglingarnar. Það yrðu svo mörg slys kringum vitana.

Þá er farið að færa málið inn á annan grundvöll. Þangað til nú hefir verið byggt á því, að vitar væru nauðsynlegir og þess vegna væri rétt að leggja á skatt til að reisa þá sem víðast. Ég verð að benda hv. þm. á, hvað flestir aðrir en hann álíta um málið. Hæstv. forsrh. vitnaði til vitamálanefndarinnar, og ég ætla, að hann geti tekið undir það, sem þeir menn þar segja um þetta efni. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa nokkur orð þeirra:

„Eftir upplýsingum, sem nefndin hefir fengið frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands, hafa iðgjöld fyrir vöruflutninga lækkað á síðustu 10 árum um ½%, og þar sem inn- og útflutningur nemur árlega um 140 millj. kr., samsvarar lækkunin um 700 þús. kr. á ári. Á sama tíma hafa iðgjöld fyrir flutninga- og fiskiveiðagufuskip lækkað um 50%, og mun það samsvara árlegri lækkun:

Fyrir íslenzka vöru- og fólksflutninga	kr. 200000.00
Fyrir íslenzka togara	— 200000.00
— — línuveiðara	— 50000.00
Alls	kr. 450000.00

Eftir því hafa iðgjöld þessi lækkað árlega um 1150 þús. kr., og það mun enginn vafi á því, að þessi sparnaður er að miklu, ef ekki mestu leyti vitunum að þakka, en auðvitað kemur sparnaðurinn öllum þjóðarbúskapnum að góðu".

Þetta segir n. um þýðingu vitanna fyrir okkur bara í þessu eina atriði.

Hv. þm. talaði um, að ég hefði komið með spádóma um einhverja ægilega kyrrstöðu. Ég sagði ekki annað en að við aukningu vitakerfisins ykist árlega það fé, sem yrði að leggja til rekstrar vitanna og viðhalds. En ef siglingar aukast ekki því meira verður vitanlega að draga úr því fé, sem lagt er til nýrra vita, að óbreyttu vitagjaldi, að sama skapi og rekstrarkostnaður vex. Ef það er þetta, sem hv. þm. hefir þótt óskýrt í ræðu minni, get ég ekki fallizt á, að það sé nein reikningsþraut að skilja, hvað ég átti við . Enn sagði hv. þm. að þessi till. væri hliðstæð við það, ef t. d. því, sem ríkissjóður græðir á víni, væri öllu varið til bindindisstarfsemi. Það væri víst ógurlegt. Ja, hver ætli afleiðingin yrði af því? — Ekki nema sú, að það yrði kveðinn niður allur drykkjuskapur í landinu. Við það spöruðust svo margar millj., að ég held, að við yrðum sammála um, að fyrir það fé mætti byggja marga vita og vinna margt þarft á þessu landi.

Jón Ólafsson [óyfirl.]: Mér datt í hug, að hv. þm. Borgf. mundi gripa til þess að snúa út úr orðum mínum. Það held ég hann hafi gert af rökþroti. Ég segi vitaskuld ekki, að vitar skaði yfirleitt, heldur að þeir séu ekki einhlítir að varna slysum, þar sem fjölmörg dæmi eru til um þau nálægt vitum. Það eru staðreyndir, sem tala sjálfar. Þeir eru aðeins einn þáttur ráðstafana, sem gerðar eru til öryggis fyrir sjóferðir.

Hv. þm. var drjúgur yfir þeim áhrifum, sem aukning vita hefði haft á tryggingargjöld, eftir sögn nefndarinnar. (**PO**: Já, já): Ég skal ekki gera lítið úr þessari nefnd. Það er eðlilegt, að hún, sem skipuð er til að gera till. um nýja vita, hafi áhuga fyrir því að tína fram allt, sem að einhverju leyti gæti stutt hennar málstað. En ég veit ekki til, að enn hafi tryggingargjöld lækkað af þessum ástæðum. Betri og meiri skipakostur, að ógleymdum loftskeytatækjum, held ég að hafi aukið öryggið mest. En tryggingargjöldin hafa ekki síður lækkað fyrir það, að við gátum skilið við Dani, sem áður voru milliliðir við allar tryggingar okkar. Það eru ekki nema eitthvað 8 ár síðan við losnuðum við þá að nokkru marki,

en ég veit ekki til, að Sjóvátryggingarfélagið losnaði alveg fyrr en á síðasta ári undan þeirra „kommandó“. Og ég veit ekki til, að Danir hafi gert neitt til að lækka gjöldin nema fyrir þá köldu samkeppni, sem þeir hafa átt við Englendinga nú síðustu árin. Þegar við stofnuðum samtryggingarfélag botnvörpunga, komust iðgjöldin niður í 4%, en höfðu verið 8% hjá Dönum. Eftir það fóru þeir eitthvað niður vegna samkeppninnar. En að Englendingar hafi hafið hana vegna þess, að nokkrir vitar voru byggðir hér, er misskilningur. Það er allt öðru að þakka. — En ég ætla svo ekki að segja meira um þetta.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. 3. þm. Reykv. og aðrir hv. þdm. verða að minnast þess, að áður en vitar voru byggðir hér á landi, mátti heita, að við fengjum ekkert skip til að sigla til Norðurlands að vetrarlagi. Vátryggingarfélög þorðu ekki að vátryggja. Fyrst eftir að við höfðum fengið vita á Siglunesi, fengust skip til að sigla þangað möglunarlaust.

Iðgjöldin, sem öll félög taka, eru svipuð, því að bæði dönsk, ensk og þýzk félög eru í sambandi og endurtryggja hvert hjá öðru, en það félag, sem mestu ræður um iðgjaldshæð, er Lloyd í London. Ekkert félag tekur alla áhættuna á sig eitt, heldur endurtryggir í öðrum löndum álfunnar eða jafnvel í Ameríku. Danir hafa því enga sérstöðu.

Hér er farið fram á að taka gjald í alveg sérstöku augnamiði og gengið lengra en í öðrum löndum, með því að láta þetta vitagjald greiða kostnað við sjómælingar líka. Skyldi þá vera fært að taka af því í aðrar þarfir ríkissjóðs?

ATKVGR.

Brtt. 136 felld með 15 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓTh, PO, SÁÓ, EJ, HG, HV, JJós, JAJ, MJ.

nei: ÁÁ, BSt, GunnS, HStef, HJ, IngB, JÓl, JS, LH, MG, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, JörB.

Fjórir þm. (SE, BSv, BÁ, HK) fjarstaddir.

Brtt. 127 felld með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JAJ, MJ, ÓTh, PO, SÁÓ, SvÓ, EJ, HG, HV.

nei: JÓl, JS, LH, MG, MT, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, GunnS, HStef, HJ, IngB, JörB.

Fjórir þm. (SE, BSv, BÁ, HK) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., 12. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 8).

Á 24. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 25. marz., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, 238, n. 239).

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Ég skal hlaupa í skarðið fyrir hv. frsm, af því hann er ekki viðstaddur.

Fjhn. hefir klofnað í þessu máli, þó ekki komi fram nema eitt nál. Erum við hv. frsm. í meiri hl., og leggjum við til, að frv. verði samþ. með litlum breyt.

Tvær brtt. höfum við borið fram sameiginlega á þskj. 239. Sú fyrri er við 1. gr. frv. og er um að fella niður ákvæðið um það, að vitagjaldið skuli aldrei vera minna en kr. 12.50. Samkv. því ákvæði ættu allir bátar innan 10 smál. að greiða sama iðgjald og 10 smál. skip. Kæmi vitagjaldið þá tiltölulega harðast niður á minnstu mótorbátunum. Teljum við það alls ekki réttmætt. — Hin brtt. er um fyrirsögn frv., að það skuli nefnt aðeins „frv. til l. um vitagjald“, en orðin „o. fl.“ felld niður. Frv. fjallar ekki um annað en vitagjaldið, og er því óþarft að bæta þessu „o. fl.“ aftan við fyrirsögnina.

Nú er hv. frsm. kominn, og getur hann því bætt um það, sem ég hefi sagt, ef hann álítur þess þörf.

En af því að ég er nú staðinn upp, vil ég nota tækifærið til að gera grein fyrir

brtt., sem ég flyt einn á þskj. 238. Legg ég þar til, að fyrir orðin „gjald til vita, sjómerkja og til mælinga siglingaleiðum“ komi: vitagjald. Tilgangurinn með orðalagi frv. er sennilega sá, að lögleiða, að vitagjaldinu skuli ekki varið til annars en vita, sjómerkja og uppmælinga. Þó ég álíti það gott, ef hægt er að nota vitagjaldið eingöngu til þessara hluta, þá tel ég ekki rétt að binda hendur fjárveitingavaldsins með því að ráðstafa þannig þessari tekjugrein í eitt skipti fyrir öll. Auk þess sem ég tel yfirleitt varhugavert að binda tekjugr. ríkissjóðs til sérstakra framkvæmda, er sérstök ástæða til þess, að mér finnst við ættum síður að binda þannig vitagjaldið heldur en aðrar tekjugreinar. Hún er sú, að vitagjaldið kemur að nokkru leyti niður á útlendum skipum, og sá skilningur hefir komið fram hjá útlendum mönnum, að íslenzka ríkið sé skyldugt til að verja því eingöngu til vitamálanna. Á þessum skilningi bólaði að mig minnir árið 1925 eða 1926, og var honum þá vísað á bug með þeim rökum, að slíkur skilningur ætti sér enga stoð í íslenzkum lögum, að á vitagjaldið bæri að líta sem skatt til ríkisins, sem það hefir heimild til að ráðstafa eftir eigin geðþótta. Það álít ég rétt, enda var því ekki frekar mótmælt.

Ég veit ekki, hvernig sú hugsun hefir myndazt, að ekki megi nota vitagjöldin til annars en vitamálanna. Söguleg drög þessa máls styðja ekki þá skoðun, heldur þvert á móti. Fyrsti vitinn hér á landi var byggður fyrir beint framlag úr ríkisjóði, áður en vitagjald var lögleitt. Síðan var vitagjaldið lagt á, er skipin voru farin að hafa not af vitunum. Það er þannig ekki komið til sem framlag til vitabygginga, heldur sem afnotagjald af vitunum, sem ríkið getur þá vitanlega ráðið, hvað er hátt. Ef nú er sett ákvæði í íslenzk lög um það, að ekki megi nota vitagjaldið nema til ákveðinna þarfa, gæti það gefið útlendingum betri aðstöðu til að skipta sér af þessum málum hér.

Frá sjónarmiði hvers fjmrh. er það mjög hæpin leið að binda tekjugreinar til ákveðinna framkvæmda. Í fjárlögum síðasta árs voru vitagj. áætluð 375 þús. kr., en eftir skýrslu fjmrh. urðu þau 500 þús. Nú mundi ákvæði frv. ekki gilda um áætlun vitagjaldsins, heldur yrði eftir því að láta allar hinar raunverulegu tekjur af vitagjaldinu renna til vitamálanna.

Í þessu fjárl. frv. eru, eins og kunnugt er, felldar niður að miklu eða mestu leyti allar nýjar verklegar framkvæmdir, ekki aðeins til vita, heldur líka á öðrum sviðum. Hin eiginlegu útgjöld til vita eru áætluð tæp 200 þús. Ef þetta ákvæði er lögfest, ætti að verja 300 þús kr. til nýrra verklegra framkvæmda á þessu sviði, til vitabygginga, þó að ekki þyki fært að stinga upp á framkvæmdum á öðrum sviðum. Ég álít ekki rétt að binda þannig hendur fjárveitingavaldsins.

Ég hefi þá gert grein fyrir ástæðum mínum fyrir brtt. og legg það á vald hv. d., hvort hún fellst á hana.

Jón Baldvinsson: Ég hefi skrifað á nál., að ég er andvígur frv. Stj. ber nú fram nokkur frv., er fara fram á það, að lögfesta gengisviðaukann. Ég mun greiða atkv. á móti þessum frv., þó óvíst sé, að ég geri grein fyrir því við hverja atkvgr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Viðvíkjandi þeim brtt., sem meiri hl. fjhn. flytur, vil ég taka fram, að ég get fallizt á þær. En svo hefir hv. 1. landsk. flutt brtt. á þskj. 238, og um hana skal ég segja það, að í rauninni er ég hv. flm. sammála um efni till. En það er nú svo, að í Nd. eru uppi mjög sterkar raddir um það, að binda svo vitagjaldið, að því megi ekki verja til annars en í þágu siglingaleiðanna kringum landið. Ákvæði frv. þóttu ekki nógu sterk í þá átt, að vitagjaldinu væri aðeins varið í þessu augnamiði. Þess vegna er það, að orðalag frv. er þannig til þess að sameina þessar tvær skoðanir. En ég verð að segja það, að ég er sammála hv. 1. landsk. um það, að í rauninni sé ekki rétt að binda þessar tekjur fyrirfram, svo að löggjafarvaldið hafi ekki fullan umráðarétt yfir þeim. En ég lít svo á, að eftir orðalagi frv. sé þetta í raun og veru ekki bundið, þó að tekið sé fram, að fyrst og fremst eigi að verja því í þessu augnamiði. Ég skal ekki beinlínis leggja á móti brtt., en ég

tel, að dálitil hætta sé á því, ef orðalagi frv. verður breytt, að aftur rísi upp deilur í Nd., þegar málið kemur þangað, og er þá vafasamt, hvað ofan á kann að verða. Ég sem sagt læt þessa brtt. hlutlausa. Hefi ég því ekki meira um málið að segja, en vil þakka n. fyrir afgreiðslu frv.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Ég vil geta þess, að það gleður mig stórlega, að hæstv. fjmrh. skuli vera mér sammála, en ég vil bæta því við, að mér finnst afstaða hans slæleg, þar sem hann ætlar að láta till. hlutlausa, af því að aðrar skoðanir, sem hann er ósamþykkur, hafa komið fram í Nd. Mér finnst ekki vera hundrað í hættunni, þó þetta frv. ætti fyrir sér að fara á milli deilda, og fyndist mér fara vel á því, að allir hv. þm. í þessari deild sýndu hv. Nd., að sú skoðun væri uppi á meðal þeirra, að vilja standa á verði fyrir því, að fjárveitingavaldið héldi rétti sínum til að ráða yfir tekjum ríkissjóðs. Það má búast við því eftir reynslunni, að útlendingar komi og gangi eftir því, að þessum ákvæðum verði framfylgt, verði þeim ekki vísað á bug eins og árið 1925 eða '26.

ATKVGR.
Brtt. 238 samþ. með 7 : 1 atkv.
— 239,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 : 2 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 239,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 : 2 atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um vitagjald.

Á 35. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 276).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 : 2 atkv. og endursent Nd.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 276).

Á 38. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til einnar umr. (A. 276, 313).

Jóhann Jósefsson: Um þetta frv. er það að segja, að Ed. hefir breytt orðalagi 1. gr. þannig, að gjaldið skuli ekki greitt til „vita, sjómerkja og mælinga á siglingaleiðum", eins og áður stóð í frv., heldur skuli greitt „vitagjald" án nánari skilgreiningar. Ég verð að lýsa því yfir fyrir hönd sjútvn., sem hefir athugað þessa breyt., að hún er sömu skoðunar og áður, og þess vegna ber hún fram brtt. á þskj. 313, þess efnis að færa orðalag gr. í sama horf og það var, þegar frv. fór frá þessari hv. d. Vegna þess að tíminn er naumur, vil ég ekki hefja neinar umr. um það, hvað undir þessari breyt. Ed. búi, en vil mælast til, að þessi hv. d. standi við sínar fyrri samþykktir og veiti þessari brtt. stuðning.

ATKVGR.
Brtt. 313 samþ. með 15 : 2 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 318).

Á 41. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 318, 338).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 338. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Jón Þorláksson [óyfirl.]: Við 2. umr. þessa máls hér í þessari hv. d., var samþ. brtt., sem ég flutti, þess efnis, að í staðinn fyrir orðin: „Gjald til vita, sjómerkja og mælinga siglingaleiða", komi aðeins „vitagjald", og færði ég ástæður fyrir þessari breyt. við 2. umr. málsins, og hv. deild mun hafa fallizt á þær ástæður og samþ. brtt. mína þess vegna. Nú hefir þessu atriði frv. verið breytt aftur í sama horf og það áður kom frá hv. Nd. Flyt ég því brtt. hér á þskj. 338 um að færa það aftur í sama horf.

Ég hefi ekki getað fundið, að réttmætt væri að víkja frá þeirri afstöðu, sem þessi hv. d. tók, og í annan stað finnst mér ekki rétt að binda gjaldskylduna

við það, til hvers gjaldið yrði notað. — Hitt er innan handar, að gera ákvörðun um það, að ámóta fjárhæð eins og gjaldliðnum nemur skuli notuð til þeirrar fyrirgreiðslu siglinga, sem átt er við.

Ég hefi veitt því eftirtekt, að í frv. til l. um vitabyggingar er samskonar ákvæði og ætlazt er til að sé í þessum l., og í slíkri löggjöf á slíkt ákvæði auðvitað heima. En það er ekki viðeigandi, sérstaklega þegar um er að ræða gjöld, sem útlendingar eiga við að búa, að binda gjaldskylduna við það, til hvers gjaldið verði notað. Má þá búast við eilífum umkvörtunum frá útlendingum um að þetta sé ekki að fullu notað eftir fyrirmælum þessara laga.

Ég held því, að rétt sé að færa frv. í sama horf og það áður var, þó að afleiðingin verði sú, að frv. verði að fara í sameinað þing. — Ber ég því fram till. þess efnis.

Ég skal taka það fram, að þetta atriði er verulegasta breytingin, sem þetta frv. gerir á núgildandi löggjöf. Það er að vísu svolítil efnisbreyt. eftir till. fjhn. þ. e. að fella niður lágmark gjaldsins, en að öðru leyti kemur þetta frv. í stað gildandi löggjafar, án þess að gera neinar teljandi breytingar. Þó að hrakningur frv. til sameinaðs þings yrði því til þess að fella það, er ekki svo mikill skaði skeður, því að ákvæðin um þessi mál eru öll til í lögum, nema þessi, sem ég nefndi, og halda þau gildi sínu til 1932. Ég mun ekki geta greitt frv. atkv. með þeirri skilorðsbundnu gjaldskyldu, sem á því er.

Fjmrh. (Einar Árnason): Eins og hv. flm. þessarar till. tók fram, var till. þessi hér til umr. fyrir nokkru og var þá samþ. Ég tók það fram þá, að ég væri ekkert á móti efni till., en benti á það, að þær skoðanir hefðu komið ákveðið fram í hv. Nd., að litlar líkur væru til þess, að slík till. næði þar fram að ganga. Hefir og komið á daginn, að svo var.

Ég geri ekki eins mikið úr því og hv. flm. till., hvað þetta valdi miklum óþægindum. Hvort sem þetta orðalag verður haft eða ekki, þá býst ég við, að þetta verði í framkvæmdinni mjög svipað eins og verið hefir. Mér finnst því þetta atriði ekki vera svo stórkostlegt, að rétt sé að hrekja þetta mál í Sþ. Tel ég því rétt að afgreiða frv. eins og það liggur fyrir nú.

ATKVGR.
Brtt. 338 samþ. með 6 : 3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á deildafundum 9. apríl var frv. útbýtt frá Sþ. eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 344), en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

8. Ríkisbókhald og endurskoðun.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um ríkisbókhald og endurskoðun (stjfrv., A. 9).

Á 5. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Frv. þetta er í tveimur aðalköflum. Fyrri kaflinn er um ríkisbókhald. Síðari kaflinn er um endurskoðun þess.

Eftir því sem ríkisbúskapurinn verður umsvifameiri og fjölþættari, vex þörfin á fullkomnara bókhaldi og gleggri yfirsýn um fjárhagsástandið á hverjum tíma. Er því nauðsynlegt að fara eftir föstum reglum, er gefi sem mest öryggi um bókhaldið.

Þess er eigi að dyljast, að bókhald og reikningsfærsla ríkissjóðs er nú mjög orðin á eftir tímanum. Það má vera, að þetta gamla form hafi dugað vel, meðan starfræksla ríkisins var lítil og fábreytt. En með fjölbreyttari og umfangsmeiri starfsemi ríkisins verður þörfin fyrir fullkomnara bókhald og reikningsfærslu nauðsynlegri með hverju árinu, sem líður. Hjá nágrannaþjóðunum er þetta viðurkennt. Þær hafa allar tekið upp hið fullkomnasta bókhald og reikningsform við ríkisreksturinn hjá sér. Hér á landi hefir líka nauðsyn fullkomins bókhalds verið viðurkennd, þar sem öllum verzl-

unum er gert að skyldu að viðhafa tvöfalt bókhald. Sýnist því eigi nema alveg sjálfsagt, að ríkið sjálft noti einnig hin fullkomnustu form við sína starfrækslu. Nú þegar hefir stjórnin látið vinna að því af fagmönnum á því sviði að færa bókhald ríkissjóðs í nýtízkuform. Og um síðastliðið nýjár var byrjað á því að færa bækur ríkissjóðs eftir því.

Það má máske segja, að stjórnin hefði getað látið gera þetta, án þess að leita til þingsins með það. En mér þótti réttara, að þingið tæki ákvörðun um þetta og lögfesti það form, sem það vill láta nota við reikningsfærslu ríkissjóðsins.

Þá er í frv. einnig gert ráð fyrir, að skipaður verði af fjmrh. einn fastur endurskoðandi. Sá maður á að hafa fullkomna sérþekkingu á öllu því, er að bókfærslu lýtur og reikningsfærslu. Hann á að standa undir fjmrh. og endurskoða í fjármálaráðuneytinu. Þá er einnig ætlazt til, að hann hafi með höndum endurskoðun á hinum ýmsu sjóðum, sem standa undir vernd hins opinbera, en hinum og öðrum hefir hingað til verið falin endurskoðun á og þeim greitt fyrir. Er ætlazt til, að sú greiðsla gangi til að launa þenna mann og mætti svo fara, að kostnaðarauki af því að hafa fastan endurskoðanda yrði lítill, eða jafnvel enginn. Aðalatriðið er þó það, að endurskoðunin yrði með þessu fyrirkomulagi miklu tryggari.

Ég mun eigi að sinni fara út í efni einstakra gr. frv. — En ég vil benda á, að þetta frv. er algert nýmæli og ég vænti þess, að hv. n. taki það til rækilegrar athugunar og greiði götu þess, svo að það nái að ganga gegnum þingið, vegna þess, að ég tel það sé aðkallandi.

Ég vil svo leggja til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til fjhn. Ég tel, að þetta frv. sé þar bezt komið.

Magnús Jónsson: Ég er sammála hæstv. fjmrh. um það, að rétt sé að frv. þessu sé gefinn fullur gaumur hér á Alþingi. Það er og auðvitað líka rétt hjá hæstv. ráðh., að afaráríðandi er, að bókhald og reikningsfærsla ríkisins sé í glöggu og aðgengilegu formi, er glöggt sýni ráðstöfun fjárins og hag ríkisins á hverjum tíma. En ég hygg þó, að um það megi frekar deila, hvaða form séu heppilegust.

Ég hafði því vænst, að einhverjir af hinum bókhaldsfróðu mönnum þessarar hv. d. mundu láta til sín heyra um þetta mál. En þegar mér virtist, að svo mundi ekki ætla að verða, kvaddi ég mér hljóðs, enda þótt mig bresti sérþekkingu á þessu sviði. En mér finnst þetta svo merkilegt mál, að ég álít, að það eigi skilið að vera athugað nokkuð við 1. umræðu.

Það þarf í raun og veru enga sérþekkingu til þess að segja eitt og annað um þetta frv., því að önnur hliðin veit að öllum almenningi, og um þá hlið treysti ég mér að ræða.

Ég hefi ekki getað fundið neina sérlega annmarka á formi fjárl. né landsreikningsins síðan greint var milli rekstrarreiknings og sjóðsreiknings. Mér finnst einmitt, að þetta form sé góður og glöggur grundvöllur undir umræður um fjárhag ríkisins. Ég get ómögulega séð, að það sé neitt nauðsynlegt fyrir okkur að feta í fótspor annara þjóða í þessu efni. Það er annaðhvort misskilningur eða mont að halda það, að fjármál okkar séu nokkuð í líkingu við það, sem er hjá öðrum, miklu stærri þjóðum. Og það er hreinn misskilningur að vilja setja reikninga ríkissjóðs upp í það form, að fagmönnum einum sé fært að skilja þá, eins og sumar aðrar þjóðir gera. (**Fjmrh.:** Hvaða þjóðir gera það?). Já, hvar er það! — Það hefir t. d. verið hjá Frökkum. Þeir hafa verið undir miklu ámæli fyrir það, að þeir hafi sett upp reikninga sína í villandi og flóknu formi og jafnvel fært liði, sem í raun og veru eru ekki til. T. d. færa þeir tekjumegin þær upphæðir, sem þeir vænta að fá frá Þjóðverjum í hernaðarskaðabætur.

Það má vel vera, að hægt sé að færa reikninga ríkissjóðs í fullkomnara form. En spurningin er bara sú, hvort það sé ekki of dýru verði keypt. Og ég tel svo vera, ef almenningur skilur það eigi. Svo er það einkum landsreikningurinn, sem þarf að vera í því formi, að allur almenningur skilji hann og geti eftir honum myndað sér glögga skoðun á fjárhag ríkisins á hverjum tíma. Ef

svo er eigi, þá fer þannig, að blöðin ríf-ast um niðurstöðurnar, en alþýða öll, sem ekki getur skilið reikninginn, veit ekki hverju hún á að trúa. Ég fyrir mitt leyti vil ekki breyta til, ef sú verður af-leiðingin, sem ég hefi lýst.

Þá er önnur ástæða, sem mælir ríkt á móti þessari breytingu. Hún er sú, að við það tapast samanburður milli hins nýja og þess skipulags, sem á undan var gengið. Fróðir menn kunna að geta gert þann samanburð, en aðrir ekki. Nú er þráttað um það, hverjar séu hinar raunverulegu skuldir ríkissjóðs. Hvað mun þá verða, þegar annað skipulag er komið á reikningsfærsluna? Ég hefi að vísu séð fjárlagafrv. nú, sem byggt er á þessu nýja bókfærsluformi. En ég hefi ekki haft tíma til þess að átta mig á því, hvort það muni á nokkurn hátt vera betra. En það er áreiðanlega flókn-ara og naumast fyrir aðra en vel reikn-ingsfróða menn að fá glöggan saman-burð á því og fyrrv. formi.

Í 18. gr. frv. er talað um það, að gera skuli reikninga ríkisins fyrir 1930 upp í þessu nýja formi. Ég tel nú þá fyrst kasta tólfunum, ef fjárlög og lands-reikningur sama árs eiga að vera sitt með hvoru formi. Ég er hræddur um, að þá fari að verða nokkuð erfitt að fylgjast með um ráðstöfun fjárins.

Ég kasta þessu fram til ath. fyrir þá n., sem fær frv. til meðferðar.

Hæstv. ráðh. sagði, að nú þegar væri byrjað að færa bækur ríkissjóðs eftir þessu nýja formi. Hann er því í raun og veru að leita staðfestingar þingsins á þessu nýmæli eftir á. Ég býst þó við, að ef frv. þetta verður fellt, þá megi þó færa bókfærsluna aftur í hið fyrra horf. En mér finnst, að sameina megi kosti hvorstveggja, með því að hafa bókfærsl-una í ströngu formi, en semja lands-reikninginn í sem allra einföldustu formi. Þetta ættu bókhaldsfærir menn að geta.

Fjmrh. (Einar Árnason): Mér er ekki vel ljóst, hvort hv. 1. þm. Reykv. er á móti þessu frv. eða ekki. Af ræðu hans mátti helzt skilja, að hann vildi halda við hið gamla form, sem notað hefir verið við færslu landsreikninganna. Við því er ekkert að segja, þótt hann vilji halda gamla forminu, þótt mér hins-vegar þyki ástæður hans kynlegar. Hon-um fannst það einna helzt bera vott um mont og mikillæti af jafnfámennri þjóð og okkur, að vera að apa það eftir ná-grannaþjóðunum að hafa glögg og rétt reikningsskil. En þó að þjóðin sé fá-menn, er henni ekki síður þörf á en þeim, sem stærri eru, að hafa reikn-ingsfærslu þjóðarbúsins í lagi.

Það er ekki langt síðan Danir skiptu um reikningsfærslu sína, en þess má jafnframt geta, að sú breyting átti tals-vert erfitt uppdráttar; en nú dettur eng-um í hug að hverfa aftur að þeirri reikn-ingsfærslu, sem áður var þar notuð.

Það segir sig sjálft, að úr því að heimtað er með lögum, að einstakir at-vinnurekendur geri glögg reikningsskil, og refsing við lögð, ef út af er brugðið, þá verður að heimta hið sama af þeim, sem standa eiga skil á reikningsskilum þjóðarbúsins.

Það er auðvitað nauðsynlegt, að fólk-ið geti skilið landsreikninginn og fjár-hagsástæður landsins, en til þess að hjálpa skilningi þess er það ekki rétt-asta leiðin, að setja upp ófullkomna reikninga, sem ekki gefa rétta mynd af ástandinu. Að því verður og að gæta, að við höfum mikil viðskipti við nágranna-þjóðir okkar, og þegar þeir menn, sem þar botna eitthvað í fjármálum, fara að líta á okkar gömlu landsreikninga, velta þeir bara vöngum og segja: „Jú, það er gott, það sem það nær, en landsreikn-ingurinn ykkar sýnir ekki allar ykkar skuldir". Ég býst við, að þeir taki ekki gilt, þó að við segjum, að við búum til svona landsreikninga vegna fólksins.

Þá virðist hv. þm. hneykslast á því, að með þessu frv. væri gert ráð fyrir að setja upp ríkisreikninginn fyrir 1930 eftir þessum nýju reglum; en í frv. stendur: eftir því sem unnt er. Einhverntíma þarf að breyta um, og það er rétt að láta það komast á smám saman.

Þá þótti hv. þm. það undarlegt, að þegar væri byrjað á þessu nýja bók-haldi hjá fjmrn. án þess að spyrja þingið. Þetta er alls ekkert undarlegt, því að fjármálaráðuneytið telur sér heimilt að hafa rétta bókfærslu, án þess

að spyrja þingið um það. En engu að síður verður að telja rétt að fá staðfesting þingsins á þessari endurbót, og er því engan veginn rétt, að fjmrn. vilji ekki hafa samvinnu við þingið um þessa endurbót. Mér finnst því óþarfi af hv. þm. að taka það illa upp, þótt ríkið fari sjálft að gera það, sem það heimtar af sínum eigin þegnum.

Ég skal ekki fara að deila um fjárlög Frakka. Ég þekki þau ekki, og þó að hv. þm. fari að segja okkur eitthvað um þeirra fjárhagsreikninga, sem hann sennilega veit lítið um, held ég að það eigi ákaflega lítið erindi til okkar. (MJ: Það var verið að vitna í erlendar þjóðir).

Það er vitnað í nágrannaþjóðirnar og einkum til Dana, sem fyrir fáum árum komu sinni reikningsfærslu í ágætt horf.

Jóhann Jósefsson: Hv. 1. þm. Reykv. hefir nú tekið nokkuð fram af því, sem ég vildi sagt hafa um þetta frv. Framsöguræðu hæstv. fjmrh. var svo hjartnæm og innileg, að það er nærri því synd hans vegna, að anda móti þessu nýmæli, sem hann telur svo nauðsynlegt. Í síðustu ræðu sinni áréttaði hann að nokkru leyti það, sem hann hafði áður sagt, og lagði enn meiri áherzlu á, hvað þetta nýmæli væri óhjákvæmilega bráðnauðsynlegt.

Manni verður satt að segja á að spyrja eftir yfirlýsingu hæstv. fjmrh.: Hvernig getur það verið, að hinar erlendu þjóðir, sem hann vitnaði í, hafa lánað okkur fé, þegar við höfum haft þessa bókfærslu, sem hann lýsti svo hörmulega, frá því að landið fékk fjárforræði og allt fram á þenna dag? Hæstv. ráðh. má ekki ætla, að hann tali hér við þá menn, sem séu slík börn, að þeir taki þessar yfirlýsingar hans sem góða og gilda vöru.

Það er út af fyrir sig nauðsynlegt, að við rekstur allra fyrirtækja og líka þjóðarbúsins sé glögg reikningsfærsla, svo að skýrt sjáist, hvernig hagur landsins stendur. En mér virðist hæstv. ráðh. ekki hafa fært nein veruleg rök að því, í fyrsta lagi, að ekki hafi á undanförnum árum með sæmilegri eftirgrennslan mátt sjá, hvernig hagur landsins stæði, og í öðru lagi, að þetta fyrir komulag sé svo miklu aðgengilegra, og að síðustu má geta þess, að það ríður ekki allt á færslunni, það ríður heldur meira á því, hvernig haldið er á fénu. Ég held, að hæstv. ráðh. hefði gert eins gott í því að leggja áherzlu á það meginatriði, sem hér skiptir máli, en það er, hvernig valdhafarnir fara með fjármál landsins, en ekki bókfærslufyrirkomulagið, því að það hlýtur alltaf að vera aukaatriði. Því að það mun allsstaðar bera að sama brunni, í hvaða ríki sem er, að þar sem illa er haldið á fjármálum ríkisins og sóað gegndarlaust utan leyfis þingsins, þar hljóta fjármálin að fara í óreiðu, hvernig sem fært er á pappírnum. Þetta er sú þungamiðja, sem ég vildi benda hæstv. fjmrh. og hv. d. á.

Manni verður nærri flökurt af því að heyra þessar væmnu ræður um, að það ríði sérstaklega á að hafa bókfærsluna í lagi, og að það sé á henni, sem traust útlendra fjármálamanna velti, þegar maður veit, að í kreppunni, sem er að dynja á, skuli ríkisstjórnin fyrir handvömm standa berskjölduð fyrir erfiðleikunum og ekki vera fær um að veita atvinnuvegunum þá hjálp, sem þeir eiga siðferðilega kröfu til undir slíkum kringumstæðum. Þá er farið að „stilla upp" með bókfærsluform! Á því á ættjörðin að frelsast!

Ég hefi ekki heyrt það fyr á þingi, að það stæði þjóðarbúskap okkar og framförum, trausti og áliti út á við mjög fyrir þrifum, hvernig landsreikningarnir hafa verið færðir hingað til. Það er fyrst nú á þessu herrans ári, að sá boðskapur útgengur, að bráðliggi á að breyta bókfærslunni hjá hæstv. ríkisstjórn og að lánstraust landsins velti á því. — Ef ætti að meta, fyrir hvað hæstv. stj. ætti helzt viðurkenningu skilið, mætti segja, að það væri fyrir fundvísi á ráð og leiðir til þess að fjölga embættismönnum og stofna til meiri útgjalda en áður. Með þessu frv. er farið fram á að lögfesta enn nýjan embættismann með 6 þús. króna árslaunum í þann fríða hóp, sem stjórnin hefir aukið meira en nokkur önnur stjórn. Hér er og talað um þriggja manna reikningsráð, og ef að vanda lætur, býst ég við,

að stjórninni takist að láta það kosta nokkra peningaupphæð.

Á þessu stigi málsins er ekki þörf á að hafa fleiri orð um það, nema tilefni gefist til. En ég vil einungis leggja áherzlu á það, að hæstv. fjmrh. þýðir ekki að segja mér né öðrum, að undir bókfærzlunni einni á ríkisbúskapnum sé það komið, hvert álit útlendir fjármálamenn hafa á þjóðarafkomunni. Hann veit sjálfur eins vel og allir menn, sem komnir eru til vits og ára, að það er undir allt öðru komið, hvaða fjármálatrausts landið nýtur út á við, heldur en því, hvernig fjmrh. og hans veglega reikningsráði þóknast að færa útgjöld og tekjur ríkisins á þær skýrslur, sem gefnar eru út til þjóðarinnar og kallaðir landsreikningar. Það er ráðdeild þjóðarinnar og forráðamanna hennar, sem litið er á, þegar á að meta, hvert traust hún hefir í fjármálaheiminum, en ekki hvaða form er haft á reikningsfærslunni.

Fjmrh. (Einar Árnason): Mér finnst þessi ræða hv. þm. Vestm. hafa átt ákaflega lítið erindi hér, því að hún kemur yfirleitt mjög lítið að því máli, sem hér liggur fyrir. Það var helzt á honum að skilja, að ekkert gerði til, hvernig reikningshaldið væri. Hann segir, að bókfærslufyrirkomulagið sé aukaatriði, en hitt aðalatriðið, hvernig fjármálunum sé stjórnað. En þetta er tvennt ólíkt og þarf ekki að fara saman. Ég hefi ekkert talað um, hvernig með fjármál ríkissjóðs hefir verið farið undanfarið, og ekkert tilefni gefið til þess, að á þau væri minnzt. Ég býst við, að tilefni til þess gefist seinna, þótt hv. þm. blandi því ekki inn í hvert einasta mál, sem fram kemur. Og það getur vel verið, að tækifæri fáist til að bera saman stjórn mína á fjármálum ríkisins og stjórn þessa hv. þm. á fjármálum síns kjördæmis. Ég hefi fyrir nokkru borgað ábyrgðarskuld úr ríkissjóði fyrir hans kjördæmi, og mjög mun orka tvímælis um fjármálastjórnina þar, hvað sem um bókhaldið er. Ég held, að þessi hv. þm. ætti fyrst að hreinsa fyrir sínum eigin dyrum, áður en hann fer að tala um mál, sem ekki eru á dagskrá.

Mér hafði ekki dottið í hug að hefja neinar ádeilur út af þessu máli; það er gersamlega ópólitískt, og mér hefði ekki dottið í hug, að nokkur færi að gera það pólitískt.

Að öðru leyti færði hv. þm. ekki hin minnstu rök fram gegn því, að rétt væri að samþykkja þetta frv. og færa bókhald ríkissjóðs í nýtízkuhorf eins og gert er við allar stofnanir, sem vilja vita hið rétta um fjárhagsástæður sínar.

Magnús Guðmundsson [óyfirl.]: Það er með hálfum huga, að ég kveð mér hljóðs, því að hæstv. fjmrh. er orðinn svo viðkvæmur og gramur, að það liggur nærri því við, að ég missi allan kjark.

Hæstv. fjmrh. þóttist ekki vita, hvort hv. 1. þm. Reykv. væri á móti frv. eða með því. Ég segi nú fyrir mitt leyti, að ég hefi ekki heyrt það áður, að menn séu skyldir til að segja við 1. umr. hvort þeir eru með eða móti máli. Ég er ekki viðbúinn að svara slíku, en býst þó ekki við, að ég geti samþ. frv. óbreytt.

Það var eitt atriði, sem hæstv. fjmrh. fór ekki út í, en það er, að ég er viss um, að þetta fyrirkomulag verður dýrt. Það er þegar búið að stofna tvö embætti, og ég veit, að fleiri endurskoðendur þarf heldur en þann eina, sem þegar er ráðinn.

Mér er ekki alveg ljóst, hvaða stofnanir það eru, sem hann á að taka undir sinn verndarvæng, og hve mikið kostar að hafa á hendi endurskoðun þeirra stofnana. Væri gott að fá yfirlýsingar ráðherra um það. En það er dálítið undarlegt, að þessum yfirskoðunarmanni eru ætluð hærri laun heldur en skrifstofustjórunum, að því er mér virðist, því að skrifstofustjórarnir hafa 5 þús. kr. að byrjunarlaunum, en endurskoðandinn 6 þús. kr.

Í frv. er innleidd sú meginregla, að ákveða skuli fyrningar af öllum eignum ríkissjóðs. Auðvitað er ekkert við það að athuga, þótt ætlað sé fyrir fyrningum, þegar gerður er upp rekstrarreikningur. En það er undarlegt að klessa þessum fyrningum allsstaðar inn í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, og það á að lögfesta með þessu frv. Það er alls

ekki meiningin að borga þetta út. Ef ætti að hafa þetta sem einskonar byggingarsjóð og borga upphæðirnar út, þá væri það skiljanlegt. En fyrst svo er ekki skil ég ekki, hversvegna þetta er sett á 20—30 stöðum í frv.; þá væri nóg að setja eina upphæð, sem væri fyrir fyrningum, þegar verið er að gera upp hvernig rekstrarreikningurinn fyrir umliðið ár er. Og af því að ekki á að greiða þetta út, er sú færsla á höfð, að telja innborgaðar við árslok þessar upphæðir, sem ekki eru borgaðar út og ekki borgaðar inn. Ef einstakir menn færu svona að um reikningsfærslu sína, mundi það þykja athugavert.

Ég held, að það sé rétt hjá hæstv. ráðh., að hann hefði getað gert þetta „administrativt", án þess að fara til þingsins, og hann hefir sýnt, að svo lítur hann á, þar sem hann hefir þegar látið byrja á þessu fyrirkomulagi. En það er síður en svo, að ég vilji álasa honum fyrir að koma með þetta til þingsins, heldur tel ég það virðingarvert. En þrátt fyrir það, get ég ekki talið rétt að lögfesta þetta allt. Um það mun ég ræða síðar, því að þingsköp banna mér að fara út í einstök atriði við þessa umr. málsins. En það, sem hneykslaði mig mest hjá hæstv. ráðh., var það, að hann virtist gefa í skyn, að til þessa dags hefði alls engin bókfærsla verið hjá ríkissjóði, heldur allt í botnlausu sukki og drabbi. Ég hélt nú, að hann mundi verða síðastur til þess, að gefa slíkt í skyn. Ég viðurkenni, að reikningsfærsla ríkissjóðs hingað til, er ekki með nýtízku sniði, og að hana má að sjálfsögðu gera fullkomnari, en þó er hún nú ekki lakari en svo, að mjög auðvelt er að finna réttar niðurstöður um fjármál ríkisins. En þótt tvöföld bókfærsla sé hjá ríkisféhirði, þá þarf ekki fyrir þá sök að breyta formi fjárlaganna og landsreikningsins.

Þá talaði hæstv. ráðh um bókfærslu danska ríkisins. Ég man nú ekki betur en sú bókfærsla sé ærið á annan veg en sú, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Mig minnir t. d., að þar séu settir endurskoðendur, sem séu utan þings og óháðir stjórninni með öllu. Og ef ég man rétt, þá er öllum ríkisstofnunum gert að greiða vexti af því fé, sem í þær er lagt. Ég þori því að fullyrða það, að ríkisbókhald Dana er á allt annan veg en þetta frv. mælir fyrir. Ég hefði gaman af að rannsaka, hvernig Danir færa hjá sér ábyrgðir, sem þeir taka á sig, og ætla ég, að þeir hafi gert það í allríkum mæli, t. d. fyrir lánafélögin. Ég hygg, að þeir telji slíkar ábyrgðir ekki meðal sinna eigin skulda.

Ég kann hálfilla við það, er hæstv. ráðh. er að gefa í skyn, að útlendir fjármálamenn séu að „kritisera" okkar bókhald. Mér er ekki ljóst, hvar þeir hafa eiginlega aðgang að okkar bókhaldi, (**Fjmrh.**: Þeir sjá landsreikninginn). Já, ég held, að það sé þá engin skömm að honum; ég býst við, að það megi forsvara hann að öllu leyti.

Annars virðist mér aðalatriðið í þessu máli, hversu þetta fyrirkomulag verður dýrt í framkvæmdinni. Ég býst við, að það kosti alltaf 4 til 5 ný embætti, og væri gott, ef hæstv. ráðh. vildi upplýsa eitthvað nánar um það.

Jóhann Jósefsson: Hæstv. fjmrh. var að tala um fjárstjórn mína fyrir Vestmannaeyjakaupstað. Það er svo sem eftir öðru í fari þessara herra, sem fara með völdin hér, að þola ekki réttmæta gagnrýni andstæðinganna án þess að fara út í fjarskyld efni, en hæstv. fjmrh. skal vita það, að úr því að hann kýs að fara út í þessa sálma, skal hann ekki hafa betra af. Þeim skeytum, er hann sveigir að okkur Eyjamönnum fyrir þessar sakir, skal beint að honum sjálfum, því að þótt ýmsir fjárhagsörðugleikar hafi steðjað að okkur hin síðari árin, þá hefir þó fjárstjórnin ekki verið lakari en svo, að við höfum til mikilla muna grynnt á skuldunum, á sama tíma, sem hann hefir aukið skuldir ríkisins og komið fjármálum ríkisins í öngþveiti, (**HJ**: Með því að borga skuldir fyrir Vestmannaeyjabæ). Litli fjármálaráðherrann getur kannske beðið á meðan ég tala; ég veit, að það sem hæstv. fjmrh. átti við, er það sama, sem litli fjármálaráðherrann var alltaf að stagast á í fyrra, nefnilega skuld við Monberg, sem ríkið hefur orðið að hlaupa undir bagga með í bili fyrir Vestmannaeyja-

höfn. Nei, hæstv. ráðh. ætti ekki kinnroðalaust að tala á þennan veg. Hann ætti sízt að brýna aðra með illri fjármálastjórn, og sízt okkur Eyjamenn, þar sem við höfum stórlega bætt efnahag okkar á síðari árum. Þetta eru þakkirnar, sem við fáum fyrir að leggja meira en hálfa milljón króna til ríkisþarfa árlega, þrátt fyrir það, að atvinnu- og bjargarskilyrði okkar eru að ýmsu leyti mjög erfið, t. d. er höfnin, sem Monbergsskuldin var greidd fyrir, enn ekki í því standi, að hún geti staðið straum af sér sjálf, þrátt fyrir það, að við greiðum fjórum sinnum hærra gjald af mörgum vörum, sem fara um höfnina í Vestmannaeyjum, heldur en greitt er t. d. í Reykjavík og Akureyri. Við Eyjamenn höfum vissulega ekki verið eftirbátar annara, hvað atvinnu og framtak snertir, og við erum sannarlega vel að því komnir, þótt ríkið leggi okkur eitthvert lið, þegar óvenjulegir örðugleikar steðja að. Ég stend því hér alveg kinnroðalaust sem fulltrúi þessa kjördæmis hér á Alþingi, og vísa slíkum svigurmælum hæstv. fjmrh. í garð míns kjördæmis, algerlega á bug. Ef hann vildi leggja það til, að Vestmannaeyjar yrðu skildar að fjárhag við ríkið, þá skyldi hann fá að sjá það, hvort við Eyjamenn værum ekki menn til að standa á eigin fótum fjárhagslega. Við mundum áreiðanlega geta bjargazt af með allt það, sem nú er sogið af okkur til ríkissjóðsins, og gæti þá hæstv. ráðh. sparað sér allan rembing í okkar garð fyrir þessar sakir. Annars mun hæstv. ráðh. aldrei kvaddur til ábyrgðar fyrir fjárstjórn Vestmannaeyjabæjar, og mun hann samt hafa ærið nóg á sinni könnu, ef til þeirra kasta kæmi, að hann væri gerður ábyrgur sóunar sinnar á ríkisfé.

Þá sagði hæstv. ráðh., að við hefðum blandað pólitík inn í þetta mál, drýgt þá óhæfu, að gera þetta mál pólitískt. Þetta er jafnan viðkvæðið í herbúðum stjórnarinnar, er við andstæðingarnir dirfumst að sýna minni andakt og auðmýkt gagnvart frv. stjórnarinnar en hún vill vera láta. Ef við dirfumst að kalla hlutina þeirra réttu nöfnum, þá er það pólitík. Er við stjórnarandstæðingar leyfum oss að kryfja eðli og rök ýmissa þeirra mála, sem stj. hefir á takteinum, og sýna fram á, hvernig hún fer að því að unga sífellt út nýjum embættum og í sífellu auka útgjaldabyrði ríkissjóðsins, allt undir yfirskyni sparnaðar og umbóta, og er við þorum að ganga hreinlega fram í andstöðunni og taka „Tyren ved Hornene“ eins og Danskurinn segir, þá er svarið þetta og aðeins þetta: „Þið eruð að blanda pólitík inn í þetta mál“. Þetta er nú næsta barnaleg aðfinning hjá hæstv. fjmrh., þar sem vitað er, að hér blandast meiri og minni pólitík í öll mál, enda eðlilegt að svo sé. Ég er nú satt að segja orðinn langþreyttur á þessum sparnaðarfrv. núverandi stjórnar, þessum sífelldu fóðrunum á nýjum embættum, fjáreyðsluaukningum og sukki stjórnarinnar. Ég er orðinn langþreyttur á þessum umbótafjálgleik, þessari sparnaðarhræsni stjórnarinnar, þegar hún er að breyta fyrirkomulagi á embættum og stofna ný, alltaf til þess að „spara“ og „spara“. Það ætla ég, að fjárhagur ríkisins segi nú til um það, hversu mikil alvara hefir legið á bak við þetta sparnaðarhjal stjórnarinnar. Þessvegna má hæstv. fjmrh. vita það, að meðan ég er hér innan vébanda Alþingis, mun ég nota minn þingmannsrétt til þess að segja stjórninni til syndanna, eftir því sem mér þykir við horfa í hvert skipti, og með þeim orðum, sem við eiga á þingi, jafnvel þó að ráðherra kalli það óviðeigandi „pólitík“. Hæstv. ráðh. má verða reiður; honum skal alls ekki hlíft af minni hendi, svo fremi hann og athafnir hans gefi tilefni til slíks. Og hann verður að þola það, þótt hlutirnir séu nefndir þeirra réttu nöfnum; hann verður að læra að horfast í augu við blákaldan veruleikann. Hann skal vita það, að hæstv. ríkisstjórn mun ekki stoða yfirdrepsskapur einn og blekkingar til langframa.

Fjmrh. (Einar Árnason): Hv. 1. þm. Skagf. hélt alllanga tölu um þetta mál, og hélt sér dálítið við efnið (MG: Dálítið! Algerlega), og var það út af fyrir sig lofsvert. Ég ætla nú ekki að deila um einstök atriði frv. á þessu stigi málsins, því að n. mun á sínum tíma athuga frv. og koma fram með brtt. við það, og það

sama geta einstakir þm. gert, ef þeim býður svo við að horfa. Og ég krefst þess alls ekki, að hv. þdm. lýsi afstöðu sinni til frv. þegar við þessa umr., og ég hefi alls ekki haldið neinu fram um það, að frv. megi ekki breyta. Slíkar staðhæfingar nokkurra hv. þm., sem til máls hafa tekið, eru alveg gripnar úr lausu lofti.

Mér skildist helzt á hv. 1. þm. Skagf., að hann væri nú heldur fylgjandi gamla fyrirkomulaginu, því að það „væri hægt" að finna hag ríkissjóðs eftir því. Jæja, þó það! Hv. þm. er ekki ýkja kröfuharður um þessa hluti. Það er auðvitað rétt, að það er mögulegt að finna hinn raunverulega hag ríkissjóðs eftir gamla fyrirkomulaginu, en það yrði óneitanlega ærið miklu léttara, ef reikningar ríkissjóðs væru svo undirbyggðir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Þá sagði þessi hv. þm., að þetta fyrirkomulag væri dýrt, og vildi fá upplýsingar um kostnaðarhlið þess. Ég skal fúslega játa það, að ég get ekki svarað því til hlítar. Það segir sig sjálft, að ógerlegt má heita, að slá nokkru föstu um slíkt, meðan engin reynsla er fengin. Það hlítur að sjálfsögðu að taka nokkurn tíma að koma þessum breytingum á; og þarf enginn að ætla, að allt ríkisbókhaldið verði umskapað um ein áramót. Til þess þarf sennilega tvö til þrjú ár. En ef svo kynni að fara, að þetta fyrirkomulag yrði heldur dýrara en hið gamla, þá er spurningin þessi: Á að sleppa því fyrir þá sök eina, ef það að öðru leyti reynist til hagsbóta og framfara? Er það ekki þess virði, að kostandi sé til þess smávægilegri upphæð? Ég fyrir mitt leyti álít það þess virði, en þeir sem ekki hafa trú á því, að þetta fyrirkomulag sé betra en hið gamla, vilja vitaskuld engu til þess kosta.

Hv. þm. var að tala um það, að útlendingar sæju ekki bókfærslu okkar. Ja, það er nú svo! Þeir sjá þó í öllu falli landsreikninginn, sem hlýtur að byggjast á ríkisbókhaldinu, og af honum má fljótt sjá, hvort ríkisbókhaldið er í nýtízku formi eða ekki. Og vera má, að hv. þm. geti fengið nokkrar sannanir fyrir því, að ég tala ekki út í bláinn. Ég skal benda honum á tvo menn, sem ef til vill gætu gefið honum upplýsingar um þetta atriði, þá Svein Björnsson sendiherra og Jón Krabbe skrifstofustjóra í Kaupmannahöfn. Það getur líka vel verið, að ég hafi einhversstaðar í fórum mínum eitthvað skriflegt frá þessum mönnum um þetta efni, en það er óþarfi að vera að framkalla það hér. Og það er alveg að ófyrirsynju að vera með hita og æsing í þessu máli; og flokkapólitík á hér ekki heima, því að málið er í eðli sínu ópólitiskt.

Hv. þm. Vestm. kvartaði um það í fyrri ræðu sinni, að ég hefði talað með mikilli viðkvæmni, og leit helzt út fyrir, að hv. þm. gæti ekki tára bundizt fyrir þá sök. En það var alls ekki ætlun mín að gera þennan hv. þm. klökkvan né græta hann hér frammi fyrir öllum þingheimi. Ég hafði því ekki önnur ráð en að breyta um tón, og tala til hv. þm. á þann veg, sem við átti. Þetta hefir borið tilætlaðan árangur; hv. þm. er nú farinn að bera sig mannalega, eins og hans er reyndar vandi, og gleður það mig. Ég hefi að öðru leyti ekki ástæðu til að svara ræðu hans, þar sem hann vék ekki einu orði að málinu sjálfu, og hefi ég því ekkert við þennan hv. þm. að tala.

Magnús Jónsson: Hæstv. fjmrh. furðaði sig mjög á því, að hv. þm. Vestm. skyldi draga fjármálapólitík landsins inn í þessar umræður. Ég fyrir mitt leyti álít slíkt ofur eðlilegt. Þetta mál er í eðli sínu pólitískt, stórpólitískt, enda þótt ef til vill megi segja, að það sé ekki flokkapólitík viðkomandi. Nú standa nýjar kosningar fyrir dyrum. Það er nú alkunnugt, að það sem nú verður einkum og sér í lagi kosið um, eru fjármálin og fjármálastjórn undanfarinna ára. Þessvegna er það næsta mikilsvert fyrir fólkið, að fá glögga skýrslu um ríkisbúskapinn. Undir slíkum kringumstæðum, hefir það oft verið stórpólitískt bragð hjá valdhöfunum að reyna að rugla reikningsfærslu ríkissjóðsins, til þess að gera almenningi erfiðara um að fylgjast með hinum raunverulegu niðurstöðum. Ég segi alls ekki, að slíkur tilgangur vaki fyrir hæstv. fjmrh., en þetta hefir verið leikið með öðrum

þjóðum og á ýmsum tímum. Ég ætlaði alls ekki og gerði alls ekki árás á hæstv. ráðh. í ræðu minni áðan; ég tók heldur enga endanlega afstöðu til þessa frv., en benti einungis á augljósa galla þess, hv. n. til leiðbeiningar og frekari athugunar.

Hæstv. ráðh. lagði höfuðáherzluna á það, að ríkið heimtaði tvöfalda bókfærslu af einstaklingunum, og taldi það ósamræmi að hafa þá ekki sína eigin bókfærslu í a. m. k. eins fullkomnu formi. En hér er töluvert ólíku saman að jafna. Að ríkið heimtar fullkomið bókfærsluform af borgurunum kemur af því, að það þarf að fá grundvöll undir skattaframtal; það þarf að tryggja sér slíkan grundvöll með lögum. Ennfremur hefir lögskipað bókhald sönnunarþýðingu í privatmálum, en hvorugt þetta á við um bókhald ríkisins. Bókhald einstaklinga þarf því ekki að vera mjög einfalt og aðgengilegt, því að um það fjalla einungis bókhaldsfróðir menn, ef til þessa kemur, en um landsreikninginn er það aðalatriðið, að hann sé ljós og einfaldur að formi, til þess að alþýða manna, sem ekki er ætlandi að hafa bókhaldsþekkingu almennt, geti fylgzt með niðurstöðum reikningsins. Það er t. d. alkunnugt, að þegar um margbreytileg og umfangsmikil einkafyrirtæki er að ræða, svo sem hlutafélög, þá eiga hluthafar oft erfitt með að átta sig á niðurstöðum reikninganna, og verður þeim oft nauðugur einn kostur að varpa öllu þvílíku yfir á herðar bókhaldssérfróðra manna. Slíkt má ekki eiga sér stað um ríkisbókhaldið. Bókhald einkafyrirtækja er til þess, að kunnáttumenn geti dæmt um það, ef þarf, en bókhald ríkisins til þess, að almenningur geti dæmt um það, ef ágreiningur rís. Þetta er sá meginmunur, sem er á þessu tvennu, og hæstv. ráðh. gerir alveg rangt í því að rugla þessu saman.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það sæist ekki á landsreikningnum, hversu miklar skuldir ríkisins væru út á við. Mér er ekki vel ljóst, hvað hæstv. ráðh. á við. (Fjmrh.: Ég sagði, að útlendingar gætu ekki séð hversu skuldirnar væru miklar út á við). Ja, hvaða skuldir á hæstv. ráðh. við? Á hann við þær skuldir banka og fyrirtækja, sem stofnaðar eru fyrir milligöngu og ábyrgð ríkisins? Ef svo er, þá er hægur vandi að breyta þessu þannig, að ríkisreikningurinn beri það með sér, og get ég ekki séð, að slík breyting þurfi að standa nokkuð í sambandi við þetta frv. Annars er það annað, sem útlendingar leggja meira upp úr en formi landsreikningsins, þegar þeir vilja grennslast um hag okkar. Og það er jafnvel fleira en ríkisskuldirnar, sem skiptir máli í því sambandi. (Fjmrh.: Þetta kemur ekki þessu máli við). Það, sem útlendinga skiptir mestu að vita um okkar hag, eru fyrst og fremst atvinnuhættir landsmanna, framleiðsluskilyrði yfirleitt og verzlunarjöfnuðurinn út á við. Að vísu skipta ríkisskuldirnar út á við miklu máli í þessu sambandi, og þó sérstaklega það, hversu er haldið á fjármálum ríkisins í heild.

Þá var það rangfærsla hjá hæstv. ráðh., að ég hefði látið svo um mælt, að honum væri ekki heimilt að hafa það bókhald, sem honum þóknaðist. En hitt taldi ég hégóma einan, að fara til þingsins með slíkt mál, þar sem hæstv. ráðh. er þegar byrjaður á því bókhaldi, sem frv. fjallar um. En að vísu er þetta aukaatriði, og gerir því hvorki til né frá, og mun ég því ekki fara um það fleiri orðum.

Ég vil svo að endingu skjóta því til hv. þdm., hvort þeir telji það ekki, eftir atvikum, fært að láta landsreikninginn vera áfram í sama formi og hingað til, a. m. k. í aðalatriðunum, þó að sjálfu bókhaldinu verði breytt. Ég vænti þess, að hv. þm. sé það vel ljóst, að það er ekki einhlítt, að ríkisbókhaldið sé vísindalegt, svo sem þetta frv. gerir ráð fyrir, heldur þurfi það og að gefa skýrslu um fjármálin til almennings.

Það er ekki alltaf það fræðilega, sem reynist bezt. Það eru ekki alltaf búfræðingarnir, sem verða mestu búmennirnir. Getur meira að segja farið svo, að menn hnjóti um bókvitið.

Það var mikill búmaður, sem ól upp kálf eftir beztu reglum í Búnaðarritinu. En þar var einhver töluskekkja. Kálfurinn sálaðist, og var sagt, að hann hefði dáið úr prentvillu. Hæstv. fjmrh. ætlar nú að fara eftir blessuðum reglunum.

En ég er hræddur um, að það geti farið svipað og með kálfinn, og að allt þetta verði fremur til að fela en til að upplýsa.

Magnús Guðmundsson [óyfirl.]: Ég ætla ekki að tala langt mál. En ég varð vonsvikinn, að hæstv. fjmrh. skyldi ekki gefa upplýsingar um kostnað af þessu frv. og hvað sparaðist, því að enginn má vera skeytingarlaus um það, sízt nú, þegar þm. stjórnarinnar sjá ekki annað bjargráð í fjármálaöngþveitinu en að draga 10% af kaupi þingmanna.

Út af því, sem hæstv. fjmrh. greip fram í um laun skrifstofustjóra, er hafa að byrjunarlaunum 5 þús. kr., verð ég að staðhæfa, að þessi endurskoðandi á að hafa hærri laun en þeir. (**Fjmrh.**: Hann er gamall endurskoðandi. — **SE**: Er Sambandið sama og ríkið?). Hann er að byrja endurskoðun hjá ríkinu.

Mér skilst þetta vera gert eftir nokkurskonar kröfu frá erlendum ríkjum, og hæstv. ráðh. vísaði mér til sendiherra okkar í Kaupmannnahöfn og Jóns Krabbe. Það þykir mér undarlegt.

Það er raunar freisting að fara út í einstök atriði. Hvernig eiga t. d. endurskoðendur eins og segir í 8. gr. 3. málsl. að gæta þess, að engin útgjöld séu innt af hendi án lagaheimildar, að fjárveitingar séu réttilega notaðar samkvæmt fyrirmælum og að útgjöld, tekjur og aðrir liðir viðskiptanna séu bókfærðir á réttan hátt.

Það er ómögulegt að heimta þetta af endurskoðendum, því að þeir fá ekki að vita um annað en það, sem búið er að borga. Og þá held ég, að athugasemdirnar yrðu nokkuð margar, ef endurskoðendurnir ættu að láta þær ná yfir allt, sem stjórnin hefir greitt án heimildar í fjárlögum. Það er nokkuð mikið vald, sem þessum endurskoðendum er gefið, þar sem þeir eiga að geta lagt fyrir ráðuneytið að rannsaka frá rótum hvaða atriði, sem þeim finnst athugavert. Skrifstofustjórarnir eiga þá að fara að verða vikadrengir þeirra. Annars skal ég lýsa ánægju minni yfir þeim upplýsingum, sem endurskoðendur eiga kost á að fá samkv. 2. gr., því að stundum hefir viljað bresta á, að þær fengjust.

Mér finnst launin í þessu nýja embætti vera mikil. Maðurinn, sem þegar er settur, fær 5400 kr. árslaun, og bráðlega mun þurfa fleiri menn til þessara starfa í stjórnarráðinu. Þó að samþ. yrði hin ágæta till. um 10% lækkun á þingfararkaupi, nægði það ekki einu sinni til að borga einum endurskoðanda, hvað þá tveimur mönnum eða fleirum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 31. marz, var útbýtt nál. frá meiri hl. fjhn., á þskj. 310, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

9. Bifreiðaskattur.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um bifreiðaskatt o. fl. (stjfrv., A. 10).

Á 5. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Einn af þeim útgjaldaliðum, sem mest hafa hækkað á síðustu árum, er viðhald vega. Tvennt ber til þess. Fyrst það, hve vegakerfið hefir vaxið óðfluga, og svo hitt, að umferð bifreiða hefir margfaldazt á flestum vegum, og það er staðfest, að aðalskemmdirnar stafa af þeim. Líti maður á kostnaðinn um fimmtán ára bil, sést, að hann hefir tólffaldazt, og þó vaxið langmest síðustu árin. Árið 1929 er hann hátt á fimmta hundrað þúsunda og sjálfsagt hálf millj. síðasta sumar, þó að ekki sé búið að gera það upp nákvæmlega. Ef viðhaldið á að vera í sæmilegu lagi, má ekki búast við, að hægt verði að komast af með minna en hálfa millj. á ári, og sennilega fer það hækkandi, eftir því sem vegakerfið stækkar og umferð vex. Því er brýn nauðsyn að afla ríkissjóði tekna, sem beinlínis ganga til viðhalds vega í framtíðinni. Þetta frv. miðar að því að afla þeirra tekna að nokkrum hlut. Þar er

stefnt á svipaða leið og nágrannaþjóðir fara.

Gert er ráð fyrir, að skattlagt sé í þrennu lagi, á benzín, gúmmí og þunga bifreiðanna. Þó skulu vöruflutningabifreiðar vera undanþegnar þungaskattinum. Það er gert ráð fyrir, að tekjur af þessu verði 300 þús. kr., eða fullum 200 þús. kr. meiri en bifreiðaskatturinn, sem nú er í lögum, hefir gefið í ríkissjóð.

Eitt nýmæli er í frv.; það er ætlazt til, að dálítill hluti af skattinum gangi til sýsluvegaviðhalds sérstaklega. Þess er ekki vanþörf, og margir sýsluvegir eru mjög fjölfarnir af bifreiðum.

Það má að sjálfsögðu deila um, hve hár skatturinn skuli vera. En á það er að líta, að ríkissjóður hefir mikla þörf, og þarfir veganna fara vaxandi. Einnig má líta á hitt, að þegar vegir eru bættir, minnkar kostnaður bílanna í hlutfalli við vegalengdir, sem þeir fara. Þeir eyða minni tíma, minna benzíni og slíta minna gúmmí á hjólum, auk þess sem bifreiðin endist lengur.

Þetta frv. er aðallega samið af meiri hl. mþn. í skatta- og tollamálum eftir mínum tilmælum, og ég ætla, að vegamálastjóri hafi athugað það fyrir sitt leyti. Frv. fylgir ítarleg grg., sem ætti að vera nægileg skýring á einstökum greinum þess. Ég sé því ekki ástæðu til að fara út í þær, en legg til, að frv. verði vísað til fjhn.

Pétur Ottesen: Reglulegir þingfundir eru ekki búnir að standa nema þrjá daga, en þó eru það ekki allfá skattafrv., sem þegar er búið að taka til umr. hér. Að vísu er ekki alstaðar beint verið að bera fram nýja skatta, heldur tilfærslur og breytingar á því, hvernig ná skuli tekjum í ríkissjóðinn. Þetta frv. miðar þó til verulegrar skatthækkunar, sem nemur a. m. k. nokkuð yfir 200 þús. kr. Svipað frv. var borið fram á síðasta þingi, nokkru fyrir þinglok, og að því er ég ætla að tilhlutun stj. Þar var þó ekki gert ráð fyrir að taka nema einfaldan skatt af bifreiðum, nefnilega 7 aura af hverju kg., sem þeir eyða af benzíni. Nú á einnig að leggja innflutningstoll á allt gúmmí, sem notað er á bifreiðar, og sérstakan skatt eftir þunga bifreiðanna, en flutningabifreiðar eru þó undanþegnar þeim skatti.

Þá er gert ráð fyrir, að nokkuð af skattinum gangi til viðhalds sýsluvega. Brtt. um það fluttum við hv. þm. Mýr. í fyrra og byggðum hana á því, að umferð um sýsluvegi er alveg hliðstæð umferð þjóðvega. Það hefir nefndin tekið til greina við samningu þessa frv. En brtt. okkar á síðasta þingi kom aldrei til atkv., af því að frv. dagaði uppi. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að einungis 10% af skattinum megi verja til viðhalds sýsluvega. Þetta virðist mér vera mikils til of lítið, og býst ég ekki við, að þetta sé í neinu samræmi við lengd og umferð sýsluveganna, samanborið við þjóðvegina. Ég skýt því til n. þeirrar, sem frv. gengur væntanlega til, að athuga þetta gaumgæfilega. Því að svo þungar byrðar hvíla á þeim, sem eiga að bera uppi viðhald veganna, að ekki má láta hjá líða að sýna fulla sanngirni í þessu máli og láta hæfilegan hluta af þessum skatti ganga til viðhalds sýsluveganna.

Annað atriði, sem ég vildi víkja til n., er endurgreiðsla á tolli af benzíni, sem notað er til annars en bifreiða. Hér segir í 7. gr. frv., að fjmrh. megi í reglugerð heimila þetta endurgjald, þegar ársnotkun nemur a. m. k. 500 kg. hjá hverjum notanda. Sé um minni notkun að ræða, verða t. d. vélbátar og dráttarvélar að borga þennan skatt til vegaviðhalds í landinu. Í frv. því, sem lá fyrir síðasta þingi, var svo ákveðið, að skylt væri að endurgreiða toll af öllu benzíni, sem notað væri á þennan hátt. Og því beini ég þessu til n., að breyta þessum ákvæðum í samræmi við það, því það nær vitanlega engri átt að skattleggja t. d. bátaútveginn á þennan hátt.

Þá er það ekki fleira, sem ég finn ástæðu til að segja að svo stöddu máli um þetta frv.

Haraldur Guðmundsson: Þegar athugað er, hve langar, kappsfullar og heitar umr. urðu hér í hv. deild milli íhalds- og framsóknarmanna um síðasta frv., er hér var til umr. í deildinni (frv. um ríkisbókhald og endurskoðun) þá sýnist bregða nokkuð kynlega við og kippa allmjög í annað horn, að enginn úr

Íhaldsflokknum skuli verða til að andmæla þessu fóstri stj., frv. um að leggja toll á gúmmí og benzín og þungaskatt á bifreiðar. Þetta sýnir, hve höfuðflokkarnir báðir, Íhaldsflokkurinn og Framsókn, eru innilega sammála um flestallt, sem verulegu máli skiptir. Ræðumenn þeirra geta karpað af miklum hita og mælsku um form fjárl. og bókhalds ríkisins og þess háttar, sem litlu máli skiptir, en þegar um það ei að ræða að leggja tolla og skatta á almenning, þá er bezta samkomulag (SE: Já, alltaf bezta samkomulag). Rétt mælir hv. þm. Dal.

Þetta frv. er, eins og þau sem fyrir lágu í gær, samið af fulltrúum beggja flokkanna, Íhalds og Framsóknar, og tekið að sér af hæstv. fjmrh. Það er eftirtektarvert, að öll þessi frv. ganga í þá átt að halda við eða hækka tollana, óbeinu skattana. En eitt frv. meiri hl. mþn. sker sig úr; það er frv. um tekju- og eignarskatt. Hann má ekki hækka, heldur fremur lækka. Þetta sýnir glöggt stefnuna. Það á að hækka tolla á neyzluvörum og nauðsynjum, en lækka beinu skattana til að hlífa eignum og gróða efnamanna.

Enn ljósari verður þessi sameiginlega stefna, ef athuguð er saga þessa frv. Fyrir fáeinum árum bar hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) fram frv. svipað þessu. Þá fékk það maklega útreið og hefir síðan gengið undir nafninu „litla, ljóta frumvarpið", og enn fleiri kjarnmikil lýsingarorð fylgdu því þá til moldar frá orðsnillingum Framsóknarflokksins. (ÓTh: Já, þau voru mörg og hrifandi, og aðallega frá hæstv. dómsmrh.). Nú er öldin önnur. Nú tekur hæstv. fjmrh. Framsóknarflokksins þetta frv. upp á sína arma. Svo náin var samvinnan þegar á síðasta þingi, að hann fékk þann mann úr Íhaldsfl., sem háðulegust og hörðust orð hefir haft um stj., hv. 2. þm. G.-K., til að hafa framsögu í málinu. (HStef: Það var nú n., sem réð því). Ég trúi ekki, að hv. 1. þm. N.-M. hafi sýnt svo mikla ónærgætni að gera það móti vilja ráðherrans (ÓTh: Engin skömm að því). Samvinnan var góð; það stendur berlega í nál. meiri hl., sem undir hefir skrifað, hv. 1. þm. Skagf. og hv. 1. þm. N.-M., sennilega hvor fyrir sinn flokk.

Ég skal láta þetta nægja sem inngang að því, sem ég segi um þetta frv. eins og það liggur nú fyrir. Eftir því, sem áætlað er í fjárlfrv. hæstv. stj., eiga tekjur af núverandi bifreiðaskatti að nema 80 þús. kr., en samkv. gíg. þessa frv. er gert ráð fyrir 300.600 kr. tekjum, og sú áætlun byggist á innflutningsskýrslum hagstofunnar 1929 og skýrslum vegamálastjóra um skrásettar bifreiðar 1. júlí 1930. Líklega verður hækkunin talsvert meiri. Þessi skattur á þá a. m. k. að hækka um 220 þús. kr. eða 275%. Þetta er sú hliðin, sem að ríkissjóði veit.

Á 6. bls. í grg. frv. er sýnd viðleitni til að finna, hve mikið skatturinn muni hækka á hverri bifreið. Ég verð að byggja á því, sem þar er sagt, þótt ég telji að þar sé allt of lágt áætlað. Samkv. því, sem þar segir, nemur hækkunin um 150%, eftir upplýsingum frá vegamálastjóra, þar sem 80 aura skattur af 100 km. akstri hækkar upp í h. u. b. 2 kr. Á algengum fólksflutningabifreiðum á þá hækkunin að verða rétt um 150%, en nokkru minni, segir vegamálastjóri, á vörubifreiðum. En það er varla rétt athugað. Hann segir, að þungaskattur lendi ekki á þeim og fái þær því minni skatt. En þungaskatturinn nemur ekki nema um 15% af skattinum öllum eða 30 aura af hverjum 198 aurum á fólksbifreiðum. En vörubifreiðar greiða mestan hluta af tollinum á benzíni og gúmmí og verða að því leyti harðar úti en hinar, sem nota minna af því, einkum einkabifreiðirnar.

Vegamálastjóri upplýsir, að skattur á venjulegri fólksbifreið sé nú 250 kr. Samkv. grg. hækkar hann upp í h. u. b. 625 kr., en ég tel víst, að hækkunin verði meiri, og enn meiri á vörubílum. Mér þykir þetta býsna mikil hækkun. Ef frv. hæstv. fjmrh. verður samþ., hlýtur flutningsgjald bæði fyrir fólk og vörur að hækka verulega. Það munar um minna en 600—700 kr. skatt á ári af einni bifreið.

Hv. þm. Borgf. gat þess, að þetta frv. væri að því leyti verra en frv. það, er flutt var af hæstv. ráðh. í fyrra, að nú væri aðeins heimilað að endurgreiða tollinn af benzíni, sem ekki væri notað til bifreiða, þar sem þetta hefði hinsvegar verið skylda samkv. frv. í fyrra.

Ég vil um atriði þetta taka í sama strenginn og hv. þm. Borgf. Það eiga að sjálfsögðu að vera bein ákvæði í lögunum sjálfum um, að þessi endurgreiðsla skuli fara fram, en ekki að vera lagt á vald ráðh., hvort tollurinn skuli endurgreiddur eða ekki.

Sú greining á skattinum, sem gerð er í frv., er til lítilla bóta. Þungaskatturinn er svo lítill hluti heildarskattsins, að sá jöfnuður, sem næst með honum, er hverfandi. Hann mun nema 13% af heildarskattinum.

Sú skattastefna, sem þetta frv. er byggt á, að tolla nauðsynjar, er að mínu viti beinlínis skaðleg og heimskuleg. Þar að auki hefir frv. þann megingalla, að hækkunin kemur þyngst niður á þeim bifreiðum, sem mest eru notaðar. Einkabifreiðar og svokallaðir lúxusbílar eru ekki skattaðir meira eða fremur en aðrar bifreiðar, heldur þvert á móti. Flutninga- og vörubílar verða harðast úti.

Ég skal svo ekki fara öllu fleiri orðum um frv. við þessa umr., og mun ekki greiða atkvæði á móti því, að það fái að fara til nefndar. Geri ég það fyrir kurteisissakir við hæstv. fjmrh., enda mundi það líklega að litlu gagni koma, þótt við alþýðuflokksmenn greiddum atkv. gegn því. Mér virðist sem sjá megi fyrir örlög Karþagóborgar. Frv. er að upphafi samið af einum af fjármálavitringum íhaldsins, hv. 2. þm. G.-K. Í fyrra tók hæstv. fjmrh. það upp á arma sína. Svo er meiri hluti skattamálanefndarinnar, skattasérfræðingar Framsóknar og Íhalds, látinn pólera ytra borð frv. — og eftir póleringuna tekur hæstv. fjmrh. það enn upp á arma sína. Framsóknar- og Íhaldsflokkurinn virðast því einhuga um frv., og þarf þá ekki að efa, að það muni fram ganga, þó að illt sé til þess að vita.

Magnús Jónsson: Ég stend upp vegna þess, að hv. þm. Ísaf. virtist draga þá ályktun af því, að enginn virtist ætla að taka til máls um þetta frv. í fyrstu, að allir flokkar væru sammála um það. (HG: Tveir flokkar). Já, það má gjarnan vera.

Þessu vildi ég ekki láta ómótmælt. Ég fyrir mitt leyti hefi óbreytta skoðun á þessum bílskatti, hvaða formi sem hann svo er búinn. Annars virtist mér hv. þm. Ísaf. tala eins og afbrýðissamur eiginmaður, þegar hann var að tala um afskipti hv. 2. þm. G.-K. af þessu máli. Það var alveg eins og hv. þm. Ísaf. væri hræddur um, að „Framsókn" hans væri að fjara yfir til Sjálfstæðisflokksins úr þessu þokkasæla hjónabandi við hann. Er þá ekki hv. þm. enn búinn að komast eftir því, hversu lauslát þessi kona hans er? Hún sem er ýmist í rúmi hjá sjálfstæðismönnum eða jafnaðarmönnum. Framsókn fylgir skoðun okkar sjálfstæðismanna í skattamálum t. d. en jafnaðarmönnum í skoðun þeirra á vinnudómi, einkasölum og fjáreyðslum, og mun hið síðasttalda ekki hvað sízt hafa leitt til þess, að þessir flokkar tóku saman.

Eins og ég áður lýsti yfir, hefir skoðun mín í þessu máli ekki breytzt, og get ég þó ekki neitað því, að frv. er að forminu till aðgengilegra nú en í fyrra, þar sem þá var um benzínskatt að ræða eingöngu. Með því að skipta skattinum eins og gert er í frv., er opnaður möguleikinn fyrir því að vernda flutningabílana. Ég get ekki fallizt á þá skattskiptingu, sem gerð er í frv., en henni er auðvelt að breyta. Og ef á að hafa þennan skatt á annað borð, legg ég til, að þungaskattinum verði haldið, en hinum sköttunum verði breytt svo, að skattarnir yrðu nokkurnveginn jafnir í útkomunni. Ég fæ ekki skilið, að þm. vilji fara að hækka skattinn á flutningsbílunum, þar sem flutningskostnaður með þeim er óhæfilega mikill fyrir, og a. m. k. furðar mig á því, ef fulltrúar Suðurlandsundirlendisins vilja ganga inn á að íþyngja kjósendum sínum með þessu móti.

Hv. þm. Borgf. gat þess, að það næði ekki nokkurri átt að láta báta og flugvélar greiða skatt til vegaviðhalds. Ég verð nú að segja það, að það er ekki meira vit í því að láta bíla, sem aldrei koma út fyrir Reykjavík, greiða skatt til vegaviðhalds, heldur en þó að bátum og flugvélum sé gert að greiða hann. En þetta sýnir, hvað þessi stefna, að skatta bíla til vegaviðhalds, kemur misjafnlega niður. Það eru ef til vill þolandi einhverjir skattar, en þeir verða að vera lágir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt nál. frá meiri hl. fjhn., á þskj. 222, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

10. Brunabótafélag Íslands.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um Brunabótafélag Íslands (stjfrv., A. 14).

Á 6. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 7. fundi í Nd., 23. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta frv. er samið af forstjóra Brunabótafélags Íslands og var lagt fyrir síðasta þing eftir ósk hans. Hv. fjhn. fékk málið til meðferðar og meiri hl. hennar bar fram rökstudda dagskrá, sem hlaut samþykki þessarar deildar, þar sem þess var óskað, að gerð væri breyting á stjórnarskipun Brunabótafélagsins í þá átt, sem ræðir um í 25. gr. núgildandi laga, að koma upp fulltrúaráði, og frv. síðan sent sveitarstjórnum til umsagnar. Þetta hefir verið gert. Svör voru að vísu fá komin, þegar frv. var fullgert, nokkur hafa komið síðan, og verða þau afhent hv. fjhn., sem ég býst við, að fái frv. aftur til athugunar, — en á þeim er ekki svo mikið að græða. Aðalbreytingin, sem æskt var álits um, stofnun fulltrúaráðsins, hefir ekki hlotið mikinn stuðning, og stj. álítur það svo dýrt, að mjög orki tvímælis, hvort ráðlegt sé, og hefir ekki tekið breytinguna upp í frv. En hinsvegar ætti að taka til athugunar, hvort ekki er rétt að koma slíku fulltrúaráði upp fyrir allar deildir tryggingarstarfseminnar. Samkv. ákvæðum síðasta þings starfar nú mþn. að athugun þeirra mála, og er rétt að bíða álits hennar um það atriði, hvort stofna eigi fulltrúaráð, er nái til allra hinna opinberu tryggingarstofnana. — Ég legg til, að frv. verði vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 38., 39. og 40. fundi í Nd., 31. marz, 1. og 7. apríl, var frv. tekið til 2 umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 14, n. 236).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Af nál. á þskj. 236 sést, að aðeins fjórir hv. nm. hafa skrifað undir það, og einn af þeim með fyrirvara, sem hann mun nánar gera grein fyrir. Um afstöðu fimmta nm. er mér ekki kunnugt.

Um málið er í raun inni fremur fátt að segja á þessu stigi þess. Stjórnarráðið hefir sent n. svör sveitarstjórna, milli 10 og 20 talsins, sem hafa borizt síðan frv. var lagt fyrir, og um þau svör er það að segja, að yfirleitt eru þau meðmælt frv. í höfuðdráttum, en þó fylgja aths. um einstök atriði frv. N. hefir nú athugað þessar till. og aths. og af þeim eru aðeins tvær, sem n. hefir þótt ástæða til að taka til greina, og flytur brtt. þar að lútandi.

Brtt. við 8. gr. felur það í sér, að lausafjártryggingar skuli ekki falla undir hina gagnkvæmu ábyrgð, sem ákveðin hefir verið bæði á fasteignatryggingum og lausafjártryggingum eftir lögunum. Gert er ráð fyrir, að lausafjártryggingar geti aukizt að nokkrum mun, ef afnumdar verða þær takmarkanir, sem þeim hafa verið settar. Er til þess ætlazt, að iðgjöld og iðgjaldasjóður þess flokks geti út af fyrir sig staðizt áhættuna, enda má telja hina gagnkvæmu ábyrgð frekar form en virkileika; er og erfiðara að framkvæma hana gagnvart lausafé í frjálsri tryggingu en gagnvart fasteignum í skyldutryggingu.

Önnur brtt. er við 12. gr., um það, að gr. falli niður. Í þeirri brtt. felst það, að fella niður það ákvæði núgildandi laga, að tjón, sem eigi nemur 30 kr., verði ekki bætt, og sé tjónið 200 kr. eða meira, skuli draga 30 kr. frá brunabótum. Þetta er smávægilegt atriði, en þó óviðkunnanlegt að gera þennan smásmuglega frádrátt á brunabótunum.

Menn munu taka eftir því, að meiri hl. n. ber ekki fram neina till. um fulltrúaráð, sem svo mikið var talað um í fyrra, og það er af því, að meiri hl. gat ekki orðið sammála um, að veruleg ástæða væri til þess.

Í umsögnum sveitastjórnanna kemur fram, að einungis ein af þeim 26, sem svör hafa sent, er á móti frv. sjálfu og þeirri tilhögun, sem það ráðgerir í aðalatriðum, og hefir þess verið getið áður. Viðvíkjandi skipun fulltrúaráðs tjá 8 sveitarstjórnir sig meðmæltar því, en engin þeirra leggur áherzlu á það; 3 eru þeirri till. eindregið mótmæltar, 2 ræða um hana, en eru á báðum áttum, og 11 minnast alls ekki á hana. Það má vera, að hv. 2. þm. Reykv. hafi það í huga með sínum fyrirvara að gera till. um fulltrúaráð, en hann segir þá til um það. Koma þá ástæðurnar til þess til álita. — Að svo stöddu sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta frv.

Sigurður Eggerz [óyfirl.]: Ég hefi ekki skrifað nál. í málinu, þó að það væri réttast, en ástæðan er sú, að ég hefi verið að bíða eftir upplýsingum.

En ég hefi hugsað mér að gera brtt. við frv. fyrir 3. umr. Nú er það svo, að ef samþ. verður brtt. við 8. gr., er engin gagnkvæmni í ábyrgð á lausafjártryggingunum og öðrum tryggingum. Og það er sjálfsagt rétt, vegna þess hvað erfitt er að koma því við, eins og ég benti á á síðasta þingi.

Þegar Brunabótafélagið var stofnað, sáu menn, hvað mikil áhætta hlaut að fylgja lausafjártryggingunum. Nú þykir mér nokkuð ógætilega ákveðið í 7. gr. Þar segir, að leita skuli endurtryggingar eða samtryggingar hjá öðrum brunabótafélögum á því, sem vátryggingar eru hærri en á eftir segir:

Steinhús	20 þús.
Timburhús eldvarnarklædd	15 —
Önnur hús og mannvirki	10 —
En af lausafé:	
Í steinhúsum	12 þús.
Í timburhúsum	9 —
Í öðrum húsum og annað lausafé	6 —

Þar sem gert er ráð fyrir, að tryggja megi lausafé án endurtryggingar, hygg ég, að skapazt geti allmikil áhætta fyrir ríkissjóð. Maður gæti t. d. hugsað sér, að fleiri tryggingar væru gerðar í sömu húsum, og eins getur tjón á lausafé orðið gífurlegt, ef stórbruni verður. Þetta er því mjög athugavert. Enda segir hér í 7. gr., að félaginu sé „ekki skylt" að taka hærri lausafjártryggingar en fyrr segir í greininni, eins og ég las upp. En hér er ekki bannað, að það megi taka hærri tryggingar. Þetta er of ógætilegt, og því hefir mér dottið í hug að koma með brtt., sem takmarkar þetta.

Þá er annað atriði — og vísa ég til aths., sem fylgja þessu stjfrv., um ástæður fyrir því. Mér þykir það ekki tilhlýðilegt, nú þegar Brunabótafélagið á að fá svo miklu meira starfssvið og aukið við áhættu sína, að það hafi ekki eitthvert fulltrúaráð, og ég held, að meiri hl. n. hafi verið sammála um, að þess væri þörf. En ýmsir álitu, að hægt mundi vera að hafa sameiginlegt fulltrúaráð fyrir fleiri tryggingarstofnanir. Ég geri því heldur ráð fyrir, að við getum brætt okkur saman um brtt. í þá átt við 3. umr. þessa máls.

Héðinn Valdimarsson: Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. Og ástæðan var sú, að ég vildi, að betur væri búið um stjórn félagsins en gert er í þessu frv. Það er stórt fyrirtæki og mikið fé, sem einn maður á nú að sjá um að öllu leyti, ráða hvernig féð er lánað út, hvernig það er innheimt og hvernig þess er gætt. Eftir lögunum um tryggingar á sami maður að vera forstjóri fyrir Brunabótafélaginu og Slysatryggingarfélaginu og síðar fyrir Samábyrgð ríkisins og fleiri tryggingarstofnunum, ef til kæmi. Þá er ekkert eðlilegra en að sama stjórn nái að öðru leyti einnig til allra þessara stofnana. Ég álít, að setja þyrfti tvo gæzlustjóra, sem forstjórinn bæri undir allar meiri háttar ráðstafanir.

Þetta segi ég ekki af neinu vantrausti til þess manns, sem nú hefir forstöðuna, heldur af því, að mér finnst óafsakanlegt, að við svo stórt fyrirtæki sé ekkert eftirlit af hálfu þess opinbera. Ég hugsa mér að bera fram brtt. til að bæta úr þessu við 3. umr. Og ég vil geta þess, að núv. forstjóri, hv. 1. þm. N.-M., sem einnig er í nefndinni, virtist ekki hafa neitt á móti

því fyrirkomulagi, þótt hann kæmi ekki sjálfur með slíka brtt.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Hér er ennþá eitt atriði, sem lengi hefir þótt óþjált og ónærgætið við vátryggjendur. Það er, að menn eru skyldaðir til að endurbyggja samskonar hús og brunnið hefir; ella er dregið svo og svo mikið af brunabótunum. Ég veit, að þetta hefir oft komið afskaplega illa niður. Slíkt er hvergi annarsstaðar í lögum, að byggja eigi á sama stað og líklega í sama formi ár eftir ár, áratug eftir áratug og líklega öld eftir öld. Það á að hindra allar umbætur og breytingar, sem rás tímanna heimtar. Þetta hafa glögg dæmi sýnt. Hús hafa brunnið fyrir mönnum og verið svo lágt vátryggð, að þeir hafa orðið fyrir stórtjóni. Hafi svo viljað þannig til, að ekki væri hægt eða ekki mætti byggja upp á sama stað, hefir verið dregið af þessari lágu brunabótaupphæð 15—20%. Ég get nefnt dæmi, sem ég þekki síðan í fyrra. Það var fátækur barnamaður, sem átti 10 börn. Hann missti hús sitt. Lánsstofnunin heimtaði lán sitt af honum. Brunabótafélagið heimtaði, að hann byggði upp aftur eða dregið yrði af brunabótunum. Ég veit ekki, hvað er að gera mönnum þröngan kost, ef þetta er það ekki.

Iðgjöldin eru sannarlega svo há í Brunabótafélagi Íslands, að ekki ætti að þurfa svona „radikalar" ráðstafanir til þess að sjá við tapi, enda hefir það sýnt sig, að félagið hefir safnað mjög stórum sjóði, samanborið við umsetningu og starfstíma.

Í mörgum tilfellum er svo illa gengið frá ákvæðum tryggingarinnar, að það nær engri átt, þar sem tryggingargjaldið er oft 8%, þar sem áður var 5%, en aftur kannske í sumum tilfellum 3%, þar sem áður voru 4%. Og þegar litið er á áhættu og breytta aðstöðu félagsins, virðast iðgjöldin vera óhæfilega há og að hér hafi verið breytt til hins lakara. Þegar það er orðin skylda að vátryggja, er það óhæfilegt, að ekki skuli hafa verið sendir menn til að meta brunahættu á húsum. Erlend félög, sem hér hafa vátryggt, hafa þó haft hér menn til þessa, en ekkert verið gert af Brunabótafélagi Íslands.

Að öðru leyti vil ég taka undir með hv. 2. þm. Reykv., að það er engin meining, að ekki sé sett föst stjórn yfir þessari stofnun.

Ég vil nota tækifærið að spyrja hv. frsm. meiri hl., hvort það sé rétt, að einstakir menn hafi fengið að láni hundruð þúsunda úr sjóði Brunabótafélagsins. Því að ég veit þess dæmi, að hreppsfélög og bæjarfélög hafa óskað eftir að fá lán af fé þessarar stofnunar, og það mætti athuga, hvort ekki væri rétt að gefa þeim kost á því. Auðvitað mætti ekki ganga nærri því fé, sem félagið hefir handbært, því að alltaf getur óhöpp borið að höndum og stórbrunar orðið, en ég teldi vel farið, að því, sem afgangs er, væri varið til að létta undir með bæjar- og sveitarfélögum.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Tveir meðnm. minir hafa nú lýst afstöðu sinni og því, að þeir mundu bera fram brtt. um einstök atriði frv. Og vil ég geta þess, að ég get hugsað mér, að þær verði þannig gerðar, að þær þurfi ekki að valda miklum ágreiningi.

Þá ætla ég að minnast á nokkur atriði í ræðu hv. þm. N.-Ísf. Hann talaði eins og það væri nýtt og óvenjulegt ákvæði að skylda menn til að byggja upp á sama stað hús, sem brynnu. Ákvæðin í frv. eru mjög á sama veg og í lögum Brunabótafél. Íslands, sem nú eru í gildi. Ég vil líka benda hv. þm. á, að þessi ákvæði eru alls ekki skilyrðislaus. Þau eru að vísu sett nokkuð stranglega fram í upphafi 14. gr., en þegar líður á greinina, er veitt heimild til að víkja frá þeim. Þá er það fjarri sanni, að þetta sé einstakt fyrir Brunabótafél. Íslands, eins og hv. þm. virtist halda. A. m. k. hefi ég talað við umboðsmenn fyrir önnur félög, sem hafa sagt mér, að slík ákvæði myndu vera í lögum flestra eða allra brunabótafélaga.

Ég vil upplýsa hv. þm. um það, að þegar skipulagsuppdráttur hefir hamlað endurbyggingu á sama grunni, hefir alls ekki verið beitt þessu ákvæði um frádrátt, ef menn hafa viljað byggja upp annarsstaðar í sama kaupstað eða kauptúni. Hann var að nefna sérstök dæmi um, að menn hefðu orðið illa úti. Má

vera, en þau eru þá eldri en ég þekki til, nema ef hann hefir átt við nýlegt tilfelli frá Bolungarvík, þá skal ég upplýsa, að það var þannig, að skipulagsuppdráttur meinaði manninum að byggja á sama stað. Honum var boðið, ef hann byggði upp annarsstaðar í kauptúninu, þá skyldi hann fá brunabæturnar án frádráttar. En hann vildi ekki að því ganga.

Ég minnist annars dæmis frá Ísafirði; þar brann hús og skipulagsuppdráttur meinaði að byggja upp aftur á sama stað, og bæjarstjórn vildi ekki heldur leyfa, að reist væri hús til sömu nota annarsstaðar í bænum. Þetta var sem sé kvikmyndahús. Það var álitið, að í þessu tilfelli ættu þau ákvæði laganna við, að undanþágu frá frádráttarákvæðinu mætti veita. Það var álitið, að almannahagur hamlaði í þessu tilfelli endurbyggingu og eiganda voru greiddar fullar brunabætur.

Loks vil ég benda hv. þm. á, að þessi frádráttur er lækkaður í frv. frá því, sem nú er í lögunum. Í frv. er frádrátturinn ákveðinn 10—20% í stað 15—20% í lögunum, svo að það er þó nokkru sanngjarnara eða nær því, sem hann vill vera láta.

Ástæðan fyrir því, að Brunabótafélagið og önnur vátryggingarfélög setja þessi skilyrði um endurbyggingu á sama stað, er vitanlega sú, að tryggja það, að ekki sé freisting til að valda íkveikjum í húsum, aðeins til þess að losa það fé, sem í húsunum stendur.

Hafi hv. þm. talað í alvöru um það, að heimtað væri, að menn byggðu aftur nákvæmlega á sama stað og í sama formi, getur hann séð, að í 14. gr. segir ekkert um það. Félaginu er aðeins skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sé réttilega varið, og því verður það að hafa rétt til að ganga eftir því, að hús sé reist aftur til sömu nota og húsið, sem brunnið hefir.

Hv. þm. talaði um, að iðgjöld Brunabótafélagsins væru svo há, að því minni ástæða væri til að áskilja frádrátt. Ég veit ekki, á hverju hann byggir þessa staðhæfingu. Því ég get fullyrt, að iðgjöldin hjá því eru verulegum mun lægri en hjá öðrum félögum, sem hér starfa og eru í iðgjaldasambandinu. (JAJ: Frádrátturinn er líka mikill). Já, í gildandi lögum sjálfsábyrgðir, en í frv. er heimilað að vátryggja fulla virðingarupphæð.

Geri maður samanburð á iðgjöldum, þá hefir Brunabótafélagið í einum flokki (I. fl.) öll steinhús, hvernig sem þau eru byggð innan, með eldtryggu þaki, og iðgjaldið er 2‰. Hjá öðrum félögum er greitt jafnmikið, 2‰, fyrir hús, sem byggð eru úr steini bæði utan og innan. En fyrir þau hús, sem byggð eru með timbri að innan, er greitt eftir taxta þeirra félaga 2¼‰. Í II. flokki, sem er alveg sambærilegur hjá Brunabótafélagi Íslands og öðrum félögum, eru iðgjöld Brunabótafélags Íslands 4‰, en hjá öðrum félögum 5‰. Í III. flokki, sem einnig er sambærilegur, eru iðgjöld Brunabótafélagsins 5½‰, en hjá öðrum 7‰. Þessi samanburður á aðeins við, þegar frágangur eldfæra er eins og áskilið er í brunamálalögunum. En sé það ekki, má alveg eins gera samanburð. Í I. flokki hjá Brunabótafélaginu eru iðgjöldin þá 2¼‰, hjá öðrum félögum 2½‰. Í II. flokki 6‰ móti 7½‰ hjá öðrum félögum, og í III. flokki 8‰ á móti 10½‰. Af þessum samanburði má sjá, hvað hæft er í því, að iðgjöld Brunabótafélagsins séu hærri en hjá öðrum vátryggingarfélögum.

Hv. þm. spurði, hvort það sé rétt, að einstökum mönnum hafi verið veitt lán úr sjóðnum svo hundruðum þúsunda kr. skipti. Spurningin er nokkuð óákveðin, svo að erfitt er að svara henni, nema ef hv. þm. meinar það einstaka dæmi, sem alkunnugt er, að eitt fasteignaveðslán var veitt einum manni hér í Reykjavík. Þessi lánveiting var sumpart um garð gengin og sumpart undirbúin og fastlofuð þegar ég tók við umsjón sjóðsins. Þá get ég og upplýst það, að nokkrir kaupstaðir og kauptún hafa fengið lán úr sjóðnum, ýmist til kaupa á brunavarnatækjum eða til annars, og þá gegn ríkisábyrgð, en þessar upphæðir skipta ekki hundruðum þúsunda.

Annars finn ég ekki ástæðu til þess að fara langt út í umr. á þessu stigi málsins. Það liggja engar brtt. fyrir frá minni hl. n. eða öðrum hv. þm., en ef þær verða bornar fram, þá er tími til að taka þær til umræðu.

Sigurður Eggerz [óyfirl.]: Ég vildi aðeins taka skýrar fram það, sem ég drap á í fyrri ræðu minni, að ég álít ákvæði 7. gr. frv. athugaverð fyrir Brunabótafélagið, að því er snertir lausafjártryggingingar. Í niðurlagi gr. er félaginu heimilað að annast tryggingar á lausafé einstaklinga, allt að 6—9—12 þús. kr., án þess að það fái endurtryggingu hjá öðrum tryggingarfélögum. Það eru engar takmarkanir fyrir því, hversu háar þessar lausafjártryggingar mega vera samtals. Þær gætu hæglega skipt milljónum. Ég var sannast að segja steinhissa á þessari heimild, og get ekki betur séð en að það sé beinlínis glæfralegt fyrir félagið að fara út á þessa braut, ef ekkert mark er sett um það, hversu miklu þessar tryggingar mega nema. Mér sýnist ekkert vit í því, að þessar tryggingar samanlagðar megi nema meira en svo sem 400 þús. kr. til ½ millj. meðan þær fást ekki endurtryggðar. Þetta vildi ég aðeins taka skýrar fram n. til athugunar, svo hún gæti gert brtt. um það fyrir 3. umr., ef henni sýndist. Að öðrum kosti mun ég gera brtt. um þetta á þá leið að setja hámark eins og ég hefi bent á.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Út af því, sem hv. frsm. upplýsti um tilfellið í Bolungarvík, þar sem maðurinn vildi ekki byggja á þeirri lóð, sem hann gat fengið þar í þorpinu til þess að byggja á, þá get ég upplýst það, að lánveitandinn, sem átt hafði veð í húsinu, vildi ekki lána til hússins, því það hefði orðið á þessari nýju lóð a. m. k. 12. þús. kr. dýrara. Ég get ekki talið það sæmilegt af hinu opinbera að þvinga menn til að endurbyggja brunnið hús undir svona kringumstæðum.

Annað dæmi er frá Ísafirði. Þar keyptu menn hús 1914 á 38 þús. kr. og vátryggðu það hjá Brunabótafél. Íslands fyrir þeirri upphæð. Svo þegar húsið brann, var ekki hægt að fá að byggja það á sama stað vegna ákvæða byggingarsamþykktar bæjarins, en ef eigendurnir hefðu svo endurbyggt á þeim stað, þar sem þeim var heimil lóð, hefði húsið kostað a. m. k. 70 þús. kr. Þetta kalla ég að hið opinbera gangi allnærri mönnum.

Í þorpi einu fyrir vestan, þar sem fólksfjöldi var fyrir skömmum tíma um 280 manns, eru nú 170 íbúar. Það liggur í augum uppi, hversu óskynsamlegt og ranglátt væri að skylda fólk til þess að endurbyggja á svona stöðum, auk þess sem auðvitað er, að lánsstofnanir mundu verða tregar til að leggja fé í svona byggingar.

Hv. frsm. talaði um það, að iðgjöld væru hvergi lægri en í Brunabótafélagi Íslands. Þetta mun vera rétt í einstökum tilfellum, en í öðrum mun það þó vera allmikið hærra hjá því en útlendum félögum. Ég borga t. d. 2½% hærra af mínu húsi til Brunabótafélagsins en ég hefði þurft að gera til útlendra félaga, og þó eru meiri afföll hjá Brunabótafél. Íslands heldur en útlendu félögunum. Þessi félög hafa sent menn til Ísafjarðar til þess að athuga brunahættu, og þeir álitu hana það minni, að brunabótagjaldið gæti verið 2½% lægra en hjá Brunabótafélaginu.

Annars væri það ekkert undarlegt, þó Brunabótafélag Íslands gæti boðið betri kosti heldur en önnur félög, þar sem það heimtar sjálfsábyrgð fyrir ⅙ af tryggingarupphæðinni. Þar sem slíkt tryggingarlag er haft í útlendum félögum, eru iðgjöldin frá 10 til 15 og allt að 30% lægri en annars hefði verið.

Við höfum stofnað á Ísafirði tryggingarfélag fyrir báta, til þess að komast hjá að þurfa að sæta afarkjörum hinna útlendu vátryggingarfélaga, og við höfum, af því að við notum sjálfsábyrgð fyrir ⅙ verðs, getað komið iðgjöldunum úr 8% niður í 5%.

Pétur Ottesen: Það hefir verið leitað álits hreppsnefnda og bæjarstjórna í kaupstöðum og kauptúnum, sem heyra undir ákvæði laga um Brunabótafél. Íslands. Meðal þeirra álitsgerða, sem fyrir liggja frá hreppsnefndum, vil ég leyfa mér að benda á aths. frá hreppsnefndinni í Ytra-Akraneshreppi. Í þeirri álitsgerð segir á þessa leið: „Hreppsnefndin lítur svo á, að mjög ranglátt sé, að félagið bæti ekki tjón húsa að fullu, enda þótt sá, er fyrir tjóninu verður, endurbyggi ekki húsið, eða þá reisi það á öðrum stað í kauptúninu, ef um glæpsam-

lega tilhneigingu og framferði hefir ekki verið að ræða.

Nefndin telur það ekki viðeigandi, að á heiðarlegum tryggjendum sé framið slíkt ranglæti, sem ákvæði þessarar greinar mæla fyrir um, sem virðast vera sett einungis af þeim ástæðum, að tryggjendur yfirleitt eru grunaðir um glæpsamlegar tilhneigingar.

Hinsvegar telur nefndin heilbrigðustu vörnina við freisting húseigenda til þess að hagnast á húsbruna vera þá, að endurvirðing á húseignum fari fram á nokkurra ára millibili. Með því mundi fást trygging fyrir, að húseignir séu aldrei tryggðar fram yfir sannvirði".

Ég sé ekki, að hv. fjhn. hafi í sínum brtt. tekið neitt tillit til þessara aths. fremur en ef til vill fleiri sveitarstjórna. Vildi ég mælast til þess, að hv. n. tæki málið til nýrrar athugunar, og ef hún ekki sér sér fært að taka þessar till. hreppsnefndarinnar í Ytra-Akraneshr. til greina, þá óska ég þess, að hún láti mig vita það í tæka tíð, svo að ég geti borið fram brtt. við 3. umr. í samræmi við þessar till. hreppsnefndarinnar.

Í þessu sama álitsskjali er einnig minnzt á 21. gr. frv., þar sem rætt er um umboðsmenn félagsins í bæjum og kauptúnum. Vil ég leyfa mér að lesa upp álit hreppsnefndarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Hreppsnefndin álítur, að æskilegt væri, að ákvæði þessarar greinar séu hliðstæð því, er gildir um tryggingarsjóði sveitarfélaga, að heimilt sé að fela sérstökum nefndum að annast málefni félagsins í hverjum hreppi".

Ákvæði þessarar greinar frv. eru sjálfsagt miðuð við það, að í bæjum og kauptúnum hafi hreppsnefndirnar mörg og umfangsmikil störf með höndum, en hér virðist þó eðlilegra, að starfið sé falið sérstökum nefndum, hliðstætt því, sem gildir um tryggingarsjóði sveitarfélaga. Eitt af þeim ákvæðum í núgildandi lögum, sem varð til þess, að frv. þetta var sent hreppsnefndum til umsagnar, var ákvæðið um heimild til að skipa fulltrúaráð fyrir sjóðinn í framtíðinni, þegar tekjur hans og umsetning væri orðin það mikil, að ætla mætti, að félagið gæti farið að starfa sjálfstætt, þannig, að tryggjendur yrðu sjálfir umráðamenn félagsins. Það virðist vera heilbrigðust hugsun í því, að hið opinbera aðeins styðji félagið með ábyrgð meðan það er að komast á fót, en að síðan sé það rekið sem sjálfstætt fyrirtæki.

Hreppsnefndirnar hafa sýnt mjög mikið tómlæti með því að láta nálega ekkert til sín heyra um þetta efni, sem þó er svo mikilsvert. — Annars vil ég endurtaka fyrirspurnina til hv. n., hvort hún ætli að koma með brtt. viðvíkjandi 14. og 21. gr., samanber till. hreppsnefndarinnar í Ytra-Akraneshreppi.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Það er ekki ástæða til að deila um þessi ágreiningsefni við hv. þm. fyrr en brtt. liggja fyrir, er gefa ástæður til umr.

Ég skal gefa hv. þm. Borgf. þær upplýsingar, að fjhn. mun ekki að svo vöxnu máli koma með brtt. við 14. gr. frv., a. m. k. ekki meiri hl. n. Hvort minni hl. ber fram brtt. eða ekki um þessa gr., skal ég láta ósagt. — Um 21. gr. veit ég ekki til, að sé neinn ágreiningur. Ég skal vekja athygli á því, að hún er að því leyti breytt frá því í fyrra, með því að hreppsnefndum er nú ákveðin þóknun fyrir þetta starf eins og umboðsmönnunum. Ég fæ ekki séð, að betra sé, að aðrar nefndir en hreppsnefndir fari með þessi störf.

Ég skal geta þess, að í frv. er ekki ætlazt til, að sjálfsábyrgð verði í lögum lengur. Hv. þm. N.-Ísf. getur séð það á 5. gr. frv., að ætlazt er til þess, að félagið tryggi hér eftir að fullu samkv. virðingargerð. Að öðru leyti voru í n. mismunandi skoðanir á ýmsum ákvæðum frv., sem ég tel rétt að geyma að ræða um þar til ákveðnar brtt. liggja fyrir.

Hákon Kristófersson [óyfirl.]: Ég get ekki annað en talið það skrítilegt, að frv. í öðru eins stórmáli og þessu skuli ekki fylgja nein grg., heldur skuli í staðinn fyrir grg. vísað til afgreiðslu málsins í d. í fyrra. Í annan stað er nál. meiri hl. fjhn. næsta ómerkilegt í svo merkilegu máli. Ég vildi gjarnan heyra það frá hv. frsm., hvort n. ætlar sér ekki að gera brtt. við 3. og 14. gr. frv. Í 3. gr. er öllum húseigendum, bæði í kaupstöðum og

sveitum, gert að skyldu að tryggja hjá félaginu. Ég get ekki betur séð en að hér sé um að ræða stórkostlega takmörkun á athafnafrelsi manna. (HStef: Þetta er lengi búið að vera í lögum). Ekki þó um kirkjurnar; það er algerlega nýtt. (HStef: Hv. þm. hefir samþ. skyldutryggingu á kirkjum fyrir nokkrum dögum í deildinni). Ég sé mér ekki annað fært en að koma fram með brtt. um þetta efni fyrir 3. umr., ef hv. n. eða aðrir verða ekki til þess. Annars ætla ég ekki að tala frekar um málið að þessu sinni. Hæstv. forseti hefir mælzt til þess, að menn yrðu stuttorðir um málið, af því fundartíminn er að verða naumur. Ég vænti, að hv. frsm. taki ekki illa upp fyrir mér það, sem ég hefi sagt, og skilji það, að ég tala ekki svo af neinni óvild til aðalkjarna málsins, en fallist á, að aths. mínar eru á rökum byggðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 14:1 atkv.

Brtt. 236,1 samþ. með 16 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

9.—11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 236,2 (12. gr. falli niður) samþ. með 15:1 atkv.

13.—26. gr. (verða 12.—25. gr.) samþ. með 14:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3 umr. með 14:1 atkv.

Á 43. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Hveraorka.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um eignar- og notkunarrétt hveraorku (stjfrv., A. 16).

Á 6. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., 23. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þetta frv. er ekki nýr gestur hér. Það var borið fram á þingunum 1928 og 1929 og er upphaflega samið vegna áskorana þessarar hv. þd. Full þörf hefir þótt löggjafar um þetta efni, en málið hefir ekki getað fengið afgreiðslu vegna skoðanamunar milli Nd. og Ed. um eitt atriði. Á því strandaði tvisvar, og þess vegna var frv. ekki lagt fyrir þingið 1930. En síðastl. haust talaði við mig formaður n. þeirrar, sem hafði athugað málið í þessari hv. d., allshn., og hélt hann, að með þeirri breyt., sem hann stakk upp á, mundi málið nú fá framgang.

Ég lít svo á, að þetta umþráttaða lögfræðiatriði skipti ekki mestu, heldur hitt, að fá löggjöf um þetta efni. Ég legg til, að málinu verði vísað til allshn., sem hefir haft það til umr. á undanförnum þingum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

12. Vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts (stjfrv., A.18).

Á 7. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þótt hér sé um afarmikið mál að ræða, sem hefir í för með sér allmikinn kostnað, ef það nær samþykki og framkvæmd, sé ég ekki ástæðu til að fylgja því úr hlaði með langri ræðu, heldur vísa til grg. þess.

Með bréfi 23. nóv. 1928 lagði atvmrn.

fyrir vegamálastjóra að athuga og rannsaka vandlega, hvernig hægt væri að koma í veg fyrir skemmdir af ágangi vatnanna og brúa þau. Síðan hafa liðið tvö ár. Og það er ekki undarlegt, því að rannsóknirnar hafa kostað mjög mikla vinnu og undirbúning. Verkfræðingar hafa starfað þarna austur frá bæði sumurin 1929 og 1930 undir stjórn vegamálastjóra og í skrifstofu hans hefir einnig mikið verið unnið að útreikningum og áætlunum. Niðurstaða rannsóknanna er birt í grg. þessa frv., sem nú er lagt hér fyrir þingið.

Frv. gerir allmiklar breyt. frá því, sem gert var ráð fyrir í lögunum um þessi efni árið 1917. Aðaláherzlan er lögð á það að leysa samgöngumálið. Ég álít þetta svo brýnt nauðsynjamál fyrir Landeyjar, Eyjafjallahrepp og sveitirnar lengra austur, að ekki megi draga að setja lög um það, svo hægt sé að hefja framkvæmdir. Þegar árar betur fyrir ríkissjóði, verður þetta eitt fyrsta stórvirkið, sem fullgert verður. — Ég legg til, að málinu verði vísað til samgmn. Tel ég sjálfsagt, að hún og aðrir leiti til vegamálastjóra eftir þeim upplýsingum, sem þörf kann að vera á.

Gunnar Sigurðsson [óyfirl.]: Ég get verið hæstv. stj. þakklátur fyrir frv. þetta, því að svo undarlega bregður við, að það hefir alltaf verið mín skoðun, að þannig ætti að taka á málinu. Ég er ekki jafnþakklátur fyrir næsta mál (Vetrarvegur yfir Hellisheiði). En ég skal ekki blanda því saman. — Samgöngumálin eru hér aðalatriðið, og austurhluti sýslunnar hefir verið svo skorinn frá og samgöngur svo erfiðar, að það mundi sannast, að sýslan byrjaði að leggjast í auðn austan Þverár, ef ekki er bætt úr. Og eins og hæstv. forsrh. tók fram, verður þetta ekki aðeins samgöngubót fyrir austurhluta Rangárvallasýslu, heldur tengir vegina í Skaftafellssýslu við bílvegi vestan Þverár. Það er brú á Þverá, sem mest liggur á, því að eftir henni bíða nú tvær einhverjar blómlegustu sveitir landsins. Ég vil gera þá fyrirspurn til hæstv. atvmrh., hvort það sé ekki hans meining, eins og stendur í aths. frv., að byrja þegar á næsta ári. Þar í aths. er gert ráð fyrir, að verkinu verði lokið á tveimur næstu árum. En það er ekki hægt, nema byrjað verði á að brúa Þverá í vor.

Það gleður mig, að vegamálastjóri hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að byrja á samgöngunum og þreifa sig síðan áfram með varnirnar. Ég hefi þá trú, að takast megi að hlaða fyrir öll vötn með timanum, en til þess þarf meiri reynslu en fengin er. — Ég ætla ekki að fara út í einstakar gr. frv. nú við 1. umr. Þó tel ég það misskilning hjá hæstv. forsrh., að leggja megi ¼ kostnaðar við framlengingu Seljalandsgarðsins á bændurna, sem hlut eiga að máli. Þeim er í raun inni ofvaxið að bera nokkurn kostnað af þessu, en það munar aldrei mjög miklu í heildarkostnaðinum. Ég vík síðar að þessu.

Einar Jónsson: Mér þætti eðlilegt, að þm., sem ekki eru hnútunum kunnugir, yrðu dálítið hissa, þegar þeir bera þetta frv. saman við fjárlfrv., þar sem hætt er að veita fé til að leggja síma og brautir og byggja vita, brýr og aðrar venjul. verklegar framkvæmdir.

Þetta frv. mun því svo að skilja, að vegamálastjóri álíti, að þarna sé mest nauðsyn að hefjast handa, enda vita það allir kunnugir, að þörfin er brýn.

Ég er skyldur til að lýsa ánægju minni yfir frv. og skal geta þess, að við samþm. héldum tvo þingmálafundi, áður en við fórum að austan, á Stórólfshvoli og að Ægisíðu, og þar lýstu menn almennt fylgi við frv. Á fyrra fundinum var samþ. till., sem ég ætla að leyfa mér að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta. Hún sýnir hug fundarmanna til málsins: „Í því trausti, að þær framkvæmdir, sem stjórnarfrumvarp til þessa máls gerir ráð fyrir, verði byrjaðar þegar á næsta vori og samgöngum og landi borgið í framtíðinni með því, lætur fundurinn ánægju sína í ljós yfir því, að nú sé þetta þýðingarmikla samgöngu- og fyrirhleðslumál loks komið á góðan rekspöl, — og skorar á þingmenn kjördæmisins að styðja landsstjórnina í því að fá heimild hjá næsta Alþingi til að taka inn á fjáraukalög 1931 nauðsynlega fjárhæð til framkvæmda". Fundarmenn undruðust reyndar dálítið þennan stórhug hjá

hæstv. stj., eftir það sem menn höfðu heyrt um fjárhaginn nú. Þeir tóku þó frv. í alvöru, en þótti samt vissara að fá skýlaus loforð um, að hafizt yrði handa á næsta vori, eins og till. ber með sér.

Menn hafa skipzt nokkuð í tvo flokka þar eystra. Annarsvegar eru þeir, sem vötnin eyðileggja mest fyrir, og það eru einkum Fljótshlíðingar, en samgöngur þeirra hindra vötnin minna. Hinsvegar eru þeir, sem hugsa aðallega um lausn samgöngumálsins, en það eru Landeyingar og aðrir í austurhluta sýslunnar, auk þess er Skaftfellingar eiga þar og mikið í húfi. Hér má segja, að farinn sé millivegur, sem flestir munu telja hyggilegan og sætta sig við. Og ekki eru menn að telja eftir það, sem þeir eru skyldaðir til að leggja af mörkum—þótt margir eigi erfitt með það, — ef þeir aðeins geta. Þótt kjörin séu raunar góð hér, ef þau eru t. d. borin saman við þau, sem Flóamenn og Skeiða hafa sætt, verður að gæta þess, að binda engum þær byrðar, sem hann fær ekki undir risið. Og þar sem hér er aðallega að ræða um samgöngumál og skemmdir ófærra vatna, þá er það skylda ríkissjóðs að leggja fram meginkostnaðinn.

Ég vildi fá vissu mína fyrir því, að Rangæingum sé gefin trygging fyrir, að verkið verði hafið í vor. Því að sé aðeins verið að sýna okkur frv. og eigi svo að bíða með framkvæmdirnar, þá er ekkert unnið. Það er undir sannleik og drengskap hæstv. stj. komið, hvort hún stendur við það, sem hún hér lofar. — Náttúrlega má ég ekki ergja hæstv. stj. né ætla henni annað en bezta vilja á verkinu.

Mér er vitanlega ánægja að leggja allar upplýsingar, sem ég get gefið, fram fyrir hv. samgmn., sem væntanlega fær þetta mál til athugunar, ef óskað yrði, og vænti hins bezta frá allra hálfu, er um málið fjalla.

Jón Ólafsson: Ég vil leyfa mér að benda væntanlegri hv. n. á það, að hvað snertir niðurjöfnunarákvæði þessa frv., þá er það ekkert takmarkað, hve miklu verður jafnað niður á þá jarðeigendur, sem eiga að njóta þessara hlunninda. Gengur þetta svo langt, að hætt yrði við, að bændur yrðu að setja jarðir sínar að veði, en það myndi geta leitt til þess, að sumir þeirra kæmust á vonarvöl. Finnst mér þetta vel þess vert, að hv. n. taki það til athugunar, svo að bændum geti ekki stafað nein hætta af því, ef þessi mannvirki yrðu gerð.

Annars sé ég ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þetta mál að sinni, þar sem það á eftir að fara til nefndar. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta frv. er komið fram, þar sem málið er hið nauðsynlegasta fyrir framtíðina.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég sé ekki ástæðu til að segja nema örfá orð út af ræðum þeirra hv. þm. Rang. og hv. 3. þm. Reykv.

Hv. þm. Rang. spurðust fyrir um það, hvenær byrjað yrði á þessum framkvæmdum. Þegar Alþingi er búið að samþ. þetta frv., sem væntanlega verður, verða ekki nema 1—2 mánuðir til kosninga. Finnst mér það eðlilegt og sjálfsagt, að það verði sú stj., sem fer með völd eftir kosningar, sem tekur ákvarðanir um framkvæmd þessa máls. Hinsvegar er það mín skoðun, að þetta sé eitt af því fyrsta, sem framkvæma eigi í samgöngumálunum, þegar ástæður eru fyrir hendi. En hvenær það verður gert, álít ég, að ekki sé hægt að ákveða, fyrr en eftir næstu kosningar.

Gunnar Sigurðsson [óyfirl.]: Það er rétt, að það er stuttur tími þangað til fram yfir kosningar. Og ég hefi skilið hæstv. atvmrh. þannig, að ef hann verði við völd áfram, þá ætli hann sér að halda málinu áfram eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en ég tek þau orð hæstv. atvmrh. í fullri alvöru, að ef stj. sitji áfram, þá muni hún beita sér fyrir þessu verki.

Einar Jónsson: Ég varð ekkert glaður við að heyra orð hæstv. atvmrh. Það er auðséð, að hann er hér að búa út plagg, sem ekki getur komið til framkvæmda fyrr en eftir næstu kosningar. Er það sjáanlegt, að hæstv. atvmrh. er smeykur um, að hann muni ekki sitja að völdum áfram, og vill með þessu binda eftirmanni sínum erfiða byrði, þar sem nú er ekkert fé til í ríkissjóði. Ég

verð að vona, að hæstv. atvmrh. sé alvara með það, sem hann segir, og ég skora á hann að sýna alvöru í þessu máli. Rangæingar vonast eftir því af þingi og stj., að framkvæmdir verði bráðar í þessu efni. — Skal ég svo ekki fjölyrða meira um málið að sinni.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil leyfa mér að benda hv. þm. á það, að hér er ekki um neina augnabliks-ákvörðun að ræða. Það eru tvö ár síðan byrjað var á rannsóknum í þessu máli, og mikil vinna hefir verið lögð í undirbúning þess, og sú ákvörðun tekin, að byggja á þeirri vinnu, sem búið er að vinna. Geta því hv. þm. séð, að stj. er full alvara í þessu máli.

Báðum hv. þm. Rang. hlýtur að vera það ljóst, að það væri rangt af stj. að taka ákvörðun um þetta mál í maí, þegar aðeins tveir mánuðir eru til kosninga, þar sem um svo mikið fjárhagsatriði er að ræða. Enda býst ég við því, að hvaða stj., sem sæti að völdum eftir kosningar, myndi líta ópólitískt á þetta mál og telja það eitt hið nauðsynlegasta í samgöngumálunum. — Hitt væri að leika leik frammi fyrir kjósendum, ef stj. léti byrja á svo stórkostlegum framkvæmdum rétt fyrir kosningar.

Stj. hefir látið undirbúa þetta mál og telur það meðal þeirra mála, sem þarfnast bráðrar lausnar. En hitt hefi ég aldrei talið rétt, heldur ásakað fyrirrennara mína fyrir, að gera stórar fjárhagslegar ákvarðanir rétt fyrir kosningar.

Einar Jónsson: Hæstv. atvmrh. sagði, að ef byrjað væri á framkvæmdum fyrir kosningar, þá væri verið að leika leik frammi fyrir kjósendum. En það verð ég að telja leik leikanna, ef á að samþ. þetta frv. án þess að byrja á framkvæmdum á næsta vori, þar sem Rangárvallasýsla þarfnast bráðari samgöngubóta en nokkur önnur sýsla á landinu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég verð að efast um, að hv. 1. þm. Rang. tali fyrir munn kjósenda sinna í þessu máli. Er það að leika leik frammi fyrir kjósendum, að undirbúa þetta mál og fá yfirlýsingu stj. um það, að hún leggi það til, að þessar umbætur verði meðal hinna fyrstu, sem gerðar verði, er ástæður eru fyrir hendi? Ég held ekki. En hitt er rangt, að gera stórar ákvarðanir 1—2 mánuðum fyrir kosningar, ákvarðanir, sem kosta ríkissjóð mörg hundruð þús. kr.

Sigurður Eggerz: Mér hefir skilizt, að hæstv. stj. ætlist til, að frv. þetta verði að lögum á þessu þingi. Samkv. því kemur það ekki undir kjósendurna, eins og stj. var að tala um.

Ég verð að beina einni spurningu til hæstv. atvmrh. Ég vil spyrja hann að því, hvort stj. treysti sér til þess að veita fé til þessara framkvæmda eins og nú standa sakir? Þetta er þungamiðjan í þessu máli. Ég get ekki gert ráð fyrir, að næstu kosningar breyti neinu um fjárhagslegar ástæður ríkisins, svo að hægra muni um þessar framkvæmdir eftir þær heldur en nú er.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil leyfa mér að geta þess, út af ræðu hv. þm. Dal., að þetta mál hefir verið borið undir kjósendur. Nýlega hefir verið stofnað vatnamálafélag austur þar. Bændurnir hafa þar kosið sína fulltrúa, og hafa þeir fylgzt með framkvæmdum stj. í þessu máli. Þeir hafa fengið till. sendar austur, svo að bændur gætu því betur kynnzt málinu og áttað sig á því. Það er því algerður misskilningur hjá hv. þm. Dal., að við höfum ekki viljað vita vilja kjósenda í þessu máli.

Þá sagði hv. þm. Dal., að þungamiðjan í málinu væri það, hvort handbært fé væri til framkvæmdanna. En það er ekki þungamiðjan, heldur það, að Alþingi segi álit sitt um það, hvort þetta megi gera. En ákvarðanir um framkv. málsins á stj. að taka eftir næstu kosningar.

Um fjármálin mun ég tala á öðrum grundvelli. En ég lít svo á, að við þurfum ekki að sjá eftir því fé, sem farið hefir til hinna miklu framkvæmda á undanförnum árum. Vegna þeirra erum við orðnir svo vel settir, að við þurfum ekki að æðrast þótt móti blási, þar sem við höfum skapað okkur miklu betri aðstöðu í landinu.

Gunnar Sigurðsson [óyfirl.]: Ég vil benda hv. þm. á það, að þingið getur ákveðið hvenær sem er að láta byrja á þessu verki. Ég get sætt mig við það að óreyndu máli, að hæstv. atvmrh. hefir tekið það skýrt fram í síðustu ræðu sinni, að hann myndi gera þetta mál að sínu máli. Get ég gert mig ánægðan með það að svo stöddu, en vildi aðeins taka það fram, að þingið getur ákveðið, hvenær byrjað skuli á verkinu.

Sigurður Eggerz: Mér getur ekki skilizt, að ég hafi misskilið neitt í ræðu hæstv. atvmrh. Kosningarnar geta engu máli skift í þessu efni. Hæstv. atvmrh. sagði, að ef ný stj. tæki við völdunum, þá ætti hún að taka ákvörðun í þessu máli. Auðvitað verður núv. stj. ekki spurð að því, hvað næsta stj. muni gera. En ef þetta frv. verður samþ., þá er búið að samþykkja mikinn útgjalda-auka. Þess vegna er eðlilegt að tala um fjárhaginn í sambandi við þetta mál. Og því vil ég spyrja hæstv. stj., hvort hún treysti sér til þess að leggja út í svo stórfellt fyrirtæki sem þetta er eins og nú standa sakir.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég kannast ekki við, að ég hafi ekki borið þetta mál undir kjósendur. (**SE**: Ég var ekki að segja það). Hv. 2. þm. Rang. fór með frv. þetta austur, og gat því skýrt frá því á fundum þeim, sem hann hélt þar.

Um hitt atriðið hefi ég talað áður og sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um það.

Sigurður Eggerz: Ég hefi aldrei mótmælt því, að hæstv. stj. hafi ráðfært sig við einhverja kjósendur um þessi mál. En af svörum stj. mjög óljósum í þessu máli virðist mér auðsætt, að hér sé verið að búa til kosningabeitu, sem búizt sé við, að verði gómsæt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til samgmn. með 16 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, síðasta fundi deildarinnar, var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 355).

Forseti tók málið af dagskrá.

---

13. Vegur frá Lækjarbotnum austur í Ölfus.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um nýjan veg frá Lækjarbotnum í Mosfellssveit austur í Ölfus (stjfrv., A. 19).

Á 7. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það hefði verið fróðlegt nú að rekja sögu þess, hvernig reynt hefir verið að leysa samgöngumál Sunnlendinga frá því fyrsta allt fram á þenna dag, en ég mun þó ekki segja þá sögu hér að þessu sinni, en læt mér nægja að vísa til þess, sem nýjast hefir gerzt í þessu mikilvæga máli.

Í bréfi til vegamálastjóra frá atvmrn., dags. 23. nóv. 1928, segir svo m. a.:

„Hér með er yður, hr. vegamálastjóri, falið á hendur að rannsaka og gera áætlun og till. um:

1. Fullkominn bifreiðarveg frá Reykjavík austur yfir Ölfusá með sérstöku tilliti til, að þessi nýi vegur verði fær bifreiðum á vetrum. Ber því að leggja aðaláherzlu á, að vegstæðið sé svo snjólétt sem frekast er fáanlegt, og öll gerð vegarins miðuð við, að flutningar á þessari leið verði sem ódýrastir og öruggastir í snjóum á vetrum.

2. Hvort fært þykir og ráðlegt að umbæta núverandi veg austur, sumpart með ráðstöfunum til snjóvarnar, en sumpart með því að leggja nýjan vetrarveg á snjóþyngstu köflunum, svo að hann megi telja viðunandi fyrst um sinn til vetrarflutninga með bifreiðum. Sérstaklega ber í því sambandi að rannsaka aðstöðu alla um nýjan vetrarveg um Þrengslin suður í Ölfus og þaðan á núverandi akbraut vestarlega í Ölfusi".

Ég leit svo á, að eins og þetta mál lá

fyrir, þegar núverandi stj. tók við völdum, væri ekki full-rannsakað, hvort ekki mætti leysa samgöngumál Sunnlendinga með fullkomnum bílvegi. Nýir atburðir höfðu gerzt í málinu, þar sem var hin nýja reynsla í bílflutningum hér á landi, og þá einkum á því svæði, sem hér ræðir um, og hlaut af þessu að leiða, að rannsakað yrði til hlítar, hvort bílvegir mundu ekki framtíðarvænlegust lausn þessa máls. Af þessum ástæðum ákvað ráðuneytið að fela vegamálastjóra áðurnefnda rannsókn. Niðurstaða þessarar rannsóknar vegamálastjóra hefir orðið sú, að vegamálastjóri, sem áður hefir verið járnbrautarmaður, sem kallað er, telur kringumstæðurnar svo breyttar, að fært muni að leggja inn á nýjar brautir, — þær brautir, sem markaðar eru með þessu frv.

Ég hefi áður í sambandi við þetta mál, þegar það hefir borið á góma, og það hefir ekki verið svo sjaldan, tekið það fram, að aðalatriðið væri ekki, hvort leggja ætti járnbraut eða ekki, heldur hitt, hvað væri hentast og ódýrast fyrir þá, sem njóta eiga þessarar samgöngubótar. Mér hefir aldrei vaxið það í augum, þó að leggja þyrfti í mikinn kostnað í byrjun, til þess að koma stærsta landbúnaðarhéraðinu á landinu, sem er svo illa sett að hafa enga höfn, í samband við Rvík. Ég hefi aldrei gengið þess dulinn, að stofnkostnaðurinn við slíka samgöngubót yrði afarmikill. Það sem hvetur mig til að leggja til, að farnar verði þær brautir í þessu máli, sem þetta frv. markar, er því ekki það, að hér sé um svo stórkostlega lækkun á stofnkostnaðinum að ræða, heldur hitt, að ég er þess sannfærður, að fyrir bændur austan fjalls verður þessi leið hagkvæmari og ódýrari í hinum árlega rekstri til að koma framleiðslu þeirra á markaðinn.

Ég sé ekki ástæðu til að fara inn á einstök atriði þessa frv. að svo stöddu. Frv. hefir verið eins vandlega undirbúið og frekust tök voru á. Þó að frv. hafi ekki verið lagt fram fyrr en nú, hygg ég, að enginn geti lagt það út til ámælis, hvorki stj. né vegamálastjóra, því að það er vitfirring ein að leggja út í svo mikið stórræði sem þetta, nema að vel rannsökuðu máli. Að öðru leyti vísa ég til grg. frv., sem er all-ítarleg, og vildi skora á þá n., sem fær þetta mál til meðferðar, að leita óspart til vegamálastjóra um frekari upplýsingar í málinu, því að hann veit gerrst um þessa hluti alla.

Það hefir staðið mikill styrr um það til þessa, hvernig ætti að leysa samgöngumál Sunnlendinga, og mörgum hafa vaxið í augum þær upphæðir, sem nefndar hafa verið í sambandi við það. Ég vildi þó mega óska þess, að ekki yrði mikill styrr um málið nú. Bæði er nú um minni fjárupphæð að ræða í þessu skyni en áður var reiknað með, ef sú leið, sem í frv. er lögð til, verður farin, og auk þess mega menn ekki einblína svo mjög á kostnaðarhliðina í þessu máli. Hér er um svo stóra hluti að ræða, að ekki er hægt við því að búast, að unnt sé að ráða fram úr þeim, nema með miklum kostnaði.

Að svo mæltu vildi ég leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til samgmn., að lokinni umr.

Magnús Torfason: Ég vil lýsa ánægju minni yfir því að sjá framan í þetta frv., þó að ég hinsvegar hefði nú hugsað mér, að lausnin á samgöngumáli Sunnlendinga yrði á annan veg en frv. leggur til. Þar sem ég á sæti í þeirri n., sem væntanlega fjallar um þetta mál, sé ég ekki ástæðu til að fara að fjölyrða um þetta mál að svo stöddu. Ég vil þó leyfa mér að benda á það, að sá vegur, sem frv. gerir ráð fyrir, að verði lagður, er 11½ km. lengri en sá vegur, sem nú er notazt við. Í sjálfu sér er þetta ágalli, en á móti því kemur, að með þessu móti verða vetrarsamgöngurnar allmjög öruggari en hingað til hefir verið. Hinsvegar stendur svo í 6. gr. frv., að núverandi vegur skuli leggjast niður á sínum tíma. Ég held, að þetta sé ekki rétt ráðið. Það stríðir á móti öllu því, sem nú gerist í samgöngumálum, ef þetta er gert, því að þess er nú allsstaðar krafizt, að leiðir séu styttar, en ekki lengdar. Vildi ég því óska þess, að þessu ákvæði frv. yrði vikið við.

Þá kem ég að þungamiðju þessa máls, sem er sú, að með frv. er vikið frá því að leggja járnbraut á þessari leið. Hæstv. forsrh. vildi slá því föstu, að full-

sannað væri, að bílflutningur væri ódýrari en flutningur með járnbraut. Get ég ekki séð á grg. frv., að færðar séu sönnur á þetta. Þar er sagt frá því, hvað búizt var við, að flutningskostnaður með járnbraut yrði mikill á sínum tíma, en engu orði vikið að því, hvað kostnaðurinn yrði mikill nú. Ég hefi engar skýrslur séð um það, hversu miklu ódýrari í rekstri hinar nýju mótordráttarvélar eru heldur en gömlu gufuvélarnar, en þær er nú farið að nota meira og meira úti um heiminn, og reynslan hefir allsstaðar orðið sú, að þær eru ódýrari en gufuvélarnar.

Ég vildi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvort þessi nýi vegur gæti orðið undirstaða undir járnbraut á sínum tíma, ef svo sýndist. Ég veit ekki, hvort þetta gæti farið saman, en held það þó, því að þessi vegur verður að vera hár. Það er svo til ætlazt, að þessi vegur fari niður af fjallinu hjá Lágaskarði, og get ég ímyndað mér, að hallinn þar sé of mikill fyrir járnbraut. En þessu mætti breyta, án mikils tilkostnaðar, því að ekki eru nema 12 km. frá Lágaskarði að þeim stað, sem ætlazt var til, að járnbrautin færi niður af fjallinu, undan Þóroddsstöðum í Ölfusi, og kæmi þá allt heim.

Gunnar Sigurðsson: Ég gat þess í sambandi við vatnamálið, að ég væri stj. ekki eins þakklátur fyrir þetta mál. Er það skemmst af að segja, að þetta er sú vandræðalegasta kákúrlausn, sem ég minnist að hafa séð á stórmáli. Og hefir hæstv. stj. farizt illa allar gerðir í þessu máli.

Það er öllum vitanlegt, sem þekkja leiðina austur yfir fjall, að ekki er nema um tvær lausnir að ræða í þessu máli. Annaðhvort járnbraut eða malbikaður bílvegur, sem verður þá að vera yfirbyggður á löngum svæðum. Hvora leiðina eigi að fara, eiga fagmenn að ákveða. Þar á engin pólitík að komast inn í. Og veit ég ekki betur en að fagmennirnir hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að járnbrautin væri sú rétta lausn málsins. Með þessu frv. er heldur engin ákvörðun tekin um þetta. Í niðurlagi grg. segir svo:

„Verður þá á ný (þ. e. þegar búið er að leggja þenna nýja veg frá Lækjarbotnum austur í Ölfus) að taka ákvörðun um, hverra frekari samgöngubóta er þörf, hvort heldur skuli malbika veginn eða ráðast í lagningu járnbrautar“ o. s. frv.

Það sjá allir, að hér er því ekki um neina endanlega lausn á þessu máli að ræða. Hitt má vera, að það sé örlítil bót að þessu í bili, og er að því leyti erfitt að berjast á móti því. En hér er verið að stíga spor, sem aldrei átti að stíga.

Hæstv. forsrh. sagði, að stofnkostnaðurinn væri ekkert aðalatriði í þessu máli, eins og rétt er, en honum gleymdist, að það, sem mestu skiptir í þessu efni, er það, að öruggt sé með öllu, að flutningar austan um fjall teppist ekki á vetrum. Eru það hin mestu vandræði, sem hent getur bændur Suðurlandsundirlendisins og enda Reykjavík, þegar svo tekst til.

Það hefir mjög verið útmálað, hversu flutningar með bílum væru ódýrir. Hefi ég engin gögn til þess að fara út í það, en vil þó leyfa mér að benda á, að bílstjórar komust upp á það síðastliðið sumar að gera með sér samtök, svo sem aðrar stéttir manna gera. Er auðvitað ekkert við þessu að segja — slík samtök eru eðlileg — en varla munu þau hafa áhrif til lækkunar á flutningskostnaði með bílum, enda hefir það þegar komið í ljós. Auk þess hygg ég, að enginn hafi reiknað út, hvað bílarnir kosta okkur í raun og veru. Þar er allt fengið frá útlöndum. — Um járnbraut gegnir öðru máli. Til hennar þarf ekki að flytja inn annað en járn, sem er í sama verði og fyrir stríð, auk einhvers lítilsháttar af timbri. Og á þeirri leið, sem járnbrautin yrði lögð, er undirstaðan allsstaðar ágæt. Öllum er kunnugt, að nú liggur við að fara að virkja Sogið, sem er eitthvert bezta fallvatnið á landinu, og verður þá væntanlega hægt að fá þaðan rafmagn, til þess að knýja járnbrautina.

Ég skal ekki fara frekar út í þetta mál við þessa umr., en mun gera það ítarlegar síðar. Hefi ég um fá mál hugsað jafnmikið sem þetta og alltaf sannfærzt

betur og betur um það, að sú eina rétta lausn á því er járnbraut.

Einar Jónsson: Ég veit ekki betur en að vegamálastjóri hafi alltaf haldið því fram — og hann mun vera dómbærastur í þessum efnum allra manna hér á landi — að sú bezta og ódýrasta lausn á þessu máli væri járnbraut. Kemur mér þetta frv. því einkennilega fyrir sjónir, því að með því er stefnt til þess að leggja veg í stað járnbrautar. Vildi ég því í þessu sambandi beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stj., hvort járnbrautin sé þar með úr sögunni, því að ég býst ekki við því, að farið verði að leggja bæði veg og járnbraut.

Allir viðurkenna, að samgöngurnar við Suðurlandsundirlendið þurfa að batna — og það mikið. Hefir járnbrautin jafnan verið talin vænlegust lausn á því máli. Og vegamálastjóri hefir verið þeirrar skoðunar undanfarið engu síður en aðrir. Nú virðist hann þó vilja leggja til, að vegur sé lagður. Þykir mér þetta harla undarlegt, eins og ég áður sagði. Þá þykir mér það ekki síður undarlegt, að frv. gerir ráð fyrir, að þessi nýi vegur verði lagður, þar sem lægst liggur og snjóalög eru mest. Hefi ég frá barnæsku ætíð vanizt því, að hæðir og hryggir stæðu helzt upp úr og að frekar snjóaði í lægðirnar.

Skal ég svo ekki orðlengja þetta frekar, en ég vænti þess, að hæstv. stj. láti frá sér heyra um það, hvort járnbrautin er með þessu látin niður í handraðann.

Magnús Jónsson: Á flestum þeim þingum, sem ég hefi setið, hefi ég ýmist verið flm. eða stuðningsmaður till. um samgöngumál Sunnlendinga. Þykir mér því vænt um í hvert skipti, sem þetta mál er vakið á einhvern hátt. Undanfarið hefir mest verið talað um járnbraut, en þetta frv. fer fram á vegargerð, eða öllu heldur lítilsháttar byrjun á vegargerð. Þykir mér einkum vænt um frv. vegna þess, að til þessa hefir skort skýr ummæli um það, hvað góður vegur myndi kosta. — Vegamálastjóri hefir áður áætlað, að slíkur vegur myndi kosta um 3. millj. kr., og hefi ég alltaf gengið út frá því við umr. um þetta mál. Nú hefir vegamálastjóri gert nákvæma áætlun um það, hvað þessi vegur muni kosta, og verður það samkv. áætlunum hans um 4 millj. kr., eða nákvæmar tiltekið 3,8 millj. kr.

Þetta frv. breytir þá ekki minni skoðun á þessu máli, nema ef síður skyldi. Skal ég þó játa það, að höfuðkostur vegarlagningarinnar er sá, að hægt er að gera umbæturnar smátt og smátt, t. d. byrja á vetrarveginum og halda svo áfram, eftir því sem fé er til. En það er sá gallinn á þessu, að eftir frv. á þá fyrst að taka ákvörðun um það, hvort leggja skuli járnbraut eða ekki, þegar búið er að leggja þenna vetrarveg og verja til þess 732000 kr. Get ég ekki ímyndað mér, að nokkur maður vilji leggja út í svo þokukenndar framkvæmdir.

Hitt er, eins og hv. 2. þm. Rang. tók réttilega fram, aðeins fyrir kunnáttumenn að skera úr, hvort heppilegra muni reynast fyrir framtíðina, en alls ekki pólitískt mál, sem kosningar eigi að skera úr.

Hæstv. atvmrh. sagði, að stofnkostnaðurinn skipti ekki mestu máli, og má það vel vera. En ef hann aðhyllist það, þá virðist mér undarlegt, að hann skuli vilja heldur leysa þetta mál með dýrum vegi í staðinn fyrir járnbraut, því að þegar búið er að leggja 4 millj. kr. í veg, verður að afhenda ríkinu hann til viðhalds, og sá kostnaður verður ekkert smáræði, en járnbraut ætti að geta borið uppi sinn viðhaldskostnað og er því rekin með arðsvon.

Annars skal ég ekki orðlengja mikið um frv. Það er mikið talað um framfarir á bifreiðum, og er það satt, að þær eru mikið bættar frá ári til árs. En það ætti líka að geta orðið framför á þeim vögnum, sem ekið er eftir teinum. Hin mikla samkeppni við bifreiðarnar neyðir járnbrautarfélögin til þess að taka snöggum framförum, og getur þá orðið sú bylting, áður en nokkurn varir, að járnbrautirnar komizt í þann sama hefðarsess og þær höfðu áður, þar sem miklir flutningar eru og um langan veg að fara. Ég get ekki komið auga á neitt í frv., sem mælir á móti járnbraut. Annars óska ég, að takast megi að leysa mál þetta á sem heppilegastan hátt. Ég mun

því ekki leggjast á móti því að þessi vegur verði lagður, ef þau rök koma fram, sem sýna, að það er heppilegasta lausn málsins. Út af fyrir sig er eðlilegt, að menn óski vegarins heldur, því að járnbrautarteinar eru aðeins fyrir þau einu farartæki, sem á þeim ganga, en góðir vegir eru færir öllum öðrum farartækjum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það eru aðeins örfáar aths. út af því, sem fram hefir komið í þessum umr.

Mér þóttu undirtektir þeirra misjafnar, hv. 2. þm. Árn. og hv. 2. þm. Rang. Fyrir hv. 2. þm. Árn. er aðalatriðið að fá lausn á samgöngumálunum austan fjalls, án þess að binda sig einstrengingslega við eina ákveðna lausn, og virtist mér hann gera sér vonir um, að með frv. þessu væri um viðunandi lausn að ræða.

En hv. 2. þm. Rang. verður of starsýnt á þá lausn, sem hann hefir bitið sig fastan í áður, en það er járnbraut, og fylgist ekki með þeim breytingum, sem orðið hafa og er þar af leiðandi ekki nógu fljótur að átta sig á nýjum staðreyndum.

Hv. 2. þm. Árn. spurði, hvort þessi væntanlegi vegur mundi duga sem undirstaða fyrir járnbraut, ef horfið yrði að því að leggja hana síðar. Því er til að svara, að mig skortir alla „tekniska" þekkingu á því máli. En hv. þm. á sæti í þeirri nefnd, sem mun fjalla um málið, og getur þá fengið upplýsingar um þetta atriði hjá vegamálastjóra. Ég get því miður ekki látið ljós mitt skína, né öðru svarað þessari spurningu hv. 2. þm. Árn.

Hv. 2. þm. Rang. taldi frv. vandræðalegt kák á úrlausn þessa máls. Ef hann kallar þetta kák, hvað segir hann þá um það ástand, sem verið hefir, þegar aðeins hefir verið talað um málið, en ekkert aðhafst til að leysa það á neinn hátt nú í heilan mannsaldur? Aftur á móti er ég sammála hv. þm. um, að þetta sé ekki fyrst og fremst pólitískt mál, heldur sé það fagmanna að skera úr, hver sé heppilegasta lausn þess. Þessa leið hefir stj. líka farið, þar sem frv. er samið af vegamálastjóra og fyrst og fremst stuðzt við álit hans og till.

Hv. 1. þm. Rang. virðist ekki heldur ánægður með þessa úrlausn málsins. Hann sagði, að aðalspurningin fyrir sér væri sú, hvort járnbrautin væri, með frv. þessu, úr sögunni eða ekki. En hjá honum er ekki aðalatriðið, hvort samgöngumálið austanfjalls sé leyst með þessu. (**MJ:** Þetta er ekki velviljuð skýring á orðum þm.). Hann orðaði það eitthvað á þessa leið, en kannske hann hafi meint allt annað. Annars getum við ekki tekið ákvarðanir fyrir hin síðari þing, né ákveðið nú, hvað gert verði t. d. 1940 eða svo. En min von og sannfæring er sú, að með frv. þessu verði leyst á fullnægjandi hátt úr samgönguvandræðunum austanfjalls, sem geri landbúnaðinn í sveitum þar sem arðmestan. Hinsvegar er ég ekki sá spámaður að geta sagt nú, hvernig þetta rætist. En út frá þekkingu minni á málinu tel ég þetta víst og á því byggjast þær vonir mínar, að á þennan hátt verði bezt leyst úr þessu samgöngumáli fyrir framtíðina.

Það var ekki vingjarnlega spurt hjá hv. 1. þm. Rang., hvort vegurinn ætti að liggja þar sem lægst er og snjóþyngsli mest. En það er einmitt tekið fram beinum orðum í frv. og grg. þess, að veginn skuli leggja þar sem snjóléttast er.

Loks þarf ég að svara hv. 1. þm. Reykv. Hann talaði sanngjarnlega um málið og vænti ég því góðrar samvinnu frá hans hendi. Hann var mér sammála um aðalatriðið: að stofnkostnaðurinn sé ekki mesta atriðið, heldur rekstrarkostnaðurinn. En það hefir hvorugur okkar gögn í höndum til þess að dæma um endanlega, hvort ódýrara muni reynast, vegur eða járnbraut. Ég hefi aðeins bent á, að eftir till. frv. er um minni stofnkostnað að ræða heldur en við að leggja járnbraut, auk þess sem rekstrarkostnaður járnbrautarinnar hlýtur að verða tilfinnanlega mikill. En svo er líka að athuga, að veginn þarf að hafa, þó að járnbraut verði lögð, og verður hann að vera sem allra fullkomnastur. Og loks má geta þess, að alltaf verður að eiga sér stað umskipun á vörunum frá járnbraut, því að hún kemst ekki inn á hvert einasta heimili, en það gera bílarnir.

Annars hefi ég ekki aðstöðu til að kveða upp fullnægjandi dóm um þetta, en með skýrskotun til reynslu annara þjóða í þessu efni, er vafalaust ódýrara fyrir fólkið að nota veg og bíla en járnbraut.

Gunnar Sigurðsson: Ég ætla ekki að lengja umr. úr hófi fram á þessu stigi málsins, en verð þó að svara hæstv. atvmrh. nokkrum orðum.

Hann hafði rétt eftir mér þau orð, að ég hefði kallað frv. vandræðalegt kák á lausn þessa máls, og stend ég enn fast við, að svo sé. Hér er ekki um neina framtíðarlausn að ræða á samgönguvandræðunum austanfjalls. Hæstv. ráðh. viðurkenndi þetta líka í ræðu sinni, og í frv. og ástæðunum fyrir því kemur þetta einnig fram.

Ég hefi bent á, að tryggingin fyrir daglegum ferðum á milli sveitanna austanfjalls og Rvíkur er fyrir öllu. Það sýnir sig líka, að það, sem aðallega stendur mjólkurbúunum tveimur austanfjalls fyrir þrifum eru samgönguvandræðin: að ekki skuli vera hægt að flytja daglega yfir heiðina. Þetta er stærsta atriðið og þungamiðja málsins. Og það má benda Rvíkingum á, að á meðan ekki er séð fyrir daglegum ferðum yfir heiðina, verður ekki unnt að lækka mjólkurverðið hér í Rvík, sem allir viðurkenna þó, að full nauðsyn væri á.

Ég hafði gaman af að tala við báða forstöðumenn mjólkurbúanna austanfjalls, er ég var þar á ferð núna nýlega. Annar er norskur, en hinn danskur og báðir eldheitir járnbrautarmenn. Þeir byggja framtíð mjólkurbúanna á daglegum og hindrunarlausum flutningum yfir heiðina, og þeir vita, að járnbrautin er eina samgöngutækið, sem byggt verður á í þessu efni.

Vegamálastjóri neitar því hvergi í grg. frv., að járnbraut sé heppilegasta lausn málsins, enda hefir hann, ekki alls fyrir löngu, í „privat"-samtali við mig, lýst yfir því, að hann væri ekki fallinn frá fyrri skoðun sinni um þetta mál. Því verður ekki neitað, að það er komin hreppapólitík í þetta mál. Það er að vísu undantekning hjá sumum hv. þm., en hinir eru alltof margir, sem sjá ofsjónum yfir því, þótt allmiklar upphæðir úr ríkissjóði fari í einstök héruð til þess að létta undir lífsbaráttu fjölda manna.

Vegamálastjóri hefir í mörg ár unnið að lausn þessa máls og gefið út margar skýrslur, þar sem hann heldur því eindregið fram, að járnbraut sé heppilegasta leiðin til þess að bæta úr samgönguvandræðunum. Annars skal ég vera betur undirbúinn að tala í málinu við næstu umr. En þetta, sem ég hefi sagt, vil ég undirstrika.

Áður en ég sezt niður, vildi ég skjóta einni spurningu til hæstv. atvmrh. Hvernig hugsar hann sér t. d. að flytja nautgripi á bílum vestur yfir Hellisheiði í miklum snjóavetrum? Nú má einmitt gera ráð fyrir, að á áveitusvæðunum austanfjalls fari mjög í vöxt á næstu árum að ala upp nautgripi til slátrunar, og verður þá að vera hægt að koma þeim lifandi á markaðinn hér í Reykjavík. En það verður ekki hægt með bílum, nema þann tíma, sem vegurinn er að mestu leyti auður. Rvíkingar láta ekki lengi bjóða sér rándýrt ishúskjöt, þegar hægt er að fá nóg af nýju og ódýrara kjöti austan úr sveitum.

Það er að vísu rétt, að bílar komast heim á mörg heimili austanfjalls, eða nærri þeim. En verði járnbraut lögð, verður komið upp skiptistöðvum þar sem nauðsynlegt þykir, og frá þeim og að flytja bílarnir vörurnar. Væri þessi leið öll eins og láglendið austanfjalls, mundi ég hiklaust byggja á flutningum bílanna og legði enga áherzlu á járnbraut. En þar sem yfir erfiðan og snjóþungan fjallgarð er að fara, geta bílarnir teppzt svo vikum og mánuðum skiptir og það er og hlýtur að verða þungamiðja málsins.

Magnús Torfason: Ég stend aðeins upp til þess að yfirlýsa því, að mér þótti miður, að hæstv. atvmrh. gat ekki leyst úr spurningu minni um, hvort þessi fyrirhugaði vegur mundi duga sem undirstaða járnbrautarinnar, því að fylgi mitt við frv. er talsvert undir því svari komið.

Hér er um svo mikinn kostnað að ræða, að það mundi reynast erfitt uppdráttar að leggja síðar járnbraut, ef

ekki væri hægt að nota veginn sem undirbyggingu.

Því hefir verið lýst yfir, að austan heiðar eru uppi tvær skoðanir um þetta mál. Sumir hrópa á járnbraut, en aðrir gera sig ánægða með minna. En öllum kemur saman um, að ekki verði hjá því komizt að fá þegar eitthvað, sem geri vetrarflutningana öruggari. Og eftir að mjólkurbúin hafa verið rekin einn vetur, er þessi skoðun enn ofar í mönnum. Þetta er líka mjög eðlilegt, því að segja má, að daglegar og öruggar samgöngur vestur um heiði og á markaðinn í Rvík, séu fjörgjafi mjólkurbúanna; því að hvernig ætti að hagnýta sér hið mikla gras, sem áveiturnar hafa veitt, nema með stofnun mjólkurbúa, sem komið geta framleiðsluvörunum með daglegum ferðum á markaðinn hér í Reykjavík? Og þetta segi ég ekki aðeins fyrir hönd Árnesinga, heldur og líka fyrir nokkurn hluta bænda úr Rangárvallasýslu. Í því sambandi vil ég geta þess, að þegar ég fór á fund mjólkurbús Flóamanna, komu þangað nokkrir Rangæingar, sem báðust upptöku í félagið. Þrátt fyrir ýmsa annmarka á þessum fyrirtækjum, hafa þó mjólkurbúin skilað svo miklum afrakstri, að auðséð er, að þau verða fjöregg landbúnaðarins eystra. En nauðsynlegast af öllu er að geta komið mjólkinni og öðrum afurðum búanna sem allra fljótast á markaðinn, og því verður að taka föstum tökum á því máli að fá greiðar samgöngur við Reykjavík sem allra fyrst. En þær samgöngur verða fyrst um sinn ekki eins öruggar og með járnbraut. Þess vegna er þetta svo að skilja, að ég er sannfærður um, að Árnesingar eru ekki enn fallnir frá kröfunni um járnbraut. Mjólkurbúin munu reynast svo mikil lyftistöng fyrir landbúnaðinn austanfjalls, að eftir 10—20 ár verða ástæðurnar orðnar svo breyttar, að þá munu heyrast háværar raddir, sem kalla á járnbraut.

Magnús Guðmundsson: Það er ekki margt, sem ég hefi að segja að sinni, en mér virðist allmikill tvískinnungur í málinu. Ég skil hæstv. atvmrh. þannig, að með þessu frv. sé verið að skrínleggja járnbrautina. Hann telur samgöngunum austur vel borgið með byggingu þessa nýja vegar. Ég held ekki, að hér sé um fullnægjandi lausn að ræða. Mín skoðun er eins og áður, að járnbrautin sé það eina, sem sé fullnægjandi samgöngubót, og svipaðri skoðun virðist skjóta upp í aths. við frv. En það er þessi tvískinnungur, sem ég kann illa við. Mér skildist á hæstv. atvmrh., að hann áliti, að með frv. væri gengið af járnbrautarhugmyndinni dauðri. En í aths., sem frv. fylgja, skilst mér álit vegamálastjóra vera það, að málinu sé skotið á frest um óákveðinn tíma. Og þetta kemur mér ekki á óvart, því að vegamálastjóri hefir jafnan verið öruggur fylgismaður járnbrautarinnar og er það sennilega enn. Hann veit, að hjá núverandi stj. getur ekki fengizt sú samgöngubótin, sem bezt er, og því leggur hann með því skásta, sem fæst.

Ég legg áherzlu á það, að það komi skýrt fram, hvort vegamálastjóri og hæstv. forsrh. eru sammála í þessu efni, því að það væri tvískinnungur í meira lagi, ef sá, er frv. semur, og sá, er flytur það, væru á öndverðum meiði.

Ég vil ennfremur taka undir það með hv. 2. þm. Rang., að járnbrautarmálið horfir töluvert öðruvísi við fyrir oss nú, er farið er að knýja vagnana með rafmagni, enda væri heimskulegt af oss að flytja inn kol til slíkra hluta.

Fors- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil beina örfáum orðum til hv. 1. þm. Skagf. Hann talaði um tvískinnung í málinu og að ég vildi skrínleggja járnbrautina. Ennfremur kvartaði hann undan því, að ég hefði lagt lítt vingjarnlegan skilning í orð hv. 1. þm. Rang.

Ég sagði, að við ættum að bæta úr samgönguþörfinni þannig, að stofnkostnaður yrði sem minnstur, og samgöngurnar sem ódýrastar fyrir fólkið, sem á að njóta þeirra. Og það er von mín, að í þessu frv. felist fullnaðarúrlausn á samgönguvandræðunum, þótt ég geti ekki fyllilega um það sagt. Hvorki ég né hv. 1. þm. Skagf. getum bundið hendur komandi þinga um þetta atriði.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að vegamálastjóri væri á öðru máli en stjórnin. Ég get varla annað sagt, en að í þessum orð-

um felist lítt velviljuð hugsun í garð vegamálastjóra, því að eftir því ætti stj. að hafa þvingað upp á hann þeirri skoðun, sem fram kemur í frv. Ég vil benda á ummæli hans í aths. á bls. 4, þar sem hann segir svo: „Fjárhagsafkoma hennar (þ. e. járnbrautarinnar) verður fyrir breyttar ástæður að teljast miklu lakari en bifreiðarflutninga". Ég gæti nefnt margt annað, sem ekki bendir til þess, að vegamálastjóri telji járnbraut beztu lausnina. Ég er hræddur um, að hv. 1. þm. Skagf. hafi ekki lesið grg. frv. nógu vel.

Sá verkfræðingur, Sverre Möller, er á sínum tíma gerði áætlun um járnbraut austur, hefir nú aftur gefið út bráðabirgðaálit um járnbrautarmálið. Áliti þessu var útbýtt hér á þinginu í fyrra eða 1929. Þar segir svo, að aðstæður séu breyttar, nýjar staðreyndir fram komnar, og eigi megi binda sig nú við 10 ára gamlar forsendur. Sérfræðingar hljóta að líta á málið eins og það liggur nú fyrir.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. forsrh. hefir gert allt annað úr orðum mínum en ég sagði. Mér kom ekki til hugar að álasa vegamálastjóra. En það kemur greinilega fram í aths. frv. síðast, að vegamálastjóri er ekki hættur að hugsa um járnbraut, þó að hæstv. forsrh. sé hættur því. Hæstv. ráðh. segist búast við, að með þessu frv. sé bætt úr samgönguvandræðunum á ódýrasta og nokkurnveginn fullnægjandi hátt. Því hlýtur hann að vera búinn að skrínleggja járnbrautarhugmyndina. Enda er það ekki svo undarlegt, þar sem hann hefir ávallt verið á móti járnbraut, þó að hann hafi stundum talað öðruvísi. Ef lesið er álit vegamálastjóra, þá sést, að hann slær af járnbrautarkröfunum, vegna þess að ríkissjóður getur ekki lagt fram fé. Á bls. 5 segir svo: „En járnbrautin kostar fullar 6 millj. kr., sem greiðast yrðu úr ríkissjóði að fullu, þar sem nú er fyrirsjáanlegt, að ekkert verður úr stórvirkjun vatnsorku sunnanlands á næstu árum. Jafnvel þó að hagur atvinnuveganna og ríkissjóðs stæði með meiri blóma en nú er, þá er þess þó engin von, að slík fúlga fengist til samgöngubóta hér sunnanlands. Virðist mér því sjálfsagt og rétt að slá af kröfunum og bæta úr brýnni þörf öruggari vetrarsamgangna með nýjum vegi frá Lækjarbotnum austur í Ölfus". Á þessu sést, að vegamálastjóri veit, að hann er að slá af fremstu kröfum. En hæstv. forsrh. álítur, að hann sé að koma á fót samgöngubótum, sem leysi þörfina til fulls og verði ódýrari fyrir fólkið. Þetta er tvískinnungur.

Gunnar Sigurðsson: Úr því að minnzt er á álit Sverre Möllers vil ég geta þess, að ég var einn af þeim, sem stóðu að því, að þessi færi sérfræðingur gæfi álit um járnbrautarmálið. Eins og kunnugt er, var hann þá járnbraut mjög meðmæltur. Því eru mér alveg óskiljanleg þau skoðanaskipti, sem koma fram í plaggi því, sem útbýtt var hér í fyrra. Mér er skapi næst, að taka undir spurningu hv. 2. þm. Árn. Hver pantaði þetta plagg? (**Forsrh:** Já, hver gerði það?) Ég hefi aldrei viljað trúa því til fullnustu, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að hæstv. forsrh. væri á móti járnbraut, og trúi því ekki enn, þar sem gert er ráð fyrir járnbraut síðar meir í þessu frv. Þar segir: „Verður þá á ný að taka ákvörðun um, hverra frekari samgöngubóta er þörf, hvort heldur skuli malbika veginn eða ráðast í lagningu járnbrautar". Annars mun ég víkja nánar að málinu við 2. umr. og læt þetta nægja að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til samgmn. með 16 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 19, n. 343).

Frsm. (Magnús Torfason): Þá er þó svo langt komið, að svo virðist, sem nokkra von megi gera sér um að Austursveitirnar fái sæmilegan vetrarveg til Reykjavíkur. — Þetta mál hefir staðið lengi yfir og hafa margfalt sterkari kröfur verið um það gerðar en þær, sem

gert er ráð fyrir í þessu frv. Þar er gert ráð fyrir um 700 þús. kr. kostnaði við þennan vetrarveg. En áætlað var, að járnbraut mundi kosta nær 7 millj. kr. Er þetta því mikil niðurfærsla frá því, sem áður var. Þessi vegarbót er líka langt frá því að vera fullkomin. Og við Austanhéraðsmenn getum eigi annað en litið svo á, að við í framtíðinni eigum eftir að fá fullkomnari veg en þetta. En í svip verðum við að beygja okkur fyrir ofureflinu.

Samgmn. — og í henni erum við tveir Austanhéraðsmenn — hefir lagt til, að frv. þetta nái fram að ganga. Og þótt við hefðum kosið annað meira og betra en þetta, þá verðum við þó að beygja okkur fyrir því, sem er okkur ofjarl. Járnbrautarmálið hefir svo lengi verið á milli tannanna á báðum stærstu flokkum þingsins, að enginn von er um, að það nái fram að ganga á næstu timum. En sú breytta aðstaða, sem orðin er á framleiðsluháttum okkar fyrir aðstoð þings og stjórnar, gerir það að verkum, að okkur mundi vera afar mikill hagur að bættum vetrarsamgöngum við Reykjavík. Nú eru þær hreint ekki viðunandi. Og það er sýnilegt, að þau þrifa- og framfarafyrirtæki, sem stofnað hefir verið til fyrir austan, koma ekki að tilætluðum notum, nema bættur sé vetrarvegurinn til Rvíkur og þeim mestu örðugleikum, sem nú steðja að þeim fyrirtækjum, sé þar með rutt úr vegi. Ég þarf nú ekki að lýsa þessari leið. Hún er svo kunnug orðin og flestir hv. þm. hafa farið hana. Ætti líka betur við að tala um það nánar við 3. umr. Einkum er óþarfi að fara langt út í þetta mál nú, þar sem brtt. þær, sem fyrir liggja, eru ekki mikilsverðar. Brtt. eru fjórar alls. Þrjár þeirra eru engar efnisbreytingar og alveg sjálfsagðar. Ein, sú þriðja í röðinni, er efnisbreyting. Þó er nú um þá efnisbreytingu það að segja, að hún fer ekki fram á annað en að gefin sé heimild til að breyta núverandi vegi og laga hann, eftir því sem hægt þykir að undangenginni rannsókn.

Í grg. frv. er ráð fyrir því gert, að vegurinn verði síðar malbikaður og breikkaður úr 3 mtr. í 5 mtr. Er þá kostnaðurinn áætlaður 1200 þús. kr. og er það mikið fé. En þess ber að gæta, að þarna er um mikla flutninga að ræða, sem fara vaxandi ár frá ári. Þess vegna er það, að þótt þessi vetrarvegur komi, þá er hin fyllsta þörf á sæmilegum sumarvegi, sem sé akfær sem lengst. En eins og kunnugt er, er Hellisheiðarvegurinn afarilla lagður og hefir vegamálastjóri því breytt honum talsvert, en það hefir einnig komið til orða að breyta honum meira, og með það fyrir augum er 3. brtt. við 5. gr. borin fram, þar sem lagt er til, að aftan við gr. bætist: „en sýni rannsókn, að hagkvæmara verði að leggja veginn sem beinasta leið yfir heiðina, en malbika þennan kafla, skal það gert". Ég hefi átt kost á að lesa erindi frá vegamálastjóra, þar sem hann leggur heldur á móti þessari brtt. Hann segir þó ekki meira en að hann áliti hana meinlausa og heldur til lýta á frv. Ég veit ekki, hvort vegamálastjóri er í samræmi við hæstv. atvmrh. um þetta atriði og væri því gott, að það kæmi fram. En í áliti vegamálastjóra virðist hann hafa gert ráð fyrir, að hér væri um vetrarveg að ræða, en svo kemur upp úr dúrnum, að hér er aðeins um sumarveg að ræða, sem breyta þarf á köflum, því að austast á heiðinni eru kaflar, sem góðir mega heita og oftast færir. Annars veit ég ekki, hvernig vegamálastjóri hefir fengið þessa flugu í höfuðið, en það upplýsist kannske í umr.

Ég þykist þá ekki þurfa að fara fleiri orðum um frv. að sinni, en vil þakka öllum, sem unnið hafa að því að koma því áfram og vænti, að það fái að ganga til 3. umr. Eins og nál. ber með sér, hafa sumir nefndarmenn skrifað undir það með fyrirvara, og býst ég við, að þeir geri grein fyrir honum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Svo langa sögu, sem þetta mál um samgönguþörf landbúnaðarhéraðanna austanfjalls, á að baki sér, svo mikið deilumál sem það hefir verið, hefði mátt búast við, að sú nefnd, sem skilaði áliti um það, hefði klofnað og gengi frá því þannig, að fyrir lægju mjög viðtækar og rækilegar till., er kosta mundu langar og harðar umr. En engu slíku er til að dreifa. Heldur hafa allir nm. orðið á eitt sáttir og skilað sama áliti. Að vísu hafa

sumir þeirra skrifað undir með fyrirvara, en af ræðu hv. frsm. mátti heyra, að öll n. væri sammála um það, að málið fengi fram að ganga á þeim grundvelli, sem fyrir liggur.

Hins vegar hefir hv. frsm., 2. þm. Árn., látið í ljós von um meiri og fullkomnari vegabætur síðar, og vona ég líka, að svo fari, ekki aðeins um samgöngur á Suðurlandsundirlendinu, heldur og um samgöngur um landið yfirleitt.

Ég vil því eins og hv. frsm. láta í ljós ánægju mína og þakka fyrir gott samkomulag í hv. samgmn. og glöggan skilning á lausn þessara mála. Vona ég, að þetta bendi til þess, að gott samkomulag fáist í aðalatriðum um bætta vegi og samgöngumál landsins, svo að þetta mál verði ekkert „eilífðarmál" hér eftir, heldur verði gengið að því fast og ákveðið að bæta samgöngurnar og að byrjað verði við fyrsta tækifæri á þeim vegabótum, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Eins og hv. frsm. hefir tekið fram, er aðeins um eina efnisbreytingu að ræða í brtt. hv. n. En út af fyrirspurn hans viðvíkjandi þessari brtt. (3.brtt), hvort ég sem atvmrh. sé sammála vegamálastjóra, þá er því til að svara, að vel má vera, að nú fari að styttast í því, að ég verði atvmrh., en hitt býst ég við að skipti litlu máli, hvaða skoðun þm. Str. hefir á þessu atriði.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en vona, að málið fái að ganga áfram.

Einar Jónsson: Ég ætla engar getur að leiða að því, hvort hæstv. stj. lifir lengur eða skemur, en fyrir það eitt, hvernig hún hefir borið þetta mál fram, ættu dagar hennar þegar að vera taldir.

Eins og ég hefi áður tekið fram, er þetta stjfrv. ekkert annað en „bluff" — að gera ráð fyrir svo dýrum vegi og þar er ætlazt til. Hvernig á peningalaus stj., sem snúið hefir góðæri í harðæri, að leggja fram fé í svo dýran veg, sem hér er farið fram á? Að því ógleymdu, að þessi dýri vegur — eins og hann er fyrirhugaður — kemur aldrei að því gagni, sem reynt er þó að gylla fyrir mönnum.

Ef bæta á úr samgönguerfiðleikunum austanfjalls, þá er það sennilega járnbraut, og ekkert annað, sem bjargar. Það hefir jafnan verið gert ráð fyrir sérstöku láni til byggingar járnbrautar, ef til kemur. En hér á ríkissjóður að byggja dýran veg fyrir handbært fé — sem allir vita nú, að hvergi er til — og þessi vegur á að liggja yfir leið, sem ég er kunnugur og get fullvissað um, að sjaldan muni koma að gagni. Eftir frv. að dæma er fyrirhugað, að vegur þessi liggi eftir lægðum og fjallaskörðum á Hellisheiði, þar sem snjór er venjulega mestur. Það þýðir ekkert að þrátta um það við nauðkunnuga menn, að slíkur vegur getur ekki að fullu haldi komið í snjóþungum vetrum. Og því síður þarf hæstv. atvmrh. að ímynda sér, að þetta frv., sem ekkert er annað en snoturt pappírsgagn, verði til þess að fróa bændur austanfjalls núna fyrir kosningarnar, svo að þeir líti á þetta sem nægar samgöngubætur sér til handa.

Ég tók eftir því í framsöguræðu hv. 2. þm. Árn., að hann þóttist ekki skilja, hvers vegna vegamálastjóri hefði breytt frá þessari skoðun, sem hann hefði jafnan haldið fram um samgöngubætur austan fjalls. Ég skil heldur ekki, að vegamálastjóri skuli nú fremur mæla með vegi en járnbraut, þar sem hann hefir jafnan áður verið ákveðinn járnbrautarmaður og fært rök fyrir, að stofnkostnaður hennar væri minni, en auk þess væri hún mikið ódýrari í rekstri.

Malbikaðir vegir eru líka afardýrir, en þó ófullkomnir. Þarf ekki annað en benda á slíka vegi hér í bænum og hefir þó eflaust verið til þeirra vandað. Þeir eru með holum, sem vatn sezt í og grefur um sig, svo að þeir verða lítt færir bílum eftir fá ár, nema alltaf sé verið að laga þá og endurbæta. Hvað mundi þá verða á Hellisheiði með allri þeirri bílaumferð, sem þar hlýtur að verða og oft í látlausum rigningum dag eftir dag, þar sem snjór hefir legið í metraþykkum fönnum.

Ég get ekki komizt hjá því að minna hv. þdm. á, hvað samgöngur austur yfir fjall eru slæmar, þegar tekið er tillit til, hve miklu fé er búið að verja úr ríkissjóði í margskonar stórfyrirtæki þar eystra. Ég hefi ekki hjá mér skýrslur um það, hve miklu það nemur, sem áveit-

urnar á Skeið og Flóa og mjólkurbúin tvö hafa kostað ríkissjóð, en það skiftir sennilega millj. kr., en öllu þessu fé er svo að segja á glæ kastað og ríkissjóður fær enga vexti af því, nema samgöngurnar við þessar sveitir verði svo bættar, að við megi una. En einkum er það þó vetrarsamgöngurnar yfir Hellisheiði, sem mest ríður á að verði bættar, og þegar verður að hefjast handa um. En mér skildist á hv. frsm., að samkvæmt frv. væri ekki um vetrarveg að ræða, heldur væru það aðallega smáumbætur á sumarveginum, sem frv. fjallaði um. Og einmitt þetta atriði sannfærir mig um, að hér sé hvorki um hálft né heilt að ræða.

En þó að hv. frsm. og aðeins einn annar hv. þm. í n. skrifi undir nál. fyrirvaralaust sýnir það, að málið liggur ekki ljóst fyrir, og að fleirum en mér virðist sú leið hæpin, sem bent er á í frv. Annars stórfurðar mig á, að hv. frsm. skuli skrifa fyrirvaralaust undir nál.Hann sem kunnugur maður í Árnessýslu og auk þess vörður hennar ætti þó að sjá hvílíkt kák er hér um að ræða og verða fyrstur til að heimta meiri og fullkomnari samgöngubætur. En kannske hann sé svo blindaður af flokksfylginu, að hann geri sér að góðu það, sem hans stj. biður hann að mæla með? Hann var þó til skamms tíma eindreginn járnbrautarmaður; þess vegna kann ég illa undanhaldi hans og óheilindum í þessu stærsta velferðarmáli okkar, sem austanfjalls búum, í samgöngumálum.

Mér finnst ekki úr vegi að nefna sem dæmi um hina stopulu vetrarflutninga yfir Hellisheiði, að 12. og 13. febrúar í vetur var heiðin algerlega lokuð fyrir vöruflutninga. Þá þurftu bæði mjólkurbúin austanfjalls að koma vörum hingað til bæjarins, til þess að fullnægja samningum þar að lútandi og gera sér verð úr vörunni. En vegna þess að bíða varð þessa tvo daga, skemmdust vörurnar eða eyðilögðust, svo að búin töpuðu þarna miklu fé. T. d. er mér kunnugt um, að tap Ölfusbúsins nam um 6 þús. kr. þessa tvo daga; um Flóabúið veit ég ekki, en eflaust hefir tap þess ekki orðið minna. Þetta sýnir bezt, hve mikið þeir bændur eiga í húfi, sem flytja þurfa daglega vörur sínar yfir Hellisheiði að vetrarlagi, en komast í öngþveiti og strand. (LH: En þá var nýi vegurinn ekki kominn). Nei, en snjóbílarnir tveir, sem hv. þm. V.-Sk. trúði á í fyrra, að væri endanleg lausn á samgönguvandræðunum yfir Hellisheiði, voru báðir í lamasessi. Og svo hefir reynzt dag eftir dag, að þeir hafa lítið getað aðhafzt né bjargað, vegna bilana.

Ef lagður verður nýr vegur á þeirri leið, sem frv. talar um, er auðsætt að fjölga verður snjóbílunum. Ég er ekki á móti því, að frekari tilraunir séu gerðar með þessa snjóbíla, en eftir þennan vetur veit ég, flestum öðrum betur, að á slík farartæki, eins og þau eru úr garði gerð, er lítið að treysta, ef nokkuð reynir á. Og eigi snjóbílarnir nokkuð að duga, þegar öll sund lokast fyrir þeim, sem yfir heiðina þurfa að brjótast, þá verða þeir að vera margfalt fleiri, en þó um leið betur gerðir og traustari en þeir, sem ég hefi komizt í kynni við og notaðir munu einnig á Holtavörðuheiði og Fagradal.

Ég get fullvissað um, að eins og í pottinn er búið og málið fram borið nú, verður frv. þetta aldrei til þess að friða bændur austanfjalls, og er því, eins og ég hefi margtekið fram, ekkert annað en „bluff“ hjá peningalausri stjórn, upphugsað sem kosningabeita, en sem ætti að koma sjálfri stjórninni í koll.

Ég veit, að eins og nú horfir, muni til lítils að biðja um fullkomnari samgöngubætur. Ef farið væri fram á að byggja járnbraut, þyrfti að taka lán, en óvíst er, hvernig færi um útvegun þess, eftir þau lánstraustsspjöll, sem þessi óheillastj. hefir unnið landi og þjóð með ráðleysi sínu og allskonar bruðlun, enda ber fjármálaferill hennar vitni um þá mestu óstjórn, sem verið hefir í landi hér.

Að síðustu vil ég þó taka fram, að eins og málið horfir við, mun ég ekki treysta mér til að greiða atkv. á móti því, að frv. þetta gangi fram. En eins og ég hefi margtekið fram, tel ég það hégóma að mestu leyti og ónógt í alla staði, enda hefi ég enga trú á, að það bæti úr samgönguþörf manna austanfjalls, nema að litlu leyti. Járnbraut hlýtur að verða sú

lausnin, sem framtíðin byggir á. En eins og nú er komið fjárhag ríkis og þjóðar, sé ég mér ekki fært að bera fram frv. um byggingu járnbrautar á þessu þingi.

Að lokum vil ég enn minna á, að sakir þess að ríkið hefir greitt svo mikið fé úr buddu sinni og lagt í stórframkvæmdir í Árnessýslu, er auðsæ hætta á ferðum, verði ekkert gert til þess að tryggja örugga og daglega vetrarflutninga yfir Hellisheiði.

Framlagt fé má búast við að, án samgöngubóta, sé með öllu tapað.

Jón Auðunn Jónsson: Ég hefi unnið að afgreiðslu þessa máls í samgmn. og er einn þeirra 3ja nm., sem ritað hafa undir nál. með fyrirvara. En minn fyrirvari nær aðeins til 2. og 3. brtt. á þskj. 343, enda sé ég ekki ástæðu til að samþ. þær. Seinni málsgr. 2. gr. kveður svo á, að vegarkafli sá, sem um er að ræða, skuli vera vetrarvegur og því engin þörf að fella aftan af gr. orðin „í stað núverandi vegar um Hellisheiði" þar sem engin ákvörðun er tekin í þessu frv., að vegurinn verði annað en vetrarvegur.

3. brtt. get ég ekki fylgt, eftir að ég hefi heyrt rök vegamálastjóra. Hann segir, að ekki komi til mála að leggja þriðja veginn, því að þó að sú leið sé 1 km. styttri frá Kolviðarhóli og austur, þá yrði sá vegur svo afardýr, að aldrei mundi verða lagt út í að leggja hann. Það munar litlu, hvort vegurinn er 1 km. styttri eða lengri. Hitt er fyrir mestu, að hann sé sæmilegur yfirferðar. Vegurinn yfir Skarðið, ef upp yrði tekinn, eins og liggur opið fyrir að gera, ef þessi brtt. er samþ., er svo, að ekki nær nokkurri átt að leggja hann. Yfirbyggingin ein mundi kosta um 350 þús. kr. Auk þess verður lagningarkostnaðurinn afardýr sakir brattans og halla, enda óvíst, að vegurinn yrði til muna styttri, þegar allir krókar og bugður eru teknar með.

Það er auðvitað áríðandi að fá bættar vetrarsamgöngur um Hellisheiði. En um það má eflaust deila, hvort sú tilraun, sem frv. ráðgerir, bæti úr, og að vegur þessi sé svo upp úr snjó, að hann verði jafnan fær. Ég er þeirrar trúar, að þetta lánist og því ljæ ég frv. fylgi mitt. Hinsvegar má ekki búast við öllum þessum vegabótum í náinni framtíð, og engin von um að hægt verði að vinna þetta verk á næstu árum, eins og fjárhag ríkissjóðs er komið. Allir vita, að ríkissjóður er þurrausinn og skuldir ríkisins margfaldaðar, og hlýtur því að verða nokkur bið á, að svo rætist úr, að hægt verði að taka upp aftur nauðsynlegustu framkvæmdir.

Gunnar Sigurðsson: Af því að ég talaði allítarlega um málið við 1. umr., get ég verið stuttorður nú, enda þótt margt mætti um það tala. Ég sagði þá, að frv. þetta væri það aumasta kák, sem ég hefði séð um lausn samgöngumálanna austanfjalls, og hefi ég ekki breytt um skoðun síðan. Minn fyrirvari er því aðeins sá, að ég tel frv. með öllu ófullnægjandi, enda mun það brátt koma í ljós, að hér er ekki um neina framtíðarlausn að ræða. Hins vegar get ég ekki gr. atkv. á móti því, að gerð sé tilraun um að bæta að einhverju leyti úr samgönguvandræðunum. Ég játa, að vegabætur þær, sem frv. gerir ráð fyrir, geti orðið til einhverra bóta í bili — en aðeins í bili — og það er brýn nauðsyn vegna mjólkurbúanna austanfjalls, að eitthvað sé gert til þess að tryggja daglega flutninga yfir Hellisheiði. Þessvegna vona ég, að vegabætur þessar komist sem fyrst á, því að þær þola enga bið.

Það er rétt, sem haldið hefir verið fram, að útlitið er slæmt eins og stendur, en ég er svo bjartsýnn, að ég vona, að Ísland verði allra ríkja fyrst til þess að hefja sig upp úr kreppunni, eins og það varð síðast þeirra að komast í hana.

Ég vil leggja áherzlu á, hvort sem þessi hæstv. stj. á langt líf fyrir höndum eða aðeins fáa daga, að því aðeins koma þessar vegarbætur að notum, að í þær verði ráðist nú þegar, þær mega ekki dragast sumarlangt. Bændur austanfjalls þola ekki, að framleiðsluvörur þeirra komist ekki daglega á markaðinn hér í Rvík.

Viðvíkjandi 3. brtt., sem hv. þm. N.-Ísf. mælti á móti, þá held ég, að hættulaust sé að samþ. hana. Á meðan núverandi vegamálastjóri ræður, þarf ekki að óttast, að ráðizt verði í vegalagningu

þessa, en hins vegar ekkert á móti því að rannsaka þetta betur.

Það var rétt tekið fram hjá hv. samþm. mínum (EJ), að vegamálastjóri hefir ávallt verið eindreginn járnbrautarmaður, en hitt er ekki rétt, að hann sé fallinn frá þeirri skoðun. Í grg. frv. segir hann, að síðar verði tekin afstaða til þess, hvort byggja eigi járnbraut eða leggja veg. Og hans skoðun er, að samgöngumál þessi verði ekki leyst á annan hátt en með járnbraut. Hún sé það eina, sem bætt geti úr vandræðunum. Ég læt þá máli mínu lokið í þetta sinn og þykist þar með hafa gert grein fyrir mínum fyrirvara.

Hákon Kristófersson: Ég þarf ekki að vera langorður, en finnst þó, að ég verði að gera lítilsháttar grein fyrir minni afstöðu til þessa máls, af því að ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara.

En um það get ég skírskotað til þess, sem hv. þm. N.-Ísf. segir, því að við erum sömu skoðunar og vil ég því gera hans orð að mínum.

Ég tek undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að hjá vegamálastjóra er ekki um nein skoðanaskipti að ræða. Vegamálastjóri er járnbrautinni fylgjandi, en lítur svo á, að um hana sé ekki að ræða í náinni framtíð. Hvort hún er svo mikil lyftistöng fyrir þessi héruð fram yfir þær samgöngubætur, sem hægt er að fá með bílum, skal ég ekki um segja.

Að öðru leyti finn ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið.

Frsm. (Magnús Torfason): Ég get yfirleitt þakkað mönnum fyrir undirtektir þeirra. Það er aðeins ein rödd í þessum sal, sem virðist ekki geta fellt sig við frv., og það er af þeirri ástæðu, að hv. þm. vill fara miklu lengra. En það er nú eins og gengur, að nauðsyn brýtur lög, og við, sem erum þarna næstir fyrir austan fjall, vitum, hvar skórinn kreppir að, og að nauðsynlegt er að gera eitthvað.

Ég hefi ekki ástæðu til þess að taka annað fram en það, að 3. brtt., um að leggja megi veginn sem beinasta leið yfir heiðina, gengur ekki út á nýjan veg. En ég vil láta það koma fram, að allir eru óánægðir með veginn eins og hann er nú og þýðir ekki að halda sér við hann.

Magnús Guðmundsson: Mér finnst þetta mál vera mjög undarlegt. Báðir þm. Rangæinga hafa lýst yfir því, að þeir telji það mjög lítils virði, annar segir, að það sé hvorki fugl né fiskur, og hinn, að það sé kák eitt. Mér skildist líka á hv. frsm., að hér væri ekki fundin nein endanleg lausn á þessu máli, og því væri þetta aðeins til bráðabirgða. Nú er augljóst, að þessar bráðabirgðaráðstafanir kosta mikið fé, og svo er að skilja orð hv. þm., að hér eigi alls ekki að láta staðar numið. Undir þessum kringumstæðum vil ég ekki fyrir mitt leyti stuðla að framgangi málsins, heldur mun ég láta það hlutlaust og ekki greiða atkv. En þar sem þm. þessa kjördæmis, Rangárvallasýslu, eru svo óánægðir, er ekki ólíklegt, að bráðlega komi fram raddir um miklu meira framlag, og ég verð að viðurkenna, að mér finnst þær raddir vera á rökum byggðar. Ég skil nefnilega vel, að samgöngurnar milli þessara héraða austanfjalls og Rvíkur eru lífsspursmál fyrir þessi héruð. Ég vil ekki taka á mig ábyrgð á neinum kákráðstöfunum. Væri ég þm. þessara héraða, mundi ég vilja bíða og sjá, hvort ekki fengist sú samgöngubót, sem viðurkennt er að komi að fullum notum. Það er betra að bíða nokkur ár og fá þá það, sem er gott, heldur en hefjast strax handa og fá eitthvað, sem allir eru óánægðir með.

Frsm. (Magnús Torfason): Ég vil ekki kalla þetta beint bráðabirgðarráðstöfun, því að vitanlega veit maður ekki, hvað framtíðin ber í skauti sér. Það fer eftir því, hve björtum augum menn líta á hag þessara héraða.

Fyrir mitt leyti er ég ekki í vafa um, að slík vegabót sem þessi flýtir fyrir því, að á sínum tíma verði krafizt fullkominna vegabóta. (MG: Svo-o?) Ég mundi líta mjög svörtum augum á framtíð héraðanna fyrir austan fjall, ef ekki væri hægt að koma mjólkurafurðunum til Rvíkur. Mjólkurafurðirnar, með markað í Rvík, eru lyftistöngin fyrir þau.

Eftir því, sem látið er af efnahag ríkissjóðs, spáir það ekki góðu um, að slíkt verði gert á skömmum tíma; en það er rétt að minna á orðtækið: Fyljan fellur, grasið grær. Það er áreiðanlegt, að þeir, sem vilja fara varlega, sjá, að ekki má seinna vera að gera eitthvað, til þess að menn geti haldið búum sínum þarna eystra. Það er ekki vafi á því, að flóttinn til sjávarins er nógur samt.

Ég held, að ég sé þrautkunnugur maður eystra og hafi fullan skilning á, hvað héraðinu öllu til friðar heyrir. Þéttbýlasta plássið í Rangárvallasýslu er þegar komið í mjólkurbúið og Fljótshlíðingar verzluðu við það í fyrra, hvort sem áframhald verður á því eða ekki.

Magnús Guðmundsson: Ég sé ekki af þessu frv., að neinir möguleikar skapist til mjög bráðra framkvæmda, því að í 4. gr. er tilskilið, að veitt sé fé í fjárlögum, og þá eru engar líkur til, að á árinu 1932 verði neitt gert.

Hv. þm. kvaðst líta svo á, að með þessu frv. væri ýtt undir framlög síðar. Ég tel nú vafa á því, ef nú verða lagðar fram 1—2 millj., að þá verði auðveldara að fá enn meira í viðbót eða ef til vill til annarar samgöngubótar. Ég hygg, að betra væri að fá til þessa fé síðar, ef ekki væri að gert nú. En ef þeir þm., sem hér eiga hlut að máli, telja með þessu betur farið en heima setið, skal ég ekki verða meinsmaður þess og mun því ekki greiða atkv.

Lárus Helgason: Mig furðar nokkuð á því, að þm., sem búsettir eru austan Hellisheiðar, skuli hafa staðið upp hver af öðrum, til þess að hnýta að þessu frv. Ég sé ekki betur en að hér sé um mikla bót að ræða, þar sem á að leggja nýjan veg eftir þörfum nútímans. Þegar þessi vegur var lagður, sem nú er, var ótrúlega lítið hugsað um, hvort hann væri snjóléttur eða ekki. Þess á að gæta við þenna nýja veg, og þegar hann er kominn, verður allt annað að fara yfir Hellisheiði en nú er.

Mér hefir heyrzt á þessum hv. þm., sem eru óánægðir með frv., að þeir harmi, að ekki er fallizt á að leggja járnbraut. Það er nú búið að tala og rita svo mikið um járnbraut, og ekkert hefir orðið úr, og engar líkur eru til þess, að það verði á næstu árum, enda er enginn kominn til þess að segja, hvaða dýrmæti það væri fyrir landið, þótt járnbraut fengist á þenna spotta.

Það var sagt hér áður, að umferð hefði stöðvazt í tvo daga á Hellisheiði í vetur. En ætli það sama gæti ekki komið fyrir, þó að hér væri járnbraut? Í Danmörku, sem er minna snjóland en Ísland, hafa járnbrautir orðið að stöðvast á ýmsum stöðum, að því sem mér hefir verið sagt, vegna snjóþyngsla, og sama er að segja um Noreg. Ég hygg, að það gæti orðið nokkuð örðugt fyrir okkur að ganga svo frá járnbraut, að öruggt væri. Ég held, að það væri nær okkar getu að halda við það, sem hér er gert ráð fyrir, en ekki hnýta að þessu frv. og tala um að þetta sé í rauninni ekki annað en kák. Hér er stigið spor í rétta átt, og þegar þetta verk er komið í framkvæmd, verður allt annað að komast á milli þessara héraða og Rvíkur. Ég er því þakklátur fyrir, að þetta frv. hefir komið fram og fylgi því með ánægju.

ATKVGR.

Brtt. 343,1 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 343,2 samþ. með 12:9 atkv.

2. gr, svo breytt, samþ, með 16 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 343,3 samþ. með 13:7 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu já: JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MT, PO, SÁÓ, SvÓ. ÞorlJ, BSt, BÁ, GunnS, HJ, HG, HV, IngB, JörB.

MJ, ÓTh, SE, HK greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (TrÞ, ÁÁ, BSv, EJ, HStef) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 343,4 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv., svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um nýjan veg frá Lækjarbotnum austur í Ölfus.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar, með því að næsta dag var lýst yfir þingrofi á fundi í Sþ.

14. Búfjárrækt.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um búfjárrækt (stjfrv., A. 20).

Á 4. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þessu frv. fylgir allítarleg grg., sem ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi lesið. Um einstök atriði málsins og um það, sem Búnaðarfélag Íslands hefir látið framkvæma á þessu sviði, vil ég leyfa mér að vísa til þess, sem í grg. frv. stendur.

Ég vil geta þess, að starfsmenn Búnaðarfélags Íslands, sem þessi störf hafa á hendi nú, hafa unnið að undirbúningi málsins ásamt form. mþn. í landbúnaðarmálum, hv. 1. þm. Árn. En að 5. kafla frv. hefir sérstaklega unnið Brynjólfur Stefánsson, sem verið hefir ráðunautur stj. um búfjártryggingarnar að því er fjárhagshliðina snertir.

En þó að ég láti mér nægja að vísa til grg., langar mig að fara nokkrum almennum orðum um málið. Á undanförnum þingum hefir verið nefnt, að ósamræmis gætti um, hvernig fé væri veitt og lög sett til viðreisnar landbúnaðinum. Til jarðræktarinnar hefir runnið langtum meira fé úr ríkissjóði en til búfjárræktarinnar, sem segja má um, að orðið hafi að mestu leyti út undan. Þarf ekki annað en líta á 16. gr. fjárlaganna.[1])

Þess ber að geta, að öll þessi stóra löggjöf, sem hér er verið að hleypa af stokkunum, er ekki nema að nokkru leyti nýmæli. Í sumum greinum eru hér eldri ákvæði, sem eru tekin saman í eitt; sumpart og að verulegu leyti er lagabálkur þessi lögfesting á þeirri starfsemi, sem hér hefir verið rekin undanfarin ár, fyrir forgöngu Búnaðarfélags Íslands. Þessi lög byggja á þeim grundvelli, sem lagður hefir verið með starfsemi Búnaðarfélags Íslands í búfjárræktarmálum, og tryggja það að lögum, að svo framarlega, sem slík starfsemi er rekin svo, að vænta megi árangurs af, þá skuli hún njóta styrks og aðstoðar hins opinbera. Slík starfsemi, sem hér um ræðir, hefir um lengri tíma verið rekin með öðrum þjóðum með glæsilegum árangri, en hér á landi einungis um fárra ára bil, eftir að Búnaðarfélag Íslands tók að beita sér fyrir stofnun griparæktarfélaga ýmiskonar, sýningum og kynbótum að hætti erlendra þjóða. Tilgangurinn með þessum lögum er sá, að fullkomna þessa starfsemi og lögfesta fulltingi fjárveitingavaldsins henni til handa, en um leið að stíga nokkur spor fram á leið í þessum greinum búnaðarins. Er jafnan í frv. þessu gert ráð fyrir, að framkvæmdin sé hjá Búnaðarfélagi Íslands, svo sem verið hefir til þessa.

Það er eftir atvikum ekki úr vegi að gefa á þessu stigi málsins nokkurt yfirlit yfir þá búfjárræktarstarfsemi, sem til þessa hefir fram farið á okkar landi:

Fyrsta hrossaræktarfélagið er stofnað 1904. Fyrsta hrossasýning er haldin við Þjórsá 1906. Fyrstu reglubundnu hrossasýningarnar eru haldnar 1926, fyrir atbeina Búnaðarfélags Íslands, og var landinu þá skipt í þrjú umdæmi.

Fyrsta nautgriparæktarfélag er stofnað 1901. Fyrsta nautgripasýning er haldin við Þjórsá 1906. Fyrstu reglubundnu nautgripasýningarnar eru haldnar af Búnaðarfélagi Íslands árið 1926, og var landinu þá skipt í umdæmi.

Fyrsta sauðfjárkynbótabú er stofnað í Þingeyjarsýslu árið 1897. En fyrsta fjárræktarbú, sem Búnaðarfélag Íslands styrkir, er stofnað árið 1903. Fyrstu hrútasýningar eru haldnar árið 1911, en fast skipulag er ekki enn komið á um hrútasýningar. Þó var ætlazt til á Búnaðarþinginu 1925 að fara yfir landið á þrem árum, og voru að því leyti settar reglur um hrútasýningar framvegis.

Hrossaræktarfélög eru nú starfandi 44 í landinu, og spenna sum yfir afarstór svæði. Í lok þessa árs verða þau sennilega 49.

1) Hér er felldur niður með öllu langur kafli úr ræðunni. *Tr. Þ.*

Nautgriparæktarfélög eru 1930 starfandi alls 47, en fjölgar mjög í ár og verða sennilega ekki færri en 70 í lok þessa árs.

Sauðfjárræktarbú, sem Búnaðarfélag Íslands styrkir, eru fimm:

Á Hrafnkelsstöðum í Árnessýslu,
- Höfðabrekku í V.- Skaftafellss.,
- Rangá í Norður-Múlasýslu,
- Þórustöðum í Öngulsstaðahr., Eyf.,

og í Ólafsdal, Saurbæ, Dalasýslu.

Ég ætla, að hv. þdm. sé vel ljóst, hversu gífurlega mikinn arð vísindalega rekin búfjárræktarstarfsemi getur gefið. Er það sérstaklega athyglisvert fyrir oss Íslendinga, hver reynsla annara þjóða er í þessum efnum. Ég hefi hér í höndum merka bók: „Landbruket i Norden 1875—1925", þar sem gefið er glöggt yfirlit yfir árangur slíkrar búfjárræktarstarfsemi á Norðurlöndum síðustu 50 ár, frá 1875 til 1925. Ég vil leyfa mér að fara með nokkrar tölur úr þessari bók, og vil ég biðja hv. þm. að leggja sér þær ríkt á minni.

Þá er fyrst að líta á nautgriparækt, t. d. Dana, og framfarir í henni á nefndu árabili. Árið 1871 er meðaltal tekið af 800 þús. kúm, og telst nythæð þeirra til jafnaðar 1350 kg. (lítrar) mjólkur, en smjörmagnið er 44 kg. á hverja kú. Árið 1898 er nythæðin komin upp í 2100 lítra og smjörmagnið orðið 79 kg. á hverja kú. Árið 1924 er nythæðin orðin 3020 lítrar og smjörmagnið 124 kg. á hverja kú. Það er m. ö. o., að nythæðin hefir vaxið meira en um helming og smjörframleiðslan á hverja kú þrefaldazt. Af þessum tölum má sjá, hversu geysilega miklu meiri arð nautgriparæktin í Danmörku gefur, eftir að bændurnir bundust samtökum til að bæta kynið og koma nautgriparæktinni í betra og fullkomnara horf.

Um sauðfjárrækt Dana er sömu sögu að segja. Enda þótt sauðfé sé fátt í Danmörku, þá hefir sauðfjárræktin þar í landi tekið þvílíkum framförum, eftir að búfjárræktarstarfsemi hófst, að ullarafurðir hverrar kindar að jafnaði hafa nákvæmlega tvöfaldazt á árunum 1871 til 1924. Þvílíkar tölur má finna hvað snertir hin löndin, Noreg og Svíþjóð. En þess ber að vísu að geta, að þessi hin glæsilega framför í búfjárrækt nágrannalandanna er fleiru að þakka en kynbótastarfsemi, og má þar nefna betri fóðrun o. þvíl. En þetta ætti að nægja til þess að sýna, að sú starfsemi, sem samkv. þessu frv. á að lögfestast á voru landi, er ærið mikils verð, og sízt að ófyrirsynju, þótt tryggð sé aðstoð ríkisins til hennar. Full ástæða er til þess að ætla, að við gætum náð svipuðum árangri og nágrannaþjóðirnar, ef búfjárræktarstarfsemi væri rekin eftir vísindalegum aðferðum og með elju og samtökum.

Um tvo síðustu kaflana, IV. og V., sem fjalla um búfjártryggingar, mun ég ekki fjölyrða að svo stöddu. Vera má, að einstök ákvæði þeirra færu betur öðruvísi, og mun hv. landbn. væntanlega taka það til athugunar, en að öðru leyti býst ég ekki við neinum verulegum ágreiningi um þá kafla í heild.

Mér er það vel ljóst, að þetta er stór lagabálkur og það er vandasamt verk að ganga svo frá honum, að vel sé og að ekki megi á annan veg betur fara. En ég vil mega vænta þess, að hv. landbn. telji ekki eftir sér að stuðla að því, að þetta mál fái þá afgreiðslu, sem slíku máli hæfir, og að það megi verða á þessu þingi. — Vil ég svo leyfa mér að leggja til, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og til hv. landbn.

Magnús Guðmundsson: Ég verð að viðurkenna, að ég hefi ekki enn kynnt mér þetta frv. til hlítar, en vil einungis við þessa umr. leggja þá spurningu fyrir hæstv. atvmrh., hver áhrif samþykkt þessa frv. hafi á starf Búnaðarfélags Íslands. Mér finnst það hljóta að rýra talsvert svið þess, ef öll afskifti af fjárframlögum til búfjárræktarinnar á að taka af því. Þetta skiptir miklu máli, og vil ég biðja hæstv. ráðh. um frekari upplýsingar. Það virðist og orka nokkurs tvímælis, hvort ráðunautar Búnaðarfélags Íslands verða áfram starfsmenn þess eða ríkisins. Ég geri ráð fyrir, að búið sé að taka afstöðu til þessa, bæði í stjórn Búnaðarfélagsins og á búnaðarþinginu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Frv. þetta ber það greinil. með sér, að öll framkvæmd þess er falin Búnað-

arfélagi Íslands. Þess vegna er ekki til þess ætlazt, að starfsvið þess rýrni á neinn hátt við samþykkt þessa frv. Sama er að segja um ráðunautana; þeir verða framvegis starfsmenn Búnaðarfélags Íslands, svo sem verið hefir hingað til. Hefir og þetta frv. fengið eindregin meðmæli búnaðarþings.

Magnús Guðmundsson: Já, það á þó í öllu falli að greiða kostnaðinn við framkvæmd þessara laga beint úr ríkissjóði. Þess vegna skilst mér, að fjárveitingin til Búnaðarfélagsins minnki að því skapi. Ég tel það hæpið að láta þá menn fara með fé ríkisins, sem ekki eru embættismenn ríkisins, heldur einstaks félagsskapar, eins og í þessu tilfelli Búnaðarfélags Íslands.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Eina breytingin, sem frv. þetta hefir í för með sér að þessu leyti, er tilfærsla á liðum 16. gr. fjárl.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 176).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég mun ekki halda hér langa ræðu að þessu sinni, enda er það óþarft, þar sem við höfum tekið það eins skýrt fram í nál. og okkur þurfa þótti, hverjar eru þær aðalbreyt., sem n. vill gera á frv.

Eins og hv. þdm. munu hafa gert sér grein fyrir, er meginþáttur þessa frv. þannig til kominn, að gildandi l. í þessu efni hafa verið dregin saman í eitt. Nokkrar breyt. frá gildandi l. felast þó í frv., og er aðalbreyt. sú, að í frv. er því slegið föstu, að ríkið skuli styrkja þessa starfsemi, sem frv. kveður á um. Hefir það áður heyrt undir Búnaðarfélag Íslands.

Ég hefi orðið var við það, að menn greinir á um, hvort rétt sé að taka þetta fram í l. Menn hafa sagt, að með því væri vald tekið af Búnaðarfélaginu, sem eðlilegt væri, að félagið hefði, og Alþingi fengið það í hendur. Er að vísu nokkuð til í þessu, en aðalumsjón og framkvæmd þessara mála er í höndum Búnaðarfélagsins, svo að þetta vald er ekki skert til muna með þessu, heldur er aðeins ákveðið í eitt skipti fyrir öll, hve mikinn styrk þessi félagsskapur með bændum skuli fá. Er það kostur, að mér finnst, að frv. slær því föstu, að bændur skuli fá þennan styrk, og hika ég því ekki við að fylgja því.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um brtt. n. Fyrsta brtt. er við 1. gr. frv., en sú grein óheimilar að láta naut eldri en 5 mánaða ganga laus í afréttum. N. virðist óþarfi að vera að banna mönnum að láta kálfa ganga lausa með öðrum búpeningi, þó að þeir væru eldri en 5 mánaða, enda þótti n. sýnt, að þessu ákvæði mundi óvíða sinnt á landinu, þó að að l. yrði. Leggur n. því til, að aldurinn verði færður upp í 8 mánuði, eins og er í gildandi l.

Önnur brtt n. er við 2. gr. frv. og er í raun og veru aðeins orðabreyt., en það er skýrar ákveðið með brtt., við hvað er átt.

Þá er brtt. við 3. gr. um það, að kynbótanefnd skuli aðallega velja nautin að vorinu. Það virðist ekki rétt að slá því föstu, að hún skuli gera það, en geri það aðeins þar, sem því verður við komið.

Þá skal ég minnast ofurlitið á b-lið brtt. við 3. gr. Á fund n. komu ráðunautar Búnaðarfélagsins, og ræddum við þar ítarlega þessa brtt., og flestar brtt. n. eru gerðar í samráði við þessa ráðunauta. Það var að heyra á Páli Zóphoníassyni nautgriparæktarráðunaut, að hann teldi heppilegra að hafa lögin heimildarlög, en við vildum ekki leggja það til. En okkur voru sýnd ljós dæmi þess, að sumstaðar í lögunum eru ákvæði, sem ómögulegt er að framfylgja í sumum sveitum landsins eins og þau eru. En okkur virtist þó betra að veita atvmrh. heimild til undanþágu frá lögunum en að hafa þau heimildarlög, því að þá verða þau of losaraleg í framkvæmd.

Þá er í 5. gr. ákvæði um, að taka megi naut í heimalandi eiganda og fara með sem óskilafé, og töldum við það réttast, að því aðeins væri heimilt að gera þetta, að þau væru utan heimalands eiganda.

Þá er í 7. gr. talað um þóknun til kynbótanefndar. Víst mun vera venjulegast, að slíkar nefndir taki ekkert gjald fyrir starf sitt, en okkur þótti réttara, að þar sem um þóknun er að ræða, réðu þær því ekki sjálfar, hver hún væri, heldur hreppsnefndin.

Ennfremur ákváðum við, samkv. brtt. við 7. gr., að fella niður heimildina til að láta hreppinn greiða kostnað, sem fer fram yfir 8 kr. Þetta kemur sumstaðar nokkuð óréttilega niður. Eðlilegast er, að þar sem eigendur gripanna njóta góðs af þessari starfsemi, greiði þeir sjálfir þennan kostnað.

Brtt. við 9. gr. er aðeins nauðsynlegt áframhald af brtt. við 7. gr. En 8. gr. er áframhald af brtt. við 7. gr., þar sem það er fellt burtu, að hreppsnefnd tilnefni þá menn, sem eiga að endurskoða reikningana.

Þá kemur brtt. við 10. gr. Nú er svo samkv. þessu frv., að þar sem 10 bændur í hreppi, eða meiri hluti, þar sem færri eru, koma sér saman um að stofna nautgripafélag, þá sé það félag löglega stofnað. En nú er ákvæði í upphafi lagabálksins, að þar sem nautgripafélög eru starfandi, þá taki þau í sínar hendur allt vald hreppsins í þessum málum. Virðist n. óeðlilegt, að svo fáir menn hafi heimild til að taka slík völd af heilu stóru hreppsfélagi.

Þá kemur brtt. við 11. gr., sem í raun og veru er ekki annað en nákvæmari orðun á greininni, og ákvæði um það, hvaða reglum eigi að fylgja við útborgun styrksins.

Þá er brtt. við 12. gr. Síðasti málsliður orðist svo:

„Auk þess geta félögin fengið styrk, er sé 75 kr. fyrir naut, sem hefir hlotið önnur verðlaun, en 150 kr. fyrir naut, sem hlotið hefir 1. verðl. Noti sama fél. fleiri en eitt 1. og 2. verðlauna naut, getur það fengið styrk á hvert þeirra sem að ofan segir".

Okkur fannst það of óákveðið, að segja 50—150, en vildum binda styrkinn við tilkostnað þeirra nauta, sem notuð eru.

Þá kemur brtt. við 13. gr., sem er 11. brtt. n. Þar er lagt til, að næstsíðasti málsliður gr. sé felldur niður, þ. e. að 1. og 2. verðlaun á nautum greiðist úr ríkissjóði. Við ætlumst til, að 1. og 2. verðlaun séu greidd úr sameiginlegum sýningarsjóði, eins og öll önnur verðlaun.

Um brtt. við 14. gr. er það að segja, að styrkurinn breytist úr ⅓ allt að 400 og í ¼ allt að 300, og er það í samræmi við reglur um styrk, sem Búnaðarfélag Íslands hefir veitt í þessu skyni hingað til.

Brtt. við 22. gr. er aðeins orðabreyt., og sama er að segja um brtt. við 24. gr. Einnig er sama að segja um niðurlag brtt. við 26. gr. 16, þar sem lagt er til, að hreppsnefnd verði skyld að greiða gjaldið, þótt meira verði en 8 kr. Þetta er gert í fullu samkomulagi við ráðunaut Búnaðarfélagsins, en hann segir, að gjaldið hafi ekki farið fram úr því hámarki, sem þar er talað um.

Þá koma brtt. við 30. gr., sem eru í rauninni ekkert annað en orðabreytingar og leiðréttingar.

Þá kemur brtt. við 32. gr. Ég skal geta þess, að þessi brtt. er eiginlega aðeins orðuð um, engin veruleg efnisbreyt. En ég skal geta þess, að eftir að við höfum gengið frá frv., höfum við séð, að nokkurt ósamræmi er í þessari gr. og samskonar gr. í hrossaræktarlögunum, þar sem gert er ráð fyrir því, að bændum sé gefið samskonar vald í hrossaræktarmálum eins og í nautgriparæktarmálum. Þess vegna munum við við 3. umr. koma með brtt. um þetta.

Brtt. við 33. gr. er aðeins skýrara orðalag.

Þá kemur næst um fóðurkostnað kynbótahesta. Hér er felldur niður fóðurkostnaður 1. verðlauna hesta. Þetta er nýtt ákvæði í frv. Meiningin er, að geta fengið meira vald yfir þessum gripum. Það hefir nefnilega sýnt sig, að menn farga oft þessum dýrum eftir nokkur ár. En það er háskalegt, því að fyrst þegar reynslan er farin að sýna, hvílíkur kostagripur skepnan er, þá er nauðsynlegt að halda henni við lýði. Eru með þessu fengnar meiri líkur fyrir, að skepnan verði notuð sem lengst.

25. brtt., sem er við 35. gr., er í samræmi við brtt. í nautgriparæktarbálknum, þ. e. styrkur til girðinga færður niður í það, sem hann hefir verið hjá Búnaðarfélaginu. Þá hafa verið sett í þessa gr. ákvæði um að heimila að end-

urtaka þennan styrk með 15 ára millibili. Þetta felldum við niður, því að þegar einu sinni er búið að koma girðingu upp, verður félagið að halda henni við upp frá því.

Þá kem ég að 36. gr. Eins og menn sjá, er gert ráð fyrir í þessari grein, að ríkið megi eiga og starfrækja 4 kynbótahesta. Meiningin með þessu var, eftir því sem skýrt er frá í aths. við frv., að þegar hrossakynbótaráðunautur vissi um góða hesta, sem eigendur notuðu ekki lengur, þá hefði ríkið heimild til þess að kaupa þessa hesta og nøta þá. En þegar við fórum að athuga þetta, fannst okkur ekki vera miklar líkur til þess, að þeir, sem ættu þessa hesta, myndu vilja selja þá. Við leggjum því til, að 36. gr. verði felld niður.

Þá kem ég að sauðfjárræktarbálknum. Í 43. gr. er bannað, að hrútar gangi lausir á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. maí, nema í öruggri vörzlu. N. var ljóst, að þessu yrði alls ekki framfylgt í mörgum hlutum landsins. Sumstaðar hagar svo til á viðáttumiklum beitarjörðum, er fátt er um fólk, að bændur verða að láta hrútana ganga lausa um fengitímann og vinna til að hafa þá heldur fleiri. Vildum við því heldur gefa hverju sveitarfélagi heimild til þess að ákveða, á hvaða tíma skyldi banna þetta.

Þá er brtt. við 42. gr. Það er nú eiginlega ekki annað en það, að við orðum gr. um. Í henni er ákveðið, að eigandi skuli vitja hrúts innan viku, annars megi selja hann. Í mörgum tilfellum gæti þetta verið örðugt. Það ætti að vera alveg nóg, að hann ráðstafaði honum. Sama er að segja um síðustu mgr. sömu gr., að skyldan til þess að koma hrútum til eiganda, er þannig heimtast, getur ekki hvílt á þeim, sem finnur þá, heldur aðeins það, að gera eiganda viðvart.

Þá kemur kaflinn um sauðfjárræktarbúið. Það er ekki mikil efnisbreyt., en greinin er orðuð um, til þess að sýna skýrara tilganginn með sauðfjárræktarfélögum og reglurnar, sem þau eiga að gangast undir, til þess að njóta styrks úr ríkissjóði. — Við viljum einnig, að bætt verði við niðurlag 44. gr., að þar sem einstakir menn sýni sérstakan áhuga, en geta ekki fengið aðra í félag með sér, sé heimilt að veita þeim sömu hlunnindi. Við álítum þetta allra bezt, til þess að þoka sauðfjárræktinni áfram, en lögðum minna upp úr sauðfjárræktarbúunum, sem gert er ráð fyrir í 45. gr. Þar er gert ráð fyrir, að stofna megi sauðfjárræktarbú í hverri sýslu landsins. En við höfum miklu meiri trú á því, að meira gagn verði að því að láta upphæðina til manna, sem skara fram úr með áhuga og starfsemi, heldur en að koma aðeins upp búum, sem engin vissa er fyrir, hvort Búnaðarfélagið eða ríkið hefir nokkur ráð yfir. Hinsvegar viljum við halda uppi 4 sauðfjárræktarbúum í landinu.

Í samræmi við það, að 44. og 45. gr. hafa verið orðaðar um, falla niður tilsvarandi gr. í frv., sem eru 47., 48. og 49. gr.

Þá er 50. gr. Hingað til hefir verið svo ákveðið, að maður sá, er hefir umsjón með hrútasýningum, hafi eina umferð um land allt á þrem árum. N. leizt þetta of stuttur tími til að sami maður gæti komizt yfir þetta, og leggur því til, að umferðin sé miðuð við fimm ár, í stað þriggja.

Nefndin hefir lagt til, að 51. gr. yrði felld niður. Samkv. henni á að veita, eftir till. Búnaðarfélagsins, allt að 5000 kr. á ári í næstu þrjú ár til verðlaunasamkeppni milli sauðfjárbúa. N. hefir ekki trú á, að mikill árangur yrði af þessum verðlaunaveitingum. Arðsemi sauðfjárbúa fer eftir ýmsu öðru en umgengni og hirðingu, og koma þar landgæði eigi sízt til greina. Virðist n., að erfitt mundi verða að skera úr, að hve miklu leyti arðsemi hvers bús byggist á umgengni eða landgæðum, og telur, að sú niðurstaða, er fengist um það efni, gæti varla orðið annað en spéspegill af raunveruleikanum. Því leggur n. til, að þessi grein, og 52. gr., sem er áframhald hinnar, falli niður.

Kemur þá að IV. kafla, sem er um fóðurbirgðafélög.

Á 54. gr. hefir n. gert þá smávægilegu breyt. að leggja til, að orðin „á Íslandi" falli niður. Þau eru ekki annað en hortittur á þessum stað.

Aftur á móti er um efnisbreyt. að ræða

á 55. gr. Þar leggjum við til, að veitt sé heimild fóðurbirgðafélagi til að taka upp í samþykkt sína ákvæði um, að það skuli einnig tryggja hverju heimili innan félagsins nægilegt haframjöl og rúgmjöl til manneldis frá jólaföstu byrjun til fardaga. Auðvitað er ekki búizt við eða ætlazt til, að þessi heimild verði notuð annarsstaðar en þar, sem hætta stafar af samgöngubanni af völdum hafíss, en þar sem svo er háttað er þetta með öllu nauðsynlegt. Það er ekki nægilegt, að til séu birgðir handa búfénaðinum, því að verði fólkið bjargarlaust, grípur það auðvitað þegar til þeirra birgða handa sjálfu sér, að svo miklu leyti, sem hægt er að nota þær til manneldis, og fellir e. t. v. sjálfan búpeninginn til bjargar sér, þegar allt um þrýtur. Því leggur n. til, að heimild um lán úr Bjargráðasjóði verði orðuð um á þá leið, að þau félög, sem jafnframt tryggja fólkið gegn hallæri, fái betri lánskjör en hin, sem einvörðungu tryggja búpeninginn, eins og kemur fram í 39. brtt. Er gert ráð fyrir, að lán til hinna síðarnefndu félaga séu endurkræf eftir eitt ár, en hin fyrrnefndu, er birgja upp mannfólkið, geti fengið allt að 15 ára gjaldfrest á fullnaðargreiðslu.

Þá er 36. brtt., við 56. gr. Þar eru ákvæði um, hve mikinn hluta hreppsbúa þurfi til að binda aðra við fóðurbirgðafélagsstofnun. Í frv. er gert ráð fyrir, að einfaldur meiri hl. á lögmætum fundi ráði úrslitum. Oss finnst varhugavert að láta lítinn meiri hl. kúga stóran minni hl., því að hér sem annarsstaðar er málinu bezt borgið með eindrægni og samkomulagi. Við leggjum því til, að í stað „meiri hluti" komi „⅔". En til að útiloka ekki marga menn, sem stofna vilja fóðurbirgðafélag, en skortir til þess atkvæðabolmagn, leggjum við til í 37. brtt., að 10 menn eða fleiri innan sama hrepps geti myndað fóðurbirgðafélag með sömu réttindum sem heill hreppur væri.

Við 58. gr. gerum við þá brtt., að í stað 50 kr. komi 30 kr. og í stað 5 ára komi 10 ár. Upphæðin, sem ákveðin er í frv., er að okkar áliti of há fyrir fátækar sveitir og myndi verða hindrun þess, að fóðurbirgðafélög yrðu stofnuð. En hér þarf einmitt að ýta undir menn til að hefjast handa, og má því ekki draga úr þeim með of háum álögum í byrjun. Hinsvegar teljum við víst, að er menn sjá, hve félagsskapurinn er nauðsynlegur, standi ekki á óhjákvæmilegum útgjöldum frá hlutaðeigandi mönnum.

40. brtt. er við 61. gr. og leiðir hún af hinni nýju grein, er heimilar félagsstofnun samkv. lögunum, enda þótt félagið nái ekki nema til nokkurs hluta hreppsbúa. Þegar svo stendur á, skulu félagsmenn kjósa 2 menn í stjórn félagsins, en hreppurinn einn skv. brtt okkar.

Þá kemur V. kafli, um búfjártryggingarsjóð Íslands. 41. brtt., við 67. gr., er á þá leið, að eftir „veikinda og" í 2. málsgr. komi „verðfalls sökum". Oss virtist ákvæði frv. um það, hvað vanhöld skuli teljast, geta valdið misskilningi. Í frv. segir svo:

„Til vanhalda teljast dauðsföll gripa af sjúkdómum og slysum, svo og vanheimtur og afnotamissir sökum veikinda og eðlisgalla (t. d. ófrjósemi kynbótadýra)".

Samkv. þessu virtist oss, að það hlyti að teljast afurðamissir sökum eðlisgalla kynbótadýra, ef mikil brögð yrðu að því, að ær væru lamblausar, og ætti því að bæta þann skaða samkv. frv. En það er alls ekki tilætlunin, heldur er átt við verðfall á kynbótadýrinu sjálfu, er af eðlisgalla þess stafar. Brtt. okkar tekur af öll tvímæli í þessu efni.

Þá er brtt. í tveim liðum við 72. gr., en þær breyt. eru smávægilegar og mega eiginlega skoðast leiðréttingar, og sama má segja um þær brtt., sem eftir eru, nema 45. brtt. Þar er lagt til, að 88. gr. frv. falli burt. Grein þessi er um sýslusýningar, og er gert ráð fyrir, að þær séu haldnar 10. hvert ár í hverju umdæmi, en þau skulu vera 10.

Nefndin hefir talað við búfjárræktarráðunautana um þetta, og leggur annar þeirra enga áherzlu á, að þessar sýningar nái yfir hans svið. N. telur, að mjög erfitt muni reynast að koma á almennri þátttöku í sýslusýningum sem þessum, sökum vegalengda og erfiðra samgangna. Sýningarnar yrðu því einkum fyrir þann hluta sýslu, er næst liggur sýningarstað,

og gæfu því alls ekki rétta mynd af ástandi búfjárræktarinnar. N. leggur því til, að greinin falli niður.

Ég vil geta þess, að þótt n. hafi fremur dregið úr styrkjum þeim og fjárframlögum, sem til er ætlazt í frv., þá er það ekki vegna þess, að hún sjái eftir þessu fé til bænda. En n. lítur svo á að því er verðlaunaupphæðir snertir, að það séu ekki fyrst og fremst peningarnir, sem bændur gangast fyrir, heldur sá hagur, sem af því leiðir að fá viðurkenningu fyrir því að eiga góða gripi. Hinsvegar er sjálfsagt að létta þann kostnað, er menn hafa af því að eiga kynbótagripi.

Nú lætur illa í ári og verður víða að klípa af og spara, og n. taldi því sigurvænlegra fyrir málið að draga nokkuð úr kröfum frv. en að ætla að sigla því fullum seglum gegnum þingið. Hinsvegar mun engin hætta, að við bændurnir í n. firtumst við því, ef Alþingi óskar eindregið að ákveða styrki þessa hærri en við förum fram á með till. okkar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er ljóst af áliti hv. landbn., að hún hefir lagt mikla vinnu í athugun þessa frv. Frv. komst ekki í prentun fyrr en stuttu fyrir þing, og prófarkalestur eigi svo vandaður sem skyldi, og ýmislegt, er samræma þurfti, og ber að þakka n. starf hennar að þessu leyti. Ennfremur er mér ljúft og skylt að þakka henni, að hún hefir sumstaðar bent á nýjar leiðir til framfara, og mun ég fús fylgja öllu slíku. Að lokum leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. Ég er ennfremur þakklátur hv. frsm. fyrir það, hvílíka áherzlu hann lagði á, að lögfestir yrðu þeir styrkir, sem ríkið hefir veitt til þessara mála undanfarið.

Ég vil svo víkja fyrst að því, er hv. frsm. sagði, að n. liti ekki svo á, að með þessu frv. væri verið að rýra völd Búnaðarfélags Íslands. Að svo getur ekki verið, sést bezt á því, að á búnaðarþingi var samþ. áskorun til Alþingis um að samþykkja frv.

En enda þótt ég sé þakklátur n. og hv. frsm. fyrir allt þetta, dylst mér ekki, að því miður fer n. afturábak í mörgum brtt. sínum frá því, sem ákveðið er í frv. um eflingu búfjárræktarinnar í landinu. Brtt. draga mjög víða úr frv., og þeirri framfaraviðleitni, sem þar gætir, er of víða skotið á frest að mínum dómi.

Áður en ég fer út í einstakar brtt., vil ég fara nokkrum orðum um það, hve réttmætt sé að draga úr framkvæmdum þeim, er frv. gerir ráð fyrir. Það er vitað mál, að fjárframlög til landbúnaðarins hafa farið mjög vaxandi hin síðari ár, og væri vanþakklæti að neita slíku. En sú aðstoð hefir verið næstum eingöngu bundin við jarðræktina, sem er að vísu annar aðalþáttur landbúnaðarins, en heldur ekki meira. Ef tilætlunin er að veita landbúnaðinum styrk til alhliða framsóknar, er ljóst, að öðrum aðalþætti hans, búfjárræktinni, hefir ekki verið sá sómi sýndur af því opinbera, sem þörf er á. Þetta er ekki sagt í ásökunarskyni til Alþingis. Hinn þátturinn, jarðræktin, hefir verið tekin fyrst, og allt hefir ekki verið hægt að gera í einu. En mér finnst þó nokkuð undarlega við bregða, að er hliðstæðar tillögur um eflingu búfjárræktarinnar í landinu eru bornar fram, skuli hv. landbn. stinga við fæti og vilja draga svo mjög úr umbótaviðleitninni.

Ég vil fara um það nokkrum orðum, hvort rétt sé, að afstaða Alþingis og fjárveitingarvaldsins sé önnur gagnvart búfjárræktinni en jarðræktinni. Ég veit, að þeir, sem í hv. landbn. sitja, eru jafneinlægir í áhuga sínum fyrir landbúnaðinum og við allir hinir, sem sæti eigum í þessari virðulegu samkomu. Ég vil því athuga nokkuð, hvort rétt sé, að viðhorf hins opinbera sé annað gagnvart búfjárræktinni en ræktun landsins.

Þess er fyrst að gæta, og það er höfuðatriðið í máli þessu, að við björgumst ekki við jarðræktina eina. Jarðræktarafurðir okkar eru yfirleitt ekki markaðsvörur, fyrr en búpeningurinn er búinn að „umsetja" þær í kjöt, ull, mjólk o. þ. h. Það er því skaðlegt að einblína um of á jarðræktina, en vanrækja búfjárræktina. Það má gera að engu arð góðrar jarðræktar með því að láta strítlur og lambsgotur taka við afurðunum af jarðræktinni.

Það hefir verið bent á, hvílíkt hagræði erlendum bændum hefir stafað af búfjárræktarfélögunum, sem auðvitað hafa

verið studd af því opinbera. Að vísu hefir hið opinbera stutt jarðræktina líka, en ef þeirri spurningu væri varpað fram, hvort hefði komið bændum á Norðurlöndum að meiri notum, efling búfjárræktar eða jarðræktar, hygg ég, að svarið myndi hiklaust vera: efling búfjárræktarinnar. Reynslan mun verða, og er raunar þegar orðin, hin sama hjá okkur.

Í því efni ætla ég að minnast á aðeins örfá dæmi, sem ég hefi gripið upp síðan í fyrrakvöld, þegar ég sá nál. frá hv. n. Þau sýna ljóslega þann mikla árangur, sem orðið hefir í búfjárræktinni á þeim stutta starfstíma, sem ennþá er hér á landi á því sviði.

Ég talaði í morgun við skólastjórann á Hvanneyri, til að fá hjá honum tölur yfir þann árangur, sem orðið hefir af kynbótum kúa á Hvanneyri um rúm 20 síðustu ár. Árið 1907 var meðalnyt þar 2200 kg. og meðalfita mjólkurinnar 3,7%. 1930 var meðalnyt 2900 kg. og meðalfita 4%. Ef það er nú athugað, hvað þetta er í auknum afurðum, þá sést, að árið 1907 var smjörmagn á ári á hverja kú á Hvanneyri að meðaltali 90 kg., en 1930 er það 131 kg. Þessi er þá árangurinn af kynbótastarfseminni á Hvanneyri í rúm 20 ár, svo mikill, að framförin er meira en 40 kg. af smjöri á ári á kú. Fleiri sögur, svipaðar þessari, gæti nautgriparæktarráðunauturinn, sem nú hlustar á umr. hér, sagt, ef hann hefði hér málfrelsi. Ég ætla aðeins að nefna eitt dæmi, annað en það, sem ég þegar hefi nefnt um kýrnar. Það er úr kjördæmi hv. þm. Barð., vestan af Rauðasandi. Árangurinn af 20 ára starfi að kynbótum kúa þar er sá, að þar hefir meðalnyt hækkað úr 2200 kg. og upp í 3000 kg. Þessi dæmi sýna, hver framför hefir orðið í nautgriparækt þar, sem réttum aðferðum hefir verið beitt til kynbóta, og svona getur hún orðið um allt land og í miklu stærri stíl, ef þessi starfsemi nær að festa rætur, og mun þá færa öllum almenningi þann hag, sem hún er nú þegar byrjuð að færa þeim fáu, sem stundað hafa.

Þá vil ég taka dæmi úr sauðfjárræktinni. Það er dæmi, sem ég var sjálfur áhorfandi að. Það var hjá mjög myndarlegum bónda norður í Strandasýslu og hann hafði mjög nákvæma reikningsfærslu um búreksturinn. Bóndinn var Ingimundur Magnússon á Ósi í Steingrímsfirði, trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands. Hann sýndi mér reikning um hverja einustu á, sem hann átti. Og hann sýndi mér það svart á hvítu, að af einni kind árið áður, árið 1926, hefði hann fengið eitt hundrað króna ágóða. Segi og skrifa eitt hundrað krónur eftir eina á. Svona má benda á einstaklinga sem sýna, hvert er hægt að ná með allan þorrann með þeim aðferðum í búfjárrækt, sem aðrar þjóðir hafa nú lengi haft. Það væri einkennileg aðferð í jarðrækt að rækta nýtt tún, en láta gamla túnið fara í órækt. Jafnmikil fávizka er þá í búfjárrækt að leggja einhliða áherzlu á að fjölga gripunum. Aðalatriðið er að eiga góða gripi og fara þannig með þá, að þeir gefi fullan arð.

Í því sambandi vil ég nefna annað dæmi. Ég mætti í morgun manni úr Ísafjarðarsýslu, Jóhanni Daníelssyni bónda í Harðardal í Dýrafirði. Hann skrifaði ritgerð í „Frey“ í fyrra. Þar sýndi hann, að af einni dilká hafði hann fengið 67% arð og af einni mjólkurá hafði hann fengið milli 60 og 70% arðs á einu ári.

Út frá því, sem nú hefir verið sagt, og mörgu öðru, sem er ósagt, skil ég ekki, hvers vegna n. vill stinga fyrir sig fótum og ekki leggja til, að ríkið styðji í svipuðum stíl aukna rækt búfjárins eins og jarðræktina.

Það er í mótsögn við reynslu og skynsemi.

Það er í mótsögn við stefnu landbn., sem hefði ekki stungið fótum við nýjum till., sem hefðu verið til álíka mikilla hagsbóta í jarðræktinni.

Það er í mótsögn við stefnu þingsins, sem hefir ríkulega veitt fé til jarðræktar, að vilja ekki eins stíga spor til umbóta í fjárræktinni, sem eru þó í minni stíl en til jarðræktarinnar, en miða til enn meiri hagsbóta fyrir bændastéttina.

Það er í mótsögn við reynslu annara þjóða, sem hafa lagt hina mestu stund á kynbætur með stórmiklum árangri.

Það er í mótsögn við reynslu þá, sem fengin er hér á landi, því að hún hefir sýnt, að þetta hefir þegar fært mönnum mikinn hagnað.

Ég segi það því hiklaust, að það er

ekki áhorfsmál að samþ. svona umbótatill., hvar og hvenær sem þær eru bornar fram, svo sterklega rökstuddar og í fullu samræmi við tillögur þeirra manna, sem bezt þekkja til á sviði landbúnaðarins, og þegar menn hafa fyrir sér dæmi deginum ljósari, bæði af reynslu annara þjóða og einnig af innlendri reynslu, sem sýna, hve afarmikla þýðingu réttar kynbætur hafa.

Ég hefi, eftir að mér var kunnugt um þessar till. hv. landbn., átt tal við flesta úr þeirri hv. n., til að heyra þær ástæður, sem þeir hefðu fyrir þessum till. sínum, og sömuleiðis hafa þær ástæður komið fram í ræðu hv. frsm. Og það, sem hv. nm. hafa sagt, er þetta: Það, sem við viljum draga úr, er það nýja. Við viljum halda okkur við þann grundvöll, sem verið hefir í þessum efnum undanfarin ár. Við viljum ekki fara aftur á bak, en una því sem er. En þessi grundvöllur, sem Búnaðarfélagið hefir starfað á, er síðan 1925, og við höfum alltaf haft takmörkuð fjárráð, eins og hv. frsm. er kunnugt um, og á fjölmörgum sviðum höfum við orðið að skera við nögl. Nú vil ég spyrja hv. frsm. og aðra nm., sem bera þenna grundvöll fyrir sig: Væri hv. frsm. og hv. landbn. ánægð með að hafa jarðræktina í því ástandi, sem hún var 1925? Væri hv. frsm. ánægður með, að við yrðum nú að nota sömu verkfærin til jarðyrkju, sem almennt voru notuð 1925? Væri hann ánægður með, að bændur notuðu ekki tilbúinn áburð meira en 1925? Nei, við værum stórlega óánægðir, ef landbúnaðurinn væri á þessu sviði og ýmsum öðrum í sama ástandi og 1925.

Ég veit, að hv. frsm. er mér öldungis sammála um, að á öllum þessum sviðum má ekki una við það, sem var 1925. En það á við víðar. Það er ekki frambæril. ástæða að segja: Ég vil halda mér við gamla grundvöllinn. Eins og ástatt er nú er kyrrstaðan og of hægfara framfarir í raun og veru stór afturför, og það er hin mikla hætta, ef bændur sjá það ekki nógu almennt, að kyrrstaðan er afturför. Landbúnaðurinn hefir ekki ráð á því lengur að una því gamla, að afla heyjanna að miklu leyti á þýfðu, órækt uðu landi. Nýja búskaparlagið verður að komast „inn á hvert einasta heimili“ — að sætta sig ekki við annað en slétt og ræktað land, sem gefur mikið, fljóttekið og kjarngott fóður. — Og landbúnaðurinn hefir ekki heldur ráð á að sætta sig við of hægfara framfarir í búfjárræktinni. Það er óþolandi að láta sér nægja að eiga þá gripi, sem ekki gera nema hálft gagn, eða ekki það, á móts við það, sem þeir eiga að gera og geta gert. Við eigum ekki að slá því á frest, að allur þorri bænda verði aðnjótandi arðsins af framförunum. Tilgangurinn með þessu frv. er ekki einungis sá, að lögfesta það starf, sem Búnaðarfélagið hefir unnið að undanförnu, heldur á jafnframt að leggja grundvöll að nýju og fjölbreyttara starfi á þessu sviði en hingað til hefir verið og byggja um allt á reynslu erlendra þjóða í þessum efnum og þeirri reynslu, sem við höfum fengið hér á landi.

Ég vil undirstrika það, að bæði frv. sjálft og allt, sem ég hefi sagt og mun segja í sambandi við till. frá hv. n., er í nánu samræmi við skoðun þeirra manna, sem verið hafa trúnaðarmenn þjóðfélagsins á þessu sviði undanfarin ár.

Ég leita liðs hv. deildar til þess að fá að halda þeim atriðum í frv., sem á þessu sviði miða til framfara. Ég fullyrði, að hér er um að ræða starfsemi, sem mun færa bændum landsins jafnvel enn meiri arð en jarðræktin.

Þá skal ég víkja að brtt. n. á þskj. 176. — 1. brtt., við I. kafla, er viðvíkjandi nautgriparæktinni. Brtt. n. fer fram á, að naut megi ganga laus þangað til þau eru orðin 8 mán. gömul, en í frv. er ákveðið, að þau megi ekki ganga laus eldri en 5 mánaða gömul. Hv. frsm. færði mjög litil eða engin rök fyrir því, að rétt væri að hækka þetta úr 5 mánuðum upp í 8 mánuði. Hann sagði, að n. hefði fundizt það óþarft eða skaðlaust, að naut mættu ganga laus svo lengi. En öllum, sem hafa kunnugleika af búskap, er kunnugt, að naut eru orðin kynþroska 5 mánaða gömul, nema þau hafi lifað við einhvern sérstakan sultarkost. Ef ástæða þykir til að banna, að naut gangi laus lengur en 8 mánuði, þá eru alveg sömu rökin, sem mæla með hinu, því að af 5 mánaða kálfunum getur stafað hið sama tjón.

Það getur vel verið, að þessu yrði ekki hlýtt alstaðar. En það er svo með mörg þessi ákvæði, að þeim er ekki hlýtt fullkomlega alveg undir eins. En það lærist, og það á ekki að slá af því, sem rétt er. Nú, þegar farið er af stað með þessi ákvæði, þá er það spor í áttina til að fá þessu framgengt. Ég legg ekki mikla áherzlu á, að þetta atriði í frv. fái að haldast, en ég álít samt, að með brtt. n. sé stigið spor aftur á bak.

2. brtt. og 3. brtt. a. eru leiðréttingar, sem ég þarf ekki að koma að.

Þá er 3. brtt. b. Þar er undanþáguheimild, sem ég get verið sammála, þar sem hún er bundin því skilyrði, að nautgriparæktarráðunautur mæli með því. En í því sambandi vil ég spyrja hv. n.: Hvers vegna vildi hún ekki láta það sama gilda að því er snertir hrúta? Hvers vegna mátti ekki afgreiða það í því formi, sem n. vill, að hér sé gert? Það væri samræmi í því og líklegt, að það kæmi að gagni. Ég býst við, að hv. frsm. sé mér sammála í því, að frá því sjónarmiði, að lögunum sé þannig fyrir komið, að þau fullnægi sem bezt þeim kröfum, sem gera verður í þessari starfsemi, þá sé rétt að hafa þarna undanþáguheimild fyrir sauðfé alveg eins og naut.

4. brtt. a. er samskonar og ég hefi áður talað um, um aldur þeirra nauta, sem laus mega ganga, og má vísa til fyrri ummæla.

Þá er 4. brtt. b. Þar dregur n. úr ákvæði laganna um það, að menn megi kröftuglega verjast því, að verða fyrir skaða af graðpeningi. N. álítur ekki rétt, að taka megi naut í landi eigandans sjálfs. Það er skemmtilegt, að það skuli vera með lögum verndað að láta hættuna vofa yfir. Ef kálfurinn aðeins er á landi eigandans, þá má geyma hann þar í næði, svo hann sé alltaf tilbúinn að gera nágrannanum tjón. (JS og BÁ: Það má kæra hann, þegar nautið hefir gert óskunda). Af hverju má ekki hefjast handa til varnar áður en tjón er orðið, er hættan sýnilega vofir yfir? Þetta er að lögleiða þá reglu, að byrgja brunninn ekki fyrr en barnið er dottið í hann. Ég held, að betra væri að byrgja brunninn, áður en barnið er dottið í hann, með því að heimila mönnum að verjast hættu, sem bersýnilega vofir yfir.

Við 5. brtt., sem er um þóknun til kynbótanefndar, hefi ég ekki mikið að athuga, nema þar er eftir till. n. ósamræmi, borið saman við þóknun til hrossaræktar, eins og sést, ef 26. gr. er athuguð. Þar segir svo, að öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo sem þóknun til kynbótanefndar, er ákveðin sé á hreppsskilaþingi, leigu eftir kynbótahest, hagagöngu, umsjón með hestinum, fóðri og leigu eftir girðingu o. s. frv., sé jafnað niður á fjöldin. Þegar þessi ákvæði eiga að gilda um hrossaræktina, þá yrði ósamræmi milli þess og hliðstæðra ákvæða um nautgriparæktina, ef þessi brtt. n. við 7. gr. verður samþ.

Í b-lið þessarar brtt. er fellt niður ákvæði úr núgildandi lögum, og þar sem nautgriparæktarráðunauturinn hefir sagt mér, að reynslan hafi sýnt, að ekki hafi þurft að taka til þessa ákvæðis, þá mun ég fallast á, að þetta sé fellt niður.

6. brtt. leiðir af því, sem áður er komið, og sömuleiðis 7. brtt.

Þá er 8. brtt., þar sem n. vill, að skilyrði fyrir því, að nautgriparæktarfélög, sem stofnuð eru, fái þau réttindi, sem þeim er tryggður í þessum lögum, sé það, að meiri hl. bænda í hreppnum hafi samþ. að stofna félagið. En eins og hv. frsm. hefir sjálfur bent á, þá er hér um að ræða ósamræmi gagnvart hrossaræktarfélögunum, því að það á ekki að þurfa nema 5 menn til að stofna hrossaræktarfélag, til þess að fá allan þann rétt, sem þeim er áskilinn. En nú á ekki að vera nægilegur fjöldi, þó að 10 menn stofni nautgriparæktarfélag. Þetta nær engri átt. Hv. frsm. sagði, að félögunum væri veitt of mikið vald, ef svona fáir menn mættu stofna félag í hreppnum. En hann vill ekki svipta hrossaræktarfélögin þessum rétti, að mega fá full réttindi, þó að í þeim séu ekki nema 5 menn. Mér finnst rétt að leyfa mönnum að stofna félög, þótt fáir séu, en veita þeim þá kannske ekki alveg eins mikil hlunnindi eins og þeim félögum, sem taka yfir heila sveit. (JS: Hv. frsm. nefndi það). Ekki viðvíkjandi nautgriparæktarfélögum.

Þá er 9. brtt. n., við 11. gr. Hér er um að ræða margar brtt., sem allar veikja

aðstöðu félaganna. Í frv. stendur: Styrkurinn „skal vera". Í brtt.: styrkurinn „getur fengizt". Þá er svigrúmið þrengt um styrkveitingu. Loks er hámarkið lækkað úr kr. 2,50 í 2 kr. á hverja kú. Allt eru þetta spor aftur á bak. Í sambandi við lækkun hámarksins vil ég benda á það, að nautgriparæktarráðunautnum þótti þurfa að setja hér nýtt hámark, þar sem fitumælingar væru fleiri. Hann benti á, að sumstaðar, þar sem þessi starfsemi er fullkomin, t. d. þar, sem hún er rekin í sambandi við rjómabúin, svo sem norður í Eyjafirði, þar væru 6 fitumælingar á ári. Og í samræmi við það gagn, sem af slíkri starfsemi hefir hlotizt, þá þótti honum rétt að færa styrkinn upp í það hámark, sem nefnt er í frv., nefnilega 2,50 kr. Má það takast til nýrrar athugunar við 3. umr.

Þá kemur 10. brtt., við 12. gr. Efnislega hefi ég ekkert við hana að athuga, því að hún getur verið til bóta, en orðalagið í upphafi brtt. er rangt. Þetta „auk þess" er komið fyrir áður í gr., og ætti brtt. að orðast svo: „Styrkurinn skal vera" o. s. frv.

Þá kemur 11. brtt., þar sem n. leggur til, að heimildin um, að greiða megi úr ríkissjóði verðlaun til þeirra nauta, sem fá 1. og 2. verðlaun, falli burt. Ég vil benda á það, að hér vill n. ekki færa þetta á þann grundvöll, sem verið hefir hjá Búnaðarfélaginu, heldur vill n. fella niður það, sem gert hefir verið í þessu efni að undanförnu, því að þessi verðlaun hafa ekki hingað til verið veitt af sameiginlegu sýningarfé, sem lagt er fram að hálfu frá hreppnum og að hálfu frá Búnaðarfélaginu, heldur hefir það verið veitt allt frá Búnaðarfélaginu, og það er auðvitað það sama og það hafi verið veitt úr ríkissjóði. Með þessu á að draga verulega úr þeim verðlaunum, sem veitt eru.

Ég vil aðeins geta um það þessu til viðbótar, að ég hefi fengið upplýsingar um það frá ráðunaut nautgriparæktarinnar, að árið 1927 var fé til þessara verðlauna 250 kr., 1928 var það 50 kr., 1929 var það 100 kr. og 1930 800 kr. Upphæðirnar eru mishár eftir því, hver landshlutinn er. Mest er upphæðin 1930, en það fé fór til Suðurlands, en þar eru kýrnar flestar. Ég skal geta þess, að ráðunauturinn hefir áætlað þetta um 2700 kr. á næstu 5 árum, svo að hér er ekki um mikið fé að ræða, en aftur á móti er það talsvert spor í framfaraáttina. En ef brtt. n. væri samþ., þá væri það tilfinnanlegur afturkippur frá því, sem verið hefir síðan 1925, því að þá var byrjað á þessu og enginn ætlast til að leggja það niður fyrr en nú.(JS: En fóðurstyrkurinn?) Þar er um nýmæli að ræða. Og það á ekki að vera regla, að þó að bætt sé um á einu sviði, þá þurfi að kippa að sér hendinni á öðru sviði.

Þá er það næsta brtt. n., við 14. gr., og þar vill hún lækka styrkinn til girðinga, sem nautgriparæktarfélög þurfa að koma sér upp fyrir naut sín. N. vill lækka þennan styrk úr ⅓ og niður í ¼ kostnaðar, og er þá komið á þann grundvöll, sem lagður var 1925. Ég vil benda á í því sambandi, að samkv. jarðræktarlögunum var gengið út frá því í upphafi, að styrkur sá, er veitast skyldi á safnþrær, væri ⅓, en til túnræktar ¼ kostnaðar. En vitanlega er það almenn regla, að félagsstarfsemi á að fá ríflegri viðurkenningu en starfsemi einstakra manna, því að þar er um að ræða almennara gagn venjulega. Þó að þarflegt sé að styrkja jarðræktina að sjálfsögðu, er þó ekki síður þarflegt að veita styrk til þessara girðinga. Og þar eð um er að ræða félagsstarfsemi, þá er alveg sjálfsagt að fylgja hinni almennu reglu. Því segi ég það, að þessar brtt. n. eru ekki í samræmi við það, hvernig ríkið á öðrum sviðum styrkir landbúnaðinn. Og þess vegna legg ég til, að brtt. n. verði felld.

Þá hefi ég lokið máli mínu um 1. kafla frv., sem felur í sér tillögur um nautgriparækt.

Kem ég þá að 2. kafla frv., kaflanum um hrossarækt. Vil ég í sambandi við 19. gr. benda á það aftur, að þar er gert ráð fyrir, að 5 menn geti myndað hrossaræktarfélag og njóta til þess verndar laganna, ef þeir eiga 30 hryssur. Þetta er í ósamræmi við 10. gr. frv. um nautgriparæktarfélög, þar sem gert er ráð fyrir, að 10 menn geti ekki gert hið sama. Annars hefir hv. frsm. viðurkennt þetta ósamræmi, og mér skyldist á honum, að n. væri fús til að lagfæra það.

20. brtt. er að sumu leyti nauðsynleg leiðrétting, en mætti auðvitað alveg eins koma fram við 3. umr. Í þessari brtt. n. er b-liður 2. tölul. 33. gr. felldur niður. Er tilgangur með þessu sá, að takmarka framlagið upp í fóðurkostnað verðlaunahesta. Vill n. aðeins láta ákvæði 33. gr. ná til hesta, sem hlotið hafa 1. verðlaun, en ég álít, að ástæðulaust sé að draga nokkuð úr styrknum til þessara gripa. Og yfirleitt er sú stefna uppi í öllum löndum, að ríkið þurfi að láta sér farast vel við slíkt metfé sem t. d. góða kynbótahesta.

Kostnaðurinn við það, að styrkja 2. verðlauna hesta, hefði heldur ekki orðið svo gífurlegur, að nokkrum hefði þurft að blæða það í augum. Eftir upplýsingum, sem ég hefi fengið frá ráðunautnum, hefði það kostað ríkið aðeins 350 kr. að taka að sér fóðurkostnað 2. verðl. hesta árið 1930. Og um hraðan vöxt verður vart að ræða.

21. brtt. er við 35. gr., og er hún alveg hliðstæð 12. brtt n., við 14. gr. frv., sem ég gat um áðan, um girðingar. Vill n. færa hlutfallið úr ⅓ ofan í ¼. Í þessu er sama ósamræmi eins og áður. Þá viðbótarástæðu benti ráðunautur og á, að fyrir hrossaræktarfélög hlýtur það ávallt að verða mjög dýrt að koma sér upp girðingum, því að hryssurnar frjóvgast ekki nema þær hafi mjög rúmt um sig. Þessar girðingar hljóta því, ef vel er, að verða tiltölulega dýrar fyrir lengdar sakir.

B-liður brtt. er auðvitað í samræmi við þetta. Þar er gert ráð fyrir, að síðasti málsl. 35. gr. falli niður. Það er ákvæðið, að styrkja megi félag til girðinga aftur eftir visst árabil. Auðvitað mæla sömu rök með því, að styrkja megi aftur eins og að styrkja beri í upphafi. Í Búnaðarfélaginu er fylgt þeirri reglu að styrkja ekki aðeins í eitt skipti, heldur aftur og aftur, þegar svo stendur á. Þetta ákvæði í 35. gr. um 15 ár var miðað við það, að eftir 15 ár myndi þurfa að gera girðinguna upp að nýju.

Þá kem ég að 22. og síðustu brtt. n., viðvíkjandi hrossaræktinni. Hún fer fram á það, að 36. gr. frv. falli niður. Ef þetta yrði samþ., væri þar með fallin þessi heimild, sem 35. gr. vill veita ríkisstjórninni til þess að kaupa kynbótahesta.

Þegar ég kom að máli við ráðunautinn í hrossarækt, var þetta atriði það fyrsta, sem hann sagði að þyrfti að fá að standa í frv.

Hjá öllum menntuðum þjóðum er einmitt starfað á þessum grundvelli. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að norska Stórþingið veitti þegar árið 1857 200 ríkisdali til kaupa á kynbótahestum. Það má því öllum vera ljóst, að mikið er gefandi fyrir það, að hægt sé að verjast því, að einstakir menn okri á sérstaklega góðum gripum. Norska ríkið hefir einnig eignazt stór lönd til þess að geyma þar gripina. T. d. 1881 veitti norska Stórþingið 22 þús. kr. til þess að kaupa slíkar lendur. Mér þykir þetta þess vert að bent sé á það í sambandi við þá skerðingu, sem n. vill gera á ákvæðum frv. um þetta efni.

Í Danmörku mun vera einna bezt hrossarækt á Norðurlöndum, og þar á ríkið sjálft kynbótahrossin. Og í sumum löndum Þýzkalands er meira að segja föst regla, að ríkið hafi hrossaræktina algerlega í sínum höndum. Sem dæmi vil ég nefna ríkið Honnover. Þar er það ríkinu mjög stór tekjugrein að flytja út og selja kynbótahesta.

Vil ég þessu til viðbótar reyna að gera grein fyrir kostnaðinum, sem af því myndi leiða, ef þessi heimild yrði samþ. Við gerðum áætlun um kostnaðinn, ég og annar úr stjórn Búnaðarfélags Íslands, sem einnig á sæti í landbn., og ráðunauturinn í hrossarækt. Við möttum kaupverð hestsins 1000 kr. Rentur og afborganir möttum við árlega 100 kr. og kostnað af fóðri og girðingu 250 kr. Tekjur af hestinum möttum við 250 kr. Kostnaður af 1 hesti á ári myndi því verða 100 kr. Hámark heimildarinnar var, að kaupa mætti 4 hesta. Það er því ekki um meiri kostnað að ræða fyrir ríkið en 400 kr. á ári. Og getur það ómögulega kallazt mikið, miðað við það gagn, sem þessi ráðstöfun hlýtur að gera hestastofni landsmanna.

Þetta atriði virðist vera þyrnir í augum hv. ræðumanna, en ég fæ ekki séð annað en að þetta ákvæði sé algerlega hættulaust, því að vitanlega gerir atvmrh.

ekkert í þessu efni nema samþykki Búnaðarfélagsins komi til.

Þá kem ég að 3. kafla frv., um sauðfjárræktina. Og þykir mér hv. n. hafa orðið næsta stórtæk um það að draga úr þessum lið frv.

1. till. við þennan kafla er 23. brtt. n. við 41. gr. Þar vill n. ekki ganga sömu braut og gengin hefir verið að því er snertir naut og fola, að þau gangi ekki laus. Og vill hv. n. ómögulega ganga inn á, að þessi eða þessu lík fyrirmæli gildi einnig um hrúta. 41. gr. frv. mælir svo fyrir, að hrútar megi ekki ganga lausir á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. maí ár hvert, nema þeir séu í öruggri vörzlu.

Þarna vill hv. n. greinilega slaka til, eins og ég áður sagði, því að hún orðar brtt. sína svo: „Heimilt er sveitarfélögum, með samþykki meiri hluta bænda, að banna, að hrútar gangi lausir í sveitinni allt tímabilið frá 1. nóv. til 1. maí ár hvert, eða nokkurn hluta þess". Virðist þetta geta orðið einskonar undanþága fyrir einstaka menn og héruð. Ég held mér við mitt fyrra álit í þessu efni og sé ekki neitt hættulegt við það, að hér sé fylgt sömu reglunni og gildir um naut og graðhesta.

Um 24. brtt. þarf ég ekki að tala sérstaklega, því að hún er beint áframhald af 23. brtt.

Þá eru næst margar brtt. viðvíkjandi sauðfjárræktarbúunum. Þar hefir hv. n. orðið harðhentust. Frv. gerir ráð fyrir sauðfjárræktarbúum, einu í hverri sýslu, styrktum af ríkissjóði, en n. leggur til, að þau séu aðeins 4, eitt í hverjum landsfjórðungi, og vill ennfremur heimila atvmrh. að styrkja einstaka menn, ef þeir fullnægi settum skilyrðum samkv. brtt. nefndarinnar. —

Nú skal ég í stuttu máli segja skoðun mína á þessu, og hún er sú, að mér finnst vitanlega ekki koma til mála að stíga það spor nú þegar að stofna sauðfjárræktarbú í hverri sýslu. Og ég gæti sömuleiðis fallizt á, að heimildin yrði þrengd nokkuð. En að fara svo langt aftur á bak, sem n. gerir, það álít ég hið mesta óvit og afturhald og mun aldrei fallast á slíka afturhaldssemi. Annars fyndist mér bezt fara á því að láta þessar mörgu brtt. bíða 3. umr., ef ske kynni, að fundizt gæti millistig milli skoðana hv. nm. og frv.

Vil ég þá geta þess, er hv. frsm. n. sagði, að n. vildi leita uppi einstaka menn, sem skara fram úr, til þess að veita þessum opinberu fjárbúum forstöðu. Vitanlega er þetta meint í frv.

Þá er 31. brtt., sem er við 50. gr. Vil ég leggja áherzlu á það, að þessi brtt. nái fram að ganga. Í frv. er gert ráð fyrir sýningum 3. hvert ár, en n. vill aðeins hafa sýningar 5. hvert ár.

N. segir, að erfitt sé fyrir einn mann að veita þessum sýningum forstöðu. — Hver segir, að það eigi aðeins að vera einn maður? Hvers vegna má ekki ala upp með honum mann, sem síðan geti tekið við af honum? Hví má ekki láta gilda regluna, að betur sjá augu en auga? Ég álít, að rétt sé að láta bændur sjá framan í eitthvað af nýjum andlitum og eitthvað af nýjum skoðunum. Enda hafa áskoranir oftlega borizt stj. Búnaðarfélagsins um það, að hún sendi nýja menn út um sveitir landsins, til þess að leiðbeina mönnum um sauðfjárrækt.

Þá vill n. með 32. brtt. sinni fella niður ákvæði þau, sem voru í 51. gr. frv. N. vill sem sé, að greinin falli burt. Er þar um að ræða samkeppnina milli sauðfjárræktarbúanna. Hún segist ekki hafa trú á, að hægt sé að finna réttlátan samanburð á sauðfjárbúum, þar sem um mjög ólíka staðháttu sé að ræða. Ég vil nú aðeins segja það, að vitanlega hefir það aldrei verið meiningin hjá ráðunautnum. Hann ætlar auðvitað að taka hliðstæð bú, sem hafa sem svipaðasta aðstöðu. Og það er víst, að þessi samkeppni er tiðkuð víða um lönd og þykir hafa mikil áhrif á viðleitni manna í því efni að bæta búfjárstofna sína.

Það er alkunnugt, hve illa gengur að fá menn til þess að taka upp nýja starfsháttu og hve mikið þarf til þess, að bændur taki upp þær breyt. í búskap, sem nauðsynlegar eru. Til dæmis má nefna tilbúna áburðinn. Allir muna, hvernig gekk í fyrstu að fá menn til þess að skilja, hversu gagnlegur hann var. — Það var ekki fyrr en ríkið á alveg sérstakan hátt auglýsti þetta, að menn almennt fóru að veita þessu eftirtekt og

fóru að nota tilbúinn áburð. Sama máli gegnir um þetta sauðfjárræktaratriði og tilbúna áburðinn. Það þarf að auglýsa það með samkeppni, eins og ráðunauturinn vill og gerir ráð fyrir. Þó ef til vill mætti þrengja eitthvað till. ráðunautsins, þá sé ég ekkert vit í því að taka þetta frá ráðunautnum, sem hann svo mjög hefir fyrir brjósti borið um langan aldur. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að ég talaði nýlega um þetta efni við kollega minn Einar fjmrh. Árnason, og nefndi hann mér þá 2 dæmi, af tveim búum í sinni sveit. Hjá öðrum bóndanum, sem ég get nefnt Árna, var önnur hver ær tvílembd, og þar höfðu lömbin að meðaltali 30 punda skrokk. En hjá hinum, sem ég get nefnt Bjarna, var ekkert tvílembt, en þar höfðu lömbin aðeins 25 pd. skrokk. Og þó var þetta hvorttveggja í sömu sveit og að öllu leyti lík hin ytri aðstaða.

Þá kem ég að 4. kafla frv., og þar hefi ég ekki mikið að athuga við brtt. Skal ég fyrst geta þess, að 1. brtt. við þennan kafla, 35. brtt., við 55. gr. frv., er glögglega framfaratillaga, og vil ég þakka hv. landbn. fyrir hana, jafnframt því, sem ég vil lýsa yfir því, að ég er n. alveg sammála um þetta atriði. Og ég vildi óska þess, að ég gæti oftar í þessari ræðu minni haft tækifæri til þess að vera n. þakklátur fyrir slíkar framfaratillögur. Sömuleiðis get ég fallizt á 36. brtt. Vil ég um leið geta 37. brtt., sem gerir ráð fyrir því, að ef almennur hreppsfundur vill ekki stofna fóðurbirgðafélag, þá geti 10 menn innan þess sama hrepps gert það. Sé ég ekkert athugavert við það.

38. brtt. gengur út á það að lækka tekjur tryggingarfélaga. Get ég fallizt á þá lækkun að sumu leyti. Vil ég ekki beinlínis óska að þessi brtt. sé felld, en vildi áminna hv. n. um að athuga vel málið fyrir næstu umr. og sjá, hvað hægt er að gera til þess að bæta hag fóðurbirgðafélaga.

Þá á ég aðeins eftir að minnast á síðustu brtt. hv. n., sem er við hin almennu ákvæði frv. Hún er ein af þeim till., sem að mínu áliti miðar að því að færa þessa löggjöf um stórt skref aftur á bak. Er hún um að fella úr frv. ákvæðið um sýslubúfjársýningar 10. hvert ár. Hv. frsm. gat um, að ráðunautur Búnaðarfélags Íslands hefði látið í ljós, að hann óskaði ekki eftir að hafa þetta ákvæði í frv. Ég get vel getið mér til um, hver ráðunautanna það hefir verið. Hrossaræktarráðunauturinn hefir sem sé enga ástæðu til að óska eftir sýslusýningum 10. hvert ár, því í hans grein búfjárræktarinnar er öll sýningarstarfsemin sýslusýningar.

Ég er ekki í minnsta vafa um, að það væri mjög þarft og gagnlegt, ef hægt væri að koma á almennum sýslusýningum. Slíkar sýningar hafa áður verið hafðar. Búnaðarfél. Ísl. byrjaði sýningarstarfsemi sína með sýslusýningum. En þegar önnur sýningarstarfsemi þess fór að aukast, hafði það ekki ráð á að halda uppi sýslusýningum jafnhliða.

Í sumum nágrannalöndum okkar eru slíkar allsherjar héraðsbúfjársýningar eins og nokkurskonar þjóðhátíð fyrir fólkið, sem landbúnað stundar. Þannig ættu þær einnig að geta orðið hér, fólkinu bæði til gagns og hressingar.

Nú mun Búnaðarfél. Ísl. ætla að fara að draga úr þeirri námsskeiðsstarfsemi, sem það hefir haldið uppi undanfarandi ár, m. a. af því útvarpið er nú fengið. En ég veit, að bændanámsskeiðanna verður saknað úti um sveitirnar. Væri því gott, ef sýslusýningarnar gætu að nokkru leyti komið í staðinn.

Ég vil óska eftir, að heimildin til að halda sýslusýningar sé ekki felld niður úr frv. Hinsvegar er ég fús til samkomulags að breyta ákvæðunum um hana, ef hv. n. þætti hún t. d. of rúm. Það er ekki nauðsynlegt að binda þessar sýningar við hverja einstaka sýslu; það mættu alveg eins vera héraðssýningar, þar sem staðhættir leyfa. T. d. væri heppilegt fyrir Múlasýslur báðar að hafa sameiginlega sýningu við Lagarfljót, Árnes- og Rangárvallasýslur gætu haft sýningu við Þjórsárbrú, o. s. frv.

Ég hefi nú farið gegnum allar brtt. — Ég hefi orðið að þreyta hv. d. með nokkuð löngu máli, til þess að gera grein fyrir, að skertar séu þær tilraunir, sem með þessu frv. er verið að gera til þess að beina búfjárræktarstarfsemi landsmanna inn á sem fullkomnastar brautir. Ég vona, að hv. d. sýni það samræmi í

hug sínum til landbúnaðarins, að hún stígi nú sama sporið í þágu búpeningsræktarinnar, sem hún áður hefir stigið í þarfir jarðræktarinnar.

Í lok ræðu sinnar vék hv. frsm. að ástæðum til þess, að n. snerist á móti sumum af nýmælum frv. Sagði hann m. a., að nú væru mjög erfiðir tímar. Ég játa, að það er hin almenna regla á slíkum krepputímum sem þessum, að ríkið verður að kippa að sér hendinni hvað tilkostnað snertir og framkvæmdir. En sú regla er ekki án undantekninga. Þegar þannig árar, hafa atvinnuvegirnir hvað mesta þörf fyrir hjálp hins opinbera og uppörvun, til þess að þeir séu reknir á sem hagfræðilegastan hátt. Hin almenna regla gildir því ekki um þau gjöld, sem veitt eru atvinnuvegunum til aðstoðar, til þess þeir geti staðizt kreppuna.

Frv. þessu er ætlað að styðja búfjárræktina á tvennan hátt. Annarsvegar á það að stuðla að ræktun búfjárins, en hinsvegar að verja búpeningsræktina áföllum, koma í veg fyrir fóðurskort. Ég vil enn benda á, til frekari áréttingar, hvað ákaflega þýðingarmikið og nauðsynlegt það er fyrir bændur að stunda vel **ræktun** búfjárins. En jafnframt verður að verjast þeirri miklu hættu, sem vofað hefir yfir kvikfjárrækt landsmanna í 1000 ár, fóðurskortinum. Þó að þau ráð, sem hér er um að ræða, séu góð, eru þau ekki annað en bráðabirgðaráðstöfun. Ræktun landsins og ræktun búfjárins verður aðalvörnin gegn fjárfelli í framtíðinni. Þegar bændur hafa stórkostlega aukið afurðir búpeningsins með kynbótum og bættu fóðri, þá munu þeir verða varkárari um það, að ekki geti komið fyrir, að þeir missi allan arð af búfénu vegna fóðurskorts, heldur en nú, meðan það gefur sáralítið af sér vegna illrar ræktar og ills fóðurs. Þá mun fellishættan hverfa af sjálfu sér. Öllu, sem miðar að því, að þetta mark náist sem fyrst, öllum ráðum í þá átt, hvaðan sem þau annars koma, mun ég sérstaklega fagna.

Þó ég hafi beitt mér á móti sumum brtt. hv. landbn. og þó ég hafi nú sýnt fram á skoðanamun um einstök atriði frv., vildi ég mega vænta góðrar samvinnu og samkomulags við hana við endanlega afgreiðslu þessa frv. og um önnur mál, sem n. hefir til meðferðar.

Að síðustu vil ég beina því til hv. n., að ef sú breyt. kemst á samkv. þessu frv., að Búnaðarfél. Ísl. hættir að sjá um útborgun á opinberum styrk til búfjárræktar, geng ég vitanlega út frá, að það fé, sem Búnaðarfélagið hefir áætlað til þeirrar styrkgreiðslu, komi til frádráttar á styrk félagsins. Þyrfti aths. um það að komast annaðhvort inn í fjárlögin eða þessi lög.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Þó ég ætli nú ekki að halda eins langa ræðu og hæstv. forsrh., get ég ekki látið málið fara gegnum deildina án þess að svara honum einhverju. Hann var mjög harðorður um þá spillingu á frv., sem hv. landbn. vildi stuðla að. Ef taka ætti öll orð hans bókstaflega, held ég að ekki væri vanþörf á að taka upp sérstakan kafla í þetta frv., til þess að vernda landbúnaðinn fyrir landbn. Nd. Alþ. Það var eins og till. hennar miðuðu ekki einungis að því að stöðva allar framfarir í landbúnaðinum, heldur mundu þær færa hann mörg ár aftur í tímann, ef samþ. væru.

Af ræðu hæstv. forsrh. mátti sjá, að um margar af till. var hann sammála landbn. Það, sem á milli ber, er ekki svo mörg eða stórvægileg atriði, að ég geti á nokkurn hátt skilið, að á þeim velti framtíð hins ísl. landbúnaðar. Ég get ómögulega skilið, að framtíð landbúnaðarins velti t. d. á því, hvort ríkið kaupir eina fjóra kynbótahesta, hvort komið er upp sýslusýningum á 10 ára fresti, hvort láta má kálfa ganga með kúm þangað til þeir eru 8 mánaða o. s. frv. Þetta eru svo smá atriði, að ég held, að hæstv. ráðh. hafi tekið allt of djúpt í árinni, er hann talaði um, hver áhrif mundi hafa að samþ. brtt. okkar nm.

Okkur landbnm. er ljóst, hvað stórkostlegar framfarir hafa orðið í búfjárrækt á síðari árum hjá sumum, sem hana stunda, þeim, sem stunda hana á réttan hátt, eins og t. d. er gert á Hvanneyri. Okkur er líka ljóst, að þær framfarir verða að halda áfram og breiðast út, og þær gera það, hvað sem þessu frv. líður. Að við með brtt. okkar viljum

kippa búfjárræktarstarfseminni í sama horf og hún var í 1925, þó þær fari í sömu átt og lög, sem þá voru samin, það nær vitanlega engri átt. Þó t. d. jarðræktarlögunum væri haldið óbreyttum eins og þau voru upphaflega, þá er ekki hægt að segja, að jarðræktinni væri með því haldið alltaf í sama horfi og hún var í þegar lögin voru samin. Slík löggjöf heldur áfram að hafa áhrif og stuðla að framkvæmdum og framförum, þó henni sé ekki breytt.

Hæstv. forsrh. talaði um jarðabótastyrkinn og styrk til búfjárræktar sem hliðstæður. Ég aftur lít svo á, að jarðrækt og jarðabætur séu undirstaða allra annara framfara í landbúnaðinum, og því sé styrkur til þeirra hluta ekki fyllilega sambærilegur við neina aðra styrki. Íslenzkir bændur þurfa hvorki meira né minna en að umskapa landið, áður en þeir geta farið að búa á þann hátt, sem tímarnir krefjast. Engan hlut er ríkinu eins skylt að styðja. Það getur oft liðið langur tími, þangað til sumar umbætur á sviði jarðræktarinnar fara að sýna þann árangur, sem þær koma til með að bera. Aftur kemur arðurinn af framförum í búpeningsrækt svo að segja strax í vasa þeirra, sem að þeim vinna. Þess vegna hefði hæstv. ráðh. ekki átt að bera saman þá skyldu, sem ríkinu ber til að styðja jarðræktina, og sem því ber til að styrkja þau félög, sem frv. ræðir um, þó þau að vísu séu mjög þörf. Ég lít þannig á, að það sé ekkert atriði í þessu máli, hvort fleiri eða færri krónur eru veittar í verðlaun fyrir góða kynbótagripi, hvort meiri eða minni styrkur er veittur til að ala þá o. s. frv. Aðalatriðið er að hvetja bændur til búfjárbóta, búa til einskonar ramma utan um starfsemi þeirra og beina áhuga þeirra í rétta átt.

Þá skal ég snúa mér að einstökum brtt., sem hæstv. ráðh. talaði um. Hann minntist á brtt. um undanþágu frá ákvæði frv. um það, að hrútar megi ekki ganga lausir að vetrinum. Hann spurði, hví ekki mætti gilda það sama um undanþágu frá þessu atriði eins og frá samskonar ákvæðum um naut og kynbótahesta. Það má nú að vísu telja þetta hliðstæð ákvæði. Þó er sá munur á, að örsjaldan mundi verða óskað eftir leyfi til að láta naut ganga laus, en aftur mundu svo margir sækja um undanþágu frá því að þurfa að hafa hrúta í haldi, að það væri bæði óþarft og óviðeigandi, að slíkt þyrfti að koma til kasta atvmrh. Ég geri ráð fyrir, að meiri hluti allra hreppa í landinu mundi æskja þeirrar undanþágu.

Þá minntist hæstv. ráðh. á, að ósamræmi yrði í ákvæðum frv. um laun kynbótanefndanna eftir till. landbn. Ég held, að þar sé aðallega um orðamun að ræða, því heimilt á að vera að greiða bæði nautgripakynbótanefndum og hrossakynbótanefndum þóknun, og í báðum tilfellum ræður hreppurinn, hvað hún skuli vera há.

Aths. hæstv. forsrh. út af brtt. við 13. gr. er þegar svarað. Það var eitt af þeim atriðum í till. landbn., sem hæstv. ráðh. taldi spor aftur á bak. Eins og getið hefir verið um, er í þessu frv. gert ráð fyrir nýjum styrkflokki, fóðurstyrknum. Ætti það að vega á móti því, að þarna væri fellt niður ákvæði um verðlaunagreiðslu úr ríkissjóði.

Um styrkinn til nautagirðinganna er það að segja, að það er að vísu rétt hjá hæstv. ráðh., að eftir till. landbn. yrði hann lægri en styrkur til venjulegra girðinga samkv. jarðræktarlögunum. En hér er ólíku saman að jafna, þar sem annarsvegar er um að ræða nauðsynina til að styrkja jarðræktina. Það er auðvitað ekki meiri ástæða til að veita félagi margra manna háan styrk til að gera litla girðingu heldur en að styrkja einstaka menn til að gera miklu stærri girðingar. Margir einstakir menn verða að kosta á einu ári miklu stærri girðingar vegna jarðræktarframkvæmda heldur en hér er um að ræða.

Þá er fóðurstyrkurinn, sem brtt. við 33. gr. ræðir um. Frv. gerir ráð fyrir tvennskonar styrk til kynbótastarfseminnar, styrk til kaupa á kynbótagripum og til fóðrunar þeirra. Áður hefir verið talað um, hver er tilgangurinn með fóðurstyrknum. Með honum á að stuðla að því, að gripir, sem hafa reynzt sérstaklega vel til undaneldis, séu notaðir sem lengst, með því að veita styrk til að fóðra þá síðustu árin. Nú hefir nautgriparæktarráðunauturinn óskað eftir að halda fóðurstyrknum í sinni grein búfjárrækt-

arinnar, en hrossaræktarráðunauturinn hefir aftur fremur kosið, að veittur verði styrkur til gripakaupa í hans grein. — Hvorttveggja hefir verið tekið til greina. En þar að auki gerir frv. ráð fyrir að veita styrk til fóðrunar kynbótahesta. Fannst okkur landbnm. því ekkert ósanngjarnt, þó sá styrkur næði aðeins til 1. flokks kynbótahestanna.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 20, n. 176).

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson) [frh.]: Þá er að byrja á því, sem frá var horfið í gær. Ég vildi minnast á aths. hæstv. forsrh. við brtt. við 5. gr., þar sem er bannað að taka naut í landi eigandans og fara með það sem óskilafé. Þetta ákvæði nær ekki nokkurri átt. Fyrst og fremst varðar það sektum fyrir hvern mann, sem lætur kálf ganga lausan, og er þá hægt að kæra hann og láta sæta sektum, sem nema frá 5—10 kr. Þar að auki á hann að greiða skaðabætur, ef svo fer, að kálfurinn gerir tjón, þó á heimalandi eigandans sé. Það getur orðið hættulegt vopn til að klekkja á mönnum, að notfæra sér þessa grein hvað þetta snertir.

Þá kemur 8. brtt., við 10. gr. Þar sem möguleikar eru til að stofna nautgriparæktarfélag, verða eftir frv. að vera 10 bændur í því, en brtt. fer fram á, að meiri hl. bænda verði að vera í því. Ég viðurkenni, að það er meira í þessu. Það er ósamræmi í þessu við hrossaræktarfélögin. Ég mun beitast fyrir, að n. lagfæri þetta á þann hátt, að vald það, sem þessum mönnum er gefið í málum þeim, sem hér um ræðir, verði bundið við, að meira en helmingur bænda í sveitinni sé í því og að sama ákvæði sé sett í hrossaræktarlögin.

Þá kemur 9. brtt. n., við 11. gr. Það kom til tals í n., hvort ekki væri rétt að gera ráð fyrir fleiri fitumælingum, en við gátum ekki skilið ráðunautinn öðruvísi en að 3 fitumælingar væru nokkurn veginn trygging fyrir því, að hægt væri að sjá eðlisgæði þeirra mjólkurkúa, sem mældar væru á landinu. Þess vegna gerðum við ekki ráð fyrir fleirum en 3 mælingum.

Um styrk til hrossaræktargirðinga hefi ég þegar talað, um leið og ég minntist á afstöðu n. til styrks til nautgripagirðinga, og get ég vísað til þess. En ég get bætt því við, að mér finnst óþarfi að gera ráð fyrir að styrkja félagið til endurnýjunar á girðingum á 15 ára fresti. Það kom fram í n. uppástunga til að veita heimild til endurnýjunar styrks á girðingum á þessu tímabili með því að færa síðan styrkinn niður um helming. En það varð ofan á að sleppa honum. Það nær ekki nokkurri átt að binda ríkið til að styrkja sömu girðingarnar á 15 ára fresti.

Þá er það 36. gr., um kynbætur á hestum. Eins og hæstv. ráðh. talaði fyrir henni í gær, virðist mér vaka annað fyrir honum en hrossaræktarráðunautnum. Þegar hann kom á fund með n., sagðist hann ekki gera ráð fyrir, að gamlir hestar og nógu viðurkenndir yrðu keyptir til nota í þessu skyni. Hann gerði ráð fyrir, að slíkir hestar yrðu ekki falir, og vitnaði í reynslu sína. Þetta myndi aðallega verða reynt með unga fola, sem þættu efnilegir. En okkur virðist engin vissa með unga fola, að þeir reynist það, sem krefjast verður um opinbera kynbótahesta. Við vildum þess vegna ekki leggja til, að þetta yrði gert, þar sem undir mörgum kringumstæðum, að þetta yrði misskilið og fólk fengi ótrú á þessu, því þótt folar séu fallegir ungir, gefa þeir ekki ætíð eftir því jafngóða reynslu. Ef ætti að veita þessa heimild, yrði hún að vera bundin við hesta, sem full reynsla væri fengin um, að væru góðir kynbótahestar. Þess vegna lagði n. til að fella þetta ákvæði niður. Ég svaraði því í gær, hvers vegna n. vildi með lögunum ákveða vald hreppsnefnda til að segja fyrir um, á hvaða tíma væri leyfilegt að láta hrúta ganga lausa innan þeirra vébanda, heldur en að slá nokkru föstu í lögunum sjálfum — og veita svo undanþágur frá því eftir staðháttum. Undanþáguumsóknir yrðu svo margar, að það yrði stórkostleg vinna fyrir ráðuneytið að ráða fram úr því öllu. (JS: Það yrði að setja upp skrifstofu). Já, það gæti komið til mála, því ég er sannfærður um, að þá yrðu flestir hreppar, sem sæktu um undanþágu.

Þá kem ég að sauðfjárræktarsýningunum. Hæstv. ráðh. óskaði að fá að ræða þetta nánar við n., um fyrirkomulag á sýningunum, áður en nokkru er slegið föstu. Þó að hann andmælti þessu, virðist aðeins vera stigmunur, en ekki eðlismunur á skoðunum hans og n. Við féllumst á að taka till. aftur til 3. umr., til þess að geta borið okkur saman frekar við ráðh. um þetta atriði.

Þá var það brtt., sem fjallar um það að færa hrútasýningar úr 5. hverju ári niður í 3. hvert ár. Það er ekki stórt atriði, en ég tók það fram áðan, að fyrir n. vekti, að láta sama manninn annast allar sýningarnar, til þess að sem bezt samræmi væri í öllum dómum, enda fylgist hann þá betur með öllum framförum á þessu sviði. En einn maður kemst yfir að halda sýningar á öllu landinu á 5 árum, en ekki þremur. Vitanlega er þetta ekki stórt atriði.

Nefndin varð sammála um að fella niður till. um samkeppni milli sauðfjárbúa. Ekki af því, að hún horfi í það fé, sem til þess fer, heldur af því, að hún hefir litla trú á, að þar fengist niðurstaða, sem hægt er að byggja á, að hlutaðeigandi bónda sé að þakka, hve vænt fé hann á, heldur væri það verðlaun afréttarinnar. Hún vill ekki stofna til þess kostnaðar, sem þetta hefir í för með sér, af ótta við það, að sú niðurstaða, sem þar fengist, yrði ekki rétt.

Þá kem ég að brtt. við 5. gr., þar sem ákveðið er, að gjald sveitarinnar fari úr 50 kr. niður í 30 kr. á hvern félagsmann. Það er ekki af því, að n. áliti, að þetta sé of mikið fé, heldur af því, að okkur var ljóst, að fyrir mörg fátæk sveitarfélög muni þetta svo mikil útgjöld, að það gæti munað því, hvort félagið er stofnað eða ekki. Þess vegna vildum við þoka gjaldinu niður, til þess að það yrði ekki hindrun fyrir að stofna félagið, í því trausti, að þegar félagið væri komið upp og farið að sýna sig, myndu gjöldin verða hækkuð, eftir því sem þörf þess krefði og geta sveitarfélagsins leyfði.

Um sýslusýningarnar hefi ég litlu við að bæta. Ég lít svo á, að það yrðu mjög fáar sýslur á landinu, sem hafa vegarkerfi til þess að geta haft not af sýningunni, svo að sýningin yrði þá aðeins fyrir fáa menn. — Það er vilji og skoðun n. um öll ákvæði í lögum, sem reynast mundu ekki annað en kák, að strika þau út. Hæstv. ráðh. minntist á vegna þessara laga, að á krepputímum þyrftu atvinnuvegirnir ekki síður stuðning en ella. En það fer ekki saman, þörf atvinnuveganna og geta ríkissjóðs. Vitanlega er erfitt að koma á lögum á krepputímum, sem hafa útgjöld í för með sér. Þess vegna töldum við skyldu okkar að fara eins skammt í þessu eins og við sáum okkur fært, án þess að draga úr gildandi lögum eða starfseminni. Hitt er miklu hægara, að bæta þetta upp, þegar betur lætur í ári, eftir því sem þörf er á og reynslan bendir til með. Annars vil ég segja það, að þó að nokkur ágreiningsatriði séu milli n. og ráðh., þá get ég ekki séð, að ástæða sé til að taka eins fullan munninn og hann gerði um það í gær. Til að sýna, að það eru engin aðalatriði í þessu máli, sem aðskilja hæstv. ráðh. og landbn., hefi ég dregið saman nokkur helztu ágreiningsatriðin.

Fyrsta: Hvort leyft skuli að láta ganga lausa 8 eða 5 mánaða kálfa.

Annað: Hvort ríkisstj. eða hreppsnefndirnar ákveði, hvenær hrútar mega ganga lausir.

Þriðja: Hvort leyfa skuli að fara inn í annara manna lönd og taka þaðan gripi þeirra og fara með sem óskilafénað og selja án innlausnarfrests.

Fjórða: Hvort styrkja skuli 3 eða 4 fitumælingar árlega.

Fimmta: Hvort greiða skuli 100 kr. meira eða minna til girðinga hesta og nautgripa.

Sjötta: Hvort fella skuli niður 50 kr. fóðurstyrk nokkurra kynbótahesta, sem hlotið hafa II. verðlaun á afkvæmasýningu.

Sjöunda: Hvort styðja skuli 4 eða fleiri saufjárbú.

Áttunda: Hvort halda skuli hrútasýningar 3. eða 5. hvert ár.

Níunda: Hvort framlag hlutaðeigandi sveitarfélags til fóðurbirgðafélags skuli vera 50 kr. eða 30 kr. fyrir hvern félagsmann.

Tíunda: Hvort verðlaun á nautgripasýningum skuli greiðast að öllu eða að nokkrum hluta úr ríkissjóði.

Ellefta og tólfta ágreiningsefnið lýtur að samkeppninni milli sauðfjárbúanna og sýslusýninganna, og er það aðalágreiningsatriðið.

Af þessu verður það öldungis ljóst, að í rauninni ber ákaflega lítið á milli n. og hæstv. forsrh., og þegar þess er gætt, að n. hefir borið fram 45 brtt. við frv., sem flestar eru tvímælalaust til bóta og sumar til stórbóta, þá held ég, að n. geti skilið við frv. með góðri samvizku, og í þeirri trú og vissu, að betur sé frá því gengið nú, eins og n. skilar því frá sér, heldur en þegar hún tók við því.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég get látið í ljós ánægju mína yfir því, að hv. landbn. virðist, eftir síðustu ræðu hv. frsm. að dæma, vera fús til samkomulags um sum einstök ágreiningsatriði frv., og skal ég fyrir mitt leyti lýsa því yfir, að ég er mjög fús til samvinnu við hv. n. um afgreiðslu þessa frv. Ég skal geta þess, að mér var þessi síðasta ræða hv. frsm. sérstaklega geðfelld, enda mun það í rauninni mjög lítið, sem á milli okkar ber í þessu máli, og sennilega miklu minna en nál. bendir til. Mér er því óljúft að deila við hann um þetta mál, enda gerist þess ekki þörf frekar, að svo stöddu, því að sumpart hefir n. tekið bendingar mínar til greina og sumpart gefið fyrirheit um að gera það og lofað að fresta atkvgr. um einstakar brtt. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að tala langt mál að þessu sinni; get ég í öllum aðalatriðum vísað til ræðu minnar í gær. Ég mun taka til máls við síðari umr. hér í þinginu, ef þörf gerist, en annars á ég það undir hv. deild, hvernig hún sker úr þessu máli.

Lárus Helgason: Ég býst nú ekki við að tefja tímann með langri ræðu, fremur en minn er vandi. Ég tel hv. frsm. hafa gert svo glögga grein fyrir afstöðu landbn., að litlu sé þar við að bæta. Á hinn bóginn er mér fremur óljúft að deila við hæstv. forsrh. um þetta mál, því að ég þekki of vel hinn eldheita áhuga hans fyrir landbúnaðinum, og ég er þess fullviss, að honum gengur ekki annað en gott til, er hann leggst á móti till. n. Ég tók þess vegna ekki nærri mér í gær að þola ávítur hans til okkar nm. fyrir þær brtt., sem við höfum flutt við þetta frv. Ég get vel skilið, að hæstv. ráðh. sárni það, að við skildum verða til þess að flytja till., sem ganga skemmra en frv. hans, en ég vænti þess, að ræða hv. frsm. hafi fært hæstv. ráðh. heim sanninn um það, að það er ekki tómlæti um hag og velfarnað landbúnaðarins, sem liggur að baki þessum till. okkar. Ég hefi þess vegna nokkra ástæða til þess að ætla, að góð samvinna geti orðið um afgreiðslu þessa frv., þrátt fyrir þennan ágreining, sem í rauninni má heita fremur óverulegur.

Hæstv. ráðh. gat þess í gær, að ef ráðunautar Búnaðarfélagsins, sem hlýddu á umr. í gær, hefðu málfrelsi hér í deildinni, þá myndu þeir styðja málstað hans í þeim greinum, sem á milli ber. Ég held, að ráðunautarnir þurfi ekki að kvarta um það, að þeir hafi ekki málsvara hér í d., þar sem er hæstv. forsrh. Annars skal ég segja það fyrir mína parta, að ég get ómögulega fylgt því gegnum þykkt og þunnt, sem ráðunautarnir leggja til, því að það er nú einu sinni svo, að sérfræðingum getur skjátlast ekki síður en öðrum dauðlegum mönnum. Ég kann ekki við þá hugsun, sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh., að óhugsandi væri að framkvæma neitt í þessum málum nema samkv. ráðum sérfræðinganna, og að till. landbn. væri að engu hafandi að því leyti, sem þær féllu eigi saman við till. ráðunautanna. Hæstv. ráðh. veit það þó, að n. er skipuð þeim mönnum, sem væntanlega hafa þó eitthvert vit á þessum hlutum, þar sem um gamla og reynda bændur er að ræða. Ég kann þess vegna ekki við það, ef á að hundsa till. nm. á þeim grundvelli, að þeir hafi ekkert vit á þessum hlutum, eða a. m. k. lítið í samanburði við ráðunautana.

Hæstv. ráðh. fannst það ósamræmi hjá n. að vilja ekki beina tilstyrk hins opinbera að búfjárræktinni í eins ríkum mæli og að jarðræktinni eftir gildandi lögum. Þetta er ekkert ósamræmi, því að jarðræktin er þó undirstaðan og frumskilyrði búfjárræktarinnar, og hinsvegar ber á það að líta, hversu skammt jarðræktin er enn komin hér á landi, svo að segja

má, að hún sé enn á byrjunarstigi, eða tæplega það í sumum greinum. Ég er alveg sannfærður um það, að brýnni þörf er oss á að stuðla að aukinni jarðrækt í landinu og aukinni og bættri fóðuröflun handa búfénaðinum heldur en hinu, að fara að taka upp ýmiskonar skriffinnsku og skýrslugerð um það, er lýtur að búpeningsræktinni, og ýmsa mjög vafasama nýbreytni og óreynda hér. Ég tel mjög hæpið að lögfesta slíkt áður en full reynsla er fengin fyrir nytsemi þess, miðað við íslenzka staðhætti. Það er ekki einhlítt að bera okkur saman við önnur lönd hvað þessi mál snertir, því staðhættir eru þar aðrir, og það, sem kann að geta gengið vel þar, er óvíst að þrífist hér. Fjölbýli er þar meira og samgöngur örari, svo að hægara er að koma þar við ýmsu því, sem þetta frv. á að lögfesta hér á landi svo sem sýningum og ýmiskonar félagsskap til búpeningsræktar. Þó má ekki skilja orð mín svo, að ég sé á móti slíkri starfsemi í sjálfu sér, heldur óttast ég það, að slík löggjöf komi ekki að tilætluðu gagni, eins og búnaði vorum er háttað nú og ætla má að verði næstu ár. Ég get líka ekki varizt þeirri hugsun, að eins og nú standa sakir, þá hafi bændur annað að gera en að halda margbrotnar og flóknar skýrslur eða bókhald um fénaðinn í heild og einstaka gripi; ég býst við, að margir bændur þykist góðir, ef þeim tekst að fá fólk til þess að hirða búpeninginn, þó ekki sé annað. Ég hefi enga trú á því, að þessum lögum verði fylgt, og ég hefi enga trú á þessari skriffinnsku og stauti. Kynbætur búpenings eru að vísu þarflegar, en byrjunarstig allra kynbóta er bætt fóðrun. Þó að tilfærð séu einstök dæmi um arðsemi einstaklinga, þá er það engin sönnun þess, að ekki þurfi annað en að hefjast handa um kynbótatilraunir, því að slíkar tilraunir geta auðveldlega mistekizt, sérstaklega ef fóðrun og hirðing er ekki í því lagi, sem skyldi. Það er t. d. ómögulegt að fá margar ær til að gefa jafnan arð, þrátt fyrir kynbætur, en vitanlega má komast nærri því með kynbótum og góðri meðferð. N. er það vel ljóst, að frv. þetta stefnir að því leyti í rétta átt, og vill því engan veginn leggja stein í götu þess. Er það álit okkar, að frv. standist betur í framkvæmdinni sem lög, ef brtt. okkar ná fram að ganga.

Það er ekki laust við, að ég kunni illa við það, ef á að lögfesta það, að fara til ráðunautanna með hvert smáræði, sem er, alveg eins og reynsla og þekking gamalla og góðra bænda sé að engu hafandi í hvívetna og í engu treystandi. Þó finnst mér nú skörin færast upp í bekkinn, ef það á að spyrja ráðunautana um það, hvort hafa megi 5 mánaða kálfa lausa! o. s. frv. Ég hefi litla trú á því, að bændur afsali sér þessu valdi, hvað þá heldur því, sem meira er um vert, enda munu þeir jafnan vilja ráða því sjálfir, hversu þeir haga búskap sínum yfirleitt. Hvað þetta atriði snertir, sem ég drap á, þá vill n. láta hreppsfélögin hafa úrskurðar- og ákvörðunarrétt þess með samþykktum. Sama er að segja um hrútana; það á, samkv. frv., að sækja um leyfi til þess að mega láta þá ganga lausa um vetrartímann. Við álítum heppilegra að láta sveitarfélögin ráða þessu. Ég er sannfærður um það, að þótt það væri bannað með lögum að láta hrúta ganga lausa frá 1. okt til 1. maí, þá yrði slíkt lagaboð að engu haft í framkvæmdinni. Það yrðu heilar sveitir og heilar sýslur, sem brytu það. En n. er allsendis ófús á það að setja lög, sem hún veit fyrirfram, að verða þverbrotin. Það þýðir ekki að gera of mikið úr sérfræði ráðunautanna; þeir hafa að vísu nokkra bóklega þekkingu, en skortir hinsvegar reynslu á móts við gamla og góða bændur. Ég veit það, að þetta eru góðir menn og áhugasamir og alls góðs maklegir, en oftrú á þekkingu þeirra er háskaleg. Ég vil fara vel með þessa menn, og fyndist mér vel viðeigandi að verja einhverju af þessu fé, sem ætlað er til sýninga og þvílíks, til bústaðar í sveit handa þessum mönnum, svo að þeir geti sýnt búmennsku sína og látið ljós sitt skína yfir nágrennið og þaðan út frá sér, öðrum til eftirbreytni í öllu, er að búskap lýtur. Það yrði nú líklega enginn vandræðabúskapur!! Ég er alveg viss um það, að það er margt í þessu frv., sem almenningur myndi álíta hégóma einan og alls ekki fara eftir. Það þýðir ekki að troða slíkri löggjöf upp á fólkið; það verður að fara að því með liðlegheitum í þessu sem öðru. Það er

líka fullvíst, að fyrirmyndarbændur til og frá um landið kenna miklu meir og betur út frá sér en þessir „sérfróðu“ umferðaráðunautar, sem eru venjulega með endalausar skýrslugerðir og fánýta skriffinnsku.

Jón Sigurðsson: Ég ætlaði ekki að kveðja mér hljóðs við þessa umr., því að hv. frsm. hefir gert svo ítarlega grein fyrir afstöðu n., að engu er þar við að bæta frekar. En það var ræða hæstv. forsrh., sem gaf mér tilefni til þess að standa upp. Hann réðist á n. með þjósti miklum í gær og taldi okkur hafa spillt frv. með brtt. okkar. Nú hefir hann gefið form. n. og frsm. einskonar syndakvittun með skjalli sínu, svo að þá erum það við hinir nm., sem sitjum eftir í syndinni. Ég ætla ekki að bera fram varnir fyrir okkur; við munum standa jafnréttir þrátt fyrir stóryrði ráðherrans. En ég get ekki látið hjá líða að drepa nokkuð á frv. í heild og einstök atriði þess, einkum þau, sem við höfum flutt brtt. við.

Það kemur fram í frv. sú varhugaverða stefna, sem einkum hefir gert mjög vart við sig nú á síðustu árum, að ef einhverjum dettur eitthvað nýtt í hug, þá beri að lögbinda það umsvifalaust, án allrar frekari athugunar og reynslu, jafnvel þótt það hafi stórlega aukin útgjöld fyrir ríkissjóð í för með sér. Sumt í frv. þessu er tekið upp, vegna þess að það hefir verið reynt eitthvað erlendis, en þess ekki gætt, að þar eru allt önnur skilyrði fyrir hendi en hér. Sem dæmi má nefna, að norska ríkið á nokkra kynbótahesta, en það kemur ekki af því, að það sé í raun inni hörgull á kynbótahestum þar í landi, heldur er það vegna þess, að eigendur ágætra kynbótahesta hafa sett folatollinn svo háan, að fátækir bændur hafa ekki getað notað folana fyrir þá sök. Þessi ráðstöfun er þess vegna þarfleg eftir því, sem þar hagar til. Hér á landi hagar svo til, að folatollar eru yfirleitt afarlágir, sem stafar af því, að eftirspurnin eftir folunum er svo lítil, að eigendur hestanna fá ekki nógu margar hryssur handa þeim og því gagnstætt því, sem er í Noregi. Svona er ýmislegt í frv., sem byggt er á skökkum grundvelli og miðað við kringumstæður og staðhætti, sem ekki eru fyrir hendi.

Ennfremur má í þessu sambandi benda á, að Búnaðarfélaginu, sem hæstv. forsrh. er formaður í, er ætlað að hafa með höndum ýmiskonar tilraunastarfsemi í búfjárrækt, meðal annars í ýmsu því, sem þetta frv. fjallar um. Búnaðarfélagið hefir nú og á undanförnum árum haft um kvart milljón króna til umráða frá ríkinu í því skyni, en ýmsar þeirra eru ógerðar enn. Ég held þess vegna, að við ættum að láta Búnaðarfélagið gera frekari tilraunir með ýmislegt, sem eftir frv. á að lögbinda, enda þótt engin fullnægjandi reynsla sé enn fengin um margt af því. T. d. má benda á samkeppnissýningarnar. Ég má segja, að Búnaðarfélaginu hefir verið skrifað eitthvað um það, og málið hafi legið fyrir Búnaðarþingi, en búnaðarþingið ekki viljað sinna málinu. En nú er þessu kastað óhugsuðu inn í þingið og á að lögskipast, aðeins af því að ráðunautarnir hafa stungið upp á þessu, en ríkissjóður á að borga brúsann. Þannig er það með flest af því, sem n. hefir lagt til að breyta; hún taldi sér skylt að sýna þá varfærni að lögbjóða það eitt, sem fullar líkur væru til að kæmi að verulegum notum, og binda ríkissjóði hóflegar skyldur á þessum erfiðu tímum.

Það var meira en broslegt, að heyra hæstv. forsrh. vera að belgja sig upp út af till. n., eins og hann gerði í gær, eftir að hv. frsm. hafði flutt ræðu sína. Fyrr mátti nú vera fádæma rembingur. Það var engu líkara, ef eitthvað mætti marka fullyrðingar ráðh., en að við værum með till. okkar að steypa landbúnaðinum ofan í það ástand, er ríkti hér á 17. öld, enda varð mörgum að brosa að gífuryrðum og bægslagangi ráðh. Ræðumaður virtist ganga út frá því, að þdm. hefðu ekkert vit á þeim málum, er verið var að ræða. Það má nú fyrr vera, að halda fram sínu máli, ellegar að hafa slíkar firrur og fjarstæður í frammi. Það er óviðfeldið að heyra þvílíkt úr ráðherrastóli. — Af því ráðh. hampaði mjög ráðunautunum og þóttist styðjast við þeirra vilja, þá skal ég geta þess, að ráðunautarnir störfuðu með n. að brtt. okkar, og annar þeirra bauðst jafnvel til þess að semja

brtt. viðvíkjandi nautgriparæktinni. Við vissum því ekki annað en að brtt. þær, er n. flytur, væru einnig samþ. og studdar af þeim. Það má nú vel vera, að þeim hafi fundizt við ganga heldur langt í einstöku till., en þar sem við nm. og ráðunautarnir vorum búnir að koma okkur saman um aðalatriði brtt. okkar, þá höfðum við ástæðu til að halda, að þeir stæðu fast við þær, eins og venja er í nefndum. Ég vildi aðeins geta þessa, vegna þess að hæstv. ráðh. flaggaði svo mikið með nöfnum ráðunautanna og þeirra skoðunum.

Eins og ég tók fram í upphafi máls míns, ætla ég ekki að fara að taka að mér að verja gerðir n. Ég tel þess ekki þörf, þar sem hv. frsm. hefir gert það svo rækilega í sinni ræðu; heldur vildi ég aðeins skjóta fram þessum aths. um einstök atriði í brtt. n.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Tveir nm. í hv. landbn. hafa nú veitt til mín nokkrum orðum, sem mér þykir rétt að svara að nokkru, og skal ég þá byrja á þeim, er síðar talaði, hv. 2. þm. Skagf. Hann sagði, að ég hefði farið að n. með þjósti, en þetta er alls ekki rétt hjá hv. þm. Ég fór alls ekki að hv. n. með þjósti; ég dró aðeins fram þau rök, er ég fann handbær, og mælti á móti brtt. hv. n. af því að ég áleit, að n. með þeim legði til, að gengin væru nokkur skref aftur á bak. Ég var aðeins með ræðu minni að reyna að rétta hlut frv. og afla því fylgis innan hv. þd., auk þess sem ég reyndi að leita samkomulags við hv. n., sem orðið gæti milli umr. Það verður sannarlega ekki sagt með réttu, að ég hafi flutt mitt mál með þjósti, enda hefir ræða mín í gær haft þann árangur, að hv. n. hefir þegar lagað sumar af sínum brtt.

Hv. þm. talaði um það í almennum umr. um frv., að það væri hér eins og talið sjálfsagt, ef einhverjum dytti eitthvað nýtt og óreynt í hug, þá ætti að þjóta strax til og búa til frv.

Hér er um það að ræða, að lögfesta fyrirkomulag, sem lengi er búið að standa og er orðið viðurkennt. Það er því langt fjarri, að hægt sé að segja, að hér sé um að ræða eitthvað nýtt og óhugsað. Fyrir mörgum ákvæðum frv. er fengin margföld reynsla, bæði innlend og sumpart erlend, er sýnir, að samskonar lagaákv. hafa falið í skauti sér stórkostlegar hagsbætur fyrir landbúnaðinn. Það er því langt frá því, að það sé rétt hjá hv. þm., að þetta frv. sé samið af neinni fljótfærni. Og einmitt þeir menn, sem mest hafa unnið að samningu frv. eru þeir, sem eru öllum kunnugri þessum málum og eru því vitanlega sjálfsagðir til þess verks að semja frv. Ég get því alls ekki tekið ákúrur hv. þm. til mín um það, að ekki hafi verið vandað til frv.

Hv. þm. sagði, að Búnaðarfélagið hefði sjálft átt að taka að sér þá starfsemi, er frv. hljóðar upp á, en ekki vera að hlaupa með þetta til þingsins. Það er nú einmitt svo, að Búnaðarfélagið hefir unnið að ýmsum þeim greinum, sem lögfesta á með frv., en félagið hefir nú takmarkað fé til umráða. En svo verður hv. þm. að taka það með í reikninginn, að aðaltilgangur frv. er sá, að lögfesta þessi atriði, sem hafa verið framkvæmd undanfarið eins og þau væru fyrirskipuð. Og þetta játaði hv. frsm. n. í gær, að n. væri sammála um að ætti að gera. En var þá ekki sjálfsagt að taka einnig með þau nýmæli, sem vissa þótti fyrir, að yrðu til stórra bóta?

Hv. þm. sagði, að þetta frv. hefði komið til þingsins óhugsað og óundirbúið, og hann virtist furða sig á því, að ég skyldi bera fyrir mig ráðunautana og þeirra skoðanir. En hvert átti ég eiginlega að snúa mér, ef ekki til þeirra sérfróðu manna um þessi efni? Mér er það ekki ljóst, til hverra annara ég hefði átt að leita en einmitt minna starfsmanna í Búnaðarfélaginu, og ég skal segja það alveg afdráttarlaust, að mér kom ekki til hugar að ráðfæra mig við aðra en þá.

Þá verð ég að segja nokkur orð út af ræðu míns ágæta samherja og vinar, hv. þm. V.-Sk. En ég verð að segja það, að mér er allt annað en ljúft að deila við annan eins mann og hann með aðra eins fortíð. Hv. þm. sagði, að sérfræðingum gæti skjátlazt, og þar af leiðandi ekki síður sérfræðingum Búnaðarfél. en öðrum. Ég get vitanlega fallizt á það, að við megum ekki binda okkur um of við skoðanir sérfræðinga, en ég vil einmitt benda

mínum góða vini, hv. þm. V.-Sk., á það, að hér er ekki eingöngu byggt á orðum og áliti sérfræðinga, heldur miklu meir á reynslunni, bæði okkar eigin reynslu og annara reynslu. Frv. er einmitt byggt á reynslunni, sem ég veit og hv. þm. hefir sýnt, að hann ber svo mikla virðingu fyrir.

Hinsvegar er það svo bæði með mig og hv. þm. V.-Sk., að við getum eigi orðið sérfræðingar í öllum þeim málum, er koma fyrir þingið, en þm. verða einmitt sérfræðingar hver á sínu sviði eftir því, hvaða mál þeir kynna sér bezt og leggja mesta alúð við.

Hv. þm. V.-Sk. hefir verið sá mikli sérfræðingur og sá mikli og ágæti framfaramaður í sínu héraði í samvinnu- og félagsframkvæmdamálum öllum. Mér dettur ekki í hug að krefjast þess, að hann frekar en ég sé svo fullkominn að vera sérfróður á öllum sviðum. Ég get ekki verið honum sammála um starfsmenn Búnaðarfélagsins og tel, að þar fari hann nokkuð villt í ályktunum sínum. Ég tel mig kunnugri störfum þeirra en hann, og skoðun mín á þessum starfsmönnum og starfi þeirra er allt önnur en hans.

Sigurður Eggerz: Það, sem ég hefi að segja í þessu máli, er ekki nema smá aths. og fyrirspurnir viðvíkjandi frv. Það, sem hæstv. forsrh. var að tala um sérfræðingana, gaf mér tilefni til þess að spyrja um það, hvort sérfróður maður hafi rannsakað lög þau um búfjártryggingar frá 1. maí 1928, sem nú eiga að vera upphafin með þessu frv. Mér skilst það á lögunum frá 1928, að það sé ákveðið að stofna búfjártryggingasjóð, er skuli annast endurtryggingar á búpeningi, en að heima í hreppunum skuli svo vera aðrir sjóðir, sem búpeningurinn sé fyrst tryggður í.

Eftir þessu nýja frv. skilst mér, að nú eigi að tryggja búpeninginn beint í þessum sjóði. Ég er ekki að lasta þessa breyt., en vildi aðeins óska þess, að þetta vátryggingarfyrirkomulag yrði sem bezt athugað af sérfræðingum, áður en það verður leitt til endanlegra lykta. Jafnframt vildi ég óska þess, að flýtt yrði fyrir framkvæmdum búfjártrygginga. Ég veit ekki, hvort þær hafa nokkuð komið til framkvæmda eftir lögunum frá 1928. (Forsrh.: Þau eru þegar komin til framkvæmda). Og þá skilst mér, að reynslan hafi sýnt, að breyt. þær, er gerðar eru með þessu frv., hafi reynzt nauðsynlegar. Mig langar til, úr því að ég er staðinn á fætur, að spyrja hæstv. stj. og hv. n., hvað þær áætla, að till. frv. hafi mikinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Ég spyr ekki að þessu af því að ég ætli mér að verða Þrándur í Götu frv., því það er síður en svo, heldur álít ég, að upplýsingar um það atriði mundu verða til þess, að frv. yxi engum í augum. Auk þess er jafnan æskilegt, að deild og þing hafi sem bezt yfirlit yfir það, hvern kostnað hin einstöku lagafrv. hafa í för með sér fyrir ríkissjóðinn.

Ég ætla ekki að blanda mér inn í deilu hæstv. forsrh. og n., en býst við, að ef áætlun væri gerð um það, hve mikið sparaðist við brtt. n., þá mundi koma í ljós, að það yrði ekki mikið, og ég verð að segja það, að ég hefi yfirleitt mikla tilhneigingu til að hallast meir að frv. óbreyttu. Hygg ég, að það muni gleðja stj. ekki svo lítið að fá slíka yfirlýsingu frá mér, þar sem ég er nú nýbúinn að fá vottorð hjá einum mikilsvirtum þm. um það, að ég muni vera ágætur búmaður, vottorð, sem hann gaf eftir að ég hafði látið álit mitt í ljós um frv., er fjallaði um landbúnaðarmál.

Ég er sannfærður um það, að kynbæturnar eru þýðingarmikið atriði fyrir sauðfjárræktina og tel, að sá kostnaður, sem leiddi af fjölgun fjárræktarbúa eftir ákvæðum frv., mundi margborga sig. Hinsvegar er ég á þeirri skoðun, að heppilegra væri að hafa fá kynbótabú en góð heldur en mörg bú, sem væru slæm. Það, sem mestu varðar í þessu efni, er án efa, að eftirlitið sé gott. Sama er að segja um hrossakynbæturnar; þær eru vafalaust mjög nauðsynlegar, en fyrst og fremst mun mest undir því komið, að þar sé viturlega ráðstafað.

Ég játa það, og mér er það mjög ljóst, að landbúnaðurinn á við mikla örðugleika að stríða. Ég hefi nýlega átt tal við mjög merkan bónda af Vesturlandi, sem hélt því fram, að hækkun vinnulaunanna væri það, sem alveg virtist ætla að sliga landbúnaðinn, og taldi hann, að

minna munaði um alla ríkissjóðsstyrkina til landbúnaðarins heldur en verðhækkun vinnunnar síðastliðin ár.

Hvarvetna í heiminum á landbúnaðurinn erfitt uppdráttar. Hér á landi skortir mjög lánsfé með viðunandi kjörum handa landbúnaðinum. Í sambandi við það langar mig til að gera fyrirspurn til hæstv. forsrh. Ég hefi verið spurður að, hvort búið væri að stofna bústofnslánadeildina, sem ákveðið var að koma á eftir Búnaðarbankalögunum í fyrra, og ég hefi haldið, að hún væri ekki enn tekin til starfa. Og ef það er ekki, þá vildi ég spyrja, hvenær búast mætti við, að henni yrði komið á. Ég veit, að margir bændur hafa áhuga fyrir því að auka búpening sinn, og eftir ummælum hæstv. ráðh. áðan veit ég það, að hann hefir mikinn áhuga fyrir því, að það geti orðið.

Mér hefir skilizt eftir umr., að samkomulag muni fást milli hæstv. stj. og n. um flestar brtt., og finn því að svo komnu ekki ástæðu til að ræða þær frekar.

Hákon Kristófersson: Það er ekki óeðlilegt, þó að nokkur ágreiningur verði milli manna um ekki óverulegra mál en þetta. Það þarf ekki annað en að líta á þennan mikla lagabálk til þess að sjá það, að hér hefir hv. mþn. í landbúnaðarmálum, með aðstoð allra hinna mikilsvirtu sérfræðinga, leyst af hendi ekkert smáræðisverk. Þó er ég nú ekki í neinum vafa um, að það eru smáræðis mistök og smíðagallar á þessu mikla verki, þrátt fyrir alla þá vinnu, er í það hefir verið lögð.

Það er þó síður en svo, að ég vilji afsaka hv. n. fyrir það, að hún vill gerbreyta öllu þessu mikla verki. En þó ég sé henni ekki heldur sammála, þá get ég nú ekki annað en viðurkennt þá miklu vinnu, sem hún hefir fórnað til þess að gera ekki færri en 45 brtt. við frv. En allt þetta sýnir, að það er svo sem ekki óeðlilegt, þó að nokkur ágreiningur komi fram milli hæstv. forsrh. og n. Það sést í hinum mikla lagabálki, að það á að fella úr gildi lög um kynbætur nautgripa. Eftir þeim lögum skyldi kostnaður við kynbæturnar fram yfir ákveðið mat greiðast úr hreppssjóði. En með 7. gr. frv., sem n. hefir ekki séð neina ástæðu til að breyta, er farin hér önnur leið; hreppsnefndirnar eru nú leystar frá því að skipta sér af kynbótunum, en önnur nefnd — kynbótanefnd — er sett til þess að stjórna þessum málum, og geta hreppsnefndir ekkert við því sagt. Þessar kynbótanefndir eiga svo að hafa vald til þess að jafna kostnaðinum niður á hreppsbúa eftir sömu reglum og gilda um sveitarútsvör. Hver munur er nú á því, að þessi nefnd jafni niður kostnaðinum eða hreppsnefnd, fæ ég ekki skilið, en sjálfsagt er nú þessi breyt. ekki gerð út í bláinn, og slæ ég þessu fram aðeins til ábendingar og til þess að fá skýringar á þessu atriði.

En hvað sem öllu þessu líður, þá verður að hafa samúð með þessu mikla afreki n.!! Hinsvegar er ég í nokkrum vafa um, að það sé rétt hjá hæstv. forsrh., að þetta mál sé eins þýðingarmikið og hann vill vera láta.

Ég vildi því beina því til n., hvort ekki er verið að fara inn á reglugerðarsvið viðkomandi sýslna, þegar verið er að tala um heftingu vissrar tegundar nautgripa.

Þrátt fyrir það, þó að ég beri mikla virðingu fyrir sérfræðingum, verð ég að vera á sama máli og hv. frsm. n. og hv. þm. V.-Sk. um það, að flest þurfi að fara að lögfesta, ef fara á að setja lög um það, að fara megi inn í annara lönd og taka þar búpening og fara með sem hverja aðra óskilagripi. Veit ég ekki, hvar það lendir, ef fara á að lögfesta annað eins og þetta. Ég tel því, að brtt. n. hvað þetta atriði snertir eigi fyllstan rétt á sér, eins og reyndar er um fleiri brtt. n.

Ég get ekki fallizt á það hjá hæstv. forsh., að vanrækt hafi verið til þessa að styrkja búfjárræktina, því að Búnaðarfélagið hefir styrkt alla viðleitni í þessa átt, auðvitað á kostnað ríkisins. Hitt er rétt hjá hæstv. forsrh., að ef styrkurinn kemur í maklega staði niður, er vafasamt, hvort hann verður nokkurn tíma of mikill. Þó að frv. verði samþ. og bændur njóti þeirra fríðinda, sem í því felast, er stór spurning, hvort framfarirnar verða eins miklar og t. d.

á Hvanneyri, þar sem skilyrðin eru ólíkt betri en víðast annarsstaðar á landinu og afraksturinn að sama skapi frábrugðinn. Mun því vart mega gera ráð fyrir því, að bændur almennt geti gert sér vonir um að geta byggt jafnveglegar hallir fyrir kýr sínar og reist hefir verið fyrir Hvanneyrarkýrnar!!

Till. hv. n. bera það með sér, að n. er á móti fjölgun sauðfjárræktarbúa. Get ég ekki verið þar á sama máli, svo fremi þetta verði ekki haft að pólitiskum bitlingum.

Hæstv. forsrh. gat þess, að þess væru dæmi, að ær hefði gefið af sér 100 kr. á einu ári. Þetta er einstætt dæmi, sem ekki kemur fyrir nema einu sinni á öld, og getur því ekki verið til stuðnings fyrir frv.

Það, sem mér þykir leiðinlegast við þetta mál, er það, að ég gat ekki skilið hæstv. ráðh. öðruvísi en að fáir menn í n. hefðu komið fram með þessa miðlun í því, og vil ég þó leggja eins góðan skilning í orð hæstv. forsrh. og mér er unnt. Frsm. n. hefir og játað, að hann hafi gert það til samkomulags að skrifa undir brtt. Hefir hann þó engan fyrirvara um nafn sitt og talar meira að segja fyrir brtt. af sinni venjulegu málsnilld.

Viðvíkjandi þeim ágreiningi, sem orðið hefir út af ríkisfolunum(!!) verð ég að segja það, að hér er um svo lítil útgjöld að ræða, að mig furðar á því, að merkir bændur skuli setja slíkt fyrir sig.

Þrátt fyrir það, þó að frv. hafi verið eins vel undirbúið og hæstv. forsrh. heldur svo mjög á lofti, verð ég að telja það illa farið, að ekki skuli fylgja því nein áætlun um þann kostnað, sem af frv. hlýtur að leiða. Ef miðað er við þann skepnufjölda, sem nú er í landinu, verður slíkt út í loftið, vegna þess að undir ákvæði frv. kemst ekki allur þorri skepna. En hinsvegar vil ég mega vænta þess, að þessi mál verði í höndum svo góðra manna, að þeir misnoti ekki vald sitt og láti þennan styrk ganga til pólitiskra fylgifiska, heldur falli styrkurinn í verðugra manna hendur.

Eins og ég tók tók fram, er þetta svo mikill lagabálkur, að mér hefir ekki unnizt tími til að lesa frv. grandgæfilega ofan í kjölinn, né heldur til þess að bera frv. nákvæmlega saman við brtt. n. En ekki get ég neitað því, að mér lét það undarlega í eyrum, þegar hv. 2. þm. Skagf. lýsti yfir því, að brtt. n. væru gerðar í fullu samráði við ráðunaut Búnaðarfélagsins. Það er styrkur, sem ég bjóst ekki við, að n. hefði við að styðjast. Verð ég þó að segja, að þetta getur ekki orðið til þess, að ég fylgi öllum brtt. n., en þetta sýnir hinsvegar, að n. hefir lagt fulla alúð við starf sitt, og á hún því fyllstu þakkir skyldar. Mun ég sýna það með atkv. mínu við atkvgr., hvernig ég lít á hinar ýmsu till. n.

Að lokum vil ég aðeins endurtaka þá beiðni mína, að n. taki til athugunar fyrir 3. umr., hvort ekki mundi heillavænlegra, að sá kostnaður, sem af þessu hlýtur að leiða, verði greiddur úr hreppssjóði, því að ef ekki eru í þessum n. menn, sem taka fullt tillit til allra aðstæðna, getur illa farið.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég get látið í ljós ánægju mína yfir ræðum þeirra hv. þm. Dal. og hv. þm. Barð., því að þeir tóku yfirleitt vel í frv.

Hv. þm. Dal. spurðist fyrir um það, hvaða sérfræðingur hefði fjallað um síðasta kafla frv. Um þetta stendur ekkert í grg. frv., og er því eðlilegt, að hv. þm. spyrði um þetta. Eins og ég tók fram, þegar ég lagði frv. fram, er þessi sérfræðingur Brynjólfur Stefánsson hagfræðingur. Er það vinna hans, sem fyrst og fremst liggur til grundvallar þeirri starfsemi, sem ræðir um í þessum kafla frv.

Hv. þm. Dal. spurðist ennfremur fyrir um það, hvort búið væri að stofna bústofnslánadeildina við Búnaðarbankann. Er hér í deildinni einn af bankastjórum Búnaðarbankans, og getur hann svarað til um þetta, en ég hefi alltaf lagt áherzluna á það, að þessi deild yrði stofnuð sem fyrst, og hv. þm. Mýr. er á sama máli og ég um það.

Það er ekki ófyrirsynju, þó að spurt sé um það, hve mikinn kostnað það mundi hafa í för með sér, ef þetta frv. yrði samþ., en hér yrði aldrei um mikinn kostnað að ræða, því að meiri hl. af þessari starfsemi, sem frv. fjallar um, er nú í höndum Búnaðarfélagsins og

þannig borinn uppi af ríkinu. Er hægt að komast fyrir um það fyrir 3. umr., í samráði við starfsmenn Búnaðarfélagsins, hve mikinn kostnað þessi starfsemi hefir haft í för með sér undanfarin ár.

Hv. þm. Barð. tók einnig vinsamlega í frv., og kom það fram hjá honum, að hann vill fylgja því, sem mest horfir fram á við í þessum málum. Þær aths., sem hv. þm. kom fram með við frv., ætti að taka til athugunar milli umr., en sumum þeirra hefi ég þegar svarað með þeim svörum, sem ég hefi gefið hv. þm. Dal. — Þó verð ég að leiðrétta einn misskilning hjá hv. þm. Barð., því að það er misskilningur, ef hv. þm. heldur, að einn af ráðunautum Búnaðarfélagsins hafi ráðið öllu um brtt. n. Hitt er annað mál, að hann vann að athugun frv. með n. og átti þátt í brtt. hennar.

Jón Sigurðsson: Hæstv. forsrh. þótti ég taka of djúpt í árinni viðvíkjandi ummælum hans í garð n. Þýðir ekki fyrir okkur að vera að kíta um það, því að það, sem annar segir skorið, segir hinn klippt. Ég kunni því illa, að hæstv. ráðh. skyldi vera að víkja við orðum mínum í svarræðu sinni. Hann gerði mér upp þau orð, að ég hefði talið það merkilegt, að hann skyldi bera ráðunautana fyrir sig í þessu máli. Þetta sagði ég ekki, heldur það, að mér kæmi það undarlega fyrir sjónir, að hæstv. ráðh. væri að veifa ráðunautunum fyrir sér nú við þessa umr., og hefi ég gert grein fyrir því í fyrri ræðu minni.

Þá sagði hæstv. forsrh., að ég hefði staðhæft, að í frv. fælist ekkert nýtt. Voru þetta ekki mín orð, heldur sagði ég, það, að það gæti ekki kallast nýtt, sem nú þegar er í l. eða reglugerð Búnaðarfélagsins. Sný ég og ekki til baka með það, að nýmæli frv. eru á þann veg, að Búnaðarfélagið hefir ekki séð sér fært að taka þau upp hingað til, enda eru þau á lausum grundvelli reist og því meira en vafasamt, hvort þau eiga við hér á landi. Eru þessi nýmæli óreynd og illa hugsuð, eins og ég færði dæmi til um og hæstv. ráðh. hefir í engu hnekkt. Þegar verið er að lögbinda gjöld um lengri tíma, á einungis að lögbinda það, sem auðsýnt er um, að megi að notum koma. Er það sjálfsögð varúð, ekki síst á þessum krepputímum. — Skal ég svo að lokum endurtaka það, að þegar um atriði er að ræða sem þessi, álít ég, að rétt sé að fela Búnaðarfélaginu að gera smátilraunir með þau. Þarf það ekki að leiða til mikilla útgjalda, en með því móti fæst reynsla um þessi atriði, og ef hún sýnir, að af þeim megi gagn leiða fyrir landbúnaðinn, skal ekki standa á mér til að veita þeim brautargengi. Er það annað en að hlaupa eftir till. Péturs eða Páls að meira eða minna eða alveg órannsökuðu máli.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Hæstv. ráðh. þarf ég aðeins litlu að svara. Seinasta væða hans benti á, að ekki bæri eins mikið á milli hans og n. og í fljótu bragði virtist. Eftir því sem við ræðum málið lengur, vona ég, að ágreiningsatriðunum fækki. Og hvað því viðvíkur, sem hann sagði, að brtt. væru komnar frá öðrum nm. en mér, þá verð ég að segja, að ég er honum ósammála þar. Ég álít, að flestar brtt., sem við berum fram, bæti frv., og ég vil ekki láta taka frá mér þann heiður, sem ég sem einn af nm. á skilið. Ég skal taka það fram, að n. stendur að öllum eða flestöllum brtt., og meðan svo er, verður hún að bera ábyrgð á því, hvort þær líka betur eða verr, og ég skal ekki skorast undan þeim áfellisdómum, sem á mig kunna að falla.

Hv. þm. Dal. skal ég aðeins svara nokkrum orðum um það, hvað kostnaðinum viðvíkur. Í grg. er rækilega tekið fram, hver munur verður á útgjöldum samkvæmt þessu frv. og samkv. reglum þeim, sem nú gilda. En möguleikinn fyrir útgjöldum samkv. frv. þessu er svo svífandi, að ómögulegt er að segja það fyrirfram með nokkurri vissu, hver þau verða. Sumt eru heimildarlög, og í öðru lagi er ómögulegt að segja, hve fljótt kemur að því, að t. d. öll naut, stóðhestar eða hrútar, fái fyrstu verðlaun. Það yrðu tölur, sem aldrei yrði á að byggja. Þetta er undir því komið, hvaða framförum þetta tekur hjá þjóðinni. Við 3. umr. skal ég koma fram með yfirlit yfir, hverjum breyt. þetta getur valdið.

Hv. þm. Dal. spurðist fyrir um það, hvað bústofnslánadeild Búnaðarbankans liði, og get ég þá svarað honum því, að

deildin er enn ekki tekin til starfa, en ég vona, að það líði sem allra stytztur tími, þangað til það getur orðið.

Þá vil ég svara hv. þm. Barð. með fáeinum orðum. Hann var ekki allskostar ánægður með brtt. okkar við 7. gr. um það atriði, að sleppa af sveitarfélögunum nokkrum hluta kynbótakostnaðarins við nautgriparæktina og færa hann allan yfir á viðkomandi félag. Sú breyt., sem í þessu felst, er aðeins sú, að í staðinn fyrir að jafna kostnaðinum niður á alla gjaldendur hreppsins, er því hér jafnað öðruvísi niður, enda eðlilegast, að þeir, sem gripi eiga, beri þann kostnað, sem af starfseminni leiðir. Um hitt efast ég ekki, að náin samvinna getur orðið milli hreppsnefndarmanna og kynbótanefndarmanna. En ef hreppsbúum líkar ekki framkvæmd þessara manna, þá er þeim innan handar að skipta um stjórn.

Hvað viðvíkur till. um fjölgun sauðfjárræktarbúa, þá hefir n. komið sér saman um að taka allar brtt. sínar um það efni til baka til 3. umr.

Þar sem ráðunautar Búnaðarfélagsins hafa verið dregnir inn í þessar umr., þá skal ég geta þess, að þeir voru nánir samverkamenn okkar, og ég vissi ekki annað en að þeir væru samþykkir flestum brtt. Ég get sagt það eftir samtali við nautgriparæktarráðunaut, að hann taldi allar brtt. til bóta nema brtt. nr. 2.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta.

Hákon Kristófersson: Ég ætla ekki að fara í stælur við hv. frsm., en vil aðeins taka það fram, að með þessu er verið að gera ráðstafanir, sem ætlaðar eru til að verða þjóðinni til gagns, og finnst mér því ekki í hófið stillt, að setja kostnaðinn á fáa menn, í stað þess að setja hann á hreppsheildina. Sumir menn þurfa alls ekki félags með, og það er öldungis óvíst, að allir gangi í það. En ég álít, að kostnaðurinn geti orðið svo mikill, að fáum mönnum sé ókleift að borga hann, en aftur á móti munar hreppsnefndina lítið um að borga þetta.

Ég geri þetta ekki að neinu deiluatriði og ætla ekki að segja meira um þetta að sinni.

ATKVGR.

Brtt. 176,1 samþ. með 15:6 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 176,2 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 176,3.a. samþ. án atkvgr.

— 176,3.b. samþ. með 21 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 176,4.a. samþ. án atkvgr.

— 176,4.b. samþ. með 18:5 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 176,5.a. samþ. með 16:3 atkv.

— 176,5.b. samþ. án atkvgr.

— 176,5.c. samþ. með 17 shlj. atkv.

— 176,5.d. samþ. með 18:2 atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 176,6.a. samþ. án atkvgr.

— 176,6.b. samþ. með 19 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 176,7.a. samþ. án atkvgr.

— 176,7.b. samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.

Brtt. 176,8 tekin aftur.

10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 176,9 (ný 11. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt.176,10 samþ. með 21 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 176,11 felld með 15 : 13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, BÁ, EJ, GunnS, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MJ, ÓTh, PO.

nei: ÁÁ, BSv., HStef, HJ, HG, HK, HV, IngB, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, JörB.

13. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 176,12 felld með 14:12 atkv.

14. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

15.—17. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

18.—19. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 176,13.a. samþ. án atkvgr.

— 176,13.b. samþ. án atkvgr.

20. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

21. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 176,14 samþ. án atkvgr.
22. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 176,15 samþ. án atkvgr.
24. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 176,16.a. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 176,16.b. samþ. án atkvgr.
26. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 176,17 samþ. án atkvgr.
28. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
29. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 176,18.a. samþ. án atkvgr.
— 176,18.b. samþ. án atkvgr.
30. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
31. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 176,19 (ný 32. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 176,20 (ný 33. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
34. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 176,21.a. felld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÓl, JS, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, BSt, BÁ, EJ, JJós, JAJ.
nei: MT, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv, GunnS, HStef, HJ, HG, HK, HV, IngB, JörB.
Brtt. 176,21.b. samþ. með 16:11 atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 176,22 felld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MJ, ÓTh, PO, BSt, BÁ, EJ, HJ.
nei: HG, HK, HV, IngB, MT, SE, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv, GunnS, HStef, JörB.
36. gr. samþ. með 17:8 atkv.
37.—40. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 176,23 (ný 41. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 176,24 (ný 42. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 176,25—176,33 teknar aftur.[1])
43.—53. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 176,34 samþ. án atkvgr.
54. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 176,35 samþ. með 18 shlj. atkv.
55. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 176,36 samþ. með 15:5 shlj. atkv.
56. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 176,37 (ný gr., verður 57. gr) samþ. með 19 shlj. atkv.
57. gr. (verður 58. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 176,38 samþ. með 17:4 atkv.
58. gr. (verður 59. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 176,39 (ný 59. gr., verður 60 gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
60. gr. (verður 61. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 176,40 samþ. með 20 shlj. atkv.
61. gr (verður 62 gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
62.—64. gr. (verða 63.—65. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
65.—66. gr. (verða 66.—67. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 176,41 samþ. án atkvgr.
67. gr. (verður 68. gr.), svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
68.—71. gr. (verða 69.—72. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 176,42.a—b. samþ. án atkvgr.
72. gr. (verður 73. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 176,43 samþ. án atkvgr.
73. gr. (verður 74. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 176,44 samþ. án atkvgr.
74. gr. (verður 75. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
75.—87. gr. (verða 76.—88. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 176,45 felld með 15:11 atkv.
88. gr. (verður 89. gr.) samþ. 16 shlj. atkv.

---

1) Með svofelldri grg. frá frsm. landbn. (BÁ): Ég lofaði að taka aftur meiri hlutann af brtt. n. um sauðfjárræktina, því að ef eitthvað af brtt. við 41.—52. gr. eru felldar, þá eru hinar ekkert nema vitleysa. Hv. meðnm. mínir voru á móti því að taka aftur brtt. nr. 25 og 24, við 41. og 42. gr., enda eru þær ekki í nánu sambandi við hinar.

89.—91. gr. (verða 90.—92. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsagnir frv. og kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 242, 294, 301).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 301. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Ég ætla að vona það, að ekki þurfi að verða eins langar umr. um þetta mál nú og við 2. umr. Ég vil geta þess, að hæstv. atvmrh. hefir nú setið á fundum með landbn. og að fullt samkomulag hefir fengizt milli hans og n. um þau atriði, er ágreiningur stóð um við 2. umr. Þó verð ég að geta þess, að einn nm., hv. 2. þm. Skagf., gat ekki setið nefndarfundinn og getur því verið, að hann kunni að hafa einhverjar brtt. eða að hann fallist ekki á brtt. nefndarinnar.

Ég vil aðeins fara fáeinum orðum um þær brtt., sem að einhverju leyti eru breyttar frá því, sem var við fyrri umr. Þá er það 1. liður brtt. við 2. gr. frv., að þar er nú lagt til, að nautgriparæktarnefnd í bæjarfélagi sé skipuð af bæjarstjórn kaupstaðarins. Að athuguðu máli þótti það eðlilegt, að þessi nefnd væri skipuð á sama hátt og aðrar fastanefndir, sem annast málefni bæjarfélagsins. Með sama lið brtt. er einnig gert ráð fyrir þeirri breyt. á 2. gr., að þar sem um er að ræða nautgriparæktarfélög innan bæjarfélags, þá skuli stjórn þess því aðeins vera sjálfkjörin nautgriparæktarnefnd, að í félaginu sé meiri hluti kúaeigenda. Finnst n. ekki sanngjarnt, að annars sé stjórn félagsins sjálfkjörin sem nefnd.

Brtt. við 7. gr. er aðeins orðabreyt. 3. liður brtt. fer fram á það, að sektir fyrir brot á ákvæðum I. kafla frv. renni til hlutaðeigandi nautgriparæktarfélags eða til nautahalds, en ekki í sameiginlegan sveitarsjóð. Þótti n. það eðlilegra.

5. brtt., við 29. gr., er nauðsynleg vegna þeirra breyt., sem gerðar voru á frv. við 2. umr., er það var fellt úr frv., að sveitarsjóðir skyldu taka þátt í kynbótakostnaðinum. N. hafði sézt yfir þetta atriði við 2. umr., en varð vör við það við síðari yfirlestur frv.

Þá koma margar brtt. við 3. kafla frv., um sauðfjárræktina. En vegna þess að þær eru að mestu shlj. þeim brtt., sem n. flutti við 2. umr., er óþarfi að hafa mörg orð um þær að þessu sinni. Skal ég aðeins geta þeirra breyt., sem orðið hafa á brtt. síðan við 2. umr.

Þá er fyrst að geta um 8. brtt., við 45. gr. frv. Í brtt., sem n. flutti við 2. umr., var lagt til, að ríkisstj. væri heimilt að styrkja 4 sauðfjárræktarbú að auki, eitt í hverjum fjórðungi. Nú hefir orðið samkomulag um að leggja til, að stj. sé heimilt að styrkja 8 slík bú, eða 2 í hverjum fjórðungi. Að öðru leyti eru ákvæðin um búin eins og áður.

Þá er varatill. við 45. gr., um að gefa Búnaðarfélagi Íslands rétt til að ráðstafa kynbótafénu og ákveða, hvar búið starfar áfram, í samráði við aðra styrkjendur þess, verði ábúendaskipti eða búið sé leyst upp. Þessi viðbót er mjög nauðsynleg. Það getur alltaf komið fyrir, að bú, sem starfað hefir um stund, verði að falla niður af einhverjum ástæðum fyrr en búizt var við. Sé nú búið að koma þar upp góðum kynstofni, þá þarf að vera hægt að láta stofninn verða að notum áfram, og því nauðsynlegt, að Búnaðarfélagið hafi vald til þess að kaupa stofninn og fá hann í hendur manni, sem það treystir til að standa fyrir slíku búi.

Þá kemur 12. brtt., við 50. gr., að í stað þess, að í frv. stendur, að hrútasýningar skuli halda í einstökum hreppum þriðja hvert ár, komi fjórða hvert ár.

Við 2. umr. frv. lagði n. til, að 51. gr. félli niður. Ég gerði þá grein fyrir því, hvers vegna hún hafði ekki trú á því, að samkeppni þessi gæti komið að verulegum notum, vegna ólíkra staðhátta í hverjum fjórðungi landsins. En með því að reyna að synda fyrir þau sker, sem n. hræddist mest, hefir n. fallizt á að láta gr. standa í frv. áfram, með breytingum. N. fer fram á þá breyt., að samkeppnin verði bundin við ákveðna landshluta og samskonar staðhætti. Með því móti má verða gagn og fróðleikur að samkeppninni.

Í brtt. er aðeins gert ráð fyrir, að farin sé ein umferð um landið til að byrja með, en að seinna megi endurtaka hana, ef samkeppnin verður að gagni, sem nm. vona að verði, og ef Búnaðarfélag Íslands óskar þess. Fannst n. rétt til samkomulags að hafa þetta ákvæði áfram.

Þá er 15. brtt., að á eftir 52. gr. komi ákvæði um sektir. Hefir gleymzt að setja slíkt ákvæði við þennan kafla, er frv. var samið, og er það nú leiðrétt með þessari brtt.

Þá er 16. brtt., við 55. gr., um nánari ákvæði um fóðurskoðanir, sem n. álítur, að vanti í frv. Sem sjá má, er farið fram á það í brtt., að fóðurskoðanir fari nægilega oft fram og að hinni fyrstu sé jafnan lokið fyrir 15. okt. ár hvert.

17. brtt., við 60. gr., er shlj. brtt. n. við 2. umr., að öðru leyti en því, að þá var gert ráð fyrir, að lán fóðurbirgðafélaga úr bjargráðasjóði skuli endurgreidd innan eins árs, en nú leggur n. til, að slík lán skuli greidd innan þriggja ára. Er það hagfeldara fyrir þau félög, sem þurfa að taka slík lán.

Þá kemur 19. brtt., við 89. gr. Er þar lagt til, að héraðssýningar komi í stað „sýslusýninga" í frv. Telur n. heppilegra, að fleiri sýslur en ein geti verið saman um sýningar, þar sem sýningarsvæðin ættu að afmarkast af staðháttum, en ekki sýslutakmörkum eingöngu. Í frv. er líka lagt til, að landinu sé skipt í 10 umdæmi og sýningar haldnar í þeim til skiptis. Síðari liður brtt. er aðeins orðabreytingar í samræmi við fyrri liðinn.

Þá vil ég geta þess, að fram hafa komið 2 brtt. frá hv. þm. Barð., en þar sem ég tók ekki eftir þeim fyrr en ég hafði hafið mál mitt, á ég ekki gott með að átta mig á þeim í svipinn. En ég sé í fljótu bragði, að brtt. hans miða báðar að því að lækka þær styrkveitingar, sem n. hefir lagt til að veittar verði. Er ég mótfallinn því, að styrkir þessir verði færðir niður, og býst við, að ég geti tekið þá afstöðu gegn báðum brtt. fyrir n. hönd. Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um málið að þessu sinni.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil þakka hv. n. fyrir afgreiðslu sína á þessu máli nú, og vil ég vona, að ekki verði slíkar deilur um frv. nú og við fyrri umr. málsins. Hefir nú orðið samkomulag milli mín og n. og hafa víða fundizt millileiðir, er báðir aðiljar gátu vel við unað.

Ég sé því enga ástæðu til þess að tala um málið að þessu sinni, en vil aðeins óska þess, að hv. d. afgreiði frv. með þeim brtt., sem n. hefir lagt til.

Hákon Kristófersson: Það er æfinlega ástæða til að gleðjast yfir góðu samkomulagi, en ekki hefði ég búizt við, að svo skjótt skiptist veður í lofti, að hæstv. forsrh. færi nú að syngja n. lof og prís, þó að hún beri nú fram brtt., sem hann lagði áherzlu á við síðustu umr., að ekki yrðu samþ. Mig furðar á því, að hæstv. ráðh. skyldi ekki gera neina grein fyrir ástæðunum til þessara snöggu veðrabrigða, þar sem ýmsar brtt. n. miða að því að fella niður eða breyta að mun gr., sem eru mjög þýðingarmiklar að áliti hæstv. ráðherra.

Skal ég þá koma að brtt. mínum á þskj. 301, sem hv. frsm. minntist á. Það er rétt, að þær miða að því að færa skattinn niður, sem leggja skal til fóðurbirgðafélaga. Tel ég nauðsynlegt að fara mjög varlega í allri útþenslu á sköttum, sem Alþingi leggur til, að lagðir séu á landsmenn. En ég held, að þó að brtt. yrði samþ., þá sé hún þess eðlis, að greiðsla til félaganna yrði samt nægileg og stofnun þeirra mjög auðveld þrátt fyrir þessa breytingu. Hinsvegar álít ég, að n. gangi of langt í þessu efni. Eftir till. hennar á framlagið til fóðurbirgðafélaganna að vera hvorki meira né minna en 30 kr. á hvern félagsmann. (LH: Þetta eru heimildarlög). Já, en þau eru búin til í þeim skilningi, að heppilegast og bezt sé, að eftir þeim sé farið. Ég er alveg sammála hv. n. um nauðsyn slíkra félaga. En samkv. frv. þarf sveitarfélag, sem hefir 45 hlutaðeigendur, að greiða 1350 kr. til þessara félaga, en samkv. mínum till. 675 kr. Tel ég það betur í hóf stillt, án þess að ég vilji þó gera lítið úr þeim hug, sem liggur að baki till. hv. n.

Þá legg ég einnig til, að árlegt gjald búenda af hverjum nautgrip verði 30 au., en eftir frv. er það 50 au. Þetta er ekki till. til verulegrar niðurfærslu, og munar

litlu frá till. n. En mér er ekki ljóst, hvers vegna n. vill hafa svo mikinn mun á gjaldi fyrir nautgripi og hesta, eða helmings mun fullan. Ég sé enga ástæðu til þess, að þeir, sem eiga fjölda óþarfa hrossa, er þeir setja á guð og gaddinn, greiði fyrir þau minna gjald en nautgripi sína. Samkv. frv. yrðu í hreppi með 100 kýr, 100 hross og 3000 fjár greiddar 225 kr. í þessu augnamiði, en samkv. brtt. minni yrðu greiddar 205 kr. Ég býst ekki við, að hv. n. telji þetta muna svo miklu, að hún geti ekki þess vegna fylgt till. minum. Hinsvegar verður það að vera aðalatriðið fyrir Alþingi, að félögin séu stofnuð. Vegna þeirra laga, er nú gilda, gengur stofnun slíkra félaga ekki betur en svo, að enn eru ekki til nema 11 á öllu landinu.

Önnur brtt. mín er við 7. brtt. n. á þskj. 294, og er þess efnis, að í stað 75 kr. styrks fyrir fyrstu verðlaunahrúta komi 45 kr. Finnst mér það ærið nóg, og get ég ekki séð, að það sé sambærilegt að veita svo háan styrk fyrir hvern kynbótahrút, en ekki nema 20 kr. fyrir hverjar 100 kynbótaær. — Sé ég svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þessar brtt. Er það á valdi hv. dm. og hv. n., hvaða afstöðu þeir taka til þeirra.

Í sambandi við 17. brtt. n. á þskj. 294 vildi ég gera þá fyrirspurn til hv.n., hvort samþykkt þessarar till. gæti ekki orðið til þess að útiloka hreppsfélögin frá því að fá lán úr bjargráðasjóði, sem þau hafa heimild til að fá samkv. bráðabirgðaákvæðum frá 1913, 12. gr. Þar er svo fyrir mælt, að hreppsfélög skuli eiga kost á að fá bráðabirgðalán til eins árs og vaxtalaust úr bjargráðasjóði. En ef það yrði nú samþ. að veita lán úr sjóðnum gegn 5% vöxtum, gæti það þá ekki orðið til þess að gera þessi bráðabirgðalán torfengnari en ella? Ég held, að ákvæðin um þessi lán standi enn óbreytt, og kynni ég þá betur við, að skírskotað væri til þeirra, ef frv. þetta verður að lögum, sem ég efast ekki um, að það muni verða.

Ég sé nú á till. n., að hún hefir fallizt á, að styrkja megi 8 sauðfjárræktarbú, eða 2 í fjórðungi hverjum. Upphaflega var ætlazt til, að þau yrðu í hverri sýslu, og því hélt hæstv. ráðh. fast fram, en nú hefir hann gengið svo langt til samkomulags, að hann hefir fallizt á, að þau séu aðeins 8 á öllu landinu. Ég fyrir mitt leyti hefði heldur kosið, að eitt bú yrði í hverri sýslu. Myndi þá verða að þeim miklu meiri not heldur en með því að hafa þau svo dreifð sem n. vill, þótt það bæti að vísu nokkuð úr, að nú hefir hún fært þau upp í 8 úr 4, sem hún lagði til, að þau skyldu verða við 2. umr. frv. — Hvað samkeppninni milli sauðfjárræktarbúa viðvíkur, þá hefir hún 5000 króna kostnað á ári í för með sér fyrir ríkissjóð. Væri ekkert við því að segja, ef af henni gæti leitt veigamiklar umbætur, en að öðrum kosti álít ég verr farið en heima setið.

Yfirleitt er ég samþykkur brtt. hv. n., og skal ég ekki orðlengja um þær frekar. En ég vildi gjarnan, að hv. frsm. n. vildi láta uppi skoðun sína um það, hvort ákvæði 17. brtt. n. geti ekki komið í bága við l. um bjargráðasjóð, er ég talaði um í þessari ræðu minni.

Sigurður Eggerz: Ég ætla ekki að tala mikið um brtt. n., því að ég get greitt atkv. með þeim yfirleitt. En ég stóð upp til þess að ítreka þá fyrirspurn, er ég gerði til hæstv. stj. við síðustu umr. þessa máls, um það, hvort bústofnslánadeild verði bráðlega komið á fót við Búnaðarbanka Íslands. Það er gert ráð fyrir því í l. um Búnaðarbanka Íslands, að ríkið leggi fram og tryggi fé í þessu augnamiði, og ennfremur, að ríkið leggi til deildarinnar 300 þús. kr. stofnfé á 6 árum. Ég býst við, að ekkert sé þá til fyrirstöðu frá stj. hálfu, að þessu verði fullnægt, en ég held, að full ástæða sé til, í sambandi við þetta frv., að leggja sérstaka áherzlu á, að þessari deild Búnaðarbankans verði sem fyrst komið á fót. Þess vegna spurði ég um þetta við 2. umr. og ítreka fyrirspurn mína nú. Ég veit, að bændur leggja mjög mikla áherzlu á, að þessir lánsmöguleikar verði opnaðir þeim sem fyrst. Það hefir verið sýnt fram á það í umr. um þetta frv., hve mikilsvert atriði búfjárræktin sé fyrir landbúnaðinn. En það þarf möguleika fyrir lánum til þess að hægt sé að koma upp búum. Margir bændur hafa skrifað mér og beðið mig um að útvega sér lán úr þessari deild Búnaðarbankans. Ég hefi svo farið í

bankann, og skýrði einn bankastjóranna mér frá því, að deildin myndi verða stofnuð eftir nýárið, en hún hefir ekki verið stofnuð ennþá.

Er því gott, að skýrar raddir komi fram hér á Alþingi um, að þessu máli verði komið í rétt horf hið allra bráðasta.

Skal ég svo ekki tala meira um málið, en vænti að fá svar frá hæstv. stj., er gangi í þá átt, að búast megi við, að deildin verði stofnuð bráðlega.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil frekar skoða það spaug en alvöru, sem hv. þm. Barð. sagði í upphafi ræðu sinnar. Hann fór að gera að umtalsefni einhver veðrabrigði, sem orðið hefðu í þessu máli. Ég held nú. að hv. þm., sem elskar friðinn, ætti heldur að vera glaður, þegar samkomulag hefir fengizt um þetta mál. En hvorki hv. landbn. eða ég höfum snúið við blaðinu. Fyrir tilmæli voru brtt. við vissa kafla frv. teknar aftur við 2. umr. og geymdar til 3. umr. Var það gert með það fyrir augum, að samkomulag gæti náðst um þessar brtt. Nú er sú vinna unnin.

Þá var það hv. þm. Dal., sem spurði um það, hvort bústofnslánadeildin væri stofnuð. Ég get svarað því sama og ég hefi áður sagt, að ég hefi lagt ríka áherzlu á, að hún væri stofnuð sem fyrst. Og ég hefi sýnt hug minn til þessa í frv. til fjárl. fyrir 1932, þar sem gert er ráð fyrir 50 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni. Þar er einnig jafnhá upphæð áætluð vegna smábýlalánanna. — Frá stj. hálfu er það því ákveðið, að þessi deild verði stofnuð við allra fyrsta tækifæri. Vona ég, að framkvæmd þess dragist ekki lengi úr þessu og að deildin verði stofnuð í síðasta lagi í vor eða sumar.

Héðinn Valdimarsson: Ég vil óska þess, að áður en gengið verður frá málinu hér, vilji n. eða atvmrh. upplýsa það, hve mikilli upphæð þeir styrkir geti numið, sem ráðgerðir eru í frv. Það atriði hefir enn ekki verið upplýst.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Frsm. landbn. mun hafa orðið að fara upp í Búnaðarbanka, og er því ekki í bili hægt að fá upplýsingar hjá honum um þetta. En hann hefir í höndum yfirlit, sem við sömdum í Bf. Ísl., yfir það, hve miklu þessi kostnaður skv. frv. nemi. Hygg ég, að hann hafi vikið að því í framsöguræðu sinni. Ég hefi ekki í höndum þetta plagg. En þess vil ég geta, að mjög mikið af þessum kostnaði er nú þegar greiddur, því mestur hluti þeirrar starfsemi, sem hann er bundinn við, er nú rektur af Búnaðarfélagi Íslands. Er því ekki um neinn þann nýjan kostnaðarauka að ræða, sem ástæða sé til að láta sér vaxa í augum. Samkomulag er fengið um það við fjvn., að styrkur skv. þessu frv. verði borinn fram sem brtt. við fjárl. fyrir 1932. En vitanlega lækkar þá sú upphæð, sem veita þarf til Bf. Ísl.

Ég get ekki gefið upp þessa upphæð í krónutali, því plöggin eru hjá frsm. landbn. En þetta atriði má upplýsa nánar við 2. umr. fjárl.

Héðinn Valdimarsson: Ég hefi hér fyrir framan mig upphæðina eins og gert er ráð fyrir henni næsta fjárhagstímabil. Ég játa, að samkv. þeirri áætlun vex hún ekki neitt gífurlega. En spurningin er, hversu mikið þetta muni vaxa á næstu árum, því vitanlega eiga lögin að gilda til frambúðar, og ráðh. sá, er flytur frv., hlýtur að hafa gert sér grein fyrir þeirri hlið málsins.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég verð að segja, að það er nokkuð rík krafa, ef hv. þm. ætlast til, að gerð sé áætlun um, hvern kostnað leiðir af þessu frv. um ófyrirsjáanlegan tíma. Ég tel á þessu stigi málsins nóg, ef lögð er fram áætlun um það, hve miklu kostnaðurinn nemi um fyrirsjáanlegan tíma, eða næsta ár. Þá verða lögin búin að sýna sig og þá koma dagar og þá koma ráð. Ég geri líka ráð fyrir því, að þessa löggjöf, eins og svo marga aðra, þurfi að endurskoða innan mjög langs tíma. En undir núverandi kringumstæðum er alger óþarfi að vera að gera spá um það, hvað kostnaðurinn geti orðið mestur, ef starfsemi sú, sem frv. gerir ráð fyrir, víkkar svo sem hún mest getur.

ATKVGR.

Brtt. 294,1.a. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 294,1.b. samþ. með 15 shlj. atkv.
— 294,2. samþ. án atkvgr.
— 294,3. samþ. með 16 shlj. atkv.
— 294,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 294,5 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 294,6 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 301,1 felld með 10 : 8 atkv.
— 294,7 samþ. með 14 : 1 atkv.
— 294,8 samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HJ, HK, JJós, JAJ, JÓl, LH, MG, MJ, PO, SE, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, JörB.

HV[1]), SÁÓ[2]), greiddu ekki atkv.

Sjö þm. (BSv, HG, IngB, JS, MT, ÓTh, ÁÁ) fjarstaddir.

Brtt. 294,9—11 samþ. með 14 : 1 atkv.
— 294,12 samþ. með 13 : 2 atkv.
— 294,13 samþ. með 13 : 2 atkv.
— 294,14 samþ. með 14 : 1 atkv.
— 294,15 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 294,16 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 301,2.a felld með 13 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, HK, JJós, JÓl, MJ, ÓTh, PO.

nei: SE, TrÞ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, HJ, JAJ, LH, MG, JörB.

SÁÓ, HG greiddu ekki atkv.

Sex þm. (ÁÁ, BSv, HV, IngB, JS, MT) fjarstaddir.

Brtt. 301,2.b felld með 13 : 6 atkv.
Brtt. 294,17 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 294,18 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 294,10.a—b samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., 31. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 312).

Á 39. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

---

1) Með svofelldri greinargerð: Þar sem ég hefi ekki getað fengið fullnægjandi upplýsingar um fjárhagsatriði málsins, greiði ég ekki atkv.

2) Með svofelldri grg.: Með sömu forsendum og hv. 2. þm. Reykv. greiði ég ekki atkv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og var frv. ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Embættiskostnaður sóknarpresta og aukaverk.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra (stjfrv., A. 26).

Á 3. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta frv. er ef til vill enn meiri nýjung en frv., sem næst var á dagskrá á undan því og fjallaði um bókasöfn prestakalla. Þykir mér einnig sennilegt, að það muni ef til vill þykja athugavert eins og það er lagt fyrir. Í sem stytztu máli sagt er hér um launahækkun handa prestum að ræða. Sjálfir kalla þeir það embættiskostnað, og því verður ekki í móti mælt, að þeir færa sterk rök fyrir sínum málstað, enda býst ég ekki við, að deilt verði um það, að prestunum sé full þörf á launahækkun. Hitt getur frekar orðið deiluefni, hvort landið sé fært um að verða við kröfum þeirra.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um frv. fleiri orðum, en vildi leggja til, að því yrði vísað til fjhn., að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

16. Kirkjur.

Á 1. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um kirkjur (stjfrv., A. 27).

Á 3. fundi í Nd., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta frv. fer ekki fram á aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, heldur er með því stefnt að betra skipulagi um meðferð kirkna.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hvílíkir misbrestir eru á því, að meðferð kirkna hér á landi sé svo sem vera skyldi. Hinsvegar hefir reynslan orðið sú, allsstaðar þar sem komið hefir til mála að færa saman prestaköll og fækka prestum, að söfnuðurnir hafa borið fram eindregin mótmæli gegn því, svo að helzt lítur út fyrir, að menn vilji halda óbreyttri þeirri prestatölu og kirknatölu, sem nú er. Af slíku getur að sjálfsögðu ekki annað leitt en að komið verði í veg fyrir, að kirkjurnar séu vanræktar svo mjög sem nú eru þær. Það er ekki vansalaust fyrir okkur sem menningarþjóð, að kirkjurnar eru víða notaðar til að þurka þvott í, t. d. að taka, auk þess sem algengt er, að þær séu notaðar til almennrar geymslu. Hefi ég ekki óvíða séð það, þar sem mig hefir borið að kirkjustað, að þvottur hefir verið breiddur á kirkjubekkina. Má nærri geta hverjum augum útlendingar muni líta á slíka meðferð kirkna, þeir sem ferðast um hér á landi.

Það er nauðsynlegt að kippa þessu til betra horfs. Frv. gengur í þá átt, að komið verði föstu skipulagi á meðferð kirkna, og er það eina leiðin til þess að ráða bót á þessu efni. Treysti ég því, að hv. deild sjái, að frv. stefnir í rétta átt og veiti því brautargengi.

Að svo mæltu vildi ég leggja til, að frv. yrði vísað til allshn., að umr. lokinni.

Héðinn Valdimarsson: Ég ætla ekki að fara að hefja umr. út af þessu frv., en í sambandi við það vildi ég leyfa mér að gera fyrirspurn til hæstv. stj. viðvíkjandi stjfrv. yfirleitt.

Svo er mál með vexti, að ég hefi orðið þess var, að ýmsir stuðningsmenn stj. hafa fengið stjfrv., áður en þeim hafði verið útbýtt meðal þm. Að minnsta kosti hefi ég ekkert stjfrv. séð, fyrr en hér á þingi, og sama hefir verið um þá þm., sem ég hefi átt tal við um þetta. Er það mjög vítavert, ef þm. er að þessu leyti gert lægra undir höfði en stuðningsmönnum stj., því að þm. eiga að sjálfsögðu að fá frv. fyrstir manna, og sem fyrst, svo að þeir geti rakið efni frv. á þingmálafundum og þannig gefið kjósendum sínum tækifæri til að taka afstöðu til þeirra. Vildi ég gjarnan heyra, hverju hæstv. stj. hefir til þessa að svara.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég held að það sé um misskilning að ræða hjá hv. 2. þm. Reykv., hvað þetta snertir. Núverandi stj. hefir í þessu efni fylgt venju fyrirrennara sinna. Meðan við framsóknarmenn vorum í andófi, fengum við aldrei að sjá stjfrv. fyrir en á þing var komið. Minnist ég þess, að á meðan hv. þm. Dal. var ráðh., fékk enginn neitt að vita um það, sem hann var að brugga. Fæ ég ekki séð, að það sé átöluvert nú fremur en áður, þó að stj. sendi frv. ekki til þm. löngu áður þing kemur saman. Hitt er annað mál, þó að horfið væri frá þessari venju, sem er ein af þeim fáu venjum, sem núverandi stj. hefir haldið frá fyrirrennurum sínum. Annars er það tilgangslaust að vera að sýna hv. 2. þm. Reykv. og hans flokksbræðrum stjfrv., því að til þessa hafa jafnaðarmenn ekki látið svo lítið að halda þingmálafundi með kjósendum sínum. Þar gegnir öðru máli um íhaldið og okkur framsóknarmenn.

Ég get að lokum látið þess getið, að ég minnist þess ekki, að aðrir þm. en hv. 2. þm. Rang. hafi spurt mig um stjfrv. Sagði ég honum lauslega frá efni þeirra, og lét hann sér það nægja. Þessar ákúrur hv. 2. þm. Reykv. ná því ekki til mín.

Sigurður Eggerz: Ég verð að játa það, að ég man ekki allt það, sem gerðist í minni stjórnartíð, enda skal ég ekkert fullyrða um það, sem hæstv. dómsmrh. beindi til mín. Hitt þykir mér undarlegt, að annar af stuðningsflokkum stj. skuli fá stjfrv. á undan hinum og ég finn sárt

til með sessunaut mínum, hv. 2. þm. Reykv., út af því ranglæti, sem stj. hefir sýnt honum með þessu.

Héðinn Valdimarsson: Hv. þm. Dal. hefði getað sparað sér hluttekningu sína, því að hann veit vel, að við jafnaðarmenn erum ekki stuðningsmenn núverandi stj.

Hæstv. dómsmrh. þótti það afsökun á þessu framferði stj., sem ég lýsti í fyrri ræðu minni, að hið sama hefði átt sér stað í tíð íhaldsins. Fæ ég nú reyndar ekki séð, að nein afsökun sé fólgin í þessu. Annars þarf ekki meira um þetta að ræða. Hæstv. dómsmrh. hefir lýst því ótvírætt yfir, að við jafnaðarmenn höfum ekkert að gera með það að fá stjfrv. og ættum því ekki að fá þau, heldur aðeins Framsóknar- og Íhaldsflokkurinn. Ég hygg annars, að við jafnaðarmenn afrækjum ekki kjósendur okkar meira en aðrir flokkar í landinu, nema síður sé. Það kann að vera, að við höldum minna af þingmálafundum, en við höldum í þess stað flokksfundi. Og ég veit ekki betur en að sumir af fundum hæstv. ráðh. hafi verið réttir og sléttir flokksfundir. Hæstv. ráðh. ferst því ekki að vera að hafa hátt um þetta.

Lárus Helgason: Mér þykja þær ádeilur harla einkennilegar, sem nú er verið að hefja á stj. Ég er víst talinn einn af flokksmönnum stj. (**ÓTh:** Nema heima í héraði) og ekki hefi ég neitt frv. séð, fyrr en hér á þingi. Veit ég og ekki betur en að sú hafi verið venja til þessa, að þm. hafi ekki fengið stjfrv., fyrr en á þing var komið. Getur þetta því ekki gefið neitt tilefni til að fara að deila á stj., og hlýtur að vera á misskilningi byggt.

Jóhann Jósefsson: Úr því að verið var að hefja þessar umr. á annað borð, get ég ekki látið hjá líða að taka í sama streng og hv. 2. þm. Reykv. Það vildi svo til fyrir skömmu, að ég var staddur á fundi með þessum hv. þm. og dýralækni stj. En ég get sagt það fyrir mitt leyti, að ég hefi aldrei fengið stjfrv. svo snemma, að ég hafi getað haldið fundi um þau með kjósendum mínum, og mega þó teljast greiðar póstgöngur til Vestmannaeyja. Þótt ég hafi dregið fram á síðustu viku fyrir þing að halda fundina, hefir það komið fyrir ekki, og ég hygg að það sé regla hjá hæstv. stj., að beita þeirri aðferð við andstæðinga sína. Hæstv. dómsmrh. hvað þessa reglu hafa gilt í tíð fyrrverandi stjórna, en hv. þm. Dal. hefir mótmælt því, að svo hafi verið í sinni stjórnartíð, og má ætla, að aðrar fyrrverandi stjórnir hafi fylgt sömu reglu og hann í þessu efni.

Ég verð að telja það mjög ámælisvert af stjórninni að halda fyrirætlunum sínum leyndum, svo að þingmönnum gefist ekki kostur á að fá álit kjósenda sinna um þær. Þetta á jafnt við, hvort sú stjórn, sem að völdum situr er Tímastjórn eða ekki. Ég hefi kvartað undan þessari aðferð við hæstv. dómsmrh. einslega, og hefir hann sagt, að sömu aðferð hafi verið beitt við sig, meðan hann var í stjórnarandstöðu. En hvað sem því líður, er það jafnóþolandi. Þessi þjóð hefir sannarlega nóg að bera af sköttum og álögum, auk ýmiskonar gerræðis og ofbeldis af hálfu stjórnarvaldanna í seinni tíð, þó að kjósendur séu eigi sviftir þessum rétti sínum, að láta í ljós álit sitt á þeim málum, sem stjórnin leggur fyrir þingið.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vil benda hv. þm. Vestm. á það, að þar sem hann talar um rétt, sem tekinn sé af kjósendum, þá er hér ekki um fornan rétt að ræða, heldur nýjung, sem vel getur verið að sé æskileg. Hitt er ekki satt, að neinn forn réttur hafi verið brotinn á kjósendum með því að senda þeim ekki stjfrv. fyrir þing. Ég hefi sjálfur átt sæti á þingi í 8 ár, þar af 5 í stjórnarandstöðu, og fékk á þeim 5 árum ekki eitt einasta frv. fyrir þing. — Eins og hv. þm. V.-Skaft. hefir þegar tekið fram, hefir þessi stjórn yfirleitt ekki sent nokkrum þingmanni stjfrv., a. m. k. hefi ég ekki gert það.

Ég vil minna hv. þm. Vestm. á eitt óskabarn hans, frv. um ríkislögreglu, sem unnið var að í flokki hans mikinn hluta vetrar, en haldið leyndu fyrir öllum landslýð, unz á þing kom. Finnst nú hv. þm. Vestm. ekki, að rétt hefði verið

af Jóni Magnússyni að lofa sjómönnunum í Vestmannaeyjum að sjá frv. í tæka tíð, svo að þeir hefðu getað lagt blessun sína yfir það, áður en það kom fyrir þingið?

Hannes Jónsson: Á þingmálafundum í Vestur-Húnavatnssýslu hefir þráfaldlega verið undan því kvartað síðustu 6—7 árin, hve óheppilegt væri að hafa ekki stjfrv. fyrir sér. Man ég, að þáverandi þm. kjördæmisins, Þórarinn Jónsson, átaldi þetta harðlega á sínum tíma. Það mun rétt vera, að þetta hafi ekki verið venja í tíð fyrrverandi stjórnar. En ef nauðsynlegt er, að það verði venja, er rétt að hv. þm. láti vilja sinn í ljós um það. Aðalatriðið er hér sem oftar, að breyta til batnaðar, en ekki að sakast um orðinn hlut. Ég vil taka það fram, **að mér hafa engin frv. verið send.** Hinsvegar hafði ég fengið að vita um efni sumra þeirra með því að gera fyrirspurnir. En það er ekki nóg. Kjósendur þurfa að hafa frv. sjálft fyrir sér, svo að þeir geti látið álit sitt á þeim í ljós, þótt það álit sé að vísu eigi ávalt staðgott, þar sem oft er lítill tími til að athuga og rökræða málin á stuttum fundum. Vestfirðingar hafa tekið upp þá aðferð að halda lengri fundi, þar sem menn fá tækifæri til að rannsaka málin og koma með rökstutt álit. Myndi mjög til bóta, að slíkt fundarsnið yrði tekið upp víðar.

Ég skal svo eigi fara fleiri orðum um þetta efni, en vona að stjórnin breyti sem fyrst um reglu.

Hákon Kristófersson: Án þess að ég vilji verða þátttakandi í umræðum þeim, sem hér hafa farið fram, sem ég tel að athuguðu máli eðlilegar, vil ég taka það fram, að ég hefi jafnan litið svo á, **að orsökin til þess,** að þingmenn hafa ekki fengið stjfrv. fyrir þing, væri sú, að frv. væru eigi svo snemma tilbúin, að slíkt væri hægt. Ég skal ekki segja, að hæstv. núverandi stjórn hafi farið í þeim efnum hægra en fyrrverandi stjórnir, en ekki er mér grunlaust um það, að eitthvað sé þó til í þeim ásökunum. Ég hefi hér fyrir framan mig **framhaldsnál.** póst- og símamálanefndar, og finnst mér, að eins hægt hefði verið að senda það þingmanninum og öðrum í sama héraði. Mér er m. a. kunnugt um, að ekki var það sent til mín, eins og þó hefði verið mjög vel hægt. Að ég átti kost á að sjá það fyrir þing, kom af því, að ég sá það á heimili eins vinar míns, sem látinn er fyrir 7 árum. Honum hafði verið sent það! (hlátur). Svipað má segja um annað merkisrit stjórnarinnar, sem nefnist „Samvinna bænda". Þá bók sá ég ekki nema á einu heimili í Barðastrandarhreppi. Mun aðeins hafa verið sent Framsóknarmönnum vestra. **(Dómsmrh.:** Kaupfélagsmönnum). Ég sá hana þó hjá einum, sem ekki er í neinu kaupfélagi.

Ef þessar tvær bækur mega ekki eins sjást af Sjálfstæðismönnum sem öðrum, tel ég það illa farið, allra helzt þegar þær eru gefnar út fyrir fé úr ríkissjóði.

Hæstv. dómsmrh. hefir lýst yfir því, að hann hafi engin frv. fengið í tíð fyrrverandi stjórna. Þótt ég rengi ekki orð hans um það, sé ég þó ekki betur, en aðstaða hans til að afla sér frv. eða fá upplýsingar um efni þeirra sé ólíkt betri en okkar utanbæjarmanna. Þau ummæli, er hann hafði viðkomandi frv. um ríkislögreglu, sanna líka bezt, að svo er, því að hann segir, að sér hafi verið kunnugt um efni þess löngu áður en það kom fyrir augu annara þingmanna. Ég átel ekki stjórnina fyrir að hafa ekki sent út frv., af því að ég geri ráð fyrir, að þau hafi ekki verið tilbúin, en hitt tel ég ámælisvert, ef allir fá ekki sömu möguleika til að kynnast þeim málum, er stjórnin hugsar sér að leggja fyrir næsta þing, hver svo sem er.

Forseti (JörB): Ég vil biðja hv. þm. að halda sér við efnið.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er ekki undarlegt, þó að raddir komi fram um þetta efni. En ástæðurnar fyrir því, að frv. stjórnarinnar hafa ekki verið send til þingmanna, eru einkum tvær. Önnur er sú, að frv. eru oftast ekki fullprentuð fyrr en skömmu fyrir þing. Hin ástæðan er sú, að í 21. gr. stjórnarskrárinnar er gert ráð fyr-

ir, að konungur geti lagt fram frv. Það hefir ekki þótt viðkunnanlegt að gera efni frumvarpa opinbert, og að blaðamáli, fyrr en frumvörpin hafa verið lögð fyrir konung. Hinsvegar stendur öllum opið að fá vitneskju um efni þeirra, t. d. með því að gera fyrirspurnir. Frv., sem landbúnaðinn snerta, hafa verið lögð fyrir Búnaðarþingið. En þess er jafnan getið, er svo stendur á, að frv. sé ennþá eigi opinbert mál. Hinsvegar mun ég eigi setja mig upp á móti því, að nýr siður verði upp tekinn, ef það er fært.

Mér kemur það undarlega fyrir, sem hv. þm. Barð. sagði, að bókin, „Samvinna bændanna", hefði eingöngu verið send Framsóknarmönnum. Við útsendinguna var farið eftir síðustu skýrslum um framteljendur í landinu, og um hana annazt af samvizkusömum manni. Ég á því bágt með að trúa því, að ummæli hv. þm. Barð. hafi við rök að styðjast.

Einar Jónsson: Ég er nýkominn á fundinn og því ekki vel kunnugur, um hvað umræður hafa snúizt, en mér skilst að deiluefnið sé það, að stjfrv. sé eigi útbýtt nógu snemma meðal þingmanna áður en þing er sett. Við þm. Rang. héldum fundi skömmu fyrir þing, en á þeim fundum hafði ég ekkert plagg í höndum um fyrirætlanir stjórnarinnar á næsta þingi. Ég gerði að vísu ráð fyrir, að mál, sem óútrædd voru á síðasta þingi og máli þóttu skipta, kæmu aftur fyrir í vetur, en aðrar upplýsingar gat ég ekki gefið um mál, sem tekin yrðu til meðferðar á þessu þingi. Samþingismaður minn hafði að vísu tekið eitthvað af stjfrv. með sér austur, en svo illa tókst til, að hann týndi þeim eða gleymdi áður en til funda kæmi. Mér finnst það næsta ranglátt, að þeir þm., sem búa í Rvík, njóti hærri réttar en aðrir í þessu efni, með öðrum orðum, þm. Reykv. eiga enga kröfu til þess, að fá stjfrv. á hönd, áður en þing er sett, frekar en aðrir þm., sem fjær búa. Tel ég þá miklu nær að láta engan þingmann sjá frv., fyrr en á þing er komið.

Annars álít ég, að sú stjórn, sem nú situr, hafi hér nokkra afsökun, þar sem hún mun ekkert semja af frv. sínum sjálf, heldur ræður sérstakar nefndir eða sérstaka menn til þess fyrir sína hönd. Hún veit því ef til vill ekkert um, hvað samning frumvarpanna líður. Það hefir verið regla um langa liðna tíð, að frv. stjórnarinnar kæmust ekki í hendur þm. fyrr en í þingbyrjun. Hvort sem breytt verður þeirri reglu eða ekki í framtíðinni, þá legg ég áherzlu á, að meðan allir fá ekki frv., fái enginn þau. En af því, sem ég sagði hér að framan, er auðsætt, að stj. hefir metið sína flokksmenn meira en aðra, þar sem samþingismaður minn fékk frv. með sér, en ég ekkert, enda þótt svo færi, að hvorki honum né kjósendum hans kæmu þau að notum, vegna gleymsku eða vangár.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Mér er ekki kunnugt um, að neinn þm. hafi fengið neitt af minum stjfrv. Hitt er rétt, að ég sagði hv. 2. þm. Rang. í samtali ágrip af þeim rétt fyrir þingið. En fyrsti maður, sem ég úthlutaði stjfrv., hygg ég hafi verið hv. fyrrv. þm. V.-Sk., sem situr nú hér í blaðamannaherbergi nu fyrir hönd Morgunblaðsins.

Gunnar Sigurðsson: Það er rétt hjá hæstv. dómsmrh., að ég átti lauslegt samtal við hann um stjfrv. hans áður en ég fór austur. Hinsvegar biðum við eftir frv., sem okkur þótti miklu varða, þ. e. frv. um brýr og fyrirhleðslur á vatnasvæðinu eystra, en það frv. gátum við ekki fengið, af því að vegamálastjóri hafði það ekki til.

Það var aðeins eitt þingmál, sem ég hafði sérstakan áhuga fyrir að ná í, vegna þess að það snerti sérstaklega mitt kjördæmi. Það var um vatnamál Rangæinga. Það frv. fékk ég á síðustu stundu. Vissi ég, að það stafaði af því, að frv. var ekki fyrr tilbúið frá vegamálaskrifstofunni. — Hv. samþingismaður minn sagði að ég hefði gleymt að hafa frv. með á fundina. En það er að mestu leyti misskilningur. Ég hafði það með á tveimur fundum, en vegna þess að ég fór mjög snemma morguns af stað á þriðja fundinn, þá gleymdi ég að láta frv. í töskuna. Þetta kom þó ekki að sök, því að ég mundi vel efni frv.

Ég get tekið undir það, að óþægindi eru að því fyrir þm., að stjfrv. eru eigi

svo snemmbúin, að þm. geti lagt þau fyrir til umræðu á þingmálafundum. En ég vil þó skjóta því til hæstv. fors., að mér finnst ærið óviðkunnanlegt að blanda slíku máli inn í það mál, sem nú er virkilega á dagskrá. Vona ég að það komi ekki fyrir oftar.

Jóhann Jósefsson: Mér fannst hv. 2. þm. Rang. komast í nokkra mótsögn við sjálfan sig í niðurlagi ræðu sinnar. Hann vildi ekki láta ræða þetta mál, en vildi þó hinsvegar fá því breytt. Skil ég ekki í þeim tvíveðrung. — Það sem hæstv. forsrh. lagði til þessa máls, fannst mér sanngjarnt. Hann var sammála mér og öðrum um það, að óheppilegt væri að hafa ekkert af fyrirætlunum stjórnarinnar til umræðu á þingmálafundum. Ég get vel trúað því, að hann vilji kippa þessu í lag. — En til að minna á, hvernig þetta hefir verið framkvæmt, þá dugar að segja frá umburðarbréfum þeim, sem send hafa verið út um land frá skrifstofu Tímans, eða undan handarjaðri stjórnarinar. Í bréfi, er sent var út fyrir jólin, hefi ég fyrir satt, að flokksmönnum hæstv. stjórnar hafi verið gefið fyrirheit um, að þeim yrðu send stjfrv. á sínum tíma. Í öðru bréfi, sem kom eftir áramótin, er sagt frá þessum frv. Er þar gengið svo langt, að þar er getið frv., sem stjórnin ætli að leggja fyrir þingið, en sem enn hafa eigi komið fyrir augu þm. Svo er t. d. um fimmtardómsfrv. Sakleysi og hlutleysi hæstv. stjórnar lýsir sér þá á þennan hátt. Ég skal litlu svara hæstv. dómsmrh. — Hann talaði um ríkislögreglufrv. Það var satt, að það kom eigi fram fyrir þing.

Þótt hæstv. ráðh. talaði háðslega um ríkislögreglufrv., þá ætti hann manna sízt að gera það, hann, sem bæði hefir haft lögregluvörð og einkavörð um sig af hræðslu við bolsana. (**Dómsmrh.:** Bolsarnir hafa verið góðir við mig).

Gunnar Sigurðsson: Hv. þm. Vestm. taldi mig hafa verið tvísaga. Það er ekki rétt. Ég vildi aðeins láta ræða þetta mál sérstaklega, t. d. með þál. (**BSt:** Það hefði átt að gerast 1924!), en eigi sem kirkjumál.

Benedikt Sveinsson: Ég stend upp vegna þess, að ég mun vera einna fyrstur þm., sem átalið hafa, að stjfrv. koma jafnan síðla fram. Það var í stjórnartíð Hannesar Hafsteins. Ég mun einnig hafa ýtt við næstu stjórn, sem þar kom á eftir, um þetta. En niðurstaðan vill ávallt verða sú hin sama, að stjórnarfrv. verða síðbúin. Munu, þegar bezt lætur, tök á fyrir þá þm., sem búsettir eru í Reykjavík, að sjá frv. nokkrum dögum fyrir þing, en sjaldan tími til þess að senda þau út um land áður þingmenn fari heiman, því síður, að færi sé að bera þau undir kjósendur. Hæstv. forsrh. lýsti ástæðum að þessum töfum, meðal annara þeirri, að frv. þurfa að leggjast fyrir konung. — En þótt frv. væru eigi fullsamin að öllum frágangi, þá væri þó hagkvæmt að landsmönnum væri kynnt meginefni þeirra áður, t. d. í stjórnarblöðunum, svo að færi gæfist á að ræða þau á þingmálafundum, og kjósendur ættu kost á að athuga þau og ræða um við fulltrúa sína, áður á þing kæmi.

Ef umræður þessar gætu orðið til þess, að horfið væri að því ráði, að stjórn vor birti landslýð höfuðatriði þeirra frv., er hún ætlar sér fram að bera, þá væri þeim ekki til einskis varið. En hitt er satt, að þau mál, sem nú eru á dagskrá, gefa naumast mikla ástæðu til þess að þessar umr. hafi farið fram. Þau eru ýmist sjálfsögð á hverju þingi, svo sem er með tvö fyrstu málin, eða þá að þau voru kynnt á síðasta þingi. Svo er um 3., 4. og 5. mál. — Það væri þá helzt 6. málið, sem er þáltill. um að Ísland sæki um upptöku í þjóðabandalagið. En um það mál hefir mikið verið rætt og ritað. Meðal annars hafa fræðimenn skrifað um það í tímarit og haldið fyrirlestra um það í útvarp. — Þessar löngu umr. eru því óþarfar í sambandi við þau mál, sem nú eru á dagskrá. — En svo sem ég hefi þegar sagt, þá er þeim þó ekki á glæ kastað, ef þær mættu til þess verða, að betra skipulag fengist um birting stjórnarfrumvarpa framvegis.

Sigurður Eggerz: Ég get vel fallizt á, að æskilegt væri, að stjórnarfrv. væru fyrr tilbúin og send út. En venjulega eru stjórnirnar seinar á sér um tilbúning

þeirra. Það er sá djúpi sannleikur í málinu.

Ég er lítið kunnugur þeim tilkynningum, sem hv. þm. Vestm. talaði um að kæmu frá stjórninni. En ég hefi þó heyrt, að maður nokkur hafi ferðast um Dalina og boðað símalagningu á vissu svæði, heim á hvern bæ. Ef þetta er rétt, þá get ég verið hæstv. stjórn hjartanlega þakklátur fyrir það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 20 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., 11. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, 113, n. 114).

Frsm. (Magnús Torfason): Ég get vænzt þess, að umr. um þetta mál verði ekki þeim mun lengri, sem brtt. við frv. eru fleiri en í síðasta máli. Yfirleitt hefir nefndin fallizt á það, að frv. yrði að lögum og að mestu á þá leið, sem það var borið fram. Því að enda þótt brtt. séu nokkuð margar, er margt af því fyrirkomulagsatriði og orðabreytingar og fært til betra máls.

Aðalbrtt. nefndarinnar við frv. er við 2. gr. þess, a-lið, og snertir ákvæði um stærð kirkna. Í frv. er mælt svo fyrir, að hafa skuli kirkjur þær, er byggðar eru, svo stórar, að þær rúmi a. m. k. ⅓ sóknarmanna í sætum, þar sem einn prestur þjónar, en ⅙ sóknarmanna, þar sem messa er sungin tvisvar á dag. Við þessa gr. gerir nefndin þá brtt., að í stað „⅓ og ⅙“ komi „allt að ⅓ og ⅙“.

Ástæða sú, sem nefndin færir fyrir þessari brtt., kemur fram síðast í grg. og er sú, að þar sem enn er ekki séð, hvaða áhrif útvarpið hefir á kirkjusókn í landinu, þykir ekki tímabært, að fastákveða nánar um stærð kirkna.

Mörgum þykir ástæða til að ætla, að útvarpið muni með tímanum hafa þau áhrif, að draga úr kirkjusókn. Það er að minnsta kosti víst, að fólk hlustar heima hjá sér á messur, sem útvarpað er. Og sumsstaðar koma saman dálitlir söfnuðir á heimilum, þar sem heyrnartæki eru. Af þessu þótti nefndinni vissara að gera ráð fyrir, að kirkjusókn kynni að minnka og telur því ekki rétt að hnitmiða svo stærð kirkna, að ekki mætti hafa þær minni, þótt almenna reglan yrði sú, að miða við ⅓ safnaðarmanna.

Þá er ákvæði í 5. gr. frv. um skyldu til að hafa í kirkjum nægileg hitunartæki. Það er gott til þess að vita, að fyrir þessu atriði sé séð í lögunum og verður að skoðast sem sjálfsögð heilbrigðisráðstöfun. Nú er yfirleitt að batna fyrirkomulag um hitun híbýla manna, og þá er það eðlilegt, að því verði ekki unað, að mönnum geti ekki liðið sæmilega, meðan þeir sitja í kirkjunum. Við þessa grein vill þó nefndin gera þá brtt., að ráðherra geti veitt undanþágu í þessu efni, þar sem sérstaklega stendur á, t. d. þar sem fáir bæir, 2—3, eru um eina kirkju, eða þar sem kirkjur eru orðnar gamlar eða hrörlegar, og því líklegt, að þær verði bráðlega endurbyggðar. Sæmileg hitunartæki kosta talsvert fé og því getur verið álitamál, hvort rétt sé að kaupa þau til slíkra kirkna.

Þá er nokkur breyting lögð til við 13. gr. b-lið um samþykki ráðh. um hækkun kirkjugjalds um 100% vegna kirkjubyggingar. Í þá grein hefir slæðst prentvilla, „kirkjugjalda“, en á að vera „kirkjugjalds“; hefir skrifstofan lofað að leiðrétta þetta í prentun. Yfirleitt eru margar af brtt. fyrirkomulagsatriði, í þá átt að mæla svo fyrir, að ýmsum mögulegum ágreiningsatriðum á milli presta og safnaða, eða sóknarnefnda og prófasta, beri að skjóta til ráðherra en ekki biskups. Ég álít, að slíkar deilur geti stundum orðið nokkuð harðar og tel, að með þessum breytingum verði komizt hjá að stofna e. t. v. til leiðinda milli kirkjustjórnar og prófasta eða presta eða safnaðar, sem annars hafa mikið saman að sælda.

Þar sem nú er langt áliðið fundartímann, mun ég ekki hafa fleiri orð um frv. og brtt. Ég vil geta brtt. á þskj. 113, sem hv. 2. þm. Reykv. ber fram. Um fyrra atriði þeirrar brtt. vil ég taka það fram, að nefndin mun ekki fallast á hana, heldur halda sér við sína fyrri skoðun á því efni, — en um síðara atriðið er það að segja, að nefndin hefir þar óbundnar hendur; mun ég fyrir mitt leyti bíða á-

tekta og hlusta á, hvað hv. þm. segir um till. sínar.

Héðinn Valdimarsson: Ég mótmæli því algerlega, að nefndin sé bundin við brtt. á þskj. 113. Við nefndarmenn höfum aldrei undirskrifað þær eins og þær líta út á nefndu þskj. Ýmsum þeirra hefir hv. form. bætt á skjalið eftir að nefndin undirskrifaði það.

Hann segir að nefndin sé bundin við þá brtt., að kirkjur skuli rúma allt að ⅓ safnaðar, en það er alls ekki rétt. Bæði ég og hv. 3. þm. Reykv. voru á móti því að miða við ⅓ og ⅙ safnaðanna. Í áliti því, sem nefndin undirritaði, var aðallega rætt um væntanleg áhrif útvarpsins á kirkjusókn, og einnig um það, að gera þyrfti frv. mýkra og aðgengilegra. Þó hér sé ekki um stórt mál að ræða, þá get ég ekki fallizt á þessa brtt. hv. formanns n., meðal annars af því, að eftir orðalagi brtt. er aðeins ákveðið, hve stór kirkja megi vera, en ekki hve lítil minnst. Brtt. segir bókstaflega ekkert um það, og þó að byggð væri kirkja yfir 1 til 2 menn, þá væri ekkert hægt að setja út á það. Annars get ég verið sammála hv. formanni um það, að eitthvað megi minnka kirkjurnar frá því, sem frv. leggur til. Ég bar fram á nefndarfundi till. um, að í stað ⅓ kæmi ¼ safnaðanna og í stað ⅙ kæmi ⅛, þar sem messa er sungin tvisvar á dag.

Út af síðara lið 5. gr. frv., vil ég taka það fram, að þar sem ákveðið er að kirkjur skuli vera vátryggðar fyrir eldsvoða, virðist vanta ákvæði um það, að þær séu vátryggðar í Brunabótafélagi Íslands, sem er auðvitað alveg sjálfsagt, þar sem ríkið ber ábyrgð á þeirri stofnun.

Magnús Jónsson: Frumvarp það, er hér liggur fyrir, verður vissulega að teljast til bóta að ýmsu leyti.

Mér var bent á það rétt núna, að hvergi eru í frv. nokkur ákvæði um það, hvernig fara skuli, þegar um flutning kirkju er að ræða. Ég skal játa það, að þetta er ekki hægt að telja vansmíði á frv. í sjálfu sér, en þó mun það vera þess vert að athuga þetta atriði.

Brtt. á þskj. 114, sem nokkur ágreiningur virðist um hvort séu frá nefndinni eða ekki, finnst mér vera heldur til hins lakara, og sannast að segja get ég ekki fundið í þeim neina sérstaka mýkt eða viðfeldni. Sumt í þeim eru aðeins orðabreyt. og skal ég láta þær liggja milli hluta. En tvö atriði í brtt. finn ég sérstaka ástæðu til að athuga; annað er það, sem hv. 2. þm. Reykv. benti á viðvíkjandi stærð kirknanna. Þar hefir hv. nefnd alveg haft hausavíxl eða réttara sagt endaskipti á hlutunum. Það liggur í augum uppi, að það er mest þörf á að taka fram hvað kirkjurnar megi minnstar vera. Í frv. var það gert og miðað við ⅓ og ⅙ safnaða, en við það gerir svo nefndin þá einkennilegu breytingu að segja allt að ⅓ og ⅙, þ. e. hún setur hámark fyrir stærð kirkna. Eftir venjulegu lagamáli yrði það ekki öðruvísi skilið en svo, að kirkjur mættu vera svo litlar grýtur, sem vera vildi, en aðeins ekki stærri en það, að þær rúmuðu ⅓ og ⅙ hluta safnaðanna. Ég veit ekki, hvort ástæða er til að ætla, að hlutaðeigendur sæki svo mjög eftir því, að byggja stórar kirkjur. Ég get ekki fundið neinar líkur til þess að þurfi að óttast, að í menn hlaupi nokkur óeðlilegur ofsi í þá átt. Ef hinsvegar þessi orð „allt að“ hafa átt að þýða sama sem hér um bil, þá fær náttúrlega brtt. aðra merkingu og gerir hvorki til né frá, en þannig má vitanlega ekki skilja orðin allt að.

Hv. samþingismaður minn flytur brtt. um að færa lágmarkstölurnar í frv. um stærð kirkna úr ⅓ í ¼ og ⅙ í ⅛. Ég tel ekki sæmilegt að miða stærð kirkna við minni tölu en ⅓ safnaðar, og mun því greiða atkvæði á móti brtt., þótt hún hafi það fram yfir brtt. nefndarinnar, að vera hugsuð rétt.

Hitt atriðið, sem ég finn ástæðu til að gera athugasemdir við í brtt. hv. nefndar, er sú tilhneiging, sem gægist fram í mörgum brtt., til að draga valdið yfir kirkjumálunum úr höndum biskups og prófasta og fá það kirkjumálaráðherranum.

Í brtt. er hvað eftir annað talað um, að kirkjustjórn skuli hafa æðsta úrskurðarvald um ýms atriði, sem heyrt hafa undir biskup hingað til. En með kirkjumálastjórn er auðvitað átt við ráðherrann.

Ég skil ekki, hvað það á að þýða, að vilja draga atkvæði biskups og kirkjuráðs út úr, þar sem ákveða skal um kirkjuleg málefni, t. d. ef um það er að ræða að reisa nýja kirkju o. s. frv. Hvers vegna þá að ganga fram hjá þeim?

Í sæti kirkjumálaráðherra geta hæglega valizt menn, sem engan áhuga hafa fyrir kirkjunnar málefnum. Þeir munu oftast valdir meir með tilliti til annara mála, sem þeir þurfa að fara með. Ég álít einmitt, að það sé full ástæða til að minnka ekki vald biskups og kirkjuráðs í þessum efnum og vona ég, að hv. deild fallist á það.

Þó að ýms smáatriði séu í frv., sem væri ástæða til að athuga nokkuð, býst ég við að sleppa því í þetta sinn.

Pétur Ottesen: Ég ætla ekki að fara langt inn á þetta mál að þessu sinni.

Það er vitanlegt, að hér í Reykjavík heyrast allháar raddir um það, að bráðlega þurfi að stækka dómkirkjuna hér, eða að byggja aðra nýja til viðbótar.

Munu þá ákvæði þessa frumvarps um stærð kirkna, ef þau verða að lögum, hafa áhrif á kirkjubyggingu í Reykjavík. Ætti kirkja hér í Reykjavík, þar sem tveir prestar þjóna, að rúma ⅙ safnaðarins, mundi hún að líkindum verða óþarflega stór.

Ég get vel fallizt á að lækka megi lágmarkstölurnar í frv. um stærð kirkna, en brtt. hv. nefndar get ég ekki fallizt á. Brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. finnst mér sanni nær, ef ástæða þykir til að setja nokkur ákvæði um þetta.

Við brtt. nefndarinnar finn ég aðallega eitt atriði athugavert, að þar er lagt til, að gengið sé að mestu leyti framhjá söfnuðunum með að úrskurða um það, hvenær þörf sé að endurbyggja kirkju, og það endanlega lagt undir úrskurð ráðherra, hvort byggja skuli kirkju eða ekki. Með slíku ákvæði er réttur tekinn af þeim, sem kostnaðinn eiga að bera. Virðist það óeðlilegt, að ekki skuli fara saman réttindi og skyldur í þessu efni. Get ég alls ekki fallizt á slíkt. Mun ég við 3. umr. bera fram brtt. um þetta atriði, þar sem ákveðið verður, að söfnuðirnir hafi þetta vald.

Það er ákvæði í 13. gr. frv. um það, að prófastur geti með samþykki biskups ákveðið, ef hann telur að endurbyggja þurfi kirkju, að hækka skuli kirkjugjöld um helming, að því er mér skilst, allt að 10 árum áður en hann álítur að þurfi að byggja kirkjuna. Féð skal svo ávaxta í hinum alm. kirkjusjóði þar til kirkja er endurbyggð.

Nefndin flytur þá brtt., að prófastur og sóknarnefndir skuli ráða þessu í sameiningu. En ef ágreiningur verður milli prófasta og sóknarnefnda, hver á þá að skera úr?

Ég vil láta það vera á valdi safnaðanna, hvernig afla skuli fjár til kirkjubyggingar, og mun ég á sínum tíma bera fram brtt. um það efni. Mér er ekki kunnugt, að nokkur ástæða sé fyrir hendi, er geri nauðsynlegt að taka þetta vald af sóknarnefndunum. Ég býst við, að segja megi, að sumar kirkjur séu ekki í bezta lagi, en það er svo um fleiri hús og híbýli.

Ég tel, að í þessu efni sé það gjaldgetan, sem verði að ráða á hverjum tíma, því að þó að menn eigi kost á lánum til kirkjubygginga, þá hrekkur það ekki nema að nokkru leyti, og af þeim lánum þarf svo að borga vexti og afborganir.

Ég get tekið undir það með hv. 1. þm. Reykv., að ég felli mig illa við þá tilhögun, að taka úrskurðarvald úr höndum biskups og fá það í hendur ráðherra. Úr því að biskup er til á annað borð, þá er eðlilegra að hann hafi íhlutun um þessi mál frekar en ráðh. Þó ekki sé rétt í þessum umræðum að miða við persónur, þá get ég vel tekið það fram, að núverandi biskup er að mínum dómi mjög gætinn fjármálamaður. Tillögur þær frá honum um málefni kirkjunnar, sem legið hafa fyrir á undanförnum árum, eru talandi vottur um gætni hans og varfærni í meðferð ríkisfjár.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Magnús Torfason): Mér þykir leitt, að þeir tveir hv. þm., sem aðallega hnýttu í þetta frv., skuli vera svo

seinir til móts í dag. Ég held samt, að ég geti sagt þau fáu orð, sem ég þarf, þeim viðvíkjandi, þó að þeir séu ekki komnir.

Hv. 2. þm. Reykv. var að fetta fingur út í nál., og vildi líta svo á, að n. hefði ekki samþ. brtt. Að því er þetta snertir, þá er það að vísu rétt, að brtt. voru á 4 sérstökum blöðum og nál. á sérstöku skjali. Er þessu oft svo hagað, þegar um margar brtt. er að ræða. Um það kom engin till. fram í n., hvort nál. ætti að vera á einu eða tveimur skjölum, en það er víst, að allir nefndarmenn samþykktu till., að undanteknum hv. 2. þm. Reykv., sem skrifaði undir nál. með fyrirvara, enda hefir hann borið fram sjálfstæðar brtt. Ég held því, að þessar aðfinnslur hv. þm. viðvíkjandi formi nál. stafi af því, að hann hafi verið í svefnrofunum, þegar gengið var frá nál. — Nefndarfundurinn var haldinn kl. 9 að morgni, og hefir hv. þm. sennilega ekki verið búinn að ljúka upp nema öðru auganu.

Brtt. hv. 2. þm. Reykv. ganga að því leyti skemmra en frv. sjálft, að samkv. þeim þarf ekki að byggja stærri kirkjur en svo, að þær rúmi ¼ safnaðarins. Get ég ekki fallizt á þetta. Þetta ákvæði frv. er fyrst og fremst sett vegna Reykjavíkur, og með það fyrir augum, að söfnuður og prófastur geti ráðið þessum málum til lykta, án afskifta löggjafarvaldsins. Og hvað þetta snertir, er ég þeirrar skoðunar, að geistlega valdið geti aldrei kúgað Alþingi til að byggja stærri kirkjur en hæfilegt má þykja. Hér er um að ræða samkomulagsatriði milli þings og stj. annarsvegar og andlega valdsins hinsvegar. Frá því sjónarmiði séð má því segja, að þetta ákvæði sé óþarft. Annars gleður það mig, að hv. 2. þm. Reykv. skuli vera eins sannkristinn maður og þessar till. hans bera vitni um. (HG: Hefir hann ekki alltaf verið það?). Ekki skal ég bera neinar brigður á að svo sé, en það veit ég, að ekki hafa allir til þessa haft fyrir satt, að hann væri það.

Hv. 1. þm. Reykv. gerði nokkrar athugasemdir við frv. út af þessu atriði, sem ég nefndi, og var með óþarfa hvefsni í því sambandi. Hygg ég þó, að þessi mál standi nú svo, að geistlegheitin megi verða því fegin, að komið er til móts við þau. Hv. þm. vildi gera brtt. n. að vitleysu, með því að þar segði að byggja skyldi svo stórar kirkjur, að þær rúmuðu allt að ⅓ safnaðarins. Taldi hv. þm. þetta ákvæði vitleysu eina, vegna þess að samkv. því þyrfti ekki að byggja stærri kirkjur en svo, að þær rúmuðu einn mann. Í frv. sjálfu segir, að kirkjur skuli byggja svo stórar, að þær rúmi að minnsta kosti ⅓ safnaðarins. Samkv. röksemdafærslu hv. 1. þm. Reykv. mætti þetta ákvæði frv. þá skilja svo, að byggja skyldi svo stórar kirkjur, að þær rúmuðu óendanlega marga. Nei, þessi ákvæði eru hvort um sig, annaðhvort jafnvitlaus eða jafn rétt. Það er viðhorfið til hvers máls, sem ræður því, hvort slíkar brtt. sem þessi eru réttar, og í ýmsum lögum, t. d. fjárlögunum, úir og grúir af samskonar ákvæðum og þessi brtt. n. felur í sér. Við því er auðvitað ekki hægt að gera, þó að þetta líti út sem hver önnur vitleysa í augum hv. 1. þm. Reykv., því að sínum augum lítur hver á silfrið.

Það eru ekki mörg ár síðan mikið var byggt af kirkjum í næstu menningarlöndum. Geistlegheitin og prelátar kirkjunnar heimtuðu fé til slíkra bygginga, en ríkisvaldið stóð á móti. Styrkur úr ríkissjóði fékkst lítill eða enginn. Þá voru hafin samskot og allt miðað við það, að kirkjur tækju einn tuttugasta part safnaðarmanna. Því ætla ég, að viðhorf okkar, sem viljum segja „allt að ⅓“ sé réttara en hinna, sem fortakslaust vilja miða kirkjurnar við þriðjung sóknarmanna og þar fram yfir.

Hér á landi var lengi góð kirkjusókn og voru ýmsar orsakir til þess. Sú var tíðin, að mönnum var hótað með gapastokknum, ef þeir afræktu kirkjugöngur. Kirkjur hér á landi hafa því verið hlutfallslega stórar. En nú er það orðin staðreynd, að kirkjusókn hefir mjög minnkað. Í gamla daga og fram á mína tíð sem kirkjubónda voru kirkjuferðir helztu skemmtanir fólksins fyrir utan réttirnar. Nú draga aðrar og fjölbreyttari skemmtanir fólkið að sér og frá kirkjunni.

Því hefir verið haldið fram hér, að

útvarpið hefði engin áhrif á kirkjusóknina. Mér er fullkunnugt um af eigin reynd, að þetta er ekki rétt. Ég veit, að sumum sveitaprestum er meinilla við útvarpið, og hafa þeir í minni áheyrn bölvað því og bannfært, svo að mig hefir hryllt við. Auðvitað er það af þeirri ástæðu, að þeir vissu, að það mundi draga úr kirkjusókn hjá þeim. Það er heldur ekki óskiljanlegt, að menn kjósi fremur að hlusta á góða presta í heimahúsum en að fara langar leiðir til að hlusta á miðlungspresta og þaðan af verri. Ég verð því að halda því fram, að þessi brtt. meiri hl. sé þörf og góð.

Þá fann hv. 1. þm. Reykv. að því, að úrskurðarvaldið væri lagt undir kirkjumálaráðherra í brtt. okkar í stað kirkjustjórnar í frv. Ég get nú ekki séð, að hér sé nein goðgá á ferðum. Ég veit ekki betur en að kirkjumálaráðherrar vorir hafi verið þjóðkirkjunni hlynntir og velviljaðir og hún eigi þeim öllum gott upp að unna. A. m. k. hélt ég, að hv. 1. þm. Reykv. vildi ekki hnýta í hv. 1. þm. Skagf. fyrir framkomu hans í þessu efni meðan hann var kirkjumálaráðherra. Nei, kirkjumálaráðherrar vorir hafa ekki verið neinir antikristar. (ÓTh: Spursmál með þann síðasta!). Hver leggur fram þessi frv? (ÓTh: Kosningabeita!). Hér tala verkin.

Hv. 1. þm. Reykv. hefir víst ekki tekið eftir því, að ég vildi með þessari brtt. forða kirkjunnar mönnum frá árekstri við söfnuði og sóknarnefndir, með því að sá, sem úrskurðarvaldið hefði, stæði fyrir utan.

Hv. 1. þm. Reykv. vildi endilega halda „kirkjustjórn“, í staðinn fyrir „kirkjumálaráðherra“. Þetta kom til tals, og ég hefði fyrir mitt leyti ekkert haft sérstaklega á móti þessu, en það kom fram, að kirkjumálanefnd hafði ekki gert sér fyllilega ljóst, hvað kirkjustjórn væri. Þar rak sig hvort á annars horn. Við héldum í fyrstu, að kirkjustjórn væri ráðherra, eftir að hafa fengið tillögur biskups. En í 10. gr. stendur: „Safnaðarkirkja er sjálfseignarstofnun í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn biskups og kirkjustjórnar“. Hér er blessaður biskupinn ekki talinn í kirkjustjórninni. Vona ég því, að hv. 1. þm. Reykv. virði okkur þessar breytingar til vorkunnar.

Í sambandi við úrskurðarvald ráðh. skal ég taka það fram, að mig langar ekkert til að fara að koma upp nýju kirkjuvaldi í landinu. Við fengum nóg af því í gamla daga. Nefndin hefir að góðra manna áliti vissulega gengið nógu langt til að þóknast kirkjunni.

Það kom hljóð úr horni frá vini hv. 1. þm. Reykv., hv. 1. þm. Borgf. Hann taldi, að gengið væri hér fulllangt í því að skerða sjálfsákvörðunarrétt safnaðanna. Þetta má vel vera að rétt sé í einstökum atriðum. Hann nefndi einkum 13. gr. Getur verið, að við höfum ekki farið nógu langt, en þó höfum við reynt að stefna í þá átt, sem hann óskar.

Eitt af aðalatriðum frv. eru ákvæðin um byggingu og endurbyggingu kirkna. Samkv. frv. á prófastur að ákveða, hvenær endurreisa þurfi safnaðarkirkju, en við höfum sett þann varnagla, að skjóta megi úrskurði biskups til ráðherra. Hv. þm. Borgf. fannst þetta ekki nóg. Má vera að svo sé, en þó hygg ég, að þetta ákvæði dugi eins og nú er komið. Menn kosta nú orðið kapps um að guðsdómar séu prýðileg hús, og með því móti verða kirkjur svo dýrar, að almenn kirkjugjöld hrökkva ekki til. Fáar kirkjur eða engar, að frátekinni hinni gömlu og góðu Strandarkirkju, geta byggt sig upp sjálfar. Því yrði að hækka kirkjugjöld eftir því sem prófastur og sóknarnefnd koma sér saman um. Ég hygg, að gangur þessara mála myndi yfirleitt verða sá, að kirkjuvinir í hverjum söfnuði byrjuðu á að hefjast handa um almenn samskot, og þegar nokkurt fé væri fengið á þann hátt, kæmi til þess að hækka kirkjugjöld að einhverju leyti. Þessi atriði, sem hv. þm. Borgf. fann einkum að, munu verða tekin til nánari athugunar í nefndinni til 3. umr. Hér eru allmargar brtt., og ef þær verða samþ., verður hægara að koma öðrum brtt. að síðar. Vona ég að hæstv. forseti láti líða nægilega langt milli umræðna, til þess að hægt sé að athuga málið enn betur.

Héðinn Valdimarsson: Hv. frsm. meiri hl. kannaðist við þá yfirsjón sína, að

hafa sett nafn mitt í óleyfi undir álit meiri hl. Mig furðaði satt að segja á því, að honum skuli ekki þykja meira fyrir því, en svar hans virtist bera vott um, að hafa sett nafn annars manns í óleyfi undir skjal. Hefir oft verið höfðað sakamál af minni ástæðum. Hann vildi ekki kannast við, að hið sama hefði hent hann um nafn hv. 3. þm. Reykv., en ég hygg, að sá hv. þm. sýni með atkvæði sínu, að hann fylgi ekki meiri hl. að málum. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta atferli hv. frsm. meiri hl., en ég vona að það endurtaki sig ekki.

Það hefir verið sýnt fram á það áður, að það er á móti heilbrigðri skynsemi að segja, að kirkjur megi ekki rúma nema „allt að ⅓“ sóknarmanna. Og því ætti ekki söfnuði að vera leyfilegt að byggja stærri kirkju, ef hann vill, eins og t. d. kaþólski söfnuðurinn hér hefir gert?

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að í æsku sinni hefðu kirkju- og réttarferðir verið aðalskemmtanir fólksins. Hv. frsm. virðist ætla að vera sjálfum sér samkvæmur, því að með ákvæðinu um að kirkjur megi ekki rúma nema „allt að ⅓ sóknarmanna“, virðist hann vera að reyna að eyðileggja skemmtun fólksins af kirkjugöngum, eins og hann hefir eyðilagt skemmtun þess af Skeiðaréttum.

Ef þingið vill kannast við, að sérstök lög gildi um Rvík í þessum efnum, á að taka það fram í lögum þessum. Eins og nú er, er ríkið kirkjueigandi hér. Dómkirkjan í Reykjavík tekur 800 manns af 18000, sem í söfnuðinum eru. Hún tekur því minna en kirkjurnar í hinu útlenda dæmi, sem hv. frsm. meiri hl. nefndi. Ef menn vilja sækja kirkju hér í Reykjavík, er augljóst, að dómkirkjan er of lítil, og ríkinu ber skylda til að reisa nýja kirkju. Ég segi þetta ekki vegna sjálfs mín. Ég fer aldrei í kirkju, nema til að vera við jarðarfarir og svo við þingsetningu, og við það tækifæri hefi ég fengið nóg af því að sitja undir ákúrum fyrir pólitiska afstöðu flokks míns, án þess að geta svarað fyrir mig. En hér í bænum er margt af fólki úr öllum flokkum, sem vill sækja kirkju, og það á að hafa sama rétt til þess og aðrir landsmenn.

Magnús Guðmundsson: Ég vil gera grein fyrir brtt. við 2. gr. frv. Það þykir goðgá að segja, að kirkjur megi rúma „allt að“ ⅓ sóknarmanna. Ég skil þetta svo, að fara eigi sem næst því, að þær rúmi ⅓ hluta, og þannig býst ég við, að þetta yrði skilið í framkvæmdinni.

Mér finnst það allundarlegt hjá ríkisstjórninni, að koma fram með frv., sem skyldar hana til að byggja 2—3 nýjar kirkjur hér í Rvík. Í þjóðkirkjusöfnuðinum eru 18000 manns og 2 prestar. Því eiga að vera hér, eftir 2. gr. frv., kirkjur, er rúmi 3000 manns. Dómkirkjan rúmar 800 í sæti og þarf því viðbótarkirkjur fyrir 2200 manns. Má þó gera ráð fyrir fólksaukningu. Mér finnst það undarlegt og bera vott um litla umhugsun, að ætla sér að gera ríkissjóði þetta að skyldu strax, því að eftir 2. gr. er skylt að hafa kirkjur svo stórar, sem þar er ákveðið. Söknarnefnd Reykjavíkur gæti eftir frv. krafizt, hvenær sem er, 2—3 kirkna í viðbót eða þrefalt stærri kirkju en dómkirkjan er nú.

Ef þess er minnst, að stjórnin hefir strikað út úr fjárlagafrv. allar verklegar framkvæmdir og ætlar sér að draga úr þeim að mun á þessu ári, þá kemur það dálítið undarlega fyrir sjónir, að ætla að fara að byggja kirkju í Reykjavík fyrir 7—800 þús. kr. Því er engin ástæða til að álasa meiri hl., þótt hann vilji ekki skilyrðislaust binda ríkissjóði þenna bagga.

Ég býst jafnvel við, að víðar í kaupstöðum landsins geti staðið svipað á og í Rvík, en um það eru engar upplýsingar í frv. Mér þykir trúlegt, að kirkjurnar í hinum stærri kaupstöðum landsins taki ekki ⅓ safnaðarins, en allar upplýsingar, sem um þetta, þ. e. ákvæði 2. gr., eru gefnar í grg. frv. eru þetta:

„Um 2. gr. Löghelgar venju þá, er hingað til hefir verið fylgt, er kirkjur hafa verið reistar að nýju“.

Þetta eru allar skýringarnar, enda þótt ekki sé ólíklegt, að hér sé verið að leggja milljónabyrðar á landsmenn! Ég vil því gera mér vonir um, að meiri hl. hv. deildar hallist fremur að till. meiri hl. allshn. en frv. sjálfu eða brtt. hv. 2. þm. Reykv.

Þá kem ég að vátryggingu kirkna. Ég

hefi ekki á móti því, að þær séu tryggðar í Brunabótafélaginu, ef þær eru ekki vátryggðar í brunabótafélögum sveitanna, en það er orðið algengt nú. Mér finnst því varhugavert að fastákveða að kirkjur séu vátryggðar í Brunabótafélagi Íslands.

Þá er það rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að nefndin hefði strikað yfir orðið kirkjustjórn og sett orðið ráðherra í staðinn. Ég get tekið undir það, sem hv. frsm. nefndarinnar sagði, að orðið kirkjustjórn væri nokkuð víðtækt. Ég hygg, að með því sé meint söfnuðir, sóknarnefndir, prestar, prófastar, biskup og kirkjumálaráðherra. Þar sem því að brtt. nefndarinnar nefna ráðherra í staðinn fyrir biskup í frv., þýðir það, að ráðherra eigi endanlega að úrskurða um málið. Með því er atkv. biskups vitanlega ekki útilokað, enda munu auk þess flestir kirkjumálaráðherrar hafa þann sið, að hafa biskupinn fyrir meðráðamann um þau mál, er kirkjuna varða. Þessar brtt. þýða því ekki annað en það, að þessi og þessi mál geti gengið til ráðherra.

Ég tók ekki eftir því, hvað hv. frsm. sagði um brtt. við 13. gr. frv., en ég lít svo á, að með þeim sé sagt, að vera þurfi samhuga álit prófasta og sóknarnefnda um að kirkjubygging sé nauðsynleg, til þess að heimild sé gefin fyrir hækkun kirkjugjalds. Það er rétt hjá hv. þm. Borgf., að það er þörf á að breyta 3. gr. 2. lið í frv. til þess að fá samræmi við brtt. nefndarinnar, svo að enginn ágreiningur geti orðið.

Magnús Jónsson: Ég var eigi viðstaddur, þegar hv. frsm. hóf ræðu sína, og veit ég því ekki, hversu mikið hann hefir sallað á mig og aðra í fyrri hluta ræðu sinnar. En eitthvað hefir það verið, því að það hafa verið skrifaðir hér á blað fyrir mig punktar úr ræðu hans, sem snerta mig. Það hefir verið skrifað hér, að ég hafi átt að vera með hvefsni og geistlegheit. Ég veit nú bara ekki almennilega, hvað hann hefir átt við með þessum orðum og það í svona nánu sambandi hvað við annað. Það er eins og hann hafi ekki lagt sem bezta merkingu í orðið geistlegheit hér í þessu sambandi. En hinsvegar felli ég mig vel við það, að vera talinn geistlegur, þegar það er notað í venjulegri merkingu. Ef hv. frsm. hefir stefnt þessum orðum til mín, vegna þess að ég gat ekki fundið heilbrigða hugsun út úr brtt. n. við 2. gr. frv., þá get ég ekkert bætt úr því. Orðin allt að ⅓ verða aldrei skilin öðruvísi en sem hámarksákvæði, þar sem ekkert lágmark er til. Og þó að hv. 1 þm. Skagf. vilji hlaupa í skörðin hjá frsm. með skýringar sínar, þá skilst þetta ekki öðruvísi.

Annars er það alleinkennilegt að setja með lögum bann við því að reisa megi meira en svo og svo stóra kirkju, ef kirkjueigendur sjálfir vilja byggja stærri kirkju en leyfilegt er, ef einhverjir vildu reisa stórt og veglegt musteri, og kosta það sjálfir, þá er þeim bannað það með þessu ákvæði. Má nefna sem dæmi kaþólska söfnuðinn hér í Reykjavík, sem byggði stærri kirkju en yfir allan söfnuðinn.

Á blaðinu stendur skrifað, að hv. frsm. hafi sagt, að það væri jafnvitlaust að taka til hámark og lágmark. Ég skil ekki þá röksemdafærslu. Eftir því ætti að vera sama hvort kennara, sem ráðinn er fyrir víst kaup, setjum 3 þús. krónur, er gert að skyldu að kenna að minnsta kosti 3 tíma á dag eða þá allt að 3 tíma á dag. Í fjárlögum er oft kveðið þannig að orði, að veitt er til einhvers allt að, t. d. 10 þús. kr. Þýðir það þá, að til þessa sé veitt ótakmörkuð fjárupphæð? Er það álit n.? Ég er alveg hissa á jafnskýrum mönnum og þeim nöfnunum í n., að þeir skyldu ekki geta gert sig skiljanlegri en þetta. (MG: Hvernig byrjar setningin?) Það er sama, hvernig hún byrjar, hún segir ekki meira en þetta, að kirkja má ekki rúma meira en ⅓ safnaðarins. Þó ekki væri byggð stærri kirkja en yfir 1/20 eða einn mann af 20 þúsundum, einn mann í söfnuðinum, þá væri ekkert hægt við því að segja. Eða hvar vill hv. 1 þm. Skagf. hafa takmörkin? (MG: Ég hefi aldrei séð kirkju byggða, er rúmar aðeins einn mann). Nei, einu sinni verður allt fyrst, og svo hefir hv. þm. ekki séð allar kirkjur veraldarinnar. Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að það væri hart að bera fram frv. á þessum tímum, er skyldaði ríkið til þess að byggja kirkju hér í Reykjav. yfir 3 þús.

manns, en er það ekki einmitt nefndin, sem er að skuldbinda aðra kirkjueigendur til þess að byggja kirkjur, er rúmi ⅓ safnaða, eftir því sem hún sjálf skýrir sínar till.? Og það verður ekki séð, að það sé neitt harðara að skylda ríkið til að byggja sína kirkju heldur en t. d. fátæka söfnuði og menn úti um land. Reykjavíkursöfnuðir hafa beðið um það ár eftir ár að mega reisa dómkirkju hér í Reykjavík og ekki farið fram á að ríkið legði fram nema 200 til 250 þús. kr. Mér finnst sannarlega rétt, að stjórnin með þessu frv. sýni hinu háa Alþingi, að því beri skylda til að sinna kröfum Reykvíkinga. Það er ekki nema hollt fyrir þingið að fá að sjá framan í samskonar skyldur og það leggur á aðra. Það sem ég heyrði af ræðu hv. frsm., var lítið annað en skraddaraþankar um útvarpið og þau áhrif, er það mundi hafa á kirkjusóknina. Það getur verið, að hv. 2. þm. Árn. verði sannspár um það, að útvarpið dragi úr kirkjusókn, en ef það verður, þá verð ég að segja, að útvarpið vinni á móti kirkjunni og hennar málstað, og ég tel að þeir sem óska þess, að útvarpið dragi svo úr kirkjusókn, að um munar, séu alls ekki velviljaðir kirkjunni. Það má ræða um kirkjumál á tvennan hátt, bæði með velvild þess manns, sem óskar og trúir því, að hún megi eflast og aukast, og það má einnig ræða um þau með köldum hug, óska þess að sem minnst og helzt ekkert þurfi fyrir hana að gera. Þá er alveg óþarfi fyrir þá menn að vera nokkuð að ræða um kirkjur og kirkjusókn, sem álíta þær úreltar og vilja að annað, sem þeir telja betra, svo sem útvarp, komi í staðinn. Það þýðir ekkert fyrir tvo menn að fara að tala saman um þetta mál, ef annar talar af ást til málsins en hinn af kala. Því að þá fara allar umræður út um þúfur.

Ef fólk hættir að sækja kirkju vegna þess, að útvarpið flytur messugerðir, og lætur sér nægja að sitja heima og hlusta á það, kannske meðan það skrafar og skeggræðir um hitt og þetta, þá tel ég aðeins ógagn að því að útvarpa messugerðum. Ég hafði hugsað, að útvarpsguðsþjónustur fengi menn til viðbótar við það, sem áður var, og að menn eftir sem áður sæktu kirkjurnar sér til huggunar og andlegrar uppbyggingar.

Þeir sem líta á kirkjuferðir sem skemmtanir og miða þær við Skeiðarétt-ir eða svallstaði, byggja á allt öðrum grundvelli, og þá er réttast að beina umræðunum inn á aðrar brautir. Út frá þeim forsendum getum við alveg hætt að tala um kirkjubyggingar og farið að tala um að byggja bíó eða leikhús í staðinn.

Hv. frsm. sagðist ekki vilja, að stofnað yrði nýtt kirkjuvald, og það hefir n. viljað koma í veg fyrir með því að setja ráðherra í staðinn fyrir kirkjustjórn í frv. Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að kirkjustjórn væri óákveðið hugtak, og þar sem ráðherra væri sett í staðinn fyrir það orð, þýddi það, að ráðherra skyldi hafa endanlegt úrskurðarvald. Ég álít, að með kirkjustjórn sé það sama meint, en með því að taka það orð út úr frv. og setja ráðherra í staðinn, sé verið að gefa ráðherra undir fótinn með það að ganga fram hjá biskupi, í því skjóli, að Alþingi hefði meint það með lögunum, og væri það ekki alveg ástæðulaust. Það verður auðgert að vitna til þess, að Alþingi tók á sínum tíma orðið kirkjustjórn út úr frv. og setti ráðherra í staðinn. Mér þykir vænt um yfirlýsingu hv. frsm. um það traust, sem hann ber til hv. 1. þm. Skagf. sem kirkjumálaráðherra. Aftur á móti finnst mér, að núverandi kirkjumálaráðherra hafi verið dálítið mislagðar hendur í kirkjustjórninni, t. d. að taka að hann frestaði óeðlilega lengi að auglýsa laus prestaköll.

Hv. frsm. minntist á Strandakirkju og talaði um, að hún mundi vera sú eina kirkja, sem af sjálfsdáðum gæti byggt sig upp. Ég held nú, að hann hefði ekki átt að fara að ræða um Strandakirkju, því að eins og menn vita, stuðlaði einmitt hann ásamt fleiri góðum þingmönnum að því, að þessi kirkja var svipt fé sínu, sem svo var varið til annars en kirkjubyggingar, og nú er óvíst, að hún eigi fé til að byggja sig upp. Annars þýðir ekki að ræða um þetta meira, því að það verður bara karp.

Brtt. við 2. gr. frv. sýnist aðallega vera gerð vegna Reykvíkinga, en ef þeir hafa nú þörf og löngun til þess að fá stærri

kirkju, þá virðist fremur leiðinlegt fyrir ríkið að ganga á undan í því efni að byggja of litla kirkju yfir þann söfnuð, sem það á að byggja kirkju fyrir. Það er satt, að það þarf mikla peninga til þess að byggja veglegar kirkjur, en því þá að vera að skylda fátæka söfnuði til þess? Það hefir verið bent á það, að kirkja hér í Reykjavík mundi kosta 7—800 þús. kr., en þá sýnist það vera kostaboð, sem Reykvíkingar hafa boðið ríkinu, að bjóðast til að byggja hana með 200 þús. kr. álagi frá ríkinu.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vildi segja nokkur orð svo sem í framhaldi af ræðu hv. 1. þm. Skagf. — Mér þykir raunar ekki óeðlilegt, að honum sem fyrirrennara mínum í embætti kirkjumálaráðherra, þyki það nokkuð ógætilegt að flytja fram fyrir þingið frv., sem leggur í þessu nokkuð þyngri byrðar á þjóðina heldur en hún hefir átt við að búa næst á undan. En mér þótti rétt, úr því að þessi nefnd var skipuð, þar sem prestarnir höfðu meiri hluta, þá væri þeim gefinn kostur á að koma fram með sínar óskir og kröfur viðvíkjandi kirkjuhaldi, sem þeir eiga sjálfir við að búa, en hafa ekki haft tækifæri til að gera tillögur um í langan tíma. Þar sem prestarnir voru í meiri hluta í nefndinni, er eðlilegt, að andi þeirra komi fram í frv. Þegar nefndin hafði skilað frv. til stjórnarinnar, var um tvennt að velja. Annað, að stj. gerði brtt. við frv. eða þá að leggja frv. fram óbreytt fyrir þingið. Ef stj. hefði farið að breyta frv., þá hafði það þann galla, að ekki varð glögglega séð, hvað var frá stj. og hvað frá nefndinni. Ég kaus þá leið að láta frv. fara óbreytt fyrir þingið, en hugsaði mér sem hverjum öðrum þingmanni, að hafa áhrif á það með orðum og atkv., þegar til umræðu og úrslita kæmi.

Það getur verið, að hv. 1. þm. Skagf. þyki þetta ekki rétt aðferð, en ég hefi nú skýrt frá ástæðunum. Nú hefir viljað þannig til, að frv. hefir verið rætt meðan ég var forfallaður af innflúensu og því hefi ég ekki getað tekið þátt í umr. um það.

Ég er sammála hv. 1. þm. Skagf. um það, að 2. gr. frv. þurfi eitthvað að breyta. Álít ég, að það geti verið varhugavert að hafa skylduna um stærð kirkna alveg fortakslausa, þegar litið er á örðugan fjárhag safnaða og ríkis, en ég er ekki viðbúinn að gera ákveðnar brtt., en vildi hinsvegar eiga hlut að því með nefndinni eða einhverjum öðrum, að ráða frv. til lykta með því að semja við það brtt. fyrir 3 umr.

Magnús Guðmundsson [óyfirl.]: Mér þótti vænt um að heyra það, að hæstv. dómsmrh. er sammála meiri hl. n. um breytingarnar við 2. gr. frv. Enda ættu allir að sjá það, að ekkert vit er í því, á tímum eins og nú virðast vera framundan, að samþykkja að bæta á milljónabyrðum, sem hægt er að krefjast af landsmönnum hvenær sem er.

En þótt ég viðurkenni þetta, þá nær sú viðurkenning mín til hæstv. dómsmrh. heldur ekki lengra. Mér þykir næsta undarlegt, að hann skuli vilja taka við frv. til flutnings frá kirkjumálanefnd og gera það að frv. stjórnarinnar, en er þó ósamþykkur frv. í höfuðatr. — Hæstv. ráðh. sagði, að annaðhvort hefði verið fyrir sig að gera, að breyta frv. eða breyta því ekki. Þetta er náttúrlega rétt. En ég álít, að stjórnin hefði alls ekki átt að bera frv. fram, ef hún var að miklu leyti ósamþykk efni þess. En hæstv. ráðh. hefir heldur ekki fylgt þeirri reglu, að láta frv. kirkjumálanefndar koma óbreytt fyrir þingið. Ég veit, að hann breytti a. m. k. einu þeirra í fyrra, frv. um byggingar á prestssetrum, áður en hann lagði það fram. Hann breytti því meira að segja svo, að það varð tilgangslaust og gagnslaust. Styrkurinn var færður svo mikið niður, að ekki var hægt að byggja fyrir hann. Hæstv. ráðh. hefir því hvorugri reglunni fylgt til hlítar, eða réttara sagt fylgt þeim sitt á hvað, en engri reglu fylgt gegnum þykkt og þunnt. Ég hélt af þessari ástæðu, að hæstv. ráðh. mundi fylgja frv., eins og það liggur hér fyrir. En ég er feginn því að heyra, að svo er ekki. Okkar skoðanir falla einmitt saman í þessu efni.

Í máli þessu þarf að hugsa um fleira en það, að kirkjan rúmi ⅓ eða ¼ safnaðar, það þarf líka að líta á það, hvort

fé er fyrir hendi til þessa. Í því liggur óvarkárni frv., eins og það er borið fram.

Það getur vel verið, að brtt. n. við 2. gr. hafi ekki verið heppilega orðuð. Ég fyrir mitt leyti samþ. hana með það fyrir augum, að á hana bæri að líta svo, að stærðin skyldi að öllum jafnaði vera sem næst því sem í brtt. stendur, eða fyrir ⅓ safnaðarmanna, þar sem ein messa fer fram á helgidögum, en ⅙, þar sem tvisvar er messað sama dag. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ríkið gæti sloppið með það, að leggja ekki nema 250 þús. kr. í nýja kirkjubyggingu í Reykjavík. Söfnuðurinn væri fús til að taka á sig það sem til vantaði. En þótt svo væri, þá er þetta miðað við eina kirkju eða dómkirkju. En þótt þessi kirkja kæmi upp, með þessum styrk frá ríkinu, þá mundi strax þurfa að byggja aðra kirkju jafnstóra. Eru menn viðbúnir því? Ég held, að það þurfi tíma til að undirbúa það mál og safna saman þeirri stóru fjárhæð, sem til þess þarf. Ég er meðmæltur því, að ríkið styrki byggingu dómkirkjunnar hér. En það er ekki rétt að skella frekari skyldum á ríkið, áður en byggingu hennar er lokið. Ef þetta væri samþ., þá mundi Reykjavík vafalaust nota það, og þótt ég sé meðlimur þjóðkirkjunnar og eigi heima hér í Reykjavík, þá vil ég þó frekar líta á hag og nauðsyn ríkisins í þessu máli heldur en það, sem bezt kæmi mér hér. Það er ekki nóg að segja, að hér þurfi stórar kirkjur, ef engir peningar eru til að byggja þær fyrir. Og þegar þeir eru ekki til, þá er hættulegt að leggja þær skyldur á menn og ríkið, sem ekki er hægt að uppfylla.

Ég get ekki verið samþ. því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um kirkjustjórnina. Mér finnst þessi kirkjustjórn eftir frv. svo óákveðið hugtak eða vald. Kirkjustjórn er í raun og veru öll stig frá söfnuðinum til ráðherrans. Mér finnst, að þegar um fullnaðarúrskurð er að ræða, sé nóg að nefna það vald, sem afgerir þau mál, sem ganga lengst. En það vald er hjá kirkjumálaráðherra. Mér finnst, að helzt mætti setja það út á frv., að of miklu sé vísað til úrskurðar ráðherra. Það mætti vísa sumu til biskups. Ég hreyfði þessu að vísu í n., en var þar í minni hl. og þótti ekki taka því að gera ágreiningsatkv. um það, Ég geri ráð fyrir því, að þegar til úrskurðar kemur, þá leiti ráðherra álits biskups, biskup álits prófasts, prófastur álits prests o. s. frv. Þótt orðið „kirkjustjórn" virðist vera býsna óákveðið hjá kirkjumálanefndinni, þá virðist þó helzt, að það ætti að tákna ráðherra, og þá var rétt að setja það í frv.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vil útskýra nánar en áður það sem hv. 1. þm. Skagf. vék að, þar sem hann taldi, að ekki hefði verið fylgt neinni gildandi reglu um undirbúning þessara frv. fyrir þingið. Það er rétt, að frv. um byggingar á prestssetrum var breytt í fyrra, og álít ég, að þar hafi betur verið stillt í hóf af mér, en var í frv. Prestssetur þau, sem upp höfðu verið byggð, voru byggð á þann hátt, að húsin urðu bæði of stór og of dýr. Ég býst við, að þegar farið verður að athuga það frv. nánar af þinginu, þá fallist það á skoðun mína. En frv. þau, sem nú hafa verið lögð fram, eru öll óbreytt frá því sem kirkjumálanefnd gekk frá þeim. Mér þótti gleggra til athugunar fyrir þingið að leggja þau þannig fram. Hér er ekki um nein flokksmál að ræða, og því engin ástæða fyrir stj. að setja sinn stimpil á þau. Hér er ekki um mál neins sérstaks flokks að ræða, þetta er mál allra flokka. T. d. erum við hv. 1. þm. Skagf. talsvert sammála um þetta frv. Mín skoðun er sú, og ég held að hún sé rétt, að láta kirkjumálanefndina, sem er rödd kirkjunnar, tala til allra þingflokka. Hún hefir óskað að fá það sem í frv. stóð, en fær ekki annað en það, sem meiri hl. þingsins telur rétt. Það hefir verið nokkur ágreiningur milli hv. 1. þm. Skagf. og hv. 1. þm. Reykv. um það, á hve víðu sviði kirkjan sjálf eigi að hafa úrslitavald í þeim málum, er henni heyra til. Frá sjónarmiði fríkirkjumanna er nú eðlilegt, að hún hafi slíkt vald. En á meðan kirkjan er þjóðkirkja og haldið uppi af ríkinu, þá er ekki nema eðlilegt, að þingið, í gegnum fulltrúa sína, stjórnina, vilji hafa nokkurt aðhaldsvald í ýmsum málum hennar. Við það verður kirkjan að sætta sig. Ég ætla þó ekkert að fara út í samband kirkju og ríkis að því

leyti, hvort aðskilnaður þeirra væri heppilegur. En meðan núverandi ástand helzt, þá verður stjórnin í samráði við biskup að hafa úrskurðarvald á stjórnskipulegum málum kirkjunnar.

Halldór Stefánsson: Ég sakna þess, að hv. 2. þm. Reykv. er ekki viðstaddur, en ég vil þó í trausti þess, að hann sé svo nálægt, að hann heyri mál mitt, minnast nokkuð á 2. brtt. hans á þskj. 113. Fer sú till. fram á það, að lögskylda það, að vátryggja kirkjur í Brunabótafélagi Íslands. Á þeim kaupstöðum, sem hafa yfir 300 íbúa, hvílir nú þessi skylda, en ekki á sveitum. Þó er þar tvennskonar ástand, eftir því hvort hreppurinn hefir komið á brunabótafélagi hjá sér eða ekki. Það mun láta nærri, að ¼ sveitafélaganna hafi komið á fót þeim félagsskap. Þó er ekki þar með sagt, að allar kirkjur þeirra hreppa séu vátryggðar í þeim. Þær geta verið vátryggðar annarsstaðar, sumar hverjar. Nú er það svo, að þær kirkjur, sem standa utan kaupstaða, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, og utan svæðis brunabótafélaga sveitanna, fást samkv. lögum ekki vátryggðar í Brunabótafélagi Íslands nema fyrir tvo þriðju virðingarverðs. Ég býst því við, að það þyki athugavert að láta ⅓ verðs þeirra vera óvátryggt. Ég skal geta þess, að í frv. því, sem liggur fyrir þinginu um Brunabótafél. Íslands, eru ákvæði um skylduvátryggingu á kirkjum í Brunabótafélaginu, með afnámi allrar sjálfsábyrgðar. Ef það frv. verður gert að lögum, þá er takmarki hv. 2. þm. Reykv. náð.

Ég er ekki á móti þeirri hugsun, sem felst í brtt. En ég vildi aðeins benda á, að eftir gildandi l. er ekki hægt að vátryggja nema ⅔ af virðingarverði kirknanna. Úr þessu yrði bætt, ef frv. það, er ég nefndi, verður samþ. Og þá næst líka efni brtt. hv. 2. þm. Reykv. Ég vil því gera þá fyrirspurn til hv. þm., hvort hann vill ekki taka brtt. aftur.

Héðinn Valdimarsson: Mér finnst brunahætta á kirkjum sízt vera meiri en á öðrum húsum og mætti halda, að yfir þeim væri haldið verndarhendi ekki síður en öðrum byggingum. Ég sé því ekki, að ástæða sé til að vátryggja þær hærra en önnur hús í sveit, þótt hinsvegar sé nauðsynlegt að tryggja kirkjur sem önnur hús. Ef svo skyldi fara, að frv. um Brunabótafél. yrði ekki samþ., þá sé ég ekki ástæðu til, að annað gangi yfir kirkjur en önnur hús í sveitum. Ég sé því enga ástæðu til þess, að taka brtt. aftur. Vænti ég þess, að forstjóri Brunabótafél. Íslands geti verið með henni.

Frsm. (Magnús Torfason): Þar sem báðir hv. andmælendur minir eru nú dauðir, mun ég fara mjúkum höndum um þá. Hv. 2. þm. Reykv. skrifaði undir nál. með fyrirvara, svo að orð hans um það, að ég hafi komið með brtt. gegn hans vilja, eru ekki rétt. Að ég hafi komið með þær án hans vitundar, er heldur ekki rétt. Um báðar till. var sérstaklega talað, áður en hann skrifaði undir. Hv. þm. féllst þá á að skrifa undir með fyrirvara, sem einmitt gilti þessar brtt. hans.

Um stærð kirknanna má lengi deila. N. vildi tiltaka ⅓ sem ákvæði, er væri miðað við. Hv. 1. þm. Reykv. vildi skýra þetta ákvæði svo, að eftir því gætu kirkjurnar orðið óendanlega litlar. En með sama rétti mætti segja, að eftir frv. gætu þær orðið óendanlega stórar. Samkv. talnafræðinni er hægt að segja, að fyrir ofan og neðan ⅓ sé jafnmikil óendanleg stærð. En n. hefir nú gengið út frá því í till. sínum, að málum kirkjunnar væri stjórnað af mönnum með fullu viti. En það er helzt að heyra, að hv. þm. geri ráð fyrir því, að allir, sem við málefni kirkjunnar fást, séu fábjánar. Ég veit ekki, hver reynsla hans kann að vera í þessum efnum. Ég lít svo á, að fyrir Reykjavík hafi þetta enga þýðingu. Það nær engri átt, að með einu striki sé hægt að ráða fram úr slíku stórmáli sem kirkjubygging í Reykjavík er. Til þess þarf alveg sérstakt samkomulag. Ég fyrir mitt leyti vil á sínum tíma styðja að því, að hér verði reist miklu veglegri dómkirkja en sú, sem nú er. Ég get undirstrikað það, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði um þetta, að stærð kirkna ætti að vera nálægt því hámarki, sem n. stingur upp á, nema þegar sérstaklega stendur á. —

Ég skal ekki neitt fara út í kirkjusókn manna. Það er ekki enn vitað, hver áhrif útvarpið kann að hafa í því efni. Er því ekki víst, hversu hörð ákvæði ber að gera um stærð kirkna, en ég held fast við það sem stendur í nál.

Hv. 1. þm. Reykv. hneykslaðist á því, að ég taldi kirkjuferðir til skemmtana. Hv. þm. var nú sjálfur talinn skemmtilegur prestur, meðan hann var á Ísafirði. Ég held, að í því sé ekki fólgið neitt last. Ég taldi hann einn af góðprestum þessa lands. Og ég veit, að mörgu gömlu fólki þótti „skemmtun" að því að tala við prestinn sinn um sálarheill sína. En það veit ég, að nú draga ýmsar aðrar skemmtanir úr kirkjusókn manna í sveitum landsins.

Yfirleitt held ég, að það sé varhugavert að setja ákvæði í frv. um það, að kirkjurnar séu svo og svo stórar, því að það væri ekki ómögulegt, að það yrði til þess að flæma menn úr þjóðkirkjunni. Mér er t. d. kunnugt um, að nýlega var reist steinkirkja í sveit einni, sem varð svo dýr, að bændurnir urðu að taka á sig stórar byrðar umfram hin venjulegu kirkjugjöld. Guðsorð er vitanlega gott í kirkju, en það er líka og ekki síður gott og gagnlegt, þótt hlýtt sé á það víðar en í kirkjum, sérstaklega þegar þess er gætt, að kirkjugöngur eru miklum örðugleikum bundnar í okkar strjálbýla, vegalitla og óveðrasama landi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta; ég leyfi mér að mæla með till. n. og vænti þess, að þær verði samþ.

Mig vantar hv. 2. þm. Reykv. í deildina. Ef hann vildi taka aftur till. sína til 3. umr., þá væri ég fús til að stuðla að því, að 2. brtt. n. verði tekin aftur til 3. umr., til þess að forðast misklíð um a-lið hennar. (**MG**: Hann hefir lýst yfir því við hæstv. dómsmrh., að hann vilji taka brtt. sína aftur). Jæja, en það þarf að fá yfirlýsingu hans um það hér í hv. deild.

Fors- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vildi einungis leyfa mér að beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, að hann beri 2. og 9. gr. frv. upp sérstaklega, en ekki í sambandi við aðrar gr. frv. Ég álít frv. í heild sinni réttarbót, en þessar tvær gr. mega vel missast úr frv. Eftir þeirri útskýringu, sem gefin hefir verið á orðinu sóknarmaður í 2. gr., þá nær það bókstaflega engri átt að skylda ríkissjóð til þess að byggja kirkju í Reykjavík eins og þar er fyrirmælt, án eðlilegrar þátttöku safnaðar. Slíkt er fjarri öllu viti. Ennfremur nær það engri átt að banna skilmálalaust að geyma í kirkjum annað en muni kirkjunnar, eins og 9. gr. frv. mælir fyrir um. Eftir því ætti að henda út öllu bókasafni Bókmenntafélagsins, sem nú er og hefir verið geymt á lofti dómkirkjunnar í Reykjavík um áratugi. Slík ákvæði sem þetta ná vitaskuld engri átt. Þessi grein þarf að minnsta kosti að orðast um, og það nær engri átt að samþ. hana eins og hún er í frv.

Halldór Stefánsson: Ég skal gera nokkra grein fyrir atkv. mínu, áður en umr. er lokið. Ég get ekki fellt mig við 2. lið brtt. á þskj. 113, um það, að skylt sé að vátryggja kirkjur í Brunabótafél. Íslands, því að það félag vátryggir ekki nema ⅔ af vátryggingarverði húsanna, en hinsvegar er hægt í kaupstöðum að fá hús vátryggð fyrir öllu vátryggingarverði sínu. Ég mun greiða atkv. með þessum till. í því trausti, að breytingar verði gerðar á þessu þingi á lögunum um Brunabótafélagið.

Magnús Jónsson: Ég þarf ekki að tala langt mál um þá brtt., sem mesta athygli hefir vakið og mestum deilum valdið, því að hún mun vera tekin aftur. Mér dettur ekki í hug að halda fram þeirri nýstárlegu kenningu í stærðfræði, að ekki séu til óendanlega margar tölur fyrir ofan og fyrir neðan ⅓, en það sannar ekkert um það, að það megi ekki eða þurfi ekki að orða till. skynsamlegar en þetta. (**MT**: Rökvísi prestanna er jafnan söm við sig). Það voru rök þessa þingmanns sjálfs, sem ég var að lýsa.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fella burt 9. gr. frv. Það ætti að nægja að bæta inn í við 3. umr. skilyrði um það, að ekki megi geyma hluti í kirkjum, sem væri þeim til vansæmdar, eða að t. d. ekki megi geyma í sjálfum kirkjusaln-

um, eða eitthvað þvílíkt. Ég get tekið undir það með hæstv. forsrh., að ekki kemur til mála að banna að geyma í kirkjum eða á kirkjuloftum ýmsa þarflega muni, sem kirkjunni eru til einskis miska. Ég vil þakka minu gamla sóknarbarni, hv. 2. þm. Árn., fyrir hlýleg ummæli í minn garð. En satt að segja átti ég dálítið erfitt með að skilja, hvað hv. þm. var að fara, þegar hann var að tala um messurnar og réttirnar forðum daga, og taldi þetta tvennt helztu „skemmtanirnar" fyrrum. Ég held, að hv. þm. hafi ekki meint það sem hann sagði. Ég býst við, að það þætti ósæmilegt og óviðeigandi að segja „góða skemmtun" við mann, sem væri að fara í kirkju.

Ég held, að hv. 1. þm. Skagf. hafi létt, þegar hv. 2. þm. Árn. tók aftur traustsyfirlýsingu sína á honum, og er það mjög að vonum, að hv. þm. kærði sig ekkert um lof hv. 2. þm. Árn.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar. Aðeins skal ég geta þess og vekja athygli hv. þdm. á því, að í frv. vantar ákvæði um flutning kirkna, og þarf að athuga það til 3. umr.

Pétur Ottesen: Aðeins örfá orð. Ég ætla að geyma mér að svara hv. frsm. þar til við 3. umr., og mun ég þá koma fram með brtt. við frv.

Þá er að víkja dálítið að 2. gr. frv. Hv. 1. þm. Skagf. gerði tilraun til þess að skýra, hvað fælizt í orðunum „allt að" í 2. brtt. Mér skilst, að þetta orðalag sé svo teygjanlegt og óákveðið, að nálega sé að engu hafandi. Þeim, sem þykir of langt gengið í frv., er engan veginn fullnægt með þessari brtt. Reykjavík gæti, þrátt fyrir það, þótt brtt. yrði samþ., krafizt af ríkinu, að það reisti kirkju, er rúmaði ⅙ af sóknarmönnum. Ég tel það mjög varhugavert fyrir ríkið að samþ. slíkar kvaðir á sig sjálft. (MG: Brtt. hefir verið tekin aftur). Já, það er út af fyrir sig gott, en ég vil aðeins benda hv. þdm. á það, að í 2. gr. frv. felst annað og meira en það, sem brtt. n. fjalla um. Ég held, að það væri ekki síður ástæða til að athuga síðari lið 2. gr. frv. Þar segir svo: „Þegar ný kirkja er reist, skal miða stærð hennar við væntanlega fólksfjölgun innan sóknar". Ég býst nú við, að þegar ríkið fer að skila kirkjunum í hendur söfnuðunum, yrði tillag ríkissjóðs miðað við byggingu nýrrar kirkju til viðbótar þeirri, sem fyrir er, og myndi Reykjavíkursókn ekki láta sér nægja að heimta kirkju, er tæki allt að ⅙ sóknarmanna, miðað við stærð safnaðarins nú, heldur yrði þá tekið tillit til þeirrar aukningar, sem yrði á söfnuðinum í framtíðinni. Þætti mér þá ekki ólíklegt, að eitthvað gæti bæzt við þessa milljón, eða hvað það nú er, sem áætlað er, að ný kirkja fyrir Reykjavík mundi kosta.

Ég vænti þess, að hv. n., taki þennan lið 2. gr. frv. einnig til athugunar, úr því að n. hefir gengið inn á að athuga betur fyrri lið 2. gr.

Magnús Guðmundsson [óyfirl]: Ég get ekki verið á sama máli og hæstv. forsrh. um það, að fella ætti 9. gr. burt úr frv. Mér finnst alveg sjálfsagt, úr því að sett eru heildarlög um kirkjur, að setja í þau ákvæði gegn misnotkun kirkna í þessu tilliti, sem 9. gr. fjallar um. Hinsvegar mætti orða það svo, að t. d. með samþykki prófasts mætti geyma þá hluti í kirkjum, sem ekki gætu talizt vansæmandi fyrir kirkjuhúsin. Hitt má alls ekki leyfast né þolast, að geymt sé allskonar drasl, svo sem þvottur, slátur eða þvílíkt, í kirkjum. Ég vil láta þessa grein standa og láta n. athuga hana til 3. umr. Ef deildin vill, þá getur hún fellt hana þá, ef henni sýnist svo. Sama er að segja um 2. gr. frv.

Hæstv. dómsmrh. er ekki viðstaddur í deildinni, en annars hefði ég viljað segja honum það, að ég álít það undarlegan stjórnarsið, að bera fram frv., en lýsa því yfir um leið, að hann vilji ekki styðja frv. í meginatriðunum, og síðan stendur annar hæstv. ráðh. upp og vill fella úr því tvær greinar. Ég hefi litið svo á, að ef stjórn vill ekki gera eitthvert mál að sínu máli, þá eigi hún að láta vera að flytja það.

Hv. 2. þm. Árn. vildi ekki lýsa trausti á mér sem kirkjumálaráðherra, og læt ég mér það á sama standa, enda hefi ég ekki beðið hann um neitt þvílíkt. En hann gaf mér nú samt þá traustsyfir-

lýsingu, sem ég vildi, því að hann varð að viðurkenna, að ég hefði sem ráðh. verið vinveittur kirkjunni, og það álít ég, að hver kirkjumálaráðherra eigi að vera.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er aðeins örstutt aths., í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Skagf. Hann hafði orð um það, að aðstaða stjórnarinnar til þessa frv. væri einkennileg, þar sem ég hefði t. d. viljað fella burt 2. gr. frv. Ég held, að hv. þm. ætti sízt að tala á þennan veg. Mig minnir, að það væri á þinginu 1927, að hann sjálfur sem ráðh. flutti eða lét flytja frv. hér í deildinni, sem ekki hafði meira fylgi meðstjórnenda hans en svo, að þáverandi stjórnarformaður, hv. 1. landsk., stóð upp og andmælti frv., ekki aðeins tveim greinum þess, heldur því öllu undantekningarlaust. (MG: Hvaða frv. var það?) Það var frv. um mælingar lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

ATKVGR.

Brtt. 114,1 samþ. með 14 : 4 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 114,2.a tekin aftur.

— 113,1 tekin aftur.

— 114,2.b tekin aftur.

— 114,2.c tekin aftur.

2. gr. felld með 14 : 5 atkv.

Brtt. 114,3 samþ. með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt. HStef, HJ, HG, HV, JÓl, LH, MG, MT, JörB.

nei: PO, SE, EJ, GunnS, IngB, JAJ, JS, MJ, ÓTh.

Fimm þm. (ÁÁ, BSv, BÁ, HK, JJós) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 13 : 7 atkv.

Brtt. 114,4 samþ. með 16 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 114,5.a samþ. með 16 shlj. atkv.

— 114,5.b samþ. með 17 : 3 atkv.

— 113,2 felld með 15 : 5 atkv.

— 114,5.c samþ. með 14 : 6 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 114,6.a samþ. án atkvgr.

Brtt. 114,6.b samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 1 atkv.

Brtt. 114,7 samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 14 : 7 atkv.

9. gr. felld með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, SE, SvÓ, ÞorlJ, BÁ.

nei: HG, HV, IngB, JJós, LH, MT, PO, SÁÓ, TrÞ, BSt, EJ, GunnS, HStef, JörB.

Fimm þm. (HK, ÓTh, ÁÁ, BSv, HJ) fjarstaddir.

Brtt. 114,8 samþ. með 13 : 6 atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 114,9 samþ. með 14 : 8 atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 114,10 samþ. með 16 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 2 atkv.

Brtt. 114,11.a samþ. með 18 shlj. atkv.

— 114,11.b felld með 12 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, HStef, HV, IngB, JÓl, LH, MG, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt.

nei: EJ, GunnS, HG, JJós, JAJ, JS, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, JörB.

Fjórir þm. (HJ, HK, ÁÁ, BSv) fjarstaddir.

13. gr. felld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, IngB, JÓl, MG, MJ, ÓTh,SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt.

nei: GunnS, HG, HV, JAJ, JS, LH, MT, PO, SE, SÁÓ, BÁ, EJ, JörB.

Fimm þm. (HJ, HK, JJós, ÁÁ, BSv) fjarstaddir.

Brtt. 114,12 samþ. með 13 : 6 atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 14 : 3 atkv.

15. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 114,13.a samþ. með 17 : 1 atkv.

— 114,13.b samþ. með 15 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

17.—18. gr. samþ. með 18. shlj. atkv.

Brtt. 114,14 samþ. með 16 shlj. atkv.

19. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

20.—21. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 114,15 samþ. með 15 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 114,16 samþ. með 16 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 114,17 samþ. með 13 : 3 atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
27.—31. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Nd., 18. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 151, 153, 156, 164, 171, 198).

Frsm. (Magnús Torfason): Við 2. umr. var talsvert sneitt af frv. Ætla ég, að það hafi verið þau ákvæði, sem helzt þóttu orka tvímælis, eins og greinilega kom fram við umr. Ég skal játa það, að n. hefir farið mjúkum höndum um frv., jafnvel mýkri en hv. deild vildi. Þó er svo að sjá sem hv. dm. hafi ekki líkað, að þetta var skorið af frv., heldur eru nú fram komnar ótal brtt. Ég hygg, að þær séu eitthvað um 30, sem fyrir liggja við þessa umr.

Nefndin sjálf hefir aðeins borið fram 4 brtt. við frv. eins og það er nú.

1. brtt. er við 2. gr. 2. lið, þess efnis, að færa hana í það form, sem hv. deild vildi vera láta við 2. umr. málsins. Þó er nokkru frekar ákveðið í brtt. en í frv. Með öðrum orðum er úrskurðarvald prófasts numið burtu, og hygg ég það muni fyllilega vera í samræmi við þann vilja, sem fram hefir komið í þessari hv. deild.

2. brtt. er við 2. brtt. á þskj. 153. Þar er svo ákveðið, að menn skuli sæta sektum fyrir það, að hirða eigi um rétta meðferð á kirkju, og að óheimilt sé að nota hana til geymslu. Við í n. töldum, að þetta kæmi svo sjaldan fyrir og álitum ekki þörf á að gera lög um þetta. Fer brtt. okkar fram á, að sektarákvæði 2. brtt. á þskj. 153 sé fellt niður.

3. brtt., sem er við 17. gr., er aðeins leiðrétting og í samræmi við 3 brtt. á þskj. 171.

4. brtt. við 27. gr. 1. mgr., er alveg sjálfsögð. Enda þótt út sé gefin reglugerð, þá er viðkunnanlegra að hafa greinilegt ákvæði í lögunum um það, hvert þessar sektir skuli renna.

Ég þarf ekki lengri formála að sinni, en mun bíða þess, að hv. þdm. tali fyrir brtt. sínum.

Pétur Ottesen: Við 6 dm. eigum hér nokkrar brtt. við þetta frv. á þskj. 156. Vil ég þá fyrst út af því, sem hv. frsm. allshn. sagði um brtt. nefndarinnar við 2. lið 2. gr. frv., að þar komi fram vilji hv. dm. við 2. umr., geta þess, að svo er ekki, að minnsta kosti ekki hvað okkur snertir, flm. brtt. á þskj. 156. Ég tók það fram við 2. umr., að það væri mjög misráðið að veita öðrum aðila en þeim, sem kostnaðinn ber, rétt til að ákveða, hvenær kirkju skuli byggja eða endurreisa, en það er vitanlega söfnuðurinn, sem kostnaðinn ber, eða kirkjueigandi, þar sem um bændakirkju eða lénskirkju ræðir. Í okkar brtt. er það algerlega sett söfnuðunum á vald, hvenær endurbyggja skuli kirkju, og er þar ennfremur svo fyrir mælt, að kirkjumálaráðuneytið skuli láta söfnuðunum í té alla verkfræðilega þekkingu, er nauðsynleg þyki.

Í brtt. okkar við 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að prófastur geti skotið máli sínu til biskups, ef honum finnst ekki farið í öllu eftir þeim áminningum og bendingum, sem hann hefir gefið um viðhald og útlit kirkju.

Í brtt. n. er gert ráð fyrir 2 aðilum, söfnuði og prófasti, er ákveða skuli, hvenær endurbyggja skuli kirkju. Eftir brtt. virðast þessir aðilar vera jafnréttháir. Hvor aðilinn á að skera úr, ef sitt sýnist hvorum? Það gæti orðið eilíf togstreita milli þessara aðilja án þess að nokkur árangur fengist. Mér virðist því sjálfsagt, að okkar brtt. á þskj. 156 verði samþykkt. Heldur ekki er hægt að benda á það, að söfnuðir hafi yfirleitt kirkjur í verra standi en fjárhagur þeirra leyfir á hverjum stað og tíma.

Ísambandi við þessa brtt. er brtt. við 5. gr. um það, að sú gr. falli niður, enda er hún algerlega óþörf samkvæmt brtt okkar. Ennfr. er í okkar brtt. söfnuðunum greidd leið til þess að leita til húsameistara viðvíkjandi kirkjubyggingu. Raunar er þessi gr. líka óþörf miðað við 3. lið 2. gr., þar sem hún tekur ekki annað fram en það, sem þar er. Þá er 4. brtt. okkar við 7. gr. frv., þar sem bannað er að halda fundi um almenn ágreiningsmál í kirkjum. Okkur virðist þetta vera bann við því, að hafa t. d. prestskosningu og safnaðarfundi í kirkju. En það er alkunna, að oft er mjög mikill hiti í mönnum við prestskosningar. Og sömuleiðis geta oft orðið deilur út af safnaðarmálum á safnaðarfundum. — Þetta hvorttveggja virðist útilokað samkv. frv. Við lítum svo á, að prestskosning og safnaðarfundir séu svo nákomin mál kirkjunni, að ekki beri að loka dyrum hennar fyrir þeim. Till. hljóðar á þessa leið: „Við 7. gr. Við greinina bætist: önnur en þau, sem varða málefni kirkjunnar eða safnaðarins".

5 brtt., sem er við 9. gr., er í samræmi við þær breytingar, sem gerðar voru á frv. við 2. umr. Greinatalan getur ekki staðizt eins og talað er um í 9. gr. Viljum við, að vitnað sé í I. kafla frv. í stað þess að vitna í ákveðna gr.

Í þetta frv. vantar ákvæði um það, eftir hverju skuli farið, þegar flytja þarf kirkju úr stað. Það eru, sem kunnugt er, oft allmikil deilumál. Standa þær deilur oft lengi og er ekki með lögum hægt að ákveða að kveða skuli slíkt niður. Við höfum í 6. brtt., sem er við 12. gr. frv., lagt til, að ¾ safnaðarmanna skuli hafa samþykkt færsluna, áður en hún eigi sér stað. Þetta er mörgum tilfinningamál, og væri kannske rétt að krefjast þess, að að flutningum stæðu ⅘. Hinsvegar virðist okkur flm. rétt að setja eitthvert ákvæði um þetta atriði.

Þá liggja ekki fyrir fleiri brtt. frá okkur, en út af brtt. hv. 1. þm. S.-M. og hv. þm. V.-Ísf. vil ég geta þess, að ég býst við að fylgja þeim að málum. Þeir vilja bæta við bænahúsum, og finnst mér það rétt, ef um þau er að ræða. Ég get vel fallizt á brtt. þeirra við 21. gr. frv., því að ég get ekki séð annað en að sóknarnefnd geti vel innt af hendi þau störf, sem fyrir kunna að koma og kirkjunefnd var ætlað samkv. frv. Ennfremur get ég fallizt á brtt. þeirra um að fella niður 18., 19. og 20. gr.

Þá liggur hér fyrir brtt. frá hv. 1. þm. Reykv. Hann vill setja ákvæði um það, hvað kirkjur skuli vera stórar; er það í samræmi við þá gr., er felld var úr frv. við 2. umr.

Ég segi fyrir mig, að ég vil ekki hafa neitt slíkt ákvæði.

Hér er og brtt. frá hv. 2. þm. Skagf. við 14. gr. Vill hann hafa svipuð ákvæði um bændakirkjur viðvíkjandi innheimtu tekna, og finnst mér það vera sanngirnisatriði. Þá á hann og brtt. við 17. gr. Er það rétt athugað hjá honum, að vel gæti svo farið, að hin hærri stjórnarvöld litu eigi af skilningi á málið, en söfnuður stendur nær og þekkir betur getu bóndans og mun því sýna meiri skilning á málinu.

Sveinn Ólafsson: Ég á nokkrar brtt. á þskj. 171 ásamt hv. þm. V.-Ísf.

Vil ég leyfa mér að fara um þær fáum orðum, þótt hv. þm. Borgf. hafi að miklu leyti talað fyrir þeim og stutt þær einarðlega, en fyrir það kann ég honum þakkir.

Brtt. okkar hv. þm. V.-Ísf. eru flestar orðabreytingar. Efnisbreytingar eru ekki aðrar en þær, að við leggjum til, að úr 4. kafla frv. falli niður öll fyrirmæli, er lúta að skipun kirkjunefndar.

Brtt. við 1. og 2. gr. lúta að því, að ákvæðið um helgi kirkna og kirkjugarða nái einnig til bænhúsa, sem sennilega hefir fallið niður í ógáti hjá þeim, er sömdu frv.

Bænhús hafa verið til á stöku stað frá fornri tíð. Og mér finnst eðlilegt og sjálfsagt, að þau njóti sömu verndar og kirkjur almennt. Vel gæti það og komið fyrir, að upp kæmu kirkjur eða bænhús, sem væru eign einstakra manna, og virðist mér fullkomlega réttmætt að sú sama helgi ríki þar sem í kirkjugörðum og kirkjum. Eitt slíkt bænhús er í Papey við Austurland, og mun presti skylt að flytja þar messu einu sinni eða tvisvar á ári. Sömuleiðis er bænhús á einni þjóðjörð austanlands, sem nú mun að mestu

fallið, en talið þó með viðhaldsskyldum jarðarhúsum og hefir jörðinni fylgt um margar aldir. Er líklegt, að það verði af nýju reist, með því að ábúandi hefir fengið álag þess greitt.

Skal ég svo ekki fara fleiri orðum um þessar brtt., en víkja að þeim síðari. 3. brtt. snertir aðeins fyrirkomulagsatriði, hliðstæð brtt. á þskj. 156, og þarf það engra skýringa.

Þá kem ég að aðalbreytingunni. Hún er við fyrirsögn 4. kafla, og er þar gert ráð fyrir, að í stað fyrirsagnarinnar: Um kirkjunefndir o. fl. komi: Önnur ákvæði. Við flm. lítum svo á, að kirkjunefndir þessar séu óþarfar og teljum óeðlilegt og misráðið að setja þessar kirkjunefndir til höfuðs sóknarnefndunum, sem skilyrðislaust ber að álíta réttan aðila um flest þau mál, er kirkjuna varðar. Enda virðist okkur frv. ekki afmarka starfssvið þessara kirkjunefnda eða ætla því önnur störf en almennt falla undir sóknarnefndir.

Af þessum ástæðum leggjum við til, að niður falli 18., 19. og 20. gr. En afleiðingin af því verður sú, að breyta þarf orðaskipun 21. gr. Niður þarf þá að falla skírskotun til kirkjunefndar í 18., 19. og 20. gr. — Sama máli gegnir um brtt. við 22. og 23. gr.; þær lúta að því að fella tilvísun til kirkjunefndanna niður úr frv.

Ég vil svo ekki tefja tímann með því að fara um þetta fleiri orðum; vona ég, að öllum hv. þdm. sé ljóst, að hverju brtt. okkar hv. þm. V.-Ísf. stefna. Í því trausti, að hv. d. fallist á þær, læt ég því máli mínu lokið.

Magnús Jónsson: Við 2. umr. þessa máls var 2. gr. frv. felld niður. Þó að hún væri ekki mjög stórvægileg, finnst mér óviðkunnanlegt að fella hana niður án þess að eitthvað komi í staðinn.

Grein þessi var í tveim liðum. Annar var þess efnis, að ekki mætti geyma í kirkjum annað en þeirra eigin gripi, en hin var um það, hvað kirkjur skyldi hafa stórar, þegar þær eru byggðar upp. Um það atriði urðu nokkrar deilur, en mér fannst þær aðallega snúast um orðalag frv. Þó niðurstaðan yrði sú, að fella gr. alveg niður, fannst mér það ekki vera vegna þess, að menn yfirleitt vildu alls ekkert ákvæði um þetta efni hafa í lögum, enda held ég það sé nauðsynlegt.

Það er ef til vill ekki brýn nauðsyn á því, að ákveðið sé í lögum, hvað stórar kirkjur skuli reistar, þar sem söfnuðirnir sjálfir eiga kirkjurnar. Þar fara vitanlega saman hagsmunir kirkjueigenda og kirkjunotenda. En aftur á móti þar sem kirkjueigandi er annar, er nauðsynlegt að tryggja það, að hann reisi ekki kirkju, sem er alltof lítil fyrir söfnuðinn. Um þetta var ekki mikill ágreiningur við 2. umr., heldur um hitt, hvaða lágmark ætti að setja og hvernig bezt væri að orða ákvæðið. Mér virtist hv. þm. finnast það þurfa að vera mjög teygjanlegt. Og var þóttist ég verða við það, að ímugustur hv. þm. á ákveðnu fyrirmæli um stærð kirkna, stafaði að einhverju leyti af því, að ríkið sjálft er kirkjueigandi hér í Reykjavík. Þessi virðulegi kirkjueigandi er jafnframt hinn aumasti kirkjueigandi á landinu. Hann hefir alveg brugðizt þeirri skyldu, að sjá söfnuðinum fyrir viðeigandi kirkjuplássi. Meðan íbúum sóknarinnar hefir fjölgað úr örfáum þúsundum upp undir 30 þús., eða söfnuðurinn hefir vaxið upp í 18 þús., ef maður telur meðlimi fríkirkjusafnaðarins ekki með, sem þó bar ekki sérstök skylda til að sjá sér fyrir kirkju, hefir ríkið ekkert gert til að bæta úr þörfinni fyrir stærri kirkju. Það hefði kannske átt að skylda alla aðra kirkjueigendur en ríkið til þess að hafa kirkjur sínar svo eða svo stórar! En mér fannst slíkt nú ekki viðeigandi. Þó að það hefðu ef til vill verið gullhamrar um mína kjósendur, að þeir þyrftu minna kirkjurúm en aðrir, og þá að sjálfsögðu af því að þeir væru svo vandaðir menn, þá fannst mér nú alls ekki eiga við að láta í þessu efni annað gilda um Reykjavík en aðra hluta landsins.

Með brtt. á þskj. 153 legg ég til, að þegar reisa á nýja kirkju, skuli málið borið undir prófast; hann geri síðan tillögu um stærð hennar og sendi biskupi, en ráðherra úrskurði síðan eftir tillögu biskups lágmark sætafjölda þannig, að séð sé fyrir þörfum safnaðarins. Þetta held ég að sé nægilega teygjanlegt ákvæði til þess, að hægt sé að taka tillit til allra ástæðna, sem til greina geta komið. Það er svo hóflegt og tryggilegt, að ég skil

ekki, að neinn geti óttast það. Fyrst á prófastur héraðsins, sem alltaf mun hafa nægilegan kunnugleika við að styðjast, að gera tillögu um kirkjustærðina, og síðast er úrskurðarvaldið hjá þeim aðila, sem þingið sjálft skipar, nefnilega ráðh.

B-liður brtt. er aðeins orðabreyting, sem stafar af því, að nýjum málslið er bætt inn í gr.

Hin brtt. er um minniháttar atriði. Mér fannst illa viðeigandi að fella niður fyrir fullt og allt ákvæðið um, að ekki megi nota kirkjur til geymslu. Úr því á brtt. að bæta, og getur það a. m. k. engum skaða valdið að samþykkja hana. Ég er viss um, að hinn sanngjarni hugsunarháttur landsmanna mundi aldrei amast við því, þó að undir sérstökum kringumstæðum væri skotið inn í kirkju t. d. einhverju, sem bjarga þyrfti undan veðri, án þess að fengið væri til þess leyfi. En það er nauðsynlegt að koma í veg fyrir, að kirkjueigendur, sem enga umhyggju bera fyrir kirkjum sínum, geti misnotað þær á þann hátt, að geyma í þeim allskonar skran. Því eru í brtt. ákveðnar sektir við slíkum brotum, og tekið fram, að þær skuli ganga til kirkjunefndar. Það er vel til fallið, að þeir, sem misnota kirkju sína og skemma útlit hennar, séu dæmdir til að greiða nokkurt fé, sem gengur til þess að prýða þá sömu kirkju. Með því að láta sektirnar renna til starfsemi kirkjunefndanna, er líka sett einskonar framkvæmdarvald í þessu efni. Maður getur hugsað sér, að nefndunum yrði annt um að fá ofurlítið fé til umráða, og að þær mundu því líta eftir því, hvort ákvæði laganna væri hlýtt. Aftur mundi lítið verða úr eftirliti, ef sektirnar ættu að renna til ríkissjóðs.

Um aðrar brtt. skal ég ekki vera langorður. Þó vildi ég minnast ofurlítið á brtt. á þskj. 171 frá hv. 1. þm. S.-M. og hv. þm. V.-Ísf. Með þeim er stungið upp á að fella kirkjunefndirnar niður úr frv. Ég skil ekki, hvaða ástæðu hv. þm. sjá til þess. Aldrei geta þessar nefndir orðið til neins skaða. Í versta tilfelli verða þær meinlausar og gagnslausar, til ills geta þær tæplega orðið.

Hér er um talsvert ólík hlutverk að ræða, sem ætluð eru sóknarnefndum og kirkjunefndum. Í sóknarnefndirnar veljast oftast reyndir og ráðsettir menn, því að þeim er ætlað að sjá um fjármál safnaðarins og aðra hagsmuni. Aðalhlutverk kirkjunefndanna yrði aftur að hlúa að kirkjunum, prýða þær og gera þær sem mest aðlaðandi. Ég get hugsað mér, að ýmsum, sem ágætir eru til að standa fyrir málefnum safnaðanna, sé alls ekki sýnt um að skreyta kirkjurnar, sjá út hvaða gripi þær helzt vantar, efna til smásamskota til að útvega þá o. s. frv. Í sóknarnefndunum eru venjulega einhverjir mektarmenn, en í kirkjunefndina munu yfirleitt verða valdar konur, sem sökum natni sinnar eru miklu hæfari til að hlúa að kirkjunum og gera þær smekklegar.

Slíkt fyrirkomulag er alls ekki óþekkt áður. Í Vesturheimi t. d. eru það aðallega konurnar, sem kirkjurnar annast. Hér í Reykjavík hefir nýlega verið kosin kirkjunefnd fyrir dómkirkjuna. Hún er byrjuð að safna fé til kirkjubyggingar, og þó að byrjunin sé smá, mun kirkjan hér áreiðanlega einhverntíma bera vott um starf þessarar nefndar.

Ég er viss um, að kirkjunefndir yrðu víða á landinu, þar sem þær væru skipaðar eins vel og tök eru á, og gera söfnuðum og kirkjulífi mikið gagn, og þær mundu á ýmsan hátt létta undir með sóknarnefndunum og kirkjueigendum. Vil ég því mælast til, að hv. d. felli brtt. á þskj. 171.

Jón Sigurðsson: Eins og hv. þm. Borgf. drap á, hefi ég flutt tvær brtt. við þetta frv. á þskj. 164.

Fyrri brtt. lýtur að því, að bændakirkjur fái að njóta sömu réttinda og aðrar kirkjur. Nú eru sóknarnefndir aðeins skyldar að innheimta gjöld fyrir safnaðarkirkjur, en eftir þessu frv. eiga þær einnig að annast innheimtu fyrir lénskirkjur og finnst mér það ekki nema sanngjarnt og sjálfsagt, að bændakirkjur fylgist þar með.

Seinni brtt. snertir 17. gr. frv. Þar eru lögð talsverð víti við vanrækslu af hendi kirkjueiganda, og er valdið til að beita þeim alveg lagt í hendur prófastanna. Í brtt. er aftur ákveðið, að samþykki viðkomandi safnaðar verði a. m. k. að koma til um ákvarðanir prófasts í þessu efni.

Ég geri ráð fyrir, að eitt og annað geti komið til greina, er geri það að verkum, að söfnuðirnir líti öðrum augum á þessi mál en prófastur, sem venjulega á heima í nokkurri fjarlægð.

Annars held ég það orki tvímælis, hvort rétt sé að taka yfirleitt svo hörðum höndum á kirkjueigendum, sem gert er í þessu frv., þegar búið er með lagabreytingu að rýra svo tekjur kirknanna, að þeir eiga mjög erfitt með að halda þeim við, nema með því að leggja til þeirra stórfé frá sjálfum sér. Mér kom til hugar að flytja brtt. við 12. gr. um þetta efni. En ég hætti við það sökum þess, að ég var ekki viss um að ná á þann hátt fullkomlega þeim tilgangi, sem ég hefði helzt kosið. Mér finnst, að rétt hefði verið að taka við úttekt kirkna tillit til hlutfallsins milli þeirra tekna, sem þær höfðu áður, og þeirra tekna, sem þær hafa haft síðustu árin, eftir að lögunum var breytt. Það er ekki rétt að heimta af kirkjueiganda, að hann borgi svo þús. króna skiptir frá sjálfum sér í álag, ef hægt er að sanna, að tekjur kirkjunnar hafi verið rýrðar svo með lögum, að af þeim hefir ekki getað myndast nægilegur sjóður til viðhalds kirkjunni.

Ég skýt þessu fram hér aðeins til athugunar.

Vildi ég svo mega vænta þess, að hv. d. tæki vel þeim smábreytingum, sem ég hefi hér flutt.

Sveinn Ólafsson: Ég vildi aðeins segja örfá orð út af athugasemdum hv. 1. þm. Reykv. um brtt. okkar hv. þm. V.-Ísf. á þskj. 171.

Ég skil vel, að hv. þm. leggi nokkra áherzlu á, að ákvæði frv. um kirkjunefndir séu samþykkt, þar sem hann virðist trúa því, að þær geti orðið kirkjustarfseminni að góðu liði.

En ég get sagt það fyrir hönd okkar flm. brtt., að við álítum, að þessar nefndir yrðu fremur til ógagns en gagns. Verksvið sóknarnefnda er alls ekki svo víðtækt eða erfitt, að þær geti ekki víðast hvar annast það starf, sem kirkjunefndunum er ætlað eftir frv. Og það eru störf, sem sóknarnefndirnar hafa haft með höndum, og sem þær munu gegna framvegis, ef þau eru ekki af þeim tekin.

Að búa til þessar tvær hliðstæðu stofnanir í hverri sókn, sem frv. gerir ráð fyrir, finnst mér eins og að setja hverja silkihúfuna ofan á aðra. Nefndirnar mundu oft vera í vafa um það, hvaða störf heyrðu undir hvora þeirra, og sóknarnefndarmennirnir mundu verða áhugaminni, ef settar væru þannig aðrar nefndir inn í þeirra verkahring. Það má vera, að í stórum söfnuðum, eins og t. d. hér í Reykjavík, ætti við að hafa einhverja aukastofnun utan sóknarnefndarinnar, til þess að vinna að kirkjulegum störfum. En til þess munu þá veljast menn, sem sérstakan áhuga hafa á því efni, þó að ekki sé lagaákvæði um það sett.

Ég vil því mælast til þess, þrátt fyrir mótmæli hv. 1. þm. Reykv., að ekki verði samþ. að lögbjóða tvennskonar sóknarnefndir. Ég fann að vísu, að hv. þm. vildi reyna að flokka störfin milli þessara tveggja nefnda, því að það er ekki greinilega gert í frv. Hann virðist aðallega ætla sóknarnefndunum að fást við fjármálin. En ég vil benda á það, að í lögum um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda frá 1907 er gert ráð fyrir ýmsum öðrum störfum, sem sóknarnefndunum er ætlað að inna af hendi, og jafnvel sum þau störf, sem í frv. þessu eru ætluð kirkjunefndum. Til dæmis eiga sóknarnefndir eftir þeim lögum að sjá um meðhjálparastörfin o. fl.

Ég get hugsað mér, að sumir sóknarnefndarmenn tækju sér það til og jafnvel hættu starfi sínu, ef þeir væru að nokkru leyti settir út úr sínum fyrri verkahring með því að settar væru nýjar nefndir til höfuðs þeim.

Frsm. (Magnús Torfason): Ég býst ekki við að þurfa að haga orðum mínum svo, að miklar deilur hljótist af. Nefndin hefir athugað þessar till. og getur verið meðmælt þeim í mörgu. Af þessum till. er það sérstaklega ein, sem þýðingu hefir, brtt. 156,1. En ef vel er að gáð, þá felst það sama í þeirri brtt. í báðum liðum og í 2. gr. frv. með brtt. n. Ég er óviss um, að sú brtt. hefði komið fram, ef brtt. n. hefði þá legið fyrir. Munur er sáralítill á brtt.

Flm. brtt. 156 segja, að söfnuðurinn ákveði að reisa kirkju, og geti þá prófast-

urinn ekkert gert án samþykkis safnaðarins, þannig að ef söfnuðurinn vill ekki byggja, þá geti prófastur ekki að gert, en það, sem liggur í okkar brtt. er, að prófastur hafi rétt til að hlutast til um byggingar kirkna og geti staðið í samningum við söfnuðina um það. Það er fullt eins kirkjulegur svipur á brtt. n. og á hinni till. En mér virðist sem það sé bitamunur en ekki fjár á till.

Þá er 4. brtt. Það er sagt svo í grg.: „Bannað er að halda fund um almenn ágreiningsmál í kirkju". Þá vilja till.menn bæta við: „önnur en þau, er varða málefni kirkjunnar eða safnaðarins". Við lítum svo á í allshn., að almenn ágreiningsmál og safnaðarmál geti farið saman; okkur hefir aldrei dottið í hug, að ekki mætti halda fund um ágreiningsmál kirkjunnar. Þess vegna finnst mér óþarft og heldur óviðkunnanlegt, að þetta skuli vera orðað þannig: „Bannað er" o. s. frv. Hvort þessi till. er samþ. eða ekki finnst mér á sama standa og þó frekar skemma.

Að því er snertir 6. till. á þskj. 156, þá fellst n. á að mæla með henni, þótt vel geti orðið ágreiningur um það, hve mikinn meiri hl. þyrfti til að samþ. flutning kirkju. Ég gæti hugsað mér ⅔ hluta atkvæða. Af því vænti ég, að hver nefndarmaður sjái, að við höfum tekið þessum till. mjög vel.

Þá er brtt. á þskj. 153, 5. brtt. Hún finnst okkur svo sanngjörn, að ómögulegt sé annað en samþ. hana. Mér finnst minni svipur á frv., ef þetta nær ekki fram að ganga.

Í sambandi við þessa till. gat hv. 1. þm. Reykv. þess, að ríkið væri aumasti kirkjueigandi hér á landi. Ég vil ekki kannast við, að þetta sé rétt, eftir efnum og ástæðum, og vil benda á, að Reykjavík hefir eignast land, sem kirkju fylgdi, og ef réttilega hefði verið farið með það, þá væri það milljónavirði nú. Ég vil líka benda á, að það eru til verri kirkjueigendur. — Ég kom í kirkju fyrir fáeinum árum, og hvað haldið þið að ég hafi séð þar? Þar var hross fyrir altari, og poki í stólnum! Það hafði ekki verið messað þar í mörg ár. Þetta var því áreiðanlega verri kirkjueigandi en ríkið.

Um sektir, sem eiga að renna til kirkju, eru almenn ákvæði, 50—500 kr., og því er óþarfi að ákveða hér annað hlutfall. Þá er óvist, hvort kirkjan kemst á, og býst ég ekki við, að vert sé að gera leik að því að víkja frá þeirri almennu reglu, að sektir renni í ríkissjóð, ef ekki er annað ákveðið.

Þá kemur brtt. á þskj. 164 frá hv. 2. þm. Skagf. Hann vill, að bændakirkjueigendum sé falið að innheimta kirkjugjöld. N. áleit, að þetta gæti verið varhugavert, því að vafalaust vildu þeir, sem ekki gera vel við kirkjur sínar, helzt vera lausir við að innheimta kirkjugjöld, en ef þeir gætu falið sóknarnefnd að gera það, þá væri allt öðru máli að gegna. N. féllst á síðari brtt. á þessu þskj.

Þá er brtt. á þskj. 171 frá hv. 1. þm. S.-M. Hann upplýsir, að bænhús séu til hér á landi; n. hefði getað hugsað sér það líka, en treysti því, að kirkjumálan. hefði vitað þetta. Ég sé ekki ástæðu til að ganga á móti brtt., því að nefndarmenn hafa óbundið atkvæði um þetta, en vil geta þess, að ég hefi fengið upplýsingar frá hv. þm. um það, að eitt bænhús hafi verið notað sem eldiviðargeymsla í 50 ár, svo að sjá má, að ekki er farið vel með öll bænhús. (SvÓ: Hver var sá heiðursmaður, er gaf þessar upplýsingar?). Ég hefi ekki leyfi til að nafngreina hann.

Þá kemur að þeirri brtt. hans, að leggja kirkjunefndir niður, og er ég alveg hlessa á, að jafn vel hugsandi maður og trúrækinn og hann er, skuli hafa fundið ástæðu til að vera á móti þessu. Ég hélt, að því fleiri sem störfuðu að málum kirkjunnar, því betur væri henni farið; en það er sérstakt við þessa nefnd, að það er ætlazt til, að kvenfólk verði í henni. En við vitum, að kvenfólkið hefir ekki neitt sem heitir viljað taka þátt í opinberum málum af óframfærni sinni og öðrum ástæðum. En þarna er ætlazt til að þær starfi sér. (SvÓ: Það vantar ákvæði í frv. til þess). Hugsunin er samt sú. Ég tek undir það með hv. 1. þm. Reykv., að konur hafi reynzt kirkjum sínum vel og gert ýmislegt til að prýða þær. Hv. þm. sagði, að þessar breytingar væru sendar sóknarnefnd til höfuðs, en kirkjunefnd og sóknarnefnd ættu að starfa saman. En ég veit yfirleitt ekki til, að þegar kvenfólk hefir unnið með karlmönnum, þá hafi þær orð-

ið til að spilla vinnubrögðunum. Þvert á móti hafa komið bætur um fundarsiði, betra orðbragð og hegðan alla. Sérstaklega held ég, að ekki sé ástæða til að amast við, að kvenfólk skipti sér af kirkjumálum. — Páll postuli, sem enginn var þó kvennavinur, segir víða í bréfum sínum, að kvenfólkið hafi verið stoð og stytta safnaðarins, og endar flest sín bréf á kveðjum til ýmissa kvenna. Ég hélt að ekki væri ástæða fyrir hv. þm. að vera á móti því, að systurnar störfuðu í söfnuðinum.

Að því er snertir 8. brtt. hans á þskj. 171, þá á hún ekki hér við, og sýnir það líka, að hann hefir ekki fullkomlega skilið takmark þessa frv.; en brtt. er svo: „Sóknarnefnd aðstoðar prestinn um allt, er lýtur að góðri skipun safnaðarmála, eflingu trúarlegs áhuga, viðhaldi fagurra helgisiða og skreyting kirkju".

Þetta á ekki við í frv. Þetta frv. á aðeins við kirkjur og ekkert annað. Ég virði hv. þm. sérlega mikið fyrir það góða og fagra hugarfar, er kemur fram í þessum till. hans, en þær eiga ekki við þessa löggjöf. Þetta kom líka fram, er hann talaði um andleg störf eða andaverk, ég veit ekki hvað ég á að kalla það í þessu sambandi, það fer langt út fyrir þetta frv.

Ef frv. yrði samþ. með þeim brtt., er n. mælir með, þá gæti það orðið sæmilega úr garði gert héðan úr deildinni. Svo endurtek ég, að það er bitamunur en ekki fjár, hvort brtt. n. við 2. gr. er samþ. eða brtt. á þskj. 156.

Hannes Jónsson: Það er út af brtt. á þskj. 156,6, að mig langar til að fá fulla skýringu á, hvað meint er með henni, til að koma í veg fyrir ágreining, sem af getur hlotizt. 6. brtt. er svo: „Kirkju má því aðeins flytja úr stað, að ¾ hlutar atkvæðisbærra safnaðarmanna hafi samþ. færsluna". Nú vil ég fá að vita, hvað meint er með því að flytja úr stað. Til dæmis veit ég, að hætta varð við kirkju á Vatnsnesi vegna slíks ágreinings. Biskup vildi láta grafa á grunni gömlu kirkjunnar, en sóknarnefnd þótti ekki ástæðulaust, að kirkjunni væri valinn annar staður, og var það gert, en varð að hætta við það vegna slíks ágreinings. Finnst mér ekki, að sérstaka samþykkt þurfi til að gera út um þetta. Ég tek dæmi frá kirkjunni á Kirkjuhvoli, er verður endurbætt bráðlega. Þar hefir sóknarnefnd ákveðið, að hún verði flutt að Hvammstanga, og er þar um tæpan km. flutning að ræða. — Ég geri ráð fyrir, að flm. meini ekki, að þessi ákvæði nái til slíks flutnings, en ég vil biðja hv. flm. að gefa ákveðin svör, svo ekki sé um að villast.

Pétur Ottesen: Hv. frsm. allshn. hefir gengið inn á till. á þskj. 156, því að hann segir, að það sé enginn munur á till. allshn. um sama efni, því að þeir skeyti prófasti framan á til að setja kirkjusvip á þessa gr. frv., en mér finnst nógur kirkjusvipur á þessu, þar sem greinin byrjar á að tala um prófast, að hann eigi öllu að ráða, og finnst mér það rangt, þar sem um jafnréttháa aðila er að ræða, og til að komast hjá misklið, t. d. þegar prófastur vill byggja en söfnuður ekki, þá er hyggilegra fyrir þá, sem vilja heldur friðsamlegra samstarf, að samþ. till. okkar, sem þá um leið syndir fram hjá þessu hættulega skeri.

Svo ætti allshn. að vera því hægra að gera þetta, þar sem hún segir, að alveg sé sama, hvor brtt. sé samþ., og vænti ég að hv. dm. geti fallizt á, að réttara sé og hyggilegra að samþ. till. okkar um þetta á þskj. 156.

En ég get ekki gengið fram hjá því, er hv. flm. segir um kirkjusvip.

Var það að setja kirkjusvip á frv. að strika biskup út úr frv.? Ég held, að annaðhvort meini hann ekki mikið með þessu, eða honum hefir mistekizt, er hann vildi láta afmá biskup úr því riki, er átti að byggja upp með þessu frv.

Ég undrast það, úr því að n. hefir gengið inn á 5. gr., að hún skuli þá taka aftur það, sem veitt er með 2. gr. En í 5. gr. frv., eins og það er núna, hefir sá byggingarfróði maður, sem gert er ráð fyrir, að prófastur leiti til, kirkjubygginguna í sínum höndum, og ræður hann, hvernig byggingunni er hagað og hve miklu fé er varið til hennar til skrauts og annars, sem hann vill prýða bygginguna með. Er hér verið að taka með annari hendinni, sem gefið var með hinni, því að þetta er í ósamræmi við till. okkar á þskj. 156. Ef

menn vilja samþ. þessa brtt., leiðir af sjálfu sér að fella niður 5. gr., sem felur í sér gagnstæð ákvæði. Út af því, sem hv. frsm. sagði, að skeyta þessu aftan við 7. gr., að í kirkjum mætti halda safnaðarfundi, kjósa presta og annað þess háttar vil ég taka það fram, að þetta mundi ekki vera hægt, svo framarlega sem nokkur ágreiningur risi út af þessu. Þess vegna höfum við borið fram till. um það, að í kirkju megi undir öllum kringumstæðum vera haldnir safnaðarfundir og að prestskosningar fari þar fram. Það er vitanlega ekki annað en útúrsnúningur, að það sé bundið skilyrði, að ágreiningur sé um þetta mál. Ég skal ekki fara meira út í þetta, því að í rauninni var ekki til mín mælt, það sem hv. frsm. sagði um brtt. hv. þm. S.-M. En af því að ég tók undir hana með honum og var henni samþykkur, vildi ég þó svara hv. frsm. þar að nokkru. Ég verð að segja út af hinu mikla kvennatali hv. frsm., að ég hefi nú lesið frv. og get ekki séð, að þar sé neitt, sem banni, að einungis konur skipi þessar nefndir. Í nefndina er kosið á safnaðarfundi og fer það eftir vali þessa safnaðar, hvort kynið hann velur til að skipa nefndina. Ef söfnuðurinn vill heldur kjósa konur, þá er það heimilt. — Mér er kunnugt um, að það er líka gert oft og tíðum. Ég vildi náttúrlega ekki draga úr því, sem hv. frsm. sagði um hinar góðu og heillaríku afleiðingar af þátttöku kvenfólksins í ýmsum stöðum í þjóðfélaginu, þar á meðal í opinberum störfum. Þetta álít ég réttmætt, en ég sé ekki, að með þessu ákvæði sé neitt gengið á það atriði. Ég ætla náttúrlega ekki að fara út í fræðimennsku hv. þm. um það, hvað Páll postuli var kvenhollur maður. (**MT**: Nei!). Annað var ekki hægt að draga út af því, sem hann sagði, að hann hefði endað öll sín bréf með því að minnast á kvenfólkið.

Þá var það fyrirspurn hv. þm. V.-H. um till. um kirkjufærslur. Ég skal taka það fram, að það sem fyrir okkur vakti með þessari brtt. er, að ef um verulega færslu er að ræða, sé kirkja færð af einni jörð á aðra, enda mun það oftast vera undirrót þess ágreinings, sem rís um kirkjufærslur, því að þeir sem búa fjær eftir flutninginn eiga erfiðara með að sækja kirkju. En að færa kirkju af grunni með tilliti til þess, að á þessum stað er betra kirkjustæði en á hinum kirkjustaðnum, það var vitanlega ekki slík kirkjufærsla, sem við höfðum í huga, þegar við sömdum brtt.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vildi segja fáein orð út af till. um að fella niður ákvæði um kirkjunefndir. Það má vel vera, að þeir hv. þm., sem telja betur farið, að frv. verði felld, geti fært rök fyrir því, að verkefni sóknarnefndanna sé ekki meira en svo, að ein nefnd geti leyst það af hendi. En það, sem vakti fyrir kirkjumálanefnd var það, að kirkjur okkar eru yfirleitt nokkuð skrautlitlar, og að ekki væri hugsað um, eins og fyrr á öldum í kaþólskunni að prýða kirkjur og gera þær hlýlegar og vistlegar. Um langan aldur hafa sóknarnefndir aðeins annast fjármálastarfsemina, eins og við er að búast, en ekkert gert til að hlúa að kirkjunum. Mér er kunnugt um það, að hin síðustu ár hafa einmitt nefndir kvenna á ýmsum stöðum á landinu lagt mikla vinnu og fé til þess að prýða kirkjurnar. Það sem vakti fyrir kirkjumálanefnd var ekki það, að draga úr starfsemi sóknarnefnda, heldur að koma upp annari starfsemi, áður óþekktri. Kirkjur hér líta yfirleitt út eins og fundarhús. Þetta er einmitt þáttur í því, hvað mótmælendum reynist erfitt að keppa við kaþólskuna. Ég teldi þess vegna miður farið, ef þessi grein yrði felld úr frv., enda þótt ýmsir kunni að líta svo á, að óþarft sé að bæta við þessum nýju nefndum. En reynslan hefir sýnt, að kirkjur hér eru kaldar og óvistlegar, og er því þörf á að mynda nýjan farveg fyrir fólk til að hefjast handa í þessum efnum, farveg, sem hér hefir áður verið óþekktur.

Magnús Jónsson: Ég vil þakka nefndinni og hv. frsm. fyrir það, hve vel n. tók í till. mínar og líka það, að n. hefir hallazt á þá sveif, sem mér var mikið áhugamál, að fella ekki till. um að hlúa að kirkjum. Ég gæti, ef ég vildi, blandað mér inn í umr. um Pál postula, því að ég mun vera kunnugri honum en flestir aðrir hér. Það er einkennilegt, að þó að andstæðingar hans leituðu alltaf upp alla

snögga bletti á honum, þá báru þeir honum aldrei á brýn, að hafa meiri mök við konur en sæmilegt var. En í bréfum sínum fer hann ávalt hlýjum og fögrum orðum um konur, kallar þær sinar elskulegu. Það sýnir, að í frumkristni voru það einmitt góðar konur, sem skutu skjólshúsi yfir söfnuðinn og unnu í honum hið ágætasta starf. Hitt er annað mál, að það kemur skýrt fram í bréfum þessa sama leiðtoga, að hann vill ekki láta konur hafa meiri afskipti af þessum málum en tíðarandinn þá leyfði. Hann vildi ekki, að þær töluðu á safnaðarfundum og vildi ekki, að þær kæmu fram öðruvísi en með hjúpað höfuð eins og þá var siður. Yfirleitt vildi hann ekki, að inn í þessa hreyfingu eða stefnu, sem honum var svo annt um, blönduðust neinar þjóðfélagsbyltingar.

Ég ætlaði aðallega að minnast á það, hvernig kirkjueignin hefir verið hér í Reykjavík. Kirkjan hér var byggð á árunum 1776—82. Þá voru hér rúmlega 300 manns. Síðan var ekkert gert við þessa kirkju fyrr en um miðja síðustu öld; þá var hún sett í það horf, sem hún er nú í. Þá voru hér um 1200 íbúar, síðan hefir fjölgað svo, að hér eru nú um 28 þús. manns. En enn er kirkjan óbreytt af hendi kirkjueigandans. Hitt er annað mál, að hér er risinn upp fríkirkjusöfnuður, og hjálpar það mikið til. Í dómkirkjusöfnuðinum munu vera um 18000 manns, og ennþá hefir kirkjan ekki nema 800 sæti. Er það óskapleg afkoma. Raunar getur maður sagt, að kirkjan hafi helmingi fleiri sæti, því að ríkið hefir séð fyrir 2 prestum. Og þó að það séu 1600 sæti, þá er það ekki nokkur afkoma, ef um það er hugsað, að margir eða þorri manna geti sótt kirkju, enda kemur það í ljós, hvenær, sem á reynir, að ómögulegt er að komast í kirkjuna.

Svo ætla ég að víkja að því, sem hv. frsm. sagði, að söfnuðurinn hefði sölsað undir sig allar eignir kirkjunnar. Það er fjarri sanni. Kirkjan átti margar jarðir, Neðri-Háls í Kjós, Breiðholt í Mosfellssveit, Forsæti í Landeyjum með hjáleigu, Sigluvík í Landeyjum með hjáleigum, Bygggarð og Bakka á Seltjarnarnesi. Þessar eignir seldi ríkið og tók fullt verð fyrir, og þess vegna er því skylt að sjá fyrir sómasamlegri kirkju. Ennþá held ég, að eitthvað sé eftir af þessum jörðum. Bygggarður og Bakki eru ennþá óseldar. Ég vildi geta um þetta til að sýna, að ekki er til of mikils mælst.

Það gæti náttúrlega komið fyrir, að hestur kæmist fyrir altarið í kirkjunni, án þess að kirkjueigandi ætti nokkra sök á því, ef kirkjan væri opin og hesturinn á rölti þar í kring. En þetta með pokann í stólnum finnst mér svo fyndið, að ég trúi ekki öðru en hv. frsm. hafi skáldað það sjálfur.

Magnús Guðmundsson: Ég minntist á það við 2. umr., að hæstv. stj. vildi ekki meira en svo kannast við faðernið að þessu frv. Þá svaraði hæstv. forsrh., að það væri ekki einsdæmi, því að ég og hv. 1. landsk. hefðum deilt mjög út af einu stjfrv. Þetta er ekki rétt. Það mál, sem hann nefndi, var um breytingu á lögum um skipulag kaupstaða og kauptúna, og það var ekki stjfrv., heldur flutt eftir minni beiðni. Engar deilur urðu heldur um það milli mín og hv. 1. landsk. Þetta vildi ég aðeins leiðrétta.

Út af þessu frv. vil ég segja, að mig uggir, að einmitt vegna þess að það er nokkurskonar munaðarleysingi hér í d., muni satt að segja ekki verða næsta mikið eftir af veigamiklum atriðum, þegar frv. fer út úr d., og það mun jafnan verða svo, þegar frv. er flutt á þann veg, að enginn er sá, sem í raun og veru vill annast þau.

Ég gæti trúað, að eins og þetta frv. fer út úr d., ef flestar af þessum brtt. verða samþykktar, verði ekki mikið eftir af því, sem kirkjumálanefnd mundi hafa talið aðalatriði þess.

Sveinn Ólafsson: Tillögur mínar og hv. þm. V.-Ísf. hafa mætt andmælum, bæði frá hv. frsm. n. og hæstv. dómsmrh. Þótt svo sé, verð ég enn að halda því fram, að 4. kafli frv. sé vansmíði og ákvæðin um kirkjunefndir aðeins til spillis. Upp í 21. gr. frv. eru tekin flest sömu ákvæðin, sem gilda um sóknarnefndir eftir lögum frá 1907 um skipun héraðsnefnda og sóknarnefnda. Starf sóknarnefnda er með þessu frv. að nokkru leyti tekið og lagt undir þessar

nýju kirkjunefndir, sem víðast munu hafa örlítið starf og því verða þýðingarlausar. Breytingin verður því aðeins til þess, að sóknarnefndir skeyti minna um starf sitt, en auk þess mun hætt við ágreiningi um verkaskiptingu milli þessara nefnda, af því að verksvið þeirra er svo óljóslega afmarkað í frv.

Ég ætla hinsvegar ekki að gera þetta að neinu kappsmáli, því að ég tel það ekki mikilsvert, en ég er sannfærður um, að þessi nýbreytni og óljósa verkaskipting veldur bæði ágreiningi og mistökum hjá þeim, sem eiga að sinna þessum störfum, og spillir því aðeins þeim góða árangri, sem annars mætti verða af starfi sóknarnefnda.

Ég vil ekki, vegna þess að margt annað liggur fyrir, tefja tímann með því að tala um þetta frekar. Ég geri ekkert úr mótmælum hv. frsm., og þar sem hann sagði, að ekki mætti samþ. 21. gr. eins og við leggjum til að hún verði, þá er það út í hött sagt, því að ákvæði hennar, eftir okkar till., eru hliðstæð ákvæðum laga um skipun héraðsnefnda og sóknarnefnda eftir lögum frá 1907, eins og verður að vera, ef samþ. verður till. okkar um að fella niður kirkjunefndir.

Jón Sigurðsson: Það var hv. þm. V.-Húnv., sem spurðist fyrir um hjá flm., hvernig þeir skildu 6. lið á þskj. 156, sem hljóðar þannig: „Kirkju má því aðeins flytja úr stað, að ¾ hlutar atkvæðisbærra safnaðarmanna hafi samþ. færsluna". Hann vildi ekki skilja það á þá leið, að því aðeins kæmi til greina slík atkvgr., að flutt væri út úr landareign, og tók þar sem dæmi, ef flutt væri kirkjan frá Kirkjuhvammi ofan á Hvammstanga.

Ég er ekki flm. þessarar till., en ég er ráðinn í því að greiða henni atkvæði, og skal ég lýsa því, með hvaða skilningi ég geri það. Ég tel, að hér sé ekki um það að ræða, þótt kirkjan sé færð til á grunni, t. d. flutt úr kirkjugarði út fyrir hann, til þess að fá betri kirkjugrunn. En hitt álít ég ekki hægt, að flytja kirkju langa leið, án þess að komi til atkvgr. safnaðarmanna.

Mér er kunnugt um, að þótt ekki sé um langan flutning að ræða, þá getur mönnum verið það kappsmál og hitamál. Það byggist ekki á mismuninum á því, hve langt sé að sækja kirkju, heldur stafar það af þeim grafreitum, sem fylgja hinum gamla kirkjustað, og þeim kvíða, sem margir bera fyrir því, að leiði nánustu vina sinna og vandamanna verði lögð í auðn, og minnismerki smámsaman eyðilögð. Þetta er ýmsum viðkvæmt mál, og það er nátengt kirkjunni, svo að af þeim ástæðum hafa margir sett sig ákveðið á móti flutningi, þar sem þetta hefði getað komið til greina.

Ég vildi láta sjá, ef síðar yrði flett upp í Alþt., að komið hefðu fram raddir í aðra átt um skilning á þessari grein.

Einar Jónsson [óyfirl.]: Ég er satt að segja farinn að þreytast á því að heyra dag eftir dag málþóf um ómerkileg mál eins og þessi frv. kirkjumálanefndarinnar um kirkjur og presta. Það er margt þarfara, sem þingið getur gert en það. Prestarnir eru að vísu af mörgum álitnir þarfir, og rétt er að taka vægum höndum á þeim. En þegar frá kirkjumálanefndarinnar hálfu koma fram 8 frv., sem eru meira og minna léleg, þá fer mér að blöskra. Öllum hv. þm. mun vera kunnugt um innihald þessara 8 frv., en þeir munu varla gera sér grein fyrir, hvað það kostar, að eyða mörgum dögum til að þvæla um þau.

Ég vona, að hæstv. forseti fyrirgefi mér, þó að ég nefni þessi frv., enda þótt þau séu ekki öll til umr. nú.

Eitt er frv. um bókasöfn prestakalla. Því fylgir ný nefnd, sem bókasafnsnefnd heitir. Annað er um utanfararstyrki presta. 2000 kr. á ríkið að verja í hendur hverjum presti. Til hvers? Líklega til fræðslu, en kannske til einskis. Kostnaður er það líka. Þriðja er um kirkjuráð. Það var á dagskrá í dag og mikið um það rætt. Þar átti að fylgja sérstök nefnd.

Um veitingu prestakalla er það fjórða. Ég minnist ekki, að því fylgi neitt sérstakt ráð eða nefnd, en að mínu áliti er það ekki til bóta frá því sem er.

Hið fimmta er um embættiskostnað sóknarpresta. Þar er að vísu ekki sérstök nefnd eða ráð, en 500—700 kr. á ríkissjóður að greiða samkv. því.

Sjötta frv. er um kirkjugarða. Á það skal ég ekki minnast.

Sjöunda frv. er um byggingar á prestssetrum. Gæti ég trúað, að þar kæmi til kasta ríkissjóðs að svara út fé, umfram það sem verið hefir.

Hið áttunda er það frv., sem nú er hér á dagskrá, frv. til l. um kirkjur. Um það var verið að ræða í dag fram til kl. 4, og aftur nú í kvöld. Þar á að koma ný nefnd, sem heitir kirkjunefnd. Allt þetta bendir á, að áhugi stj. á kirkjumálum sé heldur á reiki, eins og bent var á í dag af snjöllum ræðumanni, og þegar stj. getur ekki fundið önnur ráð til þess að bæta kjör klerkanna, þá sé ég ekki annað en að hér sé fullt ráðleysi á ferð.

En þegar maður athugar þessar stjórnir og nefndir og ráð, og tekur ennfremur til athugunar allt annað, sem fer fram á nýjar nefndir, stjórnir og ráð, fer ég að skilja ýmislegt, sem fram er komið, og það sannar um leið, að stj. gerir ekki neitt nema kaupa nýja menn til að vinna þau störf, sem hún á sjálf að vinna.

Ég býst við, að flestir hv. þdm. hafi tekið eftir einhverju af þessum plöggum þessara nefnda, og allar till. þeirra miða síðan að því að stofna ný og ný „ráð", nýjar nefndir og nýjar stöður. T. d. hefir mér borizt hér í hendur frv. um breytta tilhögun á lax- og silungsveiði. (**Forseti IngB:** Það liggur hér ekki fyrir til umr.). Nei, að vísu ekki, og þótt ég hefði haft nokkra ástæðu til þess að drepa á sumt af þeim till., þá mun ég samt hlíta úrskurði hæstv. forseta, og láta það bíða betri tíma.

Ég vil aðeins bæta því við, hvort hv. þdm. hafi gert sér ljósa grein fyrir því í gær og í dag, þegar umr. um þetta mál hafa orðið svo langar, að þær hafa tekið meiri tíma en dagskráin hefir gert ráð fyrir, og hinn venjulegi fundartími tveggja daga hefir ekki hrokkið til að ræða þetta eina mál, hversu varhugavert það er, að eyða bezta starfstíma þingsins í umr. um alveg óþörf og nauðaómerkileg mál, en verða síðan fyrir þá sök að flaustra af þörfum málum, þá er líður að þinglausnum. Ég bið menn að hugsa til síðustu daganna, þegar góð mál sofna eða fá ekki sæmilega afgreiðslu vegna þessara mála, sem verið er að eyða höfuðstarfstíma þingsins í að ræða, og ég tek undir með hv. þm. Barð., að ég vildi helzt vera laus við þetta drasl frá kirkjumálanefndinni, en hitt væri miklu nær, úr því að prestarnir eru nú sú stétt, sem alltaf þykist vera svöng, að rétta þeim eitthvað meira að éta, í stað þess að fara þessa leið, sem ekkert er annað en átylla til þess að geta rétt fáeinum mönnum kjötbita úr kjötpotti landsins.

Ég mun svo greiða atkv. á móti öllu þessu dóti kirkjumálanefndarinnar, í hverri mynd sem það birtist. Mér finnst alveg nóg komið af þessum ófögnuði, sem nokkrir menn, fyrir kaup úr ríkissjóði, eru að senda inn í þingið, alveg að þarflausu og mér blöskrar þetta vinnulag.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það eru aðeins örfá orð. Hv. 1. þm. Skagf. vék enn að því nokkrum orðum, sem okkur fór á milli við 2. umr., nefnilega aðstöðu einstakra manna í stjórninni til einstakra atriða í stjfrv. almennt. Vildi hann enn halda því fram, að öðruvísi væri háttað um mína afstöðu til þessa frv., sem hér liggur fyrir, en afstöðu hv. 1. landsk. til frv., sem hv. 1. þm. Skagf. flutti hér um árið, og sem að vísu ekki var stjfrv., en falið nefnd til flutnings fyrir hönd ráðh. En ég vil enn halda fast við það, að hér sé um samkynja tilfelli að ræða. Hv. 1. landsk. flutti brtt. við frv. meðstjórnarmanns síns, og ég hefi komið fram með óskir um að einstökum atriðum þessa frv. verði breytt. En sá var munurinn, að till. hv. 1. landsk. gengu í þá átt, að eyðileggja frv. eða fella það, og verður afstaða hans að því leyti önnur en mín afstaða til þessa frv., því að mér er annt um, að málið nái fram að ganga, enda þótt ég vilji láta breyta einstökum gr. þess.

Hv. þm. talaði þannig um frv. kirkjumálanefndar, að það væri enginn hér í deildinni, sem hugsaði um þau. (**MG:** Þetta frv.). Þetta er vitanlega á engum rökum byggt. Sá ráðh., sem ábyrgð ber á flutningi þess, hæstv. dómsmrh., hefir alls ekki vanrækt þetta frv. Hann hefir, þrátt fyrir annir og lasleika, tekið mikinn þátt í umr. um málið, og fylgt því fast fram. Auk þess ber þess að geta með þakklæti, að hv. allshn. hefir sýnt málinu fullan sóma. Hv. 1. þm. Skagf. er sjálfur í n., og ég geri ráð fyrir, að hann eigi

drjúgan þátt í hinum skynsamlegu till. n., og um nefndina er það ennfremur að segja, að hún er hlynnt framgangi frv. Enn má geta þess, að sá eini af hv. þdm., sem starfandi er í þjónustu kirkjunnar, nefnilega hv. 1. þm. Reykv., er mjög hlynntur frv. Ég get því ekki séð, að frv. þetta sé á flæðiskeri statt hér í deildinni. Hinsvegar verður því ekki neitað, að fremur hefir andað kalt til frv. frá hv. 1. þm. Rang., enda hefir hann farið lítilsvirðingarorðum um alla starfsemi kirkjumálanefndarinnar. Og ef hv. 1. þm. Skagf. finnst þetta frv. hafa orðið fyrir ómjúkum viðtökum hér í deildinni, þá ætti hann að skjóta þeim fleygum til hv. 1. þm. Rang., því að þaðan hefir vissulega andað kaldast til þessa máls. Að öðru leyti held ég, að það sé óþarfi af hv. 1. þm. Skagf. að kalla þetta frv. útburðarbarn, meðan svo margir eru í deildinni, sem láta sér annt um það, enda hefir það berlega komið fram undir umr., að menn telja málið í heild sinni hið þarfasta. Mér er og kunnugt um, að prestastétt landsins er mjög fylgjandi þessum till. og yfirleitt öllum till. kirkjumálanefndar. Ég hefi svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að sinni, en vil sem sagt leggja til, mjög eindregið, að frv. nái fram að ganga.

Magnús Guðmundsson [óyfirl.]: Ég er ekki vanur að vera langorður, og enda þótt ég hafi ekki tekið til máls áður við þessa umr., þá get ég einnig sparað mér langt mál að sinni.

Það stendur ekki eins á um þetta frv. og frv. það, sem hæstv. forsrh. var að tala um. Þetta frv. á að hafa verið samþ. á ráðherrafundi og borið undir konung, en hitt frv. var ekki stjfrv., heldur flutt eftir minni beiðni. En það er eftir atvikum gott að fá þá skýringu hjá hæstv. forsrh., að öll stj. beri ábyrgð á þeim frv., sem flutt eru eftir tilmælum eins manns úr stj. Eftir því ber hann ábyrgð á þeim frv., sem hæstv. dómsmrh. flytur eða lætur flytja fyrir sig.

Hæstv. ráðh. þótti það ekkert undarlegt, þótt hann væri mótfallinn þessu frv. í einstökum minni háttar greinum. En mér þykir það nú samt sem áður undarlegt af hæstv. stj., að bera fram frv. án þess að láta svo lítið að geta þess við 1. umr., að hún sé mótfallin langstærsta atriðinu í frv., nefnilega milljónaatriðinu. Það er alveg rétt, að við í allshn. höfum lagt rækt við málið, en við höfum litið svo á, að þetta væru till. stj., en ekki kirkjumálanefndar eingöngu. Ég sagði það, að þetta frv. væri munaðarleysingi í deildinni og það er alveg satt, en þar með er ekki sagt, að frv. geti ekki átt einhvern að, en svo mikið er víst, að það á hvorki föður né móður. Ég held, að hæstv. dómsmrh. hafi lagt litla rækt við þetta frv., því að hann hefir ekki einu sinni nennt að strika út úr frv. þær gr., sem hann er ósamþykkur. Hann hefir undir umr. ekki gert annað en mæla á móti einum tveim brtt., en ekki látið svo lítið að nefna hinar brtt., sem fram hafa komið. Þetta sýnir litla ræktarsemi og lítinn áhuga fyrir frv. Hitt var ekki rétt hjá hæstv. forsrh., að ég hefði kallað þetta frv. útburðarbarn, ég sagði munaðarleysingi, og þótt hv. allshn. hafi nú tekið það upp á arma sína, þá er til of mikils ætlazt, að við förum að ganga því í föður- og móður stað. Við höfum tekið það til uppfósturs, og þykjumst við því hafa gert fulla skyldu okkar, og meira verði ekki af okkur krafizt.

Frsm. (Magnús Torfason): Ég þarf ekki miklu að svara, enda þykist ég ekki hafa eytt fleiri orðum um þetta mál en þörf hefir verið á.

Ég skal fyrst snúa mér að hv. 1. þm. S.-M. Hann var á móti kirkjunefndunum og óttaðist, að þær mundu verða sóknarnefndunum til meins og trafala. Ég er á allt öðru máli um þetta atriði. Ég er sannfærður um, að almennt tækist hin bezta samvinna milli sóknarnefnda og kirkjunefnda, enda myndi það aðalhlutverk kirkjunefndar að hlynna að kirkjunni, skreyta hana og fegra eftir föngum. Og ég er viss um, að þær yrðu sóknarnefndunum haukur í horni, ef um bygging nýrrar kirkju væri að ræða. Það mun engum vafa undirorpið, að ef byggja á sæmilega guðsdóma hér á landi, þá mun fé kirknanna sjálfra hrökkva skammt til, heldur mun verða að leita frjálsra samskota í flestum tilfellum, og það er vafalaust, að til þess eru konur bezt fallnar,

Þá var það hv. þm. Borgf., sem mátti ekki heyra prófast nefndan í sambandi við bygging kirkna. Ég verð nú að segja það, að mér finnst nokkur munur á því, hvort prófastur á nokkurn íhlutunarrétt um þetta, eða alls engan, eins og hv. þm. Borgf. vill vera láta. Ég hélt, að það væri eðlilegast, að einhver af kirkjunnar mönnum hefði einhverja hönd í bagga um bygging nýrrar kirkju, en samkv. till. hv. þm. Borgf. á enginn úr hópi kirkjunnar manna neinn minnsta íhlutunarrétt eða tillögurétt um þá hluti, heldur skal sóknarnefnd ein öllu ráða. Eftir gömlum og gildum lögum hefir prófastur forgöngu í þessum efnum, og virðist það eðlilegt og sjálfsagt, að svo sé. Ef hinsvegar kirkjunnar mönnum er meinað að koma nærri þessum málum, eins og hv. þm. Borgf. vill, þá er verið að mynda djúp milli safnaða og presta, sem örðugt verður að brúa. Er þá illa farið högum kristinnar kirkju á landi hér, því að vissulega veltur á miklu, að sem bezt sambúð sé milli þessara aðilja.

Í þessu sambandi hefir mér verið brugðið um það, að ég vildi ekki efla biskupsvaldið. Þetta er rétt að sumu leyti og sumu leyti ekki. Ég hefi litið svo á, að þeir, sem nær væru söfnuði, prestar og prófastar, ættu að ráða tiltölulega meiru um þessi mál, en ef til ágreinings kæmi, þá kæmi til úrskurðar ráðherra. Þetta hefir og verið svo til þessa. Biskupar hafa haft tillögurétt og umsagnarrétt, en ráðherrar og áður landshöfðingjar haft úrskurðarvaldið. Með þessu er biskup í varinu, því að öll óánægja bitnar á ráðuneytinu, og góðri samvinnu milli safnaðar, klerka og biskups er í enga hættu teflt. Þetta tel ég einkar mikilsvert atriði. Hitt er að vísu alveg rétt, að ég er fremur mótfallinn því, að fara að setja á stofn nýtt kennivald í landinu.

Hv. þm. Borgf. leit svo á, að 5. gr. frv. væri gagnslaus, ef 2. gr. væri samþ. Þetta er ekki rétt. 2. liður 2. gr. fjallar um endurbygging og endurbætur kirkju, en 5. gr. fjallar um það, hversu skuli að fara, þegar búið er að ákveða að endurbyggja kirkju. Prófastur á að vera milligöngumaður milli ráðuneytisins, húsameistara og safnaðar um þessa hluti, og verð ég að telja það mjög æskilegt, meðal annars af ástæðum, sem ég hefi áður drepið á.

Ég þóttist ekki hafa í ræðu minni gefið hv. þm. Borgf. nokkurt minnsta tilefni til þess að sletta halanum. Ég þóttist tala með fullri alvöru um málið, sem vera ber. En hv. þm. gat ekki á sér setið, heldur reyndi að þjóna lund sinni með óþarfa keskni, svo sem háttur er illa innrættra og illa siðaðra manna. En hann lét sér ekki nægja, að hafa í frammi hverskyns óþokkayrði í minn garð, heldur gekk hann jafnvel svo langt, að reyna að ljúga því upp á Pál postula, að hann hefði verið kvennamaður! Ég hefi ekki nokkru sinni heyrt þess getið, að nokkur maður hafi nokkurn tíma borið postulanum slíkt á brýn, og ég hefi fulla ástæðu til þess að ætla, að hv. þm. fari hér með staðlausa stafi. En hitt mun sönnu nær, að postulinn Páll hafi lítið dregið taum kvenna. Og svo mikið er víst, að lítið er kvenfrelsiskonum um Pál gefið, enda hafa þær jafnan haft horn í síðu hans, þegar þær hafa því við komið. En eitt er þó víst, að hvað sem misjafnt má segja um Pál postula, þá hefir hann aldrei kysst né klappað né kjassað kerlingarnar á Akranesi meðan karlarnir þeirra voru á sjó! Þetta ætti hv. þm. að leggja sér rikt á hjarta, áður en hann fer að flytja þingheimi speki sína viðvíkjandi kvennamennsku postulans.

Annars þótti mér það næsta undarlegt af hv. þm. Borgf. að fara að rífa sig úr roðinu í þessu máli, með því að umr. gáfu ekki hið minnsta tilefni til þess. En þeim sem þekkja þennan hv. þm., kemur slíkt engan veginn á óvart. Það er öllum hv. þdm. kunnugt, að hv. þm. Borgf. er á marga lund svo sérkennileg persóna og svo ólíkur því, sem fólk er flest, að hann gæti efalaust orðið sálfræðilegt viðfangsefni vísindamanna, a. m. k. ef hann þá þætti ekki um leið of ómerkileg persóna til þeirra hluta. Á vínöldinni var sá háttur manna, þeirra er efni höfðu á, að fá sér „strammara“ að morgni dags, en sá siður kvað nú vera lagður niður að mestu leyti. Hv. þm. Borgf. vantar eitthvert slíkt meðal, til þess að vinna bug á geðvonzku sinni, þó að ekki væri nema um stundarsakir. Mér dettur í hug saga af verzlunarstjóra í einum kaupstað landsins. Hann

átti sérstaklega ágengan og frekan húsbónda, sem sigaði honum á viðskiptamennina og krafðist þess af honum, að hann kæmi fram öllum óþokkaverkum, sem hann krefðist af honum. Verzlunarstjórinn, sem í rauninni var allra bezti maður, varð brátt svo önugur og óþýður viðureignar, vegna þessarar örðugu aðstöðu, að hann gat ekki án þess verið að skammast einu sinni á dag. Og þar kom, að er menn þurftu að eiga viðskipti við verzlunarstjórann, er undir var komið, þá sendu þeir mann til þess að rífast við hann, því að þá var hann bezti maður það, sem eftir var dagsins. Ég dreg þá ályktun af framkomu hv. þm. Borgf. að hann sé kominn á alveg sama lagið, að hann þurfi endilega að rífast einhvern tíma á daginn, og þá finni hann sér allt af eitthvert tilefni, ef aðrir gefa honum ekki tilefni til þess. Vona ég að hann taki þetta sem heilræði. Ég gæti sagt miklu meira og hefði ástæðu til þess, en ætla að láta hér við lenda, því að ég vorkenni hv. þm. Vona, að þegar honum nú er bent á þetta, þá hagi hann sér eftir því, og ég er viss um að honum líður þá miklu, miklu betur.

Pétur Ottesen: Út af því, sem hv. frsm. sagði um tillögur okkar, að við mættum ekki heyra prófast nefndan, verð ég að segja, að það er undarlega mælt, þar sem við gerum ráð fyrir, að prófastur eigi að hafa eftirlit með því, hvernig kirkjum er við haldið, og jafnvel gera biskupi aðvart, ef út af er brugðið, og þá hafi biskup úrskurðarvaldið. En hv. frsm., og að því er virðist nefndin öll, vilja setja prófast í þær óþægilegu kringumstæður, að gera hann jafnréttháan aðila við söfnuðina um það, hvenær kirkjur skuli endurbyggja. Með þessu er verið að opna leið til ósamkomulags milli prófasts og safnaðar, ef sitt sýnist hverjum, sem hætt er við að fyrir geti komið.

Það er með öllu fráleitt að skilja svo við þetta atriði, að þessir aðilar geti rifizt um þetta að eilífu nóni. Samkvæmt okkar tillögum er það söfnuðurinn, sem ráðin hefir, enda líka í alla staði eðlilegast þar sem hann á að bera kostnaðinn.

Út af brtt. við 2. gr. sagði hv. frsm. í dag, að önnur brtt. okkar, 2. liður, sem þeir vilja fella niður, væri eingöngu um endurbyggingu kirkna. Það er alls ekki rétt. Þar eru einnig tekin upp ákvæði 5. greinar frv. um þetta efni og miklu skýrar orðuð, svo að sú grein er þá algerlega óþörf.

Ég verð að segja, að það er harla lítið samræmi í því hjá háttv. frsm., að hann vilji ekki skerða vald og áhrif biskups á þau málefni kirkjunnar, sem frv. þetta fjallar um, samtímis því sem hann gengur svo hreint til verks í þessu efni að strika nafn biskups algerlega út úr frv.

Þá fann hv. þm. loks ástæðu til að sletta dálítið halanum, eins og hann orðaði það svo smekklega, og getur þessi samlíking, sem hann sækir til þeirrar dýrategundar, sem hann virðist vera í svo miklum andlegum skyldleika við, mjög vel átt við látæði og tilburði hans sjálfs. — En þegar hann segir, að ég hafi logið upp á Pál postula, þá er það sannast, að ég gerði ekkert annað en að taka upp ummæli hv. þm. Og þau urðu ekki skilin öðru vísi en að Páll hefði verið kvenhollur, — hann sagði, að ég hefði sagt kvennamaður, en ég viðhafði nú ekki það orð. Ég skal nú ekkert um það dæma hvort heldur er, að eitthvað skorti í hjá honum um rétta lýsingu á postulanum eða að á honum sannist máltækið: „Margur heldur mann af sér". Hv. þm. virtist hafa tilhneigingu til að gera sálfræðilegar athuganir á mér og rökstyðja þær með dæmum að hætti vísindamanna. Ég vil nú bara skjóta því til hans, að honum lægi miklu nær, ef hann hyggði sig hafa nokkra hæfileika í þessa átt, að reyna þá á sjálfum sér, því að ég held, að okkur geti öllum komið saman um, að merkilegra fyrirbrigði í mannsmynd en hv. 2. þm. Árn. hafi maður varla þekkt.

Frsm. (Magnús Torfason): Ég þarf ekki að svara miklu þessu, sem hv. þm. Borg. hefir síðast sagt. Um hugsanlegar deilur milli prófasts og safnaðar er það að segja, að eins og málunum er fyrir komið í okkar tillögum, verða þeir tveir aðilar að koma sér saman, fara samningaleiðina. Það álít ég bezt og holl-

ast. Deilur milli þeirra gætu alveg eins risið fyrir því, t. d. ef ágreiningur væri um það, hvort byggja ætti kirkju eða ekki, svo að þessi orð hv. þm. hafa alls ekki hnekkt því, sem ég sagði.

5. gr. fjallar, eins og ég tók fram, sérstaklega um stærð kirkju. Ef mönnum kemur ekki saman, vil ég láta það fara úrskurðarleiðina. Mér finnst það sjálfsagt.

Ég skal ekki mæða hv. þm. á því að svara þessu síðasta hjá honum miklu. Hann gat ekkert annað en tekið upp orðin eftir mér. Og eins og strákarnir í gamla daga sagði hann bara: Þú getur verið það sjálfur. Og það hefir aldrei þótt sérlega gáfulegt. En þegar hann lagði mér í munn orðin um kvenhollustu Páls postula, þá sýndi það, að hv. þm. Borgf. hefir saurugri hugsunarhátt en ég vissi um eða hafði heyrt á honum. (SE: Þetta er ókristilegt). Það er nú svona, að maður getur ekki þing eftir þing látið mæða á sér án þess að taka á móti. En af því að hv. þm. Borgf. er nú dauður, skal ég ekki eyða fleiri orðum um þetta, enda mun ég sjálfsagt fá tækifæri til að tala við hann síðar á þessu þingi.

Pétur Ottesen: Það er auðséð, að hv. 2. þm. Árn. er að bera upp þessa kveinstafi sína út af því, að ég hefi einhvern tíma áður verið dálítið harðleikinn við hann. (**MT:** Ég held hann eigi ekkert hjá mér). Þessa játningu gaf hann samt rétt áðan. Ég minnist þess að á síðasta þingi hafði hann eitt sinn, er okkur bar eitthvað í milli, í heitingum við mig um það, að taka mig til bænar, og lét ég víst orð falla um það, að ég væri þess albúinn að taka við því bænahaldi, þann veg sem hæfði. Bænahaldið leið hjá að því sinni. En máske er þetta klaufaspark hans í kvöld uppfylling þessa fyrirheits frá í fyrra.

En fyrst hæstv. forseti leyfir mér þessa athugasemd, þá vil ég að endingu minna hann á það heilræði, sem ég gaf honum í fyrra, að vara sig á að láta óvirðuleg ummæli, sem hann hafði þá um gamlar konur, berast austur yfir fjall; þau gætu komið honum illa, og væri í fyllsta ósamræmi við það, þegar hann er að kyssa á klæðafald kerlinganna á Eyrarbakka og biðja þær að kjósa sig. Og þó því fremur er ástæða til að minna hann á þetta nú, þar sem dylgjur hans um postulann Pál benda mjög freklega í áttina til þess, að hann sé ef til vill ennþá nærgöngulli við kerlingarnar á Bakkanum en að hann láti sér nægja að kyssa á klæðafaldinn á þeim.

ATKVGR.

Brtt. 171,1 samþ. með 12 : 5 atkv.
— 156,1, fyrri málsgr., samþ. með 11 : 5 atkv.
— 156,1, síðari málsgr., samþ. með 14 : 2 atkv.
— 171,2 samþ. með 13 : 2 atkv.
— 156,2 samþ. með 14 : 3 atkv.

Brtt. 153,1.a—b samþ. með 11 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, JAJ, JS, MG, MJ, MT, SÁÓ, TrÞ, ÁÁ, BÁ, HJ.

nei: HK, IngB, LH, PO, SvÓ, ÞorlJ, EJ, GunnS, HStef, JörB.

Sjö þm. (HG, JJós, JÓl, ÓTh, SE, BSv, BSt) fjarstaddir.

Brtt. 156,3 samþ. með 12 : 9 atkv.
— 156,4 samþ. með 14 : 2 atkv.
— 198,2 samþ. með 13 : 2 atkv.
— 153,2 samþ. með 13 : 6 atkv.
— 156,5 samþ. án atkvgr.
— 156,6 samþ. með 12 : 3 atkv.
— 164,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 164,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 198,3 samþ. með 17 : 1 atkv.
— 171,3 sjálffallin.
— 171,5—7 samþ. með 13 : 8 atkv.
— 171,4 samþ. án atkvgr.
— 171,8.a felld með 11 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SÁÓ, SvÓ, ÁÁ, BSv, BÁ, EJ, HStef, HK, HV, IngB.

nei: JAJ, JS, LH, MG, MJ, MT, TrÞ, ÞorlJ, GunnS, HJ,JörB.

Sex þm. (JJós, JÓl, ÓTh, SE, BSt, HG) fjarstaddir.

Brtt. 171,8.b samþ. með 11 : 8 atkv.
— 171,9—10 samþ. með 14 : 3 atkv.
— 198,4 samþ. með 15 : 3 atkv .

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., 20. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 212).

Á 31. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta frv. hefir legið fyrir hv. Nd. og var þar samþ. með nokkrum breytingum. Ég þykist vita, að þessi hv. deild taki málinu vel. Ég vildi aðeins óska þess, að gerðar verði á frv. smábreytingar, og því helzt breytt í það horf, sem það var upphaflega. Sérstaklega á þetta við um ákvæðið um kirkjunefndir. Atkvgr. um það atriði var óglögg í Nd. og verður þessi hv. d. að fella annaðhvort ákvæðið úr frv., eða þá að breyta því í sitt upphaflega horf, sem ég vona, að verði gert. Að loknum umr. legg ég til að málinu verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Stjórnarskrárbreyting.

Á 1. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920 (stjfrv., A. 12).

Á 3. fundi í Ed., 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég hygg tilgangslítið að fylgja máli þessu úr garði með langri tölu. Það er öllum kunnugt, að þegar stjórnarskrárbreytingar eru á döfinni, er gjarnan reynt að sæta lagi um að hrinda þeim áleiðis, þá er reglulegar kosningar fara fram, til þess að komast hjá sérstökum kosningum. Því var það, að fyrrverandi stj. bar fram á þinginu 1927 frv. um breytingar á stjórnarskánni, sem þá náði fram að ganga á því þingi, en þessi hv. d. felldi á þinginu 1928. Aðalbreytingin, sem þingið 1927 vildi gera á stjórnarskránni var að fækka þingum, þannig að hafa fjárlagaþing einungis annaðhvort ár. Sú breyting er ekki tekin upp í þetta frv. Deildin er nú skipuð að mestu sömu mönnum og 1928, og þess er tæplega að vænta, að hún mundi nú fallast á þær hinar sömu breytingar, sem hún felldi 1928. Auk þess hefir reynsla síðustu ára verið á þann veg, að ég tel mjög tvísýnt, að það sé í raun og veru framkvæmanlegt að heyja reglulegt þing annaðhvort ár. Við Íslendingar erum í örum vexti á flestum sviðum, breytingarnar eru stórfelldar frá ári til árs, bæði í viðskiptamálum öllum og atvinnuháttum, og peningamál vor eru enn ekki komin í varanlegt horf, meðan gjaldeyrir okkar hefir ekki fast verðgildi. Að þessu vel athuguðu, hygg ég, að stjórnarskrárbreyting í þá átt að fækka þingum, verði ekki talin æskileg, enda hafa ekki heyrzt raddir um það frá kjósendum í seinni tíð, svo teljandi sé. Ég hefi ástæðu til þess að halda, að þjóðin æski ekki breytinga í þá átt.

Með þessu frv. er aðallega gert ráð fyrir tveim breytingum á stjórnarskránni frá 1920. Önnur atriði frv. standa síðan í sambandi við þær tvær höfuðbreytingar. Önnur aðalbreytingin er um það, að fækka þm. niður í 36, með því að afnema landskjörið. Að þessi breyting náði ekki fram að ganga á þinginu 1927, var ekki fyrir þá sök, að hún ætti þar ekki raunverulegt fylgi, því að 6 af 7 nefndarmönnum, sem um málið fjölluðu í hv. Nd., báru fram till. um þetta, sem var felld með 14:14 atkv., af ótta við það, að till. mundi verða felld hér í þessari hv. d. Þeir, sem stóðu að þessari till. þá, voru ýmsir áhrifamenn úr flokki núverandi stjórnarandstæðinga, og má þar nefna Þórarin Jónsson á Hjaltabakka. Ég skal leyfa mér að benda á nokkrar almennar ástæður fyrir afnámi landskjörsins og fækkun þingmanna.

Ég lít svo á, að landskjörið eigi í rauninni ekki tilverurétt. Reynslan hefir sýnt, að þær vonir, sem menn gerðu sér um landskjörið, hafa mjög brugðizt. Það hefir ekki komið að því gagni, sem til var ætlazt af hálfu formælenda þess. Má og geta þess, að tilorðning landskjörsins var upphaflega tilviljun ein. Þegar kon-

ungkjörnu þingsætin voru lögð niður, voru í þessari deild ýmsir áhrifamenn, sem þá hefðu lent út úr þinginu, ef ekki hefði verið gripið til landskjörsins, til þess að afla þeim þingsætis áfram.

Fækkun þm. hlyti að hafa í för með sér ekki óverulegan sparnað við þinghaldið. En auk þess, að ríkissjóði sparaðist við það nokkrir tugir þúsunda, væri öllum landslýð sparaður mikill kostnaður og óþægindi. Það er í rauninni næsta furðuleg tilhögun að stefna saman öllum landslýð til þess eins, að kjósa þrjá þingmenn og kosta til þess stórfé úr ríkissjóði, og baka kjósendum um allt land stórkostlega fyrirhöfn og kostnað.

Loks munu engir halda því fram, að þm. séu of fáir, þótt þeim væri fækkað niður í 36. Og sízt er ástæða til að óttast, að þingstörf gengu ógreiðara en nú, þótt þm. væri fækkað. Það er vafalaust, að við höfum hlutfallslega miklu fleiri þm. en aðrar þjóðir, og hlutfallslega miklu dýrara þinghald. Að öðru leyti vil ég um afnám landskjörsins leyfa mér að vísa til umr. á þinginu 1927.

Um hina höfuðbreytinguna skal ég vera fáorður. Hún er sú, að færa aldurstakmark kosningarréttar og kjörgengis til Alþingis niður í 21 árs aldur, til samræmis við aldurstakmarkið við kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, sbr. l. nr. 23 frá 1929. Enda þótt lítil reynsla sé enn fengin um þá breyt., þá hygg ég þó, að hún bendi fremur til þess, að þessi rýmkun kosningarréttar og kjörgengis hafi verið fyllilega réttmæt, og þau hin sömu rök hníga að þeirri breyt. á stjskr., sem hér er um að ræða. Ég þori að fullyrða, að margir þeirra, sem voru á móti nefndri réttarbót í kosningum sveita og kaupstaða á þinginu 1929, séu nú orðnir á annari skoðun. Ég vænti þess því fastlega, að þessi breyt. muni ekki valda deilum í þessari háttv. deild.

Það hefir jafnan verið venja að kjósa sérstaka nefnd til þess að athuga stjórnarskrárbreytingar, sem fram hafa komið. Ég legg til, að svo verði og gert í þetta sinn, og ennfremur, að málinu verði vísað til þeirrar nefndar, að lokinni þessari umræðu.

Jón Baldvinsson: Þegar ég fór að lesa þetta frv., urðu mér það hin mestu vonbrigði, hversu skammt það gekk. Sum atriði frv. ganga að vísu í rétta átt, en fyrst á annað borð er farið að hreyfa við stjskr., þá nægir ekki að taka nokkur atriði út úr, sem breytinga þurfa við, heldur verður að taka öll þau atriði, sem almenn krafa er um, að betur færu á annan veg. En þetta frv., sem hér liggur fyrir, er kák eitt. Það hefir að geyma tvær breyt., sem að vísu eru báðar stórar breytingar, nefnilega afnám landskjörsins, sem vel getur verið að réttmætt sé, og svo hin breytingin, sem er stórmerk, en það er að rýmka kosningarréttarskilyrðin. Hér hefði átt að fylgja með að afnema skipting Alþingis í tvær deildir. Þessi tvískipting Alþingis er ekkert annað en svikamylla, sem ráðugir stjórnmálamenn hafa fundið upp til þess að flækja mál milli deilda og tefja afgreiðslu þeirra. Það er alkunnugt, að mörg ágæt mál stranda í deildunum einungis á því, að haft er í hótunum að fella þau í hinni deildinni, þegar þau koma þangað. Tvískipting þingsins gerir þannig öll störf þingsins ógreiðari og þinghaldið í heild miklu lengra og dýrara, auk þess sem það gerir niðurstöður þingmála oft aðrar en meirihlutavilji þingsins stendur til. Ef þessi breyt. yrði tekin upp og Alþingi gert að einni málstofu, væri sjálfsagt viðeigandi að breyta þingsköpum eitthvað, til þess að tryggja betri athugun á málum, en um það býst ég við, að yrði fullt samkomulag, er til kæmi.

Það aðalatriði frv., að færa aldurstakmark við kosningar til Alþingis niður í 21 ár, er alveg sjálfsögð breyt., en undarlegt er það, að núv. stj., sem áður hefir lagt fyrir þingið frv. um rýmkun kosningarréttar í málefnum sveita og kaupstaða, skuli ekki þora að ganga jafnlangt í þessu frv. sem í frv. um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða. Það hefir mörgum litizt svo á við lauslegan yfirlestur þessa frv., að í því felist sama réttarbótin um kosningarrétt til Alþingis og felst í lögum nr. 23 frá 1929 um kosningar í málefnum sveita og bæja. En það er langur vegur frá, að svo sé. Úr þessu frv. er sleppt einu stóru atriði,

nefnilega að veita þeim, sem þegið hafa opinberan styrk, einnig kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis. Hæstv. stj. taldi ekkert varhugavert að veita þessum mönnum kosningarrétt og kjörgengi í málefnum sveita og kaupstaða, en nú er hún svo ihaldssöm allt í einu að þora ekki að taka samskonar ákvæði upp um alþingiskosningar. Þetta eru rangindi og hringlandaháttur af hálfu stj. Það eru nógu margir smánarblettir á stjskr. okkar, þótt þessi væri þveginn burtu. Þetta ákvæði stjskr. á að afnema tafarlaust, og það því fremur, sem sjálft þingið leyfir að hafa undanbrögð um þetta atriði og gefur hreppsnefndum vald til að fara í kringum nefnd ákvæði stjskr. og þannig brjóta anda hennar. En þrátt fyrir þetta þorir hæstv. stj. ekki að koma fram með till. um þetta. Það má jafnvel búast við því, að meðan nefnt ákvæði stendur óhaggað í stjskr., þá geti einhverjir farið að draga í efa, hvort réttindaákvæði ýmissa laga séu í gildi, t. d. berklavarnalaganna, sem mæla svo fyrir, að enginn skuli missa neins í af opinberum réttindum við að þiggja styrk skv. berklavarnalögunum.

Það eru enn ótalin mörg atriði í stjskr., sem þurfa breyt. við, og gefst síðar tækifæri til að ræða það til nokkurrar hlítar, þegar málið kemur í nefnd og til frekari meðferðar í deildinni.

Það er í rauninni ofur skiljanlegt, að hæstv. stj. skyldi einmitt taka rýmkun kosningarréttaraldursins upp í frv. Það hafa komið fram svo háværar kröfur um það í seinni tíð, að hún hefir ekki þorað að standa á móti þeim, einkum eftir að félag ungra framsóknarmanna sendi á öndverðu þingi áskorun um að breyta þessu. Félög jafnaðarmanna hafa stöðugt haldið þessu fram, og síðan íhaldið fór að skipta sér af samtökum ungra manna í landinu, hafa þeir víst líka látið í ljós samskonar óskir. Það getur því ekki talizt nein sérstök dyggð eða siðferðislegt afrek hjá hæstv. stj., þótt hún hafi tekið þetta ákvæði upp í frv., en hitt er alveg fráleitt, að hún skuli ekki um leið hafa lagt til að breyta síðari málsgr. 29. gr. stjskr. í samræmi við þá breyt., sem gerð var 1929 á kosningalögum sveita og bæja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Till. kom fram um að kjósa sérstaka nefnd í málið, stjórnarskrárnefnd, og var hún samþ. með 10 shlj. atkv.

Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista voru Jón Jónsson, Páll Hermannsson og Jón Baldvinsson, en á B-lista Jón Þorlaksson og Jóhannes Jóhannesson. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að þessir væru rétt kjörnir í nefndina:

Jón Jónsson,
Jón Þorlaksson,
Páll Hermannsson,
Jóhannes Jóhannesson,
Jón Baldvinsson.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 12, n. 263, 265, 266, 277, 322).

Jón Baldvinsson: Ég vildi mælast til þess, að hæstv. forseti taki fyrst fyrir 5. málið á dagskrá, stjórnarskrárbreytinguna. Það mál var á dagskrá miðvikudaginn fyrir skírdag, en var þá ekki tekið fyrir. Og úr því að það er nú síðasta málið á dagskrá í dag, þá er viðbúið, að það komist ekki að heldur. Og jafnvel þótt það yrði tekið fyrir, þá yrði það svo seint, að ekki mundi málið verða útrætt í dag.

Ég vil snúa þessari beiðni minni til hæstv. forseta, að hann beri þessa málaleitan mína upp nú þegar og láti hv. dm. greiða atkv. um þetta.

Forseti (GÓ): Ég vil verða við tilmælum hv. 2. landsk. að bera þetta undir atkv., þó að ég hinsvegar geri ekki ráð fyrir löngum umr. um þau mál, sem fyrr eru á dagskrá.

Frsm. (Páll Hermannsson): Í því frv., sem hér liggur fyrir, er aðallega um 2 brtt. að ræða við stjórnarskrána frá 1920, í fyrsta lagi, að landskjörið falli niður og þm. fækki úr 42 niður í 36, og í öðru lagi, að aldurstakmark til kjörgengis og kosninga sé fært niður í 21 ár.

Stjórnarskrárnefndin hefir að sjálfsögðu athugað þetta mál og yfirvegað allrækilega. En eins og sjá má af áliti n. á þskj. 223, er n. bæði sammála og ósammála, enda þótt hún komi fram með eitt álit.

Nefndin er sammála að því leyti, að hún vill aðhyllast það, að breyt. séu gerðar á stjórnarskránni. Og er það, út af fyrir sig, nokkurt atriði í slíku máli sem þessu, því að eins og kunnugt er, vilja menn ógjarna hrófla við stjórnarskránni nema fulla nauðsyn beri til, þegar þess er gætt, að það er bundið sérstökum erfiðleikum að koma því í kring.

Nefndin hefir orðið ásátt um að mæla með annari höfuðbreytingunni í frv., sem sé að lækka aldurstakmarkið niður í 21 ár. Þetta atriði var nokkuð rætt í n. og lyktaði því svo, að nefndarmenn urðu sammála, enda þótt ástæður til þess kunni að hafa verið mismunandi. Því að í n. heyrðust þær raddir, að þetta væri réttlátt og sanngjarnt.

Líka heyrðust raddir um það, að hvað sem þessu liði, yrði ekki komizt hjá því til lengdar að gera þessa breytingu, nema þá um mjög stuttan tíma, en kröfurnar mundu ávalt vera fyrir hendi.

Um hitt atriðið fékkst ekki beinlínis samkomulag. En ég held, að mér sé óhætt að fullyrða það, að enginn af nefndarmönnum hafi sett sig upp á móti því, að þetta kæmi til mála.

Það, sem bar á milli í n. var, að 2 nefndarmenn úr Framsóknarflokknum, vildu samþ. þetta eins og það lá fyrir, án breytinga. Aðrir álitu, að þetta yrði að styðjast við aðrar breytingar, sem þá yrðu að koma jafnhliða. Um þetta var mikið rætt í nefndinni. T. d. var bent á, að nokkur atriði, er upphaflega var ætlazt til að leiddu af landskjöri, og sem ollu því, að sú aðferð var tekin upp, hefðu ekki reynzt á þann veg, sem búizt var við í fyrstu. Bent var á það, sem allir sjá, að það, sem allra fyrst vakti fyrir mönnum, er þeir tóku upp þessa aðferð var, að með því að velja á sérstakan hátt sérstaka þm. ætti að fást meiri þroski og festa í þinginu. Það var bent á, að einmitt þetta væri meint með aldri og þroska landskjörskjósenda. Tilgangur þessi hefir ekki náðst í þinginu. Þessir landskjörnu þm. hafa skipazt í pólitíska flokka engu síður en aðrir. Einnig var í upphafi ætlazt til þess, að landskjörið jafnaði að einhverju leyti það misrétti, sem kynni að koma fram milli flokkanna við hinar almennu kosningar. En við síðasta landskjör kom í ljós, að enda þótt þetta fyrirkomulag hafi í för með sér jöfnuð fyrir einn þingflokkinn, auki það jafnvel óréttlætið gagnvart öðrum þingflokki. Þá var og bent á það, að landskjörnu þm. væru ekki eins bundnir við kjördæmapólitík eða hreppapólitík og skal ég játa, að þar standa þeir betur að vígi en aðrir þm.

Sömuleiðis var talað um það, sem allir viðurkenna, að óeðlilegt er, að svo lítill hluti þingsins sé kosinn með sérstakri aðferð, þegar yfirgnæfandi meiri hl. er kosinn eins og nú er gert. Og þar sem þessir 6 þm. eru kosnir í tvennu lagi, hefir kosning þeirra mikinn kostnað í för með sér, bæði fyrir hið opinbera og landsmenn.

Nú hefir það komið í ljós, að einstakir nefndarmenn hafa borið fram brtt., og mun ein þeirra vera frá meiri hl. n.

Mér kemur ekki til hugar að fara að minnast á hinar einstöku brtt., sem fram hafa komið. Enda álít ég ekki í mínum verkahring að sækja eða verja brtt. annara hv. þm. eða nm. Það kemur mér ekki við sem frsm. n.

Ég veit, að þessi framsöguræða er stutt, og ef til vill nokkuð óskýr. Og ef til vill hefir mér ekki tekizt að gefa hv. dm. glöggar fregnir af starfi og áliti nefndarinnar. Sé þetta þannig, vil ég biðja hv. dm. velvirðingar, en biðja þá jafnframt að athuga, að mér er nokkur vandi á höndum um framsögu fyrir n., sem bæði er klofin og óklofin, en kemur fram með eitt og sama nefndarálit.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, þar sem ég tel mér ekki skylt, né leyfilegt sem frsm. n. í heild, að deila á sérstaka stefnu eða skoðanir innan nefndarinnar.

Jón Baldvinsson: Hv. frsm. hefir nú gert grein fyrir, að hve miklu leyti nefndin var sammála. Vil ég í þessu sambandi láta í ljós ánægju mína yfir því, að allir þingflokkar skuli nú vera

orðnir sammála um að gera þá breytingu á kosningaréttinum, sem við í Alþýðuflokknum höfum barizt fyrir nú í 16 ár samfleytt.

Hv. frsm. sagði, að þetta væri svo sterk krafa, að ekki þýddi að standa á móti henni lengur. Vitanlega þarf ekki að færa frekari rök að þessu en þegar hefir verið gert oft og mörgum sinnum áður, þar sem ekki er vitanlegt að nein mótmæli muni fram koma.

Skal ég nú aðeins gera grein fyrir þeim brtt., sem ég ýmist flyt eða stend að.

1. brtt. á þskj. 277 er við 1. gr. frv. Gengur hún út á það, að láta heimild eða ákvæði gr. um hlutfallskosningu ná lengra en til Rvíkur.

Í stjórnarskránni frá 1920 er gert ráð fyrir, að þm. Rvíkur skuli kosnir með hlutfallskosningu. Þetta vil ég láta rýmka.

Hvernig sem íbúatalan breytist í hinum ýmsu hlutum landsins, er ekki hægt að gera réttláta breytingu á kosningalögum Alþingis, nema almennari heimild sé fyrir hendi í stjórnarskránni. Ég vil því fella þetta orð „Reykjavíkurkaupstaðar" úr 4. málsgr. 1. gr. frv. og verður þá heimilt að hafa hlutfallskosningar víðar en í Reykjavík. Enda álít ég ekki heppilegt að hafa ákvæði stjórnarskrárinnar svo einskorðuð, að þau geti orðið til þess að svipta mikinn hluta þjóðarinnar þeim rétti, sem allir viðurkenna, að honum ber.

Það ætti ekki að verða mikill ágreiningur út af þessu hér í þessari hv. d., því að í n. komu engar verulegar mótbárur fram gegn þessu, þó að ég viti hinsvegar, að n. enn hafi óbundið atkv.

2. brtt. við 2. gr. frv. er um það, að heimilt sé að kjósa varaþm. eftir sömu reglum og þm., og samtímis.

Hér í Rvík eru það 2 flokkar eða kannske 4, sem berjast um kjósendurna. Nú skulum við segja sem svo, að minnsti flokkurinn missti sinn þm., áður en kjörtímabilið er á enda. Ef þetta kæmi fyrir, mundi stærsti flokkurinn hremma sætið, eins og nú er, þvert á móti því, sem rétt er og tilætlunin er með hlutfallskosningum. Ég vil hafa þetta ákvæði svo rúmt, að varamaður taki sæti, meðan einhver er eftir á lista þeim, er komið hefir að manni. Ef t. d. listi, sem á voru 4 menn, kemur 1 manni að, og ef svo falla frá 3 af þeim lista, þá taki sá 4. við. Eða allir þeir, sem á listann eru settir upphaflega og ekki ná kosningu, verða varamenn, eftir því sem þörfin krefur, ef listinn á annað borð kemur að manni. Núverandi ákvæði um þetta mun vera svo, að hver listi fái jafnmarga varamenn og hann fær kosna. En þetta er of þröngt ákvæði, og er vafasamt, hvort þeir, sem sömdu ákvæði stjórnarskrárinnar um varamenn fyrir hina landkjörnu hafa ætlazt til þess, að þetta væri skilið þannig. Er því rétt að taka þetta alveg skýrt fram. Þá er líka rétt og sjálfsagt, að varamaður taki sæti á Alþingi, ef aðalmaður veikist eða forfallast. Annars getur farið svo, að kjördæmi verði fulltrúalaust og flokkur tapi manni heilt þing eða lengur. Vona ég, að þetta verði samþ., ef frv. stjórnarinnar gengur fram á annað borð.

3. brtt. mín er mikilsverðust. Hefir hún oft áður verið flutt hér á þingi í sambandi við stjórnarskrárbreytingar, en ekki náð fram að ganga. Féll sú till., að mig minnir, með eins atkvæðis mun síðast, þegar breytingin var samþykkt á stjórnarskránni. Sú till. er um það, að fella niður þau úreltu ákvæði, að allir þeir, sem njóta verða sveitarstyrks, tapi atkvæðisrétti. Þessu hefir nú verið kippt í lag að því er snertir kosningar í málefnum sveita og bæja. Þar er kosningarréttur miðaður við 21 árs aldur og þeginn sveitarstyrkur orkar ekki réttindamissis, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi, svo sem leti, ómennska og annað það, sem þar er nánar tilgreint. Ég álít því alveg sjálfsagt að taka þetta út úr stjórnarskránni. Það er beinlínis skömm að því að hafa það ákvæði þar, að þeir, sem vegna ósjálfráðra atvika þurfa að leita sveitarstyrks, séu sviptir kosningarrétti. Ég er hissa á þeim smásálarskap stj., að taka ekki þetta með, fyrst hún hvort sem var lagði til, að breytt væri ákvæði 29. gr. um aldurstakmarkið. Að taka þetta með, hefði þó verið í fullu samræmi við frv. það, er hún lagði fram 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Önnur ákvæði 29. gr. stjórnarskrárinnar halda sér samkv. minni till. Svo er um 1 árs búsetuna, um óflekkað mannorð, sem raunar er nú dálítið óákveðið orðalag, en sem vafalaust þýðir, að maður hafi ekki verið dæmdur fyrir neitt, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, og loks, að maður sé fjár síns ráðandi. Í því fellst nauðsynlegt aðhald. Og það réttlætir að fella niður ákvæðið um þeginn sveitarstyrk. Það er rétt og á að vera heimilt, að þeir, sem af trassaskap og leti greiða ekki það, sem þeim ber að greiða til sveitarfélags síns, t. d. meðgjafir með börnum sínum, séu sviptir fjárráðum og missi við það atkvæðisrétt.

Ég hefi þá nokkuð minnzt á brtt. á þskj. 277, sem ég ber einn fram. En svo er ég líka meðflm. að brtt. á þskj. 265, ásamt 2 öðrum þdm. Er sú brtt. um það, að ef frv. þetta til stjórnskipunarlaga verður að lögum á þingi 1932, þá verði þegar efnt til almennra kosninga að því þingi loknu. Í raun og veru hefði þetta átt að standa í frv. stjórnarinnar. Ef það verður samþ., þá má segja, að hinum mörgu ungu kjósendum, sem bætast við, sé sýnd en ekki gefin veiði. Þeir sem verða 21 árs þá, fá ekki að kjósa fyrr en þeir verða 25 ára, ef nýjar kosningar eru ekki látnar fram fara. Ef því brtt. við 29. gr. verða samþ., þá er sjálfsagt að samþ. þessa brtt. líka. Líkt þessu hefir verið gert áður. Þegar konur fengu kosningarrétt, þá voru látnar fara fram nýjar kosningar, svo að þær gætu strax neytt réttinda sinna. Ég býst við, að þessi fjölgun eftir frv. og brtt. nemi naumast minna en 10 þús. kjósendum. Er rangt að leyfa þeim ekki að neyta réttinda sinna, sem mestan þátt hafa átt í því, að þessi krafa er orðin svo sterk, að móti henni verður ekki lengur risið. — Það er því hvorttveggja venja, að kosning fari fram, þegar kjósendatalan er aukin á þennan hátt og ranglæti að skapa unga fólkinu þennan rétt, sem það hefir barizt fyrir, en veita því svo ekki tækifæri til að nota hann.

Ég skal svo ekki segja fleira að sinni. Aðrar brtt., sem fram hafa komið, munu flm. sjálfir minnast á. Vera má þó, að ég fái það tækifæri, að ég taki aftur til máls við þessa umr.

Jón Þorláksson: Eins og getið hefir verið um, þá gerir frv. þetta tvær höfuðbreytingar á stjórnarskránni. Og áður en ég tala um brtt. þá, sem ég ásamt hv. þm. Seyðf. hefi borið fram, þá vil ég fara nokkrum orðum um afstöðu mína til þessara tveggja höfuðbreytinga. Skal ég þá fyrst minnast á þá breytingu að færa aldurstakmarkið fyrir kosningarrétt og kjörgengi úr 25 niður í 21 ár. — Sú skoðun hefir nú rutt sér til rúms á síðustu árum, að sú breyting sé réttmæt og má gera ráð fyrir því, að fullt samkomulag verði um hana. Við þá breytingu fjölgar kjósendum um 15%. Er því öldungis hugsunarrétt afleiðing af þannig breyttri löggjöf, að kosningar fari þegar fram, svo að hinir nýju kjósendur geti strax neytt þeirra áhrifa á skipun Alþingis, sem löggjöfin ætlar þeim. Það er ekki rétt, að þing sitji í 3 ár, án þess að vera skipað af öllum þeim mönnum, sem stjórnarskráin gefur heimild til þess.

Ég hefi því, ásamt hv. 2. landsk. og hv. þm. Seyðf. gerst meðflm. að því, að kosningar verði látnar fara fram, þegar þessi rýmkun á kosningarréttinum hefir verið lögfest.

Þá er hin höfuðbreytingin, um afnám landskjörinna þm. Mér finnst nokkur ástæða til að gera grein fyrir því, hvers vegna ég ljæ nú máls á því, að fylgja þeirri breytingu. Eftir síðasta manntali munu vera rúm 108 þúsund manns á öllu landinu. Af þeim eru nú 28 þús. búsettir í Rvík, en liðug 80 þús. utan Rvíkur. Koma því um 2500 íbúar á hvern þm. utan Reykjavíkur, en yfir 7000 íbúar á hvern hinna 4 þm., sem Reykjavík hefir. Hér er atvinnulíf fjörugast og fjölgun fólksins örust. Er því réttur hvers kjósanda í Rvík skertur um ⅔ á móts við kjósendur annara landshluta. Og sú skerðing eykst meir og meir, eftir því sem fólkinu fjölgar meira hér en annarsstaðar. Í landskjörinu fólst dálítil bót á þessu, því að í því fengu atkv. manna að njóta sín allsstaðar jafnt. En sú réttarbót er þó mjög takmörkuð, og auk þess hefir landskjörið ýmsa ókosti. Var gerð nokkur grein fyrir því í sambandi við frv. til stjórnlagabreytingar, er lagt var fyrir Alþingi 1927; m. a. var

þess getið, að með því fyrirkomulagi sem er á landskjörinu, þá kostar skipun þingsins kosningar um land allt að jafnaði annaðhvort ár, eða tvisvar á hverjum 4 árum. Þá er og ýmislegt fleira, sem við það er að athuga. En aðalgallinn er þó sá, hve lítið það bætir úr því misrétti, sem núverandi kjördæmaskipun veldur.

Það er nú alveg auðvitað, að hið mikla misrétti, sem ýmsir landshlutar, einkum þó Rvík, eru beittir nú, getur ekki haldizt til lengdar. Er þá um tvær aðferðir að ræða, þegar bæta á úr þessu misrétti. Önnur er sú, sem Framsóknarflokkurinn beitti, þegar hann gerði Hafnarfjörð að sérstöku kjördæmi. Hin aðferðin er að láta hina vaxandi kaupstaði fá nýja þm. eftir því, sem fólki fjölgar þar. Hver þessara aðferða hefir sína kosti og sína galla. Hin fyrri hefir þann kost, að með henni er þm. ekki fjölgað. En gallinn er sá, að leitt er að svifta gömul kjördæmi þm. Ég fyrir mitt leyti álít, að sem minnst ætti að gera að því. Síðari leiðin hefir ekki þennan galla. En hún hefir stöðuga fjölgun þm. í för með sér. Er það hennar eini ókostur. Nú eru þm. svo margir, að eðlilega verður mótstaða gegn mikilli viðbót þm. Ef því ætti að halda núverandi tölu þm., þá yrði það til þess, að fyrri leiðin væri farin og ryddi sér til rúms í beinu framhaldi af því, sem gert var gagnvart Hafnarfirði. Þá yrðu þingsætin smátt og smátt reitt af sveitakjördæmum og lögð til kaupstaðanna, eftir því sem kröfurnar verða sterkari og ómótstæðilegri frá hinum vaxandi kaupstöðum. Ég sé því enga aðra leið færa til að bæta úr því misrétti, sem nú er á kjördæmaskipuninni en þá, að leggja niður landskjörið og bæta kaupstöðunum upp með þeim sætum, er losna. — Þetta er eina ástæðan fyrir því, að ég get verið með niðurlagningu landskjörsins. Breytingin ein út af fyrir sig, eykur að vísu misréttið og er því í raun og veru spor aftur á bak. En ég vil þó vinna til að vera með því, einmitt í þeirri trú, að þá verði fremur bætt, svo að um muni, úr því mikla ranglæti, sem nú orðið á sér stað. Vona ég, að um það fáist fljótlega samkomulag.

Þá vil ég nokkuð minnast á brtt. þær, sem ég er riðinn við. Brtt. á þskj. 265 þarf ég þó ekki að tala frekar um. Nauðsyn nýrra kosninga, um leið og rýmkað er um kosningarréttinn og kjósendum þar með fjölgað, er alveg augljóst mál. — Brtt. á þskj. 266 eru fremur orðabreytingar til lagfæringar en efnisbreytingar. Eru þær tvær og báðar við 1. gr. frv. Sú fyrri: „Fjölga má þingmönnum með lögum". Kemur í staðinn fyrir svohlj. málsl.: „Tölu þeirra (þ. e. þingmanna) má breyta með lögum". Er lagt til, að aðeins megi fjölga þm. Er það gert af tveimur ástæðum. Hin fyrri er sú, að telja má ólíklegt, að þm. verði nokkurntíma færri en 36. Hin ástæðan er sú, að síðar í fyrstu gr. frv. er eingöngu gert ráð fyrir því, að þm. fjölgi, þar sem talað er um skiptingu í deildir. Þar er alls ekki gert ráð fyrir því, að tala þm. verði hreyfð til beggja hliða. Að vísu mætti líka laga þetta, með því að breyta orðalagi 3. málsgr. En ég tel enga þörf á því, að nein heimild til fækkunar felist í stjórnarskránni, þar sem telja má víst, að hún yrði aldrei notuð.

Þá er síðari brtt. á sama þskj. Hún felur í sér, að ákveðið sé í stjórnarskránni, að kosningar þm. til Ed. fari fram með hlutfallskosningu. Þetta hefir nú verið framkvæmt svo um langt skeið, en það hefir ekki verið ákveðið í sjálfri stjórnarskránni. Telja má þó, að það liggi í hlutarins eðli, að þegar ætlazt er til, að Sþ. ráði eingöngu skipun Ed., þá sé það gert með hlutfallskosningu eingöngu. Ég lít því svo á, að þetta sé í sjálfu sér svo mikilsvert atriði, að það eigi að standa í stjórnarskránni. Þá er ekki hægt með einföldum lögum að ákveða það, að einfaldur meiri hl. ráði kosningu til Ed. En með því mætti raska hinni sjálfsögðu reglu, að flokkarnir hafi hlutfallslega sama atkvæðamagn í Ed. og Nd. Ég vil nú álíta, að það hafi verið meining stjórnarinnar, að þannig væri skipað í deildir. Er því ekki um neina efnisbreytingu, heldur einungis formbreytingu að ræða, með því að taka þetta upp í frv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það mætti nú líta svo út við

fyrstu sýn, að ég mætti una vel undirtektum þeim, sem frv. hefir fengið. Það hefir komið skýrt fram hjá þeim hv. þdm., sem tekið hafa til máls, einkum hefir það þó komið fram í ræðu hv. 1. landsk., að enginn ágreiningur muni vera um að samþ. hin tvö höfuðákvæði frv. Ég geri því ráð fyrir, að ákvæðinn meiri hl. fáist með afnámi landskjörsins.

Hinsvegar er það á allra vitorði, að ýmsar brtt., sem hér eru á ferðinni og bera vott um samstarf nokkurt milli hv. flokka til beggja handa við framsóknarmenn, munu sumpart gagnvart þessu frv. ekki af heilindum gerðar og benda í þá átt, að nú standi fyrir dyrum nokkru víðtækari samvinna milli þessara nábúaflokka til hægri og vinstri. Við framsóknarmenn höfum ekkert við það að athuga, þótt slík ný samvinna eigi sér stað.

Ég þykist vita, að það, sem dregur þessa góðvini til samkomulags, samstarfs og samvinnu, muni vera sá sameiginlegi ótti við kosningarnar, sem nú fara í hönd, um að Framsóknarflokkurinn verði ofjarl þeirra beggja. Um þetta skal ég ekki fara fleiri orðum nú sem stendur, en ég vona, að það auglýsist greinilega nú á næstu dögum, hversu víðtæk þessi nýja samvinna er.

Ég skal þá víkja að einstökum brtt. Ég geri ráð fyrir, að búið sé að hafa fast samkomulag milli þessara tveggja flokka um það, hvernig eigi að ganga frá málinu, og skal ég því ekki tala hér langt mál, því að sameinaðir ráða þessir flokkar yfir meiri hluta deildarinnar.

Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að allir eru sammála um, að þeir, sem hafa náð 21 árs aldri, skuli fá kosningarrétt. Hv. 2. landsk. talaði um þetta sem mál síns flokks, sem hann hefði haft með höndum í 12 ár. Ójá, þeir hafa haft það með höndum í 12 ár, — en það erum þó við framsóknarmenn, sem höfum borið málið fram, fyrst á þinginu 1929, að því er snerti kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, og svo aftur nú. Það skiptir ekki máli, hver lengst hefir haft það á dagskrá, heldur hitt, hver ber það fram til sigurs, og það eru framsóknarmenn, en ekki flokkur hv. 2. landsk.

1. brtt. hv. 2. landsk. er á þskj. 277 um að hlutfallskosningar megi fara fram annarsstaðar en í Reykjavík. Ég ætla ekki að fjölyrða um þessa brtt. nú, en ég ætla, að það muni koma í ljós út frá henni, að um víðtækara mál sé að ræða en hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum núverandi. Og liggur hér fiskur undir steini.

Um 2. og 3. brtt. skal ég heldur ekki fjölyrða. Ef ég ætti hér atkvæðisrétt, mundi ég greiða báðum þessum till. atkv. Sú fyrri um varaþingmenn er sjálfsögð, til að raska ekki þeim grundvelli, sem hlutfallskosningin í Rvík hvílir á. Sú síðari er í samræmi við það, sem áður hefir verið borið fram af stj. Hv. þm. þótti það smásálarskapur af stj., að bera það ekki fram. Það stafar ekki af smásálarskap, heldur af því, að þetta er gamalt deilumál í þinginu; það hefir verið fellt í þessari hv. d., og með því að ég gerði ekki ráð fyrir, að það yrði samþ., taldi ég þýðingarlaust að bera það fram.

Um till. á þskj. 265, sameiningartill. milli hv. 1. og 2. landsk. og þm. Seyðf., skal ég ekki segja margt. Hún ákveður, að fara skuli fram kosningar aftur 1932. Það lætur vel í eyrum, að þetta sé gert vegna unga fólksins. En ég hygg, að hér liggi annað og meira á bak við, sem senn mun reynast.

Hv. 1. landsk. bar fram nokkrar almennar aths. um leið og hann mælti fyrir till. sínum og hv. þm. Seyðf. Ég tel ástæðulaust að gera að umtalsefni þessi almennu orð, sem hv. þm. lét falla, eða yfirleitt að blanda hér inn í almennum umr. um kjördæmaskipunina í landinu. En hv. þm. gat þess í niðurlagi ræðu sinnar, að hann gæti gengið inn á að fella niður landskjörið, af því að hann byggist við, að á öðrum stöðum yrði þá fjölgað þm., svo að leiddi til meiri réttlætingar. Ég vil upplýsa í því sambandi, að hans flokkur hefir ekki leitað samkomulags við Framsóknarflokkinn um þetta, og fyrst hv. þm. talaði um samkomulag, hlýtur það að byggjast á samningum við einhvern annan flokk. En verið getur, að það eigi eftir að koma tilboð til Framsóknarflokksins.

Um brtt. hv. þm. á þskj. 266 tel ég

enga ástæðu að fjölyrða. Þar er ekki um neinar efnisbreytingar að ræða, sem geti valdið ágreiningi.

Loks hefi ég borið fram brtt. á þskj. 322. Ég lét þá till. ekki fylgja með frv., af því að ég taldi rétt að láta frv. ekki snúast nema um þessi tvö atriði, sem áður er getið. En þar sem komnar eru fram mjög margar brtt., sem má telja víst að nái fram að ganga, fannst mér rétt að bera hana fram eins og á þinginu 1927, til þess að prófa, hvernig atkv. féllu í þessari d. um þetta mál. Ef hún yrði samþ., mundi ég þó telja ástæðu til að gera breytingu á þessu til 3. umr., vegna hinnar breyttu aðstöðu frá þinginu 1927.

Till. fjallar um það, að ef sérleyfis er beiðzt til stórrar virkjunar, sem er meira en 25000 hestöfl, beri að líta á það sem svo stórt og merkilegt mál, að það þurfi samþykki tveggja Alþinga í röð eins og um stjórnarskrárbreytingar. Það er ástæðulaust að rekja þau rök, sem fyrir þessu voru færð 1927, en ég vil aðeins taka það fram, að þetta var flutt sérstaklega vegna þess tilefnis, að þá var sótt um af hálfu erlendra félaga að fá virkjunarleyfi í stórum stíl; og vegna þess, hve alvarlegt mál það er fyrir okkar þjóð, er nauðsynlegt að búa vel um þá hnúta. Þá gerði enginn ráð fyrir, að í náinni framtíð mundu innlendar stofnanir, eins og t. d. Rvíkurbær nú, fara út í slíka virkjun; svo að ef til kæmi, þyrfti að breyta þessari till. þannig, að hún tæki aðeins til erlendra félaga eða fyrirtækja.

Jón Baldvinsson: Hæstv. forsrh. hefir nú látið í ljós álit sitt um till. þær, sem fram hafa komið, og sannast að segja finnst mér hann taka heldur illa á móti þeim tilraunum, sem gerðar eru, til þess að koma þessu áhugamáli stj. áleiðis, og bæta úr sýnilegum ágöllum á því. Mér finnst ekki rétt hjá hæstv. forsrh., þegar hann kallar það af litlum heilindum gert, þegar komið er með breytingar til bóta á stjfrv. Enda játaði hæstv. ráðh., að ýmsar af till. mínum væru til bóta og bjóst jafnvel við, að ef hann ætti hér atkvæði, mundi hann ljá þeim fylgi.

Hæstv. ráðh. var í órólegu skapi. Hann talaði um, að sýnilegt væri af þessum tillögum, að samkomulag væri milli flokkanna til beggja handa. Það er satt, að við flytjum saman eina brtt. á þskj. 265, hv. þm. Seyðf., hv. 1. landsk. og ég. Þessi till. er í rauninni ekki annað en sjálfsögð afleiðing af þeirri breyt., sem hæstv. stj. ber fram. Hæstv. ráðh. sér í þessari einu sameiginlegu till. eitthvert samkomulag og er afar-hnugginn yfir þessu. Mér finnst hann hinsvegar eigi að vera glaður yfir þessu og ætti að koma til stuðnings við till., svo að friður og samkomulag yrði um þetta frv. stj. hér á Alþingi, enda býst ég við, að hæstv. forsrh. æski þess helzt. Annars kemur það nú einstaka sinnum fyrir, að ég greiði atkv. með andstöðuflokkunum. Það er vitanlegt, að bæði Íhöldin eru andstöðuflokkar Alþýðuflokksins; þeir eru báðir andvígir stefnumálum hans; og einn aðalforingi litla Íhaldsins lýsti yfir því, að hvenær sem Alþýðuflokkurinn reyndi að koma áleiðis sínum stóru stefnumálum, mundi hann taka höndum saman við hv. 2. þm. G.-K., til þess að berja þau niður; og hann tók svona djúpt í árinni vegna þess að sagt er, að mjög sé grunnt á því góða milli þessara tveggja þm. Við Alþýðuflokksmenn þurfum þessvegna, til þess að koma áleiðis okkar málum, að eiga fylgi manna úr öðrum flokkum, og verðum að taka það alveg eins og málin liggja fyrir. Stundum eigum við samleið með stóra Íhaldinu, eins og þegar það samþ. með okkur höfnina í Hafnarfirði, og stundum eigum við samleið með litla Íhaldinu og samþ. frv. með því.

Hæstv. ráðh. má ekki þykjast eiga einkarétt á því að gera samninga. Það er kunnugt, að bæði Íhöldin eru sammála í flestu. Ég veit ekki betur en að það hafi verið yfirlýstir samningar þeirra í fyrra að slíta þingi í miðju kafi og drepa stefnumál Alþýðuflokksins. Mér er líka sagt, að talsvert stífar samninga-umleitanir hafi staðið milli þessara flokka um að koma fram ýmsum málum. Hæstv. ráðh. má ekki vera svona hvimpinn, þótt hann sjái okkur þrjá saman á einni till. Stj. hefir mikil

völd, en ekki má hún ímynda sér, að hún hafi þau völd, að hún geti ráðið því, hverjir flytji brtt. við frv. hennar. Að öðru leyti var hæstv. forsrh. með harmavæl yfir einhverju samkomulagi, sem ekki hefði verið borið undir Framsókn, og verð ég að segja, að þetta finnst mér helzt til mikil viðkvæmni.

Þetta var nú mergurinn málsins í hugleiðingum hæstv. ráðh. Hann sér ekkert annað en óheilindi í þessari till. um að láta kosningar fara fram 1932, hann sér ekki þessa 10 þús. nýju kjósendur, sem mundu eiga rétt á að kjósa á næsta ári, hann sér ekki þá reglu, sem þingið hefir haft, þegar það hefir aukið kjósendahópinn, að láta fara fram kosningar samstundis, til þess að sýna fullt réttlæti.

Hæstv. ráðh. þykist þekkja þm. að svo miklum rangindum, að þeir muni á þinginu 1932 fella stjórnarskrárbreytingarnar, fyrir það eitt, að þá eiga nokkuð mörg þúsund nýir kjósendur að fá að neyta kosningarréttar. Ég álít þm. yfirleitt ekki svo rangláta. Það getur vel verið, að menn verði þeirrar skoðunar þá, að þeir vilji fella frv., en ekki af þessari ástæðu, sem hæstv. ráðh. nefndi.

Hæstv. ráðh. sagði réttilega, að Framsókn hefði borið fram rýmkun kosningarréttarins til fulls sigurs 1929. Hæstv. stj. bar það fram. En það var af þeirri ástæðu, sem hv. frsm. minntist á, að það var kominn fram svo sterk krafa um þetta, að ekki varð móti henni staðið; en það var ekki fyrir baráttu Framsóknarflokksins. Hann hefir að vísu heiður af því að bera málið fram, en það er Alþýðuflokkurinn, sem hefir skapað hreyfinguna, þó að bæði Íhöldin komi nú og vilji eigna sér framgang þessa máls.

Þá sagði hæstv. ráðh. um sveitarskuldir og svipting kosningarréttar vegna þeirra, að það væri gamalt deilumál, og þessvegna hefði hann ekki viljað koma fram með það. En kosningarréttur sömu manna til bæja- og sveitarstjórna var einmitt líka gamalt deilumál, en það var þó samþykkt 1929. Árið áður höfðu hans eigin flokksmenn fellt till. um að veita 21 árs mönnum kosningarrétt. Það má ekki fæla menn frá að bera gott mál fram, að það sé deilumál.

En samt skildist mér á hæstv. ráðh., að hann sé þessu vinveittur. Ég býst þá við því sama af flokksmönnum hans og þarf þá ekki að óttast um afdrif þessarar till.

Ég vil alveg vísa því frá mér, svo að ég tali í fullri alvöru við hæstv. forsrh., að þessar till. séu ekki af fullum heilindum gerðar af minni hálfu. Mér finnst, að ég hafi fært svo sterk rök fyrir þeim, að þeim verði ekki hnekkt, enda hefir enginn gert tilraun til þess.

Jón Þorláksson: Ég þarf mjög litlu að svara hæstv. forsrh. Hann var að sýna einhverja afbrýðisemi, til beggja handa þó. Hann talaði um samstarf milli Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins, sem honum fannst eitthvað leiðinlegt fyrir Framsókn. Hann hafði ekki annað fyrir sér í því en það, að talsmenn þessara tveggja flokka hér í deildinni hafa getað orðið sammála um að fylgja í öllum aðalatriðum því frv. til breytinga á stjórnarskránni, sem Framsóknarstjórnin hefir borið fram. Mér finnst satt að segja hæstv. forsrh. vera orðinn óþarflega hvimpinn í þessari sambúð sinni við Alþýðuflokkinn, ef hann verður afbrýðisamur út af svona litlu. En það stóð heldur ekki á því, að hæstv. ráðh. færi að depla augunum til hægri handar, því að hann gat um, að við Sjálfstæðismenn hefðum ekki leitað samkomulags við Framsókn um réttingu á ósamræminu, sem nú er á kosningarréttinum, en gat þess þó til, sér til huggunar, að við kynnum að leita slíks samkomulags síðar. Ég vil taka það fram, að ég gaf honum ekkert tilefni til að þykkjast út af því, þótt við sjálfstæðismenn værum ekki enn þá búnir að leita samkomulags við Framsóknarflokkinn eða aðra um lagfæring á þessu ósamræmi.

Ég sagði, að ég vildi samþ. afnám landskjörsins til þess að greiða fyrir fullkomnari endurbótum á kosningatilhöguninni og vonaði, að samkomulag næðist fljótt um það, eftir að þessi fækkun væri komin í kring. En það er satt, að hún er ekki komin í kring, og getur ekki orðið fyrr en eftir næstu kosningar og á öðru Alþingi. Ég vildi ekki gefa tilefni til þess, að hæstv. forsrh. þykktist við mig af því, að ég var ekki búinn að biðla til

hans um sanngjarnlega afstöðu til þessarar réttlætiskröfu, sem er komin fram og hlýtur að koma fram, því sterkari sem veittir eru fleiri möguleikar til að verða við henni, sérstaklega með þeirri þingmannafækkun, sem afnám landskjörs hefir í för með sér.

Ég held, að ég þurfi ekki að svara öðru en ég hefi þegar gert. Engin andmæli hafa komið gegn brtt. okkar þm. Seyðf. á þskj. 266, og um aðrar brtt. þarf ég eiginlega ekki neitt sérstakt að segja, nema að mér finnst ekki koma til mála að samþykkja þessa brtt. hæstv. forsrh. á þskj. 322 um hindranir á notkun vatnsorku, eins og hún liggur fyrir. Og mér skildist hann nú sjálfur sjá þetta, en ekki heyrði ég, að hann tæki brtt. aftur. Þá get ég ekki með nokkru móti annað en greitt atkv. á móti henni. Það kynni að vera rétt að setja hömlur við notkun þeirra landsgæða, sem eyðast við notkun. En vatnsorkan er auður, sem helzt. Eftirtímanum er skilað nákvæmlega jafnmiklu, þó að aflið sé virkjað. Því fyndist mér það blettur á stjórnarskrá landsins, ef þar væri sett ákvæði, sem leggur sérstakar hindranir fyrir notkun slíkra náttúrugæða. Annað mál er, hvaða ráðstafanir menn vilja gera til að varna því, að útlendingar fái fang á vatnsorku. En þessi brtt. stefnir ekki gegn því.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Örfá orð út af því, sem formenn flokkanna, hv. 1. og 2. landsk. þm., hafa látið fram koma, hvor fyrir sinn flokk. Ég get ekki kannast við, að ég hafi verið í vondu skapi, eins og hv. 2. landsk. sagði. Ég er yfirleitt heldur geðgóður maður, og í dag er ég í bezta skapi. Ég tók sannarlega ekki illa á móti sumum brtt. þeirra. Ég sagði, að ef á annað borð ætti að breyta frv., mundi ég greiða atkv. með þeim. Ég var þá hvorki ergilegur né hvimpinn, eins og hv. 1. landsk. sagði. En það kann að vera, að meiri vottur fari að sjást um samvinnu milli þessara flokka. Ég bíð rólegur, þangað til maður sér, hvað verður. Annars var það hv. 2. landsk., sem sagði: „Svo að ég tali nú alvarlega við ráðherrann", sagði hann undir lok ræðunnar, og það var þó eitthvert smáatriði, sem kom. Þá hefir víst verið lítil alvaran fyrr í ræðunni. (**JBald:** Það var spaug, eins og hjá hæstv. ráðh.).

Út af orðum hv. 1. landsk. þarf ég ekki að taka fram annað en ég er búinn að segja. Það var alls ekki meiningin að beina þessu ákvæði brtt. minnar gegn virkjun landsmanna sjálfra. Ég kvaddi til mann að afrita tillöguna eins og hún var flutt á þinginu 1927, án þess að muna eftir þeim breyttu kringumstæðum, sem nú heimta, að tillagan sé orðuð öðruvísi. Þá gerði enginn ráð fyrir svo stórum virkjunum innlendra manna sem nú er auðséð að muni koma. Ég hefi ekkert á móti því, að þessari brtt. verði frestað til 3. umr., svo að gallar á henni dragist ekki inn í umr. nú. En mér er þá forvitni á að vita, hvort hv. þm. vill vera með því að gera slíkar ráðstafanir, ef í hlut eiga útlend stórgróðafélög. Ég vildi vita, hvers sú tillaga má vænta frá honum við 3. umr., og að hann léti nú þegar í ljós skoðun sína á því efni.

Jón Þorláksson: Það er sjálfsagt og rétt að svara fyrirspurn hæstv. forsrh. Ég ætla að bíða til 3. umr. og sjá, hvort honum tekst betur að orða hugsun sína þá heldur en í þessari tillögu á þskj. 322. Ég get ómögulega lofað fylgi við tillögu, sem hann ætlar að bera fram síðar meir, fyrr en það sést, hvernig honum tekst að smíða hana. Og ég tel mig því síður hafa ástæðu til þess, þegar hann hefir sjálfur játað, hversu mistekizt hefir smíðið á þessari till.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég get vitanlega ekki krafið hv. 1. landsk. svars. Og ég þyrfti ekki að fá svar hans, þó að ég vildi, að þeir, sem hér eru inni, fengju það. Ég veit, að hv. 1. landsk. mun aldrei rétta upp höndina móti því, að útlend auðfélög fái að búa um sig á þessu landi. Hans fortíð er þannig, að hann mun aldrei gera það.

ATKVGR.

Brtt. 266,1 samþ. með 8 : 6 atkv.
— 266,2 samþ. með 8 : 6 atkv.
— 277,1 samþ. með 8 : 6 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 277,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 277,3.a og b samþ. með 9 : 2 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 322 tekin aftur.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 265 samþ. með 8 : 5 atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Vegalagabreyting.

Á 1. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 41, 4. júní 1924 (stjfrv., A. 15).

Á 4. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Eins og grg. þessa frv. ber með sér, vantar aðeins herzlumuninn á, að bílfær leið sé frá Vestur- og Norðurlandi til Múlasýslna. Ég tel engum vafa undirorpið, að ef kreppa sú, sem nú steðjar að, stendur ekki því lengur, muni innan skamms tíma verða lagt út í þann kostnað, að tengja Austurland við Norður- og Vesturland með bílsamgöngum. Ég tel þá sjálfsagt, að þessi vegarspotti verði tekinn í bjóðvegatölu.

Ég lít svo á, að sérstaklega sé um einn veg að ræða, sem eins stendur á um, og það er samgönguleiðin milli Borgarfjarðarhéraðs og Reykjavíkur; og þá mun Kjalarnes- og Kjósarvegurinn verða liður í þeirri leið. Og þess vegna tel ég af sömu ástæðum rétt, að niður falli skylda hreppanna til að leggja framlag móti framlagi ríkissjóðs.

Ég óska þess, að málinu verði, að lokinni umr., vísað til samgmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgmn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Brúargerðir.

Á 1. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um brúargerðir (stjfrv., A. 17).

Á 6. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég geri ekki ráð fyrir, að ágreiningur verði um það, að rétt sé að setja nú brúarlög, eða koma með nýtt plan yfir, hvað gera skuli á næstu árum í þessu efni. En um hitt getur frekar orðið ágreiningur, hvaða brýr eigi að taka fyrir að byggja og í hvaða röð. Ég hefi haldið mér við till. vegamálastjóra í þessu efni, enda hefir hann samið frv. og hina mjög svo rækilegu grg., sem því fylgir. Ég læt mér því nægja að vísa til hennar og sé ekki ástæðu til að fara að ræða málið nú, en leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til hv. samgmn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 227).

Frsm. (Jón Jónsson): Brúargerðir hafa verið stórfelt viðfangsefni á okkar vatnamikla landi um langa tíð. Aðallega var hafizt handa um og eftir 1890 með byggingu Ölfusárbrúarinnar. Síðan miðaði brúargerðunum áfram hægt og gætilega, þangað til brúalögin komu 1919. En eins og ljóslega sést af því yfirliti,

sem fylgir frv., komst fyrst eftir það mikill skriður á málið. Árin 1921—1929 hafa verið reistar 95 járnbrýr eða steypubrýr lengri en 10 metra fyrir samtals rúmlega 2 millj. kr., og eru það ⅔ allra stórbrúa, sem gerðar hafa verið síðan 1890. Sú ómetanlega samgönguhót, sem víða er orðin að þessu, stafar frá brúalögunum 1919. Nú er svo komið, að flestar þær brýr, sem þá var heimilað að láta gera, hafa verið byggðar. Enn eru óbrúaðar 14 ár, sem þar komu til greina, en 54 eru nú brúaðar og auk þess fjöldi annara vatnsfalla, bæði á þjóðvegum og öðrum leiðum. Þegar svo langt var komið með þetta verkefni, hefir vegamálastjórninni þótt kominn tími til að rannsaka brúaþörf og brúarstæði á öðrum ám, og hefir verið unnið að því undanfarin ár. Þeirri rannsókn er ekki að fullu lokið. En samt hefir atvmrh. og vegamálastjóra þótt rétt að fá nú þegar ný brúalög.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir 46 nýjum brúm á þjóðvegum og endurbyggingum á 12 trébrúm. Auk þess er farið inn á nýjar leiðir, þar sem heimilað er að brúa 9 vatnsföll annarsstaðar en á þjóðvegum, þannig að rikissjóður leggi fram allan kostnaðinn. Það eru brýr á stórum vatnsföllum, sem héruðunum er um megn að brúa yfirleitt, og helzt eru þær í þeim héruðum, sem hafa að öðru leyti mikinn brúakostnað. Og auðvitað eru þær brýr allar á mjög fjölförnum vegum, þótt ekki séu þjóðvegir.

Þá er hér í grg., þó að ekki sé það tekið upp í lögin beinlínis, yfirlit mikið um hér um bil 70 ár óbrúaðar á sýsluvegum, sem gert er ráð fyrir að brúa á næstu árum. Eins og áður er getið, eru nokkur brúarstæði á stórám enn ekki rannsökuð til fulls, einkum á þetta við vatnsföllin í Skaftafellssýslu, sem vart verða brúuð í nánustu framtíð. Eftir tillögum vegamálastjóra er gert ráð fyrir, að Hornafjarðarfljót verði ekki brúað, heldur sett bílferja á það. Þá mundi vera hægt að fara á bílum eftir söndunum vestur með sjónum og sleppa þannig við nokkrar brýr, og sé þá hægt að komast alla leið vestur í Öræfi, eftir að Jökulsá á Sólheimasandi hefir verið brúuð. En eftir upplýsingum frá hv. þm. A.-Sk. og öðrum kunnugum mönnum, mun þó þurfa að brúa Heinabergsvötn á þeirri leið. Getur því vel verið, að komið verði við 3. umr. með brtt. um að brúa þau. Um önnur vötn þar eystra er það að segja, að sumpart vantar upplýsingar, t. d. um Jökulsá í Lóni, sem sjálfsagt er hægt að brúa, en hlýtur að verða dýrt. Nokkrar ár á Austurlandi væri kannske ástæða til að taka hér upp í viðbót, og má þá bæta þeim við með brtt. Samkvæmt yfirliti um kostnað, er hann við þær brýr, sem taldar eru, 2½ millj. kr., og vegamálastjóri gerir ráð fyrir, að verkinu megi ljúka á 10 næstu árum, ef fjárframlög verða lík og til jafnaðar síðasta áratuginn. Þetta væri mjög æskilegt, því að þá væri búið að brúa allar ár á flestum fjölförnustu vegum hér á landi. Ef bætt væri við nokkrum þeim brúm, sem ekki er búið að rannsaka skilyrðin fyrir, gæti það munað um ½ milljón kr., svo að verkið stæði þremur árum lengur en ella mætti gera ráð fyrir.

Nefndinni virtist frv. vel undirbúið, þó að alltaf geti komið til mála að bæta einhverju við, og hún leggur því til, að það sé samþykkt eins og það liggur fyrir.

Jón Þorláksson: Ég hefi ekki borið fram neina brtt. við þetta frv. En það eru sérstaklega þrjú vatnsföll, sem ekki eru tekin með hér í 2. gr. frv., en ég tel mjög æskilegt að tekin hefðu verið. Fyrst er það Andakílsá í Borgarfirði. Hún er svo að segja eina stóra vatnsfallið, sem beinlínis er í byggð og í miðju björgulegu héraði og ekki er heimilað að brúa eftir þessum lögum, þar sem alfaraleiðin liggur um. Þó að vegamálastjóri geri hér á 9. bls. grg. sinnar ráð fyrir, að Andakílsá verði í framtíðinni brúuð hjá Ausu, sem mun vera á sýsluvegi, held ég, að vegamálum þessa héraðs sé svo komið, að hvort sem menn hugsa sér brú á Andakílsá í sambandi við ferju yfir Hvalfjörð eða veg inn fyrir hann, þá muni alfaraleiðin verða hjá Grund, enda er það gamli þjóðvegurinn. Þar á tvímælalaust að brúa, og það sem fyrst.

Önnur áin er Grjótá á Öxnadalsheiði. Hún liggur eins og kunnugt er á þessum aðalþjóðvegi, sem nú er að verða bílfær og mjög fjölfarinn alla leið úr Borgarnesi til Húsavíkur, og mér finnst ekki

viðeigandi að sleppa þeirri á úr þessum lögum, þegar það fer væntanlega að nálgast, að Norðurlandsvegurinn verði samfelldur.

Þriðja brúin, sem ég vildi benda á, er raunar uppi í óbyggðum. Það er brú á Hvítá hjá Hvítárvatni. Með þeim vegabótum, sem nú er komnar og sjáanlegt er að koma á næstunni, aukast stöðugt möguleikar og þörf fyrir að fara að nota aftur gamla veginn um Kjöl til Norðurlands að sumarlagi, meira en gert hefir verið síðasta mannsaldur.

Hefir þegar farið bifreið sunnan frá og upp að Hvítárvatni, og kunnugir segja, að litlar vegabætur þurfi að gera til þess að vel verði bílfært þangað að sumarlagi. En Hvítá er Þrándur í Götu, og þótt reynt hafi verið að hafa á henni ferjubáta, hafa þeir reynzt mjög ótrygg farartæki. Eiga þeir auðvitað að vera alltaf sinn hvorum megin, en oft eru þeir báðir öðrum megin, er ferðamenn koma að fljótinu. Þar við bætist það, að Hvítá er mjög erfitt og slæmt vatnsfall fyrir hesta.

Kunnugir hafa sagt mér, að Hvítá hjá Hvítárvatni sé eini verulegi farartálminn á leiðinni norður í land um Kjöl. En það er einmitt mjög æskileg leið til skemmtiferða á sumrum. Hefir verið byggt sæluhús uppi við Hvítárvatn að tilhlutun Ferðafélags Íslands með styrk úr ríkissjóði. Má búast við því, að þar muni verða hægt að fá gistingu, ef farartálmi þessi yrði afnuminn. En þegar þangað er komið, er ekki orðið langt norður í Skagafjörð um Kjalveg.

Ég vildi aðeins skjóta því til hv. n., hvort hún sæi sér ekki fært að taka upp í brúalögin heimild til þess að láta brúa Hvítá hjá Hvítárvatni. Auðvitað þyrfti ekki að byggja brúna strax fyrir því. Vildi ég gjarnan bera mig saman við hv. nefnd um þessi atriði nú milli 2. og 3. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil þakka hv. nefnd fyrir það, hvernig hún hefir tekið í þetta mál, þar sem hún er einhuga um að setja ný brúarlög, og hefir fallizt á, að frv. verði samþ. óbreytt við þessa umr. að minnsta kosti.

Ég skal geta þess út af orðum hv. 1. landsk., að það mun ekki vera af neinni tilviljun hjá vegamálastjóra, að ekki eru nefndar tvær brýr á Andakílsá í frv. Það er tilætlun hans, að vegurinn verði lagður inn með Hvalfirði, fram með Hafnarfjalli, um Hafnarskóg og verður þá brú á Hvítá hjá Ausu. Auðvitað gæti komið til mála að brúa ána uppi hjá Skorradalsvatni, en þá munu ekki verða 5 km. á milli brúnna, og er það óvanalegt, að á sé brúuð með svo stuttu millibili.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. landsk. sagði um veginn norður í land um Kjalveg, verð ég að segja það, að ég er honum sammála um nauðsyn þess, að brúa vatnsföllin á Kjalvegi. Og ég skal geta þess, að óskir hafa komið úr Árnessýslu um að brúa Hvítá uppi á Öræfum, en ég hygg, að Árnesingar hugsi sér, að hafa brúna neðar en hv. 1. landsk. vill vera láta. Væri því sjálfsagt að heyra álit héraðsbúa, áður en ákveðið væri, hvar brúin skuli standa. Er það ekki ofmælt hjá hv. 1. landsk., að komast mætti á auðveldan hátt meginið af leiðinni norður, ef þessi brú væri byggð. Hefi ég farið þessa leið sjálfur og álít ég, að lítið þyrfti að gera við veginn alla leið norður í Mælifellsdal, en þar þyrfti aftur á móti að gera talsverðar endurbætur.

Frsm. (Jón Jónsson): Ég tel sjálfsagt, að n. athugi þau atriði, sem hv. 1. landsk. minntist á.

Hvað viðvíkur brú á Andakílsá, þá er ekki von til, að hún verði talin með öðrum en brúm á sýsluvegum. Og þar sem ekki hefir verið ennþá fastákveðið, hvar skuli leggja veginn, og brúin getur ekki orðið mjög dýr, þá getur ekki verið ástæða til þess að taka brú á Andakílsá í A-flokk 3. lið frv.

Meiri ástæða væri til þess að taka Grjótá á Öxnadalsheiði með, en vegamálastjóri hefir ekki enn rannsakað það mál til fulls, og er sú á því ekki tekin með í frv., þótt hún sé á fjölfarinni leið.

Þá er ég kominn að Hvítá hjá Hvítárvatni. Er mér viðkvæmt mál að mæla á móti því, að hún verði brúuð, en ég held, að það sé hál leið að fara að byggja brýr uppi í óbyggðum, meðan svo mikil

þörf er á brúm niðri í byggðum. Þessi brú mundi aðallega verða fyrir skemmtiferðafólk. Mætti þá alveg eins brúa aðrar ár á fjöllum uppi, t. d. Norðlingafljót, sem mætti brúa án mikils tilkostnaðar, og svo er víðar. Auðvitað geri ég ráð fyrir, að slíkar brýr yrðu byggðar í framtíðinni, en ég álít, að enn sé ekki kominn tími til að taka þær í brúalög. Síðar verða auðvitað sett ný brúalög, og má þá taka í þau slíkar brýr, og verður þess vonandi ekki langt að bíða.

Jón Þorláksson: Mér þótti vænt um að heyra undirtektir hæstv. ráðh. hvað snerti brúna á Hvítá, en ég er ekki viss um, að saman fari óskir þeirra, sem sækja á afréttir úr Árnessýslu, og ferðamanna um brúarstæðið. Þyrfti þó að sjálfsögðu að athuga, hvort ekki mætti sameina óskir þessara tveggja aðilja.

Í aths. við frv. á bls. 11 er Andakílsá hjá Grund talin meðal þeirra vatnsfalla, sem enn skuli vera óbrúaðar samkvæmt brúalögum. Má þó sjá annarsstaðar í frv., að ætlazt er til, að veginum yfir Ferstikluháls, um Svínadal og niður í Skorradal, sé haldið bílfærum. Hitt getur líka verið, að byggja skuli brú yfir ána hjá Ausu, en hún kemur ekki að neinu gagni fyrir þann veg, er ég nefndi, en ef brú verður byggð hjá Grund, þá er þessi vegur kominn í samband við vegakerfi Borgarfjarðar. Og þó að þarna yrði máske ekki langt á milli tveggja brúa, þá álít ég sjálfsagt, að byggja brú hjá Grund, því að með því væri létt af mikilli samgönguteppu. Veit ég dæmi þess, að menn hafa lent í miklum erfiðleikum, er þeir hafa reynt að komast yfir ána á bílum, þótt hún væri með minnsta móti. Þarna er líka ágætt brúarstæði, og mundi vera mjög ódýrt að byggja þar brú.

Ég vil svo að lokum óska þess, að það verði athugað vel, hvort ekki sé rétt að taka þessa brú með í brúarlögin.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Ed., 27. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Frsm. (Jón Jónsson): Út af aths., sem fram komu við 2. umr., hefir samgmn. borið sig saman við vegamálastjóra um frv. Hann tók fram, að sú stefna hefði ráðið við samningu frv., að taka ekki upp í það aðrar brýr en þær, þar sem brúarstæði væri fullrannsakað. Því hefði hann ekki talið rétt að taka inn í það brú á Grjótá á Öxnadalsheiði, þótt hann teldi sjálfsagt að þar yrði byggð brú, áður en langt um líður. En nú væri þar timburbrú, og fullkomin brú kæmi ekki að fullum notum, fyrr en vegur væri lagður að brúarstæðinu. Kvaðst hann síðar mundi leggja fyrir breytingar á brúarlögunum, er gengju í þessa átt.

Þá var einnig talað um brúna á Andakílsá hjá Grund. Vegamálastjóri taldi, að sú brúargerð væri ekki svo mjög aðkallandi. Hann kvaðst telja víst, að framtíðarþjóðvegurinn yrði fyrir utan Hafnarfjall, með afleggjara til Akraness, og þyrfti þá brú á Andakílsá á móts við Ausu. Hinsvegar væri svo stutt milli þessara tveggja brúarstæða, að eigi væri ástæða til að hafa fullkomnar brýr á báðum stöðum, en þó gæti komið til mála að byggja ódýra timburbrú hjá Grund. — Vegamálastjóri lagði á móti brúm á fjallvegum, eins og stendur, en bjóst þó við, að vegur gæti orðið lagður yfir Kjalveg innan langs tíma. Hann lofaði einnig, að rannsókn skyldi fram fara á nauðsynlegustu brúarstæðum, svo fljótt sem unnt er. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt og telur þjóð og þing hafa nægilegt verkefni í því til að byrja með, því að ávallt er hægt að bæta nýjum brúm inn í lögin.

Jón Þorláksson: Ég álít miður farið, að þær brýr, sem ég og fleiri drápu á við 2. umr., skuli ekki hafa verið teknar upp í brúarlögin. Ég hefi þó hætt við að koma fram með brtt., er ég frétti hjá n., að timburbrú væri á Grjótá nú og mundi koma á Andakílsá í náinni framtíð. Um brúna á Hvítá hjá Hvítárvatni gat ég búizt við

að yrði ágreiningur og vil því ekki halda því máli til streitu.

Páll Hermannsson: Hv. frsm. hefir lýst yfir því, að gott samkomulag væri um það í nefndinni, að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt. En áður en þessari umr. slítur vildi ég gera grein fyrir því, hvers vegna ég sætti mig við það.

Fyrst þegar ég leit á frv., fannst mér sem gengið væri fram hjá ýmsum vatnsföllum, sem nauðsynlegt væri að brúa, einkum á Austurlandi. Mér er ljóst, að víða getur verið sjálfsagt að brúa ár, þótt vegur liggi ekki að þeim, né verði lagður mjög bráðlega, því að vegleysið er sannarlega nægilega erfitt fyrir þau héruð, sem við slíkt búa, þótt erfiðustu vatnsföll séu brúuð. Í Suður-Múlasýslu eru stórár, sem ekki eru teknar inn í frv., og þar eru ekki akvegir heldur. En eftir viðtal við vegamálastjóra gat ég fallizt á, að frv. væri heppilegast í því formi, sem það er nú. Vegamálastjóri lýsti yfir því á fundi nefndarinnar, að hann ætlaði bráðlega að bera fram viðbætur við þetta frv., og bæta þá inn á það mörgum ám, sem minnzt var á í nefndinni, og þar á meðal mörgum ánum eystra. Því hvarf ég frá því að bera fram brtt. Ég get líka fallizt á þá skoðun vegamálastjóra, að nauðsynlegt sé að hafa rækilegan undirbúning og áætlanir um brýr, áður en þær eru teknar í brúarlög.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 17).

Á 37. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til samgmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

20. Innflutningur sauðfjár.

Á 1. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l., er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárbóta (stjfrv., A. 21).

Á 6. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er nú hvorttveggja, að frv. þessu fylgja mjög greinilegar aths., bæði um einstakar gr. frv. og sögu málsins, og svo hefir það verið lengi á dagskrá með þjóðinni og sótt allfast, m. a. á Búnaðarþinginu í allmörg ár. Það gerist því engin þörf fyrir mig að hafa mörg orð um frv., enda býst ég við, að hv. þdm. vilji vera við í hv. Nd., þegar hæstv. fjmrh. nú gerir grein fyrir afkomu ársins sem leið.

Eins og hið sögulega yfirlit, sem frv. fylgir, ber með sér, þá hafa landsstj. hver fram af annari óttast þá hættu, sem af slíkum innflutningi mundi leiða, og af þeim ástæðum aldrei orðið við óskum manna í þessu efni. Á meðan Magnúsar Einarssonar dýralæknis naut við, lagðist hann mjög fast á móti innflutningi sauðfjár, og þar sem hann var ráðunautur stj. um þessi mál, þá var ekki nema eðlilegt, að landsstj. tæki í sama streng. Ég fylgdi líka dæmi fyrrv. stj., og t. d. á Búnaðarþingi 1929 hindraði ég, að mál þetta yrði þá sent Alþingi. Þá var líka verið að setja lög um varnir gegn gin- og klaufaveiki, og fannst mér, eins og því máli horfði við, að það stinga í stúf við slíkar varnir að fara þá að leyfa innflutning sauðfjár.

En þar sem nú er með frv. þessu, að dómi sérfærðinga, gerðar öflugar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja þá hættu, er menn óttuðust áður, að mundi leiða af slíkum innflutningi, þá hefi ég ekki treyst mér til að standa lengur á móti þessu máli og vil því fyrir mitt leyti opna þann möguleika, sem ætla má, að leiði af sér aukinn arð fyrir landbúnaðinn og horfir til mikilla hagsbóta fyrir bændur landsins.

Ég vil gera að till. minni, að málinu verði að umr. lokinni vísað til hv.

landbn. og vona ég, þótt málið sé allumfangsmikið, að nefndin athugi það gaumgæfilega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 286).

Frsm. (Páll Hermannson): Það er flestum landsmönnum kunnugt, að sjúkdómar, sauðfjársjúkdómar, hafa borizt hingað fyrir tveim öldum, og hafa þeir gert landsmönnum meira tjón en flest annað og, sem að líkindum lætur, hafa Íslendingar verið hræddir við að flytja til landsins erlent sauðfé. Það, sem af er þessari öld, hafa verið uppi allháværar raddir um að flytja til landsins sauðfé í sérstöku augnamiði, ekki til kynbóta, heldur til einblendingsblöndunar og bóta á sláturfénu. Hingað til hefir verið svo mikil mótspyrna gegn þessum innflutningi, að leyfi til hans hefir aldrei fengizt.

Þeir, sem hafa beitt sér móti þessu, hafa aðallega sett fyrir sig tvær ástæður; í fyrsta lagi óttast þeir, að ekki lánist að sporna við því, að erlendir sauðfjársjúkdómar flytjist hingað; í öðru lagi óttast þeir ekki síður, að landsmenn kynnu ekki með þessa fjárblöndun að fara, að þeim litist vel á einblendingana og þeir væru látnir lifa; en reyndin er, að slík kynblöndun gerir ekkert gagn, en venjulega það gagnstæða og getur orðið að mesta óliði.

Ég veit ekki til, að nokkurntíma hafi verið komið lagi á þetta innflutningsmál, en nú hefir ríkisstj. lagt fyrir Alþ. frv., sem heimilar innflutning á sauðfé. Þetta frv. er í 4 köflum. 1. kafli er um að veita heimild til innflutnings, og ýmsar varúðarráðstafanir í sambandi við hann o. fl. 2. kafli er um sótthættuna, eftir að féð er komið hingað, og þær ráðstafanir, sem gera þarf til að fyrirbyggja, að sjúkdómarnir geti leynzt og borizt út. 3. kafli er um einblendingsrækt, þá blöndun, sem á eingöngu að vera einblendingsblöndun, þannig, að blendingar verði ekki látnir lifa, nema sauðir eða geldingar. — 4. kafli er um það, að ætlazt er til, að fjárkynið verði hreinræktað, ef tilraunin þykir gefast vel, og landsmönnum síðan seldir hrútar. Landbn. hefir íhugað rækilega þetta frv., enda hefir hún líklegast haft nægan tíma til þess, og n. hefir komið sér saman um að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. Hinsvegar ber n. fram breytingar við frv., og eru sumar þeirra, og þá sérstaklega sú fyrsta, allverulegar. Er rétt að geta þess strax um 1. brtt., sem leggur til, að einnig verði heimilaður innflutningur á þýzku karakulafé, að um þessa brtt. er ekki fullt samkomulag í n. Hv. 2. landsk. er þeirri brtt. ekki samþykkur, og veit ég, að hann muni sjálfur gera grein fyrir sínum ástæðum.

Þetta frv. gerir ráð fyrir, að flutt verði til Íslands brezkt holdafjárkyn, í því augnamiði að framleiða bæði stærra, þyngra og sérstaklega verðmeira sláturfé en hingað til hefir þekkzt hér. Útlend reynsla bendir til, að þetta mætti takast hér. Hún sýnir, að með því að blanda þessum bráðþroska fjárkynjum við önnur seinþroskaðri en þolnari og hraustari, má auka mjög verðmæti sláturfjár. Þetta kemur í ljós í Englandi; þegar bráðþroska holdafé er blandað við svarthöfðafé, þá fæst stundum tvöfalt og jafnvel þrefalt meira fyrir sláturlömbin en annars. Maður skyldi ekki láta sér detta í hug samskonar hlutföll hér, þótt ísl. fjárkyni verði blandað við bráðþroska holdafjárkyn frá Englandi, en þó má búast við talsverðum tekjuauka, sérstaklega í sambandi við útflutt kælt og fryst kjöt, því að þessi fjárstofn gefur af sér kjöt sem líkast því, sem Bretar óska eftir, en þeim kvað ekki líka sem bezt okkar kjöt, eins og það er nú.

Í sambandi við þessa innflutningstilraun á brezku, bráðþroska holdafé, berum við tveir nm. fram brtt. þess efnis, að leyfður sé líka innflutningur á þýzku karakulafé, sem hefir sérstakan eiginleika í sambandi við framleiðslu skinna. Þetta fé mun aðallega eiga heima sunnan til í álfunni, Þýzkalandi og Suður-Evrópu. Okkur er sagt, að við merkan landbúnaðarháskóla í Halle á Þýzkalandi sé þessi fjárstofn ræktaður með mikilli nákvæmni og einna bezt; þessi fjárstofn hefir þann eiginleika, að skinnið af lömb-

unum nýbornum er sérstaklega verðmætt sem tízkuvara, og auk þess, að kostirnir í fjárkyninu eru ríkjandi, ganga í ættir við einblendingsblöndun; afkvæmið í 1. lið líkist alltaf föðurnum, sé hann karakulahrútur.

Sérstaklega var það sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands, hr. Páll Zóphóníasson, sem ól á því við n., að hún gerði þá brtt. við þetta frv., að leyfður yrði innflutningur á þessu fé, og benti hann á, að árlega færist mikill hluti lamba sem unglömb, einkanlega við sjávarsíðuna, þar sem um fjöruskjögur er að ræða. En með því að nota karakulahrúta, mætti gera sér allt að því eins mikið verðmæti úr því lambi, sem dæi sem unglamb, og því, sem lifði, og stundum jafnvel meira.

Okkur tveimur nm. þótti rétt, eftir ákvæðinu, að gefa ríkisstj. jafnframt heimild til innflutnings á þessu fé sem hinu, sem áður er getið um.

Við gerum okkur vonir um, að þegar ríkisstj. einni er gefin heimild til innflutnings og getur notað alla þá krafta, sem fyrir hendi eru, til að forðast sjúkdómana, þá sé ekki meiri hætta á, að tjón hlytist af þessum innflutningi en gæti átt sér stað um annan innflutning. Við viljum í öðru lagi vænta þess, að landsmenn séu orðnir svo þroskaðir og skilji það vel þetta mál, að ef tilraunin heppnast vel og reynist framkvæmanleg og árangurinn sæmilegur, þá verði í náinni framtíð nógir menn, sem trúandi væri til að fara með slíka kynblöndun. — Nefndin er öll sammála um að mæla með frv., en einn nm. (JBald) er ósamþykkur sumum brtt.

1. brtt. er um það, að jafnframt því, sem 1. gr. heimilar innflutning á brezku holdafé, verði heimilaður innflutningur á þessu þýzka karakulafé. Ég hefi áður gert grein fyrir þessari brtt.

Með 2. brtt. við 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að flutt verði inn sérstakt fjárkyn, Oxfordshiredown og Leicester. Okkur þótti eðlilegra að tilgreina aðeins tegund fjárins, en ekki sérstök kyn og leggjum til, að í frvgr. verði ákveðið, að þetta skuli vera sauðfé með ákveðnum einkennum, bráðþroska holdafé.

3. og 4. brtt. eru aðeins orðabreytingar, sem stafa af tillögunni um innflutning á karakulafé. Ég geri ráð fyrir, að ef till. um innflutning á karakulafé er felld, þá ættu 3. og 4. brtt. að vera teknar aftur — Í 5. gr. frv. er ákveðið að taka ákveðinn stað til sóttkvíunar og einangrunar. N. þótti heppilegra að binda þetta ekki, heldur gefa aðeins heimild, sem væri það rýmri, að hún dygði til að hafa við hendina það land, sem þörf væri á. — Í 6. gr. er gert ráð fyrir að hafa féð í sóttkví í 2 ár. Dýralæknir benti okkur n.mönnum á, að ekki væri hægt að ákveða fyrirfram neina tímalengd; reynslan sker úr því, hvað tíminn ætti að vera langur í sóttkví. Í 7. brtt. leggjum við til, að 7. gr. falli burt. Efni hennar er í greinunum á undan, einkum eftir að þær hafa tekið þeim breytingum, sem við ætlumst til, að á þeim verði gerðar. 8. brtt. er afleiðing af því, sem á undan er komið, en b-liður nemur burtu það ákvæði í 11. gr., að þær tilraunir, sem kynnu að verða gerðar, meðan féð er í sóttkví, verði sérstaklega miðaður við það, að ær verði fengnar úr öllum landsfjórðungum. Þetta er óþarft og fremur óheppilegt lagaákvæði.

Ég mun svo ekki hafa fleiri orð um þetta nú, en vera má, að eitthvað hafi gleymzt, sem ég vildi minnast á, og geri ég það þá síðar.

Jón Baldvinsson: Það er rétt hjá hv. frsm., að það er einróma till. n., að frv. verði samþ. Aðeins hefi ég ekki viljað ganga eins langt og samn.menn mínir, um að auka þá heimild til innflutnings á erlendu fé, sem þeir bera fram tillögu um. Ástæður mínar eru þær, að mér virðist við eiga að gera tilraun um innflutning til þess að bæta holdafjárkynið. En ég vil ekki láta flytja inn fé til framleiðslu á „lúxus“vöru, en það fer till. n. fram á, þar sem hún vill leyfa innflutning á karakulafé. Ennfremur virðist mér fjárhagslegur ávinningur að því að flytja inn þetta fé ekki eins mikill og af innflutningi á holdafjárkyni. Eftir því, sem dýralæknir upplýsti fyrir n., má gera ráð fyrir, að skinnin af nýfæddum lömbum mundu vera a. m. k. 10—20 kr. virði. En

mér skilst, að sá ávinningur, sem bændur kynnu að hafa af þessu, sé ekki svo mikill sem gróði af dilkum til frálags að haustlagi, því að kostnaður er ekki heldur mikill frá vori og þangað til hægt er að gera sér fé úr dilkunum. En hinsvegar er áhættutími á milli, lömbin geta drepizt á vorin og skinnin orðið lítilsvirði.

Ég er ekki viss um, að það sé rétt leið til þess að bæta úr þessum slæma kvilla, fjöruskjögri í lömbum, að flytja inn þetta útlenda fé og slátra lömbunum nýfæddum, eða eins og dýralæknir taldi verðmest, að féð væri drepið, áður en lömbin fæddust. Það er ekki ábatasamt, heldur er hin leiðin betri, að finna ráð til þess að koma í veg fyrir fjöruskjögur, sem sennilegt er, að vísindamönnum takist von bráðar. Íslenzkur vísindamaður, sem dvelur í Kaupmannahöfn, Skúli Guðjónsson, hefir fengizt við þessar rannsóknir og talið er að honum hafi orðið mikið ágengt.

En þótt ég leggist á móti till. meiri hl. n. um aukinn innflutning, þá geri ég það ekki að neinu kappsmáli. Mér fannst ég ekki sjá neinn verulegan ávinning við þetta. Dýralæknir sagði líka við n., að hann væri hræddari við innflutning frá Mið-Evrópu heldur en Skotlandi.

Af þessum ástæðum ætla ég að greiða atkvæði á móti þeim till. n. á þskj. 286, sem snerta innflutning á þýzku fé. Hinsvegar er ég n. sammála um að binda ekki sóttkvíunartímann við 2 ár, eins og í frv. er gert, og vil heldur hafa það orðalag, sem n. ber fram.

Þetta var sá fyrirvari, er ég hafði gagnvart þessu máli.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég þakka hv. landbn. fyrir mjög góðar undirtektir. Hún hefir fyrst og fremst orðið mér sammála um það, að hér sé um svo mikinn ávinning að ræða, að rétt sé að leggja út í þá áhættu að stofna til þessa innflutnings. Sömuleiðis hefir hún í öllum aðalatriðum orðið mér sammála um, með hverjum hætti þetta skyldi gert. Þykir mér vænt um undirtektir n. og vona því, að frv. nái fram að ganga í þessari hv. d.

Hv. n. hefir á þskj. 286 borið fram nokkrar brtt., sem allar ganga í þá sömu átt, að rýmka ákvæði frv. um innflutning. Fyrst er sú till., sem vafalaust er til bóta, að telja ekki upp með nöfnum, hvaða sauðfjárkyn megi flytja inn. Í frv. eru nefnd þau kyn, sem mest var talað um á Búnaðarþingunum. Ennfremur vill n. fella niður þann stað, sem nefndur er í 5. gr. til einangrunar fjárins, og er þetta sjálfsagt hvorttveggja rétt.

En aftur á móti eru það hinar tillögurnar, sem ég er ekki viss um, að séu réttar. Þar er að vísu aðeins um heimildir að ræða, sem ekki er víst, að verði notaðar, og á að vísu að mega treysta því, að hvaða stj. sem með völdin fer, taki tillit til fagmannanna og noti þetta ekki gálauslega.

Fyrri heimildin er um innflutning á karakulafé. Ég skal ekki rökræða um það. Þegar frv. var samið, kom mjög til orða, hvort ætti að taka þessa heimild upp í frv., því að ráðunauturinn í sauðfjárrækt, Páll Zóphóníasson, lagði mikla áherzlu á það og benti á, að sum ár gæti verið um talsverðan gróða að ræða af þessu. En ég treysti mér ekki til að fara fram á svo rúma heimild við þingið.

Það er réttilega fram tekið af hv. 2. landsk., að þetta er „lúxus"vara, og afleiðingin af því er sú, að undir sumum kringumstæðum falla þessar vörur í verði, svo að ef til vill verður enginn gróði af. Hinsvegar er þetta sérstaklega arðvænlegt fyrir þau héruð, þar sem fjörubeit er og bændur verða fyrir tjóni af lambamissi á vorin. Ég stend nú ekki vel að vígi með að mæla á móti þessu, því að ég er fulltrúi fyrir það kjördæmi, sem einna mest gagn mundi hafa af þessu. Ég mun láta þetta hlutlaust, þó að ég sé ekki óhræddur við þetta, enda treysti ég því, að ekki verði til þessa stofnað, nema með mjög mikilli aðgæzlu.

Loks er till. n. um, að ekki sé ákveðið í frv., að sóttkvíunartíminn skuli vera 2 ár, heldur séu stj. gefnar frjálsar hendur um það, eftir því sem hún ráðgast við menn, er hafa sérþekkingu á þessu sviði. Þetta mun orka tvímælis. Ég gæti haldið, að í Nd. væru ekki fáir þm., sem þætti þarna of rúm heimild. En það situr ekki á mér, sem á að fá heimildina, að mæla

á móti henni, en hinsvegar er vafasamt, vegna þess að hér er um mikla hættu að ræða, hvort á að slaka svo á klónni, sem n. leggur til.

Ég vil endurtaka þakklæti mitt til hv. n. og leggja að öðru leyti á vald hv. d., hvort hún vill rýmka ákvæði frv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Ég get tekið undir með hv. 2. landsk., að ég geri ekki ráð fyrir, að till. n. um innflutning á karakulafénu verði gerð að neinu kappsmáli. Ég veit, að innflutningur á karakulafé getur orkað tvímælis, og aðalatriðið verður auðvitað að flytja inn bráðþroska holdafjárkyn.

Mér þykir vert að geta þess í sambandi við þennan innflutning, að ekki er hægt að komast hjá því, að hann kosti eitthvað. Ef ætti að kaupa verðlaunaða kynbótahrúta af brezku holdafjárkyni, mundu þeir ekki fáanlegir fyrir minna en 1000—3000 kr. En við gerðum ráð fyrir, að keypt yrði gott og ungt fé og mætti þá fá veturgamlan hrút fyrir 500 kr. og veturgamlar ær fyrir 200 kr. Karakulafé er aftur á móti miklu dýrara, og er okkur sagt, að hrútur muni varla fást fyrir minna en 1000 kr. Og ég verð nú að segja, að ef mun betra verð fæst fyrir „lúxus"-vöru, þá finnst mér ekkert til fyrirstöðu að reyna það, þótt vitanlega verði það stopulla.

Fyrir okkur n.mönnum vakti fyrst og fremst að skjóta inn í frv. heimild um þetta, svo að ekki þyrfti strax að breyta lögunum, ef nota þyrfti heimildina. Hinsvegar höfum við fengið glæsilegar fregnir af þessum skinnamarkaði.

Búfjárræktarráðunautarinn sagði, að í Noregi hefðu verið gerðar um þetta tilraunir í sambandi við íslenzkar ær, og hefði komið í ljós, að okkar sauðfjárkyn væri heppilegt til þess, það gerði ullarlagið, þ. e. a. s. hvað ullin er gróf. Hann nefndi dæmi um eina á, sem drapst rétt fyrir burð og hafði í sér tvílembinga. og voru skinnin seld á 160 kr. Slíkt tilfelli er glæsilegt, þótt mér detti ekki í hug að túlka till. okkar á þessum grundvelli, því að slíkt er einsdæmi. En mér finnst, að ef innflutningstilraunirnar heppnuðust, gæti slíkt orðið búskaparbót.

Að því er snertir ákvæði frv. um tveggja ára sóttkvíunartímann, fórum við í till. okkar eftir bendingu dýralæknis. Hann hélt því fram, að eftir misseri, eða a. m. k. ár, gætu dýralæknar fullyrt um heilbrigði fjárins, að svo miklu leyti, sem þeir gætu nokkuð um það sagt. En það er óheppilegt að hafa þetta tveggja ára ákvæði, ef svo kynni að reynast, að þess væri engin þörf, því að það er ókostur, að þetta útlenda fé þurfi að bíða hér svo lengi, áður en nokkurs hagnaðar er af því að vænta.

Pétur Magnússon: Ég stend ekki upp af því, að ég ætli að bæta um neitt af því, sem hv. frsm. sagði. En það var eitt atriði í ræðu hv. 2. landsk., sem mér virtist hann ekki ganga svo inn á, sem ég tel ástæðu til. Það var út af innflutningi á karakulafénu.

Hv. þm. sagði, eins og rétt er, að verðmæti skinnanna í venjulegu árferði sé milli 10 og 20 kr. Að vísu er það lágmarksverð, eftir því sem ráðunauturinn skýrði okkur frá. Þetta segir hann, að séu ekki meiri afurðir eftir ána en það sem hún gefur af sér, með því að selja lömbin að haustlagi. En hér hleypur hann yfir það, að með innflutningi á karakulafé er um tvær leiðir að ræða. Önnur er sú, að skera lömbin á vorin nýfædd, og yrði það gert, svo framarlega sem skinnin standa í háu verði, auk þess sem lömbin, sem deyja strax eftir burðinn, gefa með þessu afurðir. Ef skinnaverðið er hinsvegar lágt, mundu lömbin sett á og slátrað að hausti. Og eftir þeim upplýsingum, sem ráðunauturinn gaf n., á að mega gera ráð fyrir, að kroppþungi einblendingsdilka af þessu kyni verði nálega sá sami og nú er. Þetta stendur því þannig fyrir mér, að hér sé verið að minnka áhættuna frá því, sem nú er, þótt ef til vill sé rétt, að skinnaverðið sé talsverðum verðsveiflum háð. En þá er á það að líta, að hér standa tvær leiðir opnar, skinnin, þegar verðið er gott á þeim, og kjötið, þegar skinnin falla í verði.

Út af því, sem hæstv. forsrh. sagði um lengd sóttvarnartímans, fæ ég ekki séð, að Alþingi hafi betri aðstöðu til þess að skera úr um, hve langur tíminn skuli vera, heldur en stj. eftir á með aðstoð

dýralæknis og annara, sem helzt hafa vit á. Það má telja öruggt, hverjir sem stj. skipa, að gætt verði frekustu varúðar sem unnt er, og því er engin ástæða til þess að lögbinda sóttvarnartímann.

Jón Baldvinsson: Það ber nú ekki svo mikið á milli mín og hv. meiri hl. n. Ég held, að ég hafi bent á þetta sama, sem hv. 4. landsk. minntist á, um áhættuna af því að geyma lömbin til hausts. Þar er nokkur áhætta. En þess ber að gæta, ekki sízt við skinnaverzlunina, að þegar vara stendur í háu verði, þá eru svo margir, sem verða til þess að framleiða hana, að sjaldan líður langur tími, þangað til hún fellur. Hér eru menn heldur fljótir til að hagnýta sér nýjungar, og mundi þetta því hafa töluverð áhrif á verð á skinnum, ef margir bændur notuðu sér þetta. En þótt hægt væri að fá þetta umtalaða verð fyrir skinn af hverju lambi, þá verður það ekki meira en úr dilkunum, þótt eitthvað drepist á vorin og ekki kæmi allt af fjalli á haustin, þar sem viðurkennt er, að dilkar af karakulafé eru heldur rýrari en dilkar af okkar fé, og það þarf ekki að muna ákaflega miklu á hvern dilk, til að það verði töluverð fjárhæð.

Þessar tvær leiðir, sem hv. 4. landsk. talaði um, eru því ekki sérlega glæsilegar. Ég tel því athugavert af þinginu að ganga út á þá braut að svo stöddu, en vil sjá fyrst, hvernig fer um innflutning á fé af holdafjárkyni. Svo er þess að gæta, að dýralæknir taldi meiri hættu af innflutningi þessa fjár. Menn hafa verið hræddir við innflutning á búfénaði og óttast, að hann kynni að flytja hingað skaðvæna sýki, sem hér yrði svo landlæg. Við höfum fyrir hér á landi kláðann, sem landið virðist aldrei ætla að losna við, þrátt fyrir allar þær ráðstafanir, sem hið opinbera hefir gert. Menn virðast hafa verið heldur trassafengnir við að reyna að útrýma honum, og kæmi hingað ný sýki með innflutningi þessa sauðfjár, er hætt við, að hún yrði hér líka landlæg.

Mönnum þættu það þungar búsifjar, ef hér kæmi upp sýki, svo að þyrfti að skera bústofn bænda á grunuðu svæðunum. En þetta er að sjálfsögðu það, sem taka þarf með í reikninginn, þegar um er að ræða innflutning á lifandi fé. — Þetta verður ekki deilumál af minni hálfu, en ég álít ekki rétt að ganga lengra en ég hefi áður sagt.

ATKVGR.

Brtt. 286,1 samþ. með 8 : 4 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 286,2.a samþ. með 10 shlj. atkv.

— 286,2.b samþ. með 10 : 1 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 286,3 samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 286,4 samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn I. kafla samþ. án atkvgr.

Brtt. 286,5 samþ. með 12 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 286,6 samþ. með 11 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 286,7 (7. gr. falli niður) samþ. með 10 : 1 atkv.

— 286,8 samþ. án atkvgr.

8. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

9.—10 gr. (verða 8.—9. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn II. kafla samþ. án atkvgr.

Brtt. 286,9.a samþ. án atkvgr.

— 286,9.b samþ. með 9 shlj. atkv.

11. gr. (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

12.—17. gr. (verða 11.—16. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn III. kafla samþ. án atkvgr.

18. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn IV. kafla samþ. án atkvgr.

19.—21. gr. (verða 18.—20. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn V. kafla og fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 307).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 39. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 307).

Á 41. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 1 atkv. og til landbn. með 16 : 1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Bókhald.

Á 1. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um bókhald (stjfrv., A. 22).

Á 4. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta frv. lá fyrir þessari hv. d. í fyrra vetur og var samþ. þar lítið breytt. En það var seint fram komið og náði því ekki að ganga gegnum Nd. Nú var það lagt fyrir eins og hv. Ed. samþ. það í fyrra.

Ég vil vísa til aths. við frv. og sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það, en legg til, að því verði vísað til allshn. að lokinni umr.

Jón Þorláksson: Ég hreyfði almennum aths. við þetta frv. í fyrra, að mér fyndist það fara of langt að því leyti, hve það skyldaði marga til að hafa tvöfalda bókfærslu. Það eru ákaflega margir handiðnamenn og smærri atvinnurekendur, sem eftir frv. falla inn undir þá skyldu. Nú má sjálfsagt fullyrða um þessa menn yfirleitt, að þeir eru ekki sjálfir færir um að hafa á hendi þessa bókfærslu og yrðu því að kaupa sér stöðuga aðstoð. Þetta er ekki nauðsynlegt, því að hægt er að fá allt það, sem þjóðfélaginu kann æskilegt að þykja, þótt þessir menn séu ekki skyldaðir til þess að hafa svo erfitt bókfærslufyrirkomulag. Það bólar aðeins á því í frv., að það þekkist einfaldari tilhögun, þar sem tveim stéttum manna er heimilað að hafa einfalt bókhald, eða aðeins sjóðbók. Ég tel, að fyrir mikinn fjölda af þeim, sem dregnir eru undir þessa erfiðu bókfærslu, nægi sjóðbók og viðskiptamannabók.

Ég bið hv. n. að athuga þetta mjög vandlega. Ég vil geta þess, að frv. hefir ekki verið sent öðrum hlutaðeigendum til athugunar en Verzlunarráðinu. Það hafði ekkert við frv. að athuga, því að það er almenn ósk verzlunarstéttarinnar að skylda allar verzlanir til að hafa tvöfalt bókhald. Úr þeirri átt var því ekki að vænta breytinga. En það eru aðrir aðilar, sem eru bærir að koma fram gagnvart hinu opinbera fyrir hönd mikils fjölda manna, sem bókhaldsskyldir yrðu eftir þessu frv., þótt þeir fáist ekki við verzlun. Ég á við Iðnráðið í Reykjavík, sem er orðið nokkuð viðurkenndur fyrirsvari iðnstéttarinnar, þótt ekki sé það ákveðið í lögum ennþá.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 126, 138).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 138. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Þetta frv. lá fyrir hv. Ed. í fyrra og náði samþykki d., en varð ekki útrætt í hv. Nd., enda var þess tæplega að vænta, þar sem frv. kom seint fram.

Við umr. í fyrra kom það í ljós, að ýmsir hv. þm. litu svo á, að í frv. væri gengið nokkuð langt í þá átt, að skylda menn til þess að hafa tvöfalt bókhald.

En frv. fór þó óbreytt að mestu til hv. Nd. hvað þetta atriði snerti. Þó voru nokkrar breyt. gerðar og ákvæði frv. nokkuð milduð í þessu efni, og ætla ég, að það hafi verið til bóta.

Nú hefir allshn. athugað frv. þetta að nýju, og er hún sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með nokkrum breyt., sem aðallega miða að því að draga úr bókhaldsskyldu smærri fyrirtækja og atvinnurekenda.

Fyrsta brtt. n. á þskj. 126 er við 3. gr. frv., 3. lið, og gengur út á það, að í stað „6 smál." komi: 12 smálesta. Í frvgr. er sagt, að þeir, sem starfrækja 2 báta undir 6 smál. brúttó hvorn, skuli undanskildir bókhaldsskyldu. N. sér ekki ástæðu til að binda þetta við svo litla báta, og leggur því til, að bókhaldsskyldan sé bundin við 12 smálesta báta.

Þá leggur n. einnig til, að bætt sé aftan við sama lið sömu gr. orðunum: „Nemandi er í lögum þessum talinn aðstoðarmaður". Ef handiðnamaður hefir t. d. 2—3 nemendur, þá gæti auðveldlega orðið ágreiningur um það, hvort bæri að telja þá aðstoðarmenn eða ekki. N. vill hafa glögg ákvæði um þetta, til þess að koma í veg fyrir allan slíkan ágreining.

Þá er brtt. við 5. gr. Þessi gr. verður ekki skilin öðruvísi en að gert sé ráð fyrir, að samriti af færslu frumbókar skuli skilað í hvert sinn, sem einhver skipti verða milli tveggja aðila. En n. vill ekki binda slíka skyldu við smá-viðskipti milli tveggja aðila, t. d. ef hlutur er keyptur af smið, en telur það aftur á móti rétt, ef um verzlunarviðskipti er að ræða. — Leggur því n. til, að í stað orðanna „verzlunarviðskipti" í 1. málsgr. komi: viðskipti, — og í stað „vöruna" komi: vöru, — og upphaf síðari málsgr. orðist svo: „Í verzlunarviðskiptum skal samrit af færslu frumbókar jafnan látið viðskiptavini í té".

Þá er loks brtt. við 14. gr., að orðið „bókhaldsskyldum" í niðurlagi gr. falli burt. Það er gert ráð fyrir því í 14. gr., að hver bókhaldsskyldur maður skuli geyma í skipulegri röð öll bréf og símskeyti, sem viðkoma atvinnu hans og hann tekur á móti, og ennfremur geyma samrit af öllum bréfum og símskeytum, sem hann sendir öðrum bókhaldsskyldum og viðkoma atvinnu hans. En n. taldi réttara, að halda skuli eftir afriti af öllum viðskiptum, hvort sem þau eru við bókhaldsskylda eða ekki, enda ætti það ekki að valda mönnum neinum erfiðleikum að ráði.

Þá hefir n. komizt að þeirri niðurstöðu, eftir að hún skilaði nál., að rétt væri að fella niður 21. gr. Þar segir, að „þeir, sem bókhaldsskyldir eru samkv. eldri lögum, en eigi færa bækur, sem fullnægja ákvæðum laga þessara, mega hafa bókhald sitt óbreytt til loka reikningsárs þess, er yfir stendur, er lög þessi öðlast staðfestingu".

Lögin öðlast gildi 1. jan. 1932, eins og tekið er fram í 24. gr. N. telur því, að lögin skuli ná jafnt til allra, sem bókhaldsskyldir eru samkv. þessum l., og vill því fella niður 21. gr.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þessar fáu brtt. n. Hún telur, að þær séu allar til bóta, og vonar, að þær verði samþ.

Pétur Magnússon: Þó ég hafi skrifað athugasemdalaust undir nál., gerði ég það talsvert hikandi, því ég er í efa um, hvort ekki er of langt gengið í þessu frv. í því að skylda menn til að hafa bókhald. Það er ljóst, að margir þeirra, sem gerðir eru bókhaldsskyldir samkv. þessu frv., eru ekki færir um að annast það sjálfir og þó sízt, ef um tvöfalt bókhald er að ræða. Yrðu þeir því að kaupa til þess menn, og væri það dálítill aukakostnaður fyrir þá.

En það, sem gerði það að verkum, að ég vildi ekki gera þetta að ágreiningsatriði í n., eru undanþáguákvæði 4. gr. frv., en þar segir, að lögreglustjórum sé heimilt að veita smáatvinnurekendum undanþágu til allt að 5 ára í senn frá því að færa bækur sínar eftir reglum tvöfaldrar bókfærslu. Ég stóð einmitt aðallega upp til þess að vekja athygli á, að í umr. um málið í n. var gengið út frá því sem sjálfsögðu, að þessu undanþáguákvæði yrði frjálslega beitt. Og ég vildi láta þetta koma hér fram, til þess að lögreglustjórar viti, út frá hverju er gengið við setningu þessara laga.

Þá vildi ég skýra frá því, að ég lagði það til í n., að þetta frv. væri sent iðnráðinu til umsagnar, en samnm. mínir

gátu ekki séð ástæðu til þess. Ég tel þetta heldur verr farið, því að mínu áliti ætti þó frekar að vera til gagns en ógagns, að fulltrúar þeirra stétta, sem frv. varðar mestu, fái að segja álit sitt um það. En úr þessu má ef til vill bæta ennþá, milli 2. og 3. umr., ef hv. samnm. mínir vilja fallast á það.

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Það er rétt tekið fram hjá hv. 4. landsk. viðvíkjandi starfi n., að hann leit nokkuð öðrum augum á það en við hinir, hve langt skyldi ganga í því að skylda menn til að hafa tvöfalt bókhald. Vildi hv. 4. landsk. frekar draga úr ákvæðum frv., en skrifaði þó undir nál. fyrirvaralaust, svo að ekki er hægt annað að segja en að samkomulag hafi verið gott í n.

Hvað iðnráðinu viðvíkur, þá lagði hv. 4. landsk. ekki mikla áherzlu á, að frv. þetta væri borið undir það, fyrr en eftir það, að n. hafði skilað nál. sínu; þá lét hann það í ljós við mig, að hann óskaði eftir, að það væri gert. Annars má auðvitað gera það nú á milli 2. og 3. umr., ef samkomulag fæst um það í n. Annars fylgdi frv. þessu upphaflega nokkur grg. frá verzlunarráðinu. En það er efamál, hvort rétt er að bera frv. sem þetta undir aðra en þá, sem sérstaka þekkingu hafa á bókhaldi, og ef það er rétt, að iðnaðarmenn séu yfirleitt ekki vel að sér í bókfærslu, þá er tæplega ástæða til þess að bera frv. undir þá.

Annars hlýtur öllum að vera það ljóst, að því minna sem fyrirtækið er, því minni fyrirhöfn er að færa bækur samkv. því, sem fyrir er mælt í frv. Mun það því varla baka mönnum aukið erfiði svo neinu nemi. Og þó að menn þurfi eitthvað að læra til þess, þá er það varla svo mikið, að hver og einn geti ekki lagt það á sig.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 126,1.a samþ. með 8 shlj. atkv.
— 126,1.b samþ. með 8 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 126,2,a samþ. með 8 shlj. atkv.
— 126,2.b samþ. með 8 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 8 shlj atkv.
7.—13. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 126,3 samþ. með 8 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
15.—20. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 138 (21. gr. falli niður) samþ. með 8 shlj. atkv.
22.—24. gr. (verða 21.—23. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., 18. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 144, frhnál. 192).

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. 192.— Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Við 2. umr. þessa máls gat hv. 4. landsk. þess, að hann óskaði þess, að frv. yrði sent Iðnráði Reykjavíkur til umsagnar. N. féllst á þetta og hefir sent frv. til iðnráðsins. Eftir að hafa fengið svar iðnráðsins féllst n. á nokkrar lítilsháttar brtt. við frv., og er þær að finna á þskj. 192.

Iðnráðið hefir með bréfi til n., sem ég með leyfi hæstv. forseta ætla að lesa upp úr, komizt svo að orði:

„Með lögum nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað, er ákveðið, að handiðnaður allur heiti „iðnaður", en vélaiðnaður og verksmiðjuiðnaður „iðn". Fyrir þessar sakir leggur iðnráðið til, að 5. liður breytist þannig, að þar komi „iðnaður" í stað „iðju".

Iðnráðið segir, að þessi skýrgreining á orðunum iðnaður og iðja sé að festast í málinu og vill því, að það sé fært inn í þessi lög.

Einnig leggur iðnráðið til, að breytt sé í 11. lið 2. gr. orðinu byggingarmeistari í orðið húsameistari, og telur, að það muni betur skýra, hvað við er átt.

Þá hefir n. ekki tekið til greina fleiri till. frá iðnráðinu, en aftur á móti hefir

henni verið bent á af einum dm., að ekki myndi það hafa þýðingu að láta standa í 6. gr. þessi orð: „Þeir, sem hafa sjálfvinnandi peningakassa, geymi reikninginn með ástimplaðri niðurstöðutölu sem fylgiskjal með innfærslunni". — N. hefir fallizt á, að ekki væri ástæða til þess að geyma þennan renning, því að ekki getur hann talizt svo merkilegt sönnunargagn. N. flytur því einnig þessa brtt.

Hefi ég svo ekki fleira um þessi mál að segja.

ATKVGR.

Brtt. 192,1,a. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 192,1.b. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 192,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., 19. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 208).

Á 30. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Nd., 24. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Benedikt Sveinsson [óyfirl.]: Þetta frv. er eitt af þeim, sem miða að því, að bæta frágang á bókfærslu hjá allskonar viðskiptastofnunum og koma henni í það horf, að glöggt og auðvelt sé að sjá hag þeirra, hvenær sem er. Frv. miðar því í sjálfu sér í rétta átt. En þótt svo sé, þá vildi ég samt mælast til þess, að sú hv. n., sem fær frv. til meðferðar, athugi það vel, hvort ekki er í frv. of mikið heimtað í einum rykk. Undir ákvæði frv. koma margskonar stofnanir og starfsemi, sem ekki hafa þekkt til þessa bókhalds áður. En nú verða þær skyldugar til þess, eins og frv. segir. Að koma þessu á í einum rykk held ég, að valdi vafningum og vandræðum þeirra, sem fyrir því verða. Þá mun það og valda ekki litlum aukakostnaði, því margir munu fyrst í stað verða að fá sér aðstoð, á meðan þeir kunna ekki sjálfir til þessarar bókfærslu.

Samkv. því, er ég hefi sagt, álít ég það því vera verkefni n. að ganga í gegnum 2. gr. frv. og taka út úr henni ýmsar tegundir af smærri atvinnurekstri, sem eru þess eðlis, að vart má koma við að hafa þá bókfærslu, sem í lagi megi teljast eftir ákvæðum þessa frv.

Íslendingar hafa á ýmsum sviðum orðið að feta sig smátt og smátt fram. Ýms ábyrgðarfélög og tryggingarfélög hafa verið stofnuð og litlar kröfur gerðar til þeirra í byrjun. En svo hefir verið hert á kröfunum smátt og smátt. Er það að mínu viti rétt leið, þegar um nýbreytni, sem krefst þekkingar, er að ræða, að láta hana ekki vera mjög viðfeðma í byrjun, heldur mun rétt að færa hana út smátt og smátt, eftir því sem menn venjast henni og þekking manna eykst. Unga fólkið, sem meiri menntun fær, kemur líka smátt og smátt inn í þessa starfsemi, og til þess mætti gera fyllri kröfur. Og þá mætti bæta inn í l. því, sem nú gæti verið rétt að fella niður úr frv.

Ég er nú að vísu enginn fræðimaður á þessu sviði. En ég hefi orðið var við menn, sem fást við smáa afurðasölu og þess háttar. Þeir hafa enga bókfærslu þurft að hafa aðra en þá, að þeir hafa krotað í vasabókina sína. Ég veit, að þeir kvíða mjög þeirri flóknu bókfærslu, sem lögin fyrirskipa. Vil ég vænta þess, að hv. n. taki þetta mjög til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Kirkjugarðar.

Á 1. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um kirkjugarða (stjfrv., A. 24).

Á 5. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég get verið stuttorður um þetta mál. Samskon-

ar frv. var lagt fyrir síðasta þing, svo hv. þdm. er það eigi ókunnugt. Það er hliðstætt frv. um kirkjur, sem lagt hefir verið fyrir hv. Nd. Fer það í þá átt að tryggja friðhelgi og verndun kirkjugarða og heimilisgrafreita og gerir ráðstafanir til, að þeir geti litið út eins og kirkju landsins sæmir.

Að lokinni þessari umr. legg ég til, að frv. verði vísað til allshn.

Jón Þorláksson: Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til menntmn.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég sé ekkert á móti því, að málið fari til menntmn., og get því fallið frá minni till.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 4. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 72).

Frsm. (Jón Jónsson): Menntmn. hefir athugað þetta frv. og komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé fyllilega þess vert, að það verði leitt í lög. Það hefir að geyma ýms nánari ákvæði um þetta efni en í núgildandi lögum er, og að sumu leyti er það breyt. á þeim lögum, sem gilda nú í þessu efni. Það má heita þjóðarsómi, að kirkjugörðum sé haldið vel við og betur en átt hefir sér stað hingað til, og að því munu þessar breyt. stuðla, ef þær komast í framkvæmd. Ég skal þá að nokkru rekja þau ákvæði, sem hér á að breyta frá því, sem hingað til hefir verið.

Fyrst er það, að hver maður eigi rétt til legstaðar í þeirri sókn, sem hann er búsettur í, og líka í þeim kirkjugarði, sem hann í lifanda lífi hefir óskað eftir að vera grafinn í, en eftir þeim lögum, sem gilda um þetta nú, sem mun vera Kristinréttur Árna biskups, þá áttu menn ekki rétt til að vera grafnir í sinni sókn, ef þeir önduðust utan sóknar.

Meginbreytingin frá núgildandi lögum liggur þó ekki í þessu, heldur er hún viðvíkjandi því ákvæði, sem er í núgildandi lögum, þar sem ákveðið er, að kirkjugarðarnir skuli vera eingöngu safnaðarmál. Safnaðarstj. áttu að sjá um að koma þeim upp og einnig að útvega kirkjugarðsstæðið. Kostnaðinum átti síðan að jafna niður sem öðrum safnaðargjöldum. Nú á að gera breyt. hér á. Sveitarfélögunum er gert að skyldu að leggja til kirkjugarðsstæðið, þó svo, að þær kvaðir, sem kunna að vera á jörðum og lóðum, þar sem kirkjugarðar eru, haldist óbreyttar. Jafnframt þessu er það ákvæði tekið upp, að gjöldum viðvíkjandi kirkjugörðum verði jafnað niður á sama hátt sem útsvörum, eftir efnum manna og ástæðum, en ekki sem persónugjaldi, eins og verið hefir um öll sóknargjöld. Þetta er ef til vill stærsta breytingin.

Þá er ákvæði um það, að þegar nýr kirkjugarður er byggður eða gamall stækkaður, skuli leita álits héraðslæknis viðvíkjandi því og fá vottorð hans um það, að kirkjugarðsstæðið sé valið samkv. heilbrigðisreglum. Sömuleiðis á að gera uppdrátt af kirkjugarðsstæðinu, sem biskup og kirkjumálaráðuneytið samþykkir. Sama skylda er viðvíkjandi þeim görðum, sem nú eru notaðir. Af þeim á að gera uppdrátt og senda hann til biskups og kirkjumálaráðuneytisins.

Þá er í frv. ákvæði um grafkapellur. Sóknarnefnd þarf ekki að leyfa þær nema gegn ákveðnu gjaldi. Getur hún og sett ákvæði um það, hvernig þeim skuli fyrir komið.

Þá er ákvæði um líkbrennsluna. Ef menn vilja, geta þeir látið grafa duftið í kirkjugarði eða grafhvelfingu. Annars eru lög um líkbrennslu frá 1915 látin standa óbreytt.

Þá er svo kveðið á, að skógræktarstjórn landsins sé skylt að láta af hendi ókeypis trjáplöntur til að prýða með kirkjugarða, sem má búast við, að meira verði gert að hér eftir en hingað til.

Heimilt er mönnum að stofna legstaðasjóð og tryggja sér með því viðhald á legstað sínum eða vandamanna sinna. Sjóði þessa skal fela á hönd sóknarnefnd, og er hún þá skyld til að halda legstöðunum við.

Sóknarnefnd er heimilt, að fengnu sam-

þykki safnaðar- og héraðsfundar, að koma á samþykkt, sem ákveður, að legkaup skuli greiða.

Þá er ákvæði um heimagrafreiti. Þeir eru leyfðir með nánari ákvörðun, helzt því, að sett sé trygging fyrir því, að þeim sé haldið sæmilega við.

Loks er um grafreiti utanþjóðkirkjusafnaða, sem hafa sérstakan grafreit fyrir sig. Þeir skulu vera lausir við öll gjöld til grafreita þjóðkirkjunnar. Í því sambandi vil ég geta þess, að n. fannst það álitamál, hvort ekki væri rétt að veita þessum sérstöku söfnuðum rétt til að fá ókeypis kirkjugarðsstæði og önnur þau fríðindi, sem ákvæðin eru í þessu frv. til handa þjóðkirkjusöfnuðunum. Í því skyni flutti hún brtt. á þskj. 72. En eftir nánari upplýsingar, sem n. fékk frá safnaðarstjórninni hér í bænum, vill hún taka þetta aftur til frekari athugunar, og tekur því brtt. aftur til 3. umr.

Af öllu þessu vona ég, að hv. dm. sé það ljóst, að í frv. eru ýmis ítarlegri ákvæði en áður voru í þessu efni og stuðla að því, að betri hirða verði á kirkjugörðum en verið hefir. Leggur n. því til, að frv. verði samþ.

Halldór Steinsson: Við yfirlestur þessa frv. rak ég mig á ákvæði um niðurlagða kirkjugarða. Álít ég, að þar sé ákvæði, sem gengur ekki nógu langt. Í 23. gr. stendur, að þegar 20 ár eru liðin frá því að kirkjugarður hefir verið lagður niður, þá sé heimilt að slétta yfir garðinn, ef safnaðarfundur og ráðuneytið samþykkir. Í sveitum er nú þegar búið að slétta yfir marga gamla kirkjugarða. Í sama kafla er það einnig ákveðið, hvernig verja skuli slíka garða fyrir skemmdum, sem á þeim kunna að verða. Það er aðallega 25. gr., sem mér finnst ekki ganga þar nógu langt og ekki ná því marki, sem ætlazt er til. Þar stendur svo, — með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem sjór brýtur gamla kirkjugarða eða niðurlagður kirkjugarður eyðist af uppblæstri, svo að bein framliðinna koma í ljós, ber prófasti að tilkynna kirkjustjórninni það. Gerir hún fornmenjaverði aðvart, og getur hún þá með ráði hans gert þær ráðstafanir, sem þurfa þykir. Er sóknarnefnd þá skylt, ef þess er krafizt, að láta færa bein framliðinna til greftrunar í kirkjugarði sóknarinnar, á kostnað kirkjugarðsins".

Framkvæmd á þessu finnst mér vera allt of vafstursmikil. Fyrst á að gera prófasti aðvart. Nú getur verið, að hann sé ekki nálægur. Síðan á hann að láta kirkjustj. vita um þetta og kirkjustj. á að gera fornmenjaverði aðvart. Allt þetta vafstur getur tekið framundir ár. Ég vek sérstaklega máls á þessu, af því að mér er kunnugt a. m. k. um tvo niðurlagða kirkjugarða, sem eru að eyðileggjast, bæði af uppblæstri og ágangi vatns. Ég veit til þess, að kirkjugarður, sem er úti á eyju og hefir verið lagður niður fyrir mörgum árum, hefir orðið fyrir svo miklum uppblæstri, að bein hafa komið þar upp úr svo að segja hverju leiði. Um þetta hefir ekkert verið hirt, svo að mér sé kunnugt, en útlendingar hafa flutt þaðan heila hestburði af beinum, sem þeir hafa fengið gefins eða með lágu verði.

Ég get bent á annað tilfelli þar vestra, ekki langt þar frá, sem ég á heima. Þar er kirkjugarður, sem var sléttaður út fyrir 10—12 árum, að mig minnir. Vatnsfall rennur þar rétt hjá bænum. Hefir myndazt hár bakki, þar sem garðurinn er, því að vatnið hefir grafið þar allmikið, svo að nú standa út úr bakkanum endar á 8 eða 9 líkkistum. Þetta særir ekki aðeins tilfinningar þeirra, sem eiga þarna jarðaða vini og vandamenn; það særir tilfinningar hvers manns, sem þetta sér. Síðast þegar ég reið þar um mátti sjá kistuendana út úr bakkanum og bein á víð og dreif á eyrunum með ánni. Og vegna þess að engin lagaákvæði eru um það, hvernig að skuli fara í svona tilfellum, þá hefir sóknarnefndin og ábúandinn á þessari jörð verið að deila um það, hver bera skuli kostnaðinn við þetta. Slíkt má ekki eiga sér stað.

Ég get ekki séð, hvað fornmenjaverði kemur þetta mál við. Ég veit ekki, hvað það á að þýða að fara að gera honum aðvart, þó að úr jörðu komi bein manna, sem ef til vill hafa dáið fyrir aðeins 50—60 árum. Þar getur ekki verið um neinar fornmenjar að ræða.

Þessi grein ætti að vera þannig, að sóknarnefndum væri gert að skyldu að koma beinum látinna manna í kirkjugarð

undir eins og þau kæmu úr jörð. Ég vil sérstaklega beina því til hv. n., að hún athugi þessa gr. frv. og reyni að koma á öðruvísi skipulagi um niðurlagða kirkjugarða.

Frsm. (Jón Jónsson): Það má vel vera, að þörf sé á að athuga betur þessa gr., sem hv. þm. Snæf. minntist á. En með þessu frv. er þó gengið lengra í þessa átt en gert er í núgildandi lögum. Í frv. eru skýr ákvæði, hvað gera skuli í svona tilfellum, þó að það sé ef til vill nokkuð vafningasamt.

Mér finnst alveg rétt, að fornmenjavörður sé látinn athuga svona leifar. Þær geta verið margra alda gamlar, og er því rétt, að hann athugi þær. Ég hygg, að ef röggsamlega er gengið að þessum málum, þurfi ekki langur tími að fara til þess að gera þeim aðvart, sem tekið er fram í frv., að þetta skuli vera tilkynnt.

Ég þarf svo ekki að segja meira að svo stöddu, en hefi ekkert á móti því, að n. athugi þetta til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8. shlj. atkv.
3.—7. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
8.—12. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
13.—16. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
17.—19. gr samþ. með 8 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 7 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 5:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBald, JónJ, EÁ, EF, GL,
nei: JóhJóh, JÞ, BK, HSteins.
Fimm þm. (IP, JónasJ, PH, PM, GÓ) fjarstaddir.
22.—24. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
25. gr. samþ. með 6:2 atkv.
26.—28. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
29.—32. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
33.—37. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Brtt. 72 tekin aftur.
38. gr. samþ. með 7:1 atkv.
39.—43. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 24, 99).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 99. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Jónsson): Þetta frv. um kirkjugarða fékk svo góðar undirtektir við 2. umr., að það var samþ. eins og það lá fyrir. En út af aths., sem hv. þm. Snæf. kom fram með, hefir n. tekið eitt atriði til athugunar síðar, og það er það, sem minnzt er á í 25. gr. frv., hvað eigi að gera við gamla eða niðurlagða kirkjugarða, sem eyðzt hafa af uppblæstri. Til þess að ganga til samkomulags við hv. þm., hefir n. leyft sér að koma með brtt. á þskj. 99, svo að gr. verður nokkuð öðruvísi, þannig að sóknarnefndum er lögð á herðar rík skylda að tilkynna fornmenjaverði eða prófasti skemmdir á kirkjugörðum. Ég vona, að hv. þm. geti sætt sig við þessi málalok, sem gert er ráð fyrir.

Halldór Steinsson: Ég er þakklátur n. fyrir að hafa tekið til greina aðfinnslur mínar, og mun ég geta fylgt þessari brtt., þó mér finnist hún ekki ganga nógu langt. Mér finnst eðlilegast, að sóknarnefndum sé gert að skyldu strax að annast viðgerðir, þegar slíkar skemmdir koma fram, án þess að gera fornmenjaverði eða prófasti viðvart. Öll slík töf á málinu er óþörf. En þessi brtt. er til bóta frá því, sem áður var í frv., og er ég henni því samþykkur.

ATKVGR.
Brtt. 99 samþ. með 9 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 107).

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15. shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

23. Veiting prestakalla.

Á 1. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um veitingu prestakalla (stjfrv., A. 28).

Á 5. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Frv. þetta var borið fram hér í hv. d. í fyrra og er því hv. þdm. kunnugt.

Í því er eitt talsvert mikilsvert nýmæli, er það fyrirkomulagsbreyt. á því, hvernig prestar hljóta embætti. Eftir þessu frv. á það ekki að vera eftir beinni kosningu safnaðanna, heldur með einskonar ráðningu. Þetta er atriði, sem ég get búizt við, að þráttað verði um. Hér er um að ræða vandamál, sem talsverðum erfiðleikum er bundið að ráða fram úr, og ég get hugað mér, að ef til vill megi finna aðrar leiðir en þá, sem hér er gert ráð fyrir að fara. Skal ég svo ekki fara frekar út í þetta mál nú, en legg til, að frv. verði vísað til allshn.

Halldór Steinsson: Ég get ekki verið sammála hæstv. dómsmrh. um það, að breyt. sú á vali presta, sem frv. ræðir um, sé aðeins fyrirkomulagsbreyt. Mér finnst að með því að samþ. þá breyt. væri stigið stórt spor aftur á bak. Það er einkennilegt, að nú, þegar sú stefna er yfirleitt ríkjandi, að rýmka á öllum sviðum almennan kosningarrétt, skuli stj. flytja frv., sem skerðir svo mjög rétt safnaðanna sjálfra til að kjósa sér prest, en leggur valdið til þess að mestu leyti undir sóknarn. Þó að söfnuðirnir kjósi sóknarn., getur vel komið fyrir, að hún leggi til, að „kallaður" sé prestur, eins og það er nefnt í frv., sem söfnuðurinn yfirleitt er ekki allskostar ánægður með. Að vísu eiga safnaðarmeðlimirnir að hafa rétt til að kvarta undan vali sóknarn., en bæði er það, að talsverðan hluta safnaðarins þarf til þess, að slíkt sé tekið til greina, og svo er það eins og gengur, að menn fara ekki æfinlega að hreyfa kærum, þó að menn séu ekki allskostar ánægðir.

Ég vildi vekja athygli n. þeirrar, sem væntanlega fær þetta mál til athugunar, á þessu atriði, og vil ég mælast til, að hún íhugi ræki lega, hvort ekki muni óheppilegt að breyta því fyrirkomulagi á kosningu presta, sem núgildandi lög ákveða.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Háskólabygging.

Á 10. fundi í Ed., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um byggingu fyrir Háskóla Íslands (stjfrv., A. 23).

Á 20. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég get verið stuttorður um þetta mál. Frv. um sama efni lá fyrir þessari deild í fyrra, og er nú borið fram svo að segja óbreytt eins og það var eftir 3. umr. hér í d. í fyrra. Frv. kom þá svo seint fram, að því vannst ekki tími til þess að fara til hv. Nd., en eftir þeim undirtektum, sem það fékk hér í d. í fyrra af hálfu allra flokka, þá er mjög sennilegt, að það nái afgreiðslu á þessu þingi, og verður að telja það vel farið. — Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni, en leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 9 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 228, 248).

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Þetta frv. um byggingu fyrir Háskóla Íslands var afgr. af þessari d. í fyrra með nokkurn veginn einróma atkv. Menntmn. hefir athugað frv., og meiri hl. hennar er

sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það fór héðan í fyrra. Aftur á móti hefir minni hl., hv. 3. landsk., gert þá brtt., að þar sem gert er ráð fyrir, að ríkisstj. hafi heimild til að láta reisa bygginguna á árunum 1934—1940, vill hann, að tímabilið verði fært nokkuð fjær, svo að ekki þurfi að byrja fyrr en 1936 og verkið megi standa yfir til 1946 eða í 10 ár. Meiri hl. n. sá ekki ástæðu til að fallast á þessa brtt. hv. 3. landsk., því að hann leit þannig á, að þar sem 10 ár eru til stefnu þangað til verkinu þarf að vera lokið samkv. frv., þá sé það nógu langur frestur. En hinsvegar álítur meiri hl. fulla þörf á að byrja á háskólabyggingu fyrir ríkið og sér ekki ástæðu til að draga lengur, hvorki að ráðast í verkið né draga það á langinn. Það má ef til vill segja, að ekki ári vel til að leggja út í stórbyggingar eins og nú standa sakir, en bjartsýnir menn vona, að breyt. geti orðið fyrir 1934, þó að erfitt sé árið 1931, og yfirleitt höfum við ástæðu til að vona, að þótt kreppa sé nú, þurfi hún ekki að standa svo lengi, að þörf sé að fresta þessu máli af þeim ástæðum. Það er varla þörf á að fjölyrða um málið frá hendi meiri hl.; ég vænti þess, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá þessari hv. d. á síðasta þingi.

Jón Jónsson: Ég á hér litla brtt. á þskj. 248. Ég viðurkenni fyllilega, að bygging fyrir Háskóla Íslands er náttúrlega nauðsynjamál og þarf að framkvæmast áður en langir tímar líða, því að vitanlega býr háskólinn við of þröngan húsakost. En það er vandi að velja um, hvað skuli bíða, þegar verkefnin eru óþrjótandi. Undanfarið hefir alloft bólað á því, að menn hafa viljað binda eftirfarandi þing og stj. um fjárframlög. Þetta getur verið gott í einstöku tilfellum. Þegar verið er að efla atvinnuvegina, er það ekki eins aðgæzluvert og þegar féð á að ganga til þess, sem engan beinan arð gefur. Eins og nú stendur, virðist mér búið að hlaða þannig á fjárl. gjöldum, að ef ekki árar betur en nú, verði lítið afgangs að fráteknu því, sem þegar er fastbundið. Það verður því að fara gætilega. Nú stendur líka svo á, að kreppa er skollin yfir, og þess vegna hefir mér þótt gætilegra að leggja til, að dregið sé nokkuð úr skyldunni, sem frv. leggur á fjárveitingavaldið, og að því verði frestað til 1936 að byrja þurfi á framkvæmdum, en megi svo eftir ástæðum láta bygginguna standa yfir allt að 10 árum. Ég geri ráð fyrir, að það skipti ekki öllu fyrir stofnunina, hvort á byggingunni stendur lengur eða skemur, heldur hitt, að allt verði sem fullkomnast, þegar það kemur. Þetta álít ég gætilegra, en ekki geri ég það að neinu kappsmáli.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vil þakka hv. n., bæði meiri hl. og minni hl., fyrir sínar till., sem eru áframhald af því, sem d. samþ. í fyrra, og eru líklegar til að þoka málinu áfram. Ég álít, að sú varfærni, sem kemur fram hjá hv. 3. landsk., sé alveg eðlileg, eins og útlitið er sem stendur. En ég get ímyndað mér, að þó að brtt. yrði samþ., þyrfti það ekki að breyta neinu. Það má nú í sjálfu sér ekki gera ráð fyrir örari fjárframlögum en eftir lögunum, en ef vorhugur yrði í þeim mönnum, sem lifa á árunum 1936—1940, mundu þeir verða búnir að gera þetta eins fljótt og frv. gerir ráð fyrir eins og það er nú. Ég viðurkenni fyllilega rök hv. 3. landsk., en vona hinsvegar með meiri hl. n., að kreppan standi ekki svo lengi, að það saki, þó að frv. sé samþ. eins og það er.

Ég skal taka það fram, að þegar ég tók til þetta tímatakmark, þá var það gert í sambandi við þá breytingu, sem ef til vill verður um líkt leyti, að þjóðin taki í sínar hendur öll sín mál. Þá fannst mér það mjög óviðkunnanlegt, að háskólinn væri húslaus, þegar við stigjum það stóra spor. Þetta er vitanlega í engri mótsögn við það, sem kom fram hjá hv. 3. landsk. Getur vel verið, að þjóðinni verði það erfitt að taka í einu á sig kostnaðinn af utanríkismálum sínum og háskólabyggingu. En þjóðin hefir nú einu sinni lýst yfir vilja sínum í sjálfstæðismálunum og verður að taka því, sem af því leiðir. Það er bundið mörgum erfiðleikum fyrir 100 þús. manna í stóru landi að ætla að halda hér uppi alhliða menningarlífi. En það dugir

ekki að láta einn hlekk slitna út úr. Ríkið hefir látið reisa útvarpsstöð, sem kostar meira en þessi bygging og nær líka til fleiri manna til að byrja með, og var nauðsynleg. Ég minni á þetta til að undirstrika það, að þótt háskólinn geti lifað nokkur ár áfram eins og hingað til í þröngum húsakynnum, þá er það svo erfitt, að ekkert nema getuleysið getur afsakað, að við eigum enga byggingu fyrir hann. — Ég þakka n. fyrir till., sem ég þykist viss um, að verði bæði í bráð og lengd til að greiða fyrir þessu máli.

Halldór Steinsson: Þetta er eitt af þeim frv., sem má segja, að sé meinlaust og gagnslaust. Hér er verk, sem ekki á að framkvæmast fyrr en eftir nokkur ár. Ég álít, að þetta frv. sé alls ekki til þess, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að þoka málinu áfram. Það vita allir menn, að þetta kemur því aðeins til greina, að fé sé fyrir hendi. Við höfum nógu mörg dæmi um slík lög frá Alþingi, t. d. hafnarlög, sem nú eru búin að standa ein 10—12 ár, án þess að nokkrar framkvæmdir hafi átt sér stað. Og enn er nógur tími til að semja lög um þessa háskólabyggingu, þó að það væri geymt, þangað til von er um, að fé sé fyrir hendi til framkvæmdanna. Það er svo mikill áhugi fyrir velgengni háskólans, að ekki er nokkur hætta á, að fylgið mundi þá vanta til þess að koma lögunum fram og koma á fót þessari stofnun. Ég verð að telja þetta frv. alveg þýðingarlaust og gagnslaust. En ég sé ekki ástæðu til að leggjast beint á móti því, að það sé athugað, þótt það nái skammt til að hrinda þessu máli í framkvæmd.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. þm. Snæf. hefir máske ekki hugsað málið nægilega til að sjá, að það var einmitt rétt, sem ég sagði, að þetta frv. þokaði málinu áfram. Hér er ef til vill ekki tekið eins stórt stökk og hv. þm. vildi stíga. En segjum, að ekkert væri gert nú, og eftir 2—3 ár væri farið að batna í ári og menn vildu þá fara að byggja háskóla og hefðu peninga til þess. Þá væri það ekki alveg nóg, því að svona bygging þarf rækilegan undirbúning. Og ef hann verður ekki hafinn fyrr en rétt þegar á að fara að byggja, gætu auðveldlega orðið mörg misstigin spor. Ég skal nefna eitt, sem þegar er gert til undirbúnings, að nú hefir Reykjavíkurbær tekið svo vel í málið, að í stað þess, að fyrst var talað um, að hann léti litla lóð handa stúdentagarði og háskóla, hefir nú verið lofað, að bærinn láti stóra lóð og þýðingarmikla, sem nægir í margar aldir. Þetta sýnir, að ekki er ráð, nema í tíma sé tekið.

Jafnvel þó að hv. þm. Snæf. og flokksmenn hans felldu þetta mál nú, sem ég vona þó, að þeir geri ekki, mundi það fljótt verða tekið upp aftur og látið ganga fram.

Halldór Steinsson: Hæstv. dómsmrh. heldur því fram, að þessi lög séu nauðsynleg vegna þess, að málið þurfi svo langan undirbúning. Ég kannast við, að þess kann að þurfa, en það mætti gera án þess, að lög væru sett um það. Ef sá undirbúningur þyrfti fjárstyrks, þá er mér ekki kunnugt, að neitt sé ætlað í fjárl. til þess. Mér hefði þótt meira vit í því, ef vissa fjárhæð ætti að leggja í sjóð, svo að eitthvað væri til þess að byrja með, þegar til kemur. En þar sem þetta frv. gerir ekki ráð fyrir neinu fé, hvorki til undirbúnings né til að byrja á háskólabyggingunni, þá þykir mér mjög þýðingarlítið eða þýðingarlaust að samþykkja málið á þessu stigi.

ATKVGR.
Brtt. 248 felld með 8 : 5 atkv.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 23, 261).

Jón Þorláksson: Þessi brtt., sem hér liggur fyrir, fer aðeins fram á það, að endirnum á 1. gr. verði sleppt. Það er í sjálfu sér ekki hugsanlegt, að í þessu liggi nein efnisbreyt., en mér finnst það þó lýti á frv. að hafa það skylduákvæði, að ljúka ekki byggingunni allri í einu.

Það gæti staðið svo á, að hægt væri að ljúka byggingunni, en ef hentugt þætti að hafa eins og stendur í niðurlagsgr., þá er það hægt, þótt ekki sé getið um það í lögunum.

Þegar ég lít á þetta frv. eftir á sem ákvörðun um bygging þessarar stofnunar, þá finnst mér þetta ákvæði lýti á því, — að gera ráð fyrir þeim þrengingum, sem venjulega eru þess valdandi, að byggingar eru teknar til afnota áður en þær eru fullgerðar. Ég vona, að hæstv. dómsmrh. virði þetta eins og það er meint, aðeins tilraun til að nema burt ákvæði, sem mér finnst óþarft og heldur til lýta.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég get verið samdóma hv. 1. landsk. um það, að þetta er ekki stórt atriði, hvort það stendur, sem hér er í frv., eða það, sem hann vill fella niður; ég get ekki séð, að það sé stór skaði skeður, þótt gert sé ráð fyrir þessu. Það sýnir, að sá, sem undirbjó málið, er að reyna að þoka því áfram, þótt erfitt sé. Ég álít, að það eina, sem hefir fengizt við umr. bæði hér á Alþingi og í bæjarstj. Rvíkur, sé það, að hugsað er um háskólann sem bæjarhluta, sem geti verið lengi að vaxa, og því geti þessi bygging ekki verið neitt endanlegt takmark, heldur aðeins það, sem þjóðin getur sætt sig við í t. d. 20 ár. Af þessu leiðir þess vegna, að það er ekki neitt aðalatriði, hvenær þessari ráðgerðu byggingu er lokið.

Sem gamall skólakennari hefi ég sterka tilfinningu fyrir því, hvað fari illa um þá, sem eru að læra í háskólanum, að ég ekki tali um það, að í sumum deildunum er ekki nægilegt húsrúm, hvorki til að sitja né standa.

ATKVGR.

Brtt. 261 felld með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PM, BK, GL, HSteins, JóhJóh, JÞ,
nei: JónasJ, PH, EÁ, EF, IP, JónJ, GÓ.

Einn þm. (JBald) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 34. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 23).

Á 36. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Þetta frv., sem hér kemur fram fyrir hv. þd., er nálega shlj. frv. um háskólabyggingu, sem kom fyrir hv. Ed. í fyrra, en var svo seint á ferðinni, að það náði ekki til hv. Nd. á því þingi. Hv. Ed. samþ. frv. í fyrra og nú sömuleiðis með þeim lítilsháttar breyt., er það hafði tekið.

Ég ætla ekki að fjölyrða mikið um efni þessa frv. Það er öllum kunnugt, að háskólinn hefir alla sína tíð, frá því hann var stofnaður 1911, verið húsnæðislaus, og það er öllum ljóst, að þó að Alþingi hafi lánað skólanum húsnæði hingað til, þá er það fyrirkomulag mjög bagalegt fyrir báða aðilja.

Hinsvegar hefir það nú gengið svo á síðustu árum, að háskólabygging hefir orðið að þoka fyrir öðrum stórbyggingum, sem ríkið hefir lagt í og hafa verið enn nauðsynlegri, og eru það sérstaklega spítalar víðsvegar á landinu. Nú er svo komið, að ætla má, að búið sé að framkvæma hið nauðsynlegasta á því sviði, og þá virðist mér, að háskólinn sé sú næsta stóra bygging, sem þjóðin eigi nú að stefna kröftum sínum að.

Hinsvegar tel ég, að þar sem hér er um svo afarstórt mál að ræða, og mál, sem enn er lítið undirbúið, þá veiti ekki af næstu 3—4 árum til undirbúnings þessarar byggingar eða bygginga. Virðist mér hagkvæmt að nota einmitt þá krepputíma, sem nú standa yfir, til undirbúnings þessa máls. Þó hefi ég ekki viljað hugsa mér, að endanlegar framkvæmdir mættu dragast lengur en til 1940, og því er þetta ártal sett í frv. Ég hefi orðið var við það, að sumir hv. þm. vilja telja þetta frv. þýðingarlítið, þar sem engin fjárveiting sé ákveðin í því til byggingarinnar. En ég vil halda því fram, að jafnvel þótt Alþingi hefði nú haft t. d. 600 þús. kr. til þess að láta í bygginguna, þá hefði samt ekki verið byrjað á framkvæmdum á þessu ári eða næsta ári. Undirbúningur þessa máls er mikill og hann þarf að verða vel framkvæmdur, áður en ráðist er í svo stórt fyrirtæki.

Ég vil í sambandi við það, sem ég segi hér um væntanlega háskólabyggingu

þakka bæjarstj. Rvíkur fyrir góðar undirtektir hennar um að láta ríkið hafa hagkvæma lóð fyrir háskólann. Þessi lóð, sem er um 10 ha. að stærð, er áföst við það svæði, þar sem fyrirhugaður skemmtigarður Rvíkurbæjar á að vera. Lóð þessi er svo rúm, að hún ætti að nægja um fyrirsjáanlega framtíð, enda er það mjög nauðsynlegt atriði í málinu, og frv. er byggt á þeim forsendum. Við, sem nú lifum, höfum litla hugmynd um, hvaða kröfur verða gerðar til háskóla eftir 50, hvað þá 100 eða 200 ár. Þess vegna þarf háskólinn að vera þannig skipulagður í upphafi, að hann feli í sér skilyrði til vaxtar, svo að síðari kynslóðir geti haldið áfram því verki, sem við byrjum á. Ef svo færi, að þetta frv. næði samþ. hér í hv. þd., virðist mér, að næsta stigið yrði að vera að semja við Rvík um lóðina. Þar næst gæti verið eðlilegt að taka fyrir stúdentagarðinn, sem fyrir nokkru hefir verið ákveðið að byggja og sem m. a. hefir beðið fyrir þá sök, að ekki er enn ákveðið, hvar háskólinn á að standa. Annars, þegar það er ákveðið, virðist ekkert til fyrirstöðu því að reisa stúdentagarðinn, áður en sjálfur háskólinn er byggður.

Ég vil svo að síðustu taka það fram, að ég vona, að hv. þd. sjái nauðsyn á undirbúningi þessa máls og taki því þessu frv. vel. Óska ég, að því verði að loknum umr. vísað til menntamn.

Magnús Guðmundsson: Mér kemur það næsta undarlega fyrir sjónir og skil ekki, hvaða þýðingu það hefir að setja lög, sem heimila næstu þingum að veita fé í eitthvert ákveðið fyrirtæki. Það hefir verið svo, að hvert þing hefir veitt fé úr ríkissjóði eftir sínu höfði, án þess að spyrja um það, hvað önnur þing kunna að hafa álitið um þau efni.

Þetta frv. virðist mér því, að ákveði ekki annað en það, að ekki skuli byrjað á háskólabyggingunni fyrr en 1934, og mér finnst það ekki sízt athugavert í þessu sambandi, að einn af flokksmönnum hæstv. dómsmrh. í Ed. hefir viljað skjóta málinu á lengri frest en þetta.

Hæstv. ráðh. hefir talað um húsnæðisleysi háskólans og viðurkennt nauðsyn þessa máls, en ég get ekki skilið, að þörf sé á svo löngum undirbúningstíma, sem hann vill vera láta eftir frv. Samningarnir við bæjarstj. Rvíkur um lóð fyrir skólann þurfa áreiðanlega ekki að taka langan tíma, því það er fyrirfram vitað, að bæjarstj. er samvinnufús í þessu máli og hefir gefið vilyrði fyrir ágætri lóð.

Hinsvegar gæti það einmitt dregið úr bæjarstj. Rvíkur, ef ríkið vildi endilega fresta framkvæmdum að sinni.

Ég skil það vel, að eins og nú er komið, sé ekki hægt að ákveða að byrja nú þegar, en að þurfi að ákveða, að ekki megi byggja fyrr en 1934, það skil ég ekki.

Annars væri gaman að rifja upp gömul ummæli hæstv. ráðh. um heimild stj. fyrir byggingum. Ég ætla ekki að eyða miklum tíma í að tala um það, en vil minna á, að hæstv. ráðh. sagði er hann var í stjórnarandstöðu, að það væri mesta goðgá af nokkurri stj. að leyfa sér að leggja fyrir þingið frv. um obinberar byggingar, þar sem ekki væri nákvæm teikning og kostnaðaráætlun fyrir hendi. Hann er horfinn frá þeirri skoðun nú, og er það gott, því hún er röng.

En út af því, sem hann sagði um Stúdentagarðinn, vil ég spyrja, hvenær byrjað verði á honum, veit ég, að stúdentum er það mikið áhugamál, að hafizt verði handa í því efni sem fyrst.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að sér þætti lítið gagn að þessum heimildum, en ég vil minna á, að hann hefir bæði í fyrra og í vetur borið fram frv., sem er skylt þessu, nefnilega frv. til hafnarlaga fyrir Sauðárkrók. Fyrst er byrjað að samþ. hafnarlögin; fyrst er slegið föstu að reisa bygginguna, en síðan verða menn að bíða svo og svo lengi eftir framlagi ríkissjóðs, eins og það er veitt í fjárl.

Hv. þm. sagði, að sér þætti kátlegt, að ekki mætti byrja fyr en 1934, en mér er þetta ekkert kappsmál, og væri ekkert á móti því, þó ártalið væri flutt fram, en ég býst við því, að töluverðan undirbúning þurfi á þessu máli, sem tæki tíma; en ég játa það með hv. þm., að samningar við Rvík þurfi ekki að taka svo langan tíma; að þessu standa allar deildir háskólans, sem hafa gert sínar kröfur, en þær kröfur verða að minnka eða

breytast að einhverju leyti, og nýir liðir að bætast við, sem ekki eru þarna nefndir.

Hv. þm. talaði um það, að Danir eru að reisa háskóla í Árósum. Þeir eru auðvitað ríkari en við, en þó hefir þessi háskóli þurft margra ára undirbúning. Ég hefi myndir og teikningar af því, hvernig skipulagið á að vera, og er kunnugt um, að þessa þjóð hefir tekið nokkuð mörg ár að undirbúa skipulag þessa menningarverks.

Þá spurði hv. þm., hvenær ég héldi, að byrjað yrði á Stúdentagarðinum, en byggingarnefnd hefir ekki talað neitt við mig um þetta síðasta árið, og held ég það stafi af því, að málið var vel undirbúið, búið að gera teikningar og grafa grunninn, en svo kemur sú stefnubreyting, að þeir vilja ekki byggja á sínum gamla stað. Þess vegna hefi ég sett það inn í þetta frv., að Stúdentagarðurinn gæti fengið lóð við háskólann, ef forstöðunefnd vildi. Ég held, að ef þetta væri gert, þá væri Stúdentagarðsmálinu hrint áfram, því stúdentar hafa töluvert fé og loforð um víst framlag úr ríkissjóði, þegar þeir vilja byggja. Ég get vel hugsað mér, að fyrr yrði byrjað á þessu, en býst við, að landinu þætti erfitt að leggja sinn hluta í málið á næstu missirum, en held, að hjá forráðamönnum stúdenta séu skiptar skoðanir um planið. Sumir vilja hafa eina byggingu, en aðrir Stúdentagarðsvinir vilja hafa 4 minni hús; þetta hefir ekki verið afgert enn.

Að síðustu minnti hv. þm. mig á það, að við einhverja aðra byggingu hafi ég viljað sjá teikninguna, þetta getur vel verið, ég man það ekki lengur, en það er öðru máli að gegna um minni byggingar, sem hægt er að teikna fyrirfram en það er enginn maður á Íslandi, sem getur sagt um, hvernig háskólinn muni líta út, og um slíka byggingu tekur það mikinn tíma. Það tók mikinn tíma að byggja Landsspítalann, sem er sú byggingin, sem helzt er sambærileg.

Magnús Jónsson: Mér þykir vænt um að heyra ræður þessar. Mér virðist hæstv. dómsmrh. og hv. 1. þm. Skagf. ekki greina verulega á annað en það, að hver eggjar annan á að sinna málinu sem bezt. Mér þykir vænt um, að ráðh. hefir hreyft þessu máli, þó ekki sé hægt að neita því, að margir vilja ýta við málinu og benda á, hver vilji þingsins sé í þessu efni. Ég hefi ekkert á móti því, þó hv. 1. þm. Skagf. þyki langur tími að bíða, en við höfum nú beðið svo lengi, að mönnum þykir væntum að eygja nú takmarkið, þó bíða þurfi í 3 ár. Þetta frv. er að ýmsu leyti ónógt, eftir vilja þeirra, sem finna sárt til þess, hver þörf er á háskóla, og hefði ég viljað óska, að þessu frv. hefði verið breytt þannig í meðförunum, að í því stæði, að reisa skyldi bygginguna á árunum 1934—40. Ég held, að ef þörfin er orðin svo brýn væri áhættulaust að segja þetta. Ríkið á eftir að byggja svo mikið, að það er ótrúlegt, ef ekki er búið að reisa fyrir 1940 þá byggingu, sem fyrst var um talað. Ég er ekki fjarri því, að erfitt væri að hefjast verulega handa um þetta fyrr en 1934, því það þarf mikinn undirbúning, áður en ráðlegt er að byrja; fyrst er að koma á samningum við Rvík; það hefir sýnt sig, að það er ekki vandalaust að velja betri stað en hjá Skólavörðunni, þótt annarsstaðar finnist máske fleiri, eða suður á melum, og þykir ekki ótrúlegt, þótt þeir staðir kæmu til álita.

En svo er eitt atriðið enn. Það gæti farið svo, að eftir þessi 3 ár sé málið ekki meira undirbúið en áður; það þarf beinlínis að hefjast handa um það, að þessi undirbúningur verði hafinn, því oft skjóta menn málum frá sér með þeirri afsökun, að þau séu ekki nógu undirbúin, og dregst þannig oft í mörg ár að koma þeim í framkvæmd, af þeirri einföldu ástæðu, að málin undirbúa sig ekki sjálf. T. d. er reisa skal byggingu sem háskólann, þá þarf að vanda svo geysilega allar teikningar, að ómögulegt er annað en að mikið starf og tími fari í það. Ýmsar þjóðir hafa verið að reisa háskóla hjá sér og safnað dýrmætri reynslu. Það er ekkert vit í því að reisa byggingu, sem með tíð og tíma mundi kosta milljónir kr., án þess að hugsa um það, að það þarf að byrja þannig, að hvergi þurfi að skeika út af, ekki einusinni í framtíðinni. Ég hefi skotið því fram í grein, sem ég skrifaði í Stúdentablaðið, að ekkert vit væri að reisa bygg-

ingu þessa, fyrr en búið væri að senda mann í rannsóknarför til annara landa. Kostnaðurinn yrði auðvitað mikill, en lítilfjörleg mistök yrðu miklu dýrari en þessi för.

Ég hafði hugsað mér, að sendur yrði helzt sá húsameistari, sem ætlazt væri til að teiknaði húsið, og helzt viljað að með honum yrði fulltrúi fyrir háskólaráðið.

Ég er glaður yfir því, að þrátt fyrir öll vandræðin er ekki farið að reisa Stúdentagarðinn, því að það hús á að njóta starfs þeirra manna, sem undirbúa málið. Ég veit ekki, hvort hægt væri að taka upp ákvæði í þessa átt í frv., eða hvort nokkurt fé verður veitt strax, en háskólaráðið hefir í bréfi því, sem það sendi ríkisstj., farið fram á 10 þús. kr., og með því látið í ljós sinn vilja um það, að hafizt verði handa í þessu máli. Það þyrfti sennilega að auglýsa samkeppni til að sjá, hver líklegastur væri til þess að leysa þetta verk vel af hendi. Að fela alltaf einum og sama húsameistara að reisa allar byggingar, sem ríkið tekur þátt í, finnst mér mjög óráðlegt, að þeim manni ólöstuðum, sem hingað til hefir gert það. Það er hætt við, að þær byggingar verði allar með sama svipnum; hinsvegar gæti verið, að hann gerði beztan uppdrátt, og er þá rétt að fela honum það.

Ég hefi aðeins sagt þetta til að þakka þeim, sem leggja gott til málsins, og gefa þær bendingar, sem gætu ef til vill stuðlað að því, að þessi 3 ár verði notuð þannig, að hafizt verði handa 1934 að reisa húsið.

Magnús Guðmundsson: Hæstv. ráðh. vildi líkja þessu frv. við hafnarlögin, en ég vil benda á, að þar er ekki tekið fram, að það megi ekki hefja framkvæmdir fyrir ákveðinn tíma, en hitt er rétt, að ekki er ákveðið hvenær, en það sem ég er á móti, er það, að ekki megi hefjast handa fyrr en 1934, jafnvel þó fé væri fyrir hendi. Það gleður mig að heyra, að hæstv. ráðh. segir, að hann hefði ekkert á móti því, að þessu væri breytt eitthvað, mér finnst réttara að orða það svo, að stj. væri heimilt að hafa reist byggingunа 1940. Ég á erfitt með að trúa því, að þurfi þriggja ára undirbúning, þó auðvitað þurfi talsverðan tíma, því þó kröfur komi frá háskóladeildunum, þá þarf ekki mörg ár að rannsaka þær.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé eðlilegt, þótt krafizt sé teikningar, þegar um litlar byggingar er að ræða. Það er fjarri allri skynsemi, að ekki þurfi eins teikningu að stórri byggingu sem lítilli, en ef það er rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að enginn vissi, hvernig byggingin ætti að vera, þá er undarlegt að segja, að hún megi ekki kosta nema 600 þús. kr. Mér þykir upphæðin mjög lág, og hygg það muni sýna sig, að hún er allt of lág.

Mér skildist á hv. 1. þm. Reykv., að hann væri talsvert ánægður með frv., hann kvaðst eygja markið framundan, en ég sé það ekki. Mér finnst allt bundið svo römmum skorðum í frv., að álitamál sé, hvort nokkuð vinnst.

En að síðustu vil ég geta þess, að ég tel, að þetta frv., þótt að lögum verði, hafi enga aðra þýðingu en þá, að hreyfa dálítið við málinu. En eins og það er orðað nú, gæti það óneitanlega orðið til þess að fresta málinu, að minnsta kosti engu að síður en flýta því.

Hannes Jónsson: Hv. 1. þm. Reykv. lét í ljós ánægju sína yfir kapphlaupinu milli hæstv. dómsmrh. og hv. 1. þm. Skagf. um að koma sem fyrst fram þessari háskólabyggingu. Ég verð að segja, að ég er ekki svo hrifinn af þessu kapphlaupi, og finnst mér, að þeir hefðu mátt líta betur fram fyrir fæturna á sér, áður en þeir geystust svo fast fram.

Mér skildist á hv. 1. þm. Reykv., að í frv., eins og það er, væri ekki það, sem fyrst og fremst lægi á að fá fram. Það, sem þyrfti að gera, væri að hefja undirbúning, og ég held, að ekki væri vanþörf á því, að hefja einhvern undirbúning á þessu máli, áður en sett eru lög um það, sem ekki eiga að koma til framkvæmda fyrr en eftir 3 ár. Ég hefði ekkert á móti því, að reynt væri t. d. að finna stað fyrir skólann, sem gæti orðið varanlegur samastaður fyrir hann. Ég held, að það hafi aldrei verið uppi föst skoðun um það, hvar hann á að standa. Og þó að í augnablikinu séu einhverjir, sem kunna að vera sammála um það,

þá er ekki efi á því, að eins og þetta breyttist hér um árið, þá gæti alveg eins farið nú.

Ég held, að við ættum að gefa þeim, sem að háskólanum standa og þeim, sem fremstir standa í þessum málum hér í bænum, ennþá nokkurn tíma til þess að vinna að því að finna skólanum stað. Og svo er hinn undirbúningurinn, sem óneitanlega er æskilegt, að búið sé að framkvæma, og það er, hvernig þessi bygging á að vera, hvort kosta á til hennar 600 þús. kr. eða einni millj. eða kannske 2 millj. Mér finnst ekki rétt að fara að semja lög um þetta, áður en menn eru búnir að koma sér saman um, hvar byggingin á að standa, hvernig hún á að vera og hversu miklu á til hennar að kosta.

Yfirleitt hefi ég ekki skilið það írafár hv. þm. að koma á lögum um framkvæmdir, sem bundnar eru því skilyrði, að einhverntíma kunni þær að verða teknar upp í fjárveitingar í fjárlögunum. Ég held, að þetta sé ekki svo nauðsynlegt, þegar fyrirsjáanlegt er, að þetta verður ekki framkvæmt á næstu árum. En ef á annað borð á að fara að lögfesta þetta, þá vil ég láta þá skoðun mína í ljós, að ég vildi heldur færa framkvæmd málsins lengra fram í tímann heldur en færa hana nær. Þetta er vegna þess, að ég veit, að það verður mikið yfir 600 þús. kr., sem þessi bygging kemur til að kosta.

Ég vildi aðeins láta þessa skoðun í ljós við fyrstu umr. málsins, og ég vænti þess, að sú nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, annaðhvort svæfi það, eða breyti því þannig, að það komi ekki til framkvæmda á þeim tíma, sem gert er ráð fyrir í frv. Það þýðir ekki að vera að slá ryki í augun á sér með því að setja tölur á pappírinn, sem eru langt fyrir neðan það, sem bygging háskólans kostar.

Magnús Jónsson: Ég þarf mjög litlu að bæta við fyrri ummæli mín.

Hv. 1. þm. Skagf. þótti ég vera nokkuð litillátur, að mér skyldi finnast nokkur brú í þessu frv. Ég sagði nú, að mér þætti nokkuð margir fyrirvararnir í því, en frv. eins og þetta er í mínum augum ekki alveg gagnslaust, og þar að auki er frv. undir meðferð þingsins og því hægt að breyta því. Ég benti t. d. á eina breyt., sem gera mundi frv. í mínum augum aðgengilegt, sem sé þá, að ákveða, að á árunum 1934—40 skuli reisa þessa byggingu.

Annars skal ég játa, að við kennarar háskólans erum orðnir litillátir. Við höfum nefnilega alltaf verið að reyna að koma einhverju af stað með þessa byggingu, en það hefir aldrei fengizt nein áheyrn. Og það fer jafnan svo með alla, og það meira að segja með samvizkuna, að þeir sofna þegar aldrei er á þá hlustað. En ég er fullviss um það, að ekki þarf að eggja háskólaráðið til þess að fylgjast með í því, sem löggjafarvaldið vill gera í þessu máli. Því að þótt segja megi, að mögulegt sé að segja stúdentum til, þá er það samt svo, að stundum rekast kennslutímar á, og eru kennarar þá að flækjast til og frá með stúdentahópinn á eftir sér. Ein stofan átti að vera lestrarsalur, en það varð að taka hana til kennslu, svo að nú hafa nemendur enga stofu, þar sem þeir geta búið sig undir tíma. Enginn samkomusalur er til, nema þá þessi salur, sem við erum í, því að hann er notaður, þegar skólinn er settur. Forstofuna hafa þeir raunar til að vera í, en þar er rammasti dragsúgur.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að háskólaráðið mundi geta gert talsvert til undirbúnings þessu máli, og skal ég þá geta þess, að ráðið hefir þegar gert það. En hvað því viðvíkur, að skólinn eigi sjóði, sem nota mætti til að kosta menn út að kynna sér þetta mál, þá hefir hann engan slíkan sjóð, nema ef það væri Sáttmálasjóður, en hann er nú svo fast skipulagður, að ekki mundi gerlegt að breyta því. Þessi skóli ætti heldur ekki að hafa þá sérstöðu meðal skóla ríkisins, að hann þyrfti sjálfur að kosta hús yfir sig, eða leggja fé til undirbúnings þess, því að það finnst mér ríkið eigi að gera.

Hv. þm. V.-Húnv. talaði um það, að rétt væri að fela háskólaráðinu að undirbúa þetta mál. Ég hygg, að það mundi fljótt taka hverri áskorun um það.

Hv. þm. sagði einnig, að 600 þús. kr. væri ekki nægilegt til að koma upp þessari byggingu. En ég segi nú fyrir mitt

leyti, að ég tel, að fyrir þessa upphæð megi koma upp húsi, sem háskólanum mundi nægja fyrst um sinn. Það er aðgætandi, að þetta er ekki svo ákaflega stór skóli og hann er heldur ekkert sérstaklega plássfrekur. Ef byggt væri hús fyrir 600 þús. kr., býst ég við, að skólinn mundi geta unað sínum hag um alllangan tíma.

Hv. þm. sagði, að allt væri á hringli með staðinn fyrir þessa byggingu. Þetta er ekki rétt. Ég þori að fullyrða, að flestir kennarar skólans eru ánægðir með þann stað, sem nú hefir verið valinn, en þeir voru líka flestir eindregið á móti hinum staðnum.

Að lokum vil ég endurtaka þá áskorun mína til menntmn., að hún taki þetta tvennt til greina:

Annarsvegar að setja meiri vissu og festu í frv., með því að segja, að á þessum ákveðnu árum skuli reisa byggingarnar. Hinsvegar að setja í frv. ákvæði um undirbúning málsins.

Hannes Jónsson: Ég ætla mér ekki að þreyta kappræðu um þetta mál, en mér fannst það koma berlega fram hjá hv. 1. þm. Reykv., að hann býst ekki við, að þessar 600 þús. kr. nægi til byggingarinnar. Hann sagði, að það mætti komast af með þetta. Það er hægur vandi að tala svona, en hugsa svo með sjálfum sér, að þetta verði bara aldrei gert.

Ég held, að ekki verði hægt að komast hjá því, að þessi bygging verði dýrari en þetta. Og ég sé heldur ekki neina knýjandi þörf til þess að fara að samþykkja neitt um þetta, þegar það eru að minnsta kosti þrjú ár, þangað til byrjað verður á verkinu. Er ekki betra að hefja á þessum þremur árum undirbúning málsins og fá í hendurnar betri gögn um það, hvernig skólinn á að vera og hvar hann á að standa. Ég sé ekki, að neinu sé spillt, þótt það dragist 2—3 ár að setja lög um þetta.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég vildi segja fáein orð út af ræðu hv. þm. V.-Húnv. Hann hélt því fram, að háskólabyggingin mundi fara langt fram úr því að kosta 600 þús. kr. Þetta kann að vera rétt, og hefði hv. þm. getað rökstutt þetta með því, að t. d. Landsspítalinn hafi orðið mun dýrari en gert var ráð fyrir. En hinsvegar er það alveg rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að með þeim byggingarkostnaði, sem er hér í Rvík, mætti gera byggingu fyrir 600 þús. kr., sem gera mundi mikið gagn. Og þegar á það er litið, að ekki er gert ráð fyrir heimavist við þennan skóla, heldur aðeins kennslustofum fyrir um 150 nemendur, þá held ég, að þetta sé vel framkvæmanlegt. Ég skal þessu til sönnunar geta þess, að skrifstofubygging landsins, sem raunar varð dýrari en gert var ráð fyrir, kostaði um 350 þús. kr. Það er ekki efi á því, að ef til dæmis háskólinn hefði fengið þá byggingu, þá hefði það verið meira en nóg fyrir þann skóla. Þetta sýnir, að fyrir þessar 600 þús. kr. mætti áreiðanlega koma upp húsi fyrir skólann, sem fullnægja mundi þörf hans, eins og hann er nú.

Í frv. og grg. er það skýrt tekið fram, að ætlazt sé til þess, að háskólinn verði, þegar fram líða stundir, í mörgum byggingum. Það, sem hér er farið fram á, er að byggja aðalhúsið, og það miðast við brýnustu þörf skólans. Bókasöfn, rannsóknarstofur og nýjar kennslustofur geta svo komið síðar í nýjum byggingum.

Ég skal því játa það, að þessi fjárupphæð er engan veginn nægileg til þess að fullnægja þörf skólans í fjarlægri framtíð. En hér er heldur ekki verið að hugsa um það. Mér finnst, að við eigum að láta komandi kynslóðir um það, hvernig byggingunni verður hagað þá, og mér finnst ekki rétt að taka of mikið fram fyrir hendurnar á þeim, hvað þetta snertir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

25. Myntlög.

Á 17. fundi í Ed., 6. marz, var útbýtt:
Frv. til myntlaga (stjfrv., A. 102).

Á 19. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það eru nú um það bil 10 ár, síðan röskun komst á verðgildi íslenzkrar krónu. Fyrri ár þess tímabils féll krónan stöðugt og komst mjög langt niður. Síðan tók hún að hækka, og varð hækkunin mikil á tiltölulega skömmum tíma. Seinni part ársins 1925 stöðvaðist hún og hefir síðan haldizt óbreytt.

Á þessum síðastl. 5 árum hefir verið allmikið um það hugsað og rætt, með hverjum hætti gengismálið yrði bezt leyst. Og einkum í byrjun komu fram tvær ákveðnar stefnur. Önnur var sú, að hækka krónuna upp í hennar fyrra gildi, en hin að lögákveða gildi hennar eins og það var þá. Árin liðu og málið leystist ekki, jafnvel þótt allir fyndu til þess, að fyrr eða síðar yrði eitthvað að ákveða um þetta efni. Eftir því sem tíminn leið og viðskiptalífið fór að laga sig eftir gildi krónunnar, urðu þeir fleiri og fleiri, sem töldu sjálfsagt, að ekki yrði breytt frá því, sem komið var um verðgildið. Mönnum hraus hugur við því, að leggja út í nýja hækkun krónunnar með öllum þeim geysilegu erfiðleikum, sem því fylgja fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar.

Það er því nú komið svo, að óhætt er að fullyrða, að mikill meiri hluti hugsandi manna þjóðarinnar er sammála um, að ekki komi til mála raunveruleg hækkun krónunnar.

En þótt menn séu sammála um þetta, þá er þó sjálft gengismálið óleyst af hálfu löggjafarvaldsins, vegna þess, að hækkunarmenn hafa komið fram með sérstaka leið í málinu, sem á að koma í stað raunverulegrar hækkunar. Þetta er einskonar millispor og er á þá leið að verðfesta núgildandi gjaldeyri þannig að taka upp aftur gömlu Norðurlandakrónuna og umreikna allar gildandi kröfur og skuldbindingar.

Frv. um þetta efni var lagt hér fram í deildinni fyrir nokkrum dögum. Þegar hv. 1. landsk. mælti fyrir því frv., lét hann uppi það álit, að flestir mundu vera horfnir frá hækkunarstefnunni, en taldi hinsvegar, að frv. sitt væri heppilegasta lausnin á málinu. Ég verð nú að segja það, að ástæður þær, sem hv. þm. færði fyrir kostum frv. og þessarar úrlausnar, voru ákaflega veikar. Og því verður ekki neitað, þó að hann sneiddi vandlega hjá því, að margir gallar og agnúar eru á því að leysa gengismálið á þennan hátt. En út í það fer ég ekki frekar að svo komnu.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er sú lausn málsins, sem núverandi stj. hefir alltaf haldið fram og fylgir enn. Og þó að stjórnin sjálf hafi ekki fyrr borið slíkt frv. fram, þá hefir þó málið með vitund hennar og samþykki áður verið borið fram í þinginu í þeirri mynd, sem það hefir í þessu frv. Frv. er samhlj. því, sem borið var fram í Nd. á síðasta þingi af hv. þm. V.-Ísf. o. fl., en komst þá skammt áleiðis af sérstökum ástæðum, sem ekki þýðir að ræða nú, en öllum hv. þm. er kunnugt um.

Ástæður fyrir frv. ætla ég ekki að rekja, málið er svo kunnugt og margrætt í þinginu á undanförnum árum. Ákvörðun gengisnefndar er prentuð sem fylgiskjal, og auk þess hefir verið útbýtt meðal þm. Áliti um gengismál Íslands, eftir hinn fræga fjármálafræðing, próf. Gustav Cassel. Fjallar álit hans aðallega um þær tillögur, sem felast í frv. hv. 1. landsk., og ég hefi áður drepið á.

Ég vil sérstaklega vekja athygli hv. d. á þessu áliti próf. Cassels. Hér talar maður, sem fyrst og fremst stendur fyrir utan og ofan allt þref íslenzkra stjórnmálaflokka, og auk þess er viðurkenndur sem einn allra glöggskyggnasti fjármála- og hagfræðingur, sem nú er uppi. Þessi maður er ekkert hikandi og fer ekki dult með, hvað Íslendingum beri að gera í gengismálinu. Og hans álit er í fullu samræmi við þetta frv. og stefnu stj. Prófessorinn talar svo skýrt og ákveðið, að ég get ekki stillt mig um að lesa hér upp niðurstöðu hans í málinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir Ísland er það því ótvírætt hagkvæmlegast að halda sinni núverandi mynteining óbreyttri. Kostir þess verða enn ljósari, þegar athugað er, hvílíkir feikna erfiðleikar því eru samfara að

breyta til um mynteiningu. Þessir erfiðleikar eru í rauninni svo miklir, að ekkert land ætti að leggja það á sig, nema af alveg þvingandi ástæðum.

En ef Ísland nú þrátt fyrir allt þetta skyldi ákveða að taka upp nýja mynteiningu með sama gullgildi og Norðurlandakrónurnar hafa, þá er rétt að framkvæma þá breytingu samstundis. Sú hugmynd, að unnt sé að draga úr erfiðleikunum með því að fresta hinni endanlegu breytingu, styðst ekki við annað en þann almenna veikleika að halda, að erfiðleikarnir verði minni við það að slá þeim á frest. Alveg sérstaklega varhugaverð sýnist sú hugmynd vera, að Ísland hafi tvennskonar gjaldeyri í umferð í senn um lengri tíma. Þesskonar „paralellmyntfotsystem" er algerlega óhafandi og ætti ekki undir neinum kringumstæðum að koma til greina".

Nú er mér það vel ljóst, að enginn einstakur stjórnmálaflokkur þingsins er nógu sterkur til að leysa þetta mál út af fyrir sig. En mér finnst ekki vonlaust, að ná megi samkomulagi um að leysa málið sem líkast því, eða alveg á þann hátt, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég tel sjálfsagt, að frv. verði vísað til fjhn., einmitt þeirrar n., sem fékk hitt frv. til meðferðar, og þá vil ég mega vænta, að hún geri allt, sem hún getur bezt, málinu til lausnar.

Jón Þorláksson: Ég hefi ákaflega lítið að athuga við það, sem hæstv. fjmrh. sagði frá eigin brjósti. Efni frv. er kunnugt áður, og það er líka kunnugt áður, að hæstv. stj. hefir viljað fara þessa leið til úrlausnar gengismálinu, þó að hún hafi raunar ekki sýnt neinn áhuga yfirleitt á því, að koma fram nokkurri úrlausn málsins það, sem af þessu kjörtímabili er. Frv. þetta hefir komizt á þingins borð, ef svo mætti að orði komast, eitthvað tvísvar sinnum, en verið látið við það sitja.

Ég vildi segja fáein orð viðvíkjandi því áliti, sem hæstv. fjmrh. sagði, að próf. G. Cassel nyti sem hagfræðingur. Ég get alveg skrifað undir þau ummæli. Hann varð a. m. k. fyrstur manna hér á Norðurlöndum til þess að skilja orsakir og afleiðingar gengisbreytinganna og setja fram svo, að skiljanlegt væri öðrum en sérfræðingum, hvað gerðist, þegar peningamál Norðurálfunnar komust á ringulreið á stríðstímunum og eftir þá.

Hann sýndi mjög virðingarverðan vísindalegan skarpleika, með því að gera grein fyrir sambandi orsaka og afleiðinga gengissveiflanna, sem snerta mjög hagsmuni fjöldans, en sem menn yfirleitt skildu þá ekkert í. En hann lét sér ekki nægja hinn vísindalega hróður, og gerðist því sjálfboðaliði sem ráðgjafi þjóðþinga og stjórnarvalda um það, hvaða ráðstafanir skuli gera, þegar gjaldeyrir fellur í verði. Og ráðið var það sama og hann gefur okkur nú: að stýfa gjaldeyrinn.

Fyrst og fremst réð hann Svíum til að stýfa, en þeir vildu ekki hlusta á hann. Þá réð hann Dönum til hins sama; fór hann þangað fyrirlestraferð og ritaði blaðagreinar um málið. En Danir vildu ekki fara að ráðum hans. Og Norðmenn fengust ekki heldur til að stýfa. Nú erum við einir eftir, svo að hann hefir ekki aðra til að halda að áliti sínu. Og það er ekki nema mannlegur breyskleiki, þó að honum væri nú orðið það metnaðarmál að finna einhverja, sem fara vildu að ráðum hans í þessu máli.

Þetta álitsskjal próf. Cassels, sem hæstv. fjmrh. las upp úr, er fremur stutt — hann hefir sennilega ekki nennt að hafa fyrir að rita langt og ítarlegt mál — og mér virðist það vera mestmegnis fullyrðingar, sem hann reynir ekki til að færa rök fyrir. Mér virðist það einkenna allt það, er ég hefi séð eftir próf. Cassel og fer í þá átt að fá þjóðirnar til að fara að hans ráðum í gengismálunum, að hann kemur aldrei inn á rök andstæðinga sinna. Það gerir hann ekki heldur hér, hann fullyrðir, að þetta og þetta sé ófært, en færir engin rök fyrir sínum málstað.

Það er vert að athuga, hvaða menn það eru yfirleitt í þjóðfélögunum, sem fastast hafa staðið gegn tillögum próf. Cassels um stýfingu. Það eru mennirnir, sem venjulega eru kallaðir peningamenn, þeir sem mestu ráða um fjármál þjóðanna, forráðamenn bankanna og annara peningastofnana. Þeir hafa allsstaðar staðið fastast á móti stýfingu gjaldeyrisins, þar sem peningamálin voru ekki komin í svo mikla óreiðu, að hækkun var ókleif.

Það er mjög eðlilegt, að þessir menn, sem bera ábyrgð á starfsemi bankanna, hafa ekki getað fylgt próf. Cassel, að því er snertir úrlausn hans á gengismálinu, þó að þeir viðurkenni hann sem mikinn vísindamann. Rök þeirra er víða hægt að finna, en þótt maður leiti í ritum próf. Cassels um þetta efni, finnast ekki neinar tilraunir til að hrekja röksemdir andstæðinga hans.

Það, sem ég hygg, að hafi verið afgerandi um afstöðu bankamanna yfirleitt til þessa máls, er meðvitund þeirra um það hlutverk sitt og skyldu að ávaxta og varðveita það fé, sem þeim er trúað fyrir. Það þarf ýmis skilyrði til þess, að það sé hægt, en fyrsta grundvallarskilyrðið er það, að ríkið bregðist ekki þeirri skyldu að halda peningalögum sínum óbreyttum.

Það er vitanlega ómögulegt fyrir bankana að varðveita fé manna, ef ríkið skellir á stýfingu, sem færir gildi innstæðanna niður.

Bankamennirnir líta svo á, að það sé að grafa burtu undirstöðu peningastofnana og bankastarfsemi, ef grípa þarf til stýfingar. Og þar sem gjaldeyririnn er stýfður einu sinni, má alltaf búast við, að gripið verði til stýfingar aftur undir svipuðum kringumstæðum. Þegar svo er komið, er hætt við, að traust bankanna fari að minnka, og verður þá lítið úr starfsemi þeirra, ef engir þora að trúa þeim fyrir fé sínu lengur. Um þessar afleiðingar af stýfingu hefir próf. Cassel aldrei viljað rökræða. Hann lítur aðeins á augnabliksástæðurnar og segir, að eins og sakir standi, sé stýfing bezt fyrir alla. Hinir segja, að ekki beri eingöngu að líta á það, hvað þægilegast sé í svipinn, heldur eigi að varðveita grundvöllinn undir heilbrigða fjármálastarfsemi í framtíðinni. Að viðhalda verði trausti manna á bönkunum, svo að menn vilji láta þá ávaxta fé sitt; á því byggist öll lánastarfsemi og allar þær framkvæmdir, sem tengdar eru við notkun lánsfjár.

Hæstv. fjmrh. sagði, að próf. Cassel stæði utan við þras íslenzkra stjórnmála, og er það auðvitað gott. En hann getur þrátt fyrir það ekki kallazt óvilhallur dómari í því efni, hvaða leið sé bezt að fara í gengismálinu. Hann hefir verið einn hinn fremsti bardagamaður á því sviði í nágrannalöndunum, og um leið beðið flesta ósigra. Það er ekki nema eðlilegt, að hann haldi enn fast við sínar tillögur. En við megum ekki, þótt próf. Cassel sé mætur vísindamaður, ganga út frá því sem sjálfsögðu, að hans skoðun sé hin eina rétta, og að andstæðingar hans, sem alltaf hafa orðið ofan á í baráttunni, hafi allir rangt fyrir sér.

Ég veit ekki, hvort það er að kenna óskýrri hugsun höfundarins, eða lélegri þýðingu á skjali þessu, að í því virðist ruglað saman hugtökum, þannig að sama orðið er notað á víxl um tvö hugtök. Í því, er hæstv. fjmrh. las upp, er sagt, að Íslendingum sé hagkvæmast „að halda sinni núverandi mynteiningu óbreyttri". Hvaða frv. fer fram á að halda núverandi mynteiningu óbreyttri? Stjfrv. fer í þá átt, að breyta núgildandi myntlögum. Við athugun á álitsskjalinu má sjá, að sumstaðar, þar sem nefnd er mynteining, er átt við íslenzku pappírskrónuna. Þetta getur stafað af ónákvæmri þýðingu. En mér finnst það óþarfi af íslenzku stj., þó að íslenzka pappírskrónan hafi nú haldið sama gengi í 5—6 ár, að hún skuli vera búin að gleyma því, að lögum samkv. er til íslenzk mynteining, sem hefir sama gildi og mynteiningar hinna Norðurlandaþjóðanna.

Það virðist ástæða til að minnast á þetta, þegar hæstv. stj. er farin að tala um að greiða borðfé konungs í „dönskum krónum". Er þá vitanlega meiningin að greiða það í íslenzkum gullkrónum, sem enn er lögleg mynteining. Við höfum nú tvennskonar íslenzka krónu: lögákveðnu gullkrónuna og svo pappírskrónuna, sem notuð er í viðskiptum manna á milli.

Það eru litlar ástæður gegn verðfestingar frv. okkar hv. 1. þm. G.-K., sem koma fram í álitsskjali próf. Cassels. Hann leggur mjög á móti því, að Ísland hafi „tvennskonar gjaldeyri í umferð í senn um lengri tíma". Frv. okkar fer ekki fram á að hafa tvennskonar krónur í umferð um lengri tíma, heldur aðeins þann stytzta tíma, sem þarf til að koma breytingunni á og til þess að menn fái áttað sig á henni.

Það skyldi gleðja mig mjög, ef eitt-

hvað mætti leggja upp úr síðustu orðum hæstv. fjmrh., er hann óskaði eftir, að samkomulag næðist um úrlausn þessa máls. Hann sagði að vísu: á þann hátt, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, eða líkan hátt. Ég veit ekki að vísu, hvort nokkur von er um það fyrir hæstv. fjmrh., að málið fáist leyst á þann hátt, sem frv. hans gerir ráð fyrir. En það voru orðin „eða á líkan hátt", sem bentu til þess, að hæstv. fjmrh. sé ekki fráleitur að vinna að samkomulagi, og sem gætu verið tilefni til yfirvegunar og tilrauna til að ná samkomulagi um endanlega úrlausn á þessu máli.

Ég ætla, með tilliti til þessara síðustu ummæla hæstv. fjmrh., að geyma allar deilur við hann um þetta mál og láta nægja að sinni það, sem ég hefi nú sagt út af álitsskjali próf. Cassels.

Fjmrh. (Einar Árnason): Hv. 1. landsk. talaði um það í upphafi ræðu sinnar, að núv. stj. hefði sýnt lítinn áhuga á því, að koma gengismálinu fram á yfirstandandi kjörtímabili. Ég veit, að það er bæði honum og öðrum ljóst, hvernig þetta mál stóð í byrjun kjörtímabilsins. Afstaðan til þess skipti mönnum í tvo alveg andstæða flokka og samkomulag var þá óhugsandi.Hinsvegar ber á það að líta, að stj. taldi málinu óhætt, meðan núv. stjórnarflokkur fer með völdin. Og hún áleit ekki leggjandi út í harðan bardaga um úrlausn þess, meðan hugir manna voru jafn einstrengingslegir gagnvart því, eins og þeir voru fyrst eftir að hún tók við völdunum.

Nú hefir þetta mikið breytzt. Hinum raunverulegu hækkunarmönnum er alltaf að fækka. Margir, sem áður voru ákveðnir hækkunarmenn, telja nú, að eigi komi til mála að hækka krónuna á þann hátt, sem áður var gert ráð fyrir. Þeir eru að færast nær og nær þeirri úrlausn málsins, sem frv. það, er nú liggur fyrir, gerir ráð fyrir. Þessvegna finnst mér engin fjarstæða að vona, að samkomulag náist um þetta frv. nú, og að því lutu orð mín áðan.

Annars gekk mestur hluti af ræðu hv. 1. landsk. út á það, að telja mönnum trú um, að próf. Cassel væri ekki sá maður, sem mark mætti taka á í þessu efni. En ég veit nú ekki betur en að hv. þm. hafi sjálfur stuðzt mjög við rit próf. Cassels og tekið hann sér til fyrirmyndar, þegar hann hefir ritað um fjárhags- og gengismál. (**JBald:** Það nota allir próf. Cassel). Nú er auðheyrt, að leiðir þeirra eru skildar, og skal ég auðvitað ekki deila um það út af fyrir sig. Nú telur hv. þm. próf. Cassel hafa beðið eintóma ósigra í gengismálinu. (**JÞ:** Ekki í því, er hann hefir haldið fram um gengismálið). Hv. þm. talaði um stýfingu, og það er nú alltaf sett í samband við gengismálið.

Hv. þm. minntist á, að Svíar, Danir og Norðmenn hefðu hækkað sína krónu. Það er nú um Svía að segja, að þeirra króna féll nú aldrei mikið. (**JÞ:** Hún varð þó lægri en okkar króna). Og veit hv. þm., hvort Danir og Norðmenn hafa nokkuð grætt á hækkuninni? Vilji hann sanna, að þeir hafi eitthvað grætt á hækkun krónunnar, verður hann að koma með einhvern samanburð um það efni.

Ræða hv. 1. landsk. hné mjög í sömu átt nú og þegar hann mælti fyrir myntlaga frv. sínu, og þegar hann hefir áður ritað og rætt um gengismálið. Aðalröksemd hans er alltaf hin sama: varðveizla sparisjóðsfjár. Hann talaði um, að sparifjáreigendur gætu ekki trúað bönkunum fyrir fé sínu, ef búast mætti við, að ríkið léti stýfa krónuna. Hann taldi, að þegar einu sinni væri búið að stýfa, væri engin trygging fyrir því, að það yrði ekki gert aftur. Það er rétt. En ég vil þá spyrja: hvaða trygging er fyrir því, að ekki geti einhverntíma komið fyrir að krónan verði stýfð, þó að hún væri hækkuð upp í gullgengi nú?

Mér finnst það heldur óviðkunnanlegt, að hv. 1. landsk. er alltaf að ala á því öðru hvoru hér á Alþingi, hvað miklar líkur séu til þess, að menn hér flytji fé sitt burt úr landinu. Það er eins og hann sé alltaf að minna á það, að ef löggjafarvaldið geri einhverjar ráðstafanir, er snerta peningamálin, þá séu menn ávalt reiðubúnir að flytja fé sitt til útlanda.

Ég sé ekki ástæðu til að deila um einstök atriði málsins að svo komnu. Ég tel sjálfsagt, að þessu frv. verði vísað til n. eins og hinu verðfestingarfrv., svo að hv. þm. gefist næði til að athuga það gaumgæfilega.

Jón Þorláksson: Hæstv. ráðh. hefir ekki getað tekið alveg rétt eftir því, er ég sagði um ósigra próf. Cassels. Eins og ég tók fram, hefir hann hlotið mikið álit sem vísindamaður, fyrir glöggan skilning á eðli gengishreyfinga og skýringar á orsökum þeirra og afleiðingum. Við rannsóknir hans og athuganir á þessu sviði hefi ég nokkuð stuðzt við samningu ritgerða.

Aftur á móti þegar próf. Cassel fer að gerast ráðgjafi ríkisstjórnanna á Norðurlöndum um það, hvernig kippa eigi því í lag aftur, að gjaldeyririnn féll í verði, þá bíður hann eintóma ósigra. Það getur ekki verið mönnum nein nýjung, og sízt hæstv. fjmrh., þótt getið sé um það, að hvað það atriði snertir, hefir próf. Cassel hvergi fengið áheyrn. Svo mikill hluti þjóðanna hefir þar verið honum andstæður í skoðunum, að till. hans hafa ekki verið teknar til greina af löggjafarvaldinu.

Engin af Norðurlandaþjóðunum vildi á það hlusta að stýfa hjá sér, þrátt fyrir öll þau rök, sem hann færði fyrir þeirri leið, og er hann þó maður til þess að færa fram öll þau rök, sem til voru.

Hæstv. ráðh. sagði, að sænska krónan hefði fallið lítið. Hún varð þó lægri en okkar króna er nú, án þess að ég vilji draga þá ályktun af því, að rétt sé fyrir okkur nú að fara að eins og Svíar fóru. Yfirleitt veit ég ekki til, að nokkur þjóð hafi stýft mynteiningu sína eins nálægt réttu gildi og okkar króna er nú. Mér er óhætt að fullyrða, að allar þjóðir hafa hækkað upp í gullgildi, ef þær hafa komizt eins nálægt því og við nú.

Aðallega stóð ég upp til þess að svara þeirri spurningu hæstv. fjmrh., hvar væri tryggingin fyrir því, að ekki yrði stýft síðarmeir, ef krónan yrði nú sett upp í gullgildi. Sú trygging liggur í því, að við lifum hér í þjóðfélagi, sem byggist á almennum kosningarrétti; og ef í slíku samfélagi er einu sinni hægt að fá þann skilning á nauðsyn þess að varðveita mynteininguna, sem knýr menn til að taka stundar-óhagræði, sem hækkun eða verðfesting hefir í för með sér, má líka vænta þess, að sá skilningur haldi áfram að vera til staðar í þjóðfélaginu og láti til sín taka seinna meir, ef óreiða kemst á peningamálin í bili, sem alltaf getur komið fyrir, þannig að þá verði ekki gripið til þess að stýfa. Það er þessi trygging, sem Bretar hafa haft frá því að þeir fyrst tóku upp gullmyntfót. Þeir hafa aldrei stýft, og það er af því, eins og einn aðalforvígismaður stýfingarinnar eða myntlagabreytingarinnar svo heppilega komst að orði, að Bretar hugsa í öldum, en ekki í árum, eins og sumir aðrir. Það eru einmitt afleiðingarnar fyrir ókomna tímann, sem þeir hafa litið mikið á, og þeir hafa fundið hjá sér kraft til þess að taka þau tiltölulega litlu óþægindi, sem af hækkun stafa næstu ár, til að gefa traustan grundvöll fyrir framtíðina; og þeim hefir reynzt þetta vel.

Hæstv. fjmrh. sagði loks, að það væri leiðinlegt, þegar ég talaði um líkurnar fyrir því, að menn flyttu fé úr landinu. Það er nú ekki um annað að gera, þegar komið er í vandkvæði eins og þau, að ríki mistekst að halda peningamálunum í fullu lagi, en að ræða ástæðurnar með og móti hverri þeirri úrlausn, sem hugsanleg er. Og það er ekki hægt að færa fram þau rök, sem hjá öðrum þjóðum hafa orðið þyngst á metunum og ráðið úrlausn málanna hjá þeim, án þess að minnast á þetta, sem ég drap á, traust almennings á því, að óhætt sé að trúa peningastofnununum fyrir að geyma og ávaxta fé sitt.

Ef hæstv. ráðh. vildi komast hjá, að slíkar röksemdir væru bornar fram í þinginu, þá verður það með því einu að gera óþarft að bera þær fram. Og stj. hefir haft nógan tíma til þess að átta sig á málinu og snúa frá myntlagabreytingu eða stýfingu og hallast að þeirri stefnu, sem borin er fram í verðfestingarfrv., sem lagt var á þingsins borð í tvö ár, án þess að ég segði orð um það.

En hæstv. ráðh. má vel vita, að ég hefi ekki þá aðstöðu hér í þjóðfélaginu, að ég geti á nokkurn hátt verið líklegur til þess að vilja hvetja menn til þess að flytja fé sitt héðan úr landi, þar sem öll mín atvinna og tilvera er við það bundin fyrst og fremst, að hér sé nægilegt lánsfé fyrir hendi í landinu. En hitt get ég ekki gert, að láta mína eigin hagsmuni eða atvinnu varna mér þess, að færa fram á þingi þær röksemdir, sem ég tel,

að mestu eigi að ráða og mesta áherzlu verði að leggja á um úrlausn vandamála. Og ég verð að sætta mig við það, þótt hæstv. fjmrh. þyki leiðinlegt að heyra slíkar röksemdir.

Jón Baldvinsson: Hv. 1. landsk. hafði einu sinni tækifæri til þess, þegar hann réð miklu hér á landi, að leysa gengismálið á þann hátt, sem hann seinna hefir látið í ljós, að hann vildi að það yrði leyst. En það er síður en svo, að hann notaði það tækifæri; þvert á móti hefir hv. þm. játað, að hann hafi stöðvað gengishækkunina 1925. Því að það er vitanlegt, að þegar hún var stöðvuð, var ísl. krónan þó komin talsvert hærra en hún er nú, eða var það a. m. k. í nokkra daga; en síðan var hún færð niður aftur, þannig að sterlingspundið hækkaði upp í það, sem það hefir setið í síðan, 22,15 kr.

Það getur verið, að hækkun hefði valdið talsverðum erfiðleikum í bili, en ég efast ekki um, að þeir mörgu kostir, sem fylgja því, að halda peningunum uppi, hefðu seinna bætt úr því. M. a. telja menn það einna mestan kost við að hafa krónuna í gullgildi, að hágengislöndin fái meira og betra verð fyrir sínar vörur. Þetta kom líka fram í umr. hér og annarsstaðar um gengismálið, og ætla ég ekki að fara frekar út í það.

Um þetta frv., sem hæstv. stj. leggur fyrir þingið, ætla ég ekkert að segja að svo stöddu, því að ég mun fá tækifæri til þess að athuga það í n., sem væntanlega verður fjhn., og verður þar tekin afstaða til þeirra frv. beggja, sem fram eru komin í þessu máli.

En það er sjálfsagt að gera einhverjar fleiri ráðstafanir heldur en beint að samþykkja þetta frv., ráðstafanir, sem kannske verður dálítið erfitt að framkvæma í slíku ári, sem nú er. Það gerði því ef til vill ekki svo mikið til, þó að þetta raunverulega ástand héldist í eitt ár í viðbót, enda sé ég ekki, að það hafi hamlað því, að ríkissjóður hafi getað fengið þau lán, sem þingið hefir falið stj. að útvega. Það hefir oft heyrzt klingja sem röksemd fyrir festingu krónunnar, að þegar föst löggjöf væri komin á um það, mundi auðveldara um lán. Ríkisstj. hefir nú getað fengið lán, og þó að það sé ekki með svo góðum kjörum, sem æskilegt hefði verið, þá er ég ekki viss um, að þetta hefði breytzt mikið, þó að búið hefði verið að festa.

Þessar aths. vildi ég láta fylgja frv. En viðvíkjandi ummælum hæstv. ráðh., að engin trygging væri fyrir því, að ekki yrði stýft síðar, þótt það væri látið ógert nú, þá er það sama tryggingin og fyrir því, að henni verði haldið í 83 aurum, ef nú verður stýft, en um það ræður mestu afkoma þjóðarinnar.

Þetta frv. gefur mér ekki tilefni til frekari aths. nú, en ég býst við að láta það afskiptalaust, þótt frv. fari til 2 umr. og nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Ræktunarsamþykktir.

Á 3. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um ræktunarsamþykktir (þmfrv., A. 32).

Á 8. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Stefánsson): Við flm. þessa frv. höfum gert ítarlega grein fyrir þeim ástæðum, sem fyrir því eru, bæði fyrir hinum almennu ástæðum og eins ástæðum fyrir einstökum greinum frv.

Það, sem fyrir okkur vakir með þessu frv., er einkum það, að koma föstu skipulagi á um sléttun túnanna og að með því megi takast á tiltölulega stuttum tíma að gera öll tún landsins slétt og véltæk til heyskapar, og að bæta og auka jafnframt ræktaða landið, eftir því sem föng eru til og þörf er á á hverjum stað.

Aðaláherzluna viljum við leggja á það, að slétta túnin sjálf og bæta rækt þeirra,

vegna þess að ætla má, að af hinum sléttu og vel ræktuðu túnum megi fá allt að því ⅓ meiri heyafla en fæst af þeim nú.

Ég býst nú við, að margir hugsi svo, að með stuðningi þeim, sem ræktunarlögin veita til túnbóta, sé ætlað að ná þessu sama takmarki og má vera, að svo sé, að sú hugsun liggi þar að baki, þó ekki sé það berlega sagt. En sá annmarki er þar á, að á grundvelli jarðræktarlaganna hefir verið og hlýtur að verða unnið svo ósamstætt og skipulagslaust að þessu takmarki, að það hlýtur að eiga langt í land, að því verði náð.

Í grg. frv. er áætlað, að ⅗ hlutar af túnum í sveitum séu ennþá ósléttaðir. Þetta er aðeins áætlun eða ágizkun, því að um það eru engar skýrslur eða örugg vitneskja. Sé nú samt miðað við það og jafnframt við það, sem framkvæmt hefir verið í túnasléttun síðustu árin, — og það er ekki talið vera lítið, — þá tekur það með meðaltalsframkvæmdum tveggja síðustu ára á milli 30 og 40 ár að slétta þann hluta túna, sem ennþá er ósléttaður, og þá er takmarkið alltof fjarri. Auðvitað færi það einnig eftir framkvæmdinni, hversu mikil hún yrði, hvenær lokið verður við að slétta öll tún, en vegna betra skipulags, og ef þing og stj. vildu sýna fullan áhuga á því að vinna að þessu takmarki, en þó án allrar ofdirfsku í framkvæmdum, þá ætti eftir okkar áætlun um framkvæmdir að takast að vinna þetta verk allt á 10 árum, með því að láta 50 dráttarvélar vinna árlega. Og þó um leið að vinna jafnstórt ræktað land til viðbótar við það, sem sléttað væri í túnunum sjálfum. En ef túnin ein væru tekin fyrir, þá þyrfti vitanlega miklu styttri tíma með sömu framkvæmd, og auðvitað því lengri, sem stærra ræktað land yrði tekið til vinnslu auk túnasléttunarinnar.

Verið getur, að menn álíti, að dýrari verði framkvæmd á túnasléttun, ef farið yrði eftir því, sem hér er gert ráð fyrir. Við hyggjum þvert á móti, að framkvæmdir geti orðið ódýrari með þessu fyrirkomulagi, því að hér er ætlað að vinna samstætt og skipulega, eins og haganlegast er. Sé aftur á móti eingöngu unnið á þeim grundvelli, sem þegar er lagður um þetta efni, þá er það undir getu og geðþekkni einstaklinganna komið, hversu mikið og skipulega verður unnið. Með þeim tilstyrk einum, sem jarðræktarlögin ákveða, geta þeir máttarminni síður notið sín, þótt þeir hefðu fullan vilja til, heldur en þeir, sem máttarmeiri eru, og dragast því aftur úr vegna getuleysis, en aðrir vegna áhugaleysis, sem kemur í sama stað niður. Ef t. d. hinir framtaksmeiri og áhugasamari búendur í einhverri sveit eða héraði fá sér dráttarvélar, þá verður sú niðurstaða þar, að á þeim jörðum verða túnin meira og minna alslétt, þó ef til vill án þess að höfuðtakmarkið náist til fulls, en aðrar jarðir verða eftir með meira og minna af þýfðum túnum, verkfærin ef til vill flutt burt og tækifærið liðið hjá.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli á því, að eftir ákvæðum þessa frv. er ekki ætlazt til, að nokkur sérstakur fjárstyrkur verði veittur í þessu skyni, því að fyrir það fé, sem ríkinu er ætlað að leggja til framkvæmdanna, á það að eignast tilsvarandi hluta í jörðunum og fá vexti þar af. Eigendum jarðanna er svo gefinn kostur á að kaupa þann hluta, ef þeim eða þegar þeim þykir sér henta.

Annars er gerð nánari grein fyrir þessu í skýringunum við 10. gr., 6. tölulið.

Ég vil geta þess, að í frv. er lítilsháttar prentvilla, í 15. gr., tölulið 2. Á eftir orðunum „til varanlegrar grasræktar" hefir fallið niður: og. Ég vil benda á þetta, til þess að menn hnjóti ekki um það.

Ég vil að lokum á ný vísa til grg. þeirrar, sem frv. fylgir. Þar höfum við gert svo ítarlega grein fyrir hugsun okkar í þessu máli, að ég tel ekki þörf á að orðlengja frekar um það á þessu stigi málsins.

Ég vil biðja alla þá, sem áhuga hafa fyrir þessu máli, að kynna sér sem bezt þær ástæður, sem eru fyrir frv., og sérstaklega vil ég mega vænta góðs af n. þeirri, sem væntanlega fær frv. til meðferðar. Ég tel sjálfsagt, að það verði landbn. og legg því til, að frv. verði vísað til hennar að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 38., 39. og 40. fundi í Nd., 31. marz, 1. og 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 41. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 32, n. 278).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Eins og nál. á þskj. 278 ber með sér, hefir landbn. orðið sammála um að mæla með frv. þessu með nokkrum breytingum.

Í grg. frv. er tekið fram um stefnu þess og tilgang, svo að óþarft er fyrir mig að fara rækilega út í það efni. Eins og menn vita, er tilætlunin með frv. þessu, ef að lögum verður, að heimila sérstökum sveitum að gera samþykktir um ræktun býlanna. Er tilgangur flm. sá, að í þeim sveitum, er slíka samþykkt gera og hefjast handa um framkvæmdir, verði jarðirnar ræktaðar á fáum árum, svo að allur heyskapur á óræktuðu landi geti horfið úr sögunni. Og þetta á að nást með samtaka átökum sveitarbúa sjálfra og stuðningi ríkissjóðs.

Ennfremur er það nýmæli upp tekið að skylda landeiganda, þótt ekki búi á jörðinni, til þess að taka þátt í þeim kostnaði, sem ræktun þessi hefir í för með sér.

Hvort tilgangur hv. flm. næst, þó frv. þetta verði að lögum, verður reynslan ein að skera úr. En hitt er ekkert efamál, að þessi tilgangur, sem ég hefi nefnt, er góður.

Nefndin býst við, að í þeim sveitum, þar sem ræktun býlanna er komin vel á veg og búnaðarfélög hafa starfað áður með góðum árangri, þá sé ekki þörf slíkra aðgerða, sem frv. fer fram á. En fyrir þær sveitir, sem dregizt hafa aftur úr um ræktunarframkvæmdir, sýnist þarna opnuð leið, svo að þær geti hafizt handa og bætt úr því á fáum árum, sem þær hafa dregizt aftur úr. Að vísu er ekki hægt að fullyrða neitt um það fyrirfram, hvernig þetta muni gefast; þar verður reynslan að skera úr, eins og á öllum öðrum sviðum.

Hér er aðeins um heimildarlög að ræða fyrir hinar einstöku sveitir, og þó svo kunni að fara, að minna gagn verði að þessu heldur en nú er búizt við, þá virðist ekki mikið í húfi, þó að frv. þetta verði að lögum. Því sá n. ekki ástæðu til að gera margar breytingar og hefi ég heldur ekki margt um þær að segja.

Ef slíkar ræktunarsamþykktir verða gerðar í einhverri sveit og jafnframt verður hafizt handa um framkvæmdirnar, þá er því ekki að neita, að lagðar eru allmiklar kvaðir á íbúa sveitarinnar. Þess vegna er áríðandi, að sem flestir, og helzt allir, sem í sveitinni búa, vilji taka á sig þessar kvaðir og gangi af fúsum vilja undir ákvæði samþykktarinnar. Eins og frv. er úr garði gert, þá er óvenjulega vel frá þessu gengið, eftir því sem vant er um slík heimildarlög.

Ákvæði frv. gera ráð fyrir, að ekki sé hægt að koma á slíkum samþykktum, nema ¾ ábúenda sveitarinnaar sæki fund og þarf þá samþykki ⅘ fundarmanna til þess að settar verði ræktunarsamþykktir. Er því hér um óvanalega mikinn meiri hluta að ræða, eftir því sem gert er ráð fyrir í öðrum lögum um svipaðar heimildir.

N. vill þó búa enn betur um þetta og leggur því til í 1. brtt. sinni, að ⅘ ábúenda sveitarinnar þurfi að sækja fund og ⅘ af þeim að samþykkja. Með því vill n. tryggja, að slíkar ræktunarsamþykktir verði ekki gerðar, nema eindregið fylgi ábúenda sveitarinnar sé með því, og er þetta gert svo sem hægt er með þessari brtt.

Í 10. gr. frv., 4. lið, er talað um, að ræktunarkostnaðurinn leggist á býlin „eftir réttri tiltölu“. N. er ekki vel ljóst hvað þetta þýðir og vill því skýra þetta ákvæði, svo að ekki sé um að villast. Leggur hún því til með 2. brtt. sinni, að ræktunarkostnaðurinn skiptist niður á býlin eftir kostnaði við ræktun hvers þeirra, enda virðist það sanngjarnast.

Þá kem ég að aðalbreytingu n., sem er um það, hvernig fara skuli um jarðræktarstyrk til framkvæmda þeirra, sem frv., ef að lögum verður, gerir ráð fyrir. Í frv., eins og það liggur fyrir, er ekkert ákveðið um þetta. Ég býst nú raunar við, að þess hefði heldur ekki þurft, því að hér er um framkvæmdaratriði að ræða, sem Búnaðarfélag Íslands gat ráðið, að skipta styrknum eftir eðli framkvæmdanna, og mundi þá búa sér til reglur þar um. Í frv. er gert ráð fyrir, að landeigandi annist sumar framkvæmdirnar, en ábú-

andi aðrar. Aftur á móti er gert ráð fyrir þeim framkvæmdum, sem báðir aðilar annast, en engin bein ákvæði í frv. um, hvernig þá skuli skipta styrknum.

Nefndin leggur því til í 6. brtt. sinni, að um skipti á jarðræktarstyrk milli landsdrottins og leiguliða, vegna þess hluta framkvæmdanna, er um getur í 15. gr. 2. og 3. tölulið, skuli ákveða í reglugerð, er atvmrh. setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Í sambandi við þetta skal ég minnast á 3. brt. n., þar sem n. leggur til, að enginn jarðræktarstyrkur greiðist til þess hluta framkvæmdanna, er ríkissjóði er ætlað að kosta, en í þess stað sé ⅕ hluti af ríkissjóðsframlaginu ekki afturkræfur, þannig að eigendur jarða geti leyst af þeim afgjaldakvöð þá, er getur í 10. gr., 6. lið, með því að leggja sjálfir fram í upphafi ⅘ hluta þess kostnaðar, eða með því að leysa til sín afgjaldskvöðina síðar með 20-faldri upphæð hennar, í stað 25-faldri, sem annars ætti að vera. Álítur n., að þetta mundi stuðla mjög að því, að afgjaldskvaðirnar yrðu leystar af jörðunum, og telur hún, að það væri báðum hentugt, ríkissjóði og eigendum jarðanna.

4. brtt. er aðeins orðabreyting til skýringar.

Í 5. brtt. er lagt til, að hafi framlag landsdrottins verið greitt með lánsfé, beri leiguliða að greiða þá vexti, er sannanlega hvíla á framlaginu, þó hærri séu en 4%.

Þegar lánsfé er notað til framkvæmdarinnar, virðist n. sanngjarnt, að landsdrottinn fái þá í hækkuðu eftirgjaldi það, sem hann raunverulega verður að borga af láninu í vexti, jafnvel þó að það sé hærra en 4 af hundraði.

Ég var búinn að minnast á seinustu brtt. í sambandi við þá þriðju og þarf ekki að endurtaka það. Ég held svo, að ég hafi gert nokkurnveginn grein fyrir þessum fáu brtt. n.

Halldór Stefánsson: Ég vil grípa tækifærið fyrir hönd okkar flm., til þess að þakka hv. landbn. fyrir góða afgr. þessa máls og góðan skilning á því, hve mjög þetta frv. gæti orðið til þess að flýta fyrir og efla ræktun sveitanna og komið sveitabúskapnum á fjárhagslega traustari grundvöll en nú er.

Að því er snertir brtt. n. eru þær ekki róttækar að neinu leyti, og við munum vel geta sætt okkur við, þótt þær yrðu samþ.

Eins og hv. frsm. gat um, þá er um atkvæðamagn, til þess að hægt sé að setja ræktunarsamþykktir, krafizt nokkurs frekara í frv. en venja er til um heimildir til samþykkta. Samt vill nefndin herða á þessu atriði. Þó að ég telji ekki þörf á að herða á þeim skilyrðum, vil ég ekki gera till. n. að ágreiningsatriði, enda er það eins og réttilega var tekið fram af hv. frsm., ekki hugsun okkar að knýja þessar samþykktir fram, nema almennur vilji sé fyrir því.

Aðrar till. n. skal ég ekki gera að umtalsefni sérstaklega, en endurtek það, að ég get vel fallizt á þær.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, ekki þó af því, að ég sé mótfallinn brtt. n., ég tel þær yfirleitt vera til bóta. En ég tel frv. vera gagnslítið eða gagnslaust til þess að ná þeim tilgangi, sem er stefnt að, sem sé að allt tún á landinu verði orðið slétt og véltækt innan fárra ára. Ég tel það gagnslaust, af því að ég er sannfærður um, að bændur kjósa heldur að vinna þessi verk hver í þeim félagsskap, sem þar er fyrir hendi, heldur en að taka á sig stóra skuldabagga, sem óumflýjanlega hlytu að myndast hjá mjög mörgum. Ég þykist sannfærður um, að bændur muni verða ófúsir til að þröngva sveitungum sínum til að taka á sig erfiðari fjárhagsbagga en þeir eru menn til að standa undir. En það er ávallt svo í hverju sveitarfélagi, að þar eru fleiri eða færri fátækir menn, sem alls ekki eru færir um að taka slík útgjöld á sig. Slíkir menn verða auðvitað ófúsastir á að gangast undir slíka samninga, og ef heimildin væri notuð, þá mundi þeim verða þröngvað til þess að gera það samt, sem þeir ef til vill væru ekki menn til.

Allt þetta og margt fleira hygg ég að verði þess valdandi, að þessi heimildarlög verði bara dauður bókstafur, eins og ýms fleiri heimildarlög, sem þingið hefir sett. Ég viðurkenni fullkomlega, að til-

gangurinn sé góður, en ég hefi ekki minnstu trú á þessari leið, og það mun líka sýna sig, að markinu verður ekki náð með slíku móti. Ég tel aftur á móti aðra leið álitlegri en þá, sem hér er farið fram á. Ég hallaðist þess vegna frekar að því, að ekki væri hrapað að því að afgreiða málið á þessu þingi, heldur yrði stj. falið það til frekari íhugunar, af því að það er nýtt fyrir þinginu og mikilsvert, að það sé vel athugað í alla staði. En meiri hl. n. sýndist rétt að leyfa frv. að ganga áfram og fá að reyna sig. Mér var það vitanlega ekkert kappsmál, svo að ég læt það afskiptalaust, en tek það fram, að það er sannfæring mín, að það sé meinlaust og gagnslaust, eins og það nú er. Brtt. n. mun ég allar styðja, því að ég tel þær til tvímælalausra bóta, og er í þeim nokkurt öryggi gegn því, að mönnum verði þröngvað til þess að gera það, sem þeir eru alls ófærir til fjárhagslega.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, JÓl, JS, MT, PO, SE, SvÓ, JörB.

nei: HV, JJós, JAJ.

HK, MJ greiddu ekki atkv.

Tíu þm. (TrÞ, ÁÁ, BSv, HJ, HG, IngB, LH, MG, ÓTh, SÁÓ) fjarstaddir.

2.—4. gr. samþ. með 13:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JS, MT, PO, SE, SvÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, JörB.

nei: HK, HV, JJós, JAJ.

MJ greiddi ekki atkv.

Tíu þm. (HJ, HG, IngB, LH, MG, ÓTh, SÁÓ, TrÞ, ÁÁ, BSv) fjarstaddir.

Brtt. 278,I.a—b samþ. með 15 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 13:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, JÓl, JS, MT, PO, SE, SvÓ, JörB.

nei: HK, JJós, JAJ.

HV, MJ greiddu ekki atkv.

Tíu þm. (ÁÁ, BSv, HJ, HG, IngB, LH, MG, ÓTh, SÁÓ, TrÞ) fjarstaddir.

6.—9. gr. samþ. með 12:3 atkv.

Brtt. 278,II. samþ. án atkvgr.

10. gr., svo breytt, samþ. með 12 : 3 atkv.

11. gr. samþ. með 12:4 atkv.

Brtt. 278,III. (ný 12. gr.) samþ. með 14 : 2 atkv.

13.—14. gr. samþ. með 12 : 4 atkv.

Brtt. 278,IV. samþ. án atkvgr.

15. gr., svo breytt, samþ. með 12 : 3 atkv.

Brtt. 278,V. samþ. með 14 : 1 atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 12 : 3 atkv.

Brtt. 278,VI. (ný gr., verður 17. gr.) samþ. með 14 : 1 atkv.

17.—20. gr. (verða 18.—21. gr.) samþ. með 13 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, JS, MT, PO, SE, SvÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, JörB.

nei: HK, JAJ.

MG, MJ, SÁÓ greiddu ekki atkv.

Tíu þm. (HG, HV, IngB, JJós, LH, ÓTh, TrÞ, ÁÁ, BSv, HJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÓl, MG, MT, PO, SE, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, BSt, BÁ, EJ, GunnS, HStef, JörB.

nei: HK, JAJ.

JS, MJ greiddu ekki atkv.

Tíu þm. (HG, HV, IngB, JJós, LH, ÓTh, TrÞ, ÁÁ, BSv, HJ) fjarstaddir.

Á 43. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 348).

Sveinn Ólafsson: Ég hefi ekki gefið frv. þessu miklar gætur hingað til. En nú, er ég hefi athugað það, þykir mér rétt að geta þess, að ég get ekki léð frv. atkv. mitt óbreyttu, en hingað til hefi ég hvorki greitt atkv. með né móti því. Er það sérstaklega ein grein þess, er ég get ekki fallizt á, og er það 14. gr. Verði hún samþ., þá er gengið svo nærri 63. gr. stjskr., að við það er ekki hægt að una. Hefi ég ekki orðið þess var, að nokkur brtt. hafi komið fram við gr. þessa. — Auðvitað er hægt að segja, að með þessu ákvæði frv. sé aðeins ráðstöfunarréttur jarða tekinn af jarðeigendum og fenginn leiguliðum í hendur. En því er svo farið með eignarréttinn, að hann er í raun og veru ekkert annað en umráðaréttur eða réttur til ráðstöfunar, og þegar hann er

með öllu tekinn af jarðeigendum og fenginn í hendur ábúendum, þá getur mér ekki skilizt annað en að það sé brot á 63. gr. stjskr.

Ég vil ekki verða til þess að bregða fæti fyrir frv., ef annars er kostur, en óbreytt get ég ekki samþ. það. Mér kom því til hugar að bera fram skrifl. brtt. við 14. gr., og freista þannig að komast framhjá þessu blindskeri. Legg ég til, að gr. orðist þannig:

„Leiguliði fer með atkvæði fyrir ábýli sitt í samráði við landeiganda, ef hann er fjarverandi".

Skal ég svo ekki fjölyrða meira um þetta að sinni.

Halldór Stefánsson: Það hefir að vísu verið minnzt á það áður í hv. d., að það væri gengið af nærri eignarréttinum með ákvæði 14. gr. frv., en ég held, að þetta ákvæði sé fullkomlega sambærilegt við önnur ákvæði, er sett hafa verið fyrr. Hér er ekki um það að ræða að taka eignarrétt af jarðeigendum og ekki umráðarétt heldur. Hér er aðeins ákveðið, að ábúendur jarða megi ganga að samkomulagi um ræktunarsamþykktir og annað ekki. Það er vitanlegt, að með öllum samþykktalögum er gengið að nokkru leyti á ráðstöfunarrétt þeirra, sem verða í minni hl.

Ég hefi ekkert, út af fyrir sig, á móti hinni skrifl. brtt hv. 1. þm. S.-M. Þó býst ég við, að hún yrði allerfið í framkvæmd. Yrði oft erfitt að ná til jarðeigenda, og gætu þeir, ef vildu, staðið í götu þess, að hægt væri að gera ræktunarsamþykktir. Hygg ég því, að það fyrirkomulag sé allmiklum annmörkum háð.

Ég hefi tekið eftir því, að í vatnalögunum eru ákvæði, sem mér finnst eigi síður ganga nærri stjskr. heldur en ákvæði 14. gr. þessa frv., er ég bar ákvæði þessi saman, og slíkar ráðstafanir má finna víða í lögum. Ég sé því enga þörf á að ganga að skrifl. brtt. þótt ég kjósi heldur að miðla málum en að frv. falli. Í Ed. er líka tækifæri til þess að athuga þetta nánar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá 1. þm. S.-M. (verður þskj. 371) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Pétur Ottesen: Ég verð að taka undir það, sem hv. 2. þm. Skagf. sagði við 2. umr. þessa máls, að það gæti brugðið til beggja vona, hvort nokkur verulegur árangur yrði af samþykkt slíks frv. sem þessa, og að það væri mjög undir hælinn lagt, hvort hinum góða tilgangi, er í frv. felst, yrði náð. Ég held einnig, að fullar horfur séu á því, að lítið verði úr jarðræktarframkvæmdum á þeim grundvelli, sem hér er lagt til.

Ég ætla ekki að fara að ræða einstakar gr. frv. Ég stóð aðallega upp til þess að vekja athygli hv. dm. á ákvæðum 11. gr. frv. Vildi ég gera fyrirspurn til hv. flm. og hv. frsm. um það, hvort þeir hafi athugað í þessu sambandi, að til eru gjafajarðir, gefnar í guðsþakkarskyni, hinar svonefndu kristfjárjarðir, sem svo er ákveðið um, að afgjaldi þeirra skuli varið til uppeldis munaðarlausra barna eða til fátækra ekkna o. s. frv. Mér skilst á frv., að þar sé gert ráð fyrir því, að leggja megi löghald á afgjald af slíkum jörðum upp í ræktunarkostnaðinn. Ég held, að með þessu sé verið að brjóta, í lengri eða skemmri tíma, á móti þeim ákvæðum gjafabréfanna, að munaðarlaus börn og ekkjur eða aðrir einstæðingar skuli hafa uppeldi af afgjaldi slíkra gjafajarða. Mér finnst mjög varhugavert að setja löggjöf, sem komi í veg fyrir, að hin lofsverða viðleitni þeirra manna, sem verja eigum sínum í svo góðum og göfugum tilgangi, geti náðst.

Ég vil mælast til þess, að þetta atriði sé tekið til rækilegrar athugunar.

Hvað brtt. hv. 1. þm. S.-M. viðvíkur, þá er ég sammála honum um það, að þau ákvæði 14. gr. frv. að ganga algerlega fram hjá jarðeigendum, séu alveg óhæf. Álít ég, að brtt. þessi sé nauðsynleg og sjálfsögð, ef frv. á að verða að lögum.

Sveinn Ólafsson: Hv. 1. þm. N.-M vildi bera á móti því, að umráðarétturinn væri tekinn af jarðeigendum með ákvæði 14. gr. frv. Til þess að sýna fram á, að þetta er ekki rétt hjá hv. þm., þarf ekki annað en að lesa upp þessa gr., og hljóðar hún þannig: „Ábúandi fer jafnan með atkvæði fyrir ábýli sitt. Er eigendum þeirra jarða á samþykktarsvæðinu, sem í leiguábúð eru, skylt að hlíta ræktunar-

samþykktum fyrir jarðir sínar, án þess að samþykkis þeirra sé leitað sérstaklega".

Ég get ekki betur séð en að umráðarétturinn sé gersamlega tekinn af jarðeigendum með þessu ákvæði. Sé svo ekki, þá **kann ég ekki máls of skil.**

Hv. 1. þm. N.-M. sagði, að til væru ákvæði í vatnalögunum, hliðstæð þessu. Ég man nú ekki eftir slíkum ákvæðum í vatnalögunum, en auðvitað heimila þau eignarnám í mörgum tilfellum, þegar vatn þarf að nota til almenningsþarfa, og er það að vísu óskyld ráðstöfun ákvæðum 14. gr. þessa frv., en víðtæk takmörkun eignarréttar.

Hv. þm. hélt því fram, að ef 14. gr. væri breytt í það horf, sem brtt. mín fer fram á, þá gæti það orðið til þess, að samþykktir mistækjust, vegna mótstöðu jarðeigenda. En það er einmitt tekið fram í frv., að þó að nokkrir menn í hreppi, sem vill koma á ræktunarsamþykktum, skerist úr leik, þá geti hinir gert samþykktir allt fyrir það, ef þeir eru í nægilegum meiri hl., og verði þá minni hl. að beygja sig og hlíta samþykktunum. Auðvitað er hugsanlegt, að jarðeigendur verði mótfallnir samþykktum í einstökum tilfellum, en við því verður ekki gert.

Að því er snertir þær ráðleggingar hv. 1. þm. N.-M., að láta hv. Ed. lagfæra frv., þá get ég ekki fallizt á, að þessari hv. deild sæmi það, að skjóta til hv. Ed. málum, sem eru stórgölluð, í því trausti, að Ed. sjái við öllum misfellum.

Þá tel ég, að 11. gr. frv. sé einnig óframbærileg. Er ég sammála hv. þm. Borgf. (PO) um það, að ekki eigi að hagga neitt við þeim eignum, sem menn gefa í guðsþakkar skyni, eftir dauða sinn.

Ég álít, að bezt sé að taka frv. út af dagskrá, svo að hv. flm. og aðrir, sem vilja styðja að þessari tilraun til aukinnar ræktunar, fái tækifæri til að bera sig saman um frv. og sníða af því annmarkana. Ég ber ekki sjálfur fram till. um þetta, en vil aðeins benda hv. flm. á þetta og tel það heillavænlegt ráð málsins vegna. Að öðrum kosti neyðist ég til þess að ganga á móti frv.

Halldór Stefánsson: Í 63. gr. stjskr., sem hv. 1. þm. S.-M. var að vitna í, segir, að eignarrétturinn sé friðhelgur. Fæ ég ekki séð, að ákvæði 14. gr. frv. rýri eignarrétt jarðeigenda yfir jörðum sínum hið minnsta grand. Þeir hafa einnig fullan umráðarétt yfir þeim, eftir sem áður, þó að frv. að vísu skyldi þá til þess að þiggja stuðning til ræktunar jarðanna og þótt þeim sé gert að stuðla að ræktun þeirra.

Það atriði, sem hv. þm. Borgf. dró fram, hefir frekar við nokkur rök að styðjast og hefi ég því ekki neitt á móti því, að þetta yrði tekið til frekari athugunar í n., og þá má jafnframt taka til athugunar þau ákvæði frv., sem hv. 1. þm. S.-M. gerði að umtalsefni, þótt ég telji aðfinningar hans ástæðulausar. Ég mun því ekki setja mig á móti því, að málið verði tekið út af dagskrá.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Ég get tekið undir það með aðalflm. þessa frv., að ég fæ ekki séð, að 14. gr. frv. brjóti í bág við stjskr., þar sem þar er ekki um neitt eignarnám að ræða, heldur aðeins lagðar vissar kvaðir á landeigendur til ræktunarframkvæmda, en þó þannig, að þeir fá fulla vexti af því, sem þeir leggja fram í þessu skyni. — Ég get fallizt á, að þær aths., sem hv. þm. Borgf. gerði viðvíkjandi gjafajörðum, muni vera réttar, og óska þess því, að málið verði tekið út af dagskrá, svo að landbn. gefist tækifæri til að taka þetta til athugunar.

Umr. frestað.

Frv. var sett til frh. 3. umr. (A. 348, 371, 378) á dagskrá 46. fundar í Nd., er halda skyldi 14. apríl kl. 5 síðd. En sá fundur féll niður, með því að á fundi í Sþ. s. d. hafði verið lýst yfir þingrofi.

27. Lendingarbætur á Eyrarbakka.

Á 4. fundi í Nd., 19. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um lendingarbætur á Eyrarbakka (þmfrv., A. 35).

Á 8. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Slíkum

frv. sem þessu er yfirleitt tekið vel í deildinni, enda er mikil þörf á umbótum þeim, sem felast í þessu frv.

Það eru sérstakar ástæður til þess, að þetta frv. kemur fram. Nú hefir Ölfusá snúið sér meira að austurlandinu en áður var og því borið talsverðan sand í hafnarleguna á Eyrarbakka. Fyrir þessa sök skoruðu Bakkamenn á ríkisstj., að hún léti mæla fyrir garði til varnar sandágangi. Þetta var gert síðasta sumar. Var vitamálastjóri látinn framkvæma þessa mælingu og einnig gera áætlun um það, hve mikið slíkur garður mundi kosta. Sú áætlun liggur fyrir hér ásamt greinargerðinni, og ennfremur hefi ég með höndum uppdrátt, sem ég mun afhenda þeirri nefnd, sem væntanlega fær frv. til meðferðar.

Auk þess, sem þarf að verja hina gömlu höfn fyrir sandágangi, þá er frá því að segja, að innsiglingin er afarslæm á Eyrarbakka, svo slæm, að hafnsögumenn hafa orðið að hætta því starfi, þegar þeir hafa verið komnir yfir miðjan aldur. Vandinn að sigla inn hafskipum er svo mikill, að það þykir ekki gömlum mönnum hent.

Nú er það tilætlunin, að breikka og dýpka innsiglinguna eins og gert var á Stokkseyri og kom þar að góðum notum, og ennfremur að dýpka hina fornu skipalegu. Af vel kunnugum mönnum er talið, að þetta megi gera án mjög mikils kostnaðar.

Ef þetta væri gert, gætu mun stærri verzlunarskip en nú hafnað sig þar, en það er eitt aðalatriðið fyrir því, að þar geti blómgast verzlun. Eftir að vöruverð er komið það niður, að ekki er búizt við, að það lækki miklu meira, verður stórmikil þörf á verzlunarstað þar eystra, einkum nú, þegar verið er sem óðast að breyta híbýlum til sveitanna og auka byggingar og bæta á allan hátt. Þess vegna er það, að á Eyrarbakka er jafnvel nú miklu meiri vöruverzlun en í tíð Lefoli, sem hafði öll viðskipti við Suðurland. Það gerir það mikla byggingarefni, sem árlega er flutt þangað.

Ég þykist ekki þurfa að hafa lengri inngang þessa máls, en óska aðeins, að málinu verði að umr. lokinni vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 35. og 36. fundi í Nd., 27. og 28. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 35, n. 189 og 225, 253).

Forseti (JörB): Ég skal geta þess í sambandi við þessi hafnarlög, að samkomulag hefir orðið með flm. frv. um þetta mál, og eins um frv. um hafnargerðir á Akranesi, Sauðárkróki og Dalvík, og með sjútvn., um að láta þessi frv. ganga til 3. umr., án þess að bornar séu upp þær brtt., sem fyrir liggja, og þessir aðilar hafa þá fallizt á að láta málin halda áfram að sinni umræðulaust, en brtt. bíða til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:2 atkv.

2.—14. gr. samþ. með 15:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 42. og 43. fundi í Nd., 9. og 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 35, n. 189 og 225, 253).

Frsm. meiri hl. (Benedikt Sveinsson): Máli því, sem hér liggur fyrir, var vísað til sjútvn. á sínum tíma. Var það tekið til umr. á mörgum fundum n. og rætt og athugað gaumgæfilega. Svo var og um þau skjöl, er fyrir lágu, en að auki var ýmissa þeirra upplýsinga leitað, er búast mátti við, að orðið gætu til fyllri skilnings á málinu. Þau einu skjöl, er fyrir lágu, eru öll viðvíkjandi fyrirhleðslugarði, sem ætlazt er til, að hlaðinn verði austan mynnis Ölfusár. Á sá garður að bægja því, að sandframburður úr ánni berist austur með landi og valdi skemmdum á lendingum Eyrarbakka. Verkfræðingur sá, er fyrir réð um mælinguna,

Thorvald Krabbe vitamálastjóri, kom á fund nefndarinnar. Skýrði hann málið út í hörgul og uppdrátt þann, er hann hafði gera látið af þessum stað. Benti hann n. á og sagði berum orðum, að hann vildi alls eigi ábyrgjast, að þessi garður mundi nægja til að bægja sandframburði frá skipalegunni á Eyrarbakka, heldur væri þetta eingöngu tilraun, sem gera mætti sér meiri eða minni vonir um, að næði tilgangi sínum. En hann benti n. skilmerkilega á það, að í frv. væri farið fram á miklu víðtækari mannvirki en hleðslu þessa garðs. Um það kvaðst hann ekkert geta sagt, þar sem með öllu væri óranns akað allt, er að slíkum mannvirkjum lyti. Um það verk hefir engin áætlun verið gerð. Eftir þeim skjölum, er fyrir lágu, er það ljóst, að einungis hefir verið gerð athugun um þann fyrirhleðslugarð, sem bægja á straumnum að bera sand úr Ölfusá austur með landinu. En um víðtækari hafnarbót, sem þó er gert ráð fyrir í frv., hefir engin athugun verið gerð, svo sem þegar er sagt. N. leit því svo á, að þar sem frv. færi fram á miklu víðtækari umbætur en gerð hefði verið athugun um, þá væri málið ekki svo undirbúið, að hægt væri að ráða hv. d. til að samþykkja það að þessu sinni.

Það er engin ástæða til að spá neinu um það, hvort áætlun sú, sem gerð hefir verið um þennan garð, muni reynast rétt. Reynslan ein getur sýnt, hvort hann kemur að tilætluðum notum. Strönd þessi liggur fyrir opnu reginhafi. Er því augljóst, að garðurinn þarf að vera ákaflega traustur til að standast hið sterka hafrót og straum árinnar. Ætlazt er til, að garðurinn verði mjög lágur og með miklum fláa. Gengur því sjór og vatn auðveldlega yfir hann í flóðum. Er því harla ósýnt, hversu hann hamli sandburði. Verkfræðingur segir að vísu að hækka megi garðinn síðar, en engin áætlun liggur fyrir um það, hvað hækkun sú muni kosta. — Enda er það skýrt tekið fram af vitamálastjóra, að engar áætlanir um frekari aðgerðir hafi gerðar verið. Eigi að síður var það ætlan hans, að dýpka mætti leguna á Eyrarbakka, svo að smáskip og bátar geti legið þar. Þykir n. rétt, að þetta allt sé betur athugað.

N. athugaði í sambandi við undirbúning þessa máls lög þau, sem sett voru um lendingarbætur í Þorlákshöfn fyrir þremur árum. Við samanburð á undirbúningi þessara mála varð n. það ljósara, hve mjög nú skortir á undirbúning þessa máls. Þar höfðu um fjallað verkfræðingar, hvor af öðrum, nefnd Fiskifélags Íslands, sýslunefnd Árnessýslu, landsstjórn vor og allir þessir aðiljar, ýmist hver um sig eða í meiri eða minni samvinnu, eftir því sem verða mátti. En hér brestur allt slíkt. Er því rétt að láta fram fara nánari athugun og undirbúning á þessum hafnarbótum og samþ. ekki lög um það efni fyrr en lokið er þeirri athugun.

Sá undirbúningur, er ég nú gat um, mun hafa hafizt 1913, og þá voru veittar 1000 kr. til þess að gerðar yrðu mælingar og áætlanir um það, hvað mannvirki þau mundu kosta, sem þar yrði í ráðizt. Fiskifélag Íslands hafði þá þetta mál með höndum, og var Jón Þorláksson verkfræðingur fenginn til þess að athuga þetta verk. Gerði hann um það áætlun 1914 og gaf Fiskifélaginu skýrslu. Félagið hafði svo þetta mál með höndum um mörg ár, og einkum var mikill áhugi fyrir því þar eystra, enda hefir Þorlákshöfn verið talin nokkurskonar þrautalending fyrir þá, er sjó sækja frá Stokkseyri og Eyrarbakka og öðrum verstöðvum austur þar. Fyrir því voru færð mikil gögn, að brýna nauðsyn bæri til þess, að lending þar yrði bætt sem bráðast. Það mun jafnvel hafa verið fyrr, eða 1909, að sýslunefndir Árnes- og Rangárvallasýslna gerðu kröfu um, að mælingar færi fram um lendingabætur í Þorlákshöfn, og sama ár athugaði Thorvald Krabbe hafnarstæði á þeim stað.

Þessum rannsóknum hefir svo verið haldið áfram síðan, meira og minna. Jón Þorláksson gerði áætlun um, hvað vélbátastöð í Þorlákshöfn mundi kosta, og 1919 var málið enn vakið upp og fenginn nýr verkfræðingur útlendur, Kirk að nafni; gerði hann áætlun um fullkomna höfn þar, sem hlyti að verða dýrari en eftir áætlun Jóns Þorlákssonar, enda sniðin eftir öðrum mælikvarða. — Árið 1921 gefur svo Thorvald Krabbe skýrslur um mannvirkin 1920—21 og skýrir frá báðum þessum áætlunum, sem gerðar höfðu verið.

Sérstök nefnd hafði tekið þetta mál í sínar hendur og athugað það, og hélt hún fastlega fram, að undirbúningur væri framinn svo vel, að hægt væri að hefja verkið sem fyrst.

Nú leið nokkur tími og Jón Þorláksson var enn fenginn til þess að gera endurskoðun á sínum fyrri verkum í þessum efnum, og eftir allar þessar mörgu kostnaðaráætlanir, sem hver verkfræðingurinn af öðrum hafði í 20 ár fengizt við, var loks borið fram frv., er náði fram að ganga á Alþingi 1929.

Við þennan samanburð gat nefndinni ekki annað sýnzt, en að hér væri æði mikill munur á. Hér liggur aðeins fyrir álit og áætlun um þennan eina fyrirhleðslugarð, en ekki minnsta áætlun um, hvað lendingarbætur á Eyrarbakka skyldu ella kosta. — Nú er n. í sjálfu sér mjög hlynnt því, að þetta fyrirtæki komist á, svo framarlega sem gagngerður undirbúningur fer fram, er sýni, hve mikið verkið muni kosta og að hve miklum notum það muni koma.

Það liggur heldur ekki ljóst fyrir, hvort þetta skuli réttara nefnast hafnarbætur eða lendingarbætur, en þó veltur einmitt á því, hversu veita skuli mikið fé hlutfallslega úr ríkissjóði, því að til hafnarbóta er venjulega lagt meira fé að hlutfalli en til lendingarbóta.

N. skilst, að ekki sé tilætlun flm., að þetta mannvirki komist í framkvæmd svo brátt, að lagt verði út í neinar verklegar framkvæmdir á þessu ári. Og þar sem, hvort eð er, virðist ekki ætlazt til neinna bráðra framkvæmda, þá óskar n. heldur eftir því, að málið sé ekki afgr. á þessu þingi, heldur sé nú gerðar frekari rannsóknir, til þess að málið í heild sinni liggi sem skýrast fyrir, ekki einungis sýslubúum allrar Árnessýslu, sem hér eiga að takast á hendur stórar ábyrgðir og útgjöld, heldur og sjálfu Alþingi, svo að það renni eigi blint í sjóinn með fjárveiting sinni.

Á þennan hátt ber að skilja þá rökstuddu dagskrá, sem n. hefir leyft sér að bera fram og er svo hljóðandi:

„Þar sem deildin telur þetta mál eigi nægilega undirbúið til fullnaðarúrslita, tekur hún fyrir næsta mál á dagskrá".

En eins og ég hefi ljóslega tekið fram, er þetta ekki til þess að hnekkja framgangi málsins til frambúðar, heldur til þess að þingið geti með betri samvizku ráðizt í að setja slík lög.

Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Eins og sjá má af þskj. 189, hefi ég lagt fram sérstakt nál. En mér heyrðist á hv. frsm. meiri hl. eins og hér væri öll n. að verki um það nál., sem hann var að tala fyrir, en það eru ekki nema 4 af 5 nm.

Mér er ekki kunnugt um þá miklu vinnu, sem hv. meiri hl. hafi lagt í rannsóknir þessa máls, eða þá bregður a. m. k. illa við. Mér skilst n. aðallega byggja á umsögn vitamálastjóra, og niðurstaðan hefir orðið eftir því. Ég sneri mér til þess manns, sem er þessu máli miklu kunnugri, en það er aðstoðarverkfræðingur hans. Hann leit nokkuð öðrum augum á málið. Áætlun hans fylgir frv., og hann taldi, að á þessu stigi væri ekki þörf á neinum frekari undirbúningi viðvíkjandi garðinum, sem hann álítur mjög mikilsvert atriði fyrir það, sem síðar verður gert.

Ég hefi í nál. gert nokkra grein fyrir því, hve knýjandi nauðsyn er á byggingu garðsins. Sandburður úr Ölfusá inn á bátalegurnar er svo mikill, að hætta er á, að hafskipum verði innan skamms lítt fært að athafna sig þar. Nú geta allir skilið, hver hætta er á ferðum um aðflutninga fyrir allt Suðurlandsundirlendið, þegar fjallferðir eru tepptar og aðalhöfninni ófært að taka á móti hafskipum. Síðastliðinn vetur voru heiðarnar svo fullar af snjó, að eitt sinn varð að senda skip með bjargráð handa sýslubúum. Þetta getur alltaf komið fyrir. Annað er það, að þetta er allstórt kauptún með 600 íbúum, sem verður að hafa lendingu fyrir sæmilega stór skip, því að nokkur skilyrði eru til þess, að þarna geti þróazt útvegur fyrir mótorbáta, 20—30 smálesta.

Ég veit nú ekki, hvort hv. meiri hl. hefir greint svo mjög á við mig um þetta. Á ræðu hv. frsm. var að skilja, að hann teldi nauðsynina ríka. En til hvers er þá þessi dráttur? Ég fæ ekki séð, að málið sé svo hraklega undirbúið, að ekki megi samþ. það. Ég hefi orðið var við margar

beiðnir um lendingarbætur, sem ekki hafa verið betur undirbúnar en þetta frv., nema síður sé.

Hv. frsm. taldi vafa á því, hvort þessi fyrirhugaði garður mundi koma að notum. Það má vel vera, að við séum ekki herrar yfir því, og jafnvel að verkfróða menn greini þar á. En eftir öllum þeim lögmálum, sem hægt er að reikna eftir, þá er líklegt, að vegna garðsins dreifist sandurinn það langt út á haf, að hann fari fram hjá lendingunni. — Annað atriði er, hvort garðurinn muni þola brim. Um það getur líka verið vafi. En nú er gert ráð fyrir, að hafa garðinn úr sementssteypu og svo traustan, að hann þoli brimrótið. En þótt nokkur efi kunni að leika á um þetta, þykir mér sjálfsagt að gera tilraun um hleðslu garðsins, því að svo mikið er í húfi. Nokkur atvinna mun og skapast við þetta, og býst ég við, að Eyrbekkingum mundi koma það vel eins og útlitið er nú.

Ég ætla ekki að vitna í nein þingtíðindi, eins og hv. frsm. meiri hl. Þar sem liggur fyrir skýr kostnaðaráætlun, er undirbúningur nægilegur, og mjög sómasamlegur, eftir því sem venja er til um lendingarbætur. En ég vil ekki draga málið með því að binda það við væntanleg hafnarmannvirki.

Ég get sparað mér lengri formála. Mín afstaða er þessi, og þess vegna get ég ekki fylgt hv. meiri hl. að málum.

Jörundur Brynjólfsson: Ég vil þakka hv. 4. þm. Reykv. fyrir undirtektir hans undir þetta mál. Hann gerði grein fyrir þeim ástæðum, sem voru þess valdandi, að hann leggur til, að mál þetta nái fram að ganga. Eins og hann hefir réttilega bent á, hefir allgóður undirbúningur farið fram um þær lendingarbætur, sem hér er ráð fyrir gert í þessu frv. Eins og 1. gr. frv. ber með sér, skal verja til þessa tiltekinni upphæð úr ríkissjóði, og hana skal aðeins greiða, ef nægilegur undirbúningur hefir verið gerður, að áliti landsstjórnarinnar, og ekki skal hafizt handa um verkið, fyrr en fé er veitt í fjárlögum og annað framlag kemur á móti annarsstaðar að.

Þetta hélt ég að væri nægilegt til þess að Alþingi gæti tekið ákvörðun í málinu. Og þótt lendingarbótin í Þorlákshöfn hafi, eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, verið lengi að velkjast hér, þá tel ég enga þörf á, að svo fari um öll mál, ef þau liggja nægilega ljóst fyrir. Enda hygg ég mála sannast, að tiltölulega lítið hafi grætzt á þeim drætti, annað en það, að búið var að koma útgerðinni þaðan alveg í burtu, þegar lendingarbótin loks var gerð.

Nú er langmest hætta á, að höfnin á Eyrarbakka eyðileggist fyrir sandburð úr Ölfusá. Engin höfn er til önnur alla leið frá Reykjanesskaga austur á Hornafjörð. Þeir staðir, þar sem vörur eru látnar upp, eru á Rangársandi dálítið og í Vík og við Skaftárós, en það eru ekki neinar hafnir. Þar er aðeins hægt að komast að, þegar ládeyða er í sjó, og af því hafa ekki gagn nema Vestur-Skaftafellssýsla og austurhluti Rangárvallasýslu. En meiri hluti Rangárvallasýslu og Árnessýsla verða að sækja vörur til Reykjavíkur. Þessir flutningar á þungavöru eru afardýrir og hafa hækkað svo á síðasta ári, að eitt bílhlass, flutt austur yfir fjall, kostar 50—60 kr. og upp í 100 kr.

Nú horfir þannig við með höfnina á Eyrarbakka eða það skipalægi, sem þar er, að sandburður er svo mikill austur með landi, síðan áin breytti farvegi sínum, að það er aðeins um háflæði, að stórir bátar geta athafnað sig þar við bryggjuna. Það er því brýnasta þörf á að koma í veg fyrir þessar skemmdir. Þótt telja mætti, að betri undirbúningur fengist með því að slá málinu á frest, þá mundi lendingarbótin kosta miklu meira síðar, því að þá þyrfti að dýpka leguna og flytja sandinn burtu.

Þetta er í rauninni höfuðatriði málsins: hin mikla þörf héraðsbúa fyrir góða lendingu og hættan á, að höfnin gjörspillist frá því sem nú er. Eftir því sem áin hagar straumfalli sínu nú, er ekki annað sjáanlegt, en að á tveim næstu árum verði lending við bryggjuna orðin ófær. Það er auðvitað engin leið að staðhæfa neitt um það, hvort þessi fyrirhugaði garður stenzt brimrótið eða ekki. Úr því mun reynslan ein geta skorið. En ég hygg ekki ástæðu til að óttast, að garðurinn standist síður fyrir það, að áin

fellur austur að honum, því að vitaskuld er minna átak af straumþunganum, sem liggur að honum frá ánni, heldur en af hafrótinu.

Hv. frsm. meiri hl. sagði, að ekki væri á neinn hátt tilgangur meiri hl. sjútvn. að hindra framgang málsins. En ég er búinn að drepa á, hversu ástæðurnar eru ríkar fyrir að fá þessu hrundið í framkvæmd, og þó að manni beri að sjálfsögðu að hafa fullt traust til þeirra manna, sem síðar meir kunna að eiga sæti hér á Alþingi, getum við, sem nú tökum þátt í afgreiðslu mála, ekki vitað, hvernig þeir kunna að líta á slík mál sem þessi. Hér liggja fyrir mörg hafnamál, sem bezt er að afgreiða öll í senn. E. t. v. eru þar mismunandi ríkar ástæður fyrir, en það er þó víst, að þörfin á lendingarbótum á þessum stað er brýn og aðkallandi.

Vegna þessarar brýnu nauðsynjar héraðsbúa vildi ég óska, að meiri hl. sjútvn. afturkallaði dagskrá sína og lofaði frv. eins og það er að koma undir atkvæði deildarinnar og sjá hversu til tekst um afgreiðslu þess á þann hátt.

Magnús Torfason: Það er rétt sagt hjá hv. frsm. meiri hl., að mál þetta var ekki í upphafi eins vel undirbúið og maður hefði óskað. Og ég get gjarnan játað, að hefði ekki staðið sérstaklega á, hefði maður ekki borið þetta mál fram hér á þingi að sinni, heldur látið frekari rannsókn fara fram en þegar hefir verið gerð. En það, sem hefir knúið málið áfram, er blátt áfram það, að of seint er að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í. Í fyrrasumar þótti mönnum svo sem málinu lægi ekki meir á en að það mætti bíða eftir því, að verkfræðingarnir fullkomnuðu mælingar sínar og áætlanir. En þegar leið á sumarið og í haust fór sandburðurinn að ágerast meir og meir, og við það brá mönnum svo í brún, að allir áhugamenn á Eyrarbakka fóru að leggja kapp á, að málið væri borið fram þegar og gæti gengið fram á þessu þingi. Nú sagði ég þeim, að eftir venju og vegna hins örðuga árferðis mætti tæplega búast við, að hafizt yrði handa á þessu ári. Þeir svöruðu því til, að hvað sem því liði, yrðu þeir sjálfir að reyna að hafa öll útispjót til þess að verjast sandinum. Enda er það sannast að segja, að þeir eiga þar góða að. Það er ekki aðeins hreppsfélagið og sýslan, sem þar eiga hlut að máli, heldur vill svo til, að Landsbankinn er eigandi þeirra jarða, sem næstar liggja þessu fyrirhugaða mannvirki. Það, sem liggur á, er að koma upp þessum sandvarnargarði, og undirbúningur til þess er eins góður og hægt er að fá. Það er tekið fram í nál. meiri hl., að þessi garður sé aðeins skoðaður sem tilraun til þess að bægja sandinum frá, og þetta er haft eftir vitamálastjóra. Mér dettur ekki í hug að mótmæla því, að rétt sé með orð hans farið. En þá verð ég að lýsa yfir því, að vitamálastjóri hafði ekki þau orð við mig. Hinsvegar get ég skilið, að ef þeir hafa farið að krefja hann sagna, þá hafi hann sagt, að hann vildi ekki hafa ábyrgð á verkinu. Það er alveg sama og hann sagði við Þorlákshafnar-undirbúninginn. Þá tók hann skýrt fram, að hann vildi ekki bera neina ábyrgð á verkinu. Nú gefur hann sömu svör. En hér er um ólíkar lendingar að ræða. Þarna eru hvorki meira né minna en þrír skjólgarðar fyrir legunni, og hver einasta brimalda verður að fara yfir þá alla, og við það dregur úr henni máttinn. Reynslan sýnir líka að þessir skjólgarðar duga vel. Árið 1926 var byggð bryggja og það voru fyrstu lendingarbæturnar þar, og kostuðu 40 þús. kr. Menn spáðu auðvitað misjafnlega. En það hefir ekki molazt einn steinn úr bryggjunni enn, ekki kvarnast nokkur ögn. Þegar maður spyr fróða menn, hverju það megi þakka, svara þeir, að það hljóti að vera af því, að mátturinn er farinn úr brimöldunum við það að komast yfir þessa þrjá varnargarða. Ég býst við, að þeir, sem hafa komið á Eyrarbakka í sæmilegu veðri, hafi séð, að höfnin þar er alveg eins kyr og innan við hafnargarðinn í Reykjavík.

Ég sagði í framsöguræðu minni fyrir málinu hér í deildinni, að það, sem þyrfti að gera frekar en bryggjuna, sem komin er, og sandgarðinn, sem áætlun er til um, væri að laga lendinguna, sprengja sker á leiðinni inn og nokkrar smánibbur á hafnarlegunni sjálfri. En þetta

hvort tveggja á að gera að verkum, að mun stærri skip en verið hefir geti komizt inn á leguna. Og það er öll þörf á því, að greiða fyrir flutningi á þungavörum sjóleiðis til Eyrarbakka, ef þess er kostur. Þess háttar sprengingar og laganir niðri í sjó verða ekki gerðar án þess að staðurinn hafi verið kortlagður. Ég verð að lýsa yfir því mér til leiðinda, að ég vissi ekki af því, að nú þegar væri til uppdráttur yfir Eyrarbakkahöfn. En hann hefir verið búinn til árið 1915. Þá ætlaði sá gamli danski eigandi, Lefoli, að fara að hefjast handa með lendingarbætur. En svo kom ófriðurinn, og hann seldi síðan allar eignir sínar. Uppdrátturinn er gerður af sjóliðsmönnunum dönsku, sem mælt hafa hér við land. Hann er allnákvæmur og stór og ennþá nákvæmari en sá, sem til er af bátalegunni á Stokkseyri, en hann var þó það eina, sem látið var duga til undirbúnings þar. Annars er það sannast, að það eru kunnugir menn, sem þekkja hverja mishæð í botninum og alla staðhætti, sem bezt geta sagt fyrir um, hvernig verkið skuli vinna. — Mér þykir mikið, að vitamálastjóri skyldi ekki vita af uppdrættinum. En það stendur sjálfsagt svo á því, að hann var í eigu fyrrnefndrar verzlunar og gekk þaðan til Landsbankans, sem varð handhafi eignanna.

En þegar ég kom austur á sýslufund um daginn, var það af tilviljun, að þetta mál kom til tals við einn starfsmann Landsbankans þar fyrir austan. Og hann segir mér frá því, að þetta kort sé til. Þess vegna er til undirbúningur undir þessi mannvirki, alveg eins fullkominn og heimtað hefir verið þegar um önnur slík mannvirki hefir verið að ræða. Svo get ég sagt, að ég hefi talað við Finnboga Rút Þorvaldsson frá Sauðlauksdal, sem er einhver sá efnilegasti af okkar ungu mönnum, sem fást við þessi störf, og hefir sérstaklega fengið orð fyrir það, að áætlunum hans megi treysta, líka hvað kostnað snertir. Og hann var í engum vafa um það, að þetta mannvirki gæti staðizt. Eftir að nál. meiri hl. kom út, fór ég til hans aftur, og hann dró þá ekkert úr fyrri orðum sínum.

Hitt er satt, að fyrir opnu hafi er aldrei hægt að ábyrgjast mannvirki fyrir stórflóðum, sem hugsanleg eru. Hv. frsm. meiri hl. getur ekki heldur tekið ábyrgð á slíkum hafföldum þarna norður á Skálum. En ég býst við, að menn miði ekki við slík náttúrufyrirbrigði, fremur en t. d. landskjálfta. Við vitum, að farið er að byggja mikið af steinhúsum á Suðurlands-undirlendinu. Og þó getur vel verið, að jarðskjálfti taki það allt saman á 2—3 sek. Maður fer bara ekkert eftir því.

Það var mikið gert úr öllum áætlununum um Þorlákshöfn. Það átti einu sinni að verða milljónafyrirtæki. En svo var það alltaf að minnka, unz það var síðast, þegar ég bar það fram hér á þingi, ekki orðið nema 80 þús. kr., eins og hér er nú gert ráð fyrir. En sá munur var á, að bak við það mannvirki stóðu stórlaxar í Reykjavík. Þorlákshöfn var sérstök eign þeirra. En þessar jarðir, sem hér liggja að, eru opinber eign, og svo eru það hreppur, eða jafnvel hreppar, og sýsla, sem standa að verkinu.

Nú var það dregið í efa af hv. frsm., að nokkur þessara aðilja vildi hefjast handa. Eins og ég sagði, var ekki gert ráð fyrir því í fyrra. En eftir því sem fram hefir liðið, hefur vaxið upp mikill áhugi fyrir því að byrja undir eins. Verkinu er hægt að haga þannig, að byrja á nokkrum hluta af sandgarðinum, og verkfræðingar hafa fallizt á það í samtali við mig. Garðurinn mundi þá strax koma að gagni og taka við sandinum, meðan er að fyllast að honum að utanverðu. Nú er það víst, að einstakir menn og hreppur og sýsla gera það, sem þau geta til þess, að verkið verði hafið í sumar. Ég hefi fengið tilboð um 5 þús. kr. til þess frá áhugamanni á Eyrarbakka, og fleiri eru reiðubúnir að leggja fram fé. Ætlunin er sú, að þeir, sem að þessu standa, byrji sjálfir með því að leggja fram peninga til framkvæmdanna í von um að fá sinn hlut endurborgaðan úr ríkissjóði síðar.

Ég skal svo ekki tefja deildina með lengra máli um þetta. En ég vænti þess, að hv. sjútvn. sjái, að miklar upplýsingar hafa komið fram og undirbúningur er meiri en búizt var við, þegar hún hafði málið fyrir. Enda skildi ég orð hv. frsm. þannig, að honum væri ekkert fast í hendi, að málið væri drepið. En hann

endaði með því að segja, að hann óskaði heldur eftir því, að málið yrði ekki samþykkt að sinni. Og ég býst við, að eftir þessar upplýsingar megi honum og öðrum hv. þdm. þykja meinfangalaust, þó að frv. nái samþykki.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Sveinsson): Ég mun ekki þreyta þetta mál kappi, því að mér dylst ekki, hve mikils virði höfn á Eyrarbakka gæti verið og lendingarbætur þar, ef þær mættu að gagni koma. En hitt þykir mér all-ósýnt, hvort ekki mundi koma í sama stað, þótt lagasetning um þetta fengi að bíða frekari rannsókna.

Hv. 4. þm. Reykv. virtist gramur okkur meðnefndarmönnum sínum í sjútvn. fyrir það, að ekki væri minnzt á sig í nál. okkar. Hann væri þó ⅓ hluti af nefndinni og hefði gefið út sérstakt nál. **(SÁÓ:** En hv. frsm. talaði eins og fyrir alla nefndina). Þegar ég skrifaði nál., vissi ég ekki betur, en að nefndin væri sammála. En hv. þm. var veikur af landfarsótt þá er fullnaðarályktun var tekin í n. og var hans því eigi við kostur um né eina greinargerð sína. En fyrir varygðar sakir létu aðrir nefndarmenn þess getið, að þm. þessi hefði eigi verið viðstaddur síðustu úrslit málsins. Ég hygg því, að réttur hv. þm. sé alls eigi fyrir borð borinn og því hreinasti óþarfi að koma með nokkrar snuprur fyrir það. Nefndin hefir unnið hlýlega saman og samir því trautt að gera veður út af slíku auka-atriði í fyrsta sinn sem nefndin klofnar í máli — og það eftir á. En ég vil láta þetta eiga sig. Við verðum sjálfsagt jafngóðir vinir eftir sem áður, fyrir slíka smámuni, bæði utan nefndar og annarsstaðar.

Hv. þm. (SÁÓ) skýrði málið lítilsháttar frá sínu sjónarmiði, en mér fannst lítið á tillögum hans að græða. Hann talaði fyrir allt Suðurlandsundirlendið og 600 íbúa-þorp og um höfn fyrir „sæmileg skip". Því miður er ekki sú höfn á Eyrarbakka, að nokkurt strandferðaskip hafi fengizt til að fara þar inn. Ég vildi gjarna, að hægt væri að bæta höfnina svo, að slíkt mætti verða. En að setja Evrarbakka í samband við snjóana á Hellisheiði er heldur fjarstætt. Því að ég ætla, að bændum í uppsveitum austur þar, Tungum, Skeiðum, Grímsnesinu góða og Gull-Hreppunum — að Flóanum ógleymdum, þætti það lítil bót, þó að veittar væri 80 þús. kr. úr þeirra sjóði gegn „jafnmiklu" eða þó minna „annarsstaðar frá" til lendingarbóta á Eyrarbakka, einkum þegar helmingurinn væri lagður í sandvarnargarð vestur við Ölfusá, sem enginn lifandi maður á jarðríki veit, hvort að nokkru gagni kemur.

Hv. þm. taldi, að undirbúningur væri sæmilegur, eftir því sem venja væri til. Ef til vill má finna þessum orðum nokkurn stað. Hann nefndi Stokkseyrarhöfn, eða Snepilrásina svonefndu. En þar var aðeins um það að ræða að sprengja nokkur sker á helztu leið inn á leguna. — En ég vil leyfa mér að spyrja — þurfti að setja nokkra sérstaka löggjöf eða lagasetningu um það efni? — Ekki minnist ég þess. Þessar umbætur komu að fullum notum, þótt þær væru einungis studdar með fjárveitingu í fjárlögum. Ég vil því benda á, að fara mætti sömu leið til þessara framkvæmda. Þá væri farið að þeirri lögvenju, er vel hefir reynzt.

Hv. þm. gramdist það, að ég leitaði í þingtíðindunum að samskonar dæmum. Það er gott að byggja á reynslu liðins tíma, og ekki annarsstaðar betra að leita hennar en í þessari skilríku bók.

Um traustleik garðsins er ekki hægt að segja frekara en í nál. Ég hefi ekki talað við Finnboga Rút Þorvaldsson, og vildi hv. 4. þm. Reykv. saka mig um það. En þessi góði þm. hefir ekki talað við Thorvald Krabbe, yfirmann þessara mála, um þetta efni. Vitamálastjórinn segir, að þetta (þ. e. hleðsla garðsins) sé aðeins tilraun. Það má vissulega alltaf lengja garðinn og hækka hann — en hversu kostar það mikið fé og að hverju gagni mundi það koma? — Annars er það nú nokkuð viðurkennt, að verkfræðingum getur skjátlazt. En vanalega eru þeir full-bjartsýnir heldur en bölsýnir um útreikninga sína.

Skal ég alls eigi fara neitt út í þá sálma, en aðeins leyfa mér í því sambandi að nefna gamlan kunningja þingsins, brimbrjótinn í Bolungavík.

Þá er ég kominn að hv. 1. þm. Árn. (JörB). Hann taldi, að undirbúningur

málsins væri góður og í öðru lagi, að garðinum stafaði mest hætta af sandburðinum úr Ölfusá. Það er að vísu ekki hægt að rengja áætlun verkfræðingsins, eins og hún liggur fyrir. Hvort hún stenzt, mun reynslan sýna, ef garðurinn verður byggður. En ég vil benda hv. þm. á það, að verkfræðingurinn tekur það fram, að garðinum stafi ekki hætta af árstraumnum, heldur af sjávargangnum og mun það réttilega athugað.

Hv. 1. þm. Árn. sagði, að Eyrarbakki væri eina höfnin, sem nokkurs væri verð, á allri ströndinni frá Keflavík og austur allt til Hornafjarðar, því að ekki væri hægt að telja Vík og Rangársand. Nú er því svo farið, að til Eyrarbakka hefir lítið verið siglt flutningaskipum undanfarinn áratug. Hafa siglingar á hinn fornfræga stað, Eyrar, lagzt mjög niður. Bendir það til þess, að höfnin hafi verið farin að spillast frá því í fornöld, þótt skip fornmanna væru að vísu grunnskreiðari en vor. Fólk hefir og fækkað mikið á Eyrarbakka á seinni árum og verzlun horfið þaðan að mestu.

Hv. 1. þm. Árn. var hræddur um, að lítið mundi græðast á því, að slá málinu á frest. En á því mundi þó græðast það, að hægt væri að undirbúa málið á viðeigandi hátt, en það væri að renna blint í sjóinn, að fara að samþ. málið eins og það liggur nú fyrir. Hv. þm. nefndi Þorlákshöfn sem dæmi þess, að ekki væri gott að draga slík mál á langinn. Hefði mestöll útgerð þar verið niður lögð, er lendingarbætur voru loks gerðar þar. Ég er nú ekki viss um, nema Þorlákshöfn hefði hnignað jafnmikið, þótt lendingarbætur hefðu verið gerðar þar 10—15 árum fyrr. Og að minnsta kosti er það fullvíst, að umbætur þær, er sýsla og ríkissjóður hafa látið gera þar, hafa að alls engu gagni komið til eflingar útgerð eða útræði á þeim fornfræga stað. Ef afli bregzt einhversstaðar um nokkurn tíma, þá flytja sjómenn þaðan til annara betri staða. Get ég ekki séð, að neinn skaði sé skeður, þótt fiskiver leggist niður, ef skilyrði eru verri þar en annarstaðar. Það geta ekki allsstaðar verið fjölmenn kauptún í landi með aðeins 100 þús. ibúa, og er því bezt, að fólkið flytjist til þeirra staða, þar sem hægast er að komast af. Þeir fiskimenn, sem áður voru í Þorlákshöfn, eru nú dreifðir víðsvegar, og stunda nú sjó frá Reykjavík, Akranesi, Vestmannaeyjum eða öðrum stöðum.

Hv. 1. þm. Árn. féllst á það, að réttthermt væri það, að fyrirhleðslan væri aðeins tilraun.

Hv. 2. þm. Árn. (MT) talaði sanngjarnlega um málið og viðurkenndi, að undirbúningur þess væri ekki svo góður sem skyldi. En þar eystra væri mjög mikill áhugi fyrir því, að hafizt yrði handa og sandburðurinn úr Ölfusá hindraður. En hann bætti við, að vitamálastjóri vildi ekki bera neina ábyrgð á verkinu. Kemur þetta fullkomlega heim við það, er ég sagði frá viðtali hans við nefndina. Er það að öðru leyti sízt til þess að auka traust á áætlun verkfræðingsins.

Það mun rétt, sem hv. þm. sagði, að hafnarbryggjan stendur vel á Eyrarbakka, enda er sandburður að henni sama sem enginn, og þrefaldur skerjagarður fyrir utan, eins og hv. þm. tók réttilega fram, svo að ekki er að undra, þó að 40 þús. kr. bryggja geti staðið þar um tíma. En það sannar ekkert um það, hvort garður muni standa vestur hjá Ölfusárósum, þar sem öldur Atlantshafsins svífa óbrotnar að landi.

Hv. þm. sagði vilja Árnesinga um hafnarbætur á Eyrarbakka, að dýpka og breikka hafskipaleiðina og sprengja þar nibbur og sker. Þá upplýsti hann einnig, að til væri uppdráttur hafnarinnar, er gerður hefði verið af herforingjaráðinu árið 1915. Væri það góð undirstaða fyrir verkfræðingana að byggja á og þeim mjög til flýtis.

Hv. þm. sagði, að hafnarbæturnar á Stokkseyri hefðu ekki verið betur undirbúnar. En þá er þess að gæta, að til þeirra var veitt lítið fé, um 12 þús. kr., en hér er farið fram á 80 þús. Var því ekki ástæða til þess að krefjast svo fullkominnar áætlunar um þær.

Þá drap hv. þm. á mannvirki þau, sem gerð hafa verið á Skálum á Langanesi. Þau styðja einmitt þá skoðun mína, að ekki skuli leggja fram fé til slíkra mannvirkja, fyrr en fullrannsakað sé, hvað þau muni kosta. Áætlun sú, sem gerð mun hafa verið á Skálum, hefir alls ekki staðizt. Hefir það komið sér stórlega illa, því

að hvergi hefir fengizt fé til þess að greiða mismun kostnaðar og áætlunar. Hefir sá inn mikli munur lent á þeim er sízt skyldi, bláfátækum verkamönnum, sem unnu að verki þessu heilt sumar, í fullu trausti um skilvíslega greiðslu áður lyki. Hafa sumir þeirra að vísu fengið nokkurskonar bréf fyrir greiðslu kaups síns, en á hvern þau hljóða, veit enginn, og hríðfellur verðið sífellt á þessum verðbréfum. Hefi ég samkvæmt kröfum inna fátæku og illa blekktu verkamanna skorað á fjvn. Nd. Alþingis að taka þetta mál til gagngerðrar rannsóknar og greiða svo úr því, að þessir menn, táldregnir og úrræðalausir, megi að lokum ná rétti sínum fullkomlega. — Öll þeirra vandræði stafa af því, að eigi var fullrannsakað í upphafi, hvað verkið mundi kosta.

Hv. þm. sagði, að ekki væri unnt að gera mannvirki svo úr garði, að máttug náttúruöfl, eins og t. d. jarðskjálftar, fengi þeim eigi grandað. Við því væri ekkert hægt að gera. Hv. þm. segir þetta réttilega, að því er kemur til þeirra „náttúruafla", er enginn veit, hvenær láti til sín taka, né þekkja mátt þeirra, svo sem er um jarðskjálftana. En hér er nokkuð öðru máli að gegna. Allir þekkja hina máttugu hafsjóa, er skella á suðurströnd landsins, —

„—því hafgang þann ei hefta veður blíð,
sem voldug reisir Rán á Eyjasandi,
þar sem hún heyir heimsins langa stríð".

Haustrigningar geta jafnvel brugðizt hér við land, en hið æðandi brim við suðurströndina hefir aldrei brugðizt.

Hv. þm. taldi lang-æskilegast, að hefjast þegar handa og byrja á verkinu, og til dæmis um áhuga manna þar eystra sagði hv. þm., að einn maður á Eyrarbakka hefði boðizt til að leggja fram 5000 kr., svo að hægt væri að byrja á verkinu strax í sumar. Mér líst vel á, að byrjað sé þegar á verkinu, og reynt að bægja frá þeim háska, er af sandburðinum stafar.

Samkv. frv. er ekki ætlazt til mjög bráðra framkvæmda á þessu verki, eins og „ákvæði um stundarsakir" bera með sér, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til byrjunar á sandgarðinum til þess að bægja sandburði úr Ölfusá má ríkisstjórnin, þegar ástæður ríkissjóðs leyfa, verja allt að 20 þús. kr. úr ríkissjóði, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að og öðrum sömu skilyrðum og í lögum þessum segir".

Ég vil benda hv. þdm. á það, að greiðasta leiðin til þess að fljótt verði byrjað á verkinu, er sú, að bíða ekki eftir því, að ríkisstjórnin leggi fram fé til þess, þegar henni finnst að ástæður ríkissjóðs leyfi, heldur að taka fjárveitingu til þess hluta verksins, sem þegar hafa verið gerðar áætlanir um, upp í fjárlög næsta árs. Ég get sagt það af minni hálfu, — þótt ekki sé ég vanur að binda atkvæði mitt fyrirfram, — að ég greiði gjarnan atkvæði með fjárveitingu í fjárlögum til þessara mannvirkja nú þegar á þessu þingi, ef hv. þm. Árn. fylgja því fastlega fram.

Skal ég svo ekki eyða hinum dýrmæta tíma þingsins í lengri umr. um málið.

Einar Jónsson: Ég hefi venjulega álitið það skyldu mína að vera samtaka hv. þm. Árn. um öll hagsmuna- og nauðsynjamál Suðurlandsundirlendisins. En það er nokkuð vafasamt, að ég geti verið þeim sammála um þetta mál.

Þó að öllum hv. þm. sé það kunnugt, að hin mesta þörf er á að bæta samgöngur austanhéraðanna, þá er efasamt, hvort hægt er að fara þá leið, að bæta samgöngurnar jafnhliða á sjó og á landi. Hér hefir verið á ferðinni frv. um nýjan veg austur. Geti hæstv. stj. bæði gert lendingarbæturnar og lagt hinn nýja veg, þá er það auðvitað ágætt. En verði lendingarbæturnar á Eyrarbakka samþ., svo ótryggar sem þær eru, og þær kæmu í bága við lagningu vegarins, þá efast ég ekkert um, að betra væri að sleppa lendingarbótunum og fá veginn.

Get ég því helzt fellt mig við rökstuddu dagskrána á þskj. 225.

Hv. þm. eru mikið að tala um, að byggja þurfi mannvirki vegna sandburðarins austur frá ósnum. Ég fyrir mitt leyti er viss um, að það er skerjagarðurinn, sem mest háir á þessum stað og hann þyrfti því að sprengja. En það er mjög hæpið og dýrt verk, þó að það mætti takast með miklu fé að framkvæma það. Eins og hv. þm. N.-Þ. (BSv)

hefir tekið eftir, þótt ekki sé hann kunnugur þar eystra, þá er brimið hættulegra öllum vörnum þar en sandburðurinn. Hamfarir brimrótsins eru þar svo stórkostlegar, að ekki er gott að segja, hverju þær megi áorka. Hafi ríkið efni á að reyna að gera þarna umbætur, þá er það ágætt, en eins og ég hefi áður sagt, mun ég halla mér að rökstuddu dagskránni, þangað til ég sé, hvernig umr. falla um málið.

Það hlýtur að vera öllum ljóst, að þörfin á bættum samgöngum við austursveitirnar er mjög brýn. Má í því sambandi benda á allt það fé, sem ríkið hefir lagt fram til Árnessýslu, til mjólkurbúa, áveita o. s. frv. Þessi fyrirtæki krefjast þess, að samgöngurnar verði bættar sem allra fyrst, annars er því fé, sem lagt hefir verið til þeirra, á glæ kastað. Skal ég þessu til stuðnings nefna átakanlegt dæmi frá því í vetur. Hinn 13. febr. var nýbúið að moka snjó af veginum austur, svo að fært var um hann. En hinn 14. skóf svo snjó niður í allar traðir og tepptust þá allar samgöngur við mjólkurbúin í tvo daga. Þessi samgönguteppa kostaði mjólkurbúin geysimikið fé í þessa tvo daga. Sýnir þetta glöggt, hvílík þörf er á samgöngubótum við austursveitirnar.

Ég held, að lendingarbæturnar séu ekki svo vel undirbúnar sem skyldi og álít ég því, að rökstudda dagskráin sé mjög sanngjörn í þetta sinn. Ég vil þó síður en svo spilla fyrir þessum umbótum, en ég get ekki gengið fram hjá líkingu þessa fyrirhugaða verks og brimbrjótsins í Bolungavík. Eru þessi mál mjög sambærileg, því að aðstaðan á Eyrarbakka er mjög erfið, engu síður en í Bolungavík, og er það ekki aðallega vegna sandburðarins, heldur fyrst og fremst vegna skerjanna og brimrótsins.

Ég efast um, að hægt verði að koma þessu máli verulega áleiðis, nema með ærnum tilkostnaði. Ég er hræddur um, að 20 þús. kr. mundu hrökkva skammt til þess að gera nauðsynlegar og varanlegar umbætur á Eyrarbakka. Ætti heldur að verja þessu fé til vegarins og þó helzt til járnbrautar, sem ég er sannfærður um, að yrði langbezta lausnin á samgöngumálum okkar, sem búum fyrir austan fjall.

Ég mun því halda mér við dagskrána, eins og ég hefi áður sagt og vona ég, að hv. þm. Árn. skoði það ekki svo, að ég sé að leggja stein í götu þessa máls.

Magnús Torfason: Margt hefir verið sagt síðan ég stóð upp síðast, en ekki af eins mikilli þekkingu og vera þyrfti.

Það hefir verið sagt, að sandurinn bærist austur með landinu, og væri það ytri legan, sem mundi fyllast fyrst og á undan eystri legunni. En það er einmitt eystri legan, sem er nú óðum að fyllast, og færist sandurinn svo vestur eftir. Ber að vísu ekki mikið á honum, en höfnin grynnkar þó smátt og smátt. Hlýtur þessi misskilningur að stafa af ókunnugleika manna á staðháttum þar eystra.

Þá hefir og verið talað um hinn gífurlega kostnað, sem leiða mundi af því að sprengja nokkrar nibbur og sker í innsiglingunni. Ég get um það vísað til ummæla formanns nokkurs á Eyrarbakka, sem jafnan hefir dvalið þar og stundað þaðan sjósóknir, og hefir því verið nærri daglega þar á höfninni. Hann lítur svo á, að ekki sé víst, að sprengingar þær muni verða dýrari heldur en á Stokkseyri. Þessar sprengingar taka mjög langan tíma. Á Stokkseyri var t. d. unnið að þeim í 10 ár. Kom stundum fyrir, að ekki var hægt að vinna að þeim nema örfáa daga á sumri, svo sem eðlilegt er.

Það hefir verið spurt um það, hve stór skip kæmust nú inn á Eyrarbakkahöfn. Í fyrra lá þar 150 smál. skip. Munu stærri skip ekki komast inn. Má ef til vill bjargast við það fyrst um sinn, en þess ber þó að gæta, að farmgjöld eru miklu dýrari með smærri skipum heldur en með þeim stærri.

Það hefir verið talað um ábyrgð á þessu verki. Ég held, að áhættan sé ekki mikil. Slíkur garður hefir staðið í 5 ár í Þorlákshöfn, og hafði ekkert brotnað úr honum þegar ég vissi síðast. Reynslan kennir mönnum líka að vanda sig betur.

Þetta fyrirhugaða verk hefir verið borið saman við brimbrjótinn í Bolungavík. Þar gegnir öðru máli. Það var ekki hafrótið sjálft, sem eyðilagði brimbrjótinn, heldur grjótburðurinn. Svo er það ekki á Eyrarbakka. Garði þar stafar engin hætta af grjótburði.

Það hefir verið drepið á, að sækja mætti um fé þetta í fjárlögum, og er það vitanlega rétt. En ég sé ekki, að samþ. þessara laga með öllum þeim varnöglum, sem þar eru taldir, geri neitt til, og því engin hætta á ferðum, að samþ. frv. eins og það liggur fyrir. En samþ. laga um þetta efni hefir það gildi að mynda löglega framkvæmdanefnd, til þess að annast verkið. Á Skálum á Langanesi vantaði einmitt slíka nefnd, enda engin lög um, hvernig fara ætti að, ef kostnaðaráætlun verksins færi fram yfir þá upphæð, sem veitt var. Hv. frsm. meiri hl. lagði sérstaklega áherzlu á þessa vantandi ábyrgð um, að hve miklu gagni þetta mannvirki komi, en sú ástæða lýtur þá að því, að samþ. aldrei lögin, því að ég býst ekki við að hægt sé að toga frekari ábyrgð út úr vitamálastjóra, eða mönnum hans, en fengin er.

Annars er mér nær að halda, að ef ég hefði getað talað við hv. sjútvn., þá hefði orðið meiri von um framgang þessa máls en nú virðist. Verður því, úr því sem komið er, að skeika að sköpuðu, hvernig um það fer.

Hv. 1. þm. Rang. (EJ) var að setja horn í þetta mál og kom mér það að sönnu ekki alveg á óvart. Mér, sem gömlum Rangæingi, er kunnugt um, að Árnesingar og Rangæingar hafa aldrei komið sér saman, þegar um verzlunarmál beggja sýslnanna hefir verið að ræða. Hinsvegar hélt ég nú samt, að hv. þm. mundi ekki taka máli þessu með ónotum. Ég hefi alltaf stutt málstað Rangæinga, bæði á þessu þingi og jafnan áður, og með tilliti til þess finnst mér hv. 1. þm. Rang. hefði getað látið undir höfuð leggjast að vega gegn þessu máli.

Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég hefi ekki ástæðu til að fara um þetta mál mörgum orðum, enda skilst mér, að fátt hafi komið fram í umr. og nál. hv. meiri hl., sem talizt geti rök gegn því, að frv. þetta fái fram að ganga. En hitt vildi ég leiðrétta í ræðu hv. frsm. meiri hl., að ég hafi ekkert látið uppi í n. um stuðning minn við málið. Á fundi þeim, sem málið var tekið fyrir á, gat ég ekki mætt vegna veikinda. Á næsta fundi n. mætti svo Krabbe vitamálastjóri til viðtals, en á þeim fundi gat ég ekki heldur mætt, en eftir þetta samtal við vitamálastjóra virðist svo meiri hl. n. taka sína afstöðu um afgreiðslu málsins. En þegar mér var kunnugt um þá niðurstöðu, féll mér hún ekki, og lét þess þá strax getið, að ég kæmi með sérstakt nál. Þó mun það ekki hafa verið hv. frsm. (BSv), heldur annar maður í n., sem átti till. um rökstuddu dagskrána.

Hinsvegar verð ég að taka undir það, að málið í heild er ekki eins vel undirbúið eða upplýst og skyldi. Þó tel ég það ekki fullnægjandi ástæðu til þess að bregða fæti fyrir það nú, og legg því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Þá sagði hv. frsm. meiri hl., að ég hefði að óþörfu blandað inn í nauðsyn hafnarbóta á Eyrarbakka vetrarflutningum yfir Hellisheiði. En það gerði ég með vilja, enda skilst mér ekki betur en að hér sé um mjög skyld og nákomin mál að ræða. Mér finnst það veigamikil ástæða fyrir hafnargerð á Eyrarbakka, að vetrarflutningar yfir Hellisheiði geta alltaf teppst. En þegar svo fer, er engin önnur leið til bjargar, en komið verði upp góðri höfn á Eyrarbakka, svo aðflutningar haldi þá áfram sjóleiðina. Það er líka á allra vitorði, að flutningar á stórum skipum borga sig betur en með þeim farartækjum á landi, sem við höfum um að velja. En þá verða skipin að geta hafnað sig hvenær sem er. Nú er helzt útlit fyrir, að við Eyrarbakka geti stærri skip ekki hafnað sig vegna grynninga á skipalegunni. Er því brýn nauðsyn að hefjast þegar handa og koma í veg fyrir að sandburður inn á leguna aukist úr því sem nú er.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, enda þykist ég hafa fært full rök fyrir mínu máli.

Einar Jónsson: Ég get ekki sagt, að ég hafi orðið fyrir beinum árásum frá hv. 2. þm. Árn., en ekki var hljóðið létt í honum, svo að eitthvað hafa þau snortið hann ónotalega þessi fáu orð, sem ég mælti áður.

Hinsvegar býst ég ekki við, að það snerti mig svo mjög, þó að klettarnir fyrir vestan éti gat á brimbrjótinn í Bolungavík, eins og hv. 2. frsm. Árn. komst

að orði, en ríkissjóður hefir ekki farið varhluta af því að bæta þessi margumtöluðu göt, sem árlega hafa dottið á þetta merkilega mannvirki Bolvíkinga. Að ég minntist á brimbrjótinn, kom til af því, að ég bjóst við að eins gæti farið á Eyrarbakka, að hinn fyrirhugaði garður stæði ekki af sér stórsjóa þá, sem berast að landi þar frá opnu úthafinu.

Þá var þessi sami hv. þm. að upplýsa um, að Rangæingar og Árnesingar kæmu sér aldrei saman í verzlunarmálum og virðist mér ærið torskilið, hvers vegna hann fer að benda á verzlunarmál í sambandi við málið, sem hér liggur fyrir. Að grafa upp sandeyrar úr skipalegunni við Eyrarbakka og hlaða garða henni til varnar hélt ég að væri fremur samgöngumál þeirra Eyrbekkinga, og Árnesinga þá um leið, heldur en verzlunarmál sýslnanna austur þar. En hann um það.

Þá verð ég að bæta því við, að mér þykir talsvert undarlegt, og ekki sízt af honum, að fara að gera hér að umtalsefni ósamkomulag milli þessara sýslna; því að ef svo er, að þessir aðiljar, Árnesingar og Rangæingar, hafi ekki getað komið sér saman um sín sameiginlegu hagsmunamál, þá virðist liggja næst að halda, að þessi hv. þm. eigi einhverja sök á því. Hann hefir, eins og kunnugt er, verið embættismaður í báðum sýslunum og farið með umboð beggja þeirra á Alþingi, þó að það væri nú raunar skamma stund, sem Rangárvallasýsla nyti þingmannshæfileika hans.

Þá virtist þessi sami hv. þm. vera drjúgum upp með sér yfir afskiptum sínum af málum Rangárvallasýslu og var að hrósa sér fyrir, hve vel hann hefði stutt Rangæinga í öllum málum sýslunnar hér á þingi. En mér datt helzt í hug, er ég heyrði þetta hrós hans um sjálfan sig: „fyrst Rangæingar hrósa mér ekki, verð ég að gera það sjálfur“, enda er skemmst á að minnast, að einmitt þessi hv. þm., sem bæði hefir verið sýslumaður og þingmaður Rangæinga, hefir reynzt Rangæingum sá Þrándur í Götu hér á Alþingi, að trauðla gleymist í bráð. T. d. get ég nefnt það, að á þinginu 1929 fékk hann því framgengt, að Árnessýslu var gefin eftir allmyndarleg fúlga af viðhaldskostnaði Flóavegarins. Við þm. Rang. veittum honum drjúgan stuðning í því máli, eins og líka sjálfsagt var. En þann stuðning launaði þessi hv. þm. á þá lund, að greiða atkv. á móti því, að Rangárvallasýsla fengi samskonar eftirgjöf, sem þó var af flestum álitið jafn réttlátt og um Árnessýslu. Á þann hátt tókst honum í það sinn að hafa af Rangárvallasýslu nokkur þúsund krónur. Verður því ekki annað sagt, en að umhyggja þessa hv. þm. fyrir velferð Rangárvallasýslu sé nokkuð takmörkuð á stundum. Sama má og segja um hvikulleik hans í járnbrautarmálinu.

Ég sný ekki aftur með það, sem ég hefi áður sagt um eyrina eða sandburðinn frá Ölfusá. Eyrin er ekki hættulegust fyrir höfnina við Eyrarbakka. Þessvegna vildi ég óska, Bakkans vegna, að sandeyrin yrði samföst alla leið út í brimgarð og innskerjaboðar hyrfu þar með úr sögunni, því að þá yrði samhliða komin hentugri lending þar en verið hefir um skeið. Eins og er, verður fyrst að laga skerjagarðinn og tryggja það, að hann verði bátum og stórskipum fær sem oftast.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Sveinsson): Það hefir fátt eitt markvert komið fram í ræðum þeirra hv. þdm., sem tekið hafa til máls síðan ég lauk ræðu minni, svo að ég leiði hjá mér að svara því nema örfáum orðum.

Þó þykir mér það ekki ómerkilegt atriði, sem þeim ber á milli, hv. 1. þm. Rang. og hv. 2. þm. Árn., um sandburðinn úr ósi Ölfusár. Hv. 1. þm. Rang. heldur því fram, að sandurinn berist utan frá ósnum og grynni lónin að vestan. En hv. 2. þm. Árn. er á gagnstæðri skoðun og fullyrðir, að sandurinn berist austan með landinu og bátalegan grynnist fyrst að austan og síðan af sandburði vestur með. Verður þá næsta torskilið, hvernig þessi fyrirhugaði garður, sem liggur alllangt fyrir vestan öll „lón“ og „leiðir“, á að geta komið að nokkrum notum.

En ef það er rétt, sem hv. 2. þm. Árn. hefir haldið fram, að sandburður þessi sé framburður Ölfusár, virðist helzt verða að skilja svo, sem sandurinn fari

fyrst einhverja djúpleið utan við skerjagarðinn, austur á bóginn, berist síðan að landi við austanverðan Eyrarbakka og snúi svo út með ströndinni, þangað til hann sezt að í lónunum í skipalegunni. Á annan veg er ekki hægt að skilja þetta, nema ef vera kynni, að hér væri um sandburð að ræða frá ósi Þjórsár, sem þó er næsta ósennilegt, þar sem ós hennar liggur allfjarri. Annars er þetta hulinn leyndardómur, og á meðan svo stendur, virðist ekki ástæða til að leggja stórfé í strandvarnargarð, sem með öllu er óvíst um, hvort komið geti að nokkrum notum.

Magnús Torfason: Ég hugði, að hv. 1. þm. Rang. væri ekki búinn að gleyma því, að ég veitti minn stuðning til að Rangárvallasýslu væri gefinn eftir vegaviðhaldskostnaðurinn og einmitt á þessu sama þingi, sem ég nefndi. En hitt er satt, að ég var á móti till., eins og hún var fyrst borin fram. Það var líka ég, sem átti þá símtal við sýslumanninn í Rangárvallasýslu o^ vildi hann ekki sinna till., eins og hún var fram borin. Um það átti ég einnig tal við báða hv. þm. Rang. og benti þeim á að lækka upphæðina. En þeir sátu fastir við sinn keip og till. féll. Enda var engin ástæða til, að Rangárvallasýsla fengi hærri upphæð eftirgefna að tiltölu en Árnessýsla. Þegar svo upphæðin var lækkuð greiddi ég henni atkvæði og hélt ég að við skildum þar með sáttir að viðskiptum, hv. 1. þm. Rang. og ég. Öðru þarf ég ekki að svara honum um þetta atriði. Hann telur þá höfninni á Eyrarbakka bezt borgið, þegar þar er kominn ægisandur fram í skerjagarð, eins og fyrir allri Rangárvallasýslu. Kemur þar fram jafnaðarstefna í honum, hrein og ómenguð.

Hv. frsm. meiri hl. tók að nokkru leyti í sama streng, en þó ekki með jafnmikilli fjarstæðu. En vitanlega verður að færa þeim til afsökunar, að báðir eru jafn ókunnugir á staðnum og ekki að vænta, að þeir geti byggt álit sitt og till. á þeim rökum, sem gild verði talin. Í því efni skal bent á, að fyrir austan eystri leguna er skerjagarður þvert fyrir, er stöðvar sandburðinn, og kennir þar ókunnugleika þeirra á staðháttum.

Hákon Kristófersson [óyfirl.]: Ég tek ekki til máls vegna þess að mér finnist að hjálpa þurfi hv. frsm. meiri hl. n., enda hefir ekki verið hrakið neitt af því, sem hann hefir sagt fyrir nefndarinnar hönd.

En mér hefir verið tjáð, að frsm. minni hl., hv. 4. þm. Reykv., hafi sagt áðan, að sú leið, sem valin hefir verið um afgr. þessa máls af meiri hl. n., mundi ekki hafa verið farin að vilja hv. frsm. meiri hl., heldur hafi annar nefndarmaður ráðið þar mestu um. (**SÁÓ:** Ekki var það nú orðað svo). En ef ekki er raskað efni, er sama máli að gegna, og verð ég því að álíta, að getsökum þessum hafi verið beint til annars hvors okkar, hv. þm. Vestm. eða mín. En sá, sem sagði mér þetta, segir að orðum þessum hafi verið sérstaklega beint að mínu sæti og þess vegna fannst mér ástæða að taka til máls.

Ég man nú ekki gerla, hvernig þessu var háttað, þegar n. tók þetta mál til meðferðar, en þó vil ég undanfella mig því, að hafa átt frekar í þessari till. en aðrir meðnefndarmenn mínir.

En ef taka á orð hv. 4. þm. Reykv., sem ekki var á þessum fundum, trúanleg, vill hann þá halda því fram, að mín till. hafi haft þann kraft, að ég hafi getað teymt þá hv. þm. N.-Þ. og hv. þm. Vestm. án vilja þeirra? Nú skal ég að gefnu tilefni lýsa yfir því, að eftir að n. hafði heyrt till. vitamálastjóra og athugað þau gögn, sem fyrir lágu, þá gat hún ekki annað en lýst yfir, að undirbúningur málsins væri ekki nógu góður til þess að hún treysti sér að mæla með því, að frv. yrði að lögum á þessu þingi, og skal það ennfremur tekið fram, að dagskrártill. meiri hl. er alls ekki fram komin af neinum illvilja til málsins. Frv. er, sem sagt, ekkert annað en léleg uppskrift af Þorlákshafnarlögunum, en það mál var á sínum tíma betur undirbúið en hafnarbætur þær, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Ég held því, að það verði að byggjast á einhverjum dularfullum ástæðum, ef beina á til mín, að ég hafi lokkað meiri hl. til þess að afgr. málið á þann hátt, sem lagt er til.

Hv. 2. þm. Árn., sem er aðalflm. þessa máls, segir í „leiðréttingu“ sinni á þskj.

253 við nál. meiri hl., þessu makalausa skjali, sem ég minnist ekki að hafa séð áður á þingi, því að flm. máls hafa hingað til látið sér nægja, að bera fram leiðréttingar sínar í heyranda hljóði í deildinni, að Landsbankinn eigi landið, en minnist ekkert á það, hve mikið hann muni leggja fram til mannvirkjanna. Landsbankinn ætti þó að geta lagt eitthvað fram. (MT: Hv. þm. getur verið viss um, að hann gerir það). — Já, ég tek trúanleg orð hv. þm. En fallvalt er veraldarlán og vil ég þá segja, að þar sem ekki liggur fyrir yfirlýsing frá þessum aðilja um fé til mannvirkjanna, þá verður heldur ekkert á því byggt, hvers vænta megi.

Mér er sagt, að mikill áhugi sé fyrir þessu máli á Eyrarbakka og furðar mig sízt á því. En hér á við sem víðar: „Varðar mest til allra orða, að undirstaðan rétt sé fundin".

Hv. 2. þm. Árn. segist hafa talað við vitamálastjóra og fengið hjá honum aðrar upplýsingar en meiri hl. n. fékk hjá þessum sama manni. Þó vill hann ekki gefa í skyn, að meiri hl. hafi rangfært umsögn vitamálastjóra, enda var hv. þm. mjög kurteis og orðaði þetta fallega. Hann fór líka góðum orðum um vin minn, Finnboga Rút verkfræðing, og er ég honum þakklátur fyrir, því að Rút þekki ég vel og að góðu einu. (SÁÓ: Honum má trúa!). Já, honum má trúa, það er víst og satt, og vil ég þar með undirstrika það, sem báðir þessir hv. þm. hafa sagt um þennan unga heiðursmann.

Ég talaði við Rút, og hann viðurkenndi, að sig vantaði nægilegar upplýsingar til þess að geta ráðið til, hvað gera skuli. Enda fór hv. 2. þm. Árn. mjög gætilega með þau orð, sem hann hafði eftir Rúti, eins og hans var líka von og vísa, — sagði aðeins, að Rútur hefði ekkert dregið úr þessu.

Þegar meiri hl. fór þessa leið um afgr. málsins, sem nál. á þskj. 225 sýnir, þá gerðum við það með ráðnum hug. Við vildum ekki rasa að neinu, heldur taka málið upp aftur, þegar vel er til þess vandað og á þeim grundvelli, sem hagkvæmast er fyrir alla. (MT: Þ. e. a. s.: hengja málið upp á snaga). Ekki vil ég nú orða það svo, enda hefir þetta tíðkast um mörg mál, og hv. þm. sjálfur borið fram slíkar till. Ég get ekki skilið, að það sé að hengja mál upp á snaga, þó að þm. af góðum hug til þess vilji freista að fá það sem bezt undirbúið.

Ef hv. d. álítur dagskrártill. meiri hl. óframbærilega, þá hlýtur hún að hníga að öðru ráði og samþ. þá frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 225 felld með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, JJós, JAJ, MJ, ÓTh, SE, SvÓ, ÁÁ, BSv, EJ, HJ.

nei: HV, IngB, JÓl, JS, LH, MG, MT, PO, SÁÓ, ÞorlJ, BSt, GunnS, HStef, HG, JörB.

Tveir þm. (TrÞ, BÁ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 16 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MG, MT, PO, SÁÓ, ÞorlJ, BSt, EJ, GunnS, HStef, HG, HV, IngB, JÓl, JS, JörB.

nei: MJ, ÓTh, SE, SvÓ, BSv, HJ, HK, JJós, JAJ.

Tveir þm. (TrÞ, BÁ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 35).

Frv. var sett til 1. umr. á dagskrá 46. fundar Ed., er halda skyldi 14. apríl kl. 5 síðd. En sá fundur féll niður, með því að á fundi í Sþ. s. d. var þingið rofið.

---

28. Hafnargerð á Akranesi.

Á 7. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um hafnargerð á Akranesi (þmfrv., A. 38).

Á 9. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Þetta frv. er flutt í sama formi og ég bar það fram í Nd. á síðasta þingi, og eins og hún gekk frá því. En eins og kunnugt er, dagaði

það ásamt öðrum hliðstæðum frv. uppi í Ed.

Ég gerði í fyrra grein fyrir, hvaða ástæður lægju því til grundvallar, að þetta frv. er fram komið, og ég mun ekki fara út í það nú nokkru nánar. Ég vil aðeins benda á það, að það, sem knýr svo á um framkvæmd þessa verks, er, að allur útvegur kauptúnsins, sem er 20 stórir vélbátar, er í mikilli hættu staddur á bátalegunni, þegar stórbrim er og útsynningur. Og í öðru lagi er það, að sá hluti útgerðarinnar á Akranesi, sem rekinn er með gufu-línuveiðiskipum, hefir ekki aðstöðu til að leggja aflann á land á Akranesi, og verður því að leggja upp á öðrum stöðum, svo sem hér í Reykjavík og í Hafnarfirði. Það er ekki hægt, nema þegar góð veður eru og brimlítið, að skipa upp í Krossvík.

Þegar stórbrim kemur upp á, meðan bátar eru í róðri, geta þeir oft ekki komizt inn í bátalegur og verða þess vegna að leita nauðhafnar annarsstaðar, í Reykjavík eða í Hafnarfirði, því að um aðrar öruggar hafnir á næstunni er ekki að ræða.

Ennfremur skortir mjög á, eins og nú er, að bátar hafi aðstöðu til þess að leggja aflann á land eins fljótt og nauðsyn krefur, því að það er aðeins ein bryggja, sem þessi skipastóll getur lagt aflann á land við. Þegar lágt er í sjó, fljóta þar í mesta lagi tveir bátar í einu, en þegar hásjávað er, geta komizt þar fjórir að. En eins og áður er frá skýrt, eru á Akranesi yfir 20 bátar. — Nú er það svo í samþykktum þeirra þar, að allir bátar róa á sama tíma og koma því að landi um mjög svipað leyti. Þess vegna tekur það langan tíma fyrir bátana að fá nauðsynlega aðbúð, og það hefir komið fyrir oftar en einu sinni á þessari vertíð, að seinustu bátarnir hafa tapað af róðri næsta dag, vegna þess hve seint þeir fengust afgreiddir.

Það er þetta með öðrum ástæðum, sem hefir knúð þá til að ráðast þegar í framkvæmd, þótt ekki hefðu enn fengizt samþ. hafnarlög fyrir staðinn. Á síðastliðnu vori var byrjað á þessu verki, og því hefir skilað það áfram í sumar, að búið er að byggja 72 metra langan garð, auk þess sem mikið hefir verið unnið að umbúnaði í landi, svo sem að slétta klappir o. fl.

Það er í raun og veru ósköp lítið, sem enn þá hefir unnizt með þessari byrjun. Það er aðeins þegar kyrrt er í sjó, að stærri bátar geta lagzt að, og verða þeir þá að leggjast þvert fyrir endann á garðinum. Þess vegna veitir hann ekkert hlé og notin eru bundin við það, að logn sé og ládeyða.

Tvö gufu-línuveiðiskip frá Akranesi fluttu ísfisk til Englands í vetur, og í 2—3 skipti gátu þau lagzt að garðinum og skipað þar upp kolum. Suðurlandið hefir líka getað lagzt þarna upp að í tvö eða þrjú skipti.

Þetta, sem búið er að gera, kostaði 120 þús. kr., og kauptúnsbúar hafa alveg orðið að standa staum af því. Það, sem unnið hefir verið, er allt gert eftir uppdráttum og áætlunum frá vitamálastjóraskrifstofunni, og hefir Finnbogi R. Þorvaldsson séð um verkið. Ég vil geta þess, að kostnaðurinn varð nokkuð neðan við það, sem verkfræðingurinn hafði áætlað.

Hver viðbót, sem gerð er við garðinn, veitir þegar nokkurt hlé fyrir stormum og brimi, þannig að þótt ekki væri um mikla viðbót að ræða, greiðir hún tölu-vert úr þeim vandræðum, sem eru við afgreiðslu báta.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en ég vil beina þeim tilmælum til sjútvn., sem ég geri ráð fyrir að fái málið til meðferðar, að hún bregðist vel við því og afgreiði það fljótt inn í deildina, eins og ég vona og óska, að þingið víkist vel við þessu máli og það fái hér skjóta afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 17 shlj. atkv.

Á 35., 36., 37. og 38. fundi í Nd., 27., 28., 30. og 31. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 38, n. 195 og 218).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Atkvgr. um brtt. 218 frestað til 3. umr.

1. gr. samþ. með 15:1 atkv.

2.—19. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18. shlj. atkv.

Á 42. og 43. fundi í Nd., 9. og 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 38, n. 195 og 218).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Það varð að samkomulagi við 2. umr. að geyma til 3. umr. ágreining þann, sem er á milli meiri og minni hl. sjútvn. um tillög til þessarar hafnargerðar. Öll nefndin er á einu máli um það, að styrkja beri hafnargerð á Akranesi. Ágreiningurinn er um það, eins og álit nefndarhlutanna bera með sér, hve miklum hluta kostnaðar ríkissjóðsstyrkurinn skuli nema.

Þetta mál var flutt hér í fyrra af hv. þm. Borgf., og var grg. hans þá svo ítarleg, að ekki er þörf á að endurtaka hana nú. Fullt útlit var fyrir, að málið næði samþykki síðasta þings, en það varð ekki útrætt sem kunnugt er. En þá hófust Akurnesingar sjálfir handa og hafa þegar gert mikið mannvirki, sem er byrjun á varnargarði fyrir væntanlega bátahöfn í Krossvík. Sjútvn. hefir átt kost á að kynna sér þetta mannvirki og alla aðstöðu þar efra. Nefndin fór upp á Akranes til að kynna sér byggðarlagið, útveginn og þessa byrjun á hafnargerðinni. Það var einróma álit allra nm., að hér væri um hið mesta framtíðarpláss að ræða, ef aðstaða væri bætt. Það er kunnugt, að í fyrra nam fiskútflutningur frá Akranesi 11 þús. skippundum. Fyrir páska frétti ég, að meiri afli væri kominn þar á land nú, og hefir þó eigi nema annar gufubáturinn, sem gerður er út þaðan, lagt þar upp. Í stuttu máli sagt hefir Akranes verið eitt hið allra blómlegasta pláss undanfarin ár hér sunnanlands, og þótt víðar væri leitað. Það er einnig talandi vottur um þrótt og dugnað íbúanna, að þeir skyldu sjálfir hefjast handa og reisa ⅓ varnargarðsins, enda þótt frv. næði ekki samþykki þingsins í fyrra. Það er augljóst, að þegar þessi garður er fullbyggður, er komin hin bezta höfn fyrir alla vélbáta. Þeir eru þar í ágætu skjóli fyrir sunnan og suðaustanátt, og um það er mest vert þar; þar eru aðaláttirnar. Það virðist því ekkert áhorfsmál að styrkja þá viðleitni, sem Akurnesingar hafa sjálfir sýnt í verkinu. Einkum virðist þetta sjálfsagt, þegar tekið er tillit til atkvgr. í næsta máli hér á undan. Úr því að menn sjá sér fært að eyða svo miklu fé til hafnarbóta á þeim stað, þar sem aflabrögð eru lítil, ættu menn ekki að skera slík fjárframlög við neglur sér þar, sem um mikinn afla og ágæt framtíðarskilyrði er að ræða og hafnarbæturnar hafa fljót og góð áhrif á framleiðsluna. Ríkissjóður hefir aðaltekjur sínar af sjávarframleiðslunni, og hann hefir mesta von um endurgreiðslu á því fé, sem lagt er fram til hafnarbóta í efnilegustu framleiðsluplássunum.

Þá vík ég að ágreiningnum um tillagið. Meiri hl. vill fallast á að veita ⅖ hluta, gegn ⅗ frá hafnarsjóði Akraness, en minni hl. vill veita ⅓ gegn ⅔. Við, sem erum í meiri hl., höfðum það fyrir augum, sem áður hefir átt sér stað um önnur hafnarmannvirki hér á landi, einkum um hafnargerðina á Skagaströnd. Á þinginu 1929 var samþ., að ríkissjóður legði fram ⅖ kostnaðar og ábyrgðist ennfremur 350 þús., sem sýslan átti að leggja fram. Og þó var gert fyrir miklu ríflegra framlagi úr ríkissjóði í frv. því, er stj. flutti. Stj. leit svo á, að rétt væri að styrkja þessa hafnargerð að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu með láni úr viðlagasjóði. Hér hefir ef til vill verið of langt gengið, enda breytti Ed. þessu í ⅖ á móti ⅗, og þar við sat, því að brtt. í Nd., um að færa tillag ríkissjóðs niður í ⅓, var felld. Ég hefi drepið á gang þessa máls til að sýna, að þingið virðist hafa velt því vandlega fyrir sér, hvað það teldi hæfilegt, að ríkissjóður legði fram til slíkra mannvirkja. Ég lít svo á, að niðurstaða þingsins 1929 og aðstaða stj. marki nokkra stefnubreytingu um það, hvaða upphæð sé rétt að leggja fram af ríkisins hálfu. Fyrri

þing hafa ekki gengið svo langt. Þannig var framlagið til Reykjavíkurhafnar ¼, og til hafnargerðar í Vestmannaeyjum var framlagið ávallt miðað við ¼ frá 1913—1923, en hinn hlutann var hafnarsjóði ætlað að bera. En það hefir sýnt sig í Vestmannaeyjum, og myndi sýna sig víðar, að þetta er allt of lítið, þar sem um dýrar hafnargerðir er að ræða, sem kosta hundruð þúsunda eða jafnvel milljónir kr. Greiðslur á vinnulaunum og efni verða að fara fram löngu áður en hafnarmannvirkin eru farin að gefa nokkurn arð. Stefnubreytingin 1929 hefir ef til vill komið af því, að þá var ljóst, hvað hlytist af því fyrir ríkissjóð, ef slík framlög væru skorin við neglur sér í upphafi. Héruðin geta ekki risið undir sínum hluta af byrðinni og ríkissjóður verður að taka hana á sig. Reynslan hefir sýnt, að það var rétt stefna, sem tekin var 1929, að ákveða framlögin svo ríflega úr ríkissjóði, en svo hóflega úr hafnarsjóði, að við það verði staðið.

Ég hefi þá lýst afstöðu meiri hl. til þessa frv. og þeim ágreiningi, sem er á milli meiri og minni hl. um framlag úr ríkissjóði. Hinsvegar er enginn ágreiningur um það, að málið eigi fram að ganga, eins og bæði nál. bera með sér.

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Það verður ekki deilt um nauðsyn hafnarbóta á þessum stað, enda hefir hv. frsm. meiri hl. tekið fram, að ágreiningurinn sé eingöngu um tillag ríkissjóðs.

Það er auðsætt, ef að er gætt, að á hverjum tíma hefir verið í því efni farið eftir getu héraðs þess, er í hlut hefir átt. Hinsvegar hefir enginn föst regla myndazt um þetta til þessa. Þó gilti sú regla framan af, að ríkissjóður lagði aðeins fram ¼. Sú regla gilti um Reykjavíkurhöfn 1911 og um Vestmannaeyjahöfn 1913. Framlagið hefir síðan hækkað smámsaman. Um nokkra stefnubreytingu 1929 er ekki að ræða. Áður hafði ríkissjóður lagt fram ⅓ til annarar og þriðju gerðar Vestmannaeyjahafnar og ⅓ til hafnar í Hafnarfirði gegn ⅔ frá hafnarsjóði bæjarins. Þetta frv., sem miðar við, að framlag ríkissjóðs sé ⅖, er sniðið eftir lögunum um hafnargerð á Skagaströnd, sem til urðu 1929. En hafnarlögin fyrir Skagaströnd verða til út af sérstökum landsháttum og með sérstökum skildaga, sem hvergi hefir verið settur annarstaðar. Þingið leit svo á að hér væri fremur um lendingarbætur en hafnargerð að ræða. Enda hefir skilyrðunum ekki verið fullnægt, þrátt fyrir ⅖ úr ríkissjóði.

Það má því líta á hafnarlögin fyrir Skagaströnd sem hreina undantekningu, sem ekki er hægt að hafa að fyrirmynd, nema þar, sem líkt stendur á. Skagaströnd er einasti staðurinn á stóru svæði, þar sem gæti verið neyðarlending, því að önnur notandi höfn er ekki til við Húnaflóa, nema þá Borðeyri eða Strandahafnirnar vestan flóans. Var því ástæða til að taka sérstakt tillit til þessa.

Ég ætla ekki að fjölyrða mikið um þetta mál, það er þaulkunnugt öllum hv. þdm. frá síðasta þingi, og langar umr. munu ekki breyta skoðun hv. þm. um þetta efni. Minni hl. sjútvn. leggur sem sé til, að fylgt verði í þessu máli sömu aðferð og oftast hefir fylgt verið áður um hafnarlagafrv., eins og líka fylgt var með Hafnarfjörð 1929 og Vestmannaeyjahöfn síðari árin, að veita úr ríkissjóði ⅓ hluta kostnaðar, en hinsvegar ábyrgð tekin af ríkissjóði á því, sem hafnarsjóður kann að þurfa til þess að geta komið hafnarmannvirkinu á. Munurinn eftir till. minni hl. er í raun og veru að því er þetta frv. snertir aðeins sá, að úr framlagi því, sem frv. gerir ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram, eru fluttar 80 þús. kr. til ábyrgðarupphæðarinnar, miðað við það, að ríkissjóður greiði ⅓ hluta alls kostnaðar, en öll var höfnin áætluð að kosta 1200000 kr. Minni hl. leggur því til, að ríkissjóður greiði 400 þús. kr., en ábyrgðarheimildin sé færð úr 500 þús. kr. upp í 580 þús.

Að hér er ekki um að ræða ⅔ kostnaðar, stafar af því, að í frv. er ekki óskað eftir meiri ábyrgð en 500 þús. kr., eða því, sem stjórn hafnarsjóðs telur sig þurfa að taka að láni til þess að ljúka hafnargerðinni, sem nú þegar er komin nokkuð á veg.

Ég vil alls ekki hafa á móti því, að á þessum stað sé rík þörf hafnar og hjálp-

ar við héraðið til að koma henni upp. Ég vil heldur ekki hafa á móti því, að á þessum stað sé góð tekjuvon fyrir ríkissjóð af fyrirhuguðum hafnarbótum. Ég kannast þvert á móti við það, að Akranes sé með álitlegri verstöðvum landsins, og vil líka taka undir það með hv. frsm. meiri hl. n., að á Akranesi hafi verið gengið rösklega og drengilega að verki um endurbætur lendingar, en ég verð líka að halda því fram, að Akurnesingum sé sýnd fullkomin viðurkenning með því, að ríkið bjóði fram ⅓ alls kostnaðar og ábyrgð á hinu. Ekki var veitt meira til Vestmannaeyja, en þar er líka einhver allra stærsta verstöð landsins, ein af þeim, sem ríkissjóður mætti sízt við að missa, og ég sé ekki betur en Akurnesingar sitji þó að betri kostum en Vestmannaeyingar, sem til fyrstu gerðar hafnar sinnar fengu aðeins ¼ frá ríkissjóði. Óefað er það, að hafnargerð á Akranesi eykur þar útveg, en meiru skiptir þó hitt, að með henni fæst öryggi eigna og manna.

Annars sé ég ekki ástæðu til að þrátta lengur um málið. Það verður að fara sem auðið er um till. minni hl., hvort þær verða samþ. eða ekki. En sennilegt væri, að hv. þdm. vildu láta þessi öll hafnarlagafrv., sem fyrir liggja, sæta líkri meðferð. Mér virðist þau eigi öll nokkurn rétt á sér, þótt þörfin sé misjafnlega brýn. Ég vil ekki taka svo mikið tillit til þess, þó að einn staðurinn kunni að vera eitthvað líklegri til tekjuauka fyrir ríkissjóð, því að á öðrum stað getur líka komið til greina brýnni þörf, þar sem t. d. er hafnlaust á stórum svæðum. Við afgreiðslu þessara hafnarmála má þá heldur ekki gleymast, að fjölmargir staðir með ströndum landsins eiga eftir að koma fram með kröfur um hafnarbætur, og undan þeim kröfum verður ekki komizt, þótt enn verði þær að bíða.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Ræða hv. frsm. minni hl. gefur í raun og veru ekki tilefni til langra andsvara. Hann hefir kannazt við og staðfest ummæli manna og álit um nauðsyn þessa fyrirtækis, og er því óþarfi að orðlengja um það. Einungis eru það nokkur ágreiningsatriði, sem ég vildi minnast á.

Hv. frsm. minni hl. vildi halda því fram að fjárveiting til hafnargerðar á Skagaströnd væri ekki stefnubreyting, heldur væri um undantekning að ræða, þar eð skoða mætti þá höfn sem neyðarlendingu fyrir miklu stærra svæði en Skagaströnd. Um þetta atriði vil ég þó ekki deila við hv. 1. þm. S.-M., og hverjir hafi afnot af þessari höfn, þar eð ég geri ráð fyrir, að hann sé kunnugri staðháttum en ég. En það haggar ekki neinu, hverjir nota höfnina; svo fremi ríkissjóður tekur þátt í kostnaðinum, þá er það gert með tilliti til sterkrar þarfar þess landshluta eða kaupstaðar, sem í hlut á, og í báðum tilfellum hlýtur það að verða alþjóð heillavænlegt.

Ég hefi nú ekki minnzt á annað fordæmi en Skagaströnd, en vil í þessu sambandi benda á Borgarneshöfn. Það á að vísu aðeins að heita bryggja, sem þar var gerð. En ég vona, að hv. frsm. minni hl. kannist við, að það skipti ekki miklu máli, hvort þessar umbætur og framkvæmdir eru nefndar lendingarbætur, bryggjugerðir eða hafnarbætur.

Ég vil benda hv. frsm. minni hl. á það, að ríkið styrkti aðeins um ¼ kostnaðar t. d. Reykjavík 1911 og Vestmannaeyjar 1913. Það var rétt hjá honum, að Rvík þurfti ekki meira. En eins og reynslan hefir sýnt, risu Vestmannaeyjabúar eigi undir því að greiða þann hluta kostnaðarins, er þeim var ætlaður. Að vísu hafa Vestmannaeyjar fengið fé til hafnarbóta síðan, en aðalfjárveitingin og ríkisábyrgðin var samkv. l. 1913. Þær fjárveitingar, sem síðan hafa komið, hafa orðið smærri, veittar samkv. sérstökum lögum. En það sannar ekki, að ekki hafi verið þörf meiri fjárveitingar. Ég hefi áður lýst yfir því, að Vestmannaeyjar hafi orðið að leggja meira á sig í þessu efni en nokkur annar staður á landinu. Annars er það nú ekki til umr. hér. Þegar benda má á tvenn dæmi þess, að þingið álítur rétt að láta meira, þá sést, að staðhæfing hv. frsm. minni hl. um, að Skagaströnd sé undantekning, er ekki rétt, þegar þess er gætt, að stj. leggur sjálf til, að hækkuð séu tillög og ríkisstyrkir til slíkra framkvæmda. Að öllu þessu athuguðu vil ég ekki kannast við, að það hafi verið ofmælt hjá mér, að

stefnubreyting hafi átt sér stað í þessu efni hjá Alþ. 1929.

Hv. frsm. minni hl. tók sérstaklega fram, hve rösklega og drengilega íbúar Akraness hafi gengið fram til þessa verks. Allir hljóta að kannast við það, þegar þeir líta á mannvirkin á Akranesi, að þau eru eins og sýnilegt tákn þess framtaks og dugnaðar, sem einkennir Akurnesinga. Þau eru eins og útrétt hönd frá einu efnilegasta fiskiveri þessa lands, hönd, sem við hér á þingi verðum að taka jafnfast og drengilega í og hún er rösklega útrétt.

Hv. frsm. minni hl. lét svo um mælt, að tekjuvon væri þetta ekki mikil fyrir ríkissjóð, því að komið gæti til greina brýnni þörf annara staða, þar sem enn væri hafnlaust. Ég fæ nú samt ekki séð, að annar staður sé öllu líklegri til að gefa ríkissjóði góðar og auknar tekjur vegna sinna hafnarbóta en einmitt Akranes, sem ég legg á borð við Vestmannaeyjar í þessu efni.

Þegar ríkið ætlar að takmarka eitthvað fjárframlög sín, þá má fyrst athuga það gaumgæfilega, hvort þetta geti ekki orðið til þess að draga úr möguleikunum fyrir auknum tekjum ríkissjóðs. Hér í þessu tilfelli held ég, að enginn vafi geti leikið á því, að árangurinn af styrk til hafnargerðar á Akranesi verði til aukningar tekjum ríkissjóðs.

Og ég held, að það sé ekki ofmælt, að ef höfnin á Akranesi væri bætt á þann hátt, að hún væri viðunandi fyrir bátaflotann, sem þar á heima, þá séu öll líkindi til þess, að flotinn tvöfaldist og aflinn og tekjur þjóðarinnar vaxi að sama skapi. Það má sem sé ekki missa sjónar á því, þegar ákveða á, hvert skuli veita því fé, sem ríkissjóður getur af mörkum látið til verklegra framkvæmda, hvar það muni koma að mestum notum fyrir þjóðina í heild. Ef litið er á málið frá þeirri hlið, hygg ég, að fjárveitingar til að bæta aðstöðu manna í helztu veiðistöðvum landsins, sem ríkissjóður fær árlega miklar tekjur frá, ættu að koma til greina á undan mörgum öðrum. Og mér fannst af niðurlagi ræðu hv. frsm. minni hl., að hann með sjálfum sér væri mér sammála um þetta.

Ég þarf svo ekki að hafa um þetta fleiri orð, hv. d. sker að sjálfsögðu úr, hvað hún álítur réttast í þessu máli. En ég vil undirstrika það, að með aðgerðum sínum viðvíkjandi hafnarbótum í Borgarnesi árið 1926 og viðvíkjandi hafnarbótum á Skagaströnd árið 1929, hefir þingið breytt um stefnu hvað snertir framlög til hafnarbóta. Og meðferð síðasta þings á þessu frv. og fleiri slíkum, þó þau næðu ekki endanlegri afgreiðslu, sýndi greinilega, að meiri hl. þingsins aðhylltist hina nýju stefnu, sem tekin var upp 1926.

Pétur Ottesen: Ég vil þakka hv. frsm. meiri hl., hvað vel og drengilega hann hefir tekið í þetta mál, hvað mikinn skilning hann hefir sýnt á nauðsyn þess, að það nái fram að ganga.

Eins og hv. frsm. tók fram og einnig er bent á í nál., eru þarna á Akranesi einhver beztu skilyrði, sem til eru á öllu landinu, til þess að auka bátaútveginn stórkostlega mikið. Eins og menn vita, er Faxaflói einhver mesta gullkista landsmanna, sökum veiðisældar hans á vetrum. En engin trygg bátahöfn er til við hann nú, sem þeir bátar geta sótt frá á miðin, sem daglega þurfa að koma til lands. Menn hafa því ekki aðstöðu til að nota þá miklu möguleika, sem hér eru fyrir hendi, geta ekki fært sér verulega í nyt fjársjóði þá hina miklu, sem fiskimið Faxaflóa hafa að geyma, fyrr en trygg höfn er komin á Akranesi. Hinsvegar er hér að ræða um svo mikið verk, að það er ekki hægt að framkvæma án mikillar fjárhagslegrar aðstoðar frá ríkinu. Að því stendur aðeins einn hreppur, allstór að vísu, með sýsluna að bakhjalli. En áætlað er, að verkið muni kosta 1200 þús. kr., svo hér er í rauninni um stórvirki að ræða, á okkar mælikvarða.

Hv. frsm. minni hl. fer nú í slóð sína frá síðasta þingi og vill draga úr því framlagi, sem frv. gerir ráð fyrir frá ríkissjóði. Hann vill ekki viðurkenna, að fordæmi hafi verið skapað 1929 um framlög til hafnargerða yfirleitt. Ég vil nú reyna að sýna fram á, að það er miklu fremur meiri en minni ástæða til að styrkja hafnargerð á Akranesi heldur en á Skagaströnd. Enginn getur a. m. k. gengið lengra en það að segja, að Skaga-

strönd hafi jafnan rétt til framlags úr ríkissjóði til hafnargerðar eins og Akranes. Möguleika til fiskveiða á þessum stöðum þarf ekki að bera saman. Reynslan sýnir, að ekki hefir komið á land á Skagaströnd nema örlítið brot á móts við afla þann, sem lagður hefir verið á land á Akranesi.

Ein aðalástæðan, sem fram var borin fyrir því, að styrkja ætti ríflega höfnina á Skagaströnd, var sú, að þar væri um svo mikla útflutningshöfn að ræða. Í því sambandi vil ég benda hv. frsm. minni hl. á það, að eins er ástatt um Akraneshöfn. Eins og nú er, er hún eina útflutningshöfnin í Borgarfjarðarhéraði, og aðalútflutningshöfn Hnappadalssýslu og nokkurs hluta Snæfellsnessýslu, má bæta við. Eins og samgöngum er nú háttað, sækja menn þaðan verzlun suður í Borgarfjörð. Hvað útflutning og verzlun snertir hefir því Skagaströnd enga yfirburði fram yfir Akranes, nema síður sé.

Út af því, hvort skapað hafi verið fordæmi um framlög til hafnargerða árið 1929, með samþykkt l. um hafnargerð á Skagaströnd, er rétt að drepa á gang málsins í þinginu þá. Frv. var flutt af stjórninni, var þar gert ráð fyrir ekki aðeins að greiða helming kostnaðar úr ríkissjóði, heldur einnig að lána hinn helminginn úr viðlagasjóði. Svo komu fram brtt., miðaðar við það, að greiddir væru ⅖ hlutar kostnaðar úr ríkissjóði, eins og gert var. Einnig komu fram till. um að greiða ⅓ hluta kostnaðar úr ríkissjóði, en þær voru felldar í báðum d. Ætla ég því, að þarna hafi komið allskýrt í ljós, að það var vilji Alþ. 1929, að dýrar hafnargerðir væru kostaðar að ⅖ hlutum af ríkinu. Ég hefi nú enn rakið gang þessa máls til að sýna skýrt og áþreifanlega, að með samþykkt laganna um hafnargerð á Skagaströnd var lagður grundvöllur að fjárframlögum úr ríkissjóði til stærri hafnargerða. Framhjá því verður ekki komizt.

Hv. frsm. minni hl. minntist á Hafnarfjarðarhöfnina. Það er rétt, að styrkurinn til hennar var lægri heldur en styrkurinn, sem ákveðinn var í lögum um hafnargerð á Skagaströnd og sem frv. fer fram á til Akraneshafnarinnar. En það er um hafnargerð í Hafnarfirði, eins og til dæmis að taka um hafnargerðina í Reykjavík, að kostnaðurinn við hafnargerðina, miðað við þær tekjur, sem víst er um að höfnin gefur, er miklu minni hlutfallslega en á öðrum stöðum á landinu.

Ég ætla, að ekki þurfi fleiri orð um þetta til að sýna það og sanna, að ný stefna er fram komin í fjárveitingum til hafnargerða, sem náð hefir lögfestingu. 1929 var skapað fordæmi, sem ber að skoða þannig, að með því hafi verið lagður grundvöllur fyrir afgreiðslu samskonar mála í framtíðinni. Og fyrir þeim grundvelli fékkst staðfesting á síðasta þingi, engin breyting frá stefnu þingsins 1929 í þessum málum kom þá fram. Þetta frv. var þá flutt, ásamt fleiri hafnarfrv., á sama grundvelli og nú — tveggja fimmtu hluta framlagi úr ríkissjóði — og var samþ. þannig af Nd. Till. minni hl. um að lækka framlögin voru felldar. Það var aðeins af því tími vannst ekki til að afgreiða þessi frv. í Ed., að þau voru ekki endanlega samþ. eins og þau liggja nú fyrir.

Út af því, sem sagt er í nál. minni hl., og í framhaldi af því, sem ég hefi þegar sagt um nauðsyn hafnarinnar á Akranesi, vil ég enn aðeins benda á 2 atriði til að sýna það, að þessi hafnargerð hefir þjóðhagslega þýðingu, langt út fyrir takmörk héraðsins.

Það hefir verið svo um langt árabil, að bátar viðsvegar af landinu hafa sótt hingað í veiðistöðvarnar við Faxaflóa til vetrarveiða. En það hefir verið í minni mæli en ella sökum þess, að aðstaðan á þessum veiðistöðvum hefir ekki verið sú, sem æskilegt hefði verið, bæði hvað snertir öryggi bátanna og afgreiðslu þeirra. Það er áreiðanlegt, að ef komið væri upp sæmilegri höfn á góðum stað við flóann, eins og Akranes er, þá mundi þessum aðkomubátum, sem sækja hingað til veiða, fjölga mjög. Þess vegna hefir hafnargerð á Akranesi mjög víðtæka þýðingu; hún getur orðið öðrum veiðistöðvum til beinna hagsmuna.

Í öðru lagi vil ég benda á það, að hvað samgöngur snertir hefir ekki önnur höfn meiri þýðingu en Akraneshöfn. Það vantar ekki annað en trygga höfn,

sem skapar möguleika til daglegra ferða á sjó milli Akraness og Reykjavíkur, til þess að aðalsamgöngurnar á landi milli Rvíkur annarsvegar og Norður- og Vesturlands hinsvegar leggist um Akranes, þegar vegurinn þaðan vestan Hafnarfjalls að Hvítárbrú er fullgerður, sem verður innan skamms, Það er þannig sama, frá hvaða hlið er litið á þetta mál, alstaðar kemur í ljós, hvað það hefir mikla og víðtæka þýðingu fyrir þjóðina í heild. Í nál. er drepið á, að að þessu verki standi blómlegt hérað og að þar sé meiri fjármunageta til framkvæmda heldur en annarsstaðar.

Því verður ekki neitað, að miðað við þá erfiðu aðstöðu, sem menn þarna hafa haft til sjósóknar vegna hafnleysis, er afkoma þeirra góð, eftir því sem gerist. Það eru ekki nema 5 ár síðan Akurnesingar fengu þá aðstöðu, er þeir nú hafa, til að sækja á fiskimiðin heiman að frá sér. Og þó þeir hafi fært sér hana í nyt af miklum dugnaði þennan stutta tíma, þá leiðir af sjálfu sér, að þeim hefir ekki tekizt að byggja upp neina sjóði til þeirra framkvæmda, sem hér er um að ræða, enda urðu þeir að kosta miklu til að skapa þessa aðstöðu, þó hún ófullkomin sé. Fjárhagsgeta þeirra til að hrinda í framkvæmd slíku stórvirki sem höfnin er, er þess vegna mjög takmörkuð, það leiðir af sjálfu sér, enda mælir fyllsta sanngirni með því, að slíku mannvirki sem hafnargerðin á Akranesi er verður ekki hrundið í framkvæmd með öðru móti en með ríflegum atbeina þess opinbera.

Ég þarf svo ekki að fara fleiri orðum um nauðsyn þessa máls, né hitt, að það, sem farið er fram á í frv., er í fullu samræmi við þann vilja þingsins, sem fram hefir komið í þessum efnum síðan 1929.

Ég vil benda hv. 4. þm. Reykv. á það, að mér finnst það lítið samræmi hjá honum að vilja færa styrkinn til hafnarinnar á Akranesi niður í ⅓ kostnaðar, þegar hann hefir á sama fundi greitt atkv. með, að ríkið leggi helming kostnaðar fram til lendingarbóta annarstaðar. (**SÁÓ:** Það hefir verið venja að styrkja verk eins og þar er um að ræða með helmingi kostnaðar). Nei, það hefir ekki verið regla að veita helming kostnaðar til garða, sem byggðir eru til að verja hafnir, heldur hafa þeir verið kostaðir að ⅓ af ríkinu, eins og bryggjugerðir. (**SÁÓ:** Fiskifélagið hefir bætt við). Ég veit ekkert um, hvað Fiskifélagið hefir gert, enda er ekki verið að ræða hér um framlög frá því. Ég endurtek það, að hv. frsm. minni hl. sýnir fyllsta ósamræmi í framkomu sinni, ef hann heldur fast við brtt. sínar við þetta frv., eftir að hafa greitt atkv. með frv. um lendingarbætur á Eyrarbakka óbreyttu.

Þá á ég aðeins eftir að minnast á 3. brtt. á þskj. 218. Með henni á að koma inn í frv. heimild handa hreppsnefndinni til að taka eignarnámi lönd og lóðir, sem að höfninni liggja. Ég vil benda á, að í frv. er nú fyllsta heimild til að taka það land eignarnámi, sem bygging hafnarinnar krefst. En að setja svo víðtæka heimild til eignarnáms í framtíðinni í frv. sem felst í brtt., án þess að viðkomandi aðilar hafi nokkra ósk látið í ljós um það, það finnst mér bæði ástæðulaust og óþarft. Ég er viss um, að ef einhverntíma verður fyrir hendi þörf til slíkra ráðstafana, þá muni þingið vega réttilega ástæðurnar með því og móti á hverjum tíma, og komi fram nægilega gildar ástæður fyrir því, að almennings hagsmunir krefjist eignarnáms á landi til handa höfninni, fram yfir það, sem frv. óbreytt heimilar, þá efast ég ekki um, að þingið muni leyfa það.

Þessi brtt. er ekki fram komin að vilja Akurnesinga, því till. í sömu átt kom fram á þingmálafundi þar í vetur, og var felld. Það hagar þannig til á Akranesi, að mikill hluti af þorpinu liggur að höfninni, þannig að undir ákvæði brtt. gæti heyrt hér um bil öll strandlengjan meðfram kauptúninu. Hv. frsm. minni hl. (SvÓ) hefir alltaf verið mótfallinn því, að þingið geri ráðstafanir til eignarnáms, þegar ekki hefir verið tvímælalaus nauðsyn á því. Hann hefir oft greitt atkv. á móti því, þegar átt hefir að smeygja slíkum ákvæðum inn í löggjöf okkar. Ég vænti þess, að hann verði samkvæmur sjálfum sér, þegar farið verður að greiða atkv. um þessa brtt.

Ég vona, að þetta mál fái nú afgreiðslu til hv. Ed. þegar í kvöld. Akurnesingar eru þegar byrjaðir á þeim framkvæmdum, sem frv. ræðir um, og þeim er ákaf-

lega mikilsvert að geta haldið því áfram á næsta sumri. Það hagar svo til, að hver viðbót, sem gerð er við hafnargarðinn, kemur þegar að notum. Því meira sem hann er lengdur, því betra hlé myndast, sem greiðir mjög fyrir afgreiðslu skipa. Ég vona, að hv. þd. verði samkvæm sjálfri sér og afgreiði þetta frv. á sama hátt og hún gerði í fyrra. Með þessari hafnargerð er lagður grundvöllur að framþróun í atvinnulífi þjóðarinnar, sem menn geta vænzt að skera mikið upp af, bæði fyrir einstaklinga og ríkið í heild.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég ætlaði að leiða hjá mér umr. um þetta mál, því það má heita þrautrætt. Það, sem deilt er um er það, hvað hátt framlag ríkissjóðs skuli vera. Ég þarf ekki að skýra afstöðu mína hvað það snertir; um það hefir svo oft verið rætt síðan ég kom á þing. Ég hefi verið og er á móti því, að framlög til hafnargerða séu hækkuð upp í ⅖. Mér er fyllilega ljóst, að hafnargerðir eru svo mikilsverðar fyrir þjóðina, að þær ber að styrkja eftir því, sem ástæður leyfa. En til þess að hægt sé að sinna kröfum sem flestra, vil ég halda við þá reglu, að ríkið leggi fram ⅓ kostnaðar.

Viðsvegar af landinu koma kröfur um hafnargerðir, og ég álít, að ekki sé hægt að fresta þeim kröfum af hálfu þings og stjórnar. Því hefi ég bundið mig við þá reglu, sem áður hefir gilt, að framlag ríkissjóðs væri ⅓. Ég geri engan greinarmun á því, hver staðurinn er, sem þarf að láta byggja höfn, því allir hafa þeir jafnmikinn rétt til að krefjast hafnarbyggingar. En ég geri greinarmun á því, hvar þörfin er mest. Og ég skal játa það með hv. þm. Borgf. og fleirum, að þörfin sé mest á Akranesi, og það hefi ég allt af viðurkennt. Þó að ég hafi ekki verið tíður gestur þar, þá hefi ég þó komið auga á nauðsynina. Ég benti á þetta á síðasta þingi og skal því ekki fjölyrða frekar um það. En þær till., sem minni hl. bar fram þá, voru öðruvísi en nú, sérstaklega að því leyti, að ábyrgðarheimildin var að ⅔ hlutum af hálfu ríkisins, en ⅓ hluta af hálfu sýslufélaganna. Ég viðurkenni þau rök, sem færð voru fyrir því, að sýslufélögin geti ekki annast ábyrgðina að nokkru leyti, og tel ég það rétt, að ríkið eigi að bera alla ábyrgðina. Þess vegna hefi ég skrifað undir það, að ríkisábyrgðin væri ⅔ hlutar af kostnaði fyrirtækisins. Mér skilst á hv. flm., að eins og nú standa sakir, sé aðalatriðið að fá hafnarlög. Ég verð að viðurkenna, að þetta sé rétt og mikils virði sé fyrir þessi pláss að fá hafnarlög, til þess að innheimta geti farið fram á þeim gjöldum, sem lögin ætlast til. Ég ætlast til, að þetta sé svo veigamikið atriði, að allir þeir hv. þm., sem hlut eiga að máli, megi vera fullsæmdir af því, að frv. gengi fram með þeim framlögum frá ríkinu, er við í minni hl. leggjum til. Nú er vert að athuga eitt, sem ég hefi séð, en ekki talið fært að gera brtt. um, sökum þess að í nefndinni eins og á stóð var ekki hægt að fá fylgi með. Það er aðeins heimild fyrir þessu fé, samkv. frv., þegar fé er veitt í fjárlögum. Ef hv. flm. vill vera með mér í því, að fram skuli vera lagt ⅓, þá skal ég vera með honum í því, að það sé skilyrðislaust, að plássin geti fengið féð strax, eða þegar þörfin er hjá þeim — m. ö. o., að heimildarákvæðið falli niður, á sama hátt og lögin hljóða um hafnargerð í Hafnarfirði.

Að málið náði ekki fram að ganga á síðasta þingi, má hv. þm. sjálfum sér um kenna. Það var ekki eftir nema ein umr. um málið í Ed. Þá gerði hv. þm. (PO) og hans fløkkur bandalag við stjórnarflokkinn um að láta málið ekki ná fram að ganga ásamt öðrum málum, er líkt stóð á um, frá okkur jafnaðarmönnum, svo sem tóbakseinkasalan og fl., og þinginu þar með slitið. (PO: Þetta eru margendurtekin hrein og bein rakalaus ósannindi). Nú segir hv. þm., að höfnin á Akranesi geti rúmað helmingi stærri skipaflota og mikið meira en það, ef byggð verði. Þá lít ég svo á, að á Akranesi sé betur hægt að standa straum af útgjöldum við höfnina en sumstaðar annarsstaðar. Sauðárkrókur hefir t. d. ekki eins góð skilyrði til að standa straum af hafnarkostnaði og Akurnesingar. Það verður að taka tillit til þess, hvernig plássið er úr garði gert til þess að standast þann kostnað, sem það á að bera.

Hv. þm. segir, að ósamræmi sé hjá mér með orðin lendingarbætur og hafnarbæt-

ur. Ég hefi alltaf gert greinarmun á þeim orðum. Lendingarbætur eru gerðar í smáplássum, þar sem engir möguleikar eru til að standa straum af miklum hafnarkostnaði, og þar er um minni fjárupphæð að ræða. Þó þær standi ekki í fjárlögum, þá eru þær veittar úr ríkissjóði samt sem áður. Flest tillögin eru meir en helmingur úr ríkissjóði, með þeim framlögum, er Fiskifélag Íslands leggur til. Á Akranesi er sá hluti landsins, sem kemur til að komast fyrst í not og sem liggur bezt að mannvirkinu, einstakra manna eign. Þrír menn eiga það land að mestu. Allmargir Akurnesingar vilja láta hreppinn fá heimild til þess að eiga landið. En ég veit, að hv. þm. segir það satt, að meiri hl. Akurnesinga er á móti þessu. Við vitum, hverskonar skoðanir eru ríkjandi þar. En það ber ekki allt upp á sama daginn; áður en okkur varir geta skoðanirnar breytzt. Því er rétt að heimila þetta í lögum.

Frsm. minni hl. (Sveinn Ólafsson): Mér skilst á umr. um þetta mál, að þær séu og muni verða ófrjótt erfiði og árangurslítið. Ég get ekki betur séð en að málið liggi svo ljóslega fyrir öllum þm., að þeir hljóti að vera við því búnir að greiða atkv. Ég þykist þess vegna ekki þurfa að svara orði til orðs því, sem fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl. og flm. frv., því flest af þessu er áður sagt, sumpart á síðasta þingi og sumpart við þessa umr. Ég vil þó leyfa mér að leiðrétta örfá atriði í ræðu hv. flm. Hann heldur því sem sé fram, að á þingi 1929 hafi verið tekin upp ný stefna í afgreiðslu hafnarlagafrv. og að þeirrar stefnu hafi jafnvel gætt í eldri ákvörðunum, svo sem í ákvörðuninni um Borgarnesbryggjuna frá 1926.

Að tala um Borgarnesbryggjuna í sambandi við hafnarlög er í rauninni fjarstæða, því að þessi bryggjugerð, sem um er að ræða, er ekki annað en hluti af vegargerð, aðallega vegna vegarins norður. Þá er þetta því ekkert fordæmi um það, að framvegis sé skylt að leggja ⅔ til hafnargerða. Ég hefi tekið það fram áður, og það hafa einnig fleiri gert, að afgreiðsla hafnarlaga fyrir Skagaströnd er ekki annað en venjuleg ákvörðun um lendingarbót, þó að fyrirsögnin sé eins og hún er. Annars get ég látið vera að svara öðrum eins firrum eins og þessum. En ég vil þó að því er snertir ummæli hv. flm. um Akranes annarsvegar og Skagaströnd hinsvegar, segja það, að þessir staðir eru ekki sambærilegir. Hv. flm. vill halda því fram, að þörfin sé jafnmikil á báðum stöðunum, og þess vegna ætti að fylgja sömu stefnu um framlagið úr ríkissjóði. Munurinn er þó mikill, þegar litið er á það, að skammt frá Akranesi er góð höfn, þar sem Reykjavíkurhöfn er, en hvergi nærri Skagaströnd er höfn, sem heitið getur. Þessir 2 staðir eru því alls ekki sambærilegir. En þetta skyggir þó ekki á nauðsynina fyrir Akranes að fá höfn, sem er sjálfsögð vegna útgerðarinnar. En ekki er á Akranesi sömu lífsnauðsyn til að dreifa til bjargar sjófarendum, þegar illa stendur á, sem á Skagaströnd, þar sem Reykjavíkurhöfn er svo nálæg. Þess verð ég að minnast í sambandi við þetta hafnarlagafrv. og önnur, sem fyrir liggja, að þó þau verði að lögum, er ekki líkt því lokið þeim hafnargerðum, sem verður að gera. Fjöldi staða mundi koma með óskir um hafnargerðir, og sumstaðar svo aðkallandi, að ekkert undanfæri væri að verða við þeim óskum.

Pétur Ottesen: Ég get vel tekið undir það með hv. frsm. minni hl., að þetta sé ófrjó deila og tilgangslítil. En því miður er hann höfundurinn að því, að verið er að vinna þetta ófrjóa verk hér, því ef hann hefði ekki komið með þessa brtt., sem hann veit er tilgangslaus, þá hefðum við ekki þurft að vinna þetta ófrjóa verk. Hann er höfundurinn að því, að komizt var út á þessa leiðinlegu braut. (**SvÓ:** En ekki flm. sjálfur?): Ég skal ekki fara út í það við hv. þm., að deila frekar um stefnuna. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að tala um það, því þessi stefna var tekin upp 1929 og var endurnýjuð 1930 með samþ. d. og Ed. á þessu frv. eins og það nú liggur fyrir. Út af því, sem hv. frsm. minni hl. var að tala um hafnargerð á Skagaströnd og Akranesi, þá er skemmst frá að segja, að þar eru verkin, framkvæmdirnar, sem skera úr um það, hvar nauðsynin er meira aðkallandi. Það voru

samþ. lög um hafnargerð á Skagaströnd 1928. En þar hefir ekkert verið aðhafzt. En engin lög hafa verið samþ. um hafnargerð á Akranesi. En þó er búið að vinna þar verk, sem hefir kostað 120 þús. kr. Ég ætla að þetta sé talandi vottur, hvar nauðsynin er meira aðkallandi. Og þeir, sem vilja líta á nauðsyn hvers verks, geta ekki hjá því komizt að líta á nauðsyn þessa verks, sem svo er komið. Að hafnargerðin á Skagaströnd sé lendingarbót, það má náttúrlega segja um allar hafnarbætur. Því eins og ég hefi oft sagt, þá hefir hafnargarður á Akranesi t. d. tvöfalt hlutverk, fyrst og fremst skjól fyrir væntanlega höfn og líka lendingarbót til að afgreiða skip. Svo ef við viljum fara út í þá sálma, þá er hafnargerðin á Akranesi eins lendingarbót og væntanleg hafnargerð á Skagaströnd. En hér er ekki um það að deila, að mikil þörf er á hafnargerðum víðsvegar um landið. En hv. þm. og samherji hans í því að lækka styrki til hafnargerða, hv. 4. þm. Reykv., vilja verja það með því, að nauðsynin sé svo víða fyrir hendi. Við neitum því ekki. En það er heppilegra og praktiskara að veita ekki fleiri fyrirtækjum stuðning en bolmagn er hjá ríkissjóði á hverjum tíma til að inna af hendi og koma í framkvæmd. Því það, sem hér um ræðir samkv. frv., er hvorki meira né minna en 720 þús., sem gert er ráð fyrir, að Akranes leggi fram af eigin rammleik til þessarar hafnargerðar. Ég býst við, að mönnum hljóti að vera ljóst, að þetta er ekkert smáræðisfé fyrir eitt hreppsfélag að leggja af mörkum og að það sé því þörf á þessum styrk til að ná þeim mikla árangri, sem leiðir af hafnargerðinni á þessum stað. Út af því, sem hv. frsm. minni hl. var að tala um, að höfnin á Skagaströnd væri nokkurskonar nauðleitarhöfn, því ekki væri nein höfn þar nálægt, sem hægt væri að leita til, ef illa stæði á, en því væri ekki til að dreifa á Akranesi, vildi ég benda hv. frsm. á, að honum hlýtur að vera ljóst sem gömlum sjómanni, að riðið getur á lífi þeirra manna, sem stunda sjó á Akranesi og sækja um langan veg í háskammdeginu, að þeir eigi að að hverfa sæmilega tryggri höfn heima þar, í staðinn fyrir það, að þurfa að leita til Reykjavíkur eða kannske alla leið til Hafnarfjarðar.

Þar sem hv. 4. þm. Reykv. vill gera mér tilboð, þá verð ég að segja, að það hefir unnizt seint upp fyrir honum þetta. (SÁÓ: Betra er seint en aldrei). En ég vil nú bara segja hv. þm. það, að mér virðist hann vera búinn að gera nóg að verkum með að tefja fyrir og spilla þessu máli, með því að vilja lækka styrkinn til hafnargerðarinnar, þó hann nú á síðustu stundu fari ekki að reyna að fleyga málið. En hv. þm. getur átt það víst, að ég skal gefa honum tækifæri til að greiða atkvæði með fjárframlagi til hafnargerðarinnar, því að ég ber bráðlega fram till. um að taka upp í fjárl. 1932 nokkrar fjárupphæðir til hafnargerða, og ég vænti þess, að hann sýni þá, að einhver hugur fylgir máli hjá honum um stuðning við þetta verk.

Um eignarnámstill. vil ég aðeins bæta því við, að ég tel, að samkomulag milli hlutaðeigenda sé miklu heppilegra en eignarnám og sé því óþarfi að gera ráð fyrir því í l.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, enda álít ég, að fullvíst sé um afdrif þessa máls hér í d., eftir þeim undirtektum, sem það fékk í fyrra.

Ég vænti svo þess, að þessu máli verði lokið hér í kvöld, svo að ég geti miðað till. mínar um fjárframlög við afgreiðslu þess hér.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt svohljóðandi skrifleg brtt. frá hv. 4. þm. Reykv.:

„Við 1. gr. Orðin „þegar fé er veitt til þess í fjárlögum“ falli niður“.

Um brtt. þessa þarf afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 385) leyfð og samþ. með 15 : 1 atkv.

Pétur Ottesen: Ég vil mælast til þess, ef ekki vinnst tími til að ljúka við atkvgr. um þetta mál í kvöld, að atkvgr. um það fari fram fyrst á næsta fundi.

Forseti (JörB): Ég mun verða við þeirri ósk hv. þm. Borgf.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 38, n. 195 og 218, 385).

ATKVGR.
Brtt. 385 felld með 13 : 5 atkv.
— 218,1 felld með 15 : 9 atkv.
— 218,2 þar með fallin.
— 218,3 samþ. með 18 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞorlJ, ÁÁ, BSv, BÁ, EJ, GunnS, H-Stef, HJ, HG, HV, IngB, JAJ, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, JörB.
nei: BSt, HK, JJós, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 : 4 atkv. og afgr. til Ed.

Frv. var endurprentað með breyt. skv. atkvgr. við 3. umr. í Nd. (A. 393), en var aldrei útbýtt í Ed.

---

29. Hafnargerð á Sauðárkróki.

Á 7. fundi í Nd., 23. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um hafnargerð á Sauðárkróki (þmfrv., A. 40).

Á 9. fundi í Nd., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Það er svipað um þetta mál að segja eins og frv. um hafnargerð á Akranesi, sem síðast var til umr., að það er gamall kunningi hér í deildinni. Við þm. Skagf. fluttum það í fyrra, og þá var það samþ. í Nd., en dagaði uppi í Ed. Nú er það flutt eins og það fór úr deildinni í fyrra.

Við flytjum þetta mál óbreytt eftir einróma áskorun funda þar fyrir norðan. Þetta mál er eitthvert mesta áhugamál Skagfirðinga, og ég get sagt með fullri vissu, að enginn munur er á því eftir flokkum. Ég vil því vona, að enginn flokkadráttur komizt að í þessu máli og það verði útrætt á þinginu.

Maður skyldi halda, að í rauninni væri ekki nauðsynlegt, að þessu máli, sem tvisvar er búið að vera í nefnd í Nd. og hefir verið samþ. af hv. d., væri vísað til n. En það þætti kannske kenna nokkuð mikils ofurkapps, ef ekki væri það gert, og vil ég því fylgja fordæmi hv. þm. Borgf. og leggja til, að málinu verði vísað til sjútvn. En ég vil um leið beina eindregnum óskum um það til n., að hún afgreiði það sem allra fyrst, svo að ekki verði hægt að bera því við í Ed., að málið hafi svo seint komið þangað, að ekki hafi verið tími til þess að athuga það nægilega.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 35., 36., 37. og 38. fundi í Nd., 27., 28., 30. og 31. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 40, n. 188 og 217).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Atkvgr. um brtt. 217 frestað til 3. umr.
1. gr. samþ. með 17:2 atkv.
2.—19. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 42. og 43. fundi í Nd., 9. og 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 44. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 40, n. 188 og 217).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég mun reyna að verða við óskum hæstv. fors., að lengja ekki umr. úr hófi fram. Langar umr. geta ekki heldur talizt nauðsynlegar, þar sem búið er að ræða ítarlega um flest þau atriði, er þetta mál varðar, í sambandi við umr. þær, er fram fóru um næsta mál á undan hér í deildinni (hafnargerð á Akranesi). Að vísu er sá munur á, að meiri hl. n. í því máli leggur á móti samskonar brtt. og meiri hl. í þessu máli mælir með.

Ég sé enga ástæðu til að endurtaka á-

stæðurnar fyrir brtt. meiri hl. n.; það var gert í næsta máli á undan. En þess vil ég geta, að ég tel, að hafnargerð á Sauðárkróki sé brýnust þeirra hafnargerða, sem nú liggja fyrir þinginu til úrlausnar. Er sú skoðun mín byggð á því, að þar er á stóru svæði nær hafnlaust. Er ekkert þaðan annað hægt að flýja en til Siglufjarðar, þegar ekki er hægt að taka höfn á Sauðárkróki. Nær er ekki um örugga höfn að ræða. Meiri hl. n. hefir litið svo á, að skilyrði til hafnargerðar á Sauðárkróki væru þess leiðis, að héraðinu væri vel fært að leggja af mörkum ⅔ kostnaðar. Í því sambandi vil ég geta þess, að fordæmið frá hafnarlögum Skagastrandar er alls ekki bindandi fyrir þingið og kemur því alls ekki til greina, fremur en fordæmið frá Rvíkurhöfn 1911, þegar ríkið lagði fram ¼. Annars eru till. meiri hl. um framlag og ábyrgð ríkissjóðs í samræmi við það, sem minni hl. n. lagði til í næsta máli á undan.

Ég vil svo ekki eyða tíma í að ræða þetta frekar. Ég ætla a. m. k. að bíða þess, að mótmæli komi fram, eða þá að tilefni gefist með því að dregin verði fjarskyld atriði inn í málið. Læt ég því umr. lokið að sinni.

Benedikt Sveinsson [óyfirl.]: Ég vil stuttlega gera grein fyrir afstöðu minni til þessa frv.

Það er að vísu rétt, að ég ritaði undir nál. ásamt tveim öðrum nm. og myndaði því með þeim nokkurskonar meiri hl. innan n. En ég skrifaði þó undir með fyrirvara og ég tók það fram í n., og það vissu meðundirritaðir vel, að ég var þeim ekki sammála nema að mjög litlu leyti. — Þeir vissu, að ég var ekki samþ. frv. með þeim breyt., sem þeir lögðu til að á því væru gerðar. Og þeir vissu, að ég var heldur ekki samþ. frv. óbreyttu. Ég legg ekki svo mjög mikla áherzlu á það, eftir hvaða hlutföllum hafnargerðir eru styrktar af ríkinu. Aðeins tel ég, að á því þurfi að vera samræmi. En ég tel alveg þýðingarlaust að vera að samþykkja hin og þessi hafnarlög, þar sem ekki er sjáanlegt, að hægt sé að koma þeim í framkvæmd á næstu eða nálægum árum vegna fjárskorts. Það var nýlega sagt í blaði hv. flm. frv., að ekkert fé yrði til á næstu árum og að þau framkvæmdamál, sem þingið afgreiddi, yrðu eingöngu pappírslög. Ég get því ekki, af þeim ástæðum, verið með hafnargerð á Sauðárkróki eða Dalvík. Svo mikið tillit ætla ég að taka til flokksblaðs hv. flm. þessa frv. Það er heldur ekki hægt að segja, að engin höfn sé í Skagafirði. Það er einmitt dágóð höfn á Sauðárkróki. Að vísu er hún ekki svo traust og góð sem bezt verður á kosið. En góðar hafnir eru ekki í mjög mikilli fjarlægð, svo sem á Siglufirði, Akureyri og víðar. Enda er þessi höfn notuð mest um hásumarið. — Ég verð að segja, að nokkru öðru og óliku máli þó sé að gegna um Akranes. Sá staður er mjög í uppgangi og þörfin mikil fyrir höfn allan ársins hring, til afgreiðslu og verndunar fiskiflotanum. Enda þótt æskilegt væri, að hinir staðirnir fengju betri höfn, þá liggur þeim þó ekki nærri eins mikið á og Akranesi. Ég er því ósammála hv. frsm. um það, að mest þörfin fyrir höfn sé á Sauðárkróki.

Með þessu, sem ég hefi sagt, er þó ekki bekkst við sjálfa hugmyndina, en ég álít, að hvað verði að bíða síns tíma, en mest beri að meta þá staði, þar sem þörfin er brýnust.

Eins og ég gat um áður, þá þýddi fyrirvari minn það, að ég væri á móti frv. breyttu og óbreyttu. (**MG:** Fyrirvarinn þýðir þá það, að hv. þm. vill drepa frv.). Já, fyrirvarinn þýðir eiginlega það, að ég vil fella frv., og eins hið næsta hér á eftir á dagskránni (hafnargerð á Dalvík).

Frsm. minni hl. (Hákon Kristófersson) [óyfirl.]: Ég skal vera stuttorður, vegna þess að ég tel nauðsyn til þess bera, að þessi þrjú samkynja frv. fái sömu meðferð og afgreiðslu. Þetta frv. er líka þaulrætt frá fyrri tíma og er því hreinn óþarfi að hafa langa ræðu. Við hv. þm. Vestm. leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt. Meiri hl. — eða þó aðeins ⅔ meiri hl. — vill samþ. það með breytingum. En ⅓ meiri hl., hv. þm. N.-Þ., vill drepa frv. Hefir hann lýst því yfir, að það sé af þeirri sýnilegu ástæðu, að fé sé ekki fyrir hendi. Er ég að vísu sammála honum um það. En þess ber að gæta, að um fjár-

framlög til þessara hafnargerða fer eftir áliti og getu viðkomandi þinga, þegar sótt verður um fé til þeirra. Við, sem erum í minni hl., sjáum þó engan voða framundan, þótt þetta verði samþ. Hv. frsm. meiri hl. hefir gefið þessu frv. beztu meðmæli sín, enda þótt hann vilji draga nokkuð úr fjárframlagi ríkissjóðs til framkvæmdanna. Hann sagði, að ekki mætti líta á l. um hafnargerð á Skagaströnd sem fordæmi, er mætti fara eftir. Mér þótti nú satt að segja merkilegt að heyra þessu haldið fram af jafnstálgreindum manni sem hv. frsm. óneitanlega er. Ég verð þá að álíta, að það hafi verið af flokkslegum ástæðum, að þeirri hafnargerð var veitt þessi sérstaða á þinginu 1930. Annars vil ég engar deilur vekja, enda þess eigi þörf. Ég býst líka við því, eftir það, sem fram fór í dag, að hv. þm. séu svo heiðarlegir og orðheldnir menn, að eftir þau samtök, sem þá komu í ljós, séu líka afdrif þessa og næsta máls ráðin. Ég vil þó ekki ætla, að þar hafi verið um nein hrossakaup að ræða. Býst ég við, að framgangur þeirra hafi verið ráðinn á heilbrigðara grundvelli. Þó verð ég að færa samþykkt Eyrarbakkafrv. á reikning síðasta málsins, þessa og hins næsta. Annars stendur það álit okkar minni hl. manna óhaggað, að þessi frv. ber að samþ. og að fjárframlag til þeirra á að vera á valdi Alþingis.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Ég kann ekki við, að þessum umr. sé lokið svo, að ég segi ekki nokkur orð. Ég skal þó haga þeim svo, að þau krefjist ekki andmæla.

Þetta mál var mikið rætt á síðasta þingi og þá færð rök fyrir því. Nú er það aftur hér á ferð. Vil ég þá fyrst þakka hv. þm. Barð. og hv. þm. Vestm. fyrir þá velvild þeirra að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Þá hefir og hv. frsm. meiri hl. gert grein fyrir sínu máli, og þó einkum í sambandi við umr. um næsta mál á undan, hafnargerð Akraness. Ég verð þó að segja, að mér þykir aðstaða hans í þessu máli einkennileg. Ef rök hans í málinu eru rakin, þá eru þau eindregin meðmæli. En mér þykir niðurstaðan vera önnur en vænta mætti af rökum hans. Hann taldi hafnargerð á Skagaströnd vera annars eðlis en hafnargerð á Sauðárkróki. Ég er nú vel kunnugur á Skagaströnd og þekki þó engar sérstakar ástæður fyrir því áliti hv. frsm. Sauðárkrókur hefir nú meira en þrefalt fleiri íbúa en Skagaströnd. Á Sauðárkróki eru fleiri vélbátar. Árið 1929 var innflutningur á Skagaströnd 166 þús. kr., en innfl. á Sauðárkróki tæp 1 millj. kr. Þetta bendir á aðstöðuna á þessum tveim stöðum, og tel ég, að þetta sé í öfugu hlutfalli við ályktun hv. þm.

Hv. þm. sagði, að hér væri undantekning, því að á Skagaströnd væri um lendingarbót að ræða. Ég sé enga ástæðu til að rökræða um það, því að allar hafnargerðir eru jafnframt lendingarbætur. Mér er ekki ljóst, hvar markalínan á að vera þar á milli. Mér virðast engin glögg takmörk þar á milli.

Hv. þm. hefir sérstaklega lagt áherzlu á, hver nauðsyn væri að fá nauðalendingu, sem hann kallaði, að sérstaklega væri að tala um í sambandi við Húnaflóa. En alveg er sama að segja um höfn á Sauðárkróki. Þar er engin höfn, sem hægt er að bjarga sér á. Hér er því um þá miklu nauðsyn að ræða, sem hann segir, að gerði það rétt, að ríkissjóður hefði lagt svo ríflega fram til þessa sem gert var í hafnarlögunum, sem voru samþ.

Ég sé enga ástæðu til að ræða um þetta öllu frekar. Þau rök, sem fyrir þessu máli eru, voru rækilega rædd á síðasta þingi, og þarf því ekki að fara frekar út í þau. Þó vil ég benda á það til frekari áréttingar því, sem hv. þm. Barð. sagði, að á síðasta sumri var dálitið flutt til Sauðárkróks af síld, og þeim bátum, sem þangað komu, reyndist afgreiðsla þar betur en þeir höfðu gert sér vonir um.

Ég vil fullyrða það, að ef þarna væri fullgerð höfn, þó að það væri ekki nema nokkur byrjun, þá myndi þarna mikið dragast að, því að það er alkunnugt, að mikill hluti af þeirri síld, sem aflað er þar fyrir norðan, er tekinn bæði yzt á Skagafirði og inni á firðinum. Af Sauðárkróki er því aðeins örstutt að fara til að fá síldina.

Hv. þm. N.-Þ. lét svo um mælt, að hann væri á móti þessari hafnargerð, af því að fjárhagsörðugleikar ríkissjóðs væru miklir og fé því ekki fyrir hendi. Ég vil ekki mótmæla þessu, en ég vil benda á,

að hér er ekki að ræða um neitt fjárframlag nú; það er alveg bundið við það, að fé sé veitt til þess í fjárlögunum.

Hv. þm. talaði um þá nauðsyn, sem væri fyrir höfn á Akranesi. Það get ég að sjálfsögðu tekið undir, en mér er ekki grunlaust, að hv. þm. hafi orðið ljós þessi mikla þörf á Akranesi við það að koma þangað og sjá með eigin augum, hvað þörfin er mikil, og mér er nær að halda, að ef hann kæmi til Sauðárkróks á hentugum tíma, þá mundi sama ljós renna upp fyrir honum um þá nauðsyn, sem þar er.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég vænti þess, að málið fái nú að ganga sinn eðlilega gang.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var framhaldið 3. umr. um frv. (A. 40, n. 188 og 217).

ATKVGR.
Brtt. 217,1 felld með 14 : 7 atkv.
— 217,2 þar með fallin.
Frv. samþ. með 17:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 40).

Frv. kom aldrei til umr. í deildinni, og varð þessi síðastur fundur hennar, með því að næsta dag var þingið rofið.

---

30. Hafnargerð á Dalvík.

Á 8. fundi í Nd., 24. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um hafnargerð á Dalvík (þmfrv., A. 44).

Á 10. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Eins og menn muna, þá var þetta mál borið fram á síðasta þingi og samþ. í þessari deild. Þá gerði ég grein fyrir þeim ástæðum, sem liggja til þess, að frv. kom fram, og sé því ekki ástæðu til þess að endurtaka þær nú, en vil aðeins vona, að þetta mál fái góðar undirtektir á þessu þingi og geti orðið að lögum. Að vísu get ég búizt við því, þótt frv. verði að lögum nú, að ekkert geti orðið af framkvæmdum fyrst um sinn að því er snertir hafnargerðina á Dalvík; það virðist ekki ára vel til þess nú. Þrátt fyrir það álít ég samt nauðsynlegt að fá löggjöf um þetta, til þess að fá grundvöll undir frekari undirbúning málsins heima í héraði og menn þar fái vissu fyrir því, að hve miklu leyti ríkið vill styðja þá til þessara framkvæmda, þegar að þeim kemur.

Ég vil ennfremur taka það fram, að þótt ég beri fram frv. nú í sama formi og það hafði í fyrra, er það var samþ., þá er ekki svo að skilja, að ég sé ófáanlegur til að ganga inn á neinar breyt. á frv., ef málinu yrði borgnara með því móti.

Þá vil ég aðeins leyfa mér að leggja það til, að frv. verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv., og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 35., 36., 37. og 38. fundi í Nd., 27., 28., 30. og 31. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 44, n. 187 og 216).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Atkvgr. um brtt. 216 frestað til 3. umr.
1. gr. samþ. með 15 : 2 atkv.
2.—19. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 42. og 43. fundi í Nd., 9. og 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 44. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 44, n. 187 og 216).

Frsm. meiri hl. (Sveinn Ólafsson): Ég vil álíta, að umr. um þetta mál þyði helzt ekkert. Í umr. þeim, sem fram hafa farið um tvö næstu mál á undan (hafnargerð á Akranesi og hafnargerð á Sauð-

árkróki), er í raun og veru búið að taka fram flest af því, sem minnast þarf á í sambandi við þetta mál. Ég ætla því að láta niður falla frekari umr. um málið. Ég verð þó að geta þess, sem ekki hefir áður nefnt verið, að á þessum stað, Dalvíkinni, er alls ekki sú aðkallandi nauðsyn á hafnargerð, sem er á hinum tveim stöðunum, Akranesi og Sauðárkróki, sumpart af því að góðar hafnir eru á næstu grösum við Dalvík. en sumpart vegna þess, að þar er ekki um verulegan eða mikinn útveg að ræða. Hann hefir sem sé dregizt að höfnunum í kring, eins og eðlilegt er, því að þar voru frá náttúrunnar hendi skilyrðin betri. En svo er líka á það að minnast, að þessi hafnargerð á Dalvík gerir langtum minni kröfur til ríkissjóðs en hinar hafnargerðirnar, og má teljast auðunnið verk. Vegna þess vill meiri hl. n. mæla með frv. svo breyttu sem tillögurnar á þskj. 216 sýna, en till. þær eru hliðstæðar þeim till., sem komu frá meiri hl. um hafnargerð á Sauðárkróki og frá minni hl. um hafnargerð á Akranesi. Þær miða við þá eldri reglu, að ríkið leggi fram ⅓ kostnaðar, en héruðin ⅔, og taki svo ríkið ábyrgð á nauðsynlegu láni héraðsins til hafnargerðar.

Fleiri orð hefi ég svo ekki um þetta og mun ekki fjölyrða frekar um það, nema gefið verði nýtt tilefni.

Frsm. minni hl. (Hákon Kristófersson): Ég ætla aðeins að segja örfá orð og skírskota til þeirra ummæla, sem féllu um það mál, sem var næst á undan. Ég get fallizt á það með hv. frsm. meiri hl., að vel megi vera, að hér sé ekki eins aðkallandi nauðsyn sem á hinum tveimur stöðunum, sem hér voru til umræðu. Ég vil einnig lýsa því yfir fyrir hönd mína og hv. þm. Vestm., að við leggjum til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Ég vil taka undir það, að nauðsynlegt sé að vera stuttorður, og vil því ekki mæla nein þau orð, sem gefi hv. frsm. meiri hl. ástæðu til andsvara.

Bernharð Stefánsson: Ég vil taka undir þau orð beggja hv. frsm. n., að málið sé í sjálfu sér útrætt með því, sem sagt hefir verið um hin hafnarmálin. Það er því engin ástæða fyrir mig að tala langt mál um þetta, þar sem ég hefi líka áður gert grein fyrir mínu áliti. Ég stend því upp aðeins til að láta þakklæti mitt í ljós til þeirra hv. nm., sem mælt hafa með frv., auðvitað fyrst og fremst til þeirra, sem undirskrifuðu nál. minni hl. á þskj. 187, þar sem þeir leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Ég skal þó taka það fram, að meiri hl. á líka nokkurt þakklæti frá mér skilið, vegna þess að þeir leggja til, að málið nái fram að ganga, þó að till. þeirra geri frv. óaðgengilegra fyrir héraðið en það var eins og ég flutti það. Út af till. þeirra vil ég segja það, að ég gæti kannske gengið að þeim til samkomulags, en þá yrði til samræmis að samþ. líka þær samskonar brtt. við hin önnur hafnarlagafrv., sem nú eru hér á döfinni, og ég held líka, að lögin um höfn á Skagaströnd ættu að breytast í sambandi við þetta. Á þetta var bent í fyrra, og ég geri það líka nú.

Báðir hv. frsm. álíta ekki eins aðkallandi þörf fyrir höfn á Dalvík eins og á hinum stöðunum, en ég álít það ekki rétt, a. m. k. ekki að því er Sauðárkrók snertir, en Akranesi er ég ekki eins vel kunnugur.

Það er auðvitað undir mati manna komið, hvað getur kallazt mikill útvegur. Ég hygg þó, að á Dalvík sé eins mikill útvegur og á Sauðárkróki, og skilyrði eru þar að ýmsu leyti góð. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að frá Dalvík væri stutt á góðar hafnir. Ég held þó, að það sé eins langur sjóvegur milli Dalvíkur og Siglufjarðar eins og milli Siglufjarðar og Sauðárkróks, og langt er frá Dalvík inn á Akureyri.

Það sýndi sig í fyrra, að það sama var látið ganga yfir þetta mál sem hin tvö hafnarmálin, og sé ég því ekki ástæðu til að fara út í þetta mál sérstaklega.

Frsm. minni hl. (Hákon Kristófersson): Ég ætla aðeins að leiðrétta örlitinn misskilning hjá hv. flm. þessa máls. Ég sagði ekki, að ekki væri eins aðkallandi nauðsyn hér. Ég sagði, að það mætti vel vera. Þetta vildi ég mega leiðrétta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 44, n. 187 og 216).

ATKVGR.
Brtt. 216,1 felld með 15 : 8 atkv.
— 216,2 þar með fallin.
Frv. samþ. með 16 : 4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 44).

Frv. var aldrei tekið til umr., og varð þessi hinztur fundur deildarinnar, með því að næsta dag var þingið rofið.

---

31. Gjald af innlendum tollvörutegundum.

Á 8. fundi í Nd., 24. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50, 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum (þmfrv., A. 45).

Á 10. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Ásgeirsson): Eins og sést á grg. þeirri, sem frv. fylgir, þá er frv. flutt eftir ósk ölgerðar hér í bænum, en nær þó jafnt til allra nýrra iðnfyrirtækja. Eftir núgildandi lögum ríkir misrétti í þessum efnum milli gamalla og nýrra fyrirtækja. Það hefði að vísu mátt jafna misréttið með því að afnema öll sérréttindi hinna gömlu fyrirtækja, og mér hefði verið jafnljúft að flytja frv. í þeirri mynd. En ég hygg, að sú löggjöf, sem sett hefir verið í þessu efni, verði að teljast samningur við hin eldri iðnfyrirtæki, þar sem hlunnindin eru tímabundin. Því verður þetta ekki lagfært nema með því að veita öllum samskonar fyrirtækjum hin sömu hlunnindi. — Þetta er mjög einfalt mál, og skiptir litlu fyrir ríkissjóð, þar sem um aðeins örfá fyrirtæki er að ræða.

Legg ég svo til, að málinu verði að lokinni umr. vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt nál. frá meiri hl. fjhn., á bskj. 221, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

32. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. HG).

Á 9. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt (þmfrv., A. 47).

Á 11. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Aðalbreytingarnar, sem þetta frv. fer fram á, að gerðar verði á núgildandi l. um tekju- og eignarskatt, eru þær, sem ég nú skal greina, og er þá um leið sagt frá þeim mun, sem er á mínu frv. og frv. hæstv. stj.:

1) að fella lágtekjumenn með fjölskyldur undan skatti með hækkun persónufrádráttarins og lækka á sama hátt á miðlungstekjumönnum.
2) að hækka skattana á háum tekjum og eignum.
3) að láta sama skattstiga gilda fyrir félög — nema samvinnufélög — og einstaklinga, en mismuna í frádrætti.
4) að hafa persónufrádráttinn mismunandi eftir dýrtíðinni í landinu.
5) að varasjóðstillag samvinnufélaga sé skattfrjálst og viðskiptauppbætur til meðlima.
6) að félagsiðgjöld og sjóðatillög meðlima í stéttarfélögum dragist frá við ákvörðun skattskyldra tekna.
7) að setja mjög sérstakar reglur um innheimtu skattsins og sölu skattmerkja og að taka skuli 1% dráttarvexti á mánuði.
8) að heimila bæjar- og sveitarfélögum að hækka tekjuskattinn um 50% til sinna þarfa, og fái þau þá jafnframt ⅓ eignarskattsins.

Í þessum atriðum, sem ég nú hefi talið, er frv. mitt frábrugðið gildandi l. og frv. hæstv. fjmrh.

Ákvæði frv. um að heimila að hækka eða lækka skattinn um 25% með fjárlagaákvæði, og sömuleiðis ákvæði frv. um ríkisskattanefnd og ríkisskattstjóra, eru eins og í frv. stj.

Ákvæði frv. um frádrátt útsvara eru eins og í gildandi l., en að nokkru leyti frábrugðin frv. stj.

Auk þessa, sem nú er talið, gerir frv. ráð fyrir lengri framtals- og kærufresti hér í Rvík en annarsstaðar á landinu. Er þetta gert í samræmi við tilskipun, sem nú er í gildi um þetta efni.

Skal ég nú víkja örfáum orðum að nokkrum þessara atriða, hverju fyrir sig.

Hvað fyrsta atriðið snertir, að fella lágtekjur undan skatti, þá er á það tvennt að líta, hverjir og hve margir landsmenn njóti góðs af þessu og hve mikinn tekjumissi þetta hefir í för með sér fyrir ríkissjóð. Samkv. skattskránum hafa verið um 25—26 þús. skattgreiðendur hér á landi undanfarið, og fækkar þeim eftir till. mínum um 9000, eða ca. 36%. Eru þetta eingöngu fjölskyldumenn með lágar tekjur. Stafar þessi fækkun gjaldenda af hækkun persónufrádráttarins. Skattskyldar tekjur minnka vegna frádráttarins um ca. 7 millj. kr., en skattupphæðin í heild sinni æfti þó ekki að lækka nema tiltölulega lítið, vegna þess að þessir gjaldendur lenda allir á lægstu þrepum skattstigans. Það hefir því nær enga þýðingu fyrir ríkissjóð, hvort heldur þessi skattur er tekinn eða ekki. Hinsvegar er það í fullu ósamræmi við anda og tilgang tekjuskattslaganna að leggja skatt á tekjur, sem ekki nægja mönnum til að draga fram lífið.

Viðvíkjandi öðru atriðinu, að hækka til muna skattinn á hátekjum, og þó sérstaklega eignum, vil ég leyfa mér að gera nokkurn samanburð á frv. mínu og gildandi l., en verð þó fyrst að geta þess, að skattskyldar tekjur eru ekki sambærilegar eftir mínu frv. og gildandi l., vegna þess að persónufrádrátturinn verður miklu meiri samkv. mínu frv. 5000 kr. skattskyldar tekjur eftir mínu frv. svara þannig til 6500 kr. skattskyldra tekna hér í Reykjavík eftir núgildandi l. og 9000 kr. nettótekna. Af 5000 kr. er tekjuskatturinn nú 112 kr., en verður samkv. mínum till. 250 kr. Af 10000 kr. er hann 462 kr., en verður 900 kr. eftir mínu frv. Af 30000 kr. er skatturinn nú 3887 kr., en verður 5000 kr. eftir till. mínum. Af 50 þús. kr. er skatturinn nú 8337 kr., en verður samkv. mínum till. 10800 kr. Ef borinn er saman skattur af 50 þús. kr. skattskyldum hér og í öðrum löndum, verður hann sem hér segir:

Í Svíþjóð 3910 s. kr.
- Noregi 5560 n. kr.
- Danmörku 4912 d. kr.
- Þýzkalandi 11500 ríkism.
- Englandi 9925 sh.
- frv. mínu 10800 kr.

Samkv. mínu frv. verður skatturinn mitt á milli þess, sem er í Englandi og Þýzkalandi. Hæstur getur skatturinn eftir mínu frv. orðið 40%, af því sem er umfram 100 þús. kr. skattskyldar, en stighækkandi aðeins upp að 100 þús. kr. tekjum. Eftir gildandi l. getur hann mest orðið 26%. Í Þýzkalandi getur skatturinn mest orðið 40%, í Englandi 50%, í Noregi 50%, í Svíþjóð 25,5% og í Danmörku 25%.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þessar till. til hækkunar á tekjuskattinum. Menn geta af þessu gert sér grein fyrir, hve mikil hækkunin er frá gildandi l. og hve réttmæt hún er. Ég tel hækkunina sízt of mikla. Ef ekki er miðað við skattskyldar tekjur, heldur nettótekjur, verður samanburðurinn allur annar. Fyrir fjölskyldumann hér í Reykjavík, sem hefir fyrir konu og þrem börnum að sjá, verður skatturinn sem hér segir:

Af	3000	kr.	samkv.	gildandi	lögum	3.00	kr.,	en	enginn	eftir	mínu	frv.
—	3500	—	—	—	—	7.00	—	—	—	—	—	—
—	4000	—	—	—	—	14.50	—	—	—	—	—	—
—	4500	—	—	—	—	22.00	—	—	7.50	kr.	—	—
—	5000	—	—	—	—	32.00	—	—	15.00	—	—	—
—	6000	—	—	—	—	57.00	—	—	40.00	—	—	—
—	7000	—	—	—	—	92.00	—	—	90.00	—	—	—

Sést af þessum samanburði, að skattur af tekjum undir 7000 kr. lækkar mjög mikið, en hinsvegar hækkar hann líka mikið af 12—100 þús. kr. tekjum, enda þola slíkar tekjur vel að vera skattaðar.

Um það ákvæði frv. að samræma skattstiga félaga og einstaklinga sé ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum. Eins og l. nú kveða á um þetta, er skattur hlutafélaga ákveðinn eftir hlutfallinu milli arðs og hlutafjár félaganna, og kemur þetta mjög ranglátlega niður á þeim félögum, sem hafa lítið hlutafé. Ef tvö félög, annað með lítið hlutafé, 10—20 þús. kr., hitt með mikið hlutafé, t. d. 200—500 þúsund, hafa nákvæmlega sömu upphæð í skattskyldar tekjur, á félagið, sem hefir lítið hlutafé, að greiða margfaldan skatt á við stóra félagið. Ákvæði frv. ganga í þá átt að jafna þetta. Nær vitanlega engri átt annað en að af sömu skattskyldum tekjum sé greiddur sami skattur, hvort heldur sem í hlut eiga félög, stór eða lítil, eða einstaklingar. Því fer og fjarri, að stærri hlutafélögin verði hart úti eftir frv. Áður en skattskyldar tekjur þeirra eru ákveðnar er þeim heimilt að draga frá útsvar og tekjuskatt, 4% vexti til hluthafa, ⅓ varasjóðstillagsins, auk alls rekstrarkostnaðar og vaxta.

Um persónufrádráttinn er það að segja, að hann er nú 500 kr. fyrir persónu, hvar sem er á landinu. Samkv. frv. mínu verður hann, miðað við 5 manna fjölskyldu: Í Reykjavík 4000 kr., í kaupstöðum 3300 kr. og annarsstaðar á landinu 2600 kr. Ég vil ekki halda því fram, að þetta sé fullkomlega sniðið eftir dýrtíðinni eins og hún er á hverjum stað, enda er erfitt að koma slíku við. En það sér hver maður, hve miklu dýrara er að lifa hér í Reykjavík en annarsstaðar á landinu, og yfirleitt er dýrara að lifa í kaupstöðum en í sveitum.

Eins og ég sagði áður, er persónufrádrátturinn samkv. gildandi l. 500 kr., eða 2500 kr., miðað við 5 manna fjölskyldu. Sé litið til annara landa til samanburðar, verður hann sem hér segir, allt miðað við fimm manna fjölskyldu:

Í Englandi 7480 sh.
- Þýzkalandi 2160 ríkism., og nokkuð breytilegur eftir tekjunum.
Í Noregi 2800 n. kr.
- Danmörku 2500 d. kr.
- Svíþjóð 2400 s. kr.

Um það ákvæði frv., að varasjóðstillag samvinnufélaga skuli vera skattfrjálst, get ég sömuleiðis verið stuttorður. Varasjóðstillag samvinnufélaga er lögboðið og skal verja því í ákveðnu augnamiði, ef félögin leysast upp, og aldrei má úthluta varasjóði til félagsmanna. Hér er heldur ekki um félagsskap að ræða, sem rekinn er í gróðaskyni, og er því með öllu rangt að leggja skatt á þetta gjald.

Um ákvæði frv. um það, að skipuð verði ríkisskattanefnd og ríkisskattstjóri, hefi ég ekkert sérstakt að segja, en get vísað til frv. stj. og grg. þess.

Nýmæli er það í frv., að fjmrh. er þar heimilað að setja sérstakar reglur um innheimtu skattsins, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Leiðir það af sjálfu sér, að ef skatturinn er hækkaður eins og lagt er til í frv. mínu, getur verið um það háar upphæðir að ræða, að gjaldendur eigi erfitt með að greiða þær allar í einu. Er því gott að hafa gjalddaga fleiri en einn á ári og að gefa út og selja skattmerki, sem menn geta keypt, þegar þeir hafa peninga, og þannig dregið saman upp í skattinn. Sjálfsagt væri og að selja merkin í öllum sparisjóðum, bönkum, pósthúsum og símastöðvum og ef til vill víðar.

Þá skal ég víkja að 57. gr. frv. nokkrum orðum. Þar er sveitar- og bæjarstjórnum heimilað að leggja 50% viðauka á tekjuskattinn til sinna þarfa, og skulu innheimtumenn kalla viðaukann inn með skattinum til ríkissjóðs og standa bæjar- eða sveitarstjórnum skil á honum, og að auki ⅓ eignarskattsins. Í raun réttri mælir margt með því, að leggja á og innheimta í einu lagi þá skatta til ríkis og héraða, sem hvíla á einum og sama skattstofni, en svo er um tekju- og eignarskatt og mikinn hluta útsvaranna. Eignir og tekjur eru þar sameiginlegur skattstofn beggja. Og eignir og tekjur yfir því lágmarki, sem þarf til lífsframdráttar, eiga og að bera allan skattaþungann. Ég hefi þó eigi viljað leggja til, að slík lög yrðu sett um tekjustofna sveita og bæja að þeim fornspurðum. Taldi rétt-

ara til að byrja með að leggja þetta í vald hlutaðeigandi héraðsstjórna.

Í frv. mínu fer ég því aðeins fram á það, að bæjar- og sveitarstjórnum sé heimilað að hækka skattgjaldið um 50% og fá ⅓ eignarskattsins um stundarsakir, þ. e. meðan Alþingi hefir ekki dregið úr kostnaði héraðanna af fátækraframfæri með alþýðutryggingum eða verulegum breytingum á fátækralögunum.

Þetta er það, sem ég tel ástæðu til að segja um hin einstöku atriði frv. En þótt ég hafi gert það áður, þá þykir mér hlýða að drepa nú einnig á það, hver heildarniðurstaðan myndi verða fyrir ríkissjóð, ef frv. þetta yrði að lögum.

Tekju- og eignarskattur hefir undanfarin ár numið um 10% af tekjum ríkissjóðs. Samkv. þessu frv. mundi hann nema um 19%. Skatturinn samanlagður hefir undanfarið numið um 3,5% af skattskyldum tekjum landsmanna til uppjafnaðar. Samkv. frv. mínu myndi hann nema 6,5%—7% af skattskyldum tekjum til uppjafnaðar.

Tollar á lífsnauðsynjum nema nú um 10% af lágtekjum manna. Virðist því vægilega að farið, þótt til uppjafnaðar sé tekið til ríkissjóðs 7% af þeim hluta teknanna, sem er yfir skattfrelsislágmarkinu. Og það eins þó að þess sé gætt, að til viðbótar þurfi að leggja á allt að því tvöfalda þessa upphæð til þess að standast tekjuþörf sveitar- og bæjarfélaga, sem hingað til hefir verið fullnægt með útsvörum.

Hv. þdm. til glöggvunar skal ég gera samanburð á því, hvernig háar tekjur og lágar tekjur eru skattlagðar samkv. núgildandi skattalöggjöf. Skal ég þá taka eftirfarandi dæmi:

Við getum hugsað okkur þrjá menn búsetta í Reykjavík, sem allir eiga fyrir fimm manna fjölskyldu að sjá. Sá fyrsti hefir 3000 kr. tekjur, annar 12500 kr. tekur og sá þriðji 15000 kr. tekjur.

Sá fyrsti, sem hefir 3000 kr. tekjur, borgar 3 kr. í tekjuskatt og 300 kr. í tolla af nauðsynjavörum. Það er samtals 303 kr., eða 10,1% af tekjum hans.

Sá næsti, sem hefir 12500 kr. tekjur, borgar 462 kr. í tekjuskatt, en þarf ekki að borga nema 300 kr. í tolla, ef hann lifir jafnspart og sá fyrst taldi. Það eru alls 762 kr., eða 6,1% af tekjum hans.

Sá þriðji, sem hefir 1500 kr. tekjur, þarf heldur ekki að borga nema 300 kr. í tolla af nauðsynjavörum — auðvitað getur hann eytt meiru, ef hann vill. Í tekjuskatt greiðir hann 732 kr. Það verða samtals 1032 kr., eða 6,8% af tekjum hans.

Niðurstaðan verður því sú, að sá, sem hefir aðeins 3000 kr. tekjur, greiðir a. m. k. 50% hærra hundraðsgjald af tekjum sínum en hinir, sem hafa 12—15 þús. kr. tekjur og sömu heimilisástæður.

Fimm fjölskyldumenn, sem þannig eiga alls fyrir tuttugu og fimm mönnum að sjá og hafa 3000 kr. tekjur hver, eða alls 15000 kr., þurfa alls að greiða í tolla og skatta 1515 kr. En einn maður með fimm manna fjölskyldu og 15000 kr. tekjur, þarf ekki að greiða nema 1032 kr. Hann borgar því 483 kr. minna í ríkissjóðinn en hinir 5, sem samtals hafa fyrir 5-falt fleiri að sjá og samtals hafa sömu tekjur.

Ég vil nú leyfa mér að spyrja: Hvaða réttlæti er í þessu? Svarið getur ekki orðið nema á einn veg. Þetta er ranglæti. Ætlar hv. deild enn að lögfesta það?

Mér þykir rétt að gefa stutt yfirlit yfir, hversu styrkur er sá skattstofn, tekjur og eignir landsbúa, sem skattur þessi hvílir á.

Samkvæmt skattskýrslum fyrir árin 1924—'27 voru skattskyldar tekjur 35—40 millj. til uppjafnaðar hvert ár og skattskyldar eignir um 100 millj. kr. En á þeim árum, sem síðan hafa liðið, hafa bæði tekjur og eignir aukizt að mun, sérstaklega í Reykjavík. Samkv. skattskýrslum Reykjavíkur fyrir árin 1929—'30 hafa skattskyldar eignir þar numið um 55 millj. kr., og skattskyldar tekjur um 28 millj. kr. Má því telja víst, að á næstu árum muni þessi tekjustofn verða mun hærri en árin 1924—'27, bæði vegna aukninga eigna og tekna og betra eftirlits með skattaframtali.

Eftir frv. þessu má gera ráð fyrir, að skatturinn yrði ekki minni en 2 millj. 200 þús. kr. á næstu árum. Nemur hann þá um 6,5—7% af skattskyldum tekjum, eftir að frá hefir verið dregið fyrir auknum persónufrádrætti.

Ég geri ráð fyrir, að tekjuauki ríkis-

sjóðs samkv. frv. muni nema um 1 millj. Í grg. þeirri, sem fylgdi frv. í fyrra, var gert ráð fyrir, að hækkun þessi myndi nema um 850 þús. kr. Var sú upphæð miðuð við skattskýrslur áranna 1924—1927, en eins og ég hefi áður tekið fram, hafa bæði skattskyldar tekjur og eignir vaxið stórum síðan samkv. framtalsskýrslum. Og ef miðað er við meðalskatt árin 1924—'30, sem má telja mjög varlegt, þá má gera ráð fyrir, að tekjuaukinn muni nema rúmlega 1 millj. kr. Mun óhætt að gera ráð fyrir, að hann verði frekar meiri heldur en minni og hækki enn meir með vaxandi velmegun og betra eftirliti. Að vísu getur tekjuskatturinn orðið nokkuð misjafn frá ári til árs, en svo er um flesta skatta og tolla. Hinsvegar er eignaskatturinn allra skatta tryggastur, að undanteknum fasteignaskatti. Í frv. er lagt til, að hann verði hækkaður um ca. 100%, og dregur það mikið úr sveiflum heildarskattsins frá ári til árs. Sama er um fasteignaskattinn, sem ég legg til að einnig verði hækkaður mjög, um ca. 600 þús. kr.

Þessir útreikningar eru aðallega byggðir á skýrslum og útreikningum, sem fyrrv. skattstjóri, Helgi P. Briem, lét mþn. í té.

Hvað viðvíkur sveitar- og bæjarfélögum, þá myndu skatttekjur þeirra, ef frv. yrði samþ. og þau notuðu sér heimildina til þess að hækka skattinn um 50%, nema 950—1000 þús. kr. Mætti þá lækka útsvörin, að öllu jöfnu, að sama skapi.

Ef þetta frv. og frv. það um fasteignaskatt, sem ég flyt jafnframt, yrðu samþ., myndu tekjur ríkissjóðs hækka um 1. millj. og 600 þús. kr. a. m. k. Mundi það nægja til þess, að hægt væri að lækka vörutoll og verðtoll samanlagða á nauðsynjavörum niður í 1%, eða í tilsvarandi gjald og útflutningsgjaldið til ríkissjóðs er nú, án þess að ríkissjóður missti við það neitt af tekjum sínum skv. fjárlagafrv. hæstv. stjórnar.

Ég ætla mér ekki að fara nú að rökræða um skattastefnur almennt, en vildi aðeins drepa á nokkur meginatriði þeirra mála.

Það er augljóst mál, að tollar á nauðsynjavörum, hvort heldur er til neyzlu, fatnaðar, nauðsynlegra húsa eða framleiðslu, hljóta að hækka vöruverðið að mun og auka þannig dýrtíðina í landinu. Hrökkvi þá ekki lágtekjurnar fyrir nauðsynjum, verða sveitarsjóðirnir að borga tollana eða það, sem til vantar, ef fólkið á ekki að líða beinan skort. Er því landsmönnum gerður hinn mesti bjarnargreiði með hinum háu tollum. Og dýrtíðin eykst enn meir vegna milliliðanna, sem leggja álagningu sína jafnt á tollauppphæðina eins og á innkaupsverðið. Nemur sú álagning oft 50% til 100%, t. d. af fatnaði og ýmsum vefnaðarvörum. Hinsvegar geta skattar, sem hvíla á háum tekjum, sem annaðhvort fara til ónauðsynlegrar eyðslu eða eru lagðar í sjóði, aldrei aukið dýrtíð í landinu.

Ekkert félag eða einstaklingur getur grætt fé án hjálpar og verndar þjóðfélagsins. Það tryggir mönnum gróðann og á því fullan rétt á að fá hlutdeild í gróðanum, og þá auðvitað því stærri, sem gróðinn er meiri.

Margir líta nú dökkum augum á framtíðina. Heimskreppan virðist nú vera að koma yfir oss. Ein leiðin til að verjast kreppunni og afleiðingum hennar er sú, að lækka tollana á nauðsynjavörum. Með því móti er hægt að létta af dýrtíðinni, draga úr atvinnuleysi og afleiðingum þess. Ef frv. mín um hækkun beinna skatta eru samb., er hægt að lækka tollana um 2 millj. kr. a. m. k., miðað við innflutning 1926. Mundi það nema um 3 millj. kr. með álagningu verzlana í meðalári. Yrði það ekki lítill léttir fyrir alþýðu, sem úr litlu hefir að spila. Lækkunin yrði þá um 150 krónur til uppjafnaðar á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu, og langtum meiri fyrir verkafólk kaupstaðanna og einyrkja með stóran barnahóp.

Nú eru um 600 manns atvinnulausir í Reykjavík einni. Margir þeirra hafa verið algerlega atvinnulausir í 4—5 mánuði. Hvaða styrk veitir hið opinbera þessum mönnum? Ríkissjóður sér 25—30 manns fyrir vinnu og bærinn hefir haft um 90 menn í vinnu um lítinn tíma, en sagt allt að því jafnmörgum upp. Flestir þessara manna hafa enga hjálp. Sulturinn situr við þröskuld þeirra. Þeir, sem einhverja vinnu hafa, verða að greiða meir en 10% af því litla, sem þeir vinna sér inn, í tolla

af nauðsynjavörum. Þeir, sem enga vinnu hafa, verða líka að greiða 10% af sinni eyðslu, þótt allt sé tekið að láni hjá verzlunum — eða fátækrasjóðnum. Það er eini styrkurinn, sem þjóðfélagið veitir þessum mönnum. — Er ekki kominn tími til að létta af þeirri svívirðingu, að ríkið láti þá greiða mest til opinberra þarfa, sem ekkert eiga og engra fríðinda njóta?

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta frv., en legg til, að því verði vísað til hv. fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Fasteignaskattur.

Á 9. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um fasteignaskatt (þmfrv., A. 48).

Á 11. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Það er sama um þetta frv. að segja og frv. um tekju- og eignarskatt, að það er aðallega borið fram með það fyrir augum að lækka tollana á nauðsynjavörum. En að óbreyttri tekjuþörf ríkissjóðs verður það ekki gert, nema með því að sjá ríkinu fyrir öðrum tekjum í staðinn.

Helztu breyt., sem farið er fram á í frv., eru þessar:

Fasteignir eru flokkaðar til skattgreiðslu í fjóra flokka, í stað tveggja áður.

Skatturinn er hækkaður á landi og lóðum, en lækkaður á húseignum.

Ákveðnar reglur eru settar um það, hversu háan skatt sveitar- og bæjarfélög mega leggja á fasteignirnar.

Ákvæði sett um það, hvað teljast skuli byggingarlóðir.

Skýr ákvæði skulu sett um það, hvenær eigandi og hvenær leigjandi skuli greiða fasteignaskattinn.

Þá er og lagt til, að fasteignir ríkissjóðs og sveitar- og bæjarsjóða skuli undanþegnar fasteignaskatti, nema lönd og lóðir, sem leigð eru með alveg sérstaklega lágum leigumála og góðum kjörum. Ennfremur skulu verkamannabústaðir, sem ríkið eða bæjarfélög hafa styrkt, vera undanþegnir fasteignaskatti fyrstu 10 árin eftir að þeir eru reistir.

Skal ég svo víkja að þessum atriðum nokkru nánar.

Viðvíkjandi flokkun fasteignanna er þess að geta, að aðalmunurinn er gerður á húseignum annarsvegar og lóðum og lendum hinsvegar. Lóðir og lendur ganga frá kynslóð til kynslóðar og hækka í verði smátt og smátt og verðskattur af þeim lendir jafnan á eigendum meðan ódýrara land er laust til notkunar. Aftur á móti endast húsin ekki nema takmarkaðan tíma. Húsaskatturinn er ekki ósvipaður tollum, að því leyti, að mjög örðugt hefir reynzt að stemma stigu fyrir, að húseigendur færðu hann yfir á leigjendur. En eins og öllum er ljóst, er húsaleigan hér óhæfilega dýr, og því óvit að hækka hana með háum húsaskatti.

Í núgildandi lögum er enginn munur gerður á rándýrum byggingarlóðum í kaupstöðum og jarðeignum og beitilöndum í sveitum hvað fasteignaskatt snertir. Það er ljóst, að þetta er mjög óréttlátt. Í þessu frv. er öllum lóðum og lendum skipt í þrjá flokka:

1) Ýmsar jarðeignir, þurrabúðir, lendur til ræktunar o. þ. h. Af þessum fasteignum skal skatturinn aðeins vera 8‰, átta af þúsundi. Þar er minnst verðhækkun fyrir tilverknað hins opinbera fram komin og því eðlilegt að skattleggja þær minnst. Enda er á þeim byggður atvinnurekstur landsmanna.
2) Byggðar byggingarlóðir í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 500 íbúa. Af þeim skal skatturinn vera 1%. Þessar lóðir eru notaðar til gagnlegra hluta, en hafa stigið mjög í verði fyrir opinberar aðgerðir og eiga því að lenda í hærri skattflokki en ræktunarlönd.
3) Óbyggðar byggingalóðir á sömu stöð-

um. Af þeim skal greiða 1½% í ríkissjóð.

Það hefir löngum verið allálitlegur gróðavegur að kaupa óbyggðar lóðir, eiga þær í nokkur ár og selja þær síðan aftur fyrir hærra verð. Tilgangurinn með ákvæðum frv. er sá, að reyna að fyrirbyggja slíkt lóðabrask og koma í veg fyrir óeðlilega verðhækkun á lóðunum, auk þess sem ríkissjóði á þennan hátt er séð fyrir tekjuauka. Til viðbótar ríkissjóðsskattinum er svo bæjar- og sveitarsjóðum heimilt að taka jafnháan lands- og lóðaskatt til sinna þarfa í stað fasteignagjalda þeirra, er þeir nú taka. Getur því skattur af óbyggðum lóðum komizt upp í 3%, 3 kr. af 100 kr.

Húsaskattur til ríkisins er nú 1½%. En með því er lítið sagt, því að auk þess taka bæjarfélögin nær öll og mörg sveitarfélög viðbótarskatt af húsum, sem oftast er margfalt hærri. Samanlagður húsaskattur hér í Reykjavík er t. d. 9½‰, 1½‰ til ríkis og 8‰ til bæjarsjóðs, en samkv. minu frv. verður hann 5‰ samanlagt til ríkis og bæjar, að viðbættu hreinsunargjaldi, 3‰, eða 8‰ alls. En það er 16% lægra en nú er. Í sveitum má leggja mest á fasteignir til sýsluvegasjóða, 6‰, auk 1½‰ til ríkissjóðs. Hreinsunargjald kemur þar ekki til greina. Þar getur skatturinn því orðið 7½‰. En samkv. frv. verður skatturinn mest 2½‰ til hvors aðila eða 5‰ samtals. Hér er því um 33⅓% lækkun að ræða, þótt sveitirnar noti rétt sinn til að taka húsaskatt að fullu.

Á húsaskatti eru þeir agnúar, að hann nálgast mjög tolla. Húsaleigan hækkar, skatturinn lendir á leigjanda og verður til að auka dýrtíð og framleiðslukostnað. Því er lagt til í frv., að hann sé hækkaður yfirleitt og lögbundið, hvað hann megi vera hæstur.

Jarðaskattur í sveitum, þar sem sýsluvegasjóðsgjald er tekið, er nú 9‰, en verður eftir frv. minu 8‰, og getur orðið 1,6%, ef sveitirnar nota að fullu heimildina til að leggja jafnmikið á og ríkissjóður.

Lóðagjald af byggingarlóðum í Rvík er nú 6‰ í bæjarsjóð og 3‰ í ríkissjóð. Eftir frv. myndi það hækka um rúmlega helming af byggðum lóðum, ef bærinn neytti heimildar sinnar að fullu, og þrefaldast af óbyggðum byggingarlóðum, sem helzt og mest er braskað með.

Á Akureyri er enginn húsaskattur, en bærinn hefir heimild til að leggja allt að 2% skatt á byggingarlóðir og 1% á aðrar lóðir, auk 3‰ skatts til ríkissjóðs. Sama er um Seyðisfjörð og Húsavík. Hér myndi samþykkt frv. því hafa nokkra lækkun á hámarki skatts af byggðum lóðum í för með sér, en aftur hækkun á óbyggðum lóðum.

Óbyggðar byggingarlóðir eru skattlagðar á sama hátt og jarðir eftir núgildandi lögum. Ætti eigi að þurfa um það að deila, að sjálfsagt er að skattleggja þær miklu hærra. Þar er gróðavonin öll bundin við verðhækkun, sem það opinbera skapar. Samkv. frv. verður skattur af þeim um 100% hærri en af jörðum og 50% hærri en af byggðum lóðum.

Ég álít sjálfsagt, hvað sem um þetta frv. er sagt, að settar séu nú þegar fastar reglur um, hvað sveitar- og bæjarfélög mega leggja á fasteignir, og séu þær reglur í samræmi við álögur ríkissjóðs.

Ákvæðið um það, hvað teljast skuli byggingarlóðir, byggist á því, að byggingarlóðir eru skattlagðar á annan veg en aðrar lóðir.

Eftir núgildandi lögum greiðir leigjandi skatt af leigujörð og leigulóð. Í frv. er svo ákveðið, að eigandi greiði skatt af lóðinni, ef leigan er 6% af lóðarverði eða þar yfir, en leigjandi, ef hún er 4% eða þar undir. Sé leigan þar á milli, skiptist skatturinn á þessa tvo aðilja.

Í frv. er gert ráð fyrir, að fasteignir bæjar- og sveitarfélaga séu undanþegnar skatti eins og fasteignir ríkissjóðs. Þar sem sveitar- og bæjarfélög fá ekki skatt af fasteignum ríkissjóðs, virðist ekki sanngjarnt, að ríkissjóður fái skatt af þeirra fasteignum. Ákvæðið um, að verkamannabústaðir skuli undanþegnir fasteignaskatti, byggist á því, að þeir eru styrktir af opinberu fé, og sama er að segja um jarðabætur, sem styrktar eru af ríkinu. Ætlazt er til, að hvorttveggja sé skattfrjálst um 10 ára skeið, þar sem hér er um að ræða alveg nauðsynleg mannvirki, sem hið opinbera leggur fram fé til.

Þetta er nú um einstök atriði frv. Aðal-

tilgangur þess er að sjá ríkissjóði fyrir tekium í stað tolla og leggja hömlur á brask með fasteignir og skaðlega verðhækkun. Ég vil benda á þá staðreynd, að síðustu 23—24 árin hefir verð landsins hækkað um h. u. b. 500%. Þetta er gífurleg hækkun. Þeir, sem nota landið til ræktunar og húsabygginga, verða að standa straum af henni. Hún kemur niður á framleiðslunni í hækkaðri leigu eða hækkuðum vaxta- og afborganagreiðslum. Og vonin um fyrirhafnarlausan verðhækkunargróða verður til að auka fasteignabraskið. Landskatturinn dregur úr þessu hvorutveggja. Auk þess hefir þessi skattur það sér til ágætis, að hann lendir ekki á framleiðslunni sjálfri, heldur á þeim stofni, sem framleiðslan byggist á. Bóndi, sem býr góðu búi og notar vel jörð sína, greiðir ekki meira en hinn, sem notar hana illa. Skatturinn er því hvöt til að nota landið til hins ítrasta. Skatturinn verður því léttari sem eignin er betur notuð. Hinsvegar borgar sig ekki að eiga ónotaðar eignir til að braska með.

Í áætlun þeirri, sem fylgdi frv. í fyrra, var gert ráð fyrir, að fasteignaskatturinn yrði eftir frv. 850 þús. kr. Það er 600 þús. kr. meira en nú er í fjárl. og 570 hærra en áætlað er í fjárlfrv. Áætlun þessi er þó líklega heldur of lág. Hún er miðuð við, að fasteignamatið á skattskyldum fasteignum verði 180 millj. kr., en líkur eru til, að það verði nokkru hærra. Þennan tekjuauka má nota til að lækka tollana. Ef þetta frv. mitt og frv. um tekju- og eignarskatt næði fram að ganga, yrði tekjuaukinn 1,6 millj., og það er talsvert meira en allur verðtollurinn. Tekjur sveitar- og bæjarfélaga, ef heimildin er notuð um land allt, yrðu skv. frv. 1105 þús. kr. Það er 650 þús. kr. meira en fasteignagjöldin þar samkv. síðustu reikningum sveitarsjóða frá 1926 og 1927, og mætti verja þeirri upphæð til útsvaralækkunar. Og ef sveitar- og bæjarfélög notuðu sér þá einnig heimildina að leggja 50% á tekjuskattinn til sinna þarfa og taka til sín ⅓ eignarskattsins, eins og heimilað er í tekju- og eignarskattsfrv. mínu, yrði sveitar- og bæjarsjóðum séð fyrir 1600 þús. kr. auknum tekjum.

Auk þess er það mjög veigamikið atriði, að skattstofninn, sem þessi skattur hvílir á, fasteignin, er viss og tekjur ríkissjóðs yrðu því jafnari frá ári til árs.

Ég mun þá láta útrætt um þetta mál að sinni og mælist til, að frv. fari til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

34. Tolllagabreyting (frv. HG).

Á 9. fundi í Nd., 25. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 41, 27. júní 1921, um breyt. á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911 (þmfrv. A. 49).

Á 11. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Efni þessa frv. er að lækka toll á kaffibæti, kaffi og sykri, um liðlega ⅓ af kaffibæti, úr 75 au. í 40 au., óbrenndu kaffi úr 60 au. í 40 au., brenndu kaffi úr 80 au. í 50 au. og sykri úr 15 au. í 10 au.

Vörur þessar munu vera til jafnaðar skattlagðar um 100%, en hreinar óhófsvörur eins og skartgripir ekki nema um liðl. 30% innkaupsverðs. Ég verð að játa, að frv. þetta er aðeins fyrsta skref í áttina. Þessi lækkun, sem frv. gerir ráð fyrir, er allt of lítil. Að því ber að stefna að afnema þessa tolla ásamt með öðrum nauðsynja- og þurftarvörutollum. Að þessu sinni má telja vonlaust um, að Alþingi, eins og það er skipað, fáist til þess að afnema tollana. Hefi ég því fylgt þeirri reglu, í von um að fá tillögunum fram komið, að leggja ekki til meiri lækkanir á tollum en nemi tekjuaukum þeim, sem ég hefi bent á í öðru frv., á móti. Tollalækkunin skv. þessu frv., miðað við fjárl. frv. stj., nemur 230 þús. kr. Nú hefir verið borið fram í Ed. frv. um einkasölu á tóbaki og eldspýtum. Tekj-

ur af þeirri einkasölu eru áætlaðar 250 þús. kr. Sú upphæð gerir því betur en vega upp á móti tollalækkuninni. Það getur varla orkað tvímælis, hvort réttara er og hagfeldara, að ríkið taki heildsölugróðann af tóbaki og eldspýtum eða skattleggja nauðsynlegar neyzluvörur um 100%.

Tollur á þessum vörum er mun hærri hér en í nálægum löndum. Í Danmörku er tollur á sykri 6,5—10 au, kaffi 17 au., kaffibæti 17 au.

Í Noregi er tollur á sykri 20 au., kaffi 30—50 au., kaffibæti 50 au.

Í Svíþjóð er tollur á sykri 7—10 au., kaffi 40—54 au., kaffibæti 20 au.

Í Noregi er að vísu hærri sykurtollur en hér, en alstaðar annarsstaðar er sykur í tveim flokkum eða fleirum, eftir gæðum og dýrleika, hærri og lægri tollflokki eins og sést á þessari skýrslu.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég treysti því, að hv. þm. telji ekki rétt að leggja þrefalt hærri skatt á þessar vörur en hreinar og beinar óhófsvörur, þegar bent er á aðra réttmæta tekjustofna í staðinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Ábúðarlög.

Á 10. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til ábúðarlaga (þmfrv., A. 54).

Á 12. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Hákon Kristófersson: Ég ætlaði ekki að taka til máls við þessa umr. um þetta mál. En eins og nú horfir við get ég þó ekki stillt mig um að segja fá orð um það.

Frv. þetta er nú orðinn gamall kunningi í þessari hv. deild. Það er eitt þeirra mála, sem að tilhlutun hæstv. stj. hefir verið undirbúið af svokallaðri mþn. í landbúnaðarmálum, sem starfað hefir undanfarin ár.

Það er sýnt með flutningi þessa frv. nú, að hæstv. stj. hefir ekki viljað gera frv. þetta að sínu máli, þar sem hún hefir ekki sýnt því þá ræktarsemi að vilja sjálf flytja það. Þeir tveir mþn.-menn, sem sæti eiga hér, og annar er hæstv. forseti d., hafa því enn á ný flutt það. En nú kastar þó fyrst tólfunum, þar sem hv. flm. sjá enga ástæðu til þess að segja eitt einasta orð við þessa 1. umr., áður en málinu verður vísað til landbn. Er það harla lítil ræktarsemi hjá hæstv. forseta við sitt eigið afkvæmi. Ég sagði áðan, að sýnt væri, að stj. hefði ekki viljað gera þetta að sínu máli, þar sem hún ekki vill flytja það. Hvað boðar nú þetta? Það hlýtur að boða það, að hæstv. stj. hafi séð svo marga og mikla galla á frv., að hún hafi hvergi nærri því viljað koma. Ég get nú verið þakklátur hæstv. stj. fyrir þetta. Ég vil vona, að það boði það ennfremur, að sú óhamingja hendi aldrei þingið, að það samþykki þetta frv. í sömu mynd og það er nú.

Ég vil beina því til hv. landbn., sem væntanlega fær frv. til meðferðar, að hún athugi frv. vandlega og taki upp úr því, ef hún finnur eitthvað þess vert í frv. — og það hygg ég muni vera —, að því sé veitt fylgi og framgangur. Að vísu er það svo nú, að hið góða, sem í frv. er, hverfur algerlega fyrir göllunum, sem á því eru, en þó munu sum ákvæði í því vera til bóta.

Ég vil ekki í þetta sinn fara neitt inn á einstakar gr. frv. Ég hefi gert það áður, við 2. umr., þegar mál þetta var til umr. í þinginu síðast. Og þau ummæli mín standa algerlega óhrakin enn. Frv. þetta er óbreytt frá því, sem það lá fyrir síðasta þingi. Og eftir því, sem undirtektir voru þá, þá kemur mér það mjög á óvart, ef búið er nú að slá þá skjaldborg í kringum það, að það nái fram að ganga nú í lítið breyttri mynd. En ef svo væri nú, að lítil von væri til þess, að frv. nái fram að ganga vegna sinna mörgu og stóru galla, sem yfirgnæfa kostina, þá þykja mér þeir menn, er lýsa vilja góð-

um hug til alls sparnaðar, heldur hverfa í skuggann við að bera slíkt mál fram. Ef engin von er til að fá frv. samþ., þá er ekki svo litlu fé og fyrirhöfn á glæ kastað við að setja það inn í þingið, enda þótt kostnaður kunni að vera nokkru minni fyrir það, að frv. er óbreytt frá því, sem það var fyrir þinginu í fyrra.

Ég vil svo enda á því, að snúa máli mínu til n. og æskja þess, að hún verði vel á verði um það, að frv. verði ekki samþ. í óbreyttri mynd.

Magnús Guðmundsson: Ég verð að láta í ljós undrun mína á því, hve lítið hefir verið gert fyrir þetta mál, jafnnauðsynlegt og það þó er fyrir landbúnaðinn. Mþn., sem skipuð var fyrir nokkrum árum, leysti starf sitt fljótt af hendi og lagði frv. fyrir þingið. En svo hefir málið verið að vefjast hér fyrir mörgum þingum án þess að á því hafi verið tekið af nokkurri alvöru.

Á fyrsta þinginu, sem málið lá fyrir, kom þegar í ljós, að margir þm. voru ónægðir með niðurstöðu mþn. En við því er ekkert að segja, þótt ekki séu allir ánægðir. Það er engin ástæða til þess að leggja málið á hilluna af þeim sökum. Málið á að ræðast og athugast, unz það er komið í það horf, sem þingið getur sætt sig við. Það er ámælisvert, að stj. hefir ekki athugað frv. og breytt því í það horf, sem hún gat fellt sig við og borið fram sem sitt mál. Ég man eftir því, að hv. 1. þm. S.-M. sagði á fyrsta þinginu, sem frv. þetta lá fyrir, að í því feldist ekki breyting, heldur bylting í ábúðarlöggjöfinni. Sá hv. þm. lét alveg ótvírætt í ljós, að hann gæti eigi fellt sig við frv. Fleiri raddir mátti heyra, er gengu í svipaða átt. Þó hefir ekkert verið gert í þá átt að breyta frv. Höfundar frv. flytja það óbreytt þing eftir þing. Ég kasta ekki steini á þá fyrir það. Það er ekki nema eðlilegt, að þeir haldi fast við sína niðurstöðu. En það er stj., sem er ámælisverð fyrir það, að taka ekki málið í sínar hendur. Og áhugi hennar er ekki einu sinni svo mikill, að hún sé viðstödd þegar frv. er rætt. (**Rödd:** Meiri hl. stj. er veikur af inflúenzu). En hún hefði átt að láta breyta frv. í samræmi við sína eigin skoðun, ef hún hefir nokkurn áhuga fyrir því. Og þessi aðferð, að bera málið fram óbreytt þing eftir þing, leiðir aldrei til annars en þess, að það verður saltað, enda þótt málið sé áríðandi fyrir landbúnaðinn.

Einar Jónsson: Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að hér er á ferðinni endurvakningur frá fyrri þingum, sem ég þó tel, að sé ekki til nokkurra bóta. Ég er í landbn. á þessu þingi sem að undanförnu, og til þeirrar n. er einkum safnað endurvakningum frá fyrri þingum, sem sumir hverjir eiga lítinn rétt á sér. Ég skil ekkert í því, hvað sumir hv. þm. eru áfjáðir í að breyta og bylta nýorðnum lögum og eyða með því tíma þingsins í óþarft og endurtekið þóf frá ári til árs. Nú er hitt og annað af slíkum málum á dagskrá dag eftir dag. Má gera ráð fyrir því, að það tefji svo fyrir þinginu, að það verði að standa minnst 100 daga eða lengur í þetta sinn sem oftar. Eitt af því, sem líka tefur fyrir, er frv. þetta, sem nú er á dagskrá. Í því eru ýms ákvæði, sem ég held, að enginn bóndi vilji ganga að óbreyttum og ótilneyddur. Ég hefði því helzt kosið, að málið væri nú þegar sett á hilluna, svo það yrði hvorki n. eða þingi til tafar. Ég skal þó eigi með öllu leggjast á móti því, að frv. verði vísað til n., en óska eindregið, að því verði ekki vísað til landbn. Til þeirrar nefndar er rótað flóknum frv.bunka, í svo stórum stíl, að við bændur, sem þar eigum sæti, kvíðum önnum og afgr.

Ég get sparað mér lengri ræðu, þar sem gegn þessu máli hafa verið færð svo gild rök á fyrri þingum, að óþarft er við að bæta. En svo margir agnúar eru á þessu frv., að helzt vildi ég, að það væri drepið tafarlaust, ef ekki tekst að fá gagngerðar breytingar án mikilla erfiðleika. Ég mun eigi brjóta þingsköpin með því að fara út í einstök atriði frv. við þessa umr. málsins, en gera frekari athuganir, ef mér sýnist síðar. Sem sagt, geymi mér frekari aths. til síðari umr., og lýk ég því máli mínu að sinni.

Sigurður Eggerz: Ég ætla einungis að gera stutta aths. Ég vil taka undir það með hv. 1. þm. Skagf., að þetta mál

skiptir bændur landsins miklu, og mér þykir kynlega við bregða, að hæstv. landstj., sem alltaf þykist bera hag bændanna fyrir brjósti, skuli ekki a. m. k. gera einhverjar tilraunir til þess að sníða af frv. verstu agnúana, úr því hún treystir sér ekki til þess að taka það óbreytt til flutnings. Mér virðist hæstv. stj., sem alltaf vill láta kalla sig bændastjórn, sýna meira tómlæti um þetta stórmál bændanna heldur en góðu hófi gegnir, og ég vil stórlega átelja þetta tómlæti í slíku máli.

Ég ætla ekki við þessa umr. að fara út í einstök atriði frv. Þó get ég ekki stillt mig um að láta í ljós þá skoðun mína, að mér virðast sum ákvæði frv. höggva allnærri stjskr. landsins. Það skal nú strax tekið fram, að ég er mjög fylgjandi því, að réttur leiguliða sé tryggður betur en nú er, en það má heldur ekki ganga svo langt í þá átt, að réttur landsdrottins sé að fullu fyrir borð borinn. Sum meginákvæði frv. ganga svo nærri rétti landsdrottins, að óhæfilegt verður að teljast með öllu. Sum þessara ákvæða þýða bókstaflega það, að flæma landsdrottin frá eign sinni. Frv. leggur svo ríkar skyldur á landsdrottin, að í mörgum tilfellum yrði honum um megn að uppfylla þær. Lagaákvæði, sem svo eru vaxin, eru efalaust mjög nærgöngul ákvæðum stjskr. um friðhelgi eignarréttarins. Má í þessu sambandi benda á þau ákvæði frv., sem skylda landeiganda til þess að byggja undir vissum kringumstæðum hús á jörðu, sem sveitarstjórn hefir látið skipta samkvæmt 2. gr. frv. Hér er sannarlega verið að gera lítið úr eignarrétti landeiganda. Öðrum aðilum eru heimiluð víðtæk umráð og víðtækur réttur til þess að fara með eign landeiganda eftir eigin geðþótta, þvert á móti vilja og hagsmunum eiganda, og síðan á að leggja óhæfilegar skyldur á landeiganda, ofan á það, að hann er sviptur umráðum eignar sinnar. Hvar er nú hin löghelgaða friðhelgi eignarréttarins, ef slík ákvæði verða að lögum?

Sem dæmi þess, hversu ófullkomið og ónákvæmt frv. er í einstökum atriðum, má t. d. benda á 12. gr. frv. Þótt þar sé ekki um neitt höfuðatriði að ræða, þá má þó nokkuð af því marka um frágang frv. yfirleitt. Í greininni segir svo: „En skyldur er leiguliði til þess að halda húsum við, þannig, að ekki fyrnist um skör fram fyrir handvömm". Þetta orðalag er ákaflega óákveðið og tevgianlegt, eins og allir munu sjá. — Annars var það ekki ætlun mín að fara út í einstakar gr. frv. fyrr en við 2. umr., heldur vildi ég einungis sýna höfuðstefnuna í frv., sem ég yfirleitt tel mjög varhugaverða. Þó langar mig til þess að benda hv. þdm. á IX. kafla frv., um kaupskyldu á leigujörðum, því þar er sannarlega knútur riðinn á ósómann um ranglæti þessa frv., en svo kynlega bregður við, að hér er það leiguliði, sem verður undir barðinu. Þar segir svo, í 44. gr.: „Ef landsdrottinn býður leiguliða ábýlisjörð sína til kaups, ... og leiguliði neitar að kaupa, skal hann hafa fyrirgert ábúðarrétti sínum". Vesalings leiguliðinn! Hvað hefir hann brotið af sér, þó hann vilji ekki eða geti ekki keypt jörðina? Hvers á hann að gjalda? Hvaða sanngirni er nú í öðru eins og þessu, að svipta leiguliða ábúðarréttinum umsvifalaust, fyrir þá sök eina, að hann vill ekki kaupa jörðina á hverjum þeim tíma, sem landeiganda þóknast. Hann hefir ef til vill setið jörðina prýðilega í alla staði, en nú á hann að missa ábúðarréttinn af þessum sökum, fyrirvaralaust að mestu. Hér er opnuð leið fyrir landeiganda til þess að losna við ábúanda á þægilegan hátt, og með því eru ákvæði frv. um lífstíðarábúð gerð einskis virði.

Ég skal svo láta máli mínu lokið að þessu sinni. Þetta átti ekki að vera nema stutt aths. En ég vil að lokum leggja ríka áherzlu á það, að mál, sem skiptir bændastéttina jafnmiklu máli sem þetta frv., verður að fá forsvaranlega afgreiðslu, sem og reyndar öll mál, sem Alþingi hefir til meðferðar, og ég vil átelja tómlæti stj. í þessu velferðarmáli bændanna.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég hafði ekki búizt við miklum umr. um þetta mál nú við 1. umr. Það hefir tvisvar legið fyrir þinginu áður, og í bæði skiptin allmikið rætt, en þó sérstaklega í fyrra skiptið, og ætla ég að þá hafi flest það komið fram, sem menn höfðu

helzt við frv. að athuga. Um þær umr., sem hér hafa farið fram í dag um þetta mál, er það að segja, að þær hafa lítt eða ekki gefið tilefni til andsvara. Það er ekki óvenjulegt, að þingmál taki breytingum í meðferð þingsins, en í þessu máli er ekki um slíkt að ræða, því þingið undanfarið hefir ekki tekið fastari tökum á málinu en svo, að engar breyt. hafa komið fram af hálfu þm. Þess vegna var það ekki gott fyrir okkur flm. að orða breyt., sem aldrei hafa komið fram, og var ekki nema um tvennt að velja fyrir okkur, annaðhvort að flytja frv. alls ekki, eða þá að flytja það í þeim búningi, sem við höfðum upphaflega flutt það í og sem við álitum eftir atvikum réttastan. Þann kostinn höfum við nú valið að þessu sinni, og kemur nú til kasta hv. d., hvort hún ætlar að svæfa málið nú sem í hin fyrri skiptin, þinginu til smánar og þjóðinni til ófarnaðar.

Það virðist sem hv. þm. greini allmjög á um það, hversu mikil nauðsyn er á nýrri lagasetning um þetta efni. Tveir hv. þm., sem um málið hafa talað, hafa talið þörfina ekki ríkari en svo, að ekki væri eyðandi tíma þingsins til undirbúnings lagasetningar um ábúð jarða. Á hinn bóginn hafa tveir hv. þdm., þeir hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Dal., tekið það skýrt og afdráttarlaust fram, að hér væri um stórmál að ræða, sem ekki þyldi frekari bið, þar eð hin mesta nauðsyn væri umbóta á núgildandi ábúðarlöggjöf. Þetta skýtur nú töluvert skökku við, og vissulega eru þau langt um sönnu nær ummæli þeirra tveggja merku þm., er ég gat um síðar. Og mér þykir það sæta hinni mestu furðu, og ganga jafnvel óhæfu næst, er þingbændur verða fyrstir til þess að kasta rýrð á þetta mál og telja það lítilsvert. Hvað sem líður frv. þessu, þá ætti það þó að vera áhugamál bændanna fyrst og fremst að fá nýja og hagkvæmari löggjöf um þetta efni. Mér er því næsta torskilið þetta framferði mannanna. Ekkert mál liggur fyrir þessu þingi, er varðar meiru afkomu sveitanna í heild. Og í engri grein er atvinnulöggjöf okkar Íslendinga eins gersamlega úrelt og óviðunandi sem í ábúðarmálunum. Nær helmingur allra býla landsins eru í leiguábúð. Nær helmingur hinnar íslenzku bændastéttar eru leiguliðar. Nú vita það allir, hversu mjög er hallað rétti leiguliða í núgildandi ábúðarlöggjöf frá 1884, hversu réttur þeirra er gersamlega fyrir borð borinn í nálega öllum atriðum, sem nokkru máli skipta. Ég vil ekki að óreyndu ætla, að hv. þm. vilji, að leiguliðar séu um aldir alda sviptir öllum rétti svo rækilega sem núgildandi löggjöf mælir fyrir, og að ekki megi hrófla við lögunum fyrir þá sök. Ég hélt satt að segja, að þótt sitthvað megi að þessu frv. finna í einstökum atriðum, þá myndu þm. ekki fyrir þá sök gleyma nauðsyninni á nýrri lagasetningu í þessum efnum og leggja árar í bát um það, að ráða bót á því, sem miður fer í þessum greinum.

Hv. þm. Dal. vék nokkuð að því, að frv. þetta bryti í bága við ákvæði stjskr. um friðhelgi eignarréttarins. Áður hefir verið rætt um þetta hér í deildinni, og ætla ég, að svo rækilega hafi verið frá því gengið þá og svo rækilega kveðið niður, að vart gerist þörf að fjölyrða um það nú. Röksemdafærsla hv. þm. Dal. er einskis virði. Einskis er krafizt af landeigendum umfram það, sem sjálfseignarbændur verða að uppfylla, nefnilega að jörðu fylgi nauðsynleg hús. Þessa skyldu verða leiguliðar og sjálfseignarbændur að uppfylla samkv. gildandi lögum og venjum, og hvað er þá eðlilegra en að landeigendur, er leigja jarðir, verði að gera það einnig, svo sem gert er ráð fyrir í þessu frv.? Reynslan hefir sannað það, að orsakir þess, hversu illa er byggt á leigujörðum, liggja fyrst og fremst í ranglæti löggjafarinnar um þessa hluti. Réttur leiguliðans er svo illa tryggður að lögum, að leiguliðinn skirrist við að gera umbætur á jörð eða húsabætur, vegna þess að réttur hans og eign verður að engu, ef hann víkur af jörðinni. Það sætir furðu mikilli, að menn skuli reyna að mæla þessu fyrirkomulagi bót, því auk hinnar praktisku hliðar, sem ég hefi drepið á, þá mæla hinar sögulegu forsendur málsins þessu í gegn. Frá upphafi byggðar landsins hafa það verið lög í þessu landi, að landsdrottinn legði til hús á leigujörð. Konungur verður fyrstur til þess að rjúfa þessa skyldu, þvert á móti lögum landsins og venjum, og hann ryf-

ur einnig viðhaldsskyldu á jarðarhúsum í trássi við landslög. Með ábúðarlögunum 1884 er þetta fyrirkomulag lögfest í landinu; viðhaldsskyldunni er þokað yfir á herðar leiguliða. Árangurinn af þessari breyt. hefir átakanlega komið í ljós um allar byggðir landsins, enda er húsnæði svo háttað víða, að hinn mesti háski stafar af fyrir heilsu manna og velfarnað. Á hinn bóginn má það vel vera, að landeigendum yrði í einstöku tilfellum erfitt um að uppfylla þær skyldur, sem þetta frv. leggur þeim á herðar um húsakost og viðhald húsa. En þess ber að gæta, að slíkt er ekkert eins dæmi, enda hygg ég að þess finnist ærið mörg dæmi, því miður, að bændur verði að yfirgefa jarðir sínar vegna fjárhagsörðugleika. Þar er enginn kominn til þess að hlaupa undir bagga, þegar vandræðin steðja að, enda eru það örlög margra að víkja af eignum sínum og óðulum nauðugir viljugir. En þótt landeigendur séu skyldaðir til þess að sjá jörðum þeim fyrir húsum, er þeir leigja út, þá er það ekki meira en þeir verða að rækja, er búa sjálfir á eignarjörðum sínum. Fjárhagsörðugleikar sækja landsdrottna heim sem leiguliða, en það er engin ástæða til að ætla, að þeir komi harðara niður á þeim, og því síður er ástæða til þess að ívilna þeim að lögum fram yfir leiguliðana, svo sem núgildandi ábúðarlög gera.

Um það, að önnur atriði þessa frv. brjóti í bága við stjskr., ætla ég ekki að ræða við hv. þm. Dal. að þessu sinni. Því hefir áður verið mótmælt hér í deildinni, og þau mótmæli standa enn óhrakin. Þarf ég því ekki að endurtaka þau nú. Og hv. þm. Dal. má leggjast djúpt, ef hann ætlar að færa rök fyrir öðru eins og því, að þetta frv. brjóti friðhelgi eignarréttarins. Og hann má líka vera alveg viss um það, að forfeður okkar fram til 1884 hafa ekki síður en við nútímamenn kunnað að meta friðhelgi eignarréttarins, og þó höfðu þeir bæði í lögum og framkvæmd samskonar ákvæði um húsaskyldu landsdrottins sem farið er fram á að lögfesta með þessu frv.

Ég hefi ekki til þessa og mun heldur ekki enn ganga fyrir hvers manns dyr hér á Alþingi til þess að fá þá til fylgis við þetta frv. Ég tel það ekki sæmilegt málsins vegna að fara í liðsbón til hv. þm.; það verður hver og einn að leggja það niður fyrir sér sjálfur, hvort hann ætlar að styðja þetta mál eða ekki. En á hinn bóginn stendur mér vitaskuld ekki á sama um afdrif málsins og ég vil vænta þess, að sómatilfinning þm. sé ríkari en svo, að þeir telji sæmilegt að afgreiða málið á þá lund, sem raun hefir orðið á undanfarið. Meðferð Alþingis undanfarið á þessu máli er því vægast sagt til lítils sóma, og þeir hv. þm., sem brugðið hafa fæti fyrir hinar beztu tillögur í þessu máli hér á þingi, þeir eru sízt öfundsverðir. Vera má, að enn séu nokkrir meðal þm., sem kunna að hafa nokkurn hug á því að leika þann leik enn einu sinni, en þó vil ég að óreyndu ekki trúa öðru en gifta þingsins verði meiri en svo, að þvílíkar tilraunir beri árangur. Þetta land á eftir að byggjast lengi, og ég vona, að sveitir þess eigi eftir að standa í meiri blóma ræktunar og menningar en enn er orðið. Ég þykist ekki þurfa að brýna það fyrir hv. þm., hve hagur og velfarnan sveitanna er mikið kominn undir því, hversu vel tekst að skipa þessum málum í framtíðinni. Ég mun fyrir mitt leyti ekki skjóta mér undan þátttöku í þeim till., sem hér liggja fyrir, og ég er alveg sannfærður um það, að ef þær verða afgr. í svipuðu formi, þá eru þær til stórkostlegra hagsbóta hinum íslenzka landbúnaði. Hitt má vel vera, að þær snerti nokkuð hagsmuni þeirra einstakra manna, sem eiga jarðir til þess að spekulera með þær, eða eiga þær „upp á sport“ eða sér til gamans, og ég skal viðurkenna það, að með þessu frv. var alls ekki ætlazt til að gera þessum mönnum léttara undir fæti á einn eða annan hátt til þess að braska með jarðirnar, ábúendunum til hnekkis, jörðunum sjálfum til niðurníðslu, og þeim sjálfum sízt til sóma. Ég tel það lítinn skaða, þótt reynt sé að stemma stigu fyrir þvíliku, og hefði það gjarnan mátt vera nokkru fyrr.

Það hefir verið vikið að því, að nefndinni hafi yfirsézt í því, að tryggja ekki betur ábúðartíma leiguliða en gert er í frv. Einkum var það hv. þm. Barð., sem gerði þetta sérstaklega að umtalsefni, og kann ég honum þakkir fyrir það. Ég get

viðurkennt, að ég var og er fús til þess að ganga betur frá þessu; ég vildi setja lágmarksákvæði um ábúðartíma, eða helzt erfðaábúð, en meðnm. mínir vildu ekki fallast á það. Það er auðvitað, að einstakir nm. verða að semja till. sínar hver eftir öðrum, og þess vegna eru ávallt nokkur einstök atriði í heildartill. nefndarinnar, sem einstakir nm. hefðu fremur kosið á annan veg. En annars er opin leið til þess að flytja brtt. um þau atriði, ef hv. þm. þykir betur fara. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að jarðir séu byggðar til lífstíðar, nema landeiganda er heimilað að taka þær úr ábúð handa sér eða börnum sínum. Lengra verður ekki gengið í þá átt að tryggja ábúðartíma leiguliða, því að eigandi verður að geta tekið eign sína til eigin nota eða barna sinna, er hann þarf. Hinsvegar finnst mér vel mætti ákveða, að jarðir skyldu byggjast til minnst 8—10 ára.

Hv. þm. Dal. þótti undarleg ákvæði 44. gr. frv. En þegar þess er gætt, að jafnan er örðugt eða jafnvel ekki unnt að selja jörð, sem gera má ráð fyrir að verði í fastri ábúð áratugi, þá er óhjákvæmilegt og enda sanngjarnt að opna landeiganda. þennan möguleika til þess að geta selt eign sína ef hann þarf, enda er hér gætt fullrar sanngirni gagnvart leiguliða, þar sem honum er tryggður gjaldfrestur og kaupverð miðað við fasteignamat, sem gera má ráð fyrir, að fari bráðlega að nálgast sannvirði jarðanna. Það er ekki hægt að mæla leiguliða undan þessari skyldu, þótt að öðru leyti sé sjálfsagt að tryggja hag þeirra og rétt sem allra bezt. Hv. þm. Dal. hélt því einnig fram, að eignir landeiganda myndu rýrna í verði, ef ábúð leigujarða yrði svo háttað sem þetta frv. mælir fyrir. Þetta hefir við engin rök að styðjast, því að það er ekki síður hagur landsdrottins, að jörð sé vel setin. Það er alkunnugt, að jarðir, sem eru í valtri leiguábúð um lengri tíma, eru yfirleitt niðurníddar, og þess eru mörg dæmi, að slíkar jarðir byggjast illa eða alls ekki fyrir þær sakir. Sérstaklega er þetta áberandi, eftir að ríkið er farið að leggja fram fé til að lyfta undir jarða- og húsabætur. Ætla ég, að réttur landeiganda sé betur tryggður með þessu frv. en áður hefir verið.

Hér hefir verið á undan frv., sem ekki er þessu óskylt, mál, sem mér þótti vænt um og gengið er til nefndar, en ég ætla, að það snerti eignarréttinn nokkru frekar en þetta frv., og mig undrar, að hv. þm. Dal., sem nú er svo árvakur að gæta stjskr. og eignarréttarins, skuli ekki hafa komið auga á það. Ég held ég verði að benda honum á, að það kemur stjskr. dálítið nær en þetta frv. hér, þótt ég sé annars þeirrar skoðunar, að það sé ekki hættulegt. (SE: Hvaða frv.?). Það er frv. um ræktunarsamþykktir.

Sigurður Eggerz: Ég gerði örlitla aths. við þetta mál í minni fyrstu ræðu, og það lítur út fyrir, að það hafi orðið til að hleypa hita í hv. flm. Annars fannst mér þessi ræða hans haldin í svo hátíðlegum stíl, að meiri áherzla væri á það lögð en að svara aðfinnslum mínum. Það eru viss atriði, sem maður verður að gæta samræmis við í allri lagagerð, og eitt af því eru grundvallarákvæði stjskr. Þessa hefir nefndin ekki gætt.

Það er íhugunarvert, sem stendur í 2. gr. frv.: „Ef sveitarstjórn tekur við jörð til ráðstöfunar" — og skiptir henni — „þá skal hún láta gera nauðsynlegustu hús á jörðinni, sem leiðir af skiptingu", og — „landsdrottinn skal skyldur til að kaupa hús þau, er sveitarstjórn lét gera á jörðinni, ef þau svara til þeirra húsa, sem krafizt er á leigujörðum að mati úttektarmanna". — Nú er það svo, að enginn veit, hvort landsdrottinn getur fullnægt þessari skyldu til að byggja eða kaupa þessi hús. Ýmsir jarðeigendur búa sjálfir í lélegustu kofum, ekki af því, að þeir vildu ekki byggja yfir sig, heldur af því, að þeir geta ekki veitt sér góð húsakynni, nógan hita og ljós, né önnur þægindi. Þeir verða að neita sjálfum sér um þetta allt saman. En er það ekki hörð krafa, að þeir eigi að veita öðrum það, sem þeir ekki geta veitt sjálfum sér?

Það er hart, ef maður hefir í sveita síns andlitis aflað sér jarðarverðs, þá geti hið opinbera þvingað hann til að láta jörðina af hendi. Það er hart, ef maður má ekki ákveða sjálfur, hvort hann vill byggja stórt eða lítið, eða hvort hann treystir sér til að byggja eða ekki. Þegar hv. flm. er kominn á þennan grund-

völl, þá er hann kominn út fyrir þann grunn, sem þjóðfélagsbyggingin hvílir á.

Hér er í 11. gr. talað um hús, sem landsdrottni er skylt að reisa og halda við. En svo kemur rúsínan í öllu þessu, að sá landsdrottinn, sem menn skyldu ætla að væri ríkastur, þó að hann skuldi reyndar núna fjörutíu og tvær milljónir, hann er undanskilinn. — „Þó er ríkissjóður undanskilinn þessari húsaskyldu um þær þjóðjarðir allar og kirkjujarðir, sem liggja við auðn eða ætlaðar eru til almennra nota". — Þegar það er fátæklingur, sem á lítið kot, sem liggur við auðn, þá er hann skyldur til að byggja það upp á eigin kostnað eða selja það fyrir hvað lítið sem er. En ef ríkissjóður á í hlut, er hann undanskilinn þessu ákvæði. Þarna sést, hvernig þeir menn, sem að þessu frv. standa, líta á rétt lítilmagnans. Hér er ráðizt á rétt þeirra fátæku manna, sem með striti sínu eru búnir að eignast smákot og hafa ekki enn efni á að byggja þau upp eins vel og þeir vildu. Hvaða hug sýnir slík árás?

Þá stendur enn í 16. gr.: „Nú hafa jarðnytjar aukizt svo á leigujörð við ræktun, að jarðarhús þau, sem ákveðin eru í 11. gr., eru orðin ónóg peningi þeim, er jörðin framfleytir. Skal þá ábúandi gera landsdrottni viðvart og krefjast þess, að bætt verði við hús á jörðinni. Skal hann láta fylgja vottorð úttektarmanna þar um. Ef landsdrottinn vill ekki bæta við jarðarhús eða stækka, hefir leiguliði heimild til þess að gera hús eins og þörf krefur og úttektarmenn hafa áður vottað. Skal hann tilkynna landsdrottni, hvað húsagerðin hefir kostað, með nægum sönnunargögnum, og er hann þá skyldur til að greiða kostnaðinn. — — Sama gildir, ef endurnýja þarf, hvort heldur bæjar- eða peningshús, og landsdrottinn neitar að gera þau".

Þetta er allt á eina bókina lært. Landsdrottinn er skyldur að byggja, hvort sem hann getur eða ekki. Og ástæður manna nú eru sannarlega ekki þannig, að vit sé að leggja á menn slíkar byrðar, þó að þeir hafi komizt yfir eitthvert smákot.

Þá skal ég aðeins víkja að 44. gr., þar sem þetta ákvæði er: „Ef landsdrottinn býður leiguliða ábýlisjörð sína til kaups með fasteignamatsverði, að viðbættu virðingarverði umbóta á jörðinni, sem landsdrottinn á frá síðasta fasteignamati, með 5 ára greiðslufresti og bankavöxtum, og jörðin liggur ekki undir skemmdum, svo að sýnilegt sé, að hún muni ganga úr sér, og leiguliði neitar að kaupa, þá skal hann hafa fyrirgert ábúðarrétti sínum".

Sannleikurinn er sá, að með þessu ákvæði virðist opnuð víð leið fyrir jarðeigendur til þess að losa sig við leiguliða, því að hvergi í greininni eru ákvæði um, að ekki megi landsdrottinn nota sér þetta nema hann ætli vissulega að selja og geti selt öðrum en leiguliða, að honum frágengnum. Nei, það er nóg, ef leiguliði vill ekki kaupa, þá verður hann að fara, og landsdrottinn getur svo vel sett annan án þess að þurfa að selja jörðina. Þetta getur gert leiguliðum með lífstíðarábúð stórum örðugri aðstöðu en nú. Ég vildi með þessum orðum undirstrika þau mótmæli, sem ég bar fram gegn þessu frv. í fyrri ræðu minni. Það veitti ekki af að vísa því enn til nefndarinnar, til þess að hún athugaði grundvöll þess og grundvallarreglur þjóðskipulagsins og færi ekki að syndga gegn þeim.

Einar Jónsson: Ég hefi ekki þekkt það fyrr, að hv. þm. Dal. talaði af þekkingu og reynslu um búskap framar búandkörlum úr sveit. Og ég hefi ekki heldur þekkt það fyrr, að hv. 1. þm. Árn. (JörB) talaði af ofsa og miklum móði um þá hluti — en svo má lengi læra sem lifir. Það má hv. 1. þm. Árn. eiga, að hann vill starfa að þessu máli með áhuga, kannske líka af því, að hann er búinn að fá nokkrar krónur fyrir vikið, en það vill fara fyrir honum eins og fleiri nefndarskipuðum áður, að lítið varð úr störfum nefndarm., þegar til kastanna kom og þingið fekk plöggin á hönd. Ég get ekki annað en undrazt, að þegar sveitabóndi er settur til að semja lög handa sveitafólki — og það við sæmileg daglaun —, þá skuli þau (t. d. ábúðarlögin) vera það afhroð, að ekki skuli vera fært fyrir nokkurn einasta mann á landinu að eiga jörð í annars manns ábúð, vilji hann sjá sér sjálfum farborða, og ausa eigi fé í ábyrgðarleysi á annara hönd.

Ég held ég verði að leyfa mér að fara ögn út í einstök atriði frv., úr því að hv.

þm. Dal. og sjálfur hv. frsm. hafa leyft sér það, — þó að þetta sé fyrsta umr. Það er t. d. 9. gr., sem ákveður, að öll ábúð skuli vera eilíf (þ. e. lífstíðarábúð), og 11. gr., sem skyldar landsdrottin til að byggja upp öll hús, sem ábúandi finnur ástæðu til að heimta, jafnvel hvort þau eru nauðsynleg eða eigi, og svo kemur 12. gr., sem segir, að aldrei skuli metið álag á jarðarhús, og beri landsdrottinn alla fyrningu. Þetta er vitanlega alófært ákvæði. Ég skil ekkert í, að jafnreyndur bóndi og hv. 1. þm. Árn. skuli láta sér detta aðra eins firru í hug. Hann mun nú hafa á búi sínu eitthvað um 500 ær, og hefir búið í sveit ein 7—8 ár a. m. k., og ætti því að vera kominn að raun um það, hvað húsabyggingar og búskapur á öðrum sviðum gildir, á hvern hátt landsdrottni og leiguliða er hentast að semja, o. s. frv. Það er því undarlegt, að hann skuli ekki enn vera búinn að læra að semja lög fyrir bændur. Ætlar hann að láta hv. þm. Dal. verða á undan sér með það? — Ég vorkenni honum og vona að hann taki þetta frv. aftur, en láti landbn. í friði fyrir aukastarfi viðkomandi því.

Magnús Guðmundsson: Ég hefi litlu að svara hv. flm., því að ræða hans gekk minnst út á að svara því, sem ég sagði. En mér finnst satt að segja þeir þm., sem áttu sæti í mþn., hafi verið helzt til afskiftalitlir um þetta barn sitt og fyrirhyggjulitlir, er þeir fóru að vekja það til lífsins aftur. „Það er hægt að breyta frv. í meðferð þingsins", segja þeir. En ég efast um, að þingnefndir hafi tíma til að leggja sig svo fram við þetta mál, að það verði afgr. á þessu þingi, eins mikill ágreiningur og er um mörg ákvæði þessa frv. Það, sem ég áfellist stjórnina fyrir, er, að hún skuli ekki hafa fengið frv. öðrum í hendur til endurskoðunar, því að ég ætlast ekki til, að þeir sömu menn, sem þetta frv. hafa samið, fari að búa til annað frv. meira eða minna frábrugðið þessu; ég geri ráð fyrir, að þetta sé þeirra eigin sannfæring, sem þeir hafa sett hér á pappírinn.

Ég er sammála hv. flm. um nauðsyn á nýrri ábúðarlöggjöf, — sú nauðsyn var viðurkennd a. m. k. fyrir 20 árum. En það dugir ekki að leggja sama frv. fyrir þingið ár eftir ár og skipta sér ekki af því meir. Úr því verður engin ábúðarlöggjöf.

44. gr. frv. kemur mér ákaflega undarlega fyrir sjónir. Það er gert að broti, sem varði missi leiguréttar, ef ábúandi vill ekki kaupa jörðina með fasteignamatsverði, 5 ára greiðslufresti og bankavöxtum, 8% býst ég við. Ég er sannfærður um, að ef þetta ákvæði frv. gengi í gegn, mundi hver einasti jarðeigandi vilja nota sér það, og yrði þá nokkuð ónæðissamt fyrir leiguliða. Það er ekkert vit að telja það brot á ábúðarrétti, þó að leiguliði geti ekki eða vilji ekki kaupa jörðina. Ef fasteignamat hækkar mjög nú, eins og sagt er, og fer svo hátt, að það sé nær því, sem jarðir ganga nú kaupum og sölum, sjá menn, að hér er ekki vel tryggður réttur leiguliða. Ég tek undir það með hv. þm. Dal., að í frv. er yfirleitt miklu betur séð fyrir rétti leiguliða en eiganda, en í þessu atriði keyrir aftur um þverbak á hina hliðina.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég þarf í raun og veru ekki að svara mörgu af því, sem komið hefir fram. Ég heyrði ekki nema niðurlagið á ræðu hv. 1. þm. Rang. og það var svo ósköp meiningarlítið, þegar hann var að gera samanburð á búskap og búmannsviti okkar hv. þm. Dal., að mér stendur það á sama. (SE: Ég er nú kominn af góðum búmönnum). Ég get látið það liggja alveg á milli hluta, hvor betri sé.

Hv. þm. Dal. þyrfti að gera þessu frv. betri skil og samræma það við stjskr. Það er annars illt, að hann skuli ekki hafa verið uppi fyrr og eigi hér eilíft líf og þingsetu, því að ég held, að hann sé ómissandi maður. Reyndar hefði hann þurft á undanförnum þingum að hafa meiri áhrif og íhlutun en hann sýnist hafa haft. Hann hefði þurft að standa miklu betur á verði til að gæta þess, að eignarrétturinn væri ekki skertur um skör fram, eftir því er hann segir nú sjálfur. En hér hygg ég, að hann skjóti hjá markinu. Svo mikið er víst, að sömu ákvæði eða samskonar og þau, sem honum þykja of ströng í frv., hafa lengi verið í lögum landsins; þau hafa sum um langan aldur staðið í búnaðarlöggjöf okk-

ar, þó að hann og margir fleiri hafi kannske aldrei tekið eftir því.

Og krafan um húsaskylduna er ekki meira en hver bóndi verður að uppfylla. Það dugir ekki að miða löggjöfina við þá, sem ekki hafa fjárstyrk til að byggja upp býli sín. Löggjafar landsins hafa séð, að þeim mönnum þarf að hjálpa til að byggja. En sú hjálp nær ekki til þeirra, sem búa á leigujörðum, nema þeir njóti annara manna að, eigenda jarðanna eða sveitarstjórnar. Þó að þeir vildu nota sér þau hlunnindi, sem löggjafarvaldið hefir veitt efnalitlum bændum til að húsa jarðir sínar, geta fasteignasnauðir leiguliðar það ekki nema með hreppsábyrgð. Oftast hafa leiguliðar ekkert fengið, því að eigendur jarðanna hafa ekki viljað láta afgjaldskvöð á jarðir sínar. Þó að eigendur sjálfir búi margir í lélegum húsakynnum, má löggjafarvaldið ekki haga löggjöf sinni eftir því. Það er eins og önnur neyð, sem ráða þarf bráðar bætur á, og ganga þarf svo frá ábúðarlögum, að séð sé um, eftir því sem hægt er, að húsakynni verði þannig, að heilbrigði manna verði ekki hætta búin.

Hv. þm. Dal. var að tala um það, að með þessu frv. væri kippt burtu grundvellinum undan núv. þjóðskipulagi. Mun hann hafa átt við það, að með frv. væri eignarréttur á jörðum að engu gerður. Þetta er auðvitað hin mesta fjarstæða, sem ekki er eyðandi orðum um. Ég vil þó benda hv. þm. Dal. á það, að samkv. hans eigin rökstuðningi mætti eins segja, að eignarrétturinn sé upphafinn, eins og nú er, þar sem ábúðarrétturinn er svo, að jarðeigendum er ekki unnt að taka jörð úr ábúð, ef til lífstíðar er byggt, eða þó máske ennfremur, ef gleymzt hefir í tæka tíð að gefa byggingarbréf fyrir jörðinni, að þá getur eigandi jarðarinnar alls ekki tekið hana úr ábúð, nema hann geti sannað, að jörðin hafi verið byggð til tiltekins tíma.

Hvað það snertir, að ríkissjóður er samkv. 11. gr. frv. undanskilinn húsaskyldunni, get ég gjarnan upplýst það, að þetta ákvæði er ekki sett í frv. af okkur nm., heldur af stj., sem tók frv. til athugunar í fyrra. Hinsvegar vil ég benda á það, að þetta ákvæði nær aðeins til þeirra jarða ríkissjóðs, sem liggja við auðn eða ætlaðar eru til almennra afnota. Býst ég ekki við, að hv. þm. Dal. geti verið svo barnalegur, að hann haldi, að menn sækist eftir að búa á býlum, sem liggja við auðn. — Húsaskylda á slíkum jörðum hefir því nauðalitla þýðingu.

Það lítur náttúrlega ákaflega sennilega út, að þeir menn séu sérstaklega fátækir, sem eiga jarðir og leigja þær út. Sú hefir löngum verið venjan, að þeir væru fátækastir, sem jarðir eiga! Nei, hv. þm. Dal. þýðir ekki að slá fram slíkum staðhæfingum sem rökum. Ég veit þess t. d. dæmi frá Norðurlandi, að tveir menn eigi einir svo að segja heila sveit. Skyldi hv. þm. Dal. álíta, að þeir séu fátækir? Ég get varla ímyndað mér það. Og það er víst, að þessir menn hafa lag á því að leigja jarðir sínar þannig út, að ábúendum þeirra er varla vært.

Hv. þm. Dal. drap á einstakar gr., en ég ætla þó ekki að fara langt út í það, sem hann sagði um þær, að svo komnu máli. Einkum voru það kaupskylduákvæði 44. gr., sem hv. þm. Dal. hneykslaðist á. Mun ég ekki berjast á móti því, að leiguliðum séu sýndar meiri ívilnanir en þar er gert. Hinsvegar finnst mér hálfkátlegt, þegar annarsvegar er verið að halda því fram, að gengið sé of nærri jarðeigendum, en hinsvegar, að réttur leiguliða sé fyrir borð borinn. Annars vildi ég mega vænta þess, að hv. þm. vildu gera umbætur á frv. og bæta úr þeim göllum, sem þeim þykir á því vera. Er það meir sæmandi þm. en að rísa upp með andmælum gegn frv., án þess að koma fram með nokkrar till. til bóta á því.

Hv. 1. þm. Skagf. var mjög sanngjarn í sinni ræðu. Þótti honum sem við nm. værum ekki ámælisverðir, þótt við hefðum flutt frv. óbreytt, enda verður okkur satt að segja varla fundið það til sakar, á meðan gildari rök eru ekki færð fyrir ágöllum frv. en fram hafa komið til þessa.

Á síðasta þingi fór þetta mál til landbn. um miðjan febrúar, ef ég man rétt. N. fór í gegnum frv. allrækilega, enda hafði hún langan tíma til að athuga það, og hafði hugsað sér að bera fram ýmsar brtt. við frv. Af því varð þó ekki, enda kom málið ekki framar fyrir þingið. Þar

sem hinsvegar n. er nú kunnugt orðið þetta mál, vegna vinnu sinnar við það í fyrra, og hún er nær eins mönnum skipuð, má gera ráð fyrir, að hún geti verið hraðvirk að þessu sinni og afgr. málið á skömmum tíma. Vænti ég þess því, að hv. þdm. geti fallizt á að vísa málinu til nefndar.

Læt ég svo lokið máli mínu að þessu sinni, og býst ég ekki við því, að ég muni taka aftur til máls við þessa umr.

Hákon Kristófersson: Hv. flm. sagði, að það væri ekki rétt gert að koma með andmæli gegn þessu frv. án þess að láta fylgja þeim andmælum till. til umbóta á frv. Út af þessu vil ég leyfa mér að minna hv. flm. á það, að á næstsíðasta þingi urðu miklar umr. um þetta frv., og komu þá fram ýmislegar bendingar til þess, sem betur mátti fara. Í fyrra var frv. aldrei afgr. af landbn., og gafst því ekki tækifæri þá til að bera fram brtt. við það.

Mér skildist svo á ræðu hv. flm., að ég hefði átt að halda því fram, að þetta frv. hefði ekkert nýtt að geyma. Þetta er misskilningur hjá hv. flm. Ég sagði, að kostir frv. köfnuðu í göllum þess. Og það er dálítið annað.

Þá er það ekki heldur rétt hjá hv. flm., að við, sem höfum andmælt þessu frv., teljum það að öllu leyti lítils virði. Fyrr mætti nú líka vera, þar sem það hefir verið vandlega undirbúið af mþn. og sjálf sti. meira að segja lagt hönd á það, eftir því sem hv. flm. upplýsti áðan í ræðu sinni. Að vísu virðist athugun stj. á frv. ekki hafa gengið út á annað en að létta bagga ríkissjóðs umfram það, sem einstaklingar verða að bera, ef frv. verður að lögum óbreytt. Er slíkt harla einkennilegt, eins og hv. þm. Dal. benti réttilega á. Get ég bæði um það og annað, sem hv. þm. Dal. benti á, verið honum fullkomlega sammála. Vil ég leyfa mér að endurtaka áskorun mína til hv. landbn., sem fær þetta mál væntanlega til meðferðar, að taka aths. þær, sem hann gerði við frv., til rækilegrar yfirvegunar.

Hv. flm. hélt því fram, að í gildandi l. væri gengið á rétt leiguliða, og bætti frv. úr þessu. Um þetta atriði er erfitt að tala nú, þar sem ekki er hægt að koma því við við þessa umr. að gera samanburð á frv. og gildandi l., af því að þingsköp banna, að farið sé út í einstakar gr. frv. við 1. umr. Á þinginu 1929 gerði ég allítarlegan samanburð á frv. og gildandi l. við 2. umr. um málið þá, og get ég vísað til þess. Aðeins get ég sagt það, að af 55 gr. frv. eru 25 meira og minna athugaverðar. Og má vel vera, að fleiri séu.

Krafan um hýsingu leigujarða er sjálfsögð, en frv. gengur of langt í því efni. Það má ekki gera meiri kröfur á hendur jarðeigendum en að þeir sjái þeim fyrir íbúðarhúsum, sem jarðir þeirra nytja. Að skylda jarðeigendur til þess að byggja peningshús á þeim jörðum, sem þeir leigja, nær ekki nokkurri átt. Er að vísu dæmi til, að slíkt hafi verið gert, þar sem er t. d. Hvanneyrarfjósið fræga, en það er öðru nær en að það hvetji til eftirbreytni.

Hv. flm. minntist á samtal, sem við höfum átt saman um þetta mál, og gat þess að við værum sammála um, að tryggja bæri rétt ábúanda svo, að jarðeigendur gæti ekki vísað honum af jörðinni eftir eigin geðþótta. Þetta er alveg rétt. Ég hefi meira að segja mikla löngun til þess að lögleiða erfðaábúð, því að bæði næst með því meiri trygging fyrir því, að sem mest verði gert fyrir jarðirnar, og svo má ganga út frá, að þær lendi þá fremur í verðugra manna höndum.

Að íbúðarhús á leigujörðum séu oft og tíðum verri en þau eiga að vera, dettur mér ekki í hug að efast um, en til þess geta legið ýmsar ástæður, sem erfitt er að ná til með l. Og ef eitthvað er athugavert við íbúðarhúsin, er það úttektarmönnunum að kenna, og þá fyrst og fremst hreppstjórunum. Hinsvegar fæ ég vart skilið það, að heilsu og lífi manna sé hætta búin af þessum sökum. Heilbrigðiseftirlitið er orðið það öruggt hér á þessu landi.

Andstaða mín gegn þessu frv. byggist ekki á því, að ég vilji ekki bæta þá galla, sem á því eru, heldur byggist hún á því, að ég vil ekki, að nokkurs manns réttur sé fyrir borð borinn. Ég er þess sannfærður, að kostnaðurinn af húsabyggingum er bæði jarðeigendum og ábúendum ofvaxinn, auk þess sem ýms ákvæði frv.

eru á þá leið, að kærulausum ábúendum má á sama standa, þó að húsin hrörni. Og hvað er það, að hús hrörni um skör fram? Ætli það fari ekki eftir áliti úttektarmannanna? Ég fæ því ekki betur séð en að óhætt sé að taka undir það með hv. þm. Dal., að með frv. er umráðarétturinn tekinn af þeim, sem eru svo ólánssamir að vera jarðeigendur.

Ég hefi heyrt því fleygt, að háttsettur maður í stjórnarherbúðunum hafi bent stj. á, að ekki væri rétt af henni að láta flytja þetta frv., vegna þess að það fæli í sér stjórnarskrárbrot, eins og hv. þm. Dal. benti réttilega á. Skal ég ekkert um það segja, hvað hæft er í þessu, en svo mikið er víst, að stj. hefir ekki séð sér fært að flytja þetta frv. sjálf.

Hv. flm. beindi þeirri spurningu til hv. þm. Dal., hvort hann byggist við að sótzt væri eftir ábúð á jörðum, sem óbyggðar væru. (**JörB:** Sem liggja við auðn). Það skiptir sama máli. Grundvöllurinn er sá sami. Það gerir sömu útkomu, hvort heldur jörð hefir verið í eyði eða líkur eru fyrir, að hún fari í eyði. Ef menn óska eftir ábúð á annað borð, gerir slíkt engan mismun. Þar, sem ég veit dæmi til slíkra jarða í eigu ríkissjóðs, hefir ekki verið fé fyrir hendi til þess að hýsa þær. Það er erfitt um að fá fé til bygginga, og leiguliðar eiga þar erfiðasta aðstöðu. Þó trúi ég því ekki, að leiguliðar fái ekki ábyrgð hrepps síns fyrir byggingarláni, ef það eru efnismenn, sem í hlut eiga. Ég get ekki trúað svo illu um hreppsnefndirnar. Og það get ég upplýst, að Barðastrandarhreppur hefir tekið á sig margar ábyrgðir í þessu skyni. Að eins miklar tálmanir séu á því að fá lán til bygginga og hv. flm. vill vera láta, held ég því, að sé tæplega rétt. Menn hafa ýmislegt, sem þeir geta veðsett sínum eigin hreppi, þó að slíkt gangi ekki við almennar lánstofnanir. Og ef miklar tálmanir eru fyrir hendi hvað þetta snertir hjá leiguliðum, ber þá ekki að sama brunni hjá jarðeigendum með lántöku til bygginga, ef jarðirnar eru veðsettar?

Hér hefir verið drepið nokkuð á ákvæði 44. gr. frv. Býst ég við að þau ákvæði byggist á velvilja n. til leiguliða og að n. gangi út frá, að jarðamatið sé svo lágt, að leiguliðar séu fúsir til að kaupa jarðirnar. Hitt hefir n. látið sér í léttu rúmi liggja, þó að jarðareigendur biðu skaða við að selja, eftir að vera búnir að hýsa jarðir sínar og gera þeim ýmislegt annað til góða.

Þrátt fyrir alla þá galla, sem á þessu frv. eru, felur það þó í sér umbætur að nokkru leyti, og legg ég því til, að frv. verði vísað til n. En vitanleg eru forlög frv., ef það kemur aftur óbreytt til deildarinnar. Vildi ég því mega vona það, að n. lagfærði það, svo að það fengi annan svip en það nú fer með til n. Takist svo giftusamlega, vænti ég þess, að við flm. stöndum þétt saman um grundvallaratriði frv.

Magnús Jónsson: Ég ætla ekki að fara að bera sprek á þær glæður, sem hér hafa lýst okkur um stund. Aðeins vildi ég drepa lítillega á tvö atriði í sambandi við þetta frv. Annað þessara atriða er formlegs eðlis og snertir flutning frv.

Frv. er samið af mþn. í landbúnaðarmálum og er fyrst flutt hér á þinginu af henni. Var ekkert undarlegt við það, þar sem stj. mun þá ekki hafa haft tök á að leggja hönd á frv. Síðan hefir frv. verið borið fram þing eftir þing af þm., en ekki af stj. Þar sem frv. er allmikill lagabálkur og hefir viðtækar verkanir, er ekkert vit í að samþykkja það, fyrr en stj. hefir vandlega undirbúið það sjálf og þannig tekið ábyrgð á því. Að stj. skuli skirrast við að bera frv. fram þing eftir þing, getur ekki af öðru stafað en að hún telur það varhugavert, og ætti þetta að hvetja menn til að gæta hinnar mestu varúðar gagnvart málinu.

Hitt atriðið, sem ég ætla að minnast á, er efnislegt. Aðaltilgangur og aðalstefna mþn. er augljós. En hún er sú, að koma sem flestum jörðum úr leiguábúð í sjálfsábúð. Ég hygg, að því verði ekki á móti mælt, að þetta sé heppileg stefna. Hv. flm. hefir sýnt hér fram á það, að þær jarðir eru betur setnar, er ábúendur eiga sjálfir, heldur en leigujarðir. Þessi tilgangur frv. er lofsverður. En þær aðferðir, sem nefndin hefir valið, eru mjög varhugaverðar og leiða til alls annars en ætlazt var til.

Að þessu marki má vinna með tvennu móti. Það má laða leiguliða til þess að

kaupa jarðir, með því að greiða fyrir þeim t. d. með aðgengilegum lánskjörum.

En líka má ná þessu marki með því að þröngva svo kosti jarðeigenda, að þeir neyðist til að selja jarðirnar. Að þessari stefnu hafa hv. nm. hallazt. Þetta finnst mér nú hálfgerður „bolsevismus“ (hv. þm. verða að fyrirgefa, þótt orðið sé ljótt). Ef hv. nm. álíta, að þetta sé gert í þágu alþjóðar, þá hlýtur það að vera stefna þeirra að gera mönnum sem erfiðast að halda eignum sínum. Ég verð að álíta, að hér sé gengið of nærri eignarréttinum.

Þetta er sá meginstraumur, sem gengur gegnum frv. En ég vil benda hv. d. á það, að annar straumur gengur gegnum frv. þetta, þvert á móti hinum. Því að jafnframt því, að þröngvað er kosti jarðeigenda, er leiguliðum gerð leiguábúðin sem þægilegust, og því beinlínis unnið á móti því, að þeir kæri sig um að kaupa.

Þetta er aðalgalli frv. Ef nefndin hefði verið sjálfri sér samkvæm, þá átti hún að gera báða óánægða, þannig að jarðeigendur vildu selja jarðirnar og leiguliðar kaupa þær.

Ef frv. yrði að lögum, þá myndu jarðirnar hrynja í verði. Sérhver vara, sem líkt væri farið með, að framboð ykist og eftirspurn minnkaði, myndi lækka í verði. (EJ: Þær myndu leggjast í eyði). Nei, þær myndu aðeins lækka í verði — komast að lokum svo lágt niður, að menn vildu kaupa þær.

Kannske það sé ekkert við því að segja, þótt jarðirnar falli í verði? Það hefir e. t. v. vakað fyrir n. Ég skal nú ekki fjölyrða um það, en í fljótu bragði virðist mér það vera allhart, ef jarðirnar eiga að falla í verði, samhliða því, að fasteignamatið hækkar og þar af leiðandi skattar af þeim. Veðhæfi jarðanna myndi og minnka stórum við það.

Ég býst varla við, að n. hafi ætlazt til þessa. En ég tek hér til máls vegna þess, að mér finnst, að hér sé á ferðum mál, er gæti haft mjög varhugaverðar afleiðingar. Ég viðurkenni hinn lofsverða tilgang frv., en mér finnst, að n. hafi algerlega mistekizt hvað aðferðir snertir.

Ég mun ekki hafa á móti því, að frv. fari til 2. umr. og nefndar.

Lárus Helgason: Það eru nú orðnar alllangar umr. um þetta mál, og skal ég ekki lengja þær mikið. En mér finnst mjög einkennileg framkoma þeirra hv. þm., sem hafa verið að ámæla hæstv. landsstj. fyrir það, að hún hafi ekki flutt frv. þetta sjálf. Ég veit satt að segja ekki, hvað þessir hv. þm. meina. Hæstv. stj. hefir gert það, sem henni bar, hún hefir skipað mþn. í málið. Og tveir nm. eru hér á Alþingi, og eru þeir flm. frv. Málinu er auðvitað ekkert betur borgið, þótt hæstv. stj. flytti það, heldur en nm. sjálfir. Stjfrv. hafa oft verið felld eða orðið óútrædd.

Hv. 1. þm. Skagf. vildi áfella hæstv. stj. fyrir það, að hafa ekki skipað nýja n. En það væri ekki eðlilegt, þar sem málið hefir ekki enn komizt úr n. hér í þinginu.

Það er ekkert óeðlilegt, þótt slíku máli sem þessu verði ekki lokið á 1—2 þingum. Slíkt hefir komið fyrir oft áður. T. d. var núgildandi ábúðarlöggjöf áratugi í smíðum.

Það er rétt athugað hjá hv. 1. þm. Skagf., að landbn. hefir of lítinn tíma til þess að afgreiða þetta mál nema hún samþ. það að mestu. En þrátt fyrir það mun hún alls ekki láta frv. fara óbreytt út í deildina. Hún er nú nær því að afgreiða málið en t. d. í fyrra.

Ég vil að lokum endurtaka það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að ég tel það rangt að ámæla hæstv. stj. fyrir það, að flytja ekki frv. Þeir þm., sem sömdu það, máttu að sjálfsögðu flytja það óátalið.

Annars finnst mér óþarfi að fjölyrða meir um málið, þar sem nógur tími ætti að gefast til þess síðar, eftir að landbn. hefir afgr. það til deildarinnar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Hv. 1. þm. Reykv. vék nokkrum orðum að málinu og taldi, að það hlyti að vera varhugavert, úr því hæstv. stj. hefði ekki flutt það. Ég skal þá fræða hv. þm. á því, að á síðasta þingi var málið flutt að tilhlutan hæstv. stj. Hefir hún áður kynnt sér málið rækilega. Mun því sönnu nær, að henni hafi ekki þótt málið stórum athugavert. Slíkt hefir oft komið fyrir áður, og því er engin ástæða til þess að á-

mæla hæstv. stj. fyrir það, að hafa ekki flutt málið að þessu sinni. Annars skal ég ekki fjölyrða um þetta atriði, en ég vona, að hv. þdm. leggi alúð við málið, fyrst þeim er svo tíðrætt um það.

Ég verð nú að segja, að mér finnst röksemdaleiðsla hv. 1. þm. Reykv. harla einkennileg. Það er rétt, að mþn. vildi ráða bót á ýmsum meinsemdum, sem eru á núverandi ábúðarlöggjöf. En hv. þm. telur, að með till. n. sé gengið nærri eignarrétti jarðeigenda, um leið og verið sé að laða leiguliða til þess að vera leiguliðar áfram. Hann segir, að það sé ráðið til þess að auka sjálfseign, að laða leiguliða til þess að kaupa jarðirnar, og liggi til þess margar leiðir. Mun það ekki fjarri, að ef eigendur vilja losna við jarðirnar, þá kaupi leigjendur þær.

Þá sagði hv. þm., að ef frv. þetta yrði að lögum, þá myndu jarðir falla í verði. Þetta er algerlega gripið úr lausu lofti. Ég býst við því, að núgildandi fasteignamat gangi sönnu nær. Fari fram kaup og sala, þá eiga eigendur að fá það, sem þeim ber, en heldur ekki meira, og er það réttlátt. Ábúðarlögin eiga ekki að gefa tilefni til neins jarðabralls. Tilgangurinn með jarðakaupunum á að vera sá, að sá, er kaupir, búi á henni sjálfur, nema jörðin sé keypt handa öðrum, sem ætlar að búa á henni.

Hv. 1. þm. Reykv. hefði átt að benda á einhverjar leiðir til þess að laða leiguliða til að eignast jarðirnar. Samkv. núgildandi ábúðarlöggjöf er það síður en svo, að leiguliðar séu laðaðir til að gera umbætur á jörðum sínum. Því þó að ábyrgð hrepps fylgi, þá eru leiguliða á engan hátt tryggðir þeir fjármunir, sem hann leggur í byggingar og aðrar umbætur á jörðinni. Hefir sá leiði leikur, að jarðeigendur geri fjármuni þessa gagnslausa, of oft verið leikinn. Reyndar er gert ráð fyrir nokkurri greiðslu fyrir umbætur. En svo sniðuglega er þessu ákvæði fyrir komið í gildandi ábúðarlöggjöf, að enginn, sem ég þekki, hefir leitazt við að fá greiddar umbætur sínar samkv. þessum ákvæðum.

Vissulega er eignarréttur leiguliða fyrir borð borinn með núgildandi ábúðarlöggjöf. Ég veit ekki, hvort það kemur eins við hv. þm. Dal., þótt eignarréttur leiguliðans sé skertur, eins og eignarréttur jarðeigandans.

Ég vil segja það að lokum, að ég vildi, að hv. 1. þm. Reykv. benti á einhverja leið til þess að laða leiguliða til þess að eignast jarðirnar. Ef hv. þm. gerir það, þá gerir hann þarft verk.

Sigurður Eggerz: Ég skal í stuttu máli rifja það upp, sem ég hefi sérstaklega fundið að frv.

Í fyrsta lagi hefi ég fundið að því, að sveitarstjórn er heimilað að byggja upp jarðir án þess að spyrja jarðeigendur um leyfi. Í öðru lagi, að ríkustu landsdrottnar eru leystir undan slíkum skyldum, og í þriðja lagi, að ef leiguliði neitar að kaupa jörð, þá skal hann hafa fyrirgert ábúðarrétti sínum.

Hv. 1. þm. Árn. sagði, að það myndi ekki koma neitt við mig, þótt eignarréttur leiguliðans yrði fyrir borð borinn. Ég lýsti því yfir í byrjun ræðu minnar áðan, að ég vildi jafnt heill beggja, leiguliða og jarðeigenda.

Þá sagði hv. 1. þm. Árn., að það hefði verið betra, að ég hefði lifað á fyrri öldum. Ég er þakklátur hv. þm. fyrir að hann lítur svo á, að það hefði bætt aldarháttinn. En ég vil sameina óskir okkar, og óska þess, að ég lifi á komandi öldum.

Magnús Jónsson: Ég sé ekki ástæðu til að bæta miklu við það, sem ég hefi áður sagt, því hv. 1. þm. Árn. varð fullkomlega skotaskuld úr að hrekja röksemdafærslu mína.

Ég benti á það, að ef ábúðarlögin þrengja svo kosti eigenda, að þeir vilji losna við jarðirnar, en hlaða aftur undir leiguliða, svo að þeir kæra sig ekki um að kaupa, þá muni jarðirnar falla í verði. Þetta hefir hv. flm. ekki reynt að hrekja. Hann færði jafnvel ljós rök fyrir minni skoðun, er hann lýsti því með dökkum litum, hvernig hag leiguliðanna væri komið — að eignarréttur þeirra á umbótum væri fyrir borð borinn. En þetta ástand ætti einmitt að hvetja þá til að eignast jarðir sínar. En þessu er breytt með frv., þar sem kjör þeirra eru bætt.

Skal ég ekki tala um það meira, en ef frv. verður samþ. og hinir tveir óliku straumar látnir mætast, þá mun það

koma í ljós, hvor okkar hv. 1. þm. Árn. hefir haft réttara fyrir sér.

Hv. þm. getur auðvitað sagt, að ég skuli benda á betri leiðir. En ég hefi ekki lagt höfuðið í bleyti til þess að finna nýjar leiðir í þessu máli, enda eru margir mér færari um það hér í þessari hv. d. En þó maður sé staddur í öskunni, á maður þó ekki að stökkva í eldinn. Og ég hefi bent á það, að annaðhvort mætti bæta svo aðstæður leiguliða, með hægari útvegun fjár, að þeir vildu kaupa jarðirnar, eða þá þröngva svo kosti beggja aðila, að löngun beggja gengi í sömu átt.

Ef til vill gerir landbn. nauðsynlegar umbætur á þessu frv., og vil ég því ekki leggja stein í götu þess, að frv. komi til nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 16 : 2 atkv.

Landbn. skilaði áliti sínu til prentunar 14. apríl, og er það prentað á þskj. 403, en með því að þing var rofið sama dag, varð nál. aldrei útbýtt á fundi.

---

36. Ágangur búfjár.

Á 10. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um ágang búfjár (þmfrv., A. 55).

Á 12. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 : 1 atkv. og til landbn. með 15 : 1 atkv.

Nefndarálit kom ekki og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Lax- og silungsveiði.

Á 10. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um lax- og silungsveiði (þmfrv., A. 56).

Á 12. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Þetta frv. birtist hér í sama búningi og á síðasta þingi. Þá var orðið svo áliðið, er frv. kom fram, að eigi var tími til að ræða það til hlítar. Urðu samt um það nokkrar umr. og kom flest það fram, sem athugavert þótti.

Nefndin hugðist að bera fram nokkrar brtt. við frv. En henni vannst ekki tími til að ljúka störfum, svo ekki var hægt að fella þær inn í frv. Ég geri ráð fyrir, að innan skamms verði þessar brtt. tilbúnar, og verða þær þá afhentar n. þeirri, sem málið fær til meðferðar. Þessar brtt. eru að mestu í samræmi við till. hv. þm. Borgf. í fyrra. Þó eru fleiri atriði tekin þar til greina.

Ég vona, að þótt þessar brtt. liggi ekki fyrir nú, þá lofi deildin máli þessu að ganga til n. Þegar brtt. eru tilbúnar, verður þeim útbýtt meðal þm. áður en n. sú, er fær málið til meðferðar, skilar áliti.

Pétur Ottesen: Ég gerði á síðasta þingi ýmsar aths. við allmörg ákvæði frv. Ég skal ekki endurtaka það, sem ég sagði um málið þá, en ég vil mælast til þess við hv. landbn., að hún athugi þessar aths. mínar. Ég get verið þakklátur hv. flm. og mþn., að hún hefir að einhverju leyti tekið till. mínar til greina og séð ástæður til breytinga. Ég tel það þó mikinn galla á gjöf Njarðar, að mþn. skyldi ekki koma fram með frv. í því formi nú þegar, sem hún óskar að það verði í, heldur ætlar hún sér að koma fram með brtt. síðar. Það er aðeins til að draga á langinn, að þdm. geti kynnt sér, hvað um er að ræða, fyrr en máske undir þinglok. Ég vil því skora á hv. flm. að afhenda landbn. þessar brtt. sem fyrst, og jafnframt vil ég ítreka þá ósk til landbn. að athuga till. mínar síðan í fyrra.

Gunnar Sigurðsson: Ég hélt því fram á síðasta þingi, að sjálfsagt væri að flokka árnar, því að allt annað ætti við um smáár en stórár, og auk þess hagar á ýmsan annan hátt misjafnlega til um árnar. Ég vil t. d. minnast á Þjórsá. Í henni er engin veiði, nema neðst, og þar gæti því ekki komið til mála að fara að lögbjóða 60 stunda hvíld á viku. Auk þess tel ég nauðsynlegt að banna ádráttarveiði í smáám.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég vil geta þess út af ummælum hv. þm. Borgf., að ég gat þess einmitt, að brtt. myndu mjög bráðlega verða prentaðar og útbýtt til þm.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var útbýtt áliti landbn. um málið, á þskj. 384, en þing var rofið næsta dag, og varð frv. því ekki útrætt.

38. Útsvör (frv. EJ og GunnS).

Á 10. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:
Frv. til laga um breyt. á l. nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör (þmfrv., A. 58).

Á 13. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Jónsson): Þetta er hvorki flókið mál né stórt, og þarf því ekki langan formála að hafa fyrir því. Ég hefi áður leyft mér að fara fram á samskonar breyt., en þó nokkuð á annan hátt. Samkv. l. um útsvör frá 1926 eru 2 gjalddagar á útsvörum til sveita, sem sé 15. júlí og 15. okt. Það hefir verið nokkurt umtal um það í Rangárvallasýslu, að fyrri gjalddaginn væri á óþægilegum tíma, sérstaklega vegna þess, að manntalsþing eru samkv. lögum háð í júní. Eiga oddvitar því erfitt með að standa í skilum með lögboðnar greiðslur á réttum tíma, ef gjalddagar eru þessir. Þeir fara því fram á, að gjalddaganum sé breytt. En það þótti sigurvænlegra að bera það fram í því formi, að hver sýslunefnd gæti ákveðið annan gjalddaga eða aðra gjalddaga en í lögum eru ákveðnir nú, eftir eigin geðþótta, heldur en að lögbjóða aðra fasta gjalddaga á ný. Með þetta fyrir augum er þetta litla og einfalda frv. fram borið. Sé ég ekki þörf að ræða það frekar. Vona ég, að því verði sýnd sú velvild, að því verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og til hv. allshn. — Ég vil þó taka það fram, að ef n. eða þingið vildi heldur setja aðra lögákveðna gjalddaga, gæti ég fellt mig við, að fyrri gjalddaginn væri færður fram, t. d. til 1. júní. Síðari gjalddaginn má gjarna halda sér. En sá fyrri þarf að færast fram um mánuð, eða helzt til 1. júní.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 58, n. 110).

Frsm. (Lárus Helgason): Eins og hv. þm. hafa tekið eftir, var efni þessa frv. ekki annað en breyt. á gjalddögum sveitarútsvara. Það fór fram á, að sýslunefndir gætu fengið breyt. framgengt með samþykki ráðh. En allshn. hefir gert þá breyt., að hreppsnefndir geti fengið gjalddaganum breytt með samþykki sýslunefnda, og er það einfaldara.

Gjalddagarnir þykja ekki heppilegir. Sá fyrri er 15. júlí. Fyrir þann tíma eru sýslumenn búnir að halda manntalsþing, og eiga oddvitar þá að svara stórum upphæðum fyrir hreppsfélögin. Er þá eðlilegra, að fyrri gjalddaginn sé kominn.

Eins og nál. ber með sér, leggur n. til þessa breyt., er ég gat um. Fleira hefi ég ekki að segja um þetta frv. fyrir n. hönd.

Hákon Kristófersson: Ég verð að segja, að ég er þakklátur n. fyrir afgreiðslu þessa máls, enda þótt ég hafi búizt við, að hún sæi sér fært að leggja til, að um

leið og breyt. væri gerð á gjalddögum útsvara, ákvæði þingið sjálft þá breyt., án þess að fela það sýslunefndum.

Gjalddagarnir eru óhæfilegir, eins og hv. frsm. tók fram, því með því fyrirkomulagi, sem er, er það útilokað, að hreppsnefndir geti staðið í skilum með nokkuð af sýslugjöldum á manntalsþinginu þegar að vorinu, og verður þá um samkomulag að fara eftir góðu hjartalagi viðkomandi sýslmanna, og um það er náttúrlega ekki að efast.

Ég vænti ekki, að það sé til neins að fara fram á við hv. n., að hún geri nú betri skil og breyti frv. í viðunanlegra horf, þannig, að í því séu ákveðnir gjalddagar, t. d. sá fyrri í maí og sá síðari í júlí eða ágúst.

En það er góðra gjalda vert, að hún hefir komizt til þeirrar niðurstöðu, að lagfæringar þyrfti við á því fyrirkomulagi sem er.

Einar Jónsson: Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hv. allshn. fyrir góða afgreiðslu, og þótt hún afgr. frv. ekki alveg í sama formi og það var lagt fyrir þingið, get ég vel sætt mig við það. Ég býst við, að hér fáist lögun á þeim vandkvæðum, sem orsökuðu, að farið var fram á þetta. Vona ég, að hv. d. taki málinu á greiðan hátt og góðan.

Frsm. (Lárus Helgason): Mér heyrðist á ræðu hv. þm. Barð., sem hann teldi það galla, að n. hefði ekki lagt til, að gjalddagar væru fastákveðnir. N. sá enga þörf þess, því að auðvelt er fyrir hreppsnefndir að fá gjalddaganum breytt, með því að fara til oddvita sýslunefndar, sem í flestum tilfellum mundi samþykkja till. hreppsn. f. h. sýslunefndar. Enda er ekki séð, að hið sama eigi við í öllum hreppum, og ættu menn víðsvegar um land að vera sem mest sjálfráðir um þetta efni.

ATKVGR.

Brtt. 110 samþ. með 16 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Magnús Guðmundsson: Ég vildi f. hönd allshn. fara fram á það við hæstv. forseta, að hann taki mál þetta út af dagskrá. Ástæðan er sú, að fyrir n. liggur annað frv., sem ráðgerir breyt. á sömu lögum og þetta frv., og n. hefir ákveðið að athuga, hvort ekki sé fært að steypa þessum 2 frv. saman í eitt. Óska ég því, að málið verði tekið út af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., 19. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 132, 190).

Frsm. (Lárus Helgason): Frv. þetta fjallar um gjalddaga útsvara til sveita. Hafði allshn. borizt annað frv. um gjalddaga útsvara hér í Reykjavík, og tók n. því það ráð, að færa frv. saman í eitt, þannig að efni þeirra kemur fram óbreytt. Hreppsnefndir geta breytt gjalddögum útsvara, að fengnu samþykki sýslunefnda, og bæjarstj. hér í Reykjavík með leyfi atvmrh. Jafnframt flytur n. þá brtt. í samræmi við frv. á þskj. 118, að dráttarvextir af vangoldnum útsvörum skuli hækka úr ½% upp í 1%. Er sú ástæða til þess, að ef dráttarvextir eru teknir á annað borð, er sanngjarnt að hafa þá 1%, og er það sízt hærra en venjulegir bankavextir. Er og engin ástæða til að vera að ýta undir vanskil, eins og það gerir, ef dráttarvextir eru lægri en venjulegir bankavextir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að sinni, en legg til, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem n. hefir gert við það.

ATKVGR.

Brtt. 190,1 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 190,2.a. samþ. með 14 : 1 atkv.

— 190,2.b. samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., 20. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 214).

Á 31. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Álit allshn., á þskj. 394, var prentað 14. apríl og skyldi útbýtt þann dag á 46. fundi deildarinnar, en sá fundur féll niður, með því að þing var rofið á fundi í Sþ. s. d.

---

39. Rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju.

Á 10. fundi í Nd., 26. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um rekstrarlánafélög fyrir bátaútveg og smáiðju (þmfrv., A. 62).

Á 13. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Þeir, sem að frv. þessu standa, hafa að vísu áður borið fram svipaða till. fyrir hið háa Alþ. Þær till. hafa þó eigi náð fram að ganga. Ég skal þó ekki neita því, að margar eðlilegar ástæður gætu legið að því. Sérstaklega sú ástæða, að hv. Alþ. hefir fram að þessu mjög þurft að beita sér fyrir því, að styrkja og styðja landbúnaðinn. En nú má vona, að það skipulag, sem á þau mál er komið, reynist svo haldgott, að við það megi una í bili. Er því meiri von til þess, að hv. Alþ. sjái sér fært að gera einhverja þá bragarbót, er megi að haldi koma sjávarútveginum, sem ekki á minni rétt á sér og er a. m. k. jafnnauðsynlegur þjóðinni og landbúnaðurinn, án þess að hann sé á nokkurn hátt rýrður með þeim samanburði.

Þar sem þetta mál hefir í svipuðu formi legið fyrir og verið rætt í hv. Ed. 1928 og 1930 hér í þessari hv. deild, þá sé ég enga ástæðu til að endurtaka þau rök, sem áður hafa verið færð fyrir nauðsyn lánsstofnunar fyrir smábátaútveginn og smáiðjuna. Ég veit, að öllum hv. þdm. eru kunnug þau rök, sem fyrir því liggja, að þetta frv. er borið fram. Og hafi einhver verið í vafa áður um þörf bátaútvegsins fyrir lánsstofnun, þá hafa yfirstandandi tímar áreiðanlega sannfært hann um hina bráðnauðsynlegu umbótaþörf á þessu sviði. Það er mála sannast, að þó ýms sund hafi lokazt hjá stórútgerðinni, þá hafa þó fleiri sund lokazt hjá smærri atvinnurekendunum. Svo er það hjá þeim, sem eiga hluta í vélbátum eða heila báta, eða þá einhverja smáiðju. Ég vil því vænta þess, að hv. þdm. líti á nauðsyn þessa mikla fjölda landsmanna, er á smáútgerðinni lifa, og taki svo vel í þessa málaleitun, að á þessu þingi verði hrundið af stað vísi til lánsstofnunar fyrir þennan hluta útvegsins.

Við flm. þessa frv. höfum að nokkru vikið frá því, sem var í frv. í fyrra. Þó er það frekar í smærri atriðum. Þó leggjum við nú til, að nokkuð verði víkkað starfssvið þessarar lánsstofnunar, miðað við það, sem lagt var til í fyrra. Þá höfum við og nokkuð hækkað hámark lána og einnig þá upphæð, sem ríkið á að ábyrgjast fyrir þessa lánsstofnun. Ég held, að allir þeir, sem þekkja hag þeirra manna, sem lánin eiga að ná til, muni telja, að þessar breyt. séu til bóta.

Ég vil geta þess, að fyrir mína vangá hefir slæðzt inn villa við uppprentun frv., sem ég vil mega vænta, að sú hv. n., sem fær málið til meðferðar, leiðrétti. Í frv. í fyrra var gert ráð fyrir, að lánsstofnun þessi starfaði í sambandi við Fiskiveiðasjóðinn eða aðrar lánsstofnanir. Nú er það meining okkar flm. að leggja til, að þessi lánsstofnun starfi eingöngu við Fiskiveiðasjóðinn, en engar aðrar lánsstofnanir. Er því niðurlag 1. mgr. 9. gr. frv. óþarft og á að falla burt.

Eins og hv. þdm. er ljóst af frv., þá er ætlazt til, að smábátaeigendur og þeir, sem reka smáiðju í sambandi við útgerð, geti myndað lánafélög, þar sem allir fé-

lagsmenn eru ábyrgir „in solidum“ fyrir upphæð lánanna. — Nú hefi ég lítilsháttar heyrt ymprað á því, að undarlegt sé, að þeir menn, sem telja sig vera móti ótakmarkaðri samábyrð, skuli koma fram með slíkt ákvæði. En ég vil geta þess, að æðimikill munur er á þeirri tegund samábyrgðar, sem í frv. þessu felst, eða þar sem slík ábyrgð er bundin við ótakmarkaðan fjölda manna, þar sem enginn þekkir annan né veit um efnahag og ástæður félagsmanna sinna. Það er mikið djúp staðfest milli þeirrar samábyrgðar og ákvæða þessa frv. Þar er aðeins um smáfélag að ræða, þar sem hver þekkir annan og veit um getu hvers eins félagsmanns.

Þegar svo er ástatt, að ábyrgðin er takmörkuð innan svo þröngs hrings, er sú hætta, sem af samábyrgðinni leiðir, hverfandi og ekki nefnandi í sambandi við hættuna almennt af ótakmarkaðri samábyrgð. Þetta vildi ég í eitt skipti fyrir öll benda á fyrir hönd flm. gegn þeirri aths., sem einstöku sinnum hefir stungið upp höfðinu, að við færum hér fram á samábyrgð, sem væri óhæf að okkar dómi, sbr. aðstöðu okkar til ótakmarkaðrar samábyrgðar.

Líklega er ekki þörf á að fara hér um fleiri orðum að þessu sinni. Ég vil mælast til þess, að þessu máli verði vísað til hv. sjútvn., vegna þess að það eru hagsmunir sjávarútvegsmanna, sem hér er um að ræða, hagsmunir, sem mér virðist, að hið háa Alþingi hljóti að sinna, ekki síðar en á þessu þingi, og hafa verið flutt nægileg rök fyrir því í hv. d. á sínum tíma.

Eins og vitanlegt er, er það enn sem komið er sjávarútvegurinn, sem ber uppi allan meginþunga af sköttum til ríkissjóðs. Mér virðist því, að till. til þess að greiða götu þessarar atvinnugreinar hljóti að eiga rétt á, að þeim sé gaumur gefinn af Alþingi, sem þessi mikilsverða atvinnugrein á fullkomlega skilið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 28. marz, utan dagskrár, mælti

Jóhann Jósefsson: Eins og hæstv. forseta og hv. dm. er kunnugt, var útbýtt hér í d. þann 21. þ. m. nál. meiri hl. sjútvn. um frv. til laga um stofnun rekstrarlánafélaga fyrir bátaútgerð og smáiðju. Þetta frv. hefir nokkrum sinnum áður verið hér fyrir þinginu. Frv. flytur mikið nauðsynjamál fyrir bátaútveginn, og þar sem ekki er enn komið nál. frá minni hl., þykir mér ætla að fara að verða tvísýnt um, að það komi nægilega snemma, til þess að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi. Vildi ég því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki frv. á dagskrá mjög bráðlega, svo sýnt verði, að það verði ekki of seint fyrir.

Sveinn Ólafsson: Út af ræðu hv. þm. Vestm. — þó efni hennar væri utan dagskrár — vildi ég geta þess, að minni hl. sjútvn. hefir enn ekki samið nál. um þetta frv. Veldur það drætti þessum, að stofnanir, sem minni hl. hefir leitað til um upplýsingar, hafa ekki ennþá gefið þær. Þó býst ég við, að þær fáist mjög bráðlega og að minni hl. n. geti lagt fram álit sitt ekki síðar en á mánudag, og mun þá verða afgr. álitið, þó svör verði ekki komin frá umgetnum stofnunum.

Forseti (JörB): Út af tilmælum hv. þm. Vestm. skal ég taka það fram, að ég mun taka þetta til athugunar.

Á 40., 41., 42., 43., 44. og 45. fundi í Nd., 7., 8., 9., 10., 11. og 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 62, n. 223, 328 og 379).

Forseti tók málið af dagskrá, og með því að 45. fundur varð hinztur fundur deildarinnar vegna þingrofsins, varð frv. ekki útrætt.

---

40. Verzlunaratvinna.

Á 12. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyt. á l. nr. 52, 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu (þmfrv., A. 66).

Á 13. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Ólafsson): Eins og grg. þessa frv. ber með sér, er það samið og undirbúið af Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og Verzlunarmannafél. „Merkúr" í Rvík. Við flm. höfum ekkert farið höndum um frv., en okkur þykir rétt að flytja það fyrir svo fjölmenna stétt, en erum óbundnir um breyt. á því.

Í lögum um verzlunaratvinnu frá 1925 er gert ráð fyrir, að af þeim, sem þessa atvinnu stunda, sé ekki krafizt annarar þekkingar en að þeir hafi vit á bókfærslu og vörum. En í þeim lögum er gert ráð fyrir, að nánara sé tiltekið um þetta í reglugerð, sem setja átti í samráði við Verzlunarráð Íslands og Samband ísl. samvinnufélaga. Auglýsing var sett um þetta efni, en verzlunarmönnum þykir þar ekki nógu langt gengið; sérstaklega varð þeim það að vonbrigðum, að ekki var þar gengið eins langt og lögin heimiluðu eða munu hafa ætlazt til.

Breytingar þessa frv. eru allvíðtækar og munu koma til með að orka nokkuð tvímælis. Í stað þess, að áður þurfti aðeins þekkingu á bókhaldi og vörum, er hér gert ráð fyrir, að menn hafi verzlunarpróf frá ekki lakari skólum en Verzlunarskólanum í Reykjavík eða Samvinnuskólanum. Auk þess er ætlazt til, að ef menn hafa ekki fengið þessa menntun, þá hafi þeir unnið ekki skemur en 3 ár við skrifstofu- eða verzlunarstörf og þá fengið vottorð 2 manna, sem skipaðir eiga að verða til þess að dæma um hæfni þeirra til verzlunarrekstrar. — Í þriðja lagi er menntaskólamönnum gert þetta kleift, ef þeir sanna þekkingu sína í bókfærslu.

Ég get verið sammála um það, að nauðsyn beri til þess, að menn séu sem bezt menntaðir í þessari stétt, því að þeir þurfa bæði að kunna það verklega og bóklega.

Annars er engin ástæða til þess að fara um þetta fleiri orðum. Málið verður sjálfsagt rætt ítarlega síðar í sambandi við annað frv., sem væntanlega kemur fyrir hv. d. og mun eiga hér samleið með. Ég óska, að málinu verði vísað til allshn., að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 10. apríl, var útbýtt nál. frá allshn. á þskj. 362, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

41. Atvinna við siglingar.

Á 12. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar (þmfrv., A. 68).

Á 14. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 25. marz, var útbýtt nál. frá minni hl. sjútvn., á þskj. 271, og á 40. fundi í Nd., 7. apríl, nál. frá meiri hl. á þskj. 323, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

42. Sundhöll í Reykjavík.

Á 13. fundi í Nd., 2. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32, 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík (þmfrv., A. 70).

Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Ólafsson): Þetta mál fer að verða kunnugt í þessari hv. þd. Er það borið fram hér í þriðja sinn, og búast má við, ef það fær ekki þá afgreiðslu nú, sem til var ætlazt, að það verði áfram gestur hér. Af því langt er orðið síðan það var fyrst flutt hér, þá má vera, að sumir séu búnir að gleyma gangi þess, og er því rétt að rifja hann lítillega upp.

Árin 1925 og 1926 var vaknaður talsverður áhugi hér í bæ fyrir því að leiða heitt vatn frá laugunum inn í bæinn, til að hita hús og nota afganginn til að hita sundlaug. Um þetta mál voru nokkuð skiptar skoðanir, aðallega fyrir það, að bæði mér og ýmsum öðrum var það ljóst, að töluverður stofnkostnaður mundi að þessu verða fyrir bæjarsjóðinn. Það var því nokkuð dauft yfir þessu máli, þangað til hæstv. núv. dómsmrh. á þinginu 1928 bar fram frv. um sundhöll í Reykjavík. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi til helming stofnkostnaðar byggingarinnar, þó ekki yfir 100 þús. kr., en það var af því, að þá lá fyrir teikning og áætlun frá húsameistara ríkisins, og eftir henni var kostnaðurinn talinn 200 þús. kr. Þegar málið kemur svo til menntmn., setur hún inn í frv., að það skuli áskilið, að stj. samþykki áætlun og lýsingu sundhallarinnar. Þar með var búið að slá niður að nokkru leyti þá grundvallarhugsun, sem lá í frv. upphaflega, að því er teikningar snerti. En sá áhugi, sem þessi hv. d. sýndi á málinu, gaf okkur byr í seglin til að byrja á fyrirtækinu, þótt okkur þætti það að sumu leyti viðsjárvert.

Hæstv. dómsmrh. fór nokkuð sterkum orðum um nauðsyn málsins og sagði m. a., að þetta væri vafalaust langþýðingarmesta málið, sem hægt væri að gera fyrir Reykjavíkurbæ, bæði með tilliti til heilbrigði og menningar. Þeir, sem sæktu menntun til Rvíkur, áttu að fá ókeypis aðgöngu að þessum stað; og á þessari ótvíræðu nauðsyn byggðist það, að Reykjavík réðst í verkið.

Þegar fara átti að semja um málið við hæstv. dómsmrh., kom það á daginn, að húsameistari og borgarstjóri og margir fleiri, sem eitthvert vit höfðu á þessu máli, komust að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hægt að notast við þá upphaflegu teikningu, og var það ráð því tekið að láta fara fram rannsókn á málinu á ný, og sigldu því húsameistari ríkisins og bæjarverkfræðingur í þessu augnamiði. Kom þá upp úr kafinu sú staðreynd, að fyrirtækið mundi ekki geta kostað minna en 480—500 þús. kr. Það stóð í nokkru þjarki um þetta við hæstv. dómsmrh. En nú er tilskilið í frumv. með frágangi menntmn., að aðeins þyrfti að fá samþykki viðkomandi ráðh. á lýsingu og kostnaðaráætlun, til þess að framlagið fengist, og ég get ekki betur séð en að ef þessi skilyrði eru uppfylt, þá sé ekki hægt að losna undan því að greiða helming kostnaðarins. Því að þótt í lögunum standi „allt að 100 þús. kr.“, þá er þetta byggt á því, að sundhöllin fari ekki fram úr 200 þús. kr. (SE: Þetta er hneykslanleg áætlun!). Þetta var áætlun, sem vitanlega eins og ýmsar áætlanir vantaði margt í það, sem þurfti að athugast.

Nú horfir málið þannig við, að búið er að setja inn í frv. sem skilyrði fyrir styrknum, að ef samkomulag næðist við dómsmrh. um áætlun og teikningar, þá beri ríkissjóði í rauninni að greiða helming kostnaðar, og þetta samkomulag náðist. Nú er þetta verk, sem Reykjavíkurbær réðst svo fljótt í, vegna góðra undirtekta ráðh. og Alþingis, stöðvað í bili vegna fjárskorts. Það má kannske segja, að úr því muni rætast, en raunar er ekki mikið útlit fyrir, að bærinn geti lokið þessu verki, nema Alþingi hlaupi undir bagga og standi við þau loforð, sem það hefir gefið. Ef ekki er hægt að fá Alþingi til þess, er fyrirsjáanlegt, að verkið muni stranda um ófyrirsjáanlegan tíma.

Ég skal viðurkenna, að það er nokkuð mikil fjárhæð, sem hér er ætlazt til, að lögð sé fram. En hún getur ekki talizt ósanngjörn, þegar tekið er tillit til þess, hvað Reykjavíkurbær sækir lítið á um slíka hluti úr ríkissjóði, og hvað hann hefir lagt af mörkum, því að ⅗ hlutar allra tekna ríkissjóðsins koma frá þessu bæjarfélagi (HK: Það er nú ekki gott að reikna það út). Ég ætlast aðeins til þess, að Alþingi líti á þetta sem skyldu sína um að standa við gefin loforð og um að sýna þessu héraði alla þá sanngirni, sem það á heimtingu á alveg á borð við önnur héruð, sem fengið hafa svipaðan styrk.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál, en legg til, að frv. verði vísað til fjhn. að lokinni þessari umr.

Magnús Guðmundsson: Það er aldrei skemmtilegt að fá bakreikninga, eins og hér er um að ræða. Það er leitt, þegar fyrir liggja áætlanir eins og hér var, og þær reynast síðar meira en helmingi of lágar.

Ég vil nú út af ræðu hv. 3. þm. Reykv. spyrja hann, hvort ég hafi skilið ræðu hans rétt á þann veg, að dómsmrh. hafi samþ. teikningu og áætlun sundhallarinnar með það fyrir augum, að ríkissjóður borgaði helming kostnaðar. Það er atriði, sem skiptir miklu, því að ekki er gaman að þurfa að rifta gefin loforð frá ráðherra. En það má fyrr rota en dauðrota. Á þinginu 1928 var talað um, að sundhöllin mundi kosta 200 þús. kr., en nú sýnir sig, að hún kostar 500 þús. kr. a. m. k. Þetta er í samræmi við ýmsar áætlanir, sem hæstv. dómsmrh. hefir komið með og samþykktir þingsins hafa verið byggðar á. Arnarhváll átti að kosta 200 þús. kr., en 351 þús. kr. er kostnaðurinn þegar orðinn. Sama er að segja um vinnuhælið eða letigarðinn. Lögin takmörkuðu fjárframlög til þess við 100 þús. kr., en þau eru komin á þriðja hundrað þúsund. Ég held, að það sé nauðsynlegt fyrir þingið að athuga dálítið áætlanir frá þessum ráðh., því að það hefir komið í ljós, að þær eru á engu viti byggðar, eða þá að framkvæmdin er þannig, að hún nær engri átt. Það eru svik við þingið að koma með beiðnir um framkvæmdir, sem eiga að kosta þetta og þetta, en svo kosta þær margfalt meira.

Ég vil fá nákvæmar upplýsingar í þessu máli, áður en ég læt nokkuð uppi um, hvort ég er með því eða móti.

Flm. (Jón Ólafsson): Ég hefi ekki í höndum þær bréfaskriftir, sem fóru milli hæstv. dómsmrh. og borgarstjóra Reykjavíkur. En ég má þó fullyrða, að um þetta varð fullt samkomulag. Ég veit ekki, hvort hæstv. ráðh. hefir gengið inn á að hækka tillag ríkissjóðs til sundhallarinnar, en ég býst við, að það hafi verið látið óumtalað, en þinginu verið ætlað að skera úr um, hver skylda ríkissjóði bæri til þess að hækka tillagið.

En það, að þetta fyrirtæki varð miklu dýrara en áætlað var í upphafi, var af því, að hin upprunalega áætlun var samin af algerðu þekkingarleysi um þarfir þessarar íþróttar. Húsameistari og bæjarverkfræðingur voru því látnir sigla. Síðan komu íþróttamenn bæjarins og sögðu þetta og hitt, og þeir höfðu hina „praktisku" þekkingu á málinu. Allt hefir þetta hjálpazt að til að koma þessu mannvirki í það verð, sem ég hefi nefnt í fyrri ræðu minni og sem er áætlunarverð, sem búizt er við að standist. Og fyrst verið er að ráðast í verkið, er sjálfsagt að gera það svo úr garði, að ekki þurfi að brjóta það niður á næsta ári.

En úr því að bæði húsameistari og bæjarverkfræðingur og íþróttamenn eru orðnir sammála um, að svona skuli það vera, þá held ég, að það sé komið í allgott horf. Og ég á bágt með að trúa því, fyrr en ég tek á, að þessi hv. d. standi ekki við sín loforð og þann ádrátt, sem kom inn í lögin frá hv. menntmn. þessarar deildar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 : 1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

43. Iðja og iðnaður.

Á 13. fundi í Nd., 2. marz, var úthýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18, 31. maí 1927, um iðju og iðnað (þmfrv., A. 71).

Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Pétur Ottesen: Það hefir atvikazt svo, að báðir flm. eru fjarverandi sökum veikinda, en fyrri flm., hv. 1. þm. Reykv., bað mig að mælast til þess, að málið gengi til allshn. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 71, n. 165).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Það er óþarft að hafa langa framsögu í þessu máli, því allshn. hefir orðið ásátt um að leggja til, að frv. verði samþ. aðeins með lítilfjörlegum breyt., sem tilfærðar eru á þskj. 165.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 165,1 samþ. með 17:1 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 165,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A.213).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 213).
Á 32. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

44. Undanþága skóla og sjúkrahúsa frá afnotagjaldi til útvarps.

Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um undanþágu skóla og sjúkrahúsa frá afnotagjaldi til útvarps (þmfrv., A. 82).

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

45. Styrkveiting til stúdenta erlendis.

Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um styrkveiting til handa íslenzkum stúdentum við erlenda háskóla (þmfrv., A. 83).

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Eftir því, sem næst verður komizt, stunda nú um 90 íslenzkir stúdentar nám við erlenda háskóla, en af þeim eru aðeins 28, sem njóta styrks af opinberu fé. Sextán þeirra hafa háskólastyrkinn svonefnda, en hann er veittur til fjögra ára, 1200 danskar kr. á ári. Tólf höfðu styrk af því fé, sem menntamálaráð hefir til umráða, 1000 kr. íslenzkar á ári hver, en þeir hafa ekki neina tryggingu fyrir að halda styrknum visst árabil. — Það, sem farið er fram á í þessu frv., er, að jöfnuður sé gerður með þeim stúdentum, sem styrks njóta, þannig, að allir fái jafna upphæð, 1000 danskar kr. eða 1200 íslenzkar kr., veittar til 5 ára, ef þeir hafa

ekki hætt námi eða lokið prófi innan þess tíma.

Fyrir ríkissjóð mundi breytingin hafa það í för með sér, að í staðinn fyrir 36 þús. kr., sem ríkissjóður nú leggur fram, yrði upphæðin 42 þús. kr. á ári, eða 6000 kr. hærri. Fyrir stúdenta yrði sá munur, að þá nytu 35 styrksins á ári, í stað 28 nú, og hver þeirra hefði styrkinn tryggðan í 5 ár nema hann hætti eða lyki fyrr námi. Þó að frv. verði samþ., fær ekki nema röskur þriðjungur þeirra stúdenta sem nám stunda í útlöndum, þennan styrk. Margir virðast þeirrar skoðunar, að eðlilegast og heppilegast væri, að flestir ísl. stúdentar stunduðu nám við háskólann hér heima. Ég er á annari skoðun um það. Ég held, að okkur sé mikill fengur að því, að uppvaxandi starfsmenn og menntamenn þjóðarinnar bregði sér út yfir pollinn og kynni sér hætti og hagi annara þjóða betur en þeir eiga kost á hér. Önnur hlið málsins er þessi: Ríkissjóður leggur stórfé til háskólans hér heima árlega, auk stofnkostnaðar alls. Framlagið til hans nemur nú 150—160 þús. kr. á ári, og geta menn af því reiknað, hversu mikilli upphæð það nemur fyrir hvern mann, sem þar stundar nám. Þó getur háskólinn okkar vitanlega ekki bætt úr allri kennsluþörf. Fjöldi nauðsynlegra fræða er þar alls ekki kenndur, og margir stúdentar eru því neyddir til að leita til erlendra háskóla. Við því er ekkert að segja. En það er rétt, að þeir, sem utan fara, séu styrktir tilsvarandi við hina, sem nám stunda hér heima, ef talið er, að nám þeirra sé gagnlegt fyrir þjóðina og þeir verðir styrks og þurfi hans. Til þessa mun engum stúdent hafa verið veittur styrkur til náms erlendis í þeim greinum, sem hægt er að nema hér til fullnustu og taka próf í, og ég geri ekki ráð fyrir, að það verði fremur, þó að frv. þetta verði að lögum. Orðlengi ég svo eigi um frv., en mælist til, að frv. verði að lokinni umr. vísað til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

46. Læknishéraðasjóðir.

Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um læknishéraðasjóði (þmfrv., A. 84).

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Eins og hv. þdm. er kunnugt, er það næsta títt, að héruð séu læknislaus skemmri eða lengri tíma, og það vill brenna við, að þetta komi einmitt niður á sömu héruðunum hvað eftir annað. Afskekktustu, erfiðustu og strjálbýlustu héruðin verða jafnan verst úti í þessum efnum. Samkv. lögum fá nágrannalæknar, ef þeir eru settir til að þjóna læknislausu héraði, helming embættislaunanna. Hitt sparast þá ríkissjóði. Sé enginn þjónandi læknir í héraðinu, sparast launaupphæðin öll. Læknislaunin má í raun réttri telja framlag ríkissjóðs til heilbrigðismála í hlutaðeigandi héruðum, og nær því engri átt að taka þau af þeim héruðum, sem oftast eru læknislaus og þarfnast mest umbóta á heilbrigðismálum sínum.

Frv. fer fram á, að embættislaun, sem ekki þarf að greiða þjónandi lækni, gangi í sjóð, sem verður eign hlutaðeigandi héraðs og varið skal til að tryggja það, að héraðið sé sem sjaldnast læknislaust. Má hugsa sér, að það fé verði notað til þess t. d. að koma upp læknisbústöðum. Mér kemur einnig til hugar, að samgöngutæki gætu komið sér vel. Á einum stað, þar sem ég þekki til, við Ísafjarðardjúp, í Nauteyrarhéraði, væri það mikill munur fyrir lækni, ef hann hefði góðan mótorbát. Þyrfti þá oft ekki annað en hringja til hans og biðja hann að koma. Annarsstaðar henta bifreiðar bezt. Ótalmargt fleira mætti benda á, enda verður það líklega minnstur vandinn að finna eitthvað til að gera fyrir peningana. Þess má geta, að af þessu leiðir engin útgjöld

fyrir ríkissjóð umfram áætlun fjárlaga, því að þar er reiknað með fullum embættislaunum í öllum héruðum. — Ég óska, að frv. gangi að lokinni umr. til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var útbýtt nál. frá meiri hl. allshn., á þskj. 162, og á 28. fundi í Nd., 19. marz, nál. frá minni hl., á þskj. 203, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

47. Flugmálasjóður Íslands.

Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 17, 19. maí 1930, um stofnun flugmálasjóðs Íslands (þmfrv., A. 87).

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Ég vildi fyrst leiðrétta villu, sem slæðzt hefir í grg. frv. um síldveiðina á síðasta ári. Í staðinn fyrir 545 þús. mál bræðslusíldar á að standa 545 þús. hektólítrar. Villan stafar af því, að maður, sem ég talaði við í Fiskifélaginu og bað að gefa mér upp tölu síldarmála, hafði aðeins litið á töluna í skýrslunum, en ekki gætt þess, að í skýrslunum er síldin talin í hektólítrum. Af þessu leiðir, að skattur af síldveiðum til flugmálasjóðs hefir verið 54 þús., en ekki 70 þús. kr., eins og stendur í grg. En jafnvel þótt svo sé, breytir það ekki aðalatriðum málsins, því að á það verður að líta, að síldveiðin hefir verið sköttuð svo hátt áður, að það munar miklu frá því, sem á aðrar atvinnugreinar er lagt. Eins og menn vita, er nú goldið 1,50 kr. af hverri síldartunnu til ríkissjóðs, en meðalverð mun ekki vera meira en sem svarar 9—10 kr. á innihaldi hverrar síldartunnu, svo að útflutningsgjaldið nemur 15%. Og nú er útlit fyrir, að verð verði enn lágt á næsta ári, sérstaklega á bræðslusíld, því að afurðir þessar hafa fallið svo í verði, að búizt er við, að ekki fáist nema 4 kr. fyrir málið. Flugmálaskatturinn einn yrði þá, að óbreyttri upphæð, 2½%, og sjá allir, að það yrði mjög tilfinnanlegt.

Alstaðar frá hafa borizt áskoranir um að lækka gjaldið, frá þeim mönnum, sem við síldveiði fást, og jafnvel um að fella það alveg niður. Við flm. höfum ekki viljað ganga lengra en að lækka það um helming. Ég álít rétt og sjálfsagt, að halda áfram tilraunum með flugvélar, því að þær geta orðið að gagni, þó að óhætt sé að fullyrða, að notin séu ekki teljandi enn sem komið er. En líka má fullyrða, að jafnvel þótt flugvél væri að mestu eða öllu leyti bundin við leitina það 10 vikna skeið, sem síldveiðin stendur, mundi sá kostnaður ekki fara fram úr 30 þús. kr. En auk þess hefir verið ætlazt til, að sú flugvél hefði nokkra farþegaflutninga. En síðastl. sumar urðu svo sem engin not að flugvélinni, bæði af því, að veðrátta var ekki góð, og vélin bilaði snemma á síldartímanum. Ég vona, að hv. þdm. sjái ástæðu til að lækka þetta gjald ekki minna en hér er farið fram á. Ég óska, að frv. verði að lokinni umr. vísað til fjhn.

Gunnar Sigurðsson: Það er náttúrlega rétt hjá hv. flm., að útflutningsgjöld á síld eru mjög mikil. En ég hefði heldur óskað, að lækkunin kæmi annarsstaðar fram, og byggi það einmitt á rökum hv. flm. Hann sagði, að flugmálin væru á tilraunastigi, og hann vildi ekki mótmæla, að síldarleitin gæti orðið til gagns. Það er náttúrlega leiðinlegt, þegar eins fer og í fyrra, þegar vélin bilaði, er mest reið á. En nú er komin hér flughöfn og hægt að gera við bilanir, og það ætti að fyrirbyggja slíkar stöðvanir, eða tryggja a. m. k., að þær komi mjög sjaldan fyrir. Hv. flm. er svo víðsýnn maður, að hann skilur vel, hvað flugferðir hafa að þýða í framtíðinni. Ég vildi óska, að hægt hefði verið að bíða með þessa lækkun, þangað til flugferðirnar væru komnar af tilraunastiginu. Þá verður hægt að reka þær á tryggari hátt og málinu borgið, þó að þessar tekjur væru lækkaðar.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Það er sjálfsagt fyrir okkur Íslendinga að gera tilraunir með flug til síldarleitar og annars, sem að gagni má verða, og ég hefi á engan hátt dregið úr fjárbeiðnum í þessu skyni. En hitt er ósanngjarnt, að láta þessa atvinnugrein hafa allan kostnaðinn af að bera uppi þær tilraunir. Hún ber sannarlega sinn part, þó að skatturinn sé ekki nema 5 aurar á mál. Því að eins og ég sagði, hefir lítið gagn orðið að leitinni enn, — en ég tel, að gagn geti orðið að henni í góðum árum. (**ÓTh:** Í vondum árum). Nei, ekki þegar þokur eru. — En mér finnst ófært að leggja á svo þungan skatt vegna ófengins gagns.

Gunnar Sigurðsson: Það er ekki afarmikið, sem okkur hv. flm. ber á milli. Ég sé ekki, að hægt sé að fella þennan skatt niður, nema með því, að fé komi annarsstaðar frá. Ég held, að við verðum að taka tillit til þess, að bilunarhættan er miklu minni nú en hún hefir verið. Og ég vil ekki ganga inn á, að ekkert gagn hafi orðið af síldarleitinni, og tek orð fiskikóngs Íslands, Guðmundar Jónssonar skipstjóra á Skallagrími, því til sönnunar. Hann telur að því mikið gagn. — Það verður miklu hægara að vera tillátssamur með útgjöld til flugferða, þegar lengra líður og þær eru komnar á fastan fót.

Halldór Stefánsson: Hv. flm. hefir gert till. um að vísa málinu til fjhn. Það var hjá sjútvn. í fyrra, og geri ég það að till. minni að vísa því þangað.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var útbýtt nál. frá sjútvn., á þskj. 380, og varð sá fundur hinztur fundur deildarinnar, með því að næsta dag var á fundi í Sþ. lýst yfir þingrofi.

---

48. Ríkisborgararéttur.

Á 15. fundi í Nd., 4. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (þmfrv., A. 88).

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Jón Auðunn Jónsson: Ég skal geta þess, að innan skamms er von á tveim umsóknum um ríkisborgararétt í viðbót, og vildi ég því mælast til þess við hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að hún hraðaði ekki afgreiðslu þessa frv. fyrr en umsóknir þessara manna eru komnar.

Héðinn Valdimarsson: Flm. þessa frv. er ekki viðstaddur. Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, n. 272).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þetta frv. ræðir um aðeins einn útlending, sem farið er fram á, að öðlast skuli ríkisborgararétt á Íslandi, en formaður allshn. hefir fengið sendar frá hæstv. dómsmrh. allar þær umsóknir, sem til hans höfðu borizt um ríkisborgararétt, en þær umsóknir voru samtals 9. N. hefir nú farið gegnum þessar umsóknir og ekki séð sér fært að taka til greina fleiri af þeim en 6, og kemur þess vegna með brtt. við þetta frv. í þá átt, að þessum 6 mönnum sé bætt við, og verða það þá alls 7 menn, sem n. leggur til að fái ríkisborgararétt. En ekki sá n. sér fært að gera þetta skilyrðislaust, vegna þess að enginn þessara manna hefir lagt fram sönnun fyrir því, að þeir hafi verið leystir af sínum upprunalega ríkisborgararétti þar, sem þeir eru fæddir. En með því að það er svo í sumum löndum, að menn geta ekki fengið yfirlýsingu um það, að þeir séu leystir af sínum ríkisborgararétti,

nema þeir sanni, að þeir hafi fengið hann annarsstaðar, verður að hafa þetta skilorðsbundið þannig, að þeir sanni fyrir dómsmálaráðherra innan ákveðins tíma, að þeir hafi verið leystir af sínum ríkisborgararétti annarsstaðar, því að það þykir ekki rétt, að nokkur maður hafi ríkisborgararétt á fleiri stöðum en einum.

Þessi aðferð, að hafa veitingu ríkisborgararéttarins skilorðsbundna, hefir þekkzt hér áður. Ég man það, að á þingi 1925 var Þjóðverja einum veittur íslenzkum ríkisborgararéttur með sömu skilyrðum og hér ræðir um, einmitt vegna þess, að í Þýzkalandi mun það vera regla, að enginn geti leyst sig undan því að vera þýzkur þegn, nema hann sanni, að hann hafi ríkisborgararétt annarsstaðar.

N. hefir ekki lagt til, að öllum þeim mönnum skyldi veitast ríkisborgararéttur, sem um það sóttu, vegna þess að þau skjöl fylgdu ekki, sem nauðsynleg þóttu, og auk þess hafði a. m. k. einn þeirra þegið fátækrastyrk, og þar sem það er ein af afleiðingum ríkisborgararéttarins, að alin verði önn fyrir þeim, sem réttinn fær, og fjölskyldu hans, ef með þarf, þá þótti ekki rétt að taka hann með nú, og ekki fyrr en séð yrði, hvernig hann kemst af framvegis.

Haraldur Guðmundsson: Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm. n., hvort með því að hafa nú veitingu ríkisborgararéttarins skilorðsbundna sé verið að taka það upp sem nýja reglu. Ég man ekki til þess, að á þeim þingum, sem ég hefi verið á, hafi þetta skilyrði verið sett, og mér er eigi kunnugt um, hvort þessi maður, Johan Martin Pettersen Hestnæs, hefir í höndum skilríki fyrir því, að hann sé ekki ríkisborgari í öðru landi.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Ég tók það fram í ræðu minni, sem hv. þm. Ísaf. var að spyrja um. Sú aðferð, sem hér er stungið upp á að viðhafa, hefir verið viðhöfð áður. Ef hv. þm. flettir upp þingtíðindunum frá 1925, þá sér hann, að þá var Þjóðverja einum veittur ríkisborgararéttur með þessu skilyrði. Það hefir verið siður og á þannig að vera, að menn fái ekki ríkisborgararétt fyrr en víst er, að þeir eru lausir við hann þar, sem þeir eru fæddir. (HG: Ekki mun þetta skilyrði hafa verið sett á þingi í fyrra). En ætli þá hafi ekki legið fyrir yfirlýsing um, að þeir, sem þá öðluðust ríkisborgararétt, hafi gert ráðstafanir til að leysa sig undan honum annarsstaðar? Aðferðina frá 1925 er hyggilegt að taka upp sem reglu. Það getur ekki heldur kostað menn mikla fyrirhöfn að útvega slíka yfirlýsingu.

ATKVGR.

Brtt. 272 (ný frvgr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 292).

Jón Auðunn Jónsson: Ég á brtt. við þetta frv. um að veita einum manni til ríkisborgararétt. En till. hefir enn ekki verið útbýtt; er ekki komin úr prentun. Ég vildi mælast til þess, að forseti vildi fresta umr. þangað til seinna.

Forseti (JörB): Ég mun verða við tilmælum hv. þm. (JAJ) að fresta málinu um stund.

Síðar á sama fundi var frv. tekið til meðferðar.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 303. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Jón Auðunn Jónsson: Mér barst hingað suður með síðasta pósti frá Ísafirði beiðni frá hr. Gunnari Axelson verzlunarstjóra á Ísafirði, um að honum verði veittur ríkisborgararéttur hér á landi. Ég hefi borið þessa beiðni undir hv. allshn. og hefi nú fengið samþykki allra nm. um hana. Brtt. fer fram á hin sömu réttindi fyrir þennan mann og aðra, sem nefndir eru í frv. um ríkisborgararétt. Þessi maður er fæddur í Noregi og fluttist hingað í ársbyrjun 1925. Hann er giftur íslenzkri konu, kann og skilur íslenzka tungu. Með umsókninni fylgir vottorð um, að hann hafi eigi þegið af

sveit, sé áreiðanlegur maður og vandaður. Vænti ég þess, að hv. d. sjái sér fært, þar sem allshn. hefir fallizt á að taka hann með í frv., að samþykkja, að hann fái umbeðin réttindi.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Ég vil aðeins taka það fram, að það er rétt, sem hv. þm. N.-Ísf. segir, að allshn. hefir fallizt á að mæla með því, að þessi maður fái umbeðin réttindi.

ATKVGR.
Brtt. 303 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., 31. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 311).

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Frv. var sett á dagskrá 46. fundar deildarinnar, er halda skyldi 14. apríl kl. 5 síðd., til 2. umr. (A. 311, n. 376). En sá fundur féll niður, með því að þing var rofið á fundi í Sþ. s. d.

---

49. Jöfnunarsjóður ríkisins.

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um jöfnunarsjóð ríkisins (þmfrv., A. 90).

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Þetta frv. kom fyrir síðasta þing og var þá flutt af sömu mönnum og nú. Frv. fékk góðar viðtökur þá, og hins sama vænti ég einnig nú, en frv. kom svo seint fram á síðasta þingi, að það varð eigi afgr. þá. Tilgangur frv. er tvennskonar: að stofna til atvinnubóta fyrir þjóðina, þegar skortur er á atvinnu, og að varðveita tekjuafgang ríkissjóðs á góðu árunum þar til lakar árar. Enginn neitar því, að það er mikil nauðsyn til þess, að hið opinbera geti veitt atvinnulausum mönnum vinnu á krepputímum, og því hefir heldur ekki verið neitað, að t. d. bæjarstjórnum og ríkisstj. beri skylda til að bæta úr atvinnuleysi eftir föngum.

En hvernig erum við staddir í þessum efnum nú? Þrátt fyrir viðskiptakreppuna og atvinnuleysið er það harla lítið, sem hið opinbera gerir til þess að bæta úr atvinnuþörfinni. Hér í Rvík, þar sem ástandið er einna verst, lætur ríkisstj. sama og ekkert vinna að nauðsynlegum framkvæmdum fyrir ríkið. Og af bæjarstjórninni er sömu sögu að segja. Þó er nóg til að láta vinna, gnægð óleystra aðkallandi verkefna, en allt strandar á féleysi, segja þeir, sem ráða. Það virðist svo, að ekki sé allt með felldu með slíka fjárhagsútkomu hjá ríkissjóði eftir þau fjáraflaár, sem verið hafa undanfarið, að nú skuli engir peningar vera fyrir hendi til að láta vinna fyrir, þótt tekjurnar hafi farið langt fram úr áætlun nú í fleiri ár.

Með frv. um jöfnunarsjóð leggjum við til, að nokkur hluti af tekjuafgangi góðu áranna skuli jafnan lagður í sjóð, er notaður sé til atvinnubóta og opinberra framkvæmda þegar atvinnuleysi sverfur að á krepputímum. Með því eru slegnar tvær flugur í einu höggi, nauðsynlegum framkvæmdum komið fram og dregið úr böli atvinnuleysisins.

Það munu allir viðurkenna, að þegar nóg er um atvinnu, sé minnst þörf á því, að ríkissjóður veiti vinnu. Hitt virðist skynsamlegt, að ríkissjóður veiti mesta atvinnu einmitt þegar lítið er um vinnu hjá öðrum vinnukaupendum. En það er afarlangt frá því, að þeirri reglu hafi verið fylgt undanfarið, sem kunnugt er. Er því full nauðsyn á að sýna þingviljann í þessu efni með lögum, er kveði skýrt á um þessi

efni. Ef fylgt hefði verið ákvæðum frv. um jöfnunarsjóð undanfarin 5 ár, hefði átt að vera lagt til hliðar af tekjum ríkissjóðs fram yfir áætlun á þessum árum yfir 4 millj. króna, sem hægt hefði verið að verja til atvinnubóta nú, þegar kreppan er skollin á.

Í einu stjórnarblaðanna hefir sézt hótun um það, að leggja niður á næsta ári allar verklegar framkvæmdir fyrir ríkið, en þess hefði ekki þurft, ef lög slík sem þessi hefðu verið til og þeim framfylgt. — Fjölyrði ég svo ekki frekar að sinni, en legg til, að málinu verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

50. Sveitargjöld.

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um sveitargjöld (þmfrv., A. 91).

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Stefánsson): Grg. fyrir þessu frv. er allítarleg, og má af henni sjá bæði hinar almennu ástæður fyrir málinu og hinar sérstöku ástæður fyrir einstökum atriðum þess. Sömuleiðis segir í grg. frá því, hvernig á frv. stendur. Er það svo til komið, að við starf mitt í mþn. í tolla- og skattamálum varð mér enn ljósara en áður, hversu brýn þörf væri á að koma betra skipulagi á sveitargjöldin og ákveða sveitarfélögunum nokkra fasta tekjustofna. Meðnm. mínir í n. gátu ekki fallizt á till. mínar og eiga því engan hlut í samningu frv. með mér. Vil ég taka þetta fram, til þess að koma í veg fyrir misskilning.

Aðalatriði þessa frv. eru tvö. Er hið fyrra það, að sveitarfélögum eru með frv. áskildir að nokkru fastir tekjustofnar fram yfir það, sem nú er að l. Síðara atriðið er það, að settar eru reglur um niðurjöfnun útsvaranna. Vil ég þó jafnframt geta þess, að auk þessara tveggja atriða er vikið að þriðja atriðinu í grg. fyrir frv., og er það atriði í sjálfu sér ekki minnst virði, þó að ég hinsvegar hafi ekki gert neinar till. um það. Þetta atriði víkur að því, hversu gjöld til sveitarþarfa leggjast misþungt á gjaldendur, eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu, en till. um rétting á því eiga ekki heima í þessu frv.

Þó að allítarleg grein sé gerð fyrir þessum atriðum í nál. mínu, sem frv. fylgir, vil ég þó víkja nánar að þeim, og þá fyrst því atriðinu, að sveitarfélögum sé séð fyrir nokkrum föstum tekjustofnum fram yfir það, sem þau nú hafa. Ég tel þessa hina brýnustu þörf. Öllum er það kunnugt, jafnt þm. sem almenningi, að útgjöld sveitarfélaga yfirleitt fara vaxandi með hverju ári. Liggja aðallega 3 ástæður til þessa.

Fyrsta ástæðan er hinn vaxandi framfarahugur, sem leiðir til meiri framkvæmda og þar af leiðandi aukinna fjárframlaga. Er auðvitað ekki nema gott eitt um þessa ástæðuna að segja í sjálfu sér.

Önnur ástæðan er sú, að Alþingi hefir undanfarið lagt ýmsar skyldur sveitarfélögunum á herðar, sem leiða yfir þau aukin útgjöld. Má í því sambandi minna á það, að sveitarfélögunum er gert að bera kostnaðinn af heilbrigðis- og fræðslumálum að sínu leyti.

Þriðja orsökin til þessa eru ýms atvik, sem sveitarfélögum eru ósjálfráð, svo sem vaxandi útgjöld til fátækramála. Þykir mér rétt að geta þess þegar í þessu sambandi, að þessi útgjöld falla mjög misjafnlega þungt á hin ýmsu framfærsluhéruð, beinlínis vegna þess skipulags, sem lögákveðið er á þessum málum.

Eins og nú stendur munu útgjöld allra sveitarfélaga á landinu nema nál. ⅓ á móts við útgjöld ríkisins sjálfs, og þessi útgjöld sveitarfélaganna fara vaxandi með ári hverju. Þar sem nú ríkið sjálft, þ. e. löggjafarvaldið, á nokkurn þátt í þessu, eins og ég drap á áðan, væri ekki nema eðlilegt, að það sæi sveitar-

félögunum fyrir auknum tekjustofnum til að standast þessar auknu og vaxandi álögur. En það er öðru nær en að svo hafi verið gert. Þvert á móti hefir ríkið, þ. e. löggjafarvaldið, jafnframt því, sem það hefir lagt aukin útgjöld á herðar sveitarfélaganna, svipt þau tekjustofnum, t. d. tíundinni. Auk þess vil ég í þessu sambandi sérstaklega benda á lög um tekju- og eignarskatt frá árinu 1921, þar sem mjög var gengið á þann nær eina tekjustofn sveitarfélaganna, sem þeim allt þangað til var að mestu leyti eftirskilinn. Ég á þar við tekjur og eignir, öðru nafni efni og ástæður, því að þau höfðu þann stofn nálega óskertan áður.

Hv. þdm. munu kannast við það, að enn þykir ýmsum ekki nóg gengið á þennan aðaltekjustofn sveitarfélaganna. Á ég þar við till. hv. þm. Ísaf., sem fara í þá átt að hækka tekju- og eignarskattinn til ríkissjóðs allverulega. Yrði með því gengið enn nær sveitarfélögunum en nú er gert, því að hér er um að ræða aðaltekjustofn þeirra.

Það er því ekki einungis nauðsynlegt sveitarfélaganna vegna, heldur réttlætismál og bein skylda ríkisins, að sveitarfélögunum sé séð fyrir föstum tekjustofnum fram yfir það, er þau nú hafa. Aðalúrræðið að þessu leyti, sem ég hefi komið auga á, er það, að fasteignir verði gerðar að tekjustofni fyrir sveitarfélögin almennt, þannig að þau fái jafnmiklar tekjur af þessum stofni sem ríkið sjálft. Till. mínar í frv. að þessu leyti þýða þá í raun og veru það, að fasteignaskatturinn sé tvöfaldaður og falli að helmingi til ríkissjóðs og viðkomandi sveitarsjóða. Nokkur sveitarfélög hafa nú þegar tekjur af þessum stofni, en ákvæðin eru mismunandi í hinum ýmsu sveitarfélögum, hvað skatthæðina snertir. En það tel ég með öllu óhæft, að misjafnlega þungur skattur sé lagður á menn eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu.

Þá er annað úrræðið, það, að láta hin ýmsu útgjöld bera sig sjálf — þ. e., að þeir, sem útgjöldin eru stofnuð fyrir, beri þau uppi með því að greiða tilsvarandi gjöld. Þetta er að vísu gert að nokkru leyti nú, en frv. gengur lengra í þessu efni.

Hitt aðalatriði frv. er það, að setja fastar reglur um það, hversu útsvör skuli á lögð, og tillögurnar eru þær, að það skuli vera gert eftir sömu reglum og hluti ríkissjóðs af þessum sama stofni er heimtur.

Að vísu er ekki hægt að tala um fast hlutfall á milli hluta ríkissjóðs annarsvegar og sveitarfélaga hinsvegar, því að hlutföllin breytast nokkuð frá ári til árs. Tekju- og eignarskatturinn sjálfur er nokkuð mismunandi frá ári til árs, og útsvör einnig, en láta mun nærri að meðaltali, að $^3/_4$ gjalda af þessum skattstofnum, tekjum og eignum landsmanna, falli til sveitarfélaga, en $^1/_4$ til ríkissjóðs.

Það leiðir af sjálfu sér, að úr því að nauðsynlegt þykir að setja svo fastar reglur um $^1/_4$ af þessum gjöldum landsmanna, þ. e. þann hlutann, er til ríkissjóðs fellur, þá muni ekki síður þörf á að setja reglur um hina $^3/_4$ hlutana.

Hingað til hefir engum föstum reglum verið hægt að fylgja um niðurjöfnun útsvara, heldur aðeins svo ákveðið með almennum orðum, að þeim skuli jafnað niður eftir efnum og ástæðum af tilkjörnum nefndum eftir mati þeirra á efnum og ástæðum manna. Ég vil ekki segja, að þessar óákveðnu reglur hafi verið svo mjög óréttmætar, þegar þær voru ákveðnar í upphafi, á meðan þessi gjöld voru lítil. En eftir að þessi gjöld eru komin upp í 3—4 millj. kr. á ári, sýnist óhæfilegt að taka þau svo af handahófi sem nú er gert. Till. frv. til umbóta í þessu efni eru þær, að lögfesta skuli, að útsvör skuli heimt eftir sömu reglum og ákveðið er um hluta ríkissjóðs. Reglurnar um álagning tekju- og eignarskattsins eru settar eftir vandlega athugun og hafa ítrekað verið endurskoðaðar. Þar hafa menn lagt saman um að finna sem réttlátastar reglur fyrir hluta ríkissjóðs af þessum skattstofni. Ættu þær reglur líka að geta verið sá réttlátasti grundvöllur fyrir álagningu útsvaranna.

En með því að útsvör eru mjög misjafnlega há í hinum ýmsu héruðum, þá hrekkur tvöfaldur tekju- og eignarskattur ekki — ásamt hinum föstu tekjustofnum — til að bera uppi útgjöldin að öllu, nema aðeins í tveimur sveitarfélögum, sem léttastar hafa byrðarnar í hlutfalli við tekjur og eignir, Reykjavík og Akur-

eyri. Þá er og stungið upp á öðrum dálitið frábrugðnum reglum til að ná því inn, sem á vantar. Má ef til vill segja, að þær reglur séu ekki jafnréttlátar, en það stafar af því, hve hár þessi skattur, útsvörin, er orðinn í hlutfalli við gjaldþol almennins, svo að vart er hægt að koma skipulegum reglum við. En það sýnir þá kannske ljósara en flest annað, hversu gífurlega þungt er lagt á þennan gjaldstofn hér á landi í raun og veru, þó að það hafi verið mörgum dulið til þessa og álitið, að tekju- og eignarskattur til ríkissjóðs væru þau einu gjöld, sem hvíla á þessum stofni. Ég vil heldur ekki segja, að ekki kunni að vera unnt að finna betri leiðir en ég hefi hér bent á.

Þá kem ég að þriðja atriðinu, sem er það, hve misþungt þessi gjöld falla á í hinum ýmsu héruðum. Ég hefi áður reynt að vekja athygli þingsins á þessu, en ekki fengið áheyrn. Ég vil enn vekja athygli á þessu, ef það kynni að geta orðið til þess, að menn færu að gefa þessu atriði meiri gaum og yrðu fúsari til leiðréttingar á þessu misrétti.

Eins og ég hefi þegar sagt og rakið er allítarlega í grg. frv., eru útsvör og tekju- og eignarskattur sami skatturinn. Hvort tveggja hvílir á sama stofninum, tekjum og eignum landsmanna. Hér er aðeins um tvö nöfn að ræða á sama skattinum. Tekju- og eignarskatturinn fellur til ríkisins, en útsvörin til sveitar- og bæjarfélaga. Þegar skatthluti ríkissjóðs hefir verið reiknaður út eftir þeim reglum, sem þar um eru settar, er það mat á því, hversu meta skuli þennan skattstofn til tekna. Þar með er fundin eining, sem hægt er að miða við. Fyrir þessu er gerð nánari grein í grg., og vísa ég til hennar.

Til sönnunar því, hve misþungt útsvörin leggjast á gjaldþol manna í hinum einstöku héruðum, hefi ég gert skrá þá, er fylgir grg. frv.

Það mundi taka of langan tíma, ef ég færi að lesa þessa skýrslu alla, en af því að ég tel rétt, að niðurstöður þessarar skýrslu sjáist einnig í umræðuparti Alþt., hefi ég samið útdrátt, sem ég vil leyfa mér að lesa upp. Skýrslan er þó eigi svo ítarleg, að hún sýni útsvarsþungann í einstökum hreppum, heldur aðeins meðaltal, innan hverrar sýslu. Ég hefi áður hér á Alþingi sýnt mismuninn á milli einstakra hreppa. (BSt.: Munurinn verður enn meiri, þegar hrepparnir eru bornir saman). Já, það er rétt.

Ég hefi áður gert grein fyrir því, hvernig ég legg tekju- og eignarskattinn til grundvallar sem einingu fyrir gjaldþolinu. Fyrir hverjar 100 kr. í tekju- og eignarskatt eru goldnar í útsvör:

Í Rvík	kr.	230
Á Akureyri	—	236
— Seyðisf.	—	538
Í Hafnarf.	—	630
Á Sigluf.	—	745
Á Ísaf.	—	856
Í Vestmannaeyjum	—	1571
Í Kjósarsýslu (meðaltal)	—	523
- Skagafj.sýslu	—	838
- Húnavatnss.	—	996
- Suður-Múlas.	—	957
- Borgarfj.s.	—	1117
- Vestur-Skaftafellss.	—	1114
- Eyjafjarðarsýslu	—	1153
- Mýrasýslu	—	1357
- Þingeyjarsýslum	—	1377
- Gullbringusýslu	—	1388
- Rangárvallas.	—	1390
- Austur-Skaftafellss.	—	1400
- N.-Múlasýslu	—	1454
- Strandasýslu	—	1525
- Árnessýslu	—	1588
- Dalasýslu	—	1640
- Barðastrandas.	—	1800
- Ísafjarðars.	—	2067
- Snæfellsnes- og Hnappadalss.	—	3133

Þessi útdráttur sýnir, að útsvörin eru tiltölulega langlægst í Reykjavík og Akureyri af kaupstöðunum, en í Kjósarsýslu af sýslunum.

Samhliða því, sem ég hefi viljað sýna, hve misjafnt er lagt á gjaldþol héraðanna með útsvörunum, hefi ég viljað sýna, hver er höfuðástæðan til þess, og það er hin mismunandi þunga fátækraframfærsla. Að vísu stafa misþungar álögur líka á stundum af mismiklum framkvæmdum til umbóta. Svo mun t. d. vera í Vestmannaeyjum, þar sem bærinn hefir lagt í hafnargerð og aðrar framkvæmdir. En ef kaupstaðir og sýslur eru teknar á sama hátt og áður og athugað, hve þung fátækraframfærslan verður, miðað við hverjar 100 kr. í gjaldþolinu. verður útkoman þessi:

Sveitargjöld.

Akureyri	kr.	50
Rvík	—	91
Vestmannaeyjar	—	168
Siglufjörður	—	171
Seyðisfjörður	—	206
Hafnarfjörður	—	261
Ísafjörður	—	410
Kjósarsýsla	—	218
Húnavatnss.	—	278
Skagafjarðarsýsla	—	281
Vestur-Skaftafellss.	—	329
Austur-Skaftafellss.	—	350
Suður-Múlasýsla	—	375
Mýrasýsla	—	429
Eyjafjarðarsýsla	—	458
Þingeyjars.	—	459
Borgarfjarðarsýsla	—	508
Barðastrandasýsla	—	555
Rangárvallasýsla	—	560
Norður-Múlasýsla	—	591
Árnessýsla	—	635
Dalasýsla	—	640
Ísafjarðarsýsla	—	767
Strandasýsla	—	925
Gullbringusýsla	—	1069
Snæfells- og Hnappadalss.	—	1167

Þessi útdráttur sýnir, að fátækraframfærslan er tiltölulega langlægst á Akureyri, þá í Rvík, Vestm.eyjum, Sigluf., Seyðisf., en af sýslunum einnig í Kjósarsýslu o. s. frv.

Í síðasta dálki skýrslunnar hefi ég með hlutfallstölum borið saman gjaldþol hinna einstöku héraða. En um það vísa ég til skýrslunnar, til að þreyta ekki hv. þdm. með fleiri tölum.

Ég hefi með frv. og grg. þess haft þann aukatilgang, að vekja athygli á því, hversu þessum málum er komið, til að reyna að fá þingið til að gefa þeim meiri gaum og reyna að vekja vilja þingsins til að ráða bót á þeim. — Legg ég til, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til allshn.

Magnús Guðmundsson: Ég bjóst við, að hv. flm. myndi leggja til, að málið færi til fjhn. Annars hefði ég sennilega ekki kvatt mér hljóðs.

Það er rétt hjá hv. flm., að þetta mál var borið upp í mþn. í skattamálum. Við nm. gátum ekki orðið sammála um það og klofnuðum í þrjá hluta. Þarf því hv. þm. Ísaf. ekki að vera eins afbrýðissamur út af sambandi okkar, míns og hv. flm., og hann virtist vera um daginn út af frv. um tekju- og eignarskatt. En útlit er fyrir, að stj. hafi ekki viljað fylgja hv. flm. að málum, úr því að hún tók ekki að sér að flytja frv. Hv. flm. sagði, að útsvörin næmu einum þriðja af gjöldum ríkissjóðs. Nú munu útsvörin venjulega nema um 4 millj. Eftir þessu getur ekki verið miðað við árið 1930, því að þá fóru gjöldin langt fram úr 12 millj., eins og kunnugt er.

Aðalatriðið í frv. hv. flm. er tilraun hans til að losna við niðurjöfnun „eftir efnum og ástæðum". Ég skal játa, að sú aðferð hefir sína galla, þar sem margir gjaldendur eru. Í Rvík er hún t. d. heldur gróf mælikvarði. En í sveitum, þar sem fámennt er og hver þekkir annan, ætla ég, að engan mælikvarða sé hægt að finna betri. Ég hefði getað fylgt hv. flm. í því, að taka tekju- og eignarskattinn einfaldan til sveita og bæja eftir sömu reglum og til ríkissjóðs og jafna svo hinu niður eftir efnum og ástæðum. En ég get ekki verið meðmæltur svo stóru stökki sem lagt er til í frv. Eftir því á að taka tekju- og eignarskattinn tvöfaldan til bæjar- og sveitarfélaga, en eftir 5. gr. má þó hækka þennan tekjustofn um 50%. Þetta leiðir til þess, að útsvörin geta orðið tekju- og eignarskatturinn þrefaldur. Og þar af leiðir það, að ég fæ ekki betur séð en allar tekjur þeirra manna, sem hátekjumenn gætu kallazt, færi í greiðslur tekju- og eignarskattsins. (**HJ:** Og hrökkva ekki til). Það er alveg rétt hjá hv. þm., þær hrökkva ekki til. Ég veit, að hv. flm. er kunnugt um þetta og að hann svarar, að svona mikið verði hvort sem er að greiðast, annars geti hreppar nir ekki staðizt útgjöld sín. Mér finnst eðlilegast, að útsvörin séu greidd eftir því sem þarfir sveita og bæja verða á hverjum stað og tíma. Held ég, eins og ég áður hefi tekið fram, að heppilegast sé að jafna niður gjöldunum eftir efnum og ástæðum, og er ekki í minnsta vafa um, að það verður farsælast. Þó skal ég geta þess, að ég er honum sammála um tekju- og eignarskattinn að vissu leyti. (**HStef:** Þeir hvíla á sama stofni). Þeir hvíla á sama stofni, en þó ekki að öllu leyti.

Hinsvegar er mér mjög illa við þá ráð-

stöfun, að afnema þau lög, sem nú eru um sýsluvegasjóði, því að það er öllum vitanlegt, að margar og miklar framkvæmdir hafa verið gerðar í skjóli þessara laga, sem gott hafa haft í för með sér fyrir sveitarfélögin. Og ég fyrir mitt leyti er þess fullviss, að sýslufélögin eru fúsari að gera ýmsar framkvæmdir, ef þau fá sjálf að ráða, hvernig þeim skuli hagað. Ég hefi orðið var við allmikinn ugg í bændum upp á síðkastið við það, ef skattmatið hækkaði, og er ég viss um það, að þeim þætti það slæm sending að fá fasteignaskattinn tvöfaldaðan. Og svo þetta sérstaka gjald, 1% af brúttotekjum umfram 800 kr. fyrir hvern mann, er gjaldandi hefir fram að færa. Mér er ekki alveg ljóst, hvað er skilið við þetta. Sennilega er átt við allar tekjur manna án tillits til gjalda til að afla þeirra.

Hv. flm. eyddi nokkrum tíma ræðu sinnar í það að sýna, hvað útsvörin kæmu ójafnt niður, en með þessu frv. verður engin breyt. á því. Sú eina breyt., sem á þessu gæti bót ráðið, er sennilega sú, að gera allt landið eitt framfærsluhérað, að ríkissjóður taki að sér öll gjöld héraðanna og allar tekjur þeirra renni svo til ríkissjóðs.

Af ástæðum þeim, sem ég hefi hér nefnt, get ég ekki fylgt þessu frv.

Sigurður Eggerz: Ég býst við, að þessu frv. verði vísað til fjhn. að umr. loknum. Þar hefi ég tækifæri til þess að gera aths. við frv., en þó langar mig til þess að beina einni lítilli fyrirspurn til hv. flm., út af því, sem hann sagði um 2. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að tekju- og eignarskattur verði tvöfalt hærri Fyrirspurnin kemur fram í nafni hins skulduga manns. Vil ég nú taka dæmi um mann, sem skuldar 20 þús. kr. og hefir 20 þús. kr. í tekjur, og svo annað af manni, sem á 20 þús. kr. eignir og 20 þús. kr. tekjur. Er þá í þessu tilfelli maðurinn, sem skuldar, hinu herfilegasta ranglæti beittur, þar sem hann fær nærri eins mikinn tekjuskatt og sá, sem eignirnar á.

Þegar jafnað er niður eftir efnum og ástæðum er þó hægt að taka tillit til hinnar mismunandi eignaraðstöðu. En ranglætið í garð hinna skuldugu manna í þessu tilfelli margfaldast, þegar tekjuskatturinn einnig er gerður að tekjustofni sveitarfélaganna.

Hannes Jónsson: Hv. 1. þm. Skagf. er búinn að taka flest það fram, sem mér fannst athugavert við þetta frv. Þó vil ég árétta nokkuð það, sem hann sagði. Þessi skattur gengur út yfir nálega allar tekjur, ef farið er upp í hámark áður en farið er að leggja á eftir 3. og 4. gr. útsvarslaganna, og getur þá vel farið svo, að opinber gjöld verði miklu hærri en allar tekjurnar, og sýnir það bezt, hve óréttmætur gjaldstofn tekjurnar eru, og sýnir það ennfremur nauðsyn þess, að aðrir gjaldstofnar séu lagðir til grundvallar.

Haraldur Guðmundsson: Ég er þeirrar skoðunar, að þess sé vart að vænta, að betra fyrirkomulag fáist en það, sem nú er samkv. gildandi útsvarslögum, ef lögum um tekju- og eignarskatt verður þá jafnframt breytt og þau löguð í þá átt, sem gert er ráð fyrir í frv. mínu um tekju- og eignarskatt, sem nú liggur fyrir fjhn. Ég tel, að þar sem ríki og félög nota sömu skattstofna, sé langeðlilegast, að skatturinn sé á lagður og innheimtur í einu fyrir báða aðila og síðan skipt á milli þeirra, eins og gert er ráð fyrir í frv. mínu. En frv. það, sem hér liggur fyrir, er svo meingallað og, að ég hygg, vanhugsað, að ógerlegt er að samþ. það. Ég gerði dálítinn útreikning að gamni mínu, til þess að geta gefið hv. d. ofurlitla hugmynd um, hvað leiða myndi af samþykkt frv. í tveim tilfellum. Skal ég þá fyrst taka dæmi af manni eða félagi, sem á 500 þús. kr. eignir og hefir í tekjur 100 þús. kr., og er ég hv. flm. meira en sammála um það, að einmitt á slíka gjaldendur eigi að leggja mjög háa skatta bæði til ríkis og sveitar eða bæjarfélaga.

Hvað vill nú hv. flm. leggja á þennan gjaldanda?

Fyrst ber honum að greiða í ríkissjóð tekju- og eignarskatt ..	kr.	23100.00
Því næst tvöfalda þessa upphæð til sveitar eða bæjar	—	46200.00
Ennfremur til sömu sjóða tekju- og eignargjald a. m. k.	—	7800.00

og e. t. v. margfalt hærra, og loks, ef þetta ekki hrekkur, þá 50% viðauka við tvær síðustu upphæðirnar ..... — 27000.00

Eða samtals kr. 104100.00 — eitt hundrað og fjögur þúsund og eitt hundrað krónur í skatt af 100 þús. kr. tekjum. En það er 4100 krónum meira en allar tekjurnar.

Sem skattafrv. er því frv. þetta fjarstæða. Að ætla að taka meiri skatt af tekjunum en öllum tekjunum nemur, nær vitaskuld engri átt, og það alveg eins, þótt um háar tekjur sé að ræða. Þá er hitt miklu sjálfsagðara og eðlilegra, að breyta þjóðfélaginu í það horf, að engir geti haft aðstöðu til þess að afla sér slíkra tekna, t. d. með þjóðnýtingu allrar meiri háttar framleiðslu og með hreinu eignarnámi. — Annars skal ég ekki fara lengra út í þá sálma nú.

Þá ætla ég að taka annað dæmi. Maður, sem hefir 50 þús. kr. tekjur og 250 þús. kr. eignir, verður að greiða í skatt samkv. frv. alls 42000 kr. Látum það vera út af fyrir sig. Hann á 8 þús. eftir. En hvaða samræmi er í því, að láta mann með 50 þús. kr. tekjur fá að halda 8 þús. af þeim, þegar annar með 100 þús. kr. tekjur fær engum eyri að halda, en verður að greiða 4100 kr. meira í skatt en öllum tekjunum nemur? Ég skal ekki þreyta hv. þdm. á fleiri eða nákvæmari útreikningum.

Hvernig á því stendur, að hv. flm. ber fram slíkan vanskapnað, þori ég ekki að fullyrða neitt um. En mér er nær að halda, að hann hafi komið auga á þá staðreynd, að útsvör og eignar- og tekjuskattur nema samtals h. u. b. ferfaldri upphæð tekju- og eignarskatts, og hafi svo af því dregið þá fáránlegu ályktun, að bezta leiðin til þess að taka þessa upphæð í einu lagi væri sú, að ferfalda skattstigann, sem nú gildir. Ef svo er, þá var ekki við betra að búast. Hæsta þrep tekjuskattstigans er 26%. Sé það ferfaldað kemur út 104 kr. skattur af hverjum 100 kr., eins og í frv. Skal ég svo ekki segja fleira um þetta frv. að svo stöddu, en vil aðeins mælast til, að sú n., sem fær málið til meðferðar, athugi, hvort henni finnst eigi full ástæða til þess að nota þessa skattstofna meira en nú er gert og af meira viti en frv. gerir ráð fyrir, og ef svo er, hvort henni finnist ekki réttari sú leið, er ég benti á í frv. mínu um tekju- og eignarskatt.

Sveinn Ólafsson: Ég get verið hv. flm. frv. þakklátur fyrir það, að hafa með því gert tilraun til að finna fastan tekjustofn fyrir sveitarsjóðina. Ég hefi oft til þess fundið við niðurjöfnun útsvara, hve óheppilegt það er, að sveitarsjóðirnir skuli engan fastan tekjustofn hafa. Einkum er þetta þó tilfinnanlegt síðan fátækratíundin var úr lögum numin. En þótt ég lýsi almennri ánægju yfir því, að tilraun sé gerð til að bæta úr þessu, þá verð ég þó að geta þess, að ég felli mig ekki við öll ákvæði þessa frv. Og ég get tekið undir það með hv. 1. þm. Skagf., að aukaútsvörin séu réttlátlegust, ef trygging fengist fyrir því, að sanngjarnlega væri lagt á gjaldendurna. Ef aukaútsvörin eiga að falla niður með öllu og fastur skattur að koma í þeirra stað, þá gæti svo farið, að skattgjaldið yrði miklu þyngra á þeim, sem miður eru færir til að bera þungar byrðar, en ella mundi, ef jafnað væri niður eftir „efnum og ástæðum". Ég fyrir mitt leyti tel æskilegast, að talsverður hluti af útsvörunum fengist með föstum tekjustofni, en þó ekki framar en svo, að nokkuð vítt svigrúm væri eftir fyrir niðurjöfnun, til þess að fá réttlát hlutföll eftir getu gjaldenda, svo sem kunnugum væri fært að meta. — Ég skal geta þess, að mér er kunnugt um það, að í nokkrum sveitarfélögum er farið að beita þeirri aðferð, að nokkur hluti útsvaranna er tekinn eftir skattskrá; þó mun það einungis vera tiltölulega lítill hluti. Mætti sjálfsagt nota þá aðferð meira en gert hefir verið, en þó ekki eins mikið og ráð er fyrir gert í þessu frv. Mér finnst ákvæðið um tvöfaldan tekju- og eignarskatt viðsjárvert. Ef ég hefði verið flm. þessa frv., þá hefði ég ekki lagt til, að hann væri ákveðinn meira en einfaldur og teldi þó nógu djúpt tekið í árinni. Svipað er að segja um fasteignaskattinn, þó ég telji reyndar, að þar sé ekki eins hátt skotið yfir markið. Ég vildi skjóta þessum

aths. fram, áður en frv. fer til n. Ég held, að réttara væri að vísa því til allshn. en til fjhn. Mér finnst, að eftir eðli sínu eigi það frekar þar heima. — Því var líka skotið að mér núna samstundis, að útsvarslögin hefðu á sínum tíma verið hjá allshn., en þetta mál er þeim alveg hliðstætt og á því að fara til allshn.

Bernharð Stefánsson: Mér finnst langþýðingarmesta atriðið af þeim, sem hv. flm. nefndi í ræðu sinni, það, hve misjöfn útsvörin eru í sveitum landsins. Að þessu er líka nokkuð vikið í grg. frv. En ég sakna þess mjög, að engin till. er í frv. um að bæta úr því misrétti. Ég vildi því skora á hv. flm. að gera till. um þetta, jafnframt því, sem ég vil skora á þá n., sem fær frv. til meðferðar, að athuga það gaumgæfilega og einnig að taka þessa hlið til athugunar.

Það hefir komið fram í umr., að eina leiðin til að jafna þetta misrétti væri sú, að gera allt landið að einu framfærsluumdæmi, eða jafnvel að öll gjöld til fátækraframfæris rynnu í ríkissjóð, og hann stæði síðan straum af öllu fátækraframfæri. Ef þetta væri eina leiðin, þá er vitanlega ekki hægt að koma því fyrir í þessu frv. En ég held, að nokkuð mætti vinna í þessa átt og fella ákvæði í þetta frv., sem jöfnuðu nokkuð mismuninn. Ég gæti hugsað mér fyrirkomulagið eitthvað á þann hátt, að því meiri sem sveitarþyngslin væru á einum stað, þeim mun meiri hluti af tekju- og eignarskattinum gengi til sveitarþarfa, en minna þá í ríkissjóð. En meira þá til ríkissjóðs þaðan, sem lítil sveitarþyngsli væru. Ég get jafnvel hugsað mér, að þar sem sveitarþyngslin eru mest, gengi allur skatturinn til sveitarsjóðsins.

Einn hv. þm. sagði, að eftir þessu frv. gæti vel svo farið, að gjaldþegn yrði að greiða 104 af hundraði af tekjum sínum í skatta. Þetta er eflaust rétt. En ég get sannað það, að það hefir komið fyrir úti um land, að menn verði að greiða hærra útsvar heldur en afgangi tekna nemur, þegar frá hefir verið dregið það, sem skattfrjálst er til tekjuskatts. Ég hygg, að menn gjaldi þannig oft ekki einungis 104 af hundraði, heldur mörg 100 af hundraði. (MG: Af hverju lifa þeir menn?). Af skattfrjálsum tekjum. Skattskýrslurnar sína, að ég fer hér með rétt mál. Það er áreiðanlegt, að misréttið milli sveitarfélaganna er mjög mikið og fer versnandi með ári hverju. Og ég tel, að þingið geti ekki öllu lengur hliðrað sér hjá því að finna upp eitthvað, sem úr því dregur. Vil ég því endurtaka áskorun mína til hv. flm. og n., að ganga ekki fram hjá þessari hlið málsins við meðferð frv.

Ólafur Thors: Það hefir komið fram till. um, að frv. þessu verði vísað til allshn. Ég hefði þó talið réttara, að því væri vísað til fjhn., og hefði þá sparað mér ræðu. En þar sem ég get búizt við, að því verði vísað til allshn., þá vil ég ekki láta hjá líða að gefa nokkrar bendingar nú þegar.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að eftir frv. yrði maður, sem ætti 500 þús. kr. eign og hefði 100 þús. kr. í tekjur, að greiða í skatta 104 þús. kr. — Ég er nú að vísu sammála um, að skattleggja bæri slíkan mann nokkuð hátt. En hér væri þó óneitanlega of langt gengið, að mínu áliti, enda er ég ekki eins gerður og hv. þm. Ísaf., sem helzt vill skattleggja svo, að enginn eigi neitt. Ég er þó, eins og ég sagði, sammála um, að slíkur maður ætti að greiða allriflegan skatt til ríkis og bæjarfélags. Ég býst nú reyndar við því, að í veruleikanum komi dæmi eins og þetta sjaldan fyrir. Ég vil nú nefna annað dæmi, sem vel getur komið fyrir, þar sem slíkur skattur kæmi enn þyngra niður en í dæmi því, er hv. þm. Ísaf. nefndi. Það er hlutafélag, sem hefir 100 þús. kr. í hlutafé og 200 þús. kr. tekjur eitthvert ár. Ég vil nú reyndar ekki segja, að þetta sé algengt dæmi, en mörg hlutafél. hafa ekki mikið hlutafé, en geta haft miklar tekjur annað árið en mikið tap hitt árið. Þetta félag, sem ég tók dæmi af, ætti samkv. frv. því frá stj., er nú liggur fyrir þinginu, að greiða í tekjuskatt og eignarskatt til ríkisins ..... 51310 kr.
Skattur skv. þessu frv. frá hv. 1 þm. N.-M. til bæjar- eða sveitarfél.: Skv. 2. gr. .... 102620 kr.
— 5. gr. .... 54310 —
156930 —
Samtals 208240 kr.

sem slíkt félag yrði að greiða til ríkis og bæjar- eða sveitarfélags. Það væri geigvænlegur skattur að greiða nærri 209 þús. kr. í því veltiári, sem til þess þyrfti, að slíkt félag sem þetta hefði 200 þús. kr. tekjur. Ég get tekið undir það með hv. 2. þm. Eyf., að útsvörin gangi oftlega nærri tekjunum. En þó mun það undantekning, að útsvörin á einstaklingum eða félögum séu hærri en tekjurnar, nema þá að efni séu sérlega mikil. En þetta dæmi, sem ég nefndi, gæti vel komið fyrir eftir þessu frv.

Þó ég hafi komið fram með þessar aðfinnslur við frv. þetta, þá er ég samþykkur hugsun frv., sem er, að föst fyrirmæli séu sett um skattstofn til handa bæjar- og sveitarsjóðum. Ég vil því, að frv. þetta gangi til n. Geri ég það með ánægju að greiða því atkv. mitt þangað og í þeirri von, að það megi hljóta þar sæmilegan dauðdaga, eða þá nauðsynlegar lagfæringar.

Flm. (Halldór Stefánsson): Þrátt fyrir það, þótt frv. þetta hafi sætt allmiklum andmælum, og þrátt fyrir það, að það hefir sætt þeirri óvenjulegu meðferð, að rætt hefir verið um einstakar greinar þess, sem þó er ekki venja við 1. umr., þá eru þó andmælin ekki þannig, að ég sé neitt sérstaklega óánægður með þau, því þau sýna þó það, að frv. hefir vakið allmikla athygli. Ég átti ekki von á því, að rædd yrðu einstök atriði frv. Ég bjóst við, að umr. mundu snúast um þau tvö almennu aðalatriði: 1) hvort rétt væri að láta sveitarfélögin fá fasta tekjustofna, og 2) hvort rétt væri að setja reglur um niðurjöfnun útsvaranna. Ég bjóst einkum við umr. um þessi höfuðatriði.

Það er engin tilviljun, að meðnm. mínir úr mþn. eru meðal þeirra, sem tekið hafa til máls. Það var ekki nema eðlilegt, að þeir gætu ekki fallizt á frv. nú, fyrst þeir vildu ekki vinna að því með mér í n. Að vísu var um lítil tækifæri að ræða til þess, af því svo nærri var liðið þinghaldi, þegar ég hafði málið til meðferðar í n., enda varð ég heldur eigi var við ítarlegan vilja hjá þeim til að vinna að þeirri athugun með mér, sem er undirstaða tillagna frv. — Ég verð þá, eins og umr. hafa gefið tilefni til, að víkja nokkuð að einstökum atriðum.

Hv. 1. þm. Skagf. benti á, að svo liti út fyrir, sem ríkisstj. hefði ekki viljað fallast á þetta frv., þar sem hún tók það ekki til flutnings. Ég skal ekkert mótmæla, að svo megi vera. En ég vil geta þess, að frv. var ekki afhent stj. fyrr en um miðjan janúar síðastl. Var því eðlilegt, að hún væri ekki búin að kynna sér frv. svo og rannsaka, að hún vildi taka afstöðu til þess. Það verður því lítið ályktað út frá því atriði, þótt stjórnin bæri ekki frv. fram. Það væri þá heldur ekkert einsdæmi, þótt stj. féllist ekki á till. mþn. — Þá benti hv. þm. á, að hlutföllin milli tekjuskatts og útsvara væru ekki miðað við 1930. Þetta er að vísu rétt. En ég skil ekki, hversvegna hv. þm. fór að tala um þetta. Ég tók það einmitt fram í minni fyrstu ræðu, að ekkert fast hlutfall væri þar á milli. En ég byggði á því, sem mætti teljast vera nálægt meðaltali.

Þá taldi hv. þm. og einnig hv. þm. V.-Húnv. sig sjá eftir fasteignagjaldinu til sýslusjóðanna, sem væru afnumin, ef þetta frv. gengi fram. Það er að vísu rétt, að hin ósamstæðu lagaákvæði um fasteignagjald til ýmsra sveitarfélaga eru afnumin; en þau fá í staðinn almennt fasteignagjald samkv. frv. Ég tel það vera mjög óskipulegt og óeðlilegt, að hafa mismunandi skattaákvæði í hinum ýmsu héruðum eins og nú er. Sumar sýslur hafa gert samþykktir um sýsluvegasjóði, en aðrar ekki. Kaupstaðirnir og sum kauptún hafa fengið leyfi til að leggja á fasteignagjald, en önnur ekki. Ég tel, að hið sama eigi að gilda alstaðar og gera fasteignagjald að föstum, almennum tekjustofni fyrir sveitarfélögin. Og þau sýslufélög, sem sýsluvegasjóðssamþykktir hafa nú, ættu ekki að standa neitt verr að vígi, þegar fastákveðið gjald kemur í staðinn; þau eru sjálfráð um það, ef þau vilja verja því til veganna. Að því er ávallt stór bót, að hafa ein lög í landi um sama efni.

Þá vildi hv. þm. vefengja útreikninginn á því, hve álögin leggjast misþungt á. Ég vil taka það fram, að sá útreikningur, sem niðurstöðurnar eru byggðar á, er aðeins fyrir eitt ár. En þó þetta breytist vitanlega nokkuð frá ári til árs,

þá sýnir þetta samt nokkurnveginn heildarblæinn á því.

En þar sem hv. þm. sagði, að tekju- og eignarskatturinn væri ekki í framkvæmdinni eins alstaðar á landinu og að framkvæmd laganna væri bezt í Reykjavík, þá vil ég fyrst og fremst minna hv. þm. á, að um þetta gilda ein og sömu lög og reglugerð fyrir land allt. Ég hygg líka, að hv. þm. viti ekkert betur en aðrir um framkvæmd þeirra laga. Að framkvæmdin sé bezt í Reykjavík, skal ég ekki segja um. Það kann að vera, að svo sé nú. En ýmislegt, sem fram kom eftir fyrri skattstjóraskiptin, gæti bent til þess, að framkvæmdin hefði áður kannske hvergi verri verið en í Reykjavík.

Þá nefndi hv. þm., að hann væri hikandi við að hafa háan fasteignaskatt. Jú, ég kannast nú við þetta frá viðræðum okkar. En hvers vegna gildir þá ekki sama hræðsla þar, sem sýsluvegasamþykktir hafa verið gerðar og skatturinn helmingi hærri en frv. leggur til, þar sem hann er ákveðinn í hámarki? —

Þegar ræddar voru í mþn. till. hv. þm. Ísaf. um hækkaðan fasteignaskatt til ríkissjóðs, þá mælti ég á móti því, — ekki af þeirri ástæðu, að ég væri ófús á að taka til athugunar hækkun á fasteignagjaldi, en ég vildi láta hækkunina alla falla til sveitarfélaganna, en ekki ræna þau öllum möguleikum til fastra tekjustofna. Hefi ég látað þá skoðun mína í ljós, bæði í sambandi við þetta frv. og annarsstaðar. Ég verð að geta þess, að þegar rætt var í mþn. um hækkun á fasteignasköttum, þá bauð ég hv. þm. Ísaf. að hækka fasteignaskattinn eftir hans tillögum, en að hækkunin félli öll til sveitarsjóðanna, svo að þeir þar með fengju nokkurn almennan fastan tekjustofn. Að þessu vildi hv. þm. ekki ganga. Honum er allt um að gera, að reyta sem mest í ríkissjóð, en hirðir ekki um, þótt sveitarsjóðirnir séu rændir sínum möguleikum til tekjuöflunar. Þá var það, að hv. þm. Skagf. og einkanlega þó hv. 2. þm. Eyf. gerðu að aðfinnsuefni, að í þessu frv. væru engar till. til bóta á því mikla misrétti, sem ég hefði svo ljóslega bent á, að væri á álöguþunga hinna einstöku sveitarfélaga. Ég held, að það sé óþarfi fyrir báða þessa hv. þm. að gera þetta að aðfinnsluefni við mig og við þetta frv., fyrst og fremst vegna þess, að ég hefi í grg. gert grein fyrir, að það liggur ekki á verksviði þessa frv. að gera leiðréttingar á þessu atriði. Í öðru lagi af því, er ég tók fram í framsöguræðu minni, að ég benti á þetta einmitt í því skyni, að hafizt yrði handa að gera leiðréttingar á þessu. Loks af því, að ég hefi gert tilraun til bóta á þessu atriði, en ekki fengið nægan stuðning þingsins til að koma umbótunum fram. Ég á hér við þá till. mína, að ákveða sveitfestina þannig, að hún sé bundin við lögheimili. Ég færði þá til ástæður fyrir því, sem ég hirði ekki að rifja upp nú, að miklar líkur væru til, að við það jafnaðist sem af sjálfu sér misrétti það, sem nú er á í þessu efni. Ég held, að ég sé sá þm., sem einna mest hefi vakið athygli á þessu, sá eini, sem hefi gert tilraun til að fá umbætur eins og ég hefi tekið fram og vakið athygli manna á, að ekki væri lengur við þetta unandi.

Þá kem ég að fyrirspurn hv. þm. Dal., sem mér fannst þó raunar engin fyrirspurn og snertir þetta mál ekki, heldur annað mál, sem sé frv. um tekju- og eignarskatt. Ég vil geta þess, að ég held, að hann skilji ekki þau lög rétt. Hann talar um 2 menn með jöfnum tekjum, annar ætti 20 þús., hinn skuldaði 20 þús. Segir hann, að þessir menn borgi jafnháan skatt. (SE: Hér um bil jafnháan). Þetta er ekki rétt hjá hv. þm., því auk tekjuskattsins er einnig eignarskattur, og svo greiðir vitanlega hærra útsvar sá, sem eignina á. Aths. hv. þm. Dal. á alls ekki við þetta frv., heldur við lögin um tekjuskatt og eignarskatt. Og ef hér er um ranglæti að ræða, þá á að taka frv. um tekjuskatt og eignarskatt til athugunar. Ég verð þó að segja, að mér þykir undarlegt, að menn nú allt í einu álíta reglurnar um ¼ hluta alls tekju- og eignarskattsins, sem þingið hefir samþ. eftir mikla íhugun, og sem staðið hafa í mörg ár, ef menn allt í einu álíta þær svo rangar, eins og komið hefir fram hjá ýmsum hv. þm., að ekki sé á þeim reglum byggjandi, þegar heimta á inn þá ¾ hluta skattsins — útsvörin —, sem fellur til sveitarfélaganna.

Þá verð ég að minnast á það, sem hv.

þm. Ísaf. sagði. Hann talaði um, að þessar reglur, sem settar eru með frv., væru ranglátari en þær, sem nú eru. Hann var með útreikninga, sem áttu að sýna, að eftir frv. gæti svo farið, að tekið yrði meira en allar skattskyldar tekjur. Ég skal ekki neita, að með því dæmi, sem hann tók, getur þetta rétt verið. Þetta stafar ekki af því, að frv. sé svo fráleitt, heldur sýnir það aðeins ástandið eins og það nú er, hversu nærri gengið er með skattálögur. Hv. 2. þm. Eyf. kannaðist við í ræðu sinni áðan, að þetta gæti komið fyrir með því fyrirkomulagi, sem nú er á þessum málum. Ég þekki það einnig, ekki í neinum einstökum tilbúnum tilfellum, eins og í dæmi hv. þm. Ísaf. heldur almennt, að skattskyldar tekjur hrökkva ekki fyrir útsvörunum, heldur verða þau að takast að mestu leyti af eignum — ef eignir eru til — eða þá af lánstrausti meðan til hrekkur. Þau dæmi eru algeng, að menn verða að borga háar upphæðir í útsvör, þótt atvinnurekstur þeirra beri sig ekki, og þá er ekki af öðru að taka en annaðhvort af eignum eða lánstrausti. Þetta dæmi hv. þm. er því ekki aðfinnsla á þessu frv., heldur á því ástandi, sem nú er.

Fyrst hv. þm. Ísaf. tók dæmi, hvernig farið gæti eftir reglum þessa frv., þá verð ég að taka dæmi af því, hvernig farið gæti eftir hans till. í skattamálum. Þegar hann ræddi um frv. sitt um tekju- og eignarskatt núna fyrir nokkrum dögum, þá sagði hann, að hæst gæti álagið orðið 40% af tekjunum. Nú er þess að gæta, að tekjuskatturinn er ekki nema nál. ¼ af öllum skattinum samanlögðum, og þegar svo er búið að taka hina ¾ partana til sveitarfélaganna, verður það ekki 104%, heldur 160% móti tekjunum, ef ekki á að heimta útsvörin eftir öfugu hlutfalli við tekjuskatt og eignarskatt, en ef svo ætti að verða, þá færi nú heldur að raskast réttlætishugsjónir hv. þm.! Ég minnist þess, að þegar við ræddum um skattstigana, þá bauð ég honum að vera með honum í því að setja svo háan „skala“, sem nokkur skynsemi gæti verið í, en skipta svo skattinum eftir sömu hlutföllum eins og hann fellur nú til ríkis og sveita, ¼ til ríkisins, ¾ til sveita. En þetta vildi hann ekki. Hann hefir sennilega séð, að það er ekki svo lítið á þennan skattstofn lagt eins og hann lætur, heldur þvert á móti svo mikið, að hann treysti sér ekki að láta það sjást, hversu skattarnir eru í raun og veru háir. Um þetta var ágreiningurinn milli okkar, mín og hv. þm. Ísaf. Framsm. og Sjálfstm. viðurkenna alveg eins og Jafnaðarm., að tekjur og eignir séu réttlátur skattstofn. En það þarf að hafa skynsamleg takmörk fyrir skatthæðinni. Hvar hin skynsamlegu takmörk eru, um það er ágreiningurinn, einungis það. Ágreiningurinn er því aðeins stigmunur, en ekki stefnumunur. Hv. 2. þm. G.-K. bjó til dæmi um hlutafélag, líkt og hv. þm. Ísaf. hafði gert um einstakling, er sýndi, að reglur frv. gætu komið ranglátlega niður. Að öðru leyti tók hann sanngjarnlega í það, að setja þyrfti reglur um álagningu útsvara líkt og um tekju- og eignarskattinn.

Ég játa, að reglur frv. um niðurjöfnun útsvara geta að sjálfsögðu staðið til bóta, en það hefir enginn gert tilraun til þess að setja slíkar reglur, nema ég, og ég er fús til samvinnu við alla, sem vilja vinna að málinu með einlægni. Ég hefi sjálfur í grg. frv. bent á, að þegar svo hátt er komið, að það þyrfti að taka tvö- eða þrefaldan tekju- og eignarskatt eða meir til sveitarsjóðs á móts við ríkissjóðsskattinn, þá væri ekki nema líklegt, að þá yrðu reglurnar ekki eðlilegar og réttlátar. Ég vil vekja athygli á því, sem ég hefi tekið fram í grg. þessa frv., að búast má við, að það verði ekki til langframa, að taka þurfi til skattstofna þeirra, sem seinast tekur til eftir frv. Ég vísa sérstaklega til aðgerða þingsins í fyrra, sem skipaði nefnd í tryggingarmálin, í því skyni m. a. að koma betra skipulagi á fátækraframfærsluna, en hún er það, sem mestu veldur um hinar misþungu álögur á skattþegnana.

Hversu svo sem er um reglur frv. um álagningu útsvara, þá má ekki gleyma því, að útsvörin hvíla með nálega þreföldum þunga, að meðaltali, að baki ríkissjóðsskattsins á alveg sama skattstofninum. Ef svo er, að hátekjum og stóreignum sé misboðið með því að leggja útsvörin á eftir sömu stighækkun og tekjuskattinn, þá sýnir það eitt af tvennu:

annaðhvort að stighækkunin er of ör og hámark hennar of hátt, eða hitt, að skatturinn allur er hærri en hófi gegnir. Hvort af þessu sem væri, þá reka till. hv. þm. Ísaf. í þessu máli sig hatramlega á það.

Magnús Guðmundsson: Mér fannst hv. flm. vera nokkuð gustkaldur út af orðum mínum, en ég mælti sannarlega ekki öðruvísi til frv. en það átti skilið. Hann sagðist ekki hafa orðið var við einlægan vilja um samstarf í þessu máli. Ég get ekki viðurkennt, að það sé rétt; ég hefi þegar tekið fram, að ég hefi gert honum tilboð um að láta tekju- og eignarskattinn renna jafnháan til sveitarfélaganna eins og ríkissjóðs nú. En hann vildi það ekki. Það var hugsað hjá mér sem tilraun, en hann hafnaði því tilboði. Hann vill ekkert annað en það, sem stendur í frv., og sagði, að óséð væri, hvað stj. vildi með þetta mál. Ég dreg þá ályktun, að úr því, að stj. hefir ekki flutt það, vilji hún ekki gera það að sínu máli.

Hv. flm. skildi ekki, hvers vegna ég talaði um gjöld 1930. Það var af því, að þá voru gjöldin óvanalega há. (**HStef:** Ég tók meðallag). Hefir hv. þm. fengið bréf fyrir því, að gjöldin verði lægri en á síðustu árum? Ég hefi ekki fengið bréf fyrir því. Hann kvaðst ekki skilja, af hverju mér væri illa við að nema burt lögin um sýsluvegina. Það er af því, að ef þau lög eru úr gildi numin, missa sýslufélögin kröfu gegn ríkissjóði um jafnt framlag á móti. Ég veit, að hann mundi segja, að sjálfsagt væri að hækka tillagið til sýsluveganna. En ég er ekki ánægður með það svar. Ég sé í fjárl.frv. stj. fyrir 1932, að það á að strika út framkvæmdir til vega. Það er allt annað að eiga kröfu til ríkissjóðs um ákveðna upphæð en að fara til þingsins í hvert skipti og æskja veitinga fyrir þessu fé. Ég verð að segja, að það er praktiskt fyrirkomulag að segja við sýslufélögin: Eftir því sem þið leggið meira á ykkur, eftir því fáið þið meira úr ríkissjóði til ykkar framkvæmda. — Það er góð stefna, en með samþykkt þessa frv. er horfið frá henni. Hann kvaðst ekki geta skilið, að þessi grunur, sem ég lét í ljós um það, að skattaframtal væri ekki alstaðar eins á landinu, væri á rökum byggður. Má þó minna hann á það, að hann sjálfur hefir tekið undir þetta í skattanefndinni. Hann hefir viljað setja undir þennan leka með því að setja yfirskattanefnd til þess að samræma skattinn um land allt. En ef þess þyrfti ekki, því hefir þá hv. þm. greitt atkv. með því að stofna til þessa kostnaðar? Það, sem liggur bak við, er, að tekjuskattslögin eru ekki framkvæmd alstaðar eins á landinu.

Annars verð ég að segja, að ég er þakklátur flm. fyrir að koma með frv., því ég viðurkenni, að hann stendur hér og forsvarar sína grundvallarstefnu, að því er tekjuskattinn snertir, en það er ekki það, sem hægt er að segja um hv. þm. Ísaf. Hann vill stanza við 50% og telur það réttmætt. En hvers vegna er það réttmætt? Það er miklu réttara hugsað hjá hv. 1. þm. N.-M., að það á hvergi að stanza nema þar, sem nauðsyn krefur. Ég verð aftur á móti að viðurkenna, að hv. þm. Ísaf. er praktiskari í þessu. Hann sér, að ekki er hægt að koma þessu í gegn. Reyndar eru allir sömu gallar á till. hv. þm. Ísaf. í þessum skattamálum og hinum, sem hann nú fordæmir, en það kemur bara fram í smærri stíl, — munurinn á flísinni og bjálkanum, ekki annað.

Sigurður Eggerz: Það eru aðeins örfá orð. Hv. flm. sagði, að í rauninni hefði aths. mín ekki komið málinu við, heldur snerti hún tekjuskattinn. En aths., sem snerta tekjuskattinn, snerta þær ekki þetta mál, þegar hann á einnig að vera gjaldstofn sveitarfélaganna?

Ég tók dæmi þar, sem sýnilegt var, að tekjuskatturinn er ekki réttlátur. Dæmið var um 2 menn með 20 þús. kr. tekjum. Annar skuldaði 20 þús., en hinn átti 20 þús. Ég sýndi fram á, að þeir hafa líkan tekjuskatt, því sá, sem skuldar 20 þús., má að vísu draga vexti af skuldunum frá, en það munar í tekjuskatti ekki nema litlu. Ég geri ráð fyrir, að menn séu mér sammála í því, að það sé ólík aðstaða fyrir þessa 2 menn, annan, sem á, en hinn, sem skuldar 20 þús.

Þegar á að gera tekjuskattinn að aðalskattstofni hjá sveitarfélögunum, þá er eðlilegt, að á þetta sé bent, því að við það tvöfaldast tekju- og eignarskatturinn og

ranglætið margfaldast þá í sama hlutfalli. Enn verður þetta meira áberandi, þegar litið er á aðstöðu þess manns, sem hefir t. d. 20 þús. kr. í tekjur 1930, en 1931 5000 kr. Á árinu 1931 þarf hann þá af litlu tekjunum, sem hann hefir, að greiða háa tekjuskattinn frá 1930. Ef nú tekjur sveitanna verða á sama gjaldstofni í þessu tilfelli, þá fer mikið af launanum 1931 í skatta. Ef í þessu tilfelli er lagt á eftir efnum og ástæðum, þá fær maðurinn 1931 væntanlega mjög lítið gjald til sveitar.

Ég hefi nú hlýtt á ræður þessara vitru manna, þar sem þeir eru að rannsaka, hvaða skattar séu heppilegastir og réttlátastir, en engum hefir tekizt að benda á neinn skatt, sem sé gallalaus. En sá galli, sem ég hefi nú um hríð gert að umtalsefni og vakið athygli d. á, er að mínum dómi svo áberandi, að engum ætti að blandast hugur um að greiða atkv. gegn frv. fyrir þá sök. Því fer svo fjarri, að með þessu frv. sé verið að nema burt ranglætið í núv. fyrirkomulagi, — nei, það er verið að lögfesta ranglætið, það er verið að bæta við nýju ranglæti, og hélt ég þó, að nóg væri fyrir af þvíliku og lítil ástæða til þess að bæta við.

Þetta átti nú ekki að vera nema stutt aths., en ég hefi nú sýnt, að það var full ástæða til þess að bera hana fram og vekja athygli væntanlegrar n. á henni. Ýmsar aðrar athuganir leiða það ennfremur í ljós, að skatturinn getur í ýmsum fleiri tilfellum farið fram úr tekjunum, og er þess vissulega vert að leiða athygli manna að slíku.

Hákon Kristófersson: Ég skal ekki vera langorður; ég styð till. hv. 1. þm. S.-M., um að þessu máli verði vísað til allshn., því þar virðist það helzt eiga heima, enda þótt tæplega sé þar að vænta nokkurrar lagfæringar, eins og þar er mönnum skipað í þeirri virðulegu nefnd. Þetta mál virðist ótvírætt eiga að ganga til sömu n. og t. d. útsvarslögin, en þau voru á sínum tíma send til allshn., og hlýtur því sama að gilda um þetta frv.

Það er fjarri mér að gera lítið úr áhuga hv. flm. og hinni mjög svo lofsverðu viðleitni hans til umbóta í þessum efnum. En ég er alveg sannfærður um, að þetta frv., þó að lögum verði, bætir ekki hót úr þeim missmíðum, sem nú eru á skattheimtu bæjar- og sveitarfélaga til sinna þarfa, en eykur á hinn bóginn stórum á skriffinnsku og hverskyns umstang, sem ég hygg þó, að ærið þyki undir. Það er þersýnilegt, hversu hv. flm. er öldungis ráðþrota í því, er lýtur að framkvæmd þessara till., því þar gefst hann upp á miðri leið og leggur til að taka með nefskatti það, sem á vantar, að þessar tekjur, sem frv. fjallar aðallega um, hrökkvi fyrir gjöldum, sbr. 5. gr. frv. Ennfremur leggur hann til að taka vegagjaldið með nefskatti, sem fastákveðinn er fyrir allt landið skv. 2. gr. frv., og er hreppstjórum gert að skyldu að semja skrá yfir verkfæra kvenmenn, og er þeim gert að greiða 3 kr. í vegagjald. Þegar þess er gætt, að vegagjald er eftirstöðvar af eða kemur í staðinn fyrir dagsverkin áður, þá sýnist dálítið hlálegt að vera að leggja slíkar skyldur á kvenfólk, enda munu þess fá dæmi, að kvenfólk hafi unnið í hreppavegavinnu hér á landi, og kann ég hálfilla við þá nýbreytni, ef tekin verður upp.

Mér skilst, að fyrir hv. flm. vaki það, að gera tekjustofna sveitarfélaga vissari en nú er. (**HStef:** Nei, setja reglur um þá og innheimtu teknanna). Setja reglur! Til hvers svo sem? Hvað skyldi svo sem vinnast við það? Ég býst nú við, að tekjuskattur sveitarfélaga sé ekki sú höfuðsumma, sem hægt sé að byggja niðurjöfnun útsvara á eingöngu, því að ég býst alls ekki við, að þótt tekjuskattur sveitanna sé lítill, þá stafi það af lélegri framkvæmd tekjuskattslaganna. (**MT:** Það er búskapurinn, sem ber sig illa). Já, sennilega ræður það meiru um, og munum við hv. 2. þm. Árn. allkunnugir þeim hlutum. En það, sem hv. flm. virðist leggja mesta áherzlu á, er að forðast það, sem hann kallar handahóf í útsvarsálagningu og telur öldungis óviðeigandi og óviðunandi. En það er eftirtektarvert, að þegar allt kemur til alls, er það einmitt handahófið, sem er öryggishöfn hv. flm., því á einum stað í grg. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Væri þar með hægt að koma við leiðréttingu, ef þurfa þætti, á útsvarsálög-

urnar eins og þær verða eftir reglum frv., á milli gjaldenda innbyrðis í hverju sveitarfélagi að áliti eða mati niðurjöfnunarnefndanna".

Eftir þessum orðum að dæma er það einmitt niðurjöfnunin, sem á að bæta upp handahóf útsvarsálagningarinnar eins og hún er eftir þessu frv. Þess vegna viðurkennir hv. þm. það, að útsvarsálagningin, eins og hún er nú almennt, sé ekkert handahóf, heldur réttlátasta aðferðin, þegar öll kurl eru til grafar komin. Ég vil taka undir þetta hjá hv. flm., og er ég alveg á sama máli og hv. 1. þm. Skagf. um það, að útsvarsniðurjöfnun hreppsnefnda í sveitum er ekkert handahóf. Þeim getur að vísu yfirsézt í einstökum tilfellum, en annars jafna þær útsvörunum niður eftir því, sem þær vita sannast og réttast, og eru ekki aðrir, sem að jafnaði hafa betri þekkingu á gjaldþoli, efnum og ástæðum sveitunganna heldur en einmitt hreppsnefndirnar. Útsvörum er jafnað niður eftir efnum og ástæðum, en það er alkunnugt, enda rétt og sanngjarnt, að tekið er ekki síður tillit til ástæðna gjaldandans en efna hans. Ég geng út frá, að hv. þm. sé það vel kunnugt, að niðurjöfnunarnefnd eða hreppsnefndir leggja að öðru jöfnu vægar á t. d. ekkjur og þessháttar fólk, eða a. m. k. er þessu svo varið í þeim byggðarlögum, sem ég þekki til í. Ég verð því að álíta, að við niðurjöfnun sé almennt gætt hinnar ítrustu sanngirni, og þeir, sem að því vinna, eru kunnugri högum gjaldendanna en nokkrir aðrir. Ég tek því undir með hv. 1. þm. Skagf. og vil ekki viðurkenna, að hér sé um nokkurt handahóf að ræða. En enda þótt ég geti ekki verið hv. flm. sammála um þetta og önnur meginatriði frv., þá tel ég það alveg sjálfsagt, bæði vegna hv. flm. og málsins sjálfs að láta málið ganga til nefndar, og mun ég greiða atkv. með því. Hinsvegar hefi ég enga trú á framgangi þessa frv., enda get ég ekki séð, að í því felist nokkur leið til þess að losna við það, sem hv. flm. kallar handahóf. Með allri virðingu talað, þá álít ég skattaframtalið yfirleitt sízt minna handahóf en niðurjöfnun hreppsnefnda eða niðurjöfnunarnefnda.

Skal ég svo láta úttalað um málið að þessu sinni. Ég tek undir með hv. flm., að umr. um einstök atriði frv. eigi ekki við við þessa umr., og skal ég því sneiða hjá því. En vel má vera, að ég láti eitthvað til mín heyra við síðari umr., ef mér býður svo við að horfa.

Haraldur Guðmundsson: Það eru nokkur atriði úr ræðu hv. flm., sem ég get ekki alveg leitt hjá mér að svara.

Hv. flm. viðurkenndi, að í einstökum tilfellum gæti skatturinn skv. þessu frv. farið fram úr tekjunum, en það kæmi af því, að tekjuþörfin væri svo mikil, að hjá þessu yrði ekki komizt. Ég mótmæli þessu algerlega; þetta er rangt. Og hv. þm. veit vel, að þetta er rangt. Skattskyldar tekjur hér á landi eru milli 35 og 40 millj. kr. alls, en upphæð sú, sem hv. flm. ætlar að fá í útsvör og tekju- og eignarskatt í meðalári, er um 6 millj. kr., eða 16—17% af tekjunum. Það er þess vegna fjarri öllu viti, að það þurfi að fara með skattinn upp úr 100% til þess að ná þessum 6 millj. kr., auk þess sem slíkt er hugsanarangt, því ekki verður meira tekið en til er. Ef um það er að ræða, hvort ekki má finna aðrar leiðir en þær, sem þetta frv. bendir á, þá er þess að geta, að ekkert er auðveldara en að semja skattstiga, sem sýnir hvernig hægt er að taka ca. 6 millj. kr. af 35 til 40 millj. kr., þegar vitað er, hvernig tekjurnar skiptast, en um það hefir hv. flm. fengið ítarlegar skýrslur. Mig furðar þess vegna mjög á frágangi þessa frumvarps, og hefði ég búizt við því, að hv. flutningsmaður gerði það betur úr garði að þessu leyti.

Hv. flm. kvað það ekki mikið, þótt hann vildi taka 104% af tekjunum í skatt, og fullyrti, að skv. frv. mínum vildi ég taka 160% af þeim í skatt. Undarlegur skáldskapur er þetta, svo ég ekki noti sterkara orð og ónáði bjöllu forseta. Samkv. frv. mínum um tekju- og eignarskatt er gert ráð fyrir, að skattupphæðin tvöfaldist, og að viðbættu álagi sveitarsjóða þrefaldist, en ef hv. þm. heldur, að þessi hækkun sé fengin með því að þrefalda eða fjórfalda skattstigann, þá fer hann villur vegar. Slík skattspeki er honum einum sæmandi. Í frv. mínu er saminn nýr skattstigi einmitt með tilliti til

þess, hverjar tekjur ætlazt er til, að verði af skattinum.

Út af ræðu hv. 1. þm. Skagf. er rétt að geta þess, að stighækkandi tekjuskattur getur varla farið fram úr 50%, svo að nokkru verulegu nemi. Ef stighækkandi skattur frá 50—100% er tekinn af tekjunum, liggur í augum uppi, að því minna verður eftir að skattinum frádregnum, sem tekjurnar eru hærri, unz skatturinn verður jafnhár tekjunum, þá verður ekkert eftir. En þetta sannar auðvitað alls ekki, að ekki sé hægt að taka meiri skatt en 50%, ef skatturinn er ekki stighækkandi, enda er ekkert því til fyrirstöðu, að slíkur skattur fari upp undir 100% en tæplega yfir það, eins og í frv. hv. flm. Eðlilegasta leiðin er að semja skattstiga, sem er stighækkandi, t. d. frá 1—50%, miðaðan við flokkun teknanna, þannig að hann gefi til uppjafnaðar 16—17% af öllum hinum skattskyldu tekjum, eða eftir því, sem tekjuþörfin segir til á hverjum tíma. Eða þá að öðrum kosti að taka vissan skatt, ekki stighækkandi, af hverjum flokki teknanna, líkt og gert er í Þýzkalandi og víðar. Hitt er alveg út í loftið hjá hv. flm., að tekjuþörfin sé svo mikil, að skatturinn þurfi að fara fram úr tekjunum! Annars er þessi fullyrðing svo fráleit, að ekki er orðum að henni eyðandi. Aðalatriðið er að mínum dómi þetta: Einlægast er að taka, þar sem um sameiginlega skattstofna ríkis og sveita og bæja er að ræða, í einu lagi og eftir sömu reglum skattinn til beggja aðila, eftir því sem því verður við komið, líkt og ráð er fyrir gert í frv. mínu. En þá verður líka að semja skattstigann með tilliti til þessa, eins og þar er gert. En þetta frv. gengur vendilega fram hjá því meginatriði málsins, og sömuleiðis skattafrv. stj.

Hv. 2. þm. G.-K. tók dæmi um það, hversu hlutafélög verða misjafnlega hart úti hvað skatt snertir, og fer hv. þm. sennilega með rétt mál í því atriði. En orsakir þessa liggja í ranglátri löggjöf og ranglátu fyrirkomulagi, að því leyti, að hlutafélög með litlu hlutafé verða að greiða miklu meiri skatt af sömu tekjum en hlutafélög með mikið hlutafé og stóra sjóði. Þetta er öldungis óviðunandi ranglæti, en á því finnst engin leiðrétting, hvorki í þessu frv. né skattafrv. hæstv. stj. Í frv. mínu um tekju- og eignarskatt er hinsvegar lagt til, að úr þessu sé bætt.

Út af dæmi hv. þm. Dal. er þess að geta, að því fer mjög fjarri, að í gildandi lögum sé tekið nægilega mikið tillit til eignamismunar manna, sem hafa sömu tekjur, t. d. á manni, sem á 20 þús. kr., eða manni, sem skuldar 20 þús. kr. Til þess að laga þetta er eitt ráð, nefnilega að hækka eignarskattinn, en framhjá því er algerlega gengið í þessu frv. Hinsvegar er lagt til í frv. mínu, að eignarskatturinn sé hækkaður yfir 100%, og jafnast því þetta ósamræmi, ef það verður samþ.

Hv. 1. þm. Skagf. dró það í efa, að skýrsla hv. flm. um útsvör og gjaldþol einstakra héraða væri rétt í öllum atriðum. Ég skal taka það fram, að ég hefi nokkuð kynnt mér þetta, og held ég, að skýrslan sé mjög nærri lagi, og fróðleg er hún á marga lund. Það er vissulega mikill munur á gjaldþoli einstakra héraða, en undarlegt má það heita, ef hv. flm. gerir sér vonir um, að þetta frv. bæti nokkuð úr í þeim efnum eða komi á meira réttlæti og samræmi í tekjuheimtun sveita- og bæjarfélaga. Þetta frv. ætlast til, að lögin um tekju- og eignarskatt séu grundvöllur undir fjáröflun sveita og bæja, en sá grundvöllur er í senn svo mismunandi og víða svo lítilfjörlegur, að lítil von er um, að tekjuþörfinni yrði fullnægt á þann veg, því að tekjuskattur heilla sveita nemur oft ekki meiru en nokkrum tugum króna, svo að jafnvel eftir hinu fráleita frv. flm. yrði þeim alls ekki séð fyrir nægum tekjum.

Ég mun ekki beitast gegn því, að þetta frv. fari í nefnd, og virðist mér það helzt eiga heima í fjhn. Þetta frv. stendur í beinu sambandi við ýms mál, sem sú n. hefir til athugunar, t. d. öll skattafrv. mín og hæstv. stj.

Flm. (Halldór Stefánsson): Ég sé, að umræðutími er að þrotum kominn, og mun því takmarka mál mitt og ekki fara langt út í einstök ágreiningsatriði, enda á það ekki við við 1. umr.

Ég vil benda hv. þm. á það, að þótt þeir álíti þessar reglur ekki sem heppilegastar, þá verður ekki hjá því komizt — að

minum dómi — að ráða bót á þeim misfellum, sem eru á tekjuöflun bæja- og sveita og gefa þeim einhverja fasta tekjustofna almennara en nú er. Mér þykir það lýsa helzt til miklu vantrausti á þeim reglum, sem tekju- og eignarskattslögin setja um öflun fjár í ríkissjóð af hinum sameiginlega skattstofni hans og sveitarfélaganna, ef þær reglur eiga að vera óhæfilegur grundvöllur undir tekjuöflun sveitar- og bæjarfélaga. Ber þess þó að gæta, að reglurnar um tekju- og eignarskatt eru settar af sjálfu þinginu eftir nákvæman undirbúning og íhugun, og það kemur því úr hörðustu átt, þegar þm. verða til þess að fordæma þær reglur, sem þeir sjálfir hafa sett. Og mér þykir það kynlega við bregða, ef t. d. hv. þm. Ísaf. telur þær hinar sömu reglur of lágar, þegar um tekjuheimtun ríkisins er að ræða, en of háar, ef um tekjuöflun bæjar- og sveitarfélaga er að ræða. Það, sem fyrir mér vakti með flutningi þessa frv., var fyrst og fremst það, að gera tilraun til þess að knýja fram umbætur á þessum sviðum, og kemur nú til kasta þingsins að taka afstöðu til þess. Og þó að flutningur frv. yrði ekki til annars en að koma umbótum í þessum efnum á nokkurn rekspöl, þá tel ég, að nokkuð hafi unnizt, hversu sem fer um þetta frv.

Ég geri ráð fyrir, að frv. verði látið ganga til n., og get ég því sparað mér fleiri orð að þessu sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 : 1 atkv. og til allshn. með 12:7 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

51. Erfðaleigulönd.

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um erfðaleigulönd í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum (þmfrv., A. 92).

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég býst ekki við að fylgja þessu frv. úr garði með mörgum orðum að þessu sinni. Frv. er samið af mþn. í landbúnaðarmálum. Einn nm., Þórarinn á Hjaltabakka, hefir þó ekki enn getað látið álit sitt í ljós um frv. En aths. hans, ef einhverjar verða, munu koma mjög bráðlega og verður þeim þá komið til landbn., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar.

Eins og menn þekkja til, eru mjög mismunandi aðferðir um meðferð landa í nánd við kaupstaði og þorp hér á landi. Það er vitanlegt, að íbúar kaupstaða og þorpa hafa mikla þörf til landa og landsnytja. Löndin eru oftast eign einstakra manna, og það gengur ekki ætíð sem greiðlegast að fá þau til afnota fyrir kaupstaðarbúa. Hefir það ekki alllítil áhrif á afkomu manna, hversu þeim málum er háttað. Er víða mjög erfitt að fá löndin til ræktunar og leiguskilmálarnir erfiðir, þó undantekningar séu. Löndin eru leigð á mismunandi hátt; sumstaðar aðeins til fárra ára, en annarsstaðar lengur. Leigan er einnig mjög mismunandi og víða mjög ósanngjörn. Er hún sumstaðar svo há, að það þarf ⅓—¼ hl. afrakstrar af landinu til að greiða hana, þó um óræktað land sé að ræða. Af þessu hefir leitt, að land hefir verið miklu minna ræktað umhverfis kaupstaðina en ella mundi. Tilgangurinn með þessu frv. mþn. er að ráða bót í þessu efni og stuðla til þess, að þar, sem þörf er fyrir landið, fáist það með aðgengilegum skilmálum. Undanfarið hafa hvaðanæva borizt kvartanir um það, að erfitt sé að fá lönd til ræktunar við kaupstaðina, en þar sem engin lög hafa verið fyrir hendi um þetta efni, hefir litlu verið hægt um að þoka. Þar sem lönd hafa verið fáanleg með sæmilegum kjörum í grennd við kaupstaði, hefir það sýnt sig, að ræktun hefir aukizt mjög skjótt. Má t. d. nefna Vestmannaeyjar og Hornafjörð, eins og getið er í grg. Þar

gefur að líta blómlega reiti, sem áður voru óræktarmóar. Þannig mundi víðar verða, ef jafngóð skilyrði væru fyrir hendi.

Ég vonast til þess, ef frv. þetta verður að lögum, að íbúar kaupstaða og þorpa geti fengið land til ræktunar. Mundi ræktunin taka hröðum framförum til aukinnar velmegunar fyrir hlutaðeigendur. Hinsvegar mun ekki hallað rétti landeigenda, þó frv. þetta nái fram að ganga.

Okkur flm. þessa frv. eru kærkomnar bendingar í þessu efni frá þeirri n., sem væntanlega fær það til meðferðar, og öðrum. Við samning frv. höfum við notið mikilsverðra bendinga frá búnaðarmálastjóra Sigurði Sigurðssyni.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. Vænti ég að hv. d. taki því vel og legg til, að málinu verði vísað til hv. landbn. og 2. umr.

Hannes Jónsson: Það getur vel verið ástæða til þess, að ráðstafanir séu gerðar af hálfu þess opinbera í þessu efni. En þess verður jafnframt að gæta, að skerða ekki rétt þeirra manna, er lönd eiga við kaupstaðina.

Mér virðist, sem ýms ákvæði frv. séu mjög athugunarverð og að nauðsynlegt sé að víkja þeim við, áður en frv. verður að l., ef þau forlög eiga fyrir því að liggja. Vil ég leyfa mér að víkja nokkrum orðum að þessum atriðum.

Ég vil þá fyrst leiða athygli manna að því, að samkv. 5. gr. frv. er engum heimilt að fá á leigu til grasræktunar minna land en 2 ha. Tel ég þetta ákvæði mjög varhugavert. Tveir ha. er nægilegt land til að fóðra með 3 kýr, en fjöldi fólks þarf ekki á svo miklu landi að halda, enda verður flestum illkleift að brjóta svo stórt land til ræktunar á ákveðnum tíma, eins og 10. gr. frv. ákveður, að gert skuli. Allur þorri fólks hefir ekkert að gera með stærra land en sem svarar 1—2 kýrfóðrum, og það er með öllu ástæðulaust fyrir löggjafarvaldið að fara að þvinga menn til að taka stærra land en þeir hafa þörf fyrir.

Sama er að segja um þau ákvæði 5. gr., að land, sem ætlað er til garðyrkju eða alifuglaræktar, megi ekki vera minna en dagslátta. Þurfa fæstir á svo stóru landi að halda í þessu skyni, og gæti því þetta ákvæði valdið því, að þeir, sem fegnir vildu rækta garðávexti, gætu það ekki, vegna þess að þeir verða að taka stærra land til ræktunar en fjárhagur þeirra leyfir.

Þá vil ég benda á það, að frv. gerir ráð fyrir því, að taka megi eignarnámi land af landi þeirra jarða, sem næst liggja kaupstað eða kauptúni, ef svo stendur á, að sveitarfélag eða ríkið eiga ekki land á þessum slóðum. Er gert ráð fyrir því, að sveitarfélögin eða svokölluð landræktarfélög framkvæmi eignarnámið og leigi síðan landið út gegn 5% vöxtum. Hefir þetta ekki litinn kostnað í för með sér fyrir sveitarsjóðina, sem yrðu að taka lán í þessu skyni og borga 2% í vaxtamismun. Er þetta því tilfinnanlegra fyrir sveitarsjóðina, þar sem frv. að öðru leyti gerir ráð fyrir því, að sveitarsjóðirnir eigi að bera allan kostnað af vegagerð um þessi lönd, framræslu þeirra o. s. frv.

Þá verð ég að drepa á það, að mér finnst réttur landeiganda verða alllítill eftir frv. Fyrst er gert ráð fyrir, að taka megi land hans eignarnámi, og er það hefir verið gert og landið eftir á er tekið til bygginga, nýtur landeigandi í engu góðs af þessu, heldur leigutakinn. Þykir mér þetta öfugt við það, sem vera ætti. Mér finnst í alla staði sanngjarnt, að landeigandi njóti góðs af því, ef land hans stígur í verði frá því, sem var, er það var tekið eignarnámi af honum, eins og það gerir við að vera tekið til bygginga.

Ég hefi þá stiklað á nokkrum þeim atriðum þessa frv., sem ég tel brýna þörf á, að sú n., sem frv. fær til meðferðar, taki til rækilegrar athugunar. Að endingu vil ég svo drepa á eitt atriði, sem ekki er þýðingarminnst, því að þar virðist beinlínis vera um stefnuatriði að ræða hjá mþn. í landbúnaðarmálum. Á ég hér við það ákvæði 18. gr. frv., að sérstökum manni skuli falið eftirlit með þessum erfðaleigulöndum og taki hann laun úr ríkissjóði. Ekki er neitt ákveðið um það, hvað þessi laun eigi að vera há, en ég býst við, að þetta muni hafa ekki litinn kostnað í för með sér. Þessi maður verður vart látinn vera á þönum fram

og aftur um landið, heldur mun hann hafa sína aðstoðarmenn. Ég býst við því, að gera megi því ráð fyrir, að skrifstofukostnaður þessa manns verði mikill. Þetta fyrirkomulag þykir mér ófært, hvernig sem á það er litið. Á að sjálfsögðu að fela Búnaðarfélaginu þetta eftirlit, úr því að á annað borð er verið að hafa það, eða ella að leggja það niður og stofna búnaðarmálaskrifstofu í stjórnarráðinu, sem hafi með mál sem þessi að gera. Hitt nær ekki nokkurri átt, að verið sé að stofna sérstakar yfirstjórnir með hverju einu, sem gert er, eins og mþn. í landbúnaðarmálum virðist hafa að sínu markmiði, því að í hverju frv., sem frá hennar hendi hefir komið, er gert ráð fyrir þessu eða hinu höfðinu til eftirlits með þeim framkvæmdum, sem n. gerir till. um. Má í því sambandi minna á till. n. um, að skipaður verði svokallaður markavörður og sérstök yfirstjórn með laxveiðum. Get ég ekki látið vera að benda á þetta, því að mér þykir þessi stefna n. mjög athugunarverð.

Jón Auðunn Jónsson: Ég get tekið undir það með hv. þm. V.-Húnv., að þetta frv. er athugunarvert að mörgu leyti. Vil ég ekki fara að endurtaka það, sem hann sagði, en vil leyfa mér að benda á eitt atriði, sem ekki kom fram í ræðu hans. En það er ákvæði frv. um, að landræktarfélögum er heimilað að taka land eignarnámi, þó bæjar- eða sveitarstjórnir sjái sér það ekki fært eða vilji ekki gera það, m. a. af fjárhagslegum ástæðum. Þykir mér þetta ákvæði mjög viðsjárvert.

Það mun vera rétt hjá hv. flm., að það er allmisjafnt, hvernig lönd eru leigð — til hve langs tíma og hvað afgjaldið er mikið. Má því vel vera, að rétt sé að setja l. um þetta efni, en út í það sé ég ekki ástæðu til að fara að svo stöddu. Ég vildi aðeins leiða athygli þeirrar n., sem væntanlega fær frv. til meðferðar, að þessu ákvæði 4. gr., sem ég drap á.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég þarf aðeins að segja örfá orð. Andmæli hv. þm. V.-Húnv. gefa mér ekki tilefni til að svara mörgu. Ég býst við því, að um þau atriði, sem hann vék að, séu skiptar skoðanir, eins og ef til vill um fleiri ákvæði frv. Hitt hygg ég, að allir geti verið sammála um, að nauðsynlegt er, að eitthvað sé gert til að ráða bætur á þessum efnum. Ég held, að ekki leiki vafi á því meðal þeirra manna, sem kunnastir eru þessum málum hér á landi, að það ástand, sem nú ríkir hér í þessum efnum, þarf bráðra bóta við.

Hv. þm. V.-Húnv. þótti of langt gengið með þeim ákvæðum frv., að landskákir, sem ætlaðar eru til grasræktar, mættu ekki vera minni en 2 ha., og þær skákir, sem ætlaðar eru til garðyrkju, ekki vera minni en 3000 m². Þetta er vitaskuld álitamál, og er Alþingis úr að skera, hvað hæfilegt megi þykja að ákveða um þetta atriði. Annars held ég, að ekki sé ráðlegt að setja þetta mark mjög lágt, því að slík lönd koma því aðeins þeim, sem þau taka á leigu, til verulegra nota, ef þau eru það stór, að mönnum er styrkur að þeim sér og sínum til lífsframfæris.

Þá þótti hv. þm. V.-Húnv. þau ákvæði 12. gr. ósanngjörn, að leigutaka eru ætlaðar bætur, ef leiguland hans er tekið til bygginga, en ekki þeim, sem landið lét af hendi í upphafi. Við þessu er það að segja, að landeigandi fær grunnverð landsins greitt við eignarnám þess, eftir því sem það er metið á hverjum tíma (**HJ:** Hvernig er því mati farið?) Um það er ekki hægt að gefa neina allsherjarreglu, vegna þess, hve staðhættir eru ólíkir víða á landinu, heldur verður þetta framkvæmdaratriði á hverjum stað. Hinsvegar er ekki nema sanngjarnt í alla staði, að leigutaki fái bætur fyrir að landið er þannig tekið af honum, því að hann er um leið sviptur arði af því, sem hann er búinn að rækta.

Þá þótti hv. þm. V.-Húnv. einnig sem ákvæði 18. gr. mundu leiða til of mikils kostnaðar. Þó skildist mér, sem hann vildi ekki mæla á móti því, að eftirlit yrði haft með þessum leigulöndum, svo að við séum að því leyti til sammála, enda er nauðsynlegt, að eftirlit sé haft með því, hvernig ræktun þessara landa er hagað o. s. frv. Vil ég í þessu sambandi skýra frá því, að þótt frv. geri ráð fyrir, að sérstökum manni sé falið þetta eftirlit, hafði mþn. það í huga, að þeim búnaðarmálastjóranum, sem um ræktunar-

málin annast, yrði falið það á hendur. Ætti því ekki að þurfa að óttast það svo mjög, að mikinn kostnað leiði af þessu.

Hv. þm. N.-Ísf. þarf ég ekki að svara miklu. Það atriði, sem hann gerði að umtalsefni, var ekki stórvægilegt. Honum þótti varhugavert, að landræktarfélögunum er samkv. 4. gr. frv. heimilað að taka land eignarnámi, ef sveitarstjórnirnar vilja ekki sinna því. Þegar svo stendur á, er það þó í fyllsta máta sanngjarnt, að félagsskap, sem lætur sig ræktunarmál skipta, sé veittur þessi réttur, enda kemur slíkt ekki til framkvæmda nema almenningsheill krefjist þess, að landið fáist. Og þar sem meðmæli eftirlitsmannsins með þessum málum eru nauðsynleg til slíks eignarnáms, ætti þar með að vera fengin nægileg trygging fyrir því, að þetta verði ekki misnotað.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta að svo komnu. Þeir hv. þm., sem um frv. hafa talað, hafa tekið því fremur vel, og get ég verið þeim þakklátur fyrir þær aths., sem þeir hafa við það gert, þó að ég hinsvegar geti ekki á þær fallizt.

Pétur Ottesen: Hér hefir verið bent á nokkur atriði í sambandi við þetta frv., sem nauðsynlegt er, að sú n., sem málið fær til meðferðar, taki til athugunar. Er ég fyllilega samþykkur því, sem um þessi atriði hefir verið sagt, en vil gera nokkrar frekari aths. við frv. en þegar hefir verið gert.

Vil ég þá fyrst benda á það, að samkv. jarðræktarl. geta kaupstaða- og kauptúnabúar fengið land til ræktunar ef þeir óska eftir, a. m. k. ef um kirkju- og þjóðjarðir er að ræða. Og mér skilst einnig, að ákvæði jarðræktarl. nái út fyrir þetta, þannig að þeir, sem rækta vilja, geti fengið land af einstökum mönnum eða félögum, nema hvað frekari skorður eru settar við þessu í jarðræktarl. en í þessu frv., því að samkv. því geta bæjar- og sveitarstjórnir og þessi svokölluðu landræktarfélög tekið eignarnámi óræktuð lönd einstakra manna, sem liggja út frá kaupstöðum, án tillits til þess, hvort eigendur þessara landa hafa hugsað sér að taka þau sjálfir til ræktunar, og eins þó að búrekstur þeirra krefjist þess, að þeir noti löndin til beitar. Ég hefi ekki orðið var við nein ákvæði í frv., sem girði fyrir þetta. Má vera, að það stafi af því, að ég hefi aðeins lesið frv. lauslega yfir. Hefi ég verið veikur undanfarið og því ekki getað kynnt mér þetta svo sem skyldi. En ég hefi sem sagt ekki getað fundið neinar hömlur á eignarnámi lands samkv. frv., þó að slík skilyrði séu fyrir hendi, sem ég drap á, en með jarðræktarl. er girt fyrir þetta. Vænti ég þess því, að sú n., sem þetta mál fær til meðferðar, taki þetta til rækilegrar athugunar.

Þá hefi ég ekki heldur rekið mig á það, að neitt væri kveðið á um það í frv., hve margir þyrftu að vera félagar í þessum landræktarfélögum, svo að mér skilst, að ef t. d. 2 menn mynda slíkt félag með sér geti þeir heimtað, að þeim séu mæld út lönd til ræktunar. Til þess að þessar framkvæmdir komi að nokkrum verulegum notum, er hinsvegar nauðsynlegt, að nokkrir menn a. m. k. standi á bak við þær, og er því ennfremur ástæða til, að n. taki þetta atriði til athugunar.

Í frv. felst allmikil breyt. frá því, sem nú er venja til um erfðafestu. Eins og stendur mun það algengast, að ekkert sé tekið fram um það í erfðaleigusamningum, hversu fer um landið, þegar samningar eru runnir út, og mun það því falla til þess, sem á það á hverjum tíma. Get ég fallizt á, að rétt sé að setja einhver ákvæði til tryggingar því, að þeir menn, sem tekið hafa þessi lönd á leigu og ræktað þau, hafi áframhaldandi not af þessum verðmætum, sem þeir hafa skapað. Í frv. er gert ráð fyrir, að þessi lönd gangi í erfðir í ætt leigutaka. Þykir mér þar of langt gengið, því að landeigandi hefir meiri rétt í þessu efni en leigutaki, þrátt fyrir þó að verðmæti landsins hafi aukizt við ræktunina og af öðrum ástæðum. Þessi verðmætisaukning kemur eiganda ekki til góða, þegar land hans er metið til eignarnáms. Því að það er þá metið sem hvert annað óræktað land. Þó að ég viðurkenni fyllilega, að réttur leigutaka er ekki nægilega tryggður nú að l., þykir mér frv. að þessu leyti ganga of langt gagnvart þeim mönnum, sem þannig verða að láta land sitt af hendi.

Þykir mér því ennfremur þörf á, að þetta atriði sé tekið til athugunar í n.

Ég býst við því, að fleiri atriði þurfi að taka til athugunar í sambandi við þetta frv. en ég nú hefi rakið. Mér þykir t. d. tvísýnt, hvort rétt sé að ákveða afgjald af þessum löndum 5%. En það er auðvitað alltaf álitamál, hve háa leigu á að ákveða, þar sem þetta á að gilda fyrir framtíðina.

Ég verð að taka undir það með hv. þm. V.-Húnv., að það er eins og sérstakt mark á öllum frv. mþn. í landbúnaðarmálum, að í hverju frv., sem frá hendi n. kemur, er farið fram á það, að stofnuð verði einhver embætti. Í þessu tilfelli, sem hér um ræðir, var þetta þó a. m. k. óþarfi, ekki sízt þar sem hv. flm. hefir nú viðurkennt, að þetta eftirlit eigi að heyra undir Búnaðarfélagið. Og miðað við þann styrk, sem Búnaðarfélagið nýtur úr ríkissjóði, er ekki til of mikils mælzt, þó að það hafi þetta eftirlit með höndum án þess að það fái sérstaka borgun fyrir. Það heildarsamræmi, sem hv. flm. var að tala um, ætti líka að nást bezt með því móti, að þetta eftirlit yrði falið þeim manni, sem á að hafa útmælingarnar á þessum löndum með höndum, því að hann hefir mestan kunnugleika á því, hvernig þessu verður bezt hagað í framkvæmdinni. Ég hygg því, að bezt sé að fela Búnaðarfélaginu þetta eftirlit, og er þá óþarft að gera ráð fyrir að dubba upp nýjan embættismann til þessara starfa.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en vil vænta þess, að sú n., sem frv. fær til meðferðar, taki þessi atriði, sem ég hefi bent á, til rækilegrar athugunar. Ég get búizt við því, að rétt sé að setja l. um þetta efni, en þau verður að miða við þær þarfir, sem fyrir hendi eru, og koma þeim sem haganlegast fyrir, svo að ekki sé gengið á rétt eins eða annars í þessu efni.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Það er ágætt að fá fram aths. við frv. þegar við þessa umr., því að þá eru meiri líkur til, að landbn. takist að gera það vel úr garði.

Hv. þm. Borgf. taldi, að jarðræktarlögin nægðu um þetta efni, og þyrfti því ekki nýja lagasetningu. En reynslan hefir nú einmitt sýnt, að þau nægja ekki, og því helzt enn sama óreglan í þessu efni, að ekki hefir verið hægt að nota ákvæði jarðræktarlaganna. Þetta frv. er því til stórra bóta, enda viðurkenndi hv. þm. Borgf. það í öðru orðinu og taldi þörf á nýrri löggjöf.

Hv. þm. Borgf. drap á ákvæði 11. gr., þar sem svo er til tekið, að þótt verð á landi hækki af öðrum orsökum en ræktun, þá njóti jarðeigandi ekki góðs af því. Ég álít heldur ekki rétt, að hann geri það, ef hækkunin er að engu leyti fyrir hans atbeina. Annars er þetta ekkert aðalatriði í frv. Hinsvegar er það mín persónulega skoðun, að það sé síður en svo æskilegt, að mikil verðhækkun eigi sér stað á landi, svo að hún skapi mönnum aukin gjöld.

Þá drap hv. þm. Borgf. á það ákvæði frv., að fela sérstökum manni umsjón þessara mála, og vildi, að Búnaðarfél. Íslands hefði þau með höndum. Í 5. gr. frv. er vikið að því, hvað ætlazt er til, að Búnaðarfél. starfi kauplaust að þessum málum. Hinsvegar hefi ég ekkert á móti því, að jarðræktarráðunaut félagsins eða búnaðarmálastjóra verði falið eftirlitið. En ég tel réttara að fela það einhverjum ákveðnum manni en Búnaðarfél., án þess að nánar sé til tekið. Samræmis vegna teldi ég réttast, að það væri búnaðarmálastjóri. Auðvitað hlyti að leiða nokkurn kostnað af þessu eftirliti fyrir Búnaðarfél., sem greiðast yrði óbeint úr ríkissjóði. Ég geri fyrir mitt leyti ekki að kappsmáli, hvor leiðin er farin.

Hannes Jónsson: Það eru nokkur atriði í 11. gr., sem mér sýnast óljós og þarfnast frekari skýringa en fram hafa komið. Þar stendur m. a. svo: „Nú verða síðar breytingar á verðgildi peninga, og skal þá hvorum aðila um sig heimilt að krefjast þess, að matsverðið og leigan sé fært til þess verðgildis, sem þá er". Nú er verðgildi peninga ávalt að breytast, eins og kunnugt er, og hefir breytzt mjög síðastl. hálfa öld. Er þá tilætlunin, að fram fari endurmat, ef breyting verður á verðgildi gulls, eða ef íslenzk króna breytist gagnvart erlendum gjaldmæli? Þetta er ekki vel ljóst, en þarf að koma skýrt fram.

Ég hefi ekki veitt því eftirtekt, að fara

ætti fram nema eitt allsherjarmat á landi, sem tekið er eignarnámi. En mér finnst hart, að menn, sem missa land á þennan hátt, njóti þess ekki í neinu, ef verðbreyting verður á landi. Hv. flm. vissi ekki, hvort land skyldi metið til eignarnáms eftir því notagildi, sem af því er, þegar það er tekið eignarnámi, eða eftir því notagildi, sem ætla má, að það geti öðlazt. Þetta virðist þó skipta allmiklu máli, og er hart, ef landeigendur njóta þess að engu, hvaða möguleikar búa í því landi, sem af þeim er tekið.

Hv. þm. Borgf. sagði, að eftir frv. gæti vel farið svo, að beitarland yrði tekið af jörðum. Ég held, að vel gæti komið fyrir, að engjar færu sömu leið, því að þær eru víðast ræktað land. Ég þekki jarðir við kaupstaði, sem hljóta að rýrna stórkostlega í verði ef ræktað land er af þeim tekið. Í ræktaða landinu liggja oft og tíðum mestu framtíðarverðmætin. Er það allhart, ef ganga á svo nærri rétti einstaklinganna, að það, sem eftir er skilið af landi, verði þeim lítils eða einskis virði. Ef ræktunarland er tekið af jörð, sem hefir nóg beitarland, kemur beitarlandið ekki að gagni. Í frv. er ekki fyrirbyggt, að þetta geti átt sér stað, og vil ég æskja þess, að hv. landbn. hindri, að svo geti farið.

Mér skilst á ákvæðum 11. gr., að ef breyting verður á leigumála, þá gangi hækkunin til sveitarsjóðanna. En hvaða réttlæti er í því? Þeir einu, sem þetta kemur við, er sá, er landið var tekið af, og sá, er landið hefir á leigu. Milliliðnum kemur þetta ekki við. Þetta ákvæði er því alveg hugsunarlega skakkt (JörB: Þetta er hugsunarlega skakkt hjá hv. þm. sjálfum).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17. shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

52. Verzlunarnám og atvinnuréttindi verzlunarmanna.

Á 16. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um verzlunarnám og atvinnuréttindi verzlunarmanna (þmfrv, A. 93).

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Ólafsson): Eins og grg. frv. sýnir, er það samið af Verzlunarmannafélaginu Merkúr og Verzlunarmannafél. Rvíkur, í samráði við Verzlunarráðið og Verzlunarmannasamband Íslands. Má því gera ráð fyrir, að málið sé vel undirbúið, og þótt við flm. höfum allir óbundnar hendur um að flytja við frv. þær brtt., sem okkur sýnist, þótti okkur engu að síður sjálfsagt að taka að okkur að flytja það. Verzlunarstéttin hefir lengi haft þessi mál á döfinni, og um þau hefir staðið talsverður styrr innan hennar, en nú virðist samkomulag hafa náðst að mestu leyti. Það er nú svo, að stéttaskiptingin í atvinnuvegunum er ávallt að verða gleggri og gleggri. Skal ég ekki um það segja, hve heppilegt það er að loka að miklu leyti sumum atvinnugreinum fyrir mönnum af því að þeir eru ekki fagmenn, en stefnan gengur nú í þessa átt. Hér hefir verið samin löggjöf um iðju og iðnað, og því varla hægt að neita verzlunarstéttinni um nokkra vernd gegn því, að allir geti vaðið inn á svið hennar. Núgildandi lög um þetta efni eru frá 1909 og eru því orðin úrelt í mörgum greinum, og á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hefir alstaðar verið krafizt meiri þekkingar af verzlunarmönnum.

Nú er hér á leiðinni gegnum þingið frv. um bókhald, sem gerir marga bókhaldsskylda, sem áður voru það ekki, og af því hlýtur að leiða auknar kröfur til þekkingar. Hinsvegar álít ég, að of langt megi ganga í því að útiloka menn frá verzlunarstarfinu, og geri ég því ráð fyrir, að frv. taki allmiklum breyt. í meðförunum. Vænti ég, að því verði vísað til 2. umr og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 10. apríl, var útbýtt nál. frá allshn., á þskj. 361, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

53. Sauðfjármörk.

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um sauðfjármörk (þmfrv., A. 94).

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Pétur Ottesen: Ég vil aðeins skjóta því til hv. flm., hvort honum sýnist ekki rétt að segja nokkur orð um frv., þar sem það er nýmæli að taka upp í löggjöfina ákvæði um þetta efni.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég get að mestu leyti látið nægja að skírskota til grg. Ég ætla, að þar sé gerð allrækilega grein fyrir, hvernig þessu máli er háttað. Og það er vafalaust, að flesir hv. dm. hafa kunnugleika á þessu máli, svo að ég þarf ekki að vera fjölorður að þessu sinni.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að réttur manna á mörkum sauðfjár er lítill. Grg. þessa frv. sýnir rækilega, hve mikið er um sammerkingar og námerkingar á landinu. Hér á þingi hafa heyrzt raddir um að bæta úr því, en þá hefir strandað á því, að mönnum hefir ekki þótt till. þær, sem komið hafa fram, þannig, að líklegt væri, að markeigendur mundu geta sætt sig við þær. En ég ætla, að með þessu frv. sé siglt framhjá þeim ásteytingarsteinum.

Eftir því, sem fleiri stórár eru brúaðar og greiðari samgöngur verða á milli héraða, því meiri þörf er á, að komið sé skipulagi á þetta mál. En eftir því, sem núgildandi lög mæla fyrir um þetta, má heita, að markeigendum sé enginn réttur tryggður á mörkum sínum. Þess vegna er mikið um sammerkingar, sem eru nú þeim mun bagalegri en fyrr, sem samgöngur eru nú betri en áður og fé á auðveldara með að komast á milli héraða. Það mætti ætla, að menn hefðu nú í seinni tíð sýnt meiri varúð gagnvart sammerkingum en áður. En þær markaskrár, sem síðast hafa verið gefnar út, sýna, að sammerkingum og námerkingum er að fjölga. Námerkingarnar eru ekki miklu betri en sammerkingar. Þó að tvö mörk séu lítið eitt frábrugðin hvort öðru, þá er það oft engu betra en algerð sammerking. Og þar sem óhætt er að segja, að menn hafi talsverðra hagsmuna að gæta í þessum efnum, þá verður þingið að koma skipulagi á það. Þess vegna er þetta frv. fram komið. Með því er ætlazt til, að bætt verði úr þessari brýnu þörf. Hinsvegar treystum við, sem höfum samið frv., okkur ekki til að fullyrða, að við höfum að öllu leyti hitt hér á þá heppilegustu leið, sem unnt er að fá í þessu efni. Við væntum því, að þeir hv. dm., sem kunnugleika hafa í þessu máli, komi fram með till., sem verða megi til bóta.

Okkur, sem höfum undirbúið þetta mál, virtist, að ekki væri mögulegt að ráða bót á þessu máli, nema nokkrir menn væru skipaðir í dóm, sem hefði úrskurðarvald í því, hvernig mörkum skyldi hagað um land allt. Hefði landinu verið skipt niður í viss umdæmi, sem hvert hefði ráðið þessu út af fyrir sig, þá hefði ekki verið hægt að hafa nærri því eins gott skiplag á þessum málum og næstum ómögulegt að koma í veg fyrir sammerkingar.

Ég hirði ekki um að fara út í einstök atriði frv. nú. Ef menn hafa lesið grg. frv., þá hafa menn séð glögga grein gerða fyrir frv.

Þau ummæli hafa verið látin falla hér fyrir skömmu, að mþn. hafi gert sér far um að stofna til óþarfra embætta. En ég minnist þess ekki, að mþn. hafi lagt neitt til, sem aukið hafi kostnað umfram það, sem verið hefir. En ef lagt er til, að framkvæma skuli eitthvert nýmæli, þá er það oftast ekki hægt nema með auknum kostnaði. Og það hefir verið venja n. að líta fyrst og fremst á gagnsemi og þýðingu málsins.

Gjald það, sem í frv. er gert ráð fyrir, að menn greiði fyrir að fá mörk sín prentuð, er nokkru hærra en áður hefir tíðkazt í sumum héruðum, en í öðrum héruðum mun það hafa verið meira, a. m. k. ef sami maður hefir haft fleiri en eitt mark. Ég tel það heldur ekki miklu máli skipta, hvort menn greiða 50 au. meira eða minna á nokkurra ára fresti. Það er vitaskuld algert aukaatriði. Höfuðatriðið í þessu máli er, að gott skipulag geti fengizt á það og mönnum sé tryggður skýlaus réttur á sauðfjármarki sínu. Og ég vænti þess, að landbn., sem ég legg til, að þessu frv. verði vísað til, geri sitt bezta til, að frv. nái fram að ganga, svo að einhver bót verði ráðin á þeirri óreiðu, sem hingað til hefir ríkt í þessu efni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið að sinni.

Hannes Jónsson: Hv. flm., 1. þm. Árn., var með hálfgerðan skæting til okkar, sem viljum fara varlega í því að auka mikið gjöld ríkissjóðs, og ég tek mér það mjög létt. Hv. flm. sagðist ekki geta verið að leggja sig í bleyti til að gera sér grein fyrir, hver útgjaldaauki yrði af þessu frv. Mér kom þessi yfirlýsing hv. þm. ekki á óvart, því hún er mjög í samræmi við stefnu hans og annara þm. Árnesinga fyrr og síðar, sérstaklega hafi verið um það að ræða að veita fé til framkvæmda í héraði þeirra. Þá hefir ekki verið um það hugsað, hvað verkið kostaði, eða hvort héraðið gæti risið undir kostnaðinum að sínum hluta. Niðurstaðan hefir orðið sú, að ríkið borgar brúsann, þegar allt er komið í óefni. Þessi hugsunarháttur, að vilja ekki gera sér grein fyrir kostnaði framkvæmdanna, er fordæmanlegur, þó í smærri málum sé.

Hv. flm. vildi halda því fram, að mþn. hefði ekki komið með neinar þær till., sem hefðu aukin útgjöld í för með sér. Ég býst við, að þetta sé ofmælt. Til þess að sannfærast um það, þarf ekki annað en athuga þetta frv. Í því er gert ráð fyrir það háu gjaldi, sem menn verða að greiða mörkum sínum til birtingar, að það er tvöfalt hærra en áður hefir verið víða um land, a. m. k. í mínu kjördæmi. Við þetta bætist svo það, að markavörður skal fá 3000 kr. laun auk dýrtíðaruppbótar, og er það embætti nýtt. Hinsvegar finnst mér það einkennilegt, að þeir, sem mörkum safna í hverju héraði, skuli ekki eiga að fá meiri laun fyrir starfa sinn en 10% af markagjaldinu, eins og n. leggur til í frv. Það er áreiðanlegt, að n. hefir reynt að sjá fyrir því, að þeir, sem starfa að markasöfnun úti um sveitir landsins og hafa fengið lítið fyrir starfa sinn, þeir fái ekki neina launahækkun fyrir starf sitt í þágu þessa máls. Hér er dregið af því, sem sýslunefndir hafa ákveðið, að þeir skyldu fá, og mun þó óhætt að fullyrða, að sýslunefndir hafa ekki gengið of langt í því efni.

Hv. flm. þarf ekki að vera með nein gífuryrði í garð okkar, sem viljum draga úr þeim kostnaði, sem stofnað er til að óþörfu. Hann stendur ekki á föstum grundvelli, þegar hann heldur því fram, að mþn. hafi ekki stofnað til mikils kostnaðar. Ég veit ekki, hvað þessi markadómur kemur til með að kosta, en ég get hugsað, að það verði talsvert mikið. Hann þarf að vera allur í Rvík, hvenær sem ný markaskrá á að koma út á prenti, og þegar markaskrá er prentuð á hverju ári, þá verður þetta samfellt starf þessara manna, a. m. k. að vetrinum. Kostnaður við þennan markadóm verður því verulegur.

Ég get ekki annað en kallað það órétt, hvernig skipta skal mörkum milli héraða. Eftir þessu frv. eiga markeigendur að missa rétt til marks síns, ef það er í markaskrá annarar sýslu. T. d. eiga Húnvetningar engan rétt að hafa á þeim mörkum, sem prentuð eru í markaskrá Borgarfjarðarsýslu.

Það gæti nú vel komið fyrir, að einhver maður í Borgarfirði tæki sér mark, sem í heilan mannsaldur hefði átt heima í Húnavatnssýslu. Finnst mér því ekki ofmælt, að Borgfirðingum sé gert nokkuð hátt undir höfði, ef markið er tekið af hinum. Enda mælir allt réttlæti með því, að sá haldi markinu, sem lengst hefir haft það.

Þegar þetta frv. verður lagt fyrir landbn., vildi ég mælast til, að það væri lagfært þar, ef kleift verður. Þó vil ég

sérstaklega leggja áherzlu á, að þar verði vendilega athugað, hvort þess sé ekki kostur að sleppa við þann kostnaðarauka, sem samning þeirrar markaskrár, er frv. gerir ráð fyrir, hlýtur að hafa í för með sér.

Pétur Ottesen: Ég frétti það rétt áður en ég fór að halda þingmálafundina, að von væri á frv. um sauðfjármörk frá stj. Vissi ég ekki gerla um form þess og innihald og gat því ekki skýrt kjósendum frá því. Hinsvegar var mér kunnugt um það, að ýmsar till. höfðu verið uppi á undanförnum árum um þetta mál. T. d. gekk ein till. í þá átt, að ákveða sérstakt yfirmark fyrir hverja sýslu, eða jafnvel hvern hrepp. Á fundum var samþ. að skora á þingið að breyta þessum lögum ekki nema í samráði við sýslunefndir landsins. Afleiðingin hefði orðið sú, að fjöldi manna hefði orðið að leggja niður mörk sín. Í þessu frv. er þó ekki farið inn á þá braut að fella mörkin niður. Nú stendur svo á, að heimild vantar til þess að ákveða um eignarréttinn, ef á milli ber um eitthvert mark, t. d. sammerkt eða námerkt. Ég vil nú benda hv. dm. á, hvort þetta mál sé ekki betur leyst með því að skipa markadóm, sem svo gilti fyrir þau svæði, þar sem um samgang sauðfjár er að ræða. Finnst mér þetta vera heppilegra en það, sem bent er á í þessu frv., sem sé, að hafa þriggja manna dóm — einn fyrir allt landið —, sem eigi sæti í Rvík. Þetta hlýtur alltaf að vera þyngra í vöfum og óþægilegra en að hafa fleiri markadóma. Því stundum gæti orðið tafsamt að ná til þessa markadóms í Rvík fyrir þá, sem búa á hinum fjarlægustu stöðum. Auðvitað er það mikilsvert atriði, að glöggir menn og áhugasamir í þessu efni séu valdir í þessa stöðu. Og er ég þess fullviss, að úti um sveitir landsins myndu menn verða valdir með sérstöku tilliti til þess. Skal ég í þessu sambandi geta upplýsinga, er ég fékk hjá hv. þm. S.-Þ. um markadóm, er Suður-Þingeyingar og Eyfirðingar höfðu, og hefir þeim tekizt allvel að útrýma sammerkingum. Virðist það að þeirra dómi heppilegri lausn á málinu en að sækja allt til þessa eina markadóms í Rvík. Vil ég skjóta því til landbn., hvort hún sjái sér ekki fært, ef til kemur, að greiða úr málinu á þann hátt, sem ég hefi hér gert ráð fyrir.

Þeir menn, sem starfa að opinberum málum í sveitum og héruðum, hafa að jafnaði litla eða enga borgun fyrir verk sín, en hér er gert ráð fyrir föstum hálaunuðum embættum. Hv. þm. V.-Húnv. hefir bent á, að gert sé ráð fyrir, að menn greiði meira fé fyrir prentun marka samkv. frv. en nú á sér stað, jafnvel helmingi meira, miðað við Húnavatnssýslu. Þykir mér það sennilegt, eftir því sem er í Borgarfjarðarsýslu. Er gert ráð fyrir 2 kr. gjaldi, sem getur þó hækkað upp í 5 eða jafnvel 10 kr. Auk þess er sérstakt gjald fyrir að prenta brennimörk, 50 aurar fyrir markið.

Vil ég svo biðja landbn. að athuga, hvort ekki sé hægt að koma upp markadómum fyrir þau héruð, þar sem um mikinn samgang fjár er að ræða.

Hv. þm. V.-Húnv. hefir nú að gefnu tilefni svarað hv. flm. svo rækilega, að ég sé ekki ástæðu til að gera það frekar í þetta skipti. Þó get ég ekki stillt mig um að minnast á orð hans, er hann var að tala um kostnaðarhliðina. Hann sagði, að kostnaðurinn skipti sig engu máli. Það vil ég segja, að þessa hugsunarháttar hefir gætt of mikið í fjármálastjórn þessa lands upp á síðkastið. En mér finnst, að þegar svona hugsunarháttur skýtur upp kollinum, þá megi maður ekki láta neitt tækifæri ónotað til þess að fordæma hann á allan hátt og reyna að kveða hann niður. Á því byggist framtíð þjóðarinnar.

Jón Sigurðsson [óyfirl]: Það má segja, að það sé óþarfi fyrir mig, sem er í landbn., að fara að standa upp hér. En það er einungis vegna þess, að ég sé engin líkindi til þess, að frv. þetta fái þar nokkra afgreiðslu. Svo er nefnilega mál með vexti, að svo að segja daglega og oft á dag er vísað málum til landbn. Störf hennar hljóta því smátt og smátt að vaxa svo mjög, að hún hætti að skila áliti nema um nokkuð af þeim málum, er þangað koma. Og er næsta hætt við, að ekki vinnist tími til að taka þetta frv., sem hér liggur fyrir, til verðskuldaðrar athugunar. Þetta frv. er nýmæli, sem ekki

hefir legið fyrir nú mörg undanfarin þing, og er ég n. þakklátur fyrir að hafa hreyft þessu máli, þótt ég hinsvegar sé henni ekki sammála um leiðir til þess að ráða bót á þeirri óstjórn, er nú ríkir á þessu sviði. Hitt þætti mér einkennilegt, ef bændur gerðu sig ánægða með það, að hver gikkurinn gæti tekið sér eignarrétt á marki fjárríkustu bænda í næstu sýslu. Þetta stafar af því, að samvinnu vantar milli sýslufélaganna sjálfra. Áður fyrr var bent á tvær aðferðir til þess að bæta úr þessu. Önnur var sú, sem kennd er við Björn bónda í Grafarholti, að breyta öllu okkar markakerfi. Hin, að hafa sérstakan markavörð til að yfirlíta þessi mál. Þá aðferð hefir n. valið. Ég er þessu mótfallinn. Ég vil, að nokkrar sýslur hafi samvinnu um þessi mál, nokkurskonar lögþvingaða samvinnu um prentun markaskrár, og kjósi menn til þess að fyrirbyggja það, að nýjar sammerkingar skapist. Með þessu hygg ég, að hægt sé að koma í veg fyrir sammerkingar að mestu eða öllu leyti. Þessir menn koma fram sem markadómur, sem hægt er fyrir menn að skjóta málum sínum til, ef ágreiningur verður. Ég get tekið undir það með þessum tveim hv. þm., er töluðu nú síðast, að mér finnast markagjöldin nokkuð há, og munu þau vera helmingi hærri en í mínu kjördæmi. Það er áreiðanlega hægt að gera þetta með miklu minni kostnaði, ef kunnugir menn eru valdir, sem hvert sýslufélag treystir bezt. Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði, en vildi aðeins benda á þetta, ef verða kynnu frekari umr. um þetta mál núna.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég get verið hv. dm. þakklátur fyrir það, að þeir hafa séð nauðsyn þessa máls og viðurkennt, að hér þurfi breyt. til batnaðar. Þótti mér vænt um að heyra slíkt frá mönnum, sem kunnugleik hafa á ástandinu. Hitt er mér vel kunnugt, að sú venja er mjög rík að líta á markið eins og helgan dóm, sem aldrei að eilífu megi breyta eða glata. Af þessu hefir svo stafað hin mesta réttaróvissa um margar sammerkingar og námerkingar.

Ég er nú að hugsa um að fara aftan að síðunum og byrja á ræðum þeirra tveggja þm., er síðast töluðu, og byrja á því að snúa mér að hv. 2. þm. Skagf. Við ræðu hans hefi ég mjög fátt að athuga. En þó er ég óviss um, að hægt verði að koma í veg fyrir sammerkingar með þeirri aðferð, sem hann og hv. þm. Borgf. héldu svo mjög fram, sem sé með héraðsdómi. Samgangnasvæðið er oft afarstórt. T. d. ef Húnavatnssýsla og Skagafjarðarsýsla og Eyjafjarðar kæmu sér upp markadómi, þá yrði Borgarfjörður og Mýrar og Árnessýsla að vera með í dómnum. (JS: Borgarfjarðar- og Árnessýsla myndu vitanlega skjóta málum sínum til þeirra, ef svo stæði á). Ég stórefast um, að þessi aðferð verði nokkuð ódýrari; er frekar viss um það gagnstæða, en skal þó játa, að kostnaðinum er dreift meira. Í stað 3 manna í Rvík koma þá a. m. k. sem svarar 3 í hverjum landsfjórðungi, þ. e. a. s. 12 menn í stað 3 alls. Og svo óttast ég, að þetta verði aldrei fullnægjandi ráð til þess að koma í veg fyrir sammerkingar, þar sem ég efast um, að tími vinnist til þess að hafa góða samvinnu milli þessara mörgu markadóma. Nær vitanlega engri átt að halda því fram, að þetta yrði ódýrara. Annars er ég tveim síðustu ræðumönnum þakklátur fyrir þann áhuga, sem þeir virðast hafa á þessu máli. En svo skal ég til þess að láta alveg ganga yfir þessa 2 hv. þm., er varð svo tíðrætt um kostnaðarhliðina, segja þeim það, að ég læt mér alveg í léttu rúmi liggja, þótt þessir mörgu markadómar verði margfalt dýrari. Ef þessir hv. fulltrúar kalla þetta yfir sig, þá þeir um það. Þessir hv. þm. notuðu sér tækifærið til þess að snúa út úr orðum mínum og víkja að mér á miður sæmilegan hátt, og er þeim það sízt of gott, ef þeir hafa smekk fyrir slíku og telja það helzt við eiga. Skal ég geta þess, að við í n. höfum vitneskju okkar um kostnaðinn við prentun markaskrárinnar eftir gegnum manni, sem gott vit hefir á þeim hlutum. Ætlaði hann, að kostnaðurinn myndi nema sem svaraði 40 þús. kr. við það að prenta öll mörk landsins. **(Raddir í salnum:** Það nær ekki nokkurri átt!). Gert var ráð fyrir nokkrum kostnaðarauka í byrjun, en við vildum láta þetta fyrirtæki bera sig og álitum, að ekki bæri að

horfa í, þótt einstakir menn yrðu að greiða nokkru meira fyrir prentun markanna en áður hefði verið; það munaði hvort sem væri aldrei miklu. Ef það er rétt, að gjöldin við þetta verði miklu minni, er hægt að miða gjöld markeigenda við það.

Hv. þm. Borgf. talaði um markadóm Þingeyinga og Eyfirðinga, en um hann vil ég segja það, að hann er, eins og ég áður hefi bent á, ekki allskostar fullnægjandi, þó til bóta sé. Þá var hv. sami þm. að víta þann hugsunarhátt, að ég léti mig litlu skipta, hvað þessar breyt. kostuðu. Ég bjóst ekki við, að hann myndi misskilja orð mín, og hélt, að honum væri það fyllilega kunnugt, að stundum er eyrirrinn sparaður, en krónunni kastað, og einmitt í þessu mundi svo reynast mörgum fjáreigandanum, ef smákostnaðarauki við prentun marka yrði látinn valda því, að ekki verði ráðin bót á þessu máli. Annars mun ég ekki gera það frekar að umtalsefni.

Ég er þá búinn að drepa á aths. þeirra hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Skagf. Og þótt þeir vilji snúa ýmsu á aðra leið, þá er ég þeim samt þakklátur fyrir það, að þeir vilja athuga málið og viðurkenna þörfina á því, að eitthvað sé gert til að kippa því í lag.

Þá skal ég stuttlega víkja að þeim hv. þm., sem fyrstur hreyfði andmælum gegn frv. Það var hv. þm. V.-Húnv. Hann vék nú að nokkru öðru en þessu máli, sem hér liggur fyrir. En þar sem hann gerði það nokkuð á sérstakan hátt, þá get ég verið fáorður um það. En ég vil segja það eitt, að ég tel það rétt af honum, þegar hann vill láta ljós sitt skína á þennan hátt, að kasta hnútum sínum til þeirra, sem lifandi eru, en ekki að þeim, sem eru dánir. Það getur verið réttmætt að kasta þeim að núverandi þm. Árn., en hann ætti að stilla sig um að kasta þeim að fyrrv., dánum þm. þess héraðs. (HJ: Eru allir þm. Árn. dauðir?). Nei! Hv. þm. hlýtur líklega það eitt á skorta, að við erum ekki allir dauðir. En ég skal ekkert kvarta. Hv. þm. má gjarnan þjóna lund sinni eftir því sem hann hefir skaplyndi og manndóm til. Um till. mínar á meðferð landsfjár samanborið við hans till. skal ég ekki dæma sjálfur. Aðrir, sem eftir okkur koma, munu um það dæma. Og ég mun bíða þess dóms rólegur.

Mér þótti vænt um eitt atriði í ræðu hv. þm. Hann sá þó nauðsynina á því, að eitthvað sé gert til þess að losna við það vandræða- og ófremdarástand, sem hinar tíðu sammerkingar og námerkingar valda. En ég er hræddur um, að hv. þm. hafi ekki lesið frv. og hafi því átt erfitt með að gera sér grein fyrir einstökum atriðum þess. Af því leiðir þá líka, að aths. hv. þm. voru á misskilningi reistar. Hann hélt t. d., að prenta ætti allar markaskrár árlega. Máske hefir honum orðið mismæli. En þar sem markatöflur hverrar sýslu á að prenta 5. hvert ár, þá koma vitanlega nokkrar markaskrár út árlega. Verkið við þetta verður vitanlega mest á fyrstu umferðinni. En þegar því er lokið og búið er að koma skipulagi á mörkin, verður verkið vitanlega miklu minna úr því.

Þá þótti hv. þm. illt, ef hans kæru Húnvetningar misstu sín mörk fyrir það, að markaskrár Borgfirðinga væru prentaðar á undan. En þetta er alger misskilningur. Það á engin áhrif að hafa, hvor taflan verður prentuð á undan. Í frv. er gert ráð fyrir því, að erfðamörk hafi fyllstan rétt, þá aldur marka o. s. frv. — Hitt getur verið álitamál, hvort mest beri að meta þessi atriði, eins og þm. gerir ráð fyrir. Ég hygg þó rétt, að arfur og aldur ráði að öðru jöfnu.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta nú. Mér þykir vænt um, að hv. þm. hafa viðurkennt, að þörf sé á umbótum í þessu efni. Það má vera, að eitthvað greini á um leiðir. En að öllu vandlega athuguðu, þá held ég þó, að markið náist bezt með till. okkar. Við vildum aðeins tryggja það, að verkið yrði unnið sem bezt. Ef önnur leið finnst jafngóð, þá er ekkert við það að athuga, þótt hún sé farin.

Bernharð Stefánsson: Hv. meðflm. minn er nú búinn að taka af mér ómakið við að svara þeim aths., sem fram hafa komið gegn frv. Enda er það svo, að þótt ég sé meðflm. þessa frv., þá er ég þó ekki svo bundinn við hvert atriði þess, að ég geti ekki verið rólegur, þótt

aths. séu við það gerðar. Það getur því vel verið, að ég í landbn. geti fallizt á ýmsar breyt. á frv. Er líka gott, að aths. komi fram, ef þær eru gerðar með velvild til málsins.

Það var aðallega eitt atriði hjá hv. þm. Borgf., sem kom mér til að kveðja mér hljóðs. Hann minntist á, að samvinna hefði verið í nokkur ár milli Eyfirðinga og S.-Þingeyinga um samvinnu markaskráa og taldi, að þetta hefði gefizt vel. Virtist hv. þm. út frá þeirri reynslu helzt hallast að því, að slíkum markadómum yrði komið upp víðsvegar um land með samtökum sýslnanna, í stað allsherjarskipulags þess, sem frv. gerir ráð fyrir. Það er rétt, að þessi markadómur er til og hefir gefizt vel, það sem hann nær. Hann hefir talsvert bætt úr ástandinu eins og það áður var, og þó ekki til fullnustu. Þótt hann hafi komið í veg fyrir sammerkingar milli S.-Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslu, þá haldast þó sömu vandræðin milli Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu um sammerkingar. Þessi leið, að setja á stofn markadóma, kom til orða í mþn. En það þótti sýnt, að ef ekkert allsherjarvald væri til, sem næði yfir allt landið, þá yrði aldrei fullnaðargagn að slíku, þar sem einmitt takmörkin eru víða svo óljós um samgöngur milli héraða, að ekki er hægt að afmarka landið í sérstök svæði, þar sem engar samgöngur fjár væru á milli. Því sýndist mþn., að allsherjardómur eða yfirstjórn þessara mála fyrir landið allt, myndi koma að fyllri notum. Þó t. d. 10 markadómar væru starfandi, hver fyrir sitt afmarkaða svæði, þá mundi ekki vera þægilegt að koma þeim svo fyrir, að ekki kæmu að baga sammerkingar þeirra í milli. Eitthvert úrskurðarvald annað verður þá að vera um slíkt. Það má vera, að einhvert einfaldara fyrirkomulag megi finna en það, sem er í frv. Er þá sjálfsagt að taka það, ef það reynist jafngott. En ég skil þó ekki í því, að það sé hægt. Ég held, að allsherjardómur sé það eina, sem dugi. Þó eitthvað megi finna ódýrara, þá verður það varla eins gott.

Ég get ekki tekið undir það, að engu máli skipti, hvort markgjaldið sé t. d. 1 eða 2 kr. En ég er viss um, að það ólag, sem nú er á þessum málum, hefir þó valdið mörgum manni miklu meiri útgjöldum en prentun marksins nemur samkv. þessu frv.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta. En ég vil þó áður en ég lýk máli mínu minnast á ummæli hv. þm. V.-Húnv. Ég er hræddur um, að hann kenni mþn. í landbúnaðarmálum meira en hún á skilið, þegar hann segir, að það sé einkenni á henni, að hún vilji auka embættiskostnað. Hann drap á starf, sem lagt er til að verði stofnað samkv. laxafrv. En þessi n. hefir engin afskipti haft af því máli. Ég held, að um aukin störf sé ekki að ræða í þeim frv., sem frá þeirri mþn. hafa komið, nema í þessum tveimur, sem rædd hafa verið hér í dag. Ég held því, að það sé fullmikið sagt, að segja, að um aukin störf sé að ræða í hverju máli, sem frá þeirri n. kemur.

Jón Sigurðsson [óyfirl.]: Hv. flm. dró mjög í efa, að hægt væri að leysa málið á þann hátt, sem ég lagði til. Ég skal því skýra till. mína nokkuð nánar. Í þessu máli eru tvö höfuðatriði. Annað er að fyrirbyggja sammerkingar. Ég býst nú við, að allir geti orðið sammála, hv. flm. líka um það, að auðvelt sé að fyrirbyggja þær með því að hafa markaeftirlitsmenn á sama hátt og ég lagði til. Þetta er svo einfalt sem mest getur verið. Aðeins þarf að gera ráð fyrir því, að ný mörk verði sett á sérstaka skrá, svo fljótlegra sé að átta sig á þeim. Þarf þá ekki annað en að bera nýju mörkin saman við töflurnar og strika út þar, sem sammerking eða námerking finnst.

Hitt höfuðatriðið er að útrýma sammerkingum, sem nú eru til. Hv. flm. vilja setja til þess markadóm fyrir allt land. Ég held, að þess þurfi ekki. Ég tel, að því megi ná á ódýrari og einfaldari hátt. Ég býst við, að skipta þyrfti landinu í 5—7 svæði, og væri þá markaskrá hvers héraðs prentuð 5.—7. hvert ár, eða fyrir allt landið á 5—7 árum. Ef markverðir hverrar sýslu verða látnir skipa þessa dómstóla, þá er haganlegast, að hver, sem kæra vill mark, sendi kæruna til markvarðar þeirrar sýslu, sem hann á heima í. Verður þá kæran tekin fyrir af markadómstól þeim, sem heimili kæranda heyrir til. Ef engin kæra kemur

fram frá þeim, sem sammerking eða námerking eiga, þá er engin ástæða til fyrir markadóm að blanda sér í málið. Það er engin ástæða til þess, að saman komi fjöldi manna úr mörgum héruðum til markadóms, heldur dæmir hver markadómur þau mál, sem fyrir koma innan þess svæðis, sem þeir starfa á, og nærliggjandi samgönguhéraða.

Ég skal játa, að með þessu móti lagast ekki með sammerkingar á 1—2 árum. Til þess þarf sennilega 5—7 ár, og máske 14 ár eða lengri tíma. Það fer eftir því, hvort menn kæra, en slíkt verður að vera einkamál hvers einstaklings. Ef einhver kærir sammerking, þá er markadómur skyldur að sinna því. En sé ekki kært, þá verður vitanlega ógert að koma lögun á það mál.

Hvað kostnaðarhliðina snertir, þá get ég getið þess, og ég held, að ég skýri rétt frá því, að í Skagafjarðarsýslu er prentunarkostnaður kr. 1.00 fyrir gamalt mark, en kr. 1.50 fyrir nýtt mark. Mér þykir því áætlun n. skrítin og undarlega há. Ef 4—5 sýslur gerðu útboð um prentun á markaskrám sínum í einu, þá ætti að fást ódýrara tilboð heldur en við Skagfirðingar höfum fengið, sem verið höfum að bauka einir út af fyrir okkur.

Benedikt Sveinsson: Ýmsir hv. þm., þeir er betur kunna skil á þessu máli en ég, hafa nú tekið til máls. Skal ég því vera fáorður og fara fljótt yfir, þótt hér liggi fyrir merkilegt mál og margþáttað.

Vil ég fyrst flytja hv. flm. frv. þakkir fyrir atorku þá, er þeir hafa beitt til þess að búa frv. úr garði. Er þetta hvorttveggja: ið vandasamasta mál úr að ráða til gagnsmuna almenningi, vegna vandræða þeirra, er hlotizt geta af sammerkingum, en á hinn bóginn oft og einatt nokkuð viðkvæmt mál einstökum mönnum, markeigendum, er oft hafa fengið mörkin að erfðum, langt úr ættum eða að vingjöfum. Er mikill vandi á að sigla hér milli skers og báru.

Frv. er sprottið af góðum vilja hv. flm., en þess er eigi von, að þessir tveir hv. þm. beri svo kennsl á staðháttu alls Íslands, sem til þess þarf að semja lagafrv. um svo vandasamt efni, er hvarvetna megi við hlíta í landinu.

Hér er langa nót að að draga, og skal ég ekki þar um segja, hvort nefnd og þingdeildir megi giftu til bera að lúka svo mikilvægu máli á þessu þingi. Hygg ég og, að eigi muni allbrýn þörf að hrapa frv. þessu til framkvæmda.

Hitt er mér engu að síður fullkunnugt, að sammerkingar valda stundum vandræðum og óvissu, og stafa þær stundum af því, að menn taka upp mörk með hæpnum heimildum. Verður að gjalda varhug við þessu, enda er jafnan reynt að bæta úr slíku milli aðilja, svo sem ótal dæmi sanna. Þetta kemur nær eingöngu fram þeirra sveita í milli, er saman liggja eða eiga sameiginlegt upprekstrarland, og er markeigendum í lófa lagið að leysa vandræðin heima fyrir, án þess að koma þurfi til kasta allsherjar þjóðardómstóls.

Einkennilegar þykja mér þær staðhæfingar, sem hér hafa verið bornar fram, að inar miklu samgöngur síðustu ára valdi nauðsyn þessarar löggjafar. Ég kannast fullkomlega við það, að miklar vegabætur hafa verið gerðar á landi voru, en ég hugsaði nú, satt að segja, að nokkuð annað lögmál gilti um „samgöngur" manna en sauðkinda. Mannkindin fer ríðandi, akandi í bifreiðum og fljúgandi. En sauðkindin fer sínar eigin götur á fjórum fótum og tekur lítt í sína þjónustu samgöngutæki nútimans, ef svo mætti að orði kveða.

Víst er svo, að margar ár hafa verið brúaðar, en brýrnar eru þó fæstar á leiðum afréttafjár. Og þær brýr, sem eru við heiðar og á fjallvegum, eru oftast lokaðar með grindum, ef hætta þykir, að hross eða fénaður fari þar yfir annars kostar. Þó skal ég ekki synja fyrir það, að einstaka kind slæðist yfir brýrnar, sem ella mundi ekki yfir ána fara.

En ég vil benda á það, að umbætur þær, er gerðar hafa verið in síðari ár, miða yfir höfuð í alveg gagnstæða átt við það, sem bent hefir verið til, því að þær miða einmitt að því að torvelda samgöngur hinna ferfættu dýra.

Langar og miklar girðingar eru settar meðfram vegum, um heimalönd og milli afrétta héraða mjög víða um land allt, svo að afréttarfé er hamlað að rása sveita og héraða milli miklu fremur en

áður. Þetta mikilvæga atriði kemur mjög til greina í efni því, er hér liggur fyrir.

Þrátt fyrir þetta vil ég alls eigi halda því fram, að hér sé um alóþarft og ómerkilegt mál að ræða, heldur hitt, að mjög mun vafasamt, hvort reisa þurfi slíkt þjóðbákn til þess að við megi una, sem frv. hefir í sér fólgið.

Ég vil einkanlega biðja hv. n. að athuga það, að ákvæði þau í frv., er varða Þingeyjarsýslur, eru af nokkrum ókunnugleika sett. Þar fara alls eigi saman sýslumörk og fjallskilahéraðstakmörk, eins og frv. vill vera láta. Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu heyrir til fjallskilahéraði með Suður-Þingeyjarsýslu. Jökulsá á Fjöllum deilir þar fjallskilahéruðum, en ekki sýslum í byggð. Eru því ákvæði frv. um markaskrár í þessum byggðum alveg röng og út í hött, sakir ókunnugleika þeirra, er um hafa fjallað.

Óska ég, að þetta sé tekið til greina.

Ég vil svo að lokum leyfa mér að biðja landbn., sem fær frv. þetta væntanlega til meðferðar, að athuga þetta mál allt grandgæfilega og hafa ekki um of hraðann á. Skal nefndin ekkert álas frá mér hljóta, þótt hún lúki ekki því starfi á þessu þingi.

Hannes Jónsson: Hv. 1. flm. má sjálfum sér um kenna, ef honum hefir þótt ég svara of sterklega. Hv. þm. byrjaði með ákúrur á okkur, sem varlega viljum fara í það að auka útgjöldin.

Um það, sem ég sagði, að svo gæti farið, að tekin væru mörk frá Húnvetningum og lögð til Borgfirðinga, eða tekin mörk af einu héraði og lögð til annars, þá get ég ekki séð, þrátt fyrir mótmæli hv. flm., að nein skýr ákvæði séu um þetta í frv. (**JörB:** 15. gr.). Nei, þau eru einmitt ekki í þeirri gr. Og þótt ég lesi 16. gr., þá eru þau þar ekki heldur.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði hafið árás á dauða menn. Mér finnst nú allmerkilegt, ef ekki má nefna mál fyrir þá eina sök, að einhverjir eru dánir, sem við þau hafa verið riðnir á sínum tíma.

Ég held, að hv. 1. þm. Árn. væri þá bezt að hverfa sem fyrst úr þessum syndugu heimi, ef hann vill skjóta sér undan ábyrgð. (**ÓTh:** Er hann svona syndugur?) — Ég trúi, að það muni verða nokkuð örðugt að koma á fullri samvinnu milli markadóma héraða landsins. En það er hæpið, að fullnæging fengist á þennan hátt, þó að það mundi hafa minni kostnað í för með sér og þann stóra kost, að það yrði meiri trygging fyrir glöggskyggnum mönnum í þessa dóma. Þetta er atriði, sem landbn. getur máske greitt úr og leitt í betri höfn og kostnaðarminni en í frv. er farið fram á.

Þessa aths. vil ég gera við síðustu ræðu hv. flm. og vil mælast til við landbn., að hún gangi greinilega frá þessum ákvæðum 15. og 7. gr. frv. um rétt manna til marka sinna, sem þeir hafa haft.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

54. Sjóveita í Vestmannaeyjum.

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um sjóveitu í Vestmannaeyjum (þmfrv., A. 95).

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Nd., 10. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Þetta frv. hefir verið sent frá bæjarstj. Vestmannaeyja með þeim tilmælum að leggja það fyrir Alþingi.

Eins og kunnugt er, var stj. heimilað í fjárl. 1929 að láta 50 þús. kr. úr viðlagasjóði til sjóveitu í Vestmannaeyjum. Sjóveita þar er nauðsynleg til fiskverkunar, og þarf ekki hér að endurtaka rök þau, er fram voru borin fyrir nauðsyn hennar 1928, þegar stj. var veitt heimild þessi. Stj. hefir því miður ekki séð sér fært að nota þessa heimild, og í vetur kom loks endanlegt afsvar frá henni. Samt er verið

að hugsa um að koma sjóveitunni upp, og er gert ráð fyrir, að hún kosti 73 þús. kr. samkv. áætlun, er gerð hefir verið af vitamálastjóra eða verkfræðingum hans. Bænum er því nauðsynlegt að tryggja sér afrakstur af þessu fyrirtæki, en með því að svo er litið á, að engin gildandi lög eigi hér við, nema vatnalögin að nokkru leyti, álítur bæjarstj., að þurfi sérstök lög um sjóveituna og gjald af henni. Ég mun ekki fara hér út í einstakar greinar frv., en legg til, að því verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HK, JJós, JAJ, JÓl, JS, LH, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BÁ, EJ, JörB.

Átta þm. (GunnS, HStef, HJ, HV, IngB, SE, BSv, BSt) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A 95, n. 161).

Frsm. (Jón Ólafsson): Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um nál. á þskj. 161. Nefndin hefir öll verið á einu máli um það, að þetta sé hið mesta nauðsynjamál fyrir Vestmannaeyinga, og vonar, að þingið taki því vel. Það er eins og kunnugt er eitt af mestu vandkvæðum í Vestmannaeyjum að fá nóg neyzluvatn, hvað þá til þvottar á þeim fiski, sem þar berst á land. Eftir því sem útvegur óx þar og höfnin kom meir að gagni, hefir þörfin óðum aukizt. Síðasta ár öfluðust þar um 40 þús. skippund, og þá voru gerðir þar út rúmlega hundrað bátar. Við þennan mikla vöxt varð mönnum ljóst, að þetta mál þyldi enga bið. Nokkrir menn tóku sig til að koma upp sjódælu, en það eru ekki nema fáir, sem hafa afl til þess, og a. m. k. getur mjög mikill hluti útvegsmanna alls ekki fengið nægan sjó, meðan núverandi ástand helzt. — Það hefir þótt bera á því, að Vestmannaeyingar hefðu ekki eins góðan fisk og aðrir, sem hafa betri aðstöðu til þvotta. En hitt hefir sýnt sig um leið, að þeir, sem náðu nægum sjó til þvotta þar, höfðu mun betri vöru en hinir.

Þetta mannvirki, sem á að kosta rúmlega 73 þús. kr., er svo þýðingarmikið fyrir bætta fiskverkun, að búizt er við, að þeir, sem sjóveitunnar njóta, muni fá margborgaða þessa upphæð á örfáum árum.

Nefndin ber í raun og veru ekki fram neinar þær efnisbreyt. á frv., að ég þurfi að tala mikið um þær. Við 3. gr. þótti réttara að gera brtt., að í stað þess að ákveða strax ákveðið gjald fyrir visst magn sjávar, skuli láta bæjarstj. ráða því með reglugerð, sem atvmrh. síðan samþykki. Hitt eru mest orðabreyt., sem ekki hafa þýðingu fyrir málið, en þóttu eiga betur við. Ég óska, að málinu verði vísað til 3. umr. að lokinni umr.

Jóhann Jósefsson: Ég finn ástæðu til að þakka hv. allshn. fyrir það, hversu liðlega hún hefir tekið í þetta mál. Enda virðist hún hafa fullan skilning á því, að hér er að ræða um mjög þýðingarmikið atriði. Og það er áreiðanlegt, að komist sjóveitan á, eins og nú er fyrirhugað, er með því séð fyrir því, að fiskverkun í Vestmannaeyjum verði betri en hún hefir verið yfirleitt. Því verður ekki neitað, að vöntun á þvottavatni hefir bagað verkunina þar í ýmsum atriðum. Hinsvegar er fiskur, sem veiðist þar, mjög góð verzlunarvara sökum stærðar, og er hann eftirsóttur af kaupendum bæði á Spáni og í Portúgal.

Brtt. n. tel ég allar til bóta, sérstaklega brtt. við 3. gr. Ég býst við, að það ákvæði hafi fremur fallið niður af vangá en að það hafi verið tilætlunin að sleppa því, að atvmrh. legði samþ. sitt á gjaldskrána. Venjulega hafa slíkar skrár verið samþykktar af því ráðuneyti, hvort sem er.

Aðrar brtt. skal ég ekki fjölyrða um. Þær eru a. m. k. ekki til miska, og yfirleitt bæta þær frv. Ég lýsi þess vegna yfir því, að ég mun greiða þeim atkv., um leið og ég þakka hv. n. fljóta afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Brtt. 161,1.a. samþ. með 18 shlj. atkv.

— 161,1.b samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 161,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 161,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 161,4 samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 161,5 samþ. með 17 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 161,6 samþ. með 17 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 161,7 samþ. með 17 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 196).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., 20. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 196).
Á 31. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 13. apríl, var útbýtt nál. frá allshn., á þskj. 381, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar, með því að á fundi í Sþ. næsta dag var þingið rofið.

55. Hafnarlög Vestmannaeyja.

Á 17. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á 11. gr. hafnarlaga fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913 (þmfrv., A. 96).

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Nd., 10. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Það er hið sama að segja um þetta frv. og hið næsta á undan (frv. um sjóveitu í Vestmannaeyjum), að það er lagt fyrir Alþingi eftir tilmælum bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Bæjarstjórnin fer fram á, að lögfest sé, að festargjöld og önnur gjöld til hafnarinnar af bátum gangi fyrir öllum veðum samhliða vita- og lestagjaldi til ríkissjóðs, sem sagt gerð hliðstæð opinberum gjöldum til ríkissjóðs. Þessi gjöld eru í Vestmannaeyjum margfalt hærri en annarsstaðar, vegna þess hve hafnarmannvirki hafa orðið þar dýr. Innheimta er því örðug, enda verður hver bátur að greiða mörg hundruð krónur í slík gjöld árlega. Ekki koma þessir örðugleikar sízt fram í illu ári, enda munar miklu, hvort gjöldin nema nokkrum hundruðum eða nokkrum tugum króna, eins og víðast annarsstaðar.
Legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

56. Raforkuvirki.

Á 18. fundi í Nd., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7, 15. júní 1926, um raforkuvirki (þmfrv., A. 104).

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 20. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Á síðasta þingi fluttum við hv. 2. þm. Rang.

og ég hér um bil samhljóða frv., sem þá náði eigi afgreiðslu. Samkv. frv. þessu á að veita bæjar- og sveitarstjórnum heimild til einkasölu á raforkutækjum þar sem rafstöðvar eru starfræktar til almenningsnota. Þetta ákvæði var sett í lögin 1915, en þegar vatnalögin voru samþ. og lögin frá 1915 afnumin, féll þetta úr gildi. Hér er farið fram á, að þetta ákvæði verði sett inn í lögin aftur. Þarf ekki að eyða orðum að því, að hagfelldast er, að bæjar- og sveitarfélög, sem reka þessar stöðvar, taki og verzlunina með tækin í sínar hendur.

Annað nýtt ákvæði í 1. gr. frv. er það, að ef einstakir menn eða félög reka raforkuver til almenningsþarfa, skuli þeir ekki einráðir um verðið, heldur sé það ákveðið með gjaldskrá, sem lögð sé undir samþykki hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar og staðfestingu ráðherra. Séu þessar hömlur ekki settar á, eru héraðsbúar í raun og veru ofurseldir geðþótta og gróðalöngun einstakra manna eða félaga, sem slíkar stöðvar reka. Því að þegar menn eru búnir að raflýsa hús sín og aðeins er ein stöð á staðnum, eru þeir neyddir til þess að skipta við hana.

Þess eru ófá dæmi, að slík einkafélög hafi notað sér þessa aðstöðu sína, og það næsta freklega. Í fyrra las ég í þessari hv. d. upp bréf frá bæjarfógetanum á Ísafirði, þar sem sagt er frá viðskiptum rafmagnsfélagsins þar við bæjarstj. Ísafjarðar. Í þessu bréfi er bent á, að verð á rafmagni sé þar mjög hátt, en frá 1927 hafi rafmagnsfélagið samt greitt hluthöfum arð og hann ekki lítinn. 1929 var hluthöfum greiddur 25% arður út. 1930 er mér sagt, að arðurinn hafi numið 33% af hlutafénu, en ekki hafi nema 10% verið greidd til hluthafa, af því að fél. réðst þá í að byggja nýtt hús.

Það nær vitaskuld engri átt að láta einstök félög eða menn hafa aðstöðu til þess að geta skattlagt héraðsbúa svo gífurlega, sem hér hefir gert verið.

Til viðbótar því, sem lagt var til í frv. í fyrra, eru tekin upp samkv. tilmælum útvarpsstjórnarinnar ákvæði um, að þess skuli gæta við innflutning og sölu raftækja, að þau séu þannig gerð, að ekki valdi truflunum við útvarpsnot. Það tel ég sjálfsagt, og hygg enga nauðsyn til að benda á þörfina á slíku ákvæði.

Ég vil mælast til þess, að frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. allshn., og þætti mér vænt um, að hún gæti komið því frá sér fljótara en í fyrra, svo að það mætti ljúkast á þessu þingi.

Jón Auðunn Jónsson: Ég stend ekki upp til þess að andmæla þessu frv., heldur aðeins til að leiðrétta það, sem hv. þm. Ísaf. sagði um viðskipti rafmagnsfélagsins á Ísafirði við bæjarbúa.

Síðastl. ár var tekin saman skrá yfir það, hve mikið hluthöfum hafi verið greitt í arð frá upphafi, og reyndist það vera 3½% á ári. Hlutir í félaginu hafa verið seldir í haust sem leið frá 25% upp í 50% hæst. Það er því augljóst, að félagsmenn hafa ekki gert sér rafmagnið að féþúfu. Það má þó vera, að full þörf sé á því, að hið opinbera hafi hér hönd í bagga, en það má ekki verða á þann hátt, að menn skirrist við að leggja fé í fyrirtæki til þess að hjálpa sveitar- og bæjarfélögum, sem ekki hafa tök á að ráðast í fyrirtækin.

Rafmagnsverðið á Ísafirði hefir verið lægra en annarsstaðar, þar sem stöðvar hafa verið reknar með mótor. Í Ísafirði er verðið 1.00 kr. fyrir kílowatt, en í Stykkishólmi 1.75 kr., austanfjalls hefir það verið 2.00—2.25 kr., og á Flateyri er það 1.35 kr., en var áður 1.50. Þar sem raforkan er framleidd með mótorafli, er hún því yfirleitt dýrari en á Ísafirði.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég skal ekkert um það deila við hv. þm. N.-Ísf., hvort félagið hafi tekið óhæfilegan arð allt frá byrjun. Það getur verið, að hann hafi til uppjafnaðar ekki verið nema sem svarar vöxtum. Um það er mér ekki kunnugt. En í bréfinu frá bæjarfógetanum á Ísafirði er það skýrt tekið fram, að 1927—1928 greiddi félagið 10% til hluthafa og árið eftir 25%, og á síðasta ári er mér sagt af kunnugum mönnum, að arðurinn hafi orðið um 33%. Það er því enginn minnsti vafi á því, að allt af síðan 1927 hlýtur félagið að hafa skammtað sér óhæfilega mikla álagningu á rafmagnið, sem það seldi.

Annars er hér ekki aðeins um þetta einstaka dæmi að ræða, heldur hitt, hvort rétt er að láta slík félög hafa þá aðstöðu, að geta okrað á rafmagnsnotendum eftir vild og geðþótta.

Að því er snertir rafmagnsverð á Ísafirði og annarsstaðar vil ég geta þess, að í áðurnefndu bréfi, sem ritað er í ársbyrjun 1930, er sagt, að verðið sé 1.20 kr. á Ísafirði, en frá mótorstöð í Hafnarfirði 0,84 kr. fyrir kílowattstund til ljósa, og 0.50 kr. til iðnaðar. Ég hefi engan heyrt vefengja, að þessar tölur séu réttar. Hitt efa ég ekki, að á einstökum stöðum í landinu sé rafmagnið selt dýrara.

Enn er eitt atriði í þessu sambandi, sem ég vil geta um. Þegar samningar voru gerðir við félagið, var svo ákveðið, að bæjarstj. skyldi fá rafmagn til þarfa bæjarins, svo sem til götuljósa, sama verði og hluthafar. Þetta áttu að vera sérstök fríðindi fyrir bæjarstj., en það hefir reynzt allt annað. Verðið hefir að vísu verið það sama, en þó hafa hluthafar raunverulega fengið rafmagnið fyrir lægra verð, þar sem þeir fá arð. Bæjarsjóður greiðir árlega stórfé til félagsins fyrir rafmagn, en fær hvorki arð né ívilnun.

Þessa stöð á Ísafirði nefndi ég aðeins sem dæmi þess, hvernig farið getur, ef ekki eru til lög um þetta efni.

Jón Auðunn Jónsson: Ég get ekki séð, að bæjarbúar á Ísafirði hafi sætt verri kostum en hluthafar, þar sem þeir hafa aðeins fengið 3½% í arð og engan eyri fyrstu 7—8 árin. Þetta eru lágir vextir af hlutafé. Auk þess er engin von, að hluthafar fái allt sitt hlutafé endurgreitt.

Hv. þm. Ísaf. gat þess, að 1930 hefði rafmagnsverðið verið 1.20 kr. Það var kr. 1.10, en það hefir verið lækkað niður í 1.00 kr. Það stóð að vísu nokkuð á lækkuninni, og var það vegna þess, að félagið vildi selja bænum útileiðslur, en hann vildi ekki kaupa þær, þótt þær væru boðnar fyrir matsverð eða minna.

Ég býst við, að bráðlega verði lokið starfsemi þessa félags, vegna þess að vatn verði fengið til rafveitu, og að því leyti komi þetta frv. ekki til framkvæmda þar. Það væri viðkunnanlegast, að slík fyrirtæki væru rekin af bæjarfélaginu eða sveitarfélaginu sjálfu. En bæjarstj. á Ísafirði vildi ekki ráðast í þetta fyrirtæki. Bæjarbúar voru leiðir yfir því að fá ekki rafmagn, og tóku þá nokkrir þeirra sig saman og söfnuðu 90 þús. kr. hlutafé, sem nú er búið að skrifa niður í 54 þús. vegna tapa, sem félagið hefir orðið fyrir. Eitt stórt fyrirtæki átti í því 20 þús. kr., en varð að selja hlut sinn fyrir 4—5 þús. kr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

57. Þingsköp Alþingis.

Á 19. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29, 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis (þmfrv., A. 112).

Á 21. og 22. fundi í Nd., 11. og 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 13. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Þetta litla frv. er svo ljóst, að ekki þarf að fylgja því úr hlaði með mörgum orðum.

Eins og kunnugt er, eru málefni tveggja aðalatvinnuvega vorra, landbúnaðar og sjávarútvegs, athuguð í sérstökum n. innan þingsins. Nú álít ég, að kominn sé tími til þess, að þriðji atvinnuvegurinn, iðnaðurinn, sem nú er farinn að aukast hér á landi að talsverðum mun, fái líka sérstaka fastanefnd, sem taki málefni hans til **meðferðar.**

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en vil aðeins óska þess, að frv. verði látið ganga til 2. umr. og allshn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

58. Útsvör (frv. JÓl o. fl.).

Á 20. fundi í Nd., 10. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46, 15. júní 1926, um útsvör (þmfrv., A. 117).

Á 22. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Ólafsson): Við þm. Reykv. flytjum þetta frv. samkv. ósk bæjarstjórnarinnar hér. Hefir því nýlega verið slegið föstu með dómi hæstaréttar, að utanbæjarmenn, sem hér eiga fasteignir eða hús, sem þeir leigja út og hafa þannig miklar tekjur af, eru ekki gjaldskyldir til bæjarins. Hinsvegar eru þeir utanbæjarmenn, sem hér hafa lóðarafnot, útsvarsskyldir hér. Er hér um ósamræmi að ræða, og fer frv. fram á, að það sé leiðrétt.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um svo einfalt mál, en vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til allshn., að lokinni þessari umr.

Pétur Ottesen: Ég vil leyfa mér að benda á það, að það er ekki rétt hjá hv. flm. þessa frv., að neitt ósamræmi sé á milli þess, þó að mönnum sé gert að skyldu að greiða útsvar að einhverju leyti þar, sem þeir hafa lóðarafnot, þó að sama gegni ekki um þá, sem eiga fasteignir. Þetta er í fullu samræmi við útsvarslögin. Segir svo í 8. gr. þeirra l., 2. málsgr., b.-lið, að leggja megi útsvar á gjaldþegn á fleiri stöðum en einum, ef hann hefir leiguliðaafnot af landi, þótt ekki fylgi ábúð. Þar með talin laxveiði, ábúð á jörð eða jarðarhluta, lóðarafnot, ef þau gefa arð, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.

Hér er eingöngu átt við lóðarafnot, sem menn hafa utan heimasveitar sinnar, en hinsvegar engin heimild gefin til þess að leggja útsvar á menn þar, sem þeir kunna að eiga lóðir, þó að þeir leigi þær öðrum. Hér er því um ekkert ósamræmi að ræða. Með þessu frv. er því stefnt inn á nýjar brautir um álagningu útsvara frá því, sem nú er í l. um þessi efni, þar sem frv. fer fram á, að maður, sem á jörð í einhverjum hreppi, en býr þar ekki, verði fyrir það útsvarsskyldur í þeim sama hreppi. Þó að frv. sé að vísu fyrst og fremst miðað við Reykjavík, má ekki gleyma því, að hliðstæður geta verið annarsstaðar á landinu, og vil ég því skora á þá n., sem fær þetta mál til meðferðar, að athuga gaumgæfilega, hverjar afleiðingar slíkar breyt. á útsvarslöggjöfinni sem þessi mundu hafa í för með sér. Hér er gengið í berhögg við núgildandi útsvarslöggjöf, sem stefnir að því marki, að útsvörin gangi að sem mestu leyti til heimasveitarinnar, því að það dregur vitanlega úr þeim tekjum, sem heimasveitirnar geta haft af útsvörum gjaldþegna sinna og eiga að hafa, ef þeir verða útsvarsskyldir á mörgum stöðum.

Flm. (Jón Ólafsson): Það er svo um þetta mál sem mörg önnur, að ekki er hægt að gera svo öllum líki. Það, sem einum er nauðsynlegt, getur komið illa við annan. Þó fæ ég ekki séð, að hægt sé að mæla móti því með nokkurri sanngirni, að Reykjavíkurbær fái nokkrar tekjur með þessu móti, þar sem þeir menn, sem hér er um að ræða, raka saman fé af þessum eignum sínum. Er allt öðru máli að gegna um jarðir, þar sem þetta getur verið varasamt, en því ætti að mega treysta, að sveitarstjórnirnar gengju ekki nær þeim mönnum, sem jarðir eiga og leigja, en hæfilegt má þykja. Sumar þær jarðir, sem í leiguábúð eru, eru hinsvegar leigðar svo miklum afgjöldum, að ekki nær nokkurri átt, að þau sveitarfélög, sem verða fyrir barðinu á þessu, fái ekki eitthvað í aðra hönd. Hvað Reykjavík snertir, þá stafar bænum mikil hætta af þessu, því að þeir, sem svo

eru gerðir, geta komið húseignum sínum á annara nöfn og með því komizt hjá að telja fram til skatts þær tekjur, sem þeir hafa af þessum eignum sínum. Þótt ekki hafi verið mikið um þetta, hefir þó borið á því. Til dæmis hefir enginn eyrir runnið í bæjarsjóð eftir þær húseignir, sem standa á bezta stað hér í bænum og gefið hafa fullt verðmæti sitt af sér árlega nú í 20 ár. Mega menn sjá af þessu, hvílík nauðsyn Reykjavíkurbæ er á því, að þessu sé kippt í lag, og þess vegna ekki vert fyrir þá ýmsu þm., sem svo kynni að vera ástatt um, að þeir ættu kost á einhverjum landshluta, að fara að bregða fæti fyrir þetta frv.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en mér er ekki grunlaust um, að þetta ákvæði, sem hér er farið fram á, að verði tekið upp í útsvarslögin, hafi verið fellt undan á sínum tíma, vegna þess, að einhverjir hafi verið að gæta hagsmuna sinna á kostnað annara.

Pétur Ottesen: Hv. flm. var að gefa það í skyn, að ég mundi vera andvígur þessu frv. vegna þess, að ég mundi eiga jarðarpart einhversstaðar í öðrum hreppum en heimilishrepp mínum. Þessu er nú alls ekki þannig farið, eins og ég hélt reyndar, að hv. flm. vissi, heldur vildi ég aðeins benda á það, að með frv. er verið að fara inn á nýjar brautir í útsvarslöggjöfinni, og tel ég, að þar þurfi að gæta fyllstu athugunar. Sérstakra manna réðu engu um útsvarsl. frá 1926, heldur voru þau fyrst og fremst miðuð við það að tryggja að sem mestu leyti tekjur heimasveitanna af eignum og atvinnu þeirra, sem til þeirra teljast. Það má vel vera, að svo sé ástatt hér í Reykjavík, að þeir menn, sem eiga hér dýrar eignir, komi þeim á hendur utanbæjarmönnum, til þess að komast hjá því að greiða af þeim skatt. Hv. 3. þm. Reykv. er kunnari því en ég, enda skal ég ekki bera neinar brigður á, að þessa séu dæmi eins og hann hélt fram. En þá verður að athuga það, hvort heldur eigi að offra hagsmunum annara sveita fyrir Reykjavík, eða hvort ástæða sé til að setja sérákvæði fyrir Reykjavík í þessu efni. Þetta er það, sem verður að taka til athugunar í þessu sambandi, og vakti ekki annað fyrir mér en að vekja athygli á því.

Hannes Jónsson: Ég get að ýmsu leyti verið samþ. hv. flm. í þessu máli. Þó fæ ég ekki séð, að það sé minni ástæða fyrir sveitirnar en bæina að tryggja sér útsvarsrétt af öllum fasteignum innan sveitarinnar, þó eigendur þeirra séu búsettir í öðrum sveitum. Með þessu móti yrði hverju bæjar- og sveitarfélagi tryggður fastur stofn til útsvarsálagningar, sem ekki breyttist eftir heimilisfangi eigendanna. Ég veit þess dæmi, að álögumögulleikar hrepps hafa rýrnað svo af þessum ástæðum, að til vandræða horfði. Skal ég þó ekki fara frekar út í þetta. Hinsvegar vildi ég biðja þá n., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, að hún taki til rækilegrar athugunar ýms önnur ákvæði útsvarslaganna, sem ekki veltur á minna um. Ég veit þess dæmi, og þau ekki svo fá, að menn telja sig til heimilis í öðrum sveitum en þeir búa í, til þess að komast hjá að greiða útsvör. Teldi ég heppilegast, að sett yrðu einhver ákvæði í l. um, að menn yrðu að dvelja svo og svo lengi árlega í sömu sveit, til þess að geta talið sig þar til heimilis. Væri þá girt fyrir það, að menn með þessu móti gætu komið sér undan að greiða réttmæt gjöld.

Magnús Guðmundsson: Þegar útsvarsl. voru endurskoðuð 1925—26, var það gert samkv. áskorun Alþingis. Þá var l. fundið það til foráttu, hve langt væri gengið í því að gera menn útsvarsskylda þar, sem þeir leituðu sér atvinnu. Væri jafnvel svo langt gengið í þessu efni, að ekkert væri skilið eftir handa heimilissveitum manna. Hin nýja útsvarslöggjöf var byggð á þeirri reglu, að heimilissveitirnar ættu að njóta sem mests af útsvarsboli sinna manna. Leit Alþingi svo á, að eftir þeirri reglu ætti fyrst og fremst að fara. Nú sé ég, að gagnstæð stefna er að skjóta hér upp höfðinu aftur. Er það ef til vill eðlilegt, því að það er erfitt að finna reglu í þessum efnum, sem sé svo að enginn geti að fundið. Út af þessu frv. vil ég hinsvegar benda á það, að það hefir aldrei verið í l. hér á landi, að maður, sem á fasteign á öðrum stað en hann er búsettur, og leigir hana út, verði útsvarsskyld-

ur þar, sem eignin er. Frá 1905—24 var svo að segja alltaf verið að breyta útsvarslöggjöfinni að einhverju leyti, en aldrei tókst að gera öllum til hæfis. Bólar á þessu sama nú, þar sem fyrir þinginu liggja 3 frv. til breytinga í þessu efni. Þætti mér rétt, að þessum 3 frv. væri steypt saman, svo að ekki væru 2 eða fleiri breyt. á sömu l. frá sama þinginu.

Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að það væri illt, svo sem og rétt er, að menn gætu komizt undan því að greiða útsvör með því að látast eiga heima annarsstaðar en þeir í raun og veru búa. Þetta má heldur ekki líðast, og er að kenna slælegri framkvæmd útsvarsl., ef mönnum helzt þetta uppi. Ég minnist þess, að oddvitar hafa komið til mín sem lögfræðings af þessum ástæðum. Hefi ég ráðlagt þeim að fara í mál við slíka menn. Man ég sérstaklega eftir 2 tilfellum, og er hlutaðeigandi gjaldendur fengu vitneskju um þetta, vildu þeir heldur borga en skjóta málinu til dómstóla. Það er ekki útsvarsl. að kenna, þó að menn losni við útsvör með því að gefa upp rangt heimilisfang. Er hér um bil alltaf hægt að vinna slík mál fyrir dómstólunum.

Ég vildi með þessum orðum vara menn við að láta gallana, sem þeim sýnist vera á þessum l., en eru þar þó ekki í raun og veru, verða til þess, að löggjöfinni í þessum efnum verði breytt í sama horf og var fyrir nokkrum árum, og þá þótti óhæft.

Bernharð Stefánsson: Það er að vísu alveg rétt, sem hv. 1. þm. Skagf. og þm. Borgf. hafa tekið fram, að með þessu frv. er ætlazt til að ganga inn á nýja braut í þessum útsvarsmálum. En þó að þetta sé nýmæli, sannar það ekkert um, að ekki geti verið réttmætt að ganga inn á það. Ég lít svo á, að vafasamt geti verið, hvort það verði ekki óhjákvæmilegt áður en langt um líður.

Við vitum, að sum sveitarfélög í þessu landi eru illa komin fjárhagslega, atvinna rýr og eignir litlar. Þegar svo er komið, að ómögulegt sýnist í einu sveitarfélagi að ná þeim gjöldum, sem þarf, virðast utansveitarmenn, sem þar eiga fasteignir, verða að standa undir einhverju af gjöldunum.

Sveitarfélögin eru ákaflega misjafnt sett. Oft er svo, að sterkt sveitarfélag og annað veikt liggja hlið við hlið, og það hefir borið á því, að voldugra sveitarfélagið hefir reynt að eignast fasteignir í því veikara, til þess m. a. að koma þangað mönnum, sem hætta var á að yrðu fátækrastyrksþurfar. Tækizt því þetta til hlítar, að leggja undir sig flestar jarðir í næsta hreppi og setja þangað fátæklinga, er ekki ósanngjarnt, þótt af þessum fasteignum verði greitt eitthvað í sveitarsjóð.

Svo má og benda á annað dæmi, sem beint styður þetta mál. Það er, að flest sveitarfélög leggja nú meira eða minna í kostnað til umbóta. Þessar umbætur hækka fasteignirnar í verði. Þeirrar verðhækkunar verða eigendurnir aðnjótandi. Það er því sanngjarnt, að þeir leggi eitthvað af mörkum á móti til þess sama sveitarfélags, sem hefir orðið til þess, að eignirnar hækkuðu í verði. Mér virðist eins eðlilegt að maður, sem hefir stórtekjur af fasteign í öðrum hreppi, gjaldi til sveitarþarfa eins og annar, þótt hann hafi einhverjar atvinnutekjur þar.

Ég vildi mæla sem bezt með því, að hv. allshn. afgreiði málið sem fyrst, og að eitthvað í þessa átt a. m. k. geti orðið að lögum á þessu þingi.

Hannes Jónsson: Í áframhaldi af því, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði, vil ég geta þess, að eitt af því, sem mælir með að jarðeigendur, sem eiga heima utan sveitarfélags, greiði þangað sem jörðin er, er það, að útgjöld til sýslusjóða miðast við fasteignir í hreppnum; þess vegna er ekki nema réttmætt, að hlutaðeigandi jarðeigendur borgi eitthvert gjald til sveitarfélagsins. (**PO:** Það byggist á afnotum jarðarinnar).

Hv. 1. þm. Skagf. hélt því fram, að það væri af slælegri framkvæmd útsvarslaganna, ef mönnum héldist uppi að létta af sér útsvarsgreiðslu með því að telja heimili sitt annarsstaðar en þeir í raun og veru búa. Ég veit reyndar ekki, á hverju þetta byggist, því að ákvæði laganna eru nokkuð skýr. En ef svona yrði litið á af dómstólunum, þá yrði hættan minni en ég hefði haldið.

Þó sýnist mér rétt, að svo verði gengið frá lögunum, að ekki orkaði tvímælis um þennan skilning á þeim, og með því úti-

loka deilur og málaþras, sem annars kann upp að koma vegna mismunandi skilnings á lögunum.

Flm. (Jón Ólafsson): Það er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um þetta. Við hv. 1. þm. Skagf. fæ ég tækifæri til þess að ræða í nefnd.

Hann talaði um, að æðimikill eltingarleikur hefði orðið út af því, þegar átti að leggja útsvar á menn þar, sem þeir stunduðu atvinnu aðeins um tíma. Menn kvörtuðu sáran yfir þessu og báru e. t. v. ekki réttan hlut frá borði sumstaðar, t. d. að þegar Reykjavík væri búin að taka sitt, þá væri það svo ríflegur skerfur, að þær sveitir, sem menniruir væru útsvarsskyldir í, fengju minna en þeim bæri. Þetta kann máske að eiga sér stað um atvinnutekjur. En ég vil meina, að það sé dálítið annað að eltast við menn um atvinnutekjur þeirra heldur en þegar þeir eiga jarðeign eða aðrar fasteignir, en út af þessu varð aðalágreiningurinn.

Hv. 1. þm. Skagf. talaði um, að línurnar í útsvarslöggjöfinni hefðu staðið óraskaðar um langt skeið og ættu að gera það sem mest hér eftir. Það væri sjálfsagt gott, ef öll skattalögin gætu staðið óröskuð í þessu brimróti breytinga. En í þessu tilfelli held ég, að óhætt sé að treysta því, að fyrst þetta er lagt á vald sömu mönnum og hafa lagt á eftir efnum og ástæðum, þá verði menn ekki fyrir þungum búsifjum af þeirra hálfu.

Það er satt, að ekki er hægt að taka mikil útsvör af litlum jarðeignum. En þar, sem menn ávaxta fé sitt með jafngóðum árangri og húseigendur í Rvík búa við, ætti ekki að vera vorkunn að greiða nokkuð til bæjarins, enda mundi því gjaldi mjög í hóf stillt.

Magnús Guðmundsson: Ég hefi litlu við það að bæta, sem ég sagði áðan. Hv. þm. V.-Húnv. efaðist um, að ég hefði skilið þessi lög rétt, en ég held fast við, að enginn efi er á því, að þeir menn, sem einungis látast eiga heimili á öðrum stað en þeir dvelja og eiga raunverulegt heimili, eru útsvarsskyldir þar, sem þeir dveljast, en ekki þar, sem þeir þykjast eiga heima. Ég er óhræddur að leggja það undir dómstólana.

Út af orðum hv. 3. þm. Reykv. skal ég ekki segja margt. En hann misskilur mig, ef hann heldur, að ég hafi sagt, að útsvarslöggjöfin hafi staðið lengi. (JÓl: Línurnar!). Nei, heldur ekki línurnar, því að fyrri línan, til 1926, var að leggja meira og meira á menn annarsstaðar en þeir voru heimilisfastir. En 1926 var tekin sú stefna, að leggja aðallega á menn þar, sem heimili þeirra er. Það er skammt síðan 1926, og strax bólar á því, að menn vilja fara inn á hina stefnuna, sem „kulmineraði" 1924, þegar lögin fyrir Reykjavík voru sett, og þó gengu þau ekki eins langt og þetta frv. gerir.

Hv. þm. sagði, að vel mætti treysta niðurjöfnunarnefndum til þess að leggja einnig á þá, sem ekki eiga heimili innansveitar. En það var nú einmitt aðallega yfir því kvartað áður, að óhóflega væri lagt á þá menn, sem ekki voru búsettir á sama svæðinu og nefndirnar.

Það er heldur ekki svo, að ekkert gjald sé á húsum hér í bænum. Bærinn tekur gjöld af fasteignum, og þau ekki lág. Húseigandi verður að borga þau, og koma þau upp í það, sem bærinn gerir fyrir fasteignaeigendur.

Annars tel ég ekki þörf á að ræða málið frekar við 1. umr., en vil endurtaka, að ég álít heppilegt, að þessi frv., sem eru hér fyrir hv. d. um breytingar á sömu lögum, verði sett í eina heild.

Jón Auðunn Jónsson: Ég vil benda á, að það, sem sérstaklega vakti fyrir mönnum, þegar breytt var um álagning útsvara, var það, að menn væru ekki eltir með skatt fyrir hvað litlar framkvæmdir, sem þeir hefðu annarsstaðar, og í öðru lagi, að kunnugleiki heimasveitarmanna væri mestur til þess að ákveða útsvörin. Hitt vita allir, að þetta hefir verið misnotað herfilega.

Við höfum nýlega heyrt dóm, sem fallinn er í útsvarsmáli. Málavextir voru þeir, að maður átti eign, sem var metin á 40 þús. kr.; hann leigir hana fyrir 10 þús. kr., endurbætur voru miklar, 5000—6000 á ári. Ennfremur fylgdu eigninni bryggjuafnot. Hreppurinn lagði 5 þús. kr. útsvar á manninn, en hann hafði ekki haft meiri nettótekjur en 3700 kr.

Það er óeðlilegt, að lagður sé skattur

á menn fyrir að flytja peninga inn í annað hérað til þess að koma þar einhverju í framkvæmd. Annan skilning höfum við Ísfirðingar á þessu heldur en Reykvíkingar. Við yrðum fegnir því, ef menn úr Reykjavík vildu leggja fram peninga til þess að byggja hús á Ísafirði. Það er langt frá því, að okkur dytti í hug að leggja á þá útsvar þar, heldur mundum við bakka þeim fyrir og telja það bænum til hagsbóta. En þetta getur orðið hreint eignarnám, ef leyft verður. Það getur oft staðið svo á, að maður, sem t. d. í Rvík á 25 þús. kr. húseign, sem hann hefir 3 þús. kr. tekjur af, skuldi eins mikið og húseignin er virði. Og þó að einhver afgangur yrði, væri óeðlilegt að taka þennan eina gjaldstofn, sem heimasveitin hefir, þannig að hún yrði án útsvars.

Ég vænti þess, að hv. d. muni ekki ganga inn á þessa skoðun og samþ. frv., því að það er ekki til hagsbóta nema allra stærstu kaupstöðunum, en til ógagns fyrir sveitir og kauptún.

Bernharð Stefánsson: Þeir, sem leggja á móti þessu frv., tala um, að löggjöfin hafi áður gengið of langt í þá átt að skattleggja atvinnutekjur utansveitarmanna. Ég sé ekki, að þetta komi málinu við. Því að þótt játað sé, að of langt hafi verið gengið í þá átt, er ekki þar með sagt, að óréttmætt sé að leggja útsvar á fasteignir, því að það er töluvert annað. T. d. geta sveitarstjórnir alls ekki vitað með eins glöggri vissu um atvinnutekjur manna og tekjur þeirra af fasteignum. Auk þess er langtum eðlilegra, að á eign, sem er föst í sveitarfélagi, hvíli einhver gjöld til sveitarþarfa, heldur en á mönnum, sem koma um tíma og hafa þar atvinnu.

Í útkjálkasveitum og afdölum eru byggðir alltaf að dragast saman. Vel getur svo farið innan langs tíma, að sumir hreppar leggist í eyði. En þótt þetta kæmi fyrir, yrðu oft einhver útgjöld, sem á þeim hreppum hvíldu vegna þurfamanna, sem eiga þar framfærslurétt. Hverjir eiga þá að standa straum af því? Ef það yrði ekki ríkið, lendir það á þeim mönnum, sem þar eiga fasteignir, þótt í eyði séu.

Hv. þm. N.-Ísf. taldi hart að leggja útsvar á menn fyrir að flytja peninga inn í sveitarfélög. Það fer nú eftir því, hvernig þetta er gert. En hvað segja menn um það, þegar heil sveitarfélög kaupa jarðir í nágrannasveitum beinlínis með það fyrir augum að gera sína fátæklinga framfærsluskylda þar? Ekki er þetta að flytja inn peninga til þarflegra fyrirtækja. En ég veit þess áþreifanleg dæmi, að þetta hefir átt sér stað. Og þá finnst mér ekki ranglátt, þótt slíkar fasteignir séu skattlagðar til handa því sveitarfélagi, sem þær liggja í.

Pétur Ottesen: Ég vil út af ummælum hv. 2. þm. Eyf. benda á það, að eftir hans hugsun ættu menn, sem eiga jörð í einhverjum hreppi og hafa af henni engin not, samt sem áður að borga til sveitarþarfa af þessari óarðberandi eign.

Hitt dæmið, sem hv. þm. nefndi, var það, að einstakir hreppar eignuðust jarðir, sem þeir létu þurfamenn nytja. Þetta er ómögulegt að útiloka. En hv. 2. þm. Eyf. flutti einu sinni frv. um byggðarleyfi. Í því voru ákvæði, sem gátu komið að haldi í þessu efni; en hv. þm. hefir gersamlega heykzt á því máli og ekki hreyft því aftur. Ef hann hefir manndóm til þess að reyna að fyrirbyggja þennan háska, komi hann þá með sitt frv., en sé ekki að benda á útsvarslögin, því að þangað er ekki neitt að sækja í þessu efni.

Ég vil benda á, að hér er verið að stíga inn á nýja braut í útsvarslöggjöfinni, — og hvert getur þetta leitt? Ætli næsta sporið verði ekki það, að þeir landsmenn, sem eiga fé hér í bönkunum, verði skyldaðir til þess að greiða af því útsvar hér í Reykjavík?

Menn verða að athuga, að ef gengið er inn á þessa braut, er óvíst, hvar verður látið staðar numið. Menn verða að gera sér ljóst, hverjar afleiðingarnar verða.

Jón Auðunn Jónsson: Ég get ekki betur séð en að röksemdir hv. 2. þm. Eyf. styðji mál okkar, sem erum á móti frv. Hann var að tala um flutning manna úr útkjálkahéruðum til kaupstaðanna með peninga sína. Fyrir þann flutning verður ekki í veg komið með þessu frv., en ef það verður að lögum, verður afleiðingin sú, að útkjálkasveitirnar fá ekki neitt frá

þeim, sem flytja peninga sína til kaupstaðanna. Hvað því viðvíkur, að sveitarfélög kaupi jarðeignir í öðrum hreppum og haldi þar uppi fátæklingum til að sveitfesta þá þar, er það að segja, að gegn þessu felst ekki hin minnsta vörn í þessu frv. Vörnin gegn þessu felst í lögunum um forkaupsrétt sveitarfélaga á innanhreppsjörðum. Auk þess er sá möguleiki, að leggja svo hátt útsvar á þá menn, sem sveitarfélög halda uppi til að sveitfesta þá í öðrum hreppi, að það verði ekki gróði fyrir það sveitarfélag, sem ætlar að koma fátæklingum sínum af sér á þennan hátt.

Bernharð Stefánsson: Það er alger rangfærsla hjá hv. þm. Borgf., að ég hafi sagt, að ég vildi láta leggja útsvör á eignir, sem að engum notum koma. Ég tók einmitt fram, að jarðirnar gætu verið notaðar sem afréttir, þótt þær væru komnar í eyði. Hv. þm. Borgf. hafði hér eftir mér það, sem ég aldrei hafði talað.

Hann vék ennfremur að frv. um byggðarleyfi, sem ég flutti hér á þinginu fyrir nokkrum árum, og taldi, að ég hefði heykzt á að fylgja því fram. Ég verð nú að segja, að mér þótti hv. þm. höggva nokkuð nærri sjálfum sér. Hann var nefnilega meðflm. minn að þessu frv., og hlýtur því það sama að eiga við um hann í þessu efni eins og um mig. (**JAJ:** Hv. 2. þm. Eyf. var 1. flm.). Já, það er rétt, og hitt einnig, að ég undirbjó málið í hendur stjórninni. Hv. þm. Borgf. sá frv. og lauk lofsorði á. Annars er ekki loku fyrir skotið að þetta mál geti komið inn á þingið ennþá. (**HG:** Það vona ég að verði ekki). Ég veit um hug sósialista til þessa máls, en vel getur svo farið, ef stefna þeirra og starfsaðferðir beinast í sömu áttina og undanfarið, að óhjákvæmilegt verði að setja slíka löggjöf.

Hv. þm. N.-Ísf. gaf í skyn, að þótt frv. þetta yrði að lögum, myndu menn keppast um að flytja peninga sína til kaupstaðanna eftir sem áður, og lét jafnframt á sér heyra, að kaupstaðirnar, eða Rvík að minnsta kosti, myndu misnota svo rétt þann til útsvarsálagningar, sem í þessu frv. felst, að dvalarsveitin fengi ekki neitt. Hann sagði ennfremur, að fyrirbyggja mætti, að hin efnaðri sveitar- og bæjarfélög keyptu jarðeignir í öðrum sveitum, til að koma yfir á þær fátæklingum, með forkaupsrétti hreppa á jarðeignum. En hv. þm. veit vel, að hin fátækari sveitarfélög geta alls ekki notað sér þennan forkaupsrétt oft og tíðum, og auk þess vita bæði hann og aðrir, hve oft er farið kringum þau lög.

Broslegast var þó, er hv. þm. fann það ráð gegn sveitfesti fátæklinga úr öðrum hreppum, að leggja á þá svo há útsvör, að þeir yrðu að flæmast burt úr hreppnum. Slíkt er vitanlega með öllu óheimilt samkv. útsvarslögunum, og enginn sveitarstjórn myndi geta verið þekkt fyrir að beita slíkri aðferð.

Flm. (Jón Ólafsson): Hv. þm. Borgf. var að tala um, að með þessu frv. væri verið að fara inn á nýjar brautir, og virtist standa mikill stuggur af því. En ég veit ekki betur en að alltaf sé verið að fara inn á fleiri og fleiri nýjar brautir, eftir því sem þörf gerist og þjóðfélaginu vex fiskur um hrygg. Hér getur ekki heldur talizt, að um nýja braut sé að ræða, heldur er aðeins bætt einu nýju atriði inn í löggjöf, sem þegar er til.

Mér þótti nú fara að hvessa í hv. þm., þegar hann fór að spá því, að samþykkt þessa frv. myndi leiða til þess, að farið yrði að leggja útsvör á sparisjóðsinneignir manna í bönkum í Reykjavík. Ég veit, að hv. þm. er svo vitur maður og gætinn, að hann veit vel, að til slíks kemur aldrei. Til slíks þyrfti samþykki þingsins, og ég vona, að hv. þm. verði þá svo vel á verði ásamt mér og fleirum, að slíkt gengi ekki greiðlega. En þegar sparifé, sem til bæjarins kemur, er lánað fyrir okurvexti, þótt óbeinlínis sé, vil ég láta skattleggja það sem hverjar aðrar óeðlilegar tekjur.

Pétur Ottesen: Já, ég mun sannarlega vera á verði, ef til þess kemur, að Reykjavíkurbær ætlar sér að fara að skattleggja sparifé landsmanna, og því er ég á móti frv. þessu, að ég vil ekki fara inn á þá braut, sem hæglega getur leitt til þess, að slíkt verði gert. Ég er ekki hræddur við nýjar brautir, nema þegar ég sé fyrirfram, að verið sé að fara inn á háskabrautir.

Hv. 2. þm. Eyf. var að tala um, að ég hefði heykzt á frv. um byggðarleyfi eins og hann sjálfur. En uppgjöf hans sjálfs í því máli er töluvert meira áberandi, þar sem hann flutti frv. fyrstur inn í þingið og stjórnin greiddi honum 500 kr. fyrir að gera það úr garði. Ég segi þetta ekki af því, að ég sjái eftir þessum 500 kr., því að ég álít málið meira virði en þeirri upphæð nemur. En þetta sýnir, að frv. var miklu nákomnara hv. 2. þm. Eyf. en mér.

Jón Auðunn Jónsson: Hv. 2. þm. Eyf. talaði um þá hættu, sem stafaði af því, að menn í útkjálkahéruðum flyttu peninga sína til bæjanna, og taldi, að frv. þetta myndi koma í veg fyrir slíkt að einhverju leyti. En ég er alveg sannfærður um, að mörg bæjarfélög myndu alls ekki nota sér þann rétt, sem frv. veitir. Þau eru skynsamari en svo, að þau fari að bægja peningum utanhéraðsmanna frá sér.

Um forkaupsrétt sveitarfélaga er það að segja, að vart munu vera til þau sveitarfélög á landinu, er eigi geti fengið fé að láni til þess að nota sér hann, ef þau kæra sig um. Ég treysti því, að hv. 2. þm. Eyf. verði sveitarfélögum hjálplegur í slíkum efnum sem bankastjóri, því að þeim verður oft eigi meiri greiði gerður á annan hátt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 5 atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

59. Innheimta útsvara í Reykjavík.

Á 20. fundi í Nd., 10. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um innheimtu útsvara í Reykjavík (þmfrv., A. 118).

Á 22. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Ólafsson): Þetta frv. er borið fram samkv. óskum bæjarstjórnar Reykjavíkur, og ástæðan til þess að það kemur fram er sú, að menn hafa gegnt treglega skyldu sinni um greiðslu útsvara.

1924 var samþ., að menn skyldu greiða 1% dráttarvexti á mánuði. Meðan þessi lög voru í gildi, sáu menn sér hag í að greiða útsvörin í tæka tíð, enda gekk útsvarsinnheimta þá vel, einkum frá hinum stærri gjaldendum. En 1926 voru dráttarvextirnar lækkaðir niður í ½% á mánuði. Þar með er orðinn hagur fyrir alla hina stærri gjaldendur að draga að greiða útsvör sín og hafa fé sitt heldur í rekstri. Vextir í bönkum hafa hingað til verið allt að 8%, og hefir því komið hart niður á bænum að þurfa að taka lán með slíkum kjörum, en eiga aftur fé hjá bæjarbúum, er þeir hafa greitt aðeins 6% af, og auk þess hefir oft verið miklum erfiðleikum bundið að fá lán upp í vanskil gjaldenda.

Nýmæli er það í frv. að hafa 5 gjalddaga á ári, í stað tveggja áður. Mönnum kemur betur að fá að greiða útsvör sín smátt og smátt, og því hefir orðið að samkomulagi að leggja til, að gjalddagarnir verði fimm á góðum tíma, þegar fólk hefir helzt peninga. Ég vænti þess, að frv. verði, að lokinni umræðu, vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:1 atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

60. Nýjar veiðiaðferðir og veiðarfæri.

Á 21. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gera tilraunir með nýjar veiðiaðferðir og veiðarfæri (þmfrv., A. 121).

Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég skal ekki vera langorður, enda er frv. þetta hvorki stórt né margbrotið. Það orkar ekki tvímælis, að hin mesta þörf sé á því fyrir ísl. fiskveiðar, að gerðar séu fyllri og víðtækari tilraunir með veiðarfæri og veiðiaðferðir en hingað til hafa verið gerðar. — Ákvæði 1. gr. lýtur að því að tryggja, að þetta verði gert. Í ýmsum nágrannalöndunum og víðar eru notuð veiðarfæri, sem munu falla undir ákvæði ísl. laga um botnvörpu- og dragnótaveiðar. Er því nauðsynlegt að undanþiggja þessar tilraunir ákvæðum þeirra laga. En þar sem hér yrði aðeins um tilraunir að ræða undir opinberu eftirliti, þá ætti að vera alveg hættulaust að veita þá undanþágu, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. frv. — Ég vil að svo mæltu leyfa mér að leggja til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til sjútvn.

Ólafur Thors: Það er satt, að þetta er ekkert stórmál. Það má víst um það segja, að það sé bæði meinlaust og gagnslaust. Mér þykir líklegt, að slíkar tilraunir, sem hér er gert ráð fyrir, megi láta varðskipin — eða eitthvert þeirra — framkvæma án allrar lagasetningar. Slík rannsókn hefir einmitt verið gerð að umtalsefni í sjútvn. Frv. gerir ráð fyrir 50 þús. kr. til þessarar rannsóknar. Ég verð nú að segja, að það er ekki mikil upphæð, og þykir mér ekki taka að koma með lagafrv. um það. Frv. er að vísu ekki skaðlegt. En það er hlægilegt að bera fram í frv.formi svona smámál.

Sveinn Ólafsson: Ég vil aðeins benda á, að þetta er í eðli sínu miklu frekar fjárhagsmál heldur en sjávarútvegsmál. Hér er lagt til, að ákveðinni fjárhæð verði varið til óákveðinna hluta, sem óvíst er hvernig gefast, eða hvernig kunna að verða framkvæmdir. Í frv. eru hvorki nefndar tegundir veiðarfæra né fiskjar, sem rannsókn þessari skuli beitt að. — Vil ég því gera þá till., að frv. verði vísað til fjhn.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Það má vera, að hv. 2. þm. G.-K. finnist 50 þús. krónur smápeningar. Það er alkunnugt, að sá hv. þm. lítur ærið stórt á sjálfan sig og sínar framkvæmdir, en finnst flest annað smátt. En þótt fiskveiðafélag það, sem hv. þm. veitir forstöðu, sé stórt, þá veit ég samt ekki til, að það hafi gert neinar tilraunir með veiðarfæri, annað en botnvörpuna. Íhaldssemin hjá togarafélögunum er einmitt slík. Eða ef til vill finnst honum ekki taka því að gera neinar tilraunir, sem ekki kosti a. m. k. um 50 millj., eins og hann sagði í ræðu sinni.

Frv. þetta er borið fram með það fyrir augum, að rannsóknir þær, sem þar er gert ráð fyrir, geti komið smærri bátum að notum. En slíkar rannsóknir er naumast hægt að framkvæma, nema undanþága sé veitt frá ákvæðum laga um botnvörpu- og þó einkum um dragnótaveiðar, sem banna notkun ýmsra skyldra veiðarfæra kringum landið. Um mörg slík veiðarfæri getur verið að ræða, sem eru lítt eða ekki þekkt hér. Á Ísafirði hefir t. d. verið reynd varpa til að veiða „rejer". Sú veiði hefir gefið þá raun, að fengizt hafa upp 20 kg. í einu. Er það dýr vara, ef hægt er að koma henni óskemmdri á markaðinn. Gæti því verið um mikla hagsmuni að ræða, ef sú veiðiaðferð væri upp tekin. — Þessi veiðiaðferð heyrir undir botnvörpulögin og er bönnuð þar, þótt þær litlu tilraunir, sem með þetta hafa verið gerðar á Ísafirði, hafi verið látnar afskiptalausar.

Í nágrannalöndunum hafa margar veiðiaðferðir, með ýmsum tegundum neta og nóta, verið tíðkaðar og margar hverjar gefizt vel og reynzt hentugar fyrir smábáta. Ég veit aðeins nöfn á nokkrum þessara veiðarfæra, en lítið um gerð þeirra eða hvernig þau eru notuð. Eins og er, þá brestur alla þekkingu á því, hvort þessi veiðarfæri mundu koma að notum hér. Með fyrirkomulagi því, sem nú er á veiðiskap okkar, fiskverkun og sölu, þá er öllu teflt í ægilegan voða, þegar Spánarmarkaðurinn bregzt, vegna þeirrar einhæfni í verkun og veiði, sem er ríkjandi. Það ríður því á, að geta aflað fjölbreyttari fiskjar og þarf að sníða veiðiaðferðirnar eftir því. Frv. þetta kemur firma hv. þm. (ÓTh) ekkert við. Það

er flutt með það fyrir augum að létta undir með bátaútveginum og reyna að skapa honum betri afkomuskilyrði. Í því er alls ekki átt við venjulegar botnvörpuveiðar. 2. gr. er sett fyrir þá sök eina, að ýmsar tegundir veiðarfæra þeirra, sem ég ætlast til, að reyndar verði, falla undir bannið um landhelgisveiðar í botnvörpulögunum og um dragnótaveiðar í landhelgi. Hv. þm. þótti 50 þús. kr. lítil upphæð. En ef vel og skipulega er á þeirri upphæð haldið, þá má vænta talsverðs árangurs. — Annars stendur hv. þm. það vitanlega opið að hækka þá fjárhæð. Hann getur t. d. gert brtt. um, að til þessa verði veittar 100 þús. kr. Ég skal vera með þeirri tillögu. En 50 millj. hefi ég ekki trú á, að þingið geti veitt til þess að svo stöddu.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. S.-M. sagði, þá tel ég, enda þótt hér sé farið fram á fjárveitingu, þá beri þó frekar að láta þetta frv. ganga til sjútvn. en fjhn. Sú n. ætti að hafa betri skilyrði til að dæma um nauðsyn þessa máls. Þangað koma líka form. Fiskifél. Íslands og fiskifræðingurinn, og þeir ættu að vera líklegastir til að gefa n. góðar upplýsingar.

Jón Ólafsson: Enda þótt óþarfi sé að hafa langar umr. um þetta litla frv., þá er samt ekki rétt að þegja við því með öllu, þó það sé, eins og ég sagði, lítið og í alla staði ómerkilegt. En úr því getur orðið talsverð fjáreyðsla, því aldrei vantar krákur og hrafna til að fljúga þangað, sem ætisvon er. Eflaust þurfa einhverjir að sigla, og þá væri tækifæri fyrir þá að fá þarna aura til þess o. s. frv. Mér finnst, að þar sem stofnun er til, svo sem Fiskifélag Íslands, þá sé einsýnt að vísa málum sem þessu til aðgerða þess. Enda hefir oft um slíkt verið talað á fiskiþinginu og því verið vísað til aðgerða stjórnar félagsins að athuga, hver veiðarfæri gætu að haldi komið hér. Hún hefir svo aflað sér upplýsinga um þetta, og afleiðingin er sú, að öll þau veiðarfæri hafa verið upp tekin, sem álitið er, að geti komið hér að gagni. — Á næstsíðasta fiskiþingi lá meira að segja fyrir till. um það, að styrkt væri tilraun með þorsknetaveiðar. Svo langt getur framkvæmdarlevsið og ómennskuhátturinn gengið, að menn vilja ekki leggja þorskanet án þess að fá styrk til þess. Það eru svo sem nógu mörg fordæmin fyrir því, að menn hafi viljað fá styrk til að gera tilraunir með eitt og annað. En slíkt hefir sjaldnast komið að nokkru liði. Það er oftast, að þeir, sem beðið hafa um og fengið slíka styrki, hafa ekkert gert og ekki ætlað sér neitt að gera.

Mér finnst nú óþarfi að vera að hafa svo mikið við þetta frv., að því sé vísað til n. En sé það gert, þá er sjálfsagt, að það fari til fjhn.

Ólafur Thors: Ég hlýt að hafa hitt á fremur auman blett á hv. flm. Ég sagði ekkert móðgandi, annað en það, sem satt var, að frv. þetta væri í alla staði lítilfjörlegt eða lítilmótlegt. Það var ekki tilgangur minn að móðga hv. flm. með því, en hann hefir fundið, að ég sagði satt, og tekið sér það nærri.

Hv. flm. má ekki í frv. sínu rugla saman óskyldum málum. Ef hann ætlast til, að þessar tilraunir séu eingöngu gerðar vegna smábátanna, eins og kom fram í ræðu hans, þá ætti fjöru-Þór að geta gert slíkar tilraunir. Honum ætti að vera óhætt við slíkar tilraunir á grunnsævi og í lygnum sjó, þótt aumur sé. Hv. flm. sagði, að ekki væri ætlazt til, að þessar tilraunir væru gerðar vegna togaranna. Sú útgerð hefir heldur engan styrk fengið til þessa. En ég get sagt það, án alls reigings, að togarafélögin hafa gert slíkar tilraunir upp á eigin spýtur. Allar umbætur, sem hafa verið gerðar á botnvörpunni, hafa verið reyndar. Og sum útgerðarfélögin hafa kostað miklu fé til þess að reyna ný veiðarfæri, og það án alls styrks.

Ég get tekið undir það með hv. 3. þm. Reykv., að það sé Fiskifélagið, sem á að gangast fyrir því, að slíkar tilraunir, sem frv. gerir ráð fyrir, séu gerðar, ef það er talið þess vert. Og ef einhver alvara vakir fyrir hv. flm. með flutningi þessa frv., þá hefði hann heldur átt að snúa sér beint til Fiskifélagsins með þetta. Þetta frv. er eitt af mörgum, sem hv. þm. Ísaf. hefir lagt fyrir þetta þing. Ég spurði hv. þm. nýlega, hvað fyrir honum vekti með flutningi allra þessara frv. Hvort það

væri til þess að koma af sér letiorði, svona fyrir kosningarnar. Þá sæju þó allir, hvað eftir þennan hv. þm. lægi. Hv. þm. svaraði mér þá engu. Hann hefir að vissu leyti gert það nú með því að taka aðfinnslum mínum með slíkum ofsa og ólund. Ég gerði þó ekki annað en skopast að þessu frv.kríli.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég skal vikja nokkrum orðum að hv. 3. þm. Reykv. Mér skildist á honum, að hann væri hræddur við, ef frv. verður að l. og farið verður að beita þeim, að þá gangi féð til ónýtra en auragráðugra manna og beri því engan árangur. Vildi hann sanna það með því að segja frá einhverri umsókn, sem komið hefði fyrir fiskiþingið, um styrk til þorskanetaveiða. En ég held, að ástæðulaust sé að bera kvíðboga fyrir slíku. Ríkisstj. myndi veita þennan styrk í samráði við forseta Fiskifélagsins.

Ég get verið sammála hv. 2. þm. G.-K. um það, að rétt sé að nota Þór að nokkru leyti til að framkvæma þessar rannsóknir. En frv. er ekki óþarft fyrir því, vegna þess, að mér finnst orka nokkuð tvímælis um það, hvort rétt sé að gera slíkar rannsóknir fyrir fé landhelgissjóðs. (**ÓTh:** Það er ekki verra en að nota hann í kosningaleiðangur þinn og hæstv. dómsmrh.!). Jú, jú! Hv. 2. þm. G.-K. langaði nú líka til að vera með í þeirri ferð. Hv. þm. stóð á hafnarbakkanum og mændi á eftir varðskipinu, eins og Ísraelsmenn forðum til fyrirheitna landsins, og bar sig illa. (**SE:** Hvers vegna fékk hann ekki að fara með?). Ég veit það ekki. Ég var ekki skipherra. En svo mikið er víst, að ég hefi aldrei verið hræddur við þann hv. þm. og þori vel að mæta honum á fundum hvar sem er. — Að ég hafi tekið mér nærri mótmæli hv. þm. gegn þessu frv., er mesta fjarstæða. En þegar hv. þm. setur upp þennan mikla rembingssvip, óðara en minnzt er á sjávarútvegsmál, þá neita ég ekki því, að það „irriterar" mig nokkuð. Það er eins og hv. þm. finnist, að hann sitji einn inni með alla vizku um þau mál. Ef fiskur er nefndur, fyllist hann þegar af þessum „þekkingar"-vindi.

Ég sé enga ástæðu til þess að afsaka, þótt ég beri frv. fram. Ég sé margt, sem aflaga fer. Og ég er kosinn á þing til þess að gera mitt til, að ráðin verði bót á því. En það er vitanlega á valdi þingsins, hvernig fer um þessa till. mína, eins og önnur mál, sem það fær til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LH, MJ, MT, ÓTh, SE, SÁÓ, SvÓ, ÞorlJ, BSv, BSt, BÁ, GunnS, HStef, HJ, HG, HV, IngB, JJós, JörB.

nei: JÓl, JS, MG, HK.

Fimm þm. (JAJ, PO, TrÞ, ÁÁ, EJ) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. með 14:4 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

61. Útflutningur á nýjum fiski.

Á 21. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt: **Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að styðja að útflutningi á nýjum fiski** (þmfrv., A. 122).

Á 24., 26., 28. og 29. fundi í Nd., 14., 17., 19. og 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Nd., 21. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Eins og hv. þdm. er kunnugt, er talið, að ekki blási byrlega með fiskveiðar okkar og fisksölu, ef byggja á eingöngu á saltfiskveiðum og Spánarmarkaði. Saltfiskverðið er nú svo lágt, að til fullrar tvísýnu horfir um fiskveiðar okkar og sjávarútveg, ef ekki eru gerðar stórfelldar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi eða söluaðferðum eða hvorutveggju. Eftir því sem ég veit bezt, hefir fullverkaður stórfiskur verið seldur fyrir 70—75 kr. skpd. undanfarið. Hvað verðið verður í ár, er ekki hægt að segja eins og er, en ekki er útlitið þar glæsilegt, eftir því að dæma,

að togaraflotinn hefir legið í höfn allt þangað til í dag eða gær. Og ef togaraeigendunum þykir ekki gróðavænlegt að gera út með þeim afla, sem verið hefir undanfarið, verður ekki sagt, að glæsilega horfi fyrir bátaútveginum. Þegar svo er komið, er ekki nema um tvennt að gera. Annaðhvort að koma betra og hentugra skipulagi á þessa atvinnugrein, eða þá snúa að því ráði að gera aflann verðmeiri og tryggja söluna betur en nú er gert. Hvorugt þetta verður í skyndi gert svo að til fullnustu sé.

Við jafnaðarmenn lítum svo á, að eina varanlega lausnin á þessum málum sé sú, að stórútgerðin verði rekin af því opinbera undir einni stj., og bátaútveginum komið í það horf, að bátaeigendur og fiskimenn hafi samvinnu um útgerðina. En eins og þing er nú skipað, er vonlaust um, að þetta komist á. Um hitt atriðið er svipað að segja. Við jafnaðarmenn teljum, að söluvandræðin verði bezt leyst með því, að hið opinbera hafi með höndum sölu á öllum útfluttum fiski. Eins og þingið nú er skipað, fæst því eigi á komið. Er því ekki um annað að gera í bili, en að snúa sér að því, sem hægt er að gera til umbóta í þessu efni án gagngerðra breytinga á skipulagi útvegsins og verzlunarrekstrinum. Þetta frv. er spor í þá átt. Einn megingallinn á fiskverkun okkar og útgerð er sá, að allt kapp er lagt á það að rífa upp sem mest af fiski, stundum fyrirhyggjulítið og án tillits til kostnaðar, taps á skipum, veiðarfærum og jafnvel mannslífum, en minni eða engin áherzla lögð á hitt, að gera aflann að fjölbreyttri vöru, með vísa kaupendur sem allra víðast. Því nær allur aflinn hefir svo verið verkaður á sama hátt og seldur til sömu staða. Þessi einhæfni í verkun er nú að koma okkur í koll. Nær því ekkert hefir verið að því unnið skipulega að gera fiskinn að fjölbreyttri vöru, sem auðvelt væri að selja sem víðast, heldur hefir öll aukning aflans komið fram sem aukin saltfiskframleiðsla fyrir takmarkaðan markað í Miðjarðarhafslöndum. Framleiðslan hefir aukizt mjög síðustu árin, 5 hin síðustu var aflinn þessi:

1926	.. 238	þús. skpd.
1927	.. 316	— —
1928	.. 410	— —
1929	.. 417	— —
1930	.. 441	— —

Í árslok 1928 voru óseldar birgðir 45 þús. skpd., 1929 52 þús. skpd., 1930 127 þús. skpd.

Af skýrslum frá 1930 sést, að selt hefir verið til Spánar, Portúgal og Ítalíu 58 þús. tonn (350 þús. skpd.) verkuð; til annara landa (Englands, Danmerkur, Noregs, Þýzkalands) verkuð 1244 tonn, og óverkuð 8499 tonn. Þannig sést, að þó framleiðsluaukningin sé gífurleg, þá vex ekkert útflutningur af öðrum fiski eða öðruvísi verkuðum en saltfiski, og öll aukningin bætist á markaðina, sem fyrir voru. Jafnvel þótt ekki væri litið á verðfall síðasta árs, þá er ljóst, að ekkert vit er að byggja eingöngu á markaði á Spáni, Portúgal og Ítalíu. En verðfallið hlýtur að herða á því, að gert verði nú þegar eitthvað til þess að bæta úr þessu. Það er óhjákvæmileg nauðsyn.

Eina ráðið, sem útgerðarmönnum og fiskikaupmönnum virðist koma í hug, er þetta gamla, en ekki góða, að takmarka framleiðsluna með því að láta svo og svo mikið af skipastólnum liggja aðgerðarlaust og svipta mikinn hluta landsmanna allri atvinnu. Sú leið er óhæf og aðeins til þess að gera illt verra. Í stað þess að draga úr veiðunum þegar tregða er á saltfisksölu, verðum við að leggja allt kapp á það að selja fiskinn nýjan, ísvarinn eða frystan, yfirleitt þannig verkaðan, að hann sé seljanlegur víðar en á Spáni, Ítalíu og Portúgal. Þótt ekkert verðfall hefði orðið á síðasta ári, þá er samt sem áður brýn nauðsyn að taka upp breytta fiskverkunaraðferð og fyrirkomulag á sölunni. Séu athugaðar yfirlitsskýrslur um meðalverð á fiskafla Norðurálfuþjóðanna, sést, að við Íslendingar erum þar neðstir á blaði, fáum ekki nema tæpan ⅓ verðs fyrir hvert kíló af aflanum á við Dani, Þjóðverja og Englendinga. Og fari maður lengra suður á bóginn, er munurinn ennþá meiri. En það liggur í augum uppi, að flutningskostnaðurinn þarf ekki að vera og getur ekki verið ástæðan til þessa gífur-

lega verðmunar. Ástæðan er að nokkru sú, að við leggjum nær eingöngu stund á þorskveiðarnar, en flestar aðrar þjóðir engu síður á að veiða aðrar og dýrari tegundir fiska. En aðalástæðan er þó sú, að við seljum nær allan okkar afla sem saltfisk, en hinar mikinn hluta hans nýjan eða ísvarinn og því fyrir margfalt hærra verð.

Ef frv. yrði samþ., þá væri bátaútvegnum svo víða um land, sem fært þætti, gert kleift að koma afla sínum á markað í Englandi og Þýzkalandi, einkum þeim hluta aflans, sem er nú verðminnstur,t. d. kola, lúðu og steinbít, sem nú er sama sem einskis virði með núverandi verkunarmáta, og a. m. k. á Vestfjörðum myndi það gera það að verkum, að haustvertíðin yrði miklu vissari.

Loks er á það að líta, að með hverju ári, sem líður, verða áhöld og aðferðir til þess að geyma og flytja nýjan fisk fullkomnari, og leiðir af því, að stöðugt eykst neyzla á nýjum fiski. En af því leiðir aftur það, að saltfisksalan vex ekki eða jafnvel minnkar frá því, sem nú er, eftir því sem tímar líða. Kröfurnar til nýmetis verða ríkari og ríkari, eftir því sem auðveldara reynist að verða við þeim, en að sama skapi minnkar eftirspurnin eftir saltmeti.

Ef bátaútgerðarmenn gætu komið afla sínum í verð á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, er mjög líklegt, að bráðlega tækist með þeim meiri samvinna en til þessa hefir verið, bæði um innkaup og sölu, og tel ég vel farið, ef svo yrði, og bátaútgerðin færðist í það horf, að samvinnufélög fiskimannanna sjálfra hefðu hana að sem mestu leyti.

Ef þessi tilraun sýndist ganga sæmilega vel og á kæmust fastar og reglulegar hraðferðir til tveggja landa, Englands og Þýzkalands, þá má ætla, að í sambandi við þetta myndi margvíslegur iðnaður rísa upp smátt og smátt, því það mun sýna sig, að það er nauðsynlegt að geta gert fiskinn sem fjölbreyttasta vöru, sem getur selzt yfirleitt á heimsmarkaðinum, en ekki aðeins í örfáum löndum. Af sömu samgöngum myndu og samhliða spretta margvísleg viðskipti og betri aðstaða fyrir landsmenn, er þeirra njóta.

Þrennt tel ég, að strax myndi vinnast við það að koma ferðum þessum á:

1) Að betra verð fengist fyrir fisk, sem nú er verðlítill, ef verkaður er sem saltfiskur, og veiðar eins og t. d. kolaveiðar ættu að geta gefið sæmilegt af sér.
2) Að aflinn fengist borgaður svo að segja jafnóðum, í stað þess að bíða óseldur 8—12 mánuði.
3) Að því meira, sem selt yrði af nýjum fiski, því minna þyrfti að verka sem saltfisk og senda á saltfiskmarkaðinn, sem virðist þegar of þröngur og mjög óviss.

Enn eru engin samtök að ráði komin á meðal bátaútgerðarmanna og fiskimanna hér á landi yfirleitt. Sé ég ekki annað ráð vænlegra en að ríkisstj. sjái um útflutning og sölu, a. m. k. þangað til útflutningsfélög eru mynduð og hafa gert með sér sæmilega öflugt sölusamband. Nokkrar tilraunir í þessa átt voru gerðar í vetur og tókust vel. Samvinnufélag Ísfirðinga byrjaði, sendi í desember um 100 smálestir með Esju í kössum. Reyndist fiskurinn alveg ágætur og fékk hið mesta lof, þótti hinn bezti, sem þá var fáanlegur. Síðar hefir félagið sent nokkrum sinnum með togurum og að mestu án kassa. Hefir það reynst æðidýrt að leigja togara eina og eina ferð, en þó hefir verðið jafnað sig upp og orðið betra en áætlað saltfiskverð.

Eigi því að gera þessa tilraun þannig, að byggja megi á henni, þá verður að koma á föstu skipulagi og reglulegum ferðum. En þetta fæst eigi gert nema ríkisstj. beiti sér fyrir þessu.

Ég hygg ekki, að ástæða sé til að óttast, að ríkissjóður þurfi að verða fyrir halla af þessu, en ég geri ráð fyrir, að 2% af söluverðinu verði lagt í sjóð, ef halli yrði. Þegar litið er til þess, hvern stuðning hið opinbera hefir veitt bændum til þess að koma kjötinu frystu til útlanda, bæði með framlagi til kæliskipsins og ábyrgð fyrir lánum til frystihúsa, þá verður eigi annað sagt en að sjálfsagt sé, að ríkissjóður veiti fyllsta stuðning til að beina fiskverzluninni inn á svipaðar brautir, þar sem hér er um margfalt meira verðmæti að ræða.

Eitt er enn, sem rétt er að benda á í þessu sambandi: síldveiðarnar. Fyrir hv. Ed. liggur till. um að skora á stjórnina að taka ábyrgð á Rússavíxlunum. Ég þori engu að spá um það, hvernig þetta fer, en ætla í lengstu lög að vona, að till. verði samþ., því ef ekki er hægt að auka síldarsöltunina frá því, sem verið hefir, og bræðslusíldarverð batnar ekki, þá hlýtur að draga úr síldveiðum næsta sumar. En í sambandi við útflutning á kældum fiski, væri sjálfsagt að gera tilraunir með útflutning á nýrri síld. Ég geri ráð fyrir, að það minnsta sem gagn er að til að byrja með, séu 4—6 skip. Ef tilraunin gæfist vel, tel ég víst, að leiguskipunum yrði fjölgað, enda nú auðvelt að fá skip á leigu með góðum kjörum. Það skal tekið fram, að ég álít ekki útilokað, að ríkisstj. gæti samið við skipafélag eða félög um að taka að sér flutninga. Má vera, að Eimskipafélagið vildi taka þetta að sér. Fyndist mér rétt að rannsaka það. Óska ég svo, að frv. verði vísað til sjútvn.

Ólafur Thors: Ég er sammála hv. flm. um það, að nauðsyn sé á að vinda bráðan bug að því, að breyta um meðferð og verkun fiskjar, aðal-framleiðsluvörunnar, og gladdi það mig, að hv. flm. hefir kynnt sér rök þau, er flutt hafa verið fram fyrir þessari þjóðarnauðsyn.

Ég stend eigi upp til að deila við hann um þessa nauðsyn, en hitt er annað mál, að það getur orkað tvímælis, hvort þær till., sem hann ber fram um úrlausn þessa máls, eru á réttum grundvelli byggðar.

Ég geri ráð fyrir, að það, sem mest hefir valdið ágreiningi milli mín og hv. flm., sé það, að við lítum sitt hvorum augum á afskipti ríkisins af þessu máli. Mér finnst ekki rétt að láta ríkið skipta sér af þessu, nema knýjandi nauðsyn sé á. Nú hefir þessi hv. flm. tekið fram, að einstaklingsframtakið hafi hafizt mjög svo myndarlega handa á þessu sviði á síðustu árum. Hann gat þess réttilega, að strandferðaskipið Esja hafi farið eina ferð til útlanda og togararnir margar ferðir með nýjan fisk, og gera enn, frá Vestmannaeyjum, en í Englandi og Þýzkalandi er verðið lágt um þetta leyti árs á nýjum fiski.

Ég segi því, að eins og málið liggur fyrir nú, finnst mér einkennilegt að láta ríkið hefjast handa um fjárframlög. Ég get ekki lagt til, að ríkið hlutist til um þetta fyrr en það sést, hvernig einstaklingunum tekst að leysa úr þessu verkefni.

Það skiptir ekki aðalmáli að fara að leiðrétta þann misskilning, er kom fram í ræðu hv. flm., er hann segir, að gerður hafi verið leikur að því að stöðva framleiðsluna. Hv. flm. hefir sjálfur játað í grg. frv., hversu komið er um verðlag á fiski og söluhorfur, og veit því vel, að stöðvunin var óumflýjanleg neyðarráðstöfun.

En hitt er auðsætt, að varanleg bót í þessum efnum fæst ekki fyrr en búið er að brúa fjarlægðina milli okkar og þeirra mörgu milljóna af neytendum, sem fúsir eru að kaupa fisk okkar nýjan, ef hægt er að koma honum óskemmdum til þeirra.

Að þessu er nú unnið. Ég veit, að einstakt félag hefir lagt í kostnað ½ millj. kr. til að ryðja frosnum fiski braut í öðrum löndum, aðallega í Miðjarðarhafslöndunum. Úrslitin um það, hvernig þetta tekst, eru ekki ennþá fengin. Það hefir gengið þunglega. Er enginn vafi á því, að heill sjávarútvegsins íslenzka veltur meira á því, að þessar tilraunir takist, heldur en að okkur takist að koma frá okkur ísvörðum fiski eins og hv. flm. ætlast til, þótt einnig það sé gott. Gæfa Íslands veltur meira á hraðfrysta fiskinum heldur en þessum kælda fiski, að okkur takist að koma honum óskemmdum á markaðinn og þannig finna leið til að komast í samband við milljónir manna, sem eru vanir að borða dýran fisk og mundu taka fegins hendi við þessari framleiðslu okkar og kaupa hana með verði, sem við Íslendingar mættum vera vel ánægðir með.

Ég vildi segja það, að ágreiningurinn milli mín og hv. flm. verður ekki út af því, að okkur greini á um nauðsynina á að breyta meðferð á framleiðsluvörunum, heldur hverja leiðina á að fara í þeim efnum. Hv. flm. vill leggja það á

ríkissjóð, en ég vil, að einstaklingsframtakið glími við það, að sínu leyti eins og einstaklingurinn hefir fengizt við að ryðja frosnum fiski braut.

Það er svo til ætlazt, að ríkissjóður taki ábyrgðina á byggingarkostnaði væntanlegra frystihúsa. Þetta er áreiðanlega mikil áhætta, ef eitthvað ber út af, t. d. gæti komið fyrir, að kælihúsin yrðu ekki notuð, af því að hraðfrystiaðferðin reyndist betri en kæliaðferðin.

Gunnar Sigurðsson [óyfirl.]: Það er ekki efi á því, að þetta mál, sem nú er til umr., er eitt af stærstu málunum, sem liggja fyrir þessari hv. deild. Þetta spursmál um það, hvort það geti verið svo í framtíðinni, að sjávarútvegurinn beri uppi ríkissjóð, eins og allir vita að hann hefir gert hingað til. Ég er ekki í efa um, að þetta frv. er spor í rétta átt, en eins og hv. flm. tók fram, eru líka til fleiri leiðir, sem hann og tók vinsamlega í að athuga, og þess vegna er ég staðinn upp, þó að sjálfsagt séu hér margir fagmenn á þessu sviði frekar en ég. Ég hefi lengi verið sannfærður um, að of lítið hefir verið gert til þess að losna við að eiga eingöngu undir þessum þremur löndum um kaup á íslenzkum fiski. Við skyldum hafa séð, hvar við værum staddir, ef uppreisn hefði orðið á Spáni, eins og nærri lá og enginn fiskur hefði flutzt þangað. Ég sé ekki betur en að þá lægi fyrir algert hrun. Ég er viss um það, að á þessu sviði eins og öðrum, og sérstaklega á þessu sviði, er lagt allt of lítið fé fram til markaðsleita, og ekki nógu snemma athugað að losna við að eiga svona bundið við þessi lönd, sem þegar eru nefnd: Spán, Portúgal og Ítalíu, því það er, eins og þeim báðum, sem talað hafa í málinu, hv. flm. og hv. 2. þm. G.-K., hefir borið saman um, að það er neyðarúrræði að draga úr framleiðslunni, og ég ætla, að allir, hvaða flokki sem þeir annars tilheyra, geti verið sammála um það, að það er alvarlegasta sporið, sem komið getur fyrir íslenzku þjóðina, að verulega gangi aftur á bak fyrir útgerðinni. Ég býst einnig við, að ef hægt verður að koma nýjum fiski á markað, þá verði líka lausn á því, sem svo lengi hefir gengið til, að togarar verða að kasta miklu af fiski fyrir borð; t. d. get ég nefnt karfann, sem er ágætur til matar, honum er alltaf kastað fyrir borð.

Það er ein lausn á málinu, sem hv. flm. minntist á að lægi nú fyrir þinginu, að fá erlend félög til að ganga í málið og kaupa fisk. En sumir munu álíta, að ekki megi koma erlent fé inn í landið, nema lánsfé, en það er auðvitað hættulegasta tegundin. Ég sé ekkert á móti því, að tilraunir séu gerðar í þá átt, sem hv. flm. fer fram á. Ég sé ekki eftir, þótt látið sé fé af mörkum úr ríkissjóði til þessa, og að ekki mætti athuga að komast í samband við erlend félög, sem vildu kaupa fisk. Þau hafa það, sem okkur vantar, veltufé, viðskiptamenn og reynslu. Einstaklingsframtakið, sem hv. 2. þm. G.-K. talaði um, getur náttúrlega verið gott, en hér hefir það verkað seint, seinna heldur en æskilegt hefði verið, því ég veit, að enginn þm. efast um, að nauðsynlegt sé að reyna að hrinda þessu máli fram sem allra fyrst. Nú er farið að selja töluvert af frosnum fiski til Miðjarðarhafslandanna, og þá mundi síður hafa borið á vandkvæðum, sem komið hafa af því, hve verðið féll snögglega á Spáni. Og það er ekki svo lítið atriði. Ég hefi litla trú á gróða í byrjun á þessari tilraun, sem þegar er verið að gera og verður gerð. En allir, sem erlendis hafa verið, vita, hve mikill munur er á fiskverðinu þar og hér, t. d. í Þýzkalandi. Það er ekki einasta verðmunurinn, heldur líka gæðamunurinn, svo að þegar Íslendingar koma þangað, fá þeir dýran fisk, sem þeim finnst óætur. En það, sem ég vildi leggja áherzlu á, er að hafa augun opin fyrir, að gerðar verði tilraunir í þá átt, sem frv. fer fram á, að leita að möguleikum til að koma á samböndum við erlend félög, sem vilja taka slíkt að sér, því þau hafa þetta þrennt, sem ég hefi minnzt á: Þekkingu, veltufé og markað.

Jón Ólafsson: Ég vil ekki, að það sé tekið svo, að ég sé á móti málinu, þó að ég geri nokkrar aths. við það. Það er annað að flytja svona mál fyrir þingið,

að svo lítt athuguðu máli, eða hitt, að setja það í framkvæmd, svo að gagni megi koma. Ég er að sjálfsögðu á móti því að flana að því ráði, að ríkissjóður taki það að sér á þessu stigi málsins, þar sem það er alveg á byrjunarstigi og er alveg óathugað frá ýmsum hliðum, sem hljóta að snerta það svo mjög, að ef það rekur af réttri braut, þá er það mikið skaðræði. Þarf ekki annað en að minna á það hjal hér í deildinni, að draga úr framleiðslunni. Þegar fiskigöngur koma að landinu, t. d. í febrúar og marz, þá verður þessi fiskur, sem við söltum, alveg verðlaus á ísfiskmarkaðinum, svo að ekki getur borgað sig að selja hann þangað; það geta náttúrlega komið fyrir einstaka túrar, en yfirleitt getur það ekki borgað sig. Þennan fisk er því útilokað að selja, einmitt þegar mest veiðist af honum við Ísland. Þeir hafa annan fisk en við, ekki þennan stóra, sem við höfum til söltunar, heldur ýsu og flatfisk, sem er mjög verðmikill. Þegar við lítum á það, sem við höfum helzt, kolann, sem alltaf er mikið til af hér við land, og ýsu og annan slíkan fisk, þá komum við að því, að þingið hefir bannað að veiða þennan fisk með því eina veiðarfæri, sem dugir á kola, bannað það mestan hluta ársins, svo að landsmenn geta ekki látið hann í skip, sem flytja ísfisk á markaðinn. Hér er því málið komið í öngþveiti, þegar okkur er bannað að hirða þennan fisk og setja hann á markað. Hv. flm. talaði um það, að þrefalt verð fengist fyrir fiskinn í Englandi, móts við það, sem við fáum. Þetta er alveg rétt, en þó að kostnaður sé mikill á okkar fiski heima, verður það þó svo vissa tíma ársins, t. d. í marz og apríl, að sá kostnaður er miklu minni en á enskum fiski, sem farið er með til Englands. En þó mundi það aldrei geta komið til mála, að það borgaði sig að sigla togurum sínum til Englands um þetta leyti.

Hv. 2. þm. Rang. talaði um það, að við ættum allt undir Spáni, Portúgal og Ítalíu og að ekki hefði verið gert nógu mikið að markaðsleitum. Maður er orðinn svo vanur að heyra þetta frá ýmsum mönnum, sem lítið hafa um þetta hugsað. Það hefir verið mikið að því gert, t. d. í Suður-Ameríku og víðar. Ég held, að það sé flestum kunnugt, að þar er talsvert notaður saltfiskur. En enn þá hefir ekki fengizt markaður, sem gæti losað okkur við að skipta við Spán, Portúgal og Ítalíu; jafnvel þó sendir hafi verið menn út til að rannsaka þetta, þá hefir það ekki tekizt. Vitanlega væri gott að fá markað sem víðast, og alltaf fjölgar þeim stöðum, sem kaupa af okkur fiskinn, og þá ekki sízt þau ár, sem of mikið er fyrir í þessum þremur löndum.

Svo ég snúi mér að því, hvað ríkissjóður eigi að gera í þessu efni, þá álít ég, að ríkissjóður ætti, þegar reynsla er fengin, og það sýnir sig, að þörf er á slíku, að ljá því lið. Ég er því algerlega á móti því, að þingið styðji þetta, áður en reynsla er fengin og nokkuð er byrjað á að fást við það, og á meðan við höfum ekki rannsakað, hvaða fisk við höfum á hverjum tíma árs til að senda. En ef það sýnir sig, að þessi tilraun gangi nokkurn veginn, en þó ekki svo, að nægja þyki, þá tel ég rétt og sanngjarnt, að ríkissjóður styrki þennan væntanlega félagsskap, sem um það yrði stofnaður, að einhverju leyti.

Ég hefi ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta; ég veit og skil, að þetta frv. er fram komið af góðum tilgangi, og má vera, að þessi hugmynd, sem ekki er ný, eigi eftir að verða landsmönnum til góðs, en eins og ég hefi tekið fram, held ég, að þetta þurfi frekari athugunar við á ýmsum sviðum, áður en ríkissjóður leggur fé í það.

Sveinn Ólafsson: Ég get verið hv. flm. þakklátur fyrir að koma fram með þetta frv., enda þótt ég sé honum ekki sammála í öllu um aðferðir og fyrirkomulagsatriðin við byrjunina. Ég heyrði ekki nema nokkurn hluta af ræðu hans, en mér heyrðist á hv. flm., að ýms erindi hefðu borizt þinginu, sem lytu að sama efni. Það er víst, að til og frá um landið eru allmikil tilþrif í þá átt að koma á kæliflutningi fiskjar eða sendingu ísfiskjar, eftir því, sem við horfir í hvert sinn og á hverjum stað. En þetta er fyrsta erindið, sem þinginu berst í frum-

varpsformi og með ákveðnum fyrirmælum um það, hvernig framkvæmdum skuli haga. Ég verð að segja, að mér þætti æskilegast, eins og hv. 2. þm. G.-K. tók fram, að þetta mætti takast með fulltingi útvegsmanna sjálfra og án þess að stofna ríkissjóði í alvarlega áhættu þegar í byrjun. En ef það sýndi sig, að einstaklingsframtakið næði ekki því marki, sem til er ætlazt, eða að tilraunirnar mistækjust, þá mundi ég telja sjálfsagt, að ríkissjóður styddi að því, að koma þessu í framkvæmd og legði lið við fyrstu tilraunir og undirbúning. Í þessu efni, eins og endranær, skiptir mestu að hjálpa einstaklingunum til að hjálpa sér sjálfum.

Með því móti væri þó fyrirfram hægt að meta þá hættu, sem ríkissjóður tæki að sér, en hún verður ekki fyrirfram metin, ef ætti að fylgja fyrirmælum frv. um þetta. Því ef ríkið á annað borð tæki að sér rekstur á nokkrum skipum, þá tel ég víst, að kröfur mundu berast úr fiskiverum landsins um atbeina í ýmsum myndum. Ég óttast helzt, að þær kröfur leiddu til of mikillar áhættu fyrir ríkissjóðinn. En að sama skapi yrði kannske minna um framkvæmdir hjá einstaklingunum en annars, því að þeir vörpuðu áhyggjum sínum á forsjón ríkisins.

Ég vildi aðeins koma fram með þessar bendingar, áður en lengra er komið málinu.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég býst við, að það verði eins um þetta mál og ýms önnur, að mig og hv. 2. þm. G.-K. greini mjög á um, hvort heppilegra sé að treysta eingöngu á einstaklingsframtakið eða hið opinbera skerist í leikinn að meira eða minna leyti. Mín skoðun er sú, að einmitt fyrir það, að einstaklingsframtakið hefir verið látið leika lausum hala og verið einrátt um þessi mál, sé komið eins og komið er. Hitt get ég vel skilið, að hann sé sjálfum sér samkvæmur í því að halda, að því lánist að ráða fram úr þessum vanda. Ég hefi ekki trú á því, að það takizt, a. m. k. ekki eins vel og því opinbera, ef tekið er tillit til hagsmuna alls almennings í landinu.

Reyndar er hér ekki um tvennt annað að ræða. Því að þótt frv. verði samþ. og stj. noti heimildina og komi á ferðum með t. d. 6 skipum eða fleiri, þá er samt nægilegt svigrúm fyrir einstaklingsframtakið í landinu til þess að reyna líka þessa aðferð.

Hv. þm. segir, að þær tilraunir, sem byrjað hafi verið á, beri þess glöggan vott, að einstaklingsframtakinu sé til þess treystandi að ráða nokkurnveginn fram úr vandanum. Ég verð alveg að vefengja þetta. Ég verð þvert á móti að álíta, að það, sem gert hefir verið af einstaklingum í ár, sýni, að það, sem þeir gera til þess að leysa málið, verði alltaf ófullnægjandi.

Þetta frv. á að hjálpa bátaútvegsmönnum, sem eiga þess engan kost að koma sjálfir hver í sínu lagi afla sínum kældum til útlanda. Þeir geta ekki eins og nú standa sakir leigt sér skip og haft menn til þess að selja fyrir sig í útlöndum. Ég játa, að togarafélög, sem ráða yfir mörgum skipum, geta þetta. En þetta frv. er flutt til að liðsinna bátaútvegsmönnum, en ekki togaraeigendum. Ekki neita ég því, að svo geti farið, að einhverjir framtakssamir menn gerist til þess að senda skip öðru hverju hingað til lands, til þess að kaupa nýjan fisk af bátaútvegsmönnum. En slíkt væri þá auðvitað gert í því skyni einu að græða á kaupunum, en ekki til þess að hjálpa þeim. Er því hætt við, að lítt yrði á slíku byggjandi fyrir smábátaeigendur og fiskimenn yfirleitt.

Ég skal þá drepa á annað atriði, sem hv. þm. nefndi. Hann sagði, að ég hallmælti togaraeigendum fyrir stöðvun flotans, en viðurkenndi þó, að stöðvunin hefði verið nauðsynleg. Minni helmingurinn af þessu er sannleikur, en stærri helmingurinn hrein ósannindi og tilbúningur. Ég hallmælti togaraeigendum fyrir að stöðva togarana, þótt saltfiskverðið væri lágt. Sýndi fram á, að ísfiskurinn hefði í vetur selzt svo vel, að það hefði áreiðanlega borgað sig vel fyrir togaraútgerðarmenn að gera út á ísfisk, ekki sízt þegar þess er gætt, að togararnir gátu fyllt sig á fáum dögum með því að kaupa bátafisk frá ýmsum stöðum á

landinu til viðbótar, og þannig alltaf komið út með glænýjan fisk. En íhaldssemi togaraeigenda sumra virðist svo rík, að þeir eru ófáanlegir til að lengja ísfiskveiðitímann, þótt gróði virðist alveg viss. Hv. þm. talaði um, að febrúarmánuð hefði verið slæm sala. En meðalsala ísfiskjar hefir þó á þessu ári orðið miklu betri en áður. Mér er óskiljanlegt, að það hafi verið af fjárhagslegum ástæðum einum, að togararnir voru stöðvaðir. Seinasti togarinn seldi fyrir £1700, annar fyrir £1100—1200 og enn annar fyrir £1200—1300. Það kann að vera, að þeir hafi hitt vel á. En ég man ekki eftir neinni sölu, sem er undir £700. (MG: Einn á £375!). Já, en þá mun hafa staðið sérstaklega á. Og ég er undrandi yfir því, að ef einstaklingsframtakinu er eins vel treystandi og hv. þm. lætur, þá skuli togararnir hafa verið bundnir allan þennan tíma.

Hv. þm. tók svo til orða, að meðan ekki væri útséð um, hvort einstaklingsframtakinu tækist ekki að leysa þetta verkefni vildi hann ekki, að ríkissjóður hæfist handa. Ég er á gagnstæðri skoðun um þetta. Biðin getur orðið okkur löng og dýr, lengri og dýrari en svo, að við þolum hana. Og ég hygg, að einstökum fiskkaupmönnum geti ekki lánast eins vel að leysa vandræðin og ef hið opinbera hjálpar fiskimönnunum sjálfum til þess að koma aflanum á markað.

Hv. þm. talaði um tilraunir eins fyrirtækis með útflutning á frosnum fiski. Mér er ekki vel um þær kunnugt, en vel má vera, að það hafi mikið og gott verk unnið, þótt ekki sjáist árangurinn enn, og tel ég líklegt, að hann komi í ljós síðar. En eftir því, sem ég bezt veit um verzlun með frosinn fisk, þá hygg ég, að þessi breyting á verzluninni hljóti að taka langan tíma og kosti mikið fé og ýmsar aðgerðir. Eftir því sem ég bezt veit, er tryggasta sala á frosnum fiski þannig, að fiskurinn sé seldur beinlaus, skorinn niður í stykki og pakkaður í söluumbúir af ákveðinni þyngd. Mér er sagt, að eitthvað sé líka selt af fiskinum heilum, en yfirleitt aukist eftirspurnin því nær eingöngu eftir beinlausum frosnum fiski. Þetta kostar verksmiðjur til að vinna úr úrganginum í sambandi við íshúsin, og auk þess þarf að vera nóg af íshúsum, kælivögnum og sölubúðum með kælitækjum í neyzlulöndunum. Og það tekur að sjálfsögðu tíma að koma þessu öllu í lag. En ég er sammála hv. þm. um, að ef skipulega er að þessu unnið, þá megi tryggja sér sölu á talsvert miklu af fiski á þennan hátt. Ef þetta lánast, er opnaður markaður, ekki aðeins við hafnarborgir, heldur og inni í meginlöndunum.

Hv. þm. taldi, að meginhættan, sem lögð sé á ríkissjóð, stafi af ábyrgð fyrir kælihúsbyggingum. Það er rétt, að skv. frv. má ábyrgðin fara upp í allt að 50% af stofnkostnaði. En ég vil benda þessum þm. og öðrum á það, að í frv. er ráðgert að endurskoða lögin þegar á næsta þingi. Ég er ekki nægilega kunnugur þessum málum til þess að vita, hvort brýn nauðsyn er strax í byrjun til þess að hafa frystihús víðar en nú er. Má vera, að á flestum stöðum, þar sem um útflutning yrði að ræða, séu til íshús, svo að þar mætti geyma fiskinn milli ferða. Auk þess er hér aðeins um heimild að ræða, sem ekki er ástæða til að óttast, sízt á þessu eina ári.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði að ýmsu svipað og hv. 2. þm. G.-K., og kvaðst sérstaklega vera því mótfallinn, að ríkissjóður tæki að sér nokkrar aðgerðir eða áhættu, meðan allt væri á tilraunastigi. Ég álít hinsvegar, að meðan þetta mál er á tilraunastigi, sé brýnust þörf til að létta hér undir af hálfu hins opinbera og stuðla að því, að tilraunir séu gerðar, sem ætla megi, að komi að einhverju haldi.

Hv. þm. sagði, að ástæðan til þess, að verðmæti fiskafla Englendinga væri prefalt hærra pr. kg. en afla Íslendinga væri sú, að þeir hefðu meira af flatfiski en við. Nokkuð er eflaust til í þessu, en þó er ekki nema örlítið, sem munar á þessu. Megin-verðmunurinn skapast af því, að fiskur þeirra er mestur seldur nýr eða ísvarinn. En ég er honum sammála um, að það væri líklegt til þess að gera okkar afla verðmeiri að veiða meira af kola, lúðu og þess háttar fiski. En þann tíma árs, sem dragnótaveiðar eru bannaðar,

er lítils að vænta af kola. Þess vegna hefi ég borið fram frv. um að lengja tímann, sem dragnótaveiðar eru leyfðar, upp í 7 mánuði á ári. Myndi þá kolaveiðin án efa aukast mjög, og það verða til að hækka meðalverð aflans, sem seldur er í ís.

Það er líka alveg rétt hjá hv. þm., að vinna við saltfiskinn er talsvert meiri en við ísfisk. Ennþá er þó óséð, hve mikil vinna verður við ísvarinn fisk. Það fer eftir því, hvort fiskurinn verður fluttur í stíum eða í kössum. Þetta er framkvæmdaratriði, og er ekkert um það sagt í frv. En mér er sagt, að það borgi sig betur að leggja góðan fisk í kassa, þótt það verði nokkru dýrara.

Hv. þm. sagði, að þrátt fyrir ítarlegar tilraunir fengist hvergi jafngóður saltfiskmarkaður og á Spáni og þar í kring. Þetta undirstrikar bara, hvílíkt óvit það er að byggja jafnmikið á saltfiskmarkaðinum og gert hefir verið til þessa, úr því Spánarmarkaðurinn, sem nú bregzt, er beztur og öruggastur.

Hv. 1. þm. S.-M. tók þessu frv. vel í orði eins og reyndar hinir tveir líka. En hann óskaði þess mjög, að einstaklingsframtakinu lánaðist að leysa þennan vanda, þannig að ekki þyrfti að koma til kasta ríkisins. Ég hefi bent á það áður, að þó að þetta frv. verði samþ., þá er engu að síður opin leið fyrir allt einstaklingsframtak, sem nokkrar líkur eru til að láti sig varða þessi mál, til að sigla skipum með ísvarinn fisk og kaupa í þau. En með þessu er þeim bátaeigendum, sem sjálfir eiga þess ekki kost að koma aflanum í verð í útlöndum, gert það kleift.

Jón Auðunn Jónsson: Það er víst, að öllum kemur saman um, að eitthvað þurfi að gera til þess að létta á saltfiskmarkaðinum. Þar er aðallega um tvær leiðir að velja, að selja fiskinn ísaðan til Englands, eða koma upp hraðfrystihúsum og flytja hann þannig verkaðan.

Um fyrri aðferðina er því miður svo, að við höfum tiltölulega lítið af fiski, sem von er um að geta selt með viðunanlegu verði í Englandi eða Þýzkalandi. Það er einkum ýsa og flatfiskur, sem selst við sæmilegu verði. Það hefir sýnt sig, að útflutningur á ísuðum þorski er enginn gróðavegur enn sem komið er. Við Ísfirðingar höfum keypt þorsk í togarana okkar, þegar veður hafa verið vond og afli þeirra lítill, og nálega undantekningarlaust höfum við fengið minna fyrir að flytja hann þannig út ísaðan heldur en að salta hann. Það er mest nauðsyn fyrir okkur að koma flatfiskinum út, því að hann er ávallt í beztu verði. En því miður veiðist lítið af honum, um 10 þús. kit síðastl. ár, og nokkru meira árinu áður, enda hafa vegna landslaga verið hömlur á kolaveiði. Að sumu leyti er varhugavert að létta af þeim hömlum til muna, meðan Danir og Færeyingar hafa jafnrétti við okkur til þessa veiðiskapar. Sérstaklega eru Danir alvanir þessari veiðiaðferð, og ef við rýmkuðum veiðitímann, má búast við, að aðsókn þeirra hingað margfaldaðist, því að það, sem hingað til hefir hindrað, að fleiri Danir stunduðu þennan veiðiskap hér, er það, að sá tími er svo stuttur, sem veiðin er leyfð.

Tilraunir, sem gerðar hafa verið með útflutning á ísuðum þorski, hafa oftast tekizt illa og gefið tap. Ég hefi þrisvar sinnum keypt fisk fyrir útlendinga, og aðeins í eitt skipti varð af því ágóði, 65 sterlingspund. Sama er að segja um tilraun, sem Kristján Torfason á Flateyri hefir gert. Nú hafa ýmsir lagt drög til þess að koma á fót félagsskap til þess að senda út ísaðan fisk. En meðan þetta er á byrjunarstigi, er varhugavert fyrir ríkissjóð að takast á hendur miklar framkvæmdir.

Menn verða að gera sér grein fyrir því, að því meir sem flutt er út, því minni er kostnaðurinn að tiltölu. Annars er það villandi að bera saman fiskverð í Englandi og hér, meðal annars vegna þess, að Englendingar veiða að nokkru leyti aðrar og dýrari tegundir fiskjar en við, og auk þess er þess að gæta, að þegar fiskurinn er kominn á markað í Englandi, þá er flutningskostnaðurinn, sölukostnaður o. fl. orðinn allt að helmingi útsöluverðsins.

Ég gæti fremur fellt mig við till. hv. 1. þm. S.-M. um það, að ríkið taki á sig

eitthvað af þeim töpum, sem kunna að verða af þessum tilraunum, en láti að öðru leyti afskiptalausar framkvæmdir einstaklinga í þessum efnum. Ég hefi þá trú, að einstaklingsframtakið sé þess megnugt að ryðja nýjar brautir hvað afurðasöluna snertir, enda munu þegar hafnar tilraunir í þá átt. Fiskiframleiðendur hafa þegar skilið þörfina á bættum fiskmarkaði, enda munu þeir á hverjum tíma finna það bezt, hvar skórinn kreppir í þeim efnum. Ef hinsvegar væri tekið upp það fyrirkomulag, sem frv. fjallar um, þá myndi það geta haft gífurlegan kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, og auk þess er það mjög tvísýnt, hvort það bæri nokkurn verulegan árangur. Það yrði ákaflega þunglamalegt og dýrt fyrirkomulag, að fara að leigja mörg og dýr skip og gera þau út frá Austurlandi, Vestmannaeyjum og Vesturlandi, en stjórna þeim frá útgerðarskifstofu ríkisins hér í Reykjavík.

Í frv. er talað um að setja á stofn söluskrifstofu. Mér er ekki fyllilega ljóst, hvað átt er við með þessu ákvæði. Væntanlega er þó ekki átt við að stofna söluskrifstofu úti í Englandi; það getum við ekki, því að við höfum ekki heimild til að setja í okkar lög ákvæði um, að eitthvað skuli gert í öðru landi. Það er hinsvegar nokkurn veginn víst, að fisksalan til Englands yrði eftir sem áður að ganga í gegnum hendur fiskheildsala þar í landi.

Enda þótt ég sé í öllum aðalatriðum ósamþykkur þessu frv., þá mun ég þó ekki greiða atkvæði gegn því, að það fari til n., og þá væntanlega hv. fjhn., og vil ég mælast til, að hún taki þessar bendingar til athugunar.

Ólafur Thors: Ég þarf ekki að svara því miklu, sem hv. flm. beindi til mín. Ég get verið ánægður með undirtektir þeirra hv. þdm., sem talað hafa í þessu máli. Hefir afstaða þeirra flestra verið á hinn sama veg og mín. Þess ber að minnast með þakklæti, að ræðumenn hafa talað af miklum skilningi og velvild í garð sjávarútvegsins, og er þess að vænta, að svo verði einnig framvegis. Er gott til þess að hugsa, að mega kalla til stuðnings hins opinbera til handa sjávarútveginum, þegar í nauðirnar rekur. En sem betur fer er þess ekki þörf í þessu máli, eða a. m. k. hefir þess oft verið brýnni þörf en nú. Ég hefi þá öruggu vissu, að einstaklingsframtakið muni bezt leysa úr þessum málum. Hv. flm. vill hinsvegar láta ríkið beita sér fyrir þessum tilraunum; telur útgerðarmenn ekki hafa aðstöðu til þess. Ég sé nú ekki, að það skipti verulegu máli, hvort það er framtak útgerðarmanna eða þeirra, sem verzla með fiskinn, sem ríður hér á vaðið með markaðsbætur fyrir íslenzkan fisk, eða hvort það er ríkisvaldið, sem gerir það. Hagsmunum framleiðenda, bæði sjómanna og útgerðarmanna, er engu síður borgið í hinu fyrra tilfellinu. En hinsvegar er það sannað af reynslunni, bæði fyrr og síðar, að mjög ber að gjalda varhuga við vanhugsuðum og óþörfum afskiptum ríkisvaldsins af atvinnulífinu. Er þar skemmst að minnast síldareinkasölu og síldarbræðslustöðvarinnar, og skal sú saga betur rakin og eftirminnilegar í sambandi við annað frv., sem bráðlega kemur til umr. hér í deildinni. Erum við hv. flm. að vísu sammála um það, að hefjast beri handa, enda er mér persónulega kunnugt um það, að meðal útgerðarmanna er þegar hafinn mikill undirbúningur í þá átt. Ég er þess fullviss, að eins og það var einstaklingsframtakið, sem skapaði stórútgerðina hér á landi, án tilstyrks hins opinbera, þá mun það einnig verða einstaklingsframtakið, sem öruggast verður til þess að ryðja fiskútflutningi okkar nýjar brautir á erlendum markaði. Það er að vísu handhæg leið, að því er virðist í fljótu bragði, að varpa öllu slíku upp á ríkið, en bæði er það öldungis ósannað mál, að slíkt leiddi til nokkurs árangurs, nema kostnaðar, og svo er á hinn bóginn ákaflega mikil hætta á því, að mistök og önnur afskipti manna, sem ekki hafa þekkingu á þessum málum, gætu valdið stórtjóni. Er þar og skemmst að minnast þess, þegar síldareinkasalan ætlaði að fara að leita fyrir sér um markað fyrir íslenzka kryddsíld í Ameríku. Annars er það nú orðin venja hér, ef eitthvað þarf að gera, þá sé ekkert annað en láta hið opinbera gera það. Alveg eins og hið opinbera sé einhver brunnur, sem aldrei

getur þrotið. En menn gleyma því, að „hið opinbera“ er ekkert annað en gjaldgeta, þrautpínd gjaldgeta fátækra landsbúa. Annars hygg ég, að það hafi litla þýðingu, hvorki til né frá, að deila við hv. flm. um þessi atriði.

Þó að það sé nú að vísu ekki beint viðkomandi þessu máli, þá þykir mér þó eftir atvikum rétt að drepa lítillega á það, hvers vegna togararnir fóru seinna á saltfiskveiðar í vetur en endranær. Hv. flm. tók það sem dæmi þess, að framtak einstaklinganna væri ekki einhlítt. Í grg. frv. er þess réttilega getið, að verð á saltfiski er nú afar lágt. Þar af leiðir, að ekki eru tök á að gera út, nema meðan veiðin er skörpust, en samkvæmt reynslu síðustu ára er marz langsamlega lélegasti veiðimánuðurinn. Hvað ísfisksöluna snertir, þá hefir verðið að vísu verið venju fremur hátt í vetur, en það verður tæplega lagt útgerðarmönnum til ámælis þótt þeir sæju það ekki fyrir, því að ísfiskverð er venjulega mjög lágt í febrúar, en einkum þó í marz. Því er það fjarri öllu viti og sannleirni að kveða upp áfellisdóm yfir útgerðarmönnum með þeim forsendum, að þeim hefði borið að sjá þetta fyrir. (SÁÓ: Eru þeir ekki forsjón fólksins?). Þeir eru a. m. k. betur til þess fallnir en menn eins og hv. 4. þm. Reykv. Annars skal ég upplýsa það, að skipin voru ekki lengur við garðinn en þurfti til viðgerða og ýmissa breytinga, sem leiðir af því, að breytt er um veiðiaðferðir. Annars kemur þetta ekki máli því við, sem hér er til umr., en ég get þó ekki með öllu leitt hjá mér að svara þessu, þar sem betta átti að vera sönnun þess, hve illa einstaklingsframtakið innti skyldur sínar af hendi, þegar á reyndi.

Ég sé annars enga ástæðu til þess að ræða um misskilning þann, er kemur fram hjá hv. flm. í sambandi við útflutning á frosnum og beinlausum fiski. Hv. flm. er sennilega ekki nægilega kunnur því, sem gerzt hefir og er að gerast á heimsmarkaðinum hvað þetta snertir. Ef þær tilraunir bera árangur, sem gerðar eru bæði af íslenzkum fiskútflytjendum og sömuleiðis keppinautum vorum erlendis, til þess að fá þjóðirnar til að borða frosinn og beinlausan fisk, þá yrði það meira virði fyrir okkur en markaðir fyrir kældan fisk. En sennilega á þetta þó nokkuð langt í land, enda þarf til þess margskonar útbúnað og dýran. Ég tel því ekki rétt að byggja of miklar vonir á þeim útflutningi fyrst um sinn, heldur leggja höfuðáherzluna á útflutning á kældum fiski. Innlendir fiskútflytjendur hafa begar hafið allmikinn undirbúning, er að þessu lýtur, og meðan ekki er örvænt um árangur þeirra tilrauna, þá held ég, að ríkisvaldið ætti sem minnst að blanda sér inn í þetta mál. Og ef svo fer, að einstaklingsframtakið leysir úr þessum vanda, sem ég hefi fulla trú á, þá getur ríkisvaldið sparað sér öll afskipti, fyrirhöfn og kostnað út af þessum málum.

Umr. frestað.

Á 31. fundi í Nd., 23. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Enda þótt hér sé um að ræða 1. umr. þessa máls og þess vegna kunni að líta út fyrir, að óþarft sé að lengja hana mjög, þá vildi ég samt fara nokkrum orðum um þetta frv., sem talið var af einum hv. þm. vera eitthvert mikilvægasta mál þingsins. Eru það þó sérstaklega nokkur ummæli hv. ræðumanna og undirtektir þeirra undir þetta mál, er gefa mér ástæðu til að kveða mér hljóðs, svo og afstaða hv. form. sjútvn., er hann fann ástæðu til að lýsa nú þegar.

Eins og ástatt er um markað fyrir íslenzkan fisk í útlöndum, verður eigi sagt, að það sé í ótíma, að athugað sé þetta mál, og mér finnst einmitt, að með þessu frv. sé farin heppilegasta leiðin í öllum höfuðatriðum, sem um er að ræða, því með því er einmitt ákveðið, að framleiðendur fiskjarins fái jafnan sannvirði fyrir hann. Þetta er meginhugsun frv., og til þess að hún komist í framkvæmd, er með frv. gert ráð fyrir, að ríkisvaldið grípi hér í taumana. Komið hafa fram raddir á móti frv., sem telja, að heppilegra sé, að einstaklingum sé ætlað að sjá fyrir útflutningi fiskjarins.

Mér dettur í hug að benda á það, að ekki eru mörg ár síðan megn óánægja var hér í landi yfir því, að saltfiskverzl-

unin skyldi vera á höndum erlendra manna og þar með, að arðurinn af henni færi út úr landinu. Meðfram út af þessu fóru Íslendingar smátt og smátt að taka saltfiskverzlunina að nokkru í sínar hendur. Af hálfu Íslendinga eru tvö félög enn, sem hafa meginhluta þeirrar verzlunar í sínum höndum, og fulltrúar þeirra félaga eru andmælendur frv. Ég er ekki í neinum vafa um það, að farsælla hefði verið fyrir fiskframleiðendur, að landið hefði þá tekið verzlun á saltfiski í sínar hendur. Annars var það ekki ætlun mín að fara að gagnrýna saltfiskverzlunina hér að þessu sinni.

Ef nú ekki verður horfið að því ráði, að ríkið styðji viðleitni smærri útvegsmanna um útflutning á nýjum fiski, er mjög líklegt, að rík erlend félög sjái sér leik á borði með að ná þessari verzlun í sínar hendur. Það er meira að segja þegar farið að brydda á þessu, því bæði Englendingar og Þjóðverjar hafa sent hingað togara til þess að kaupa fisk af útgerðarmönnum í einstökum verstöðvum smábáta nú á síðustu vetrarvertíð. Það má nærri geta, að þessar ferðir útlendinga hingað til þess að kaupa fisk eru farnar í von um hagnað, því vitanlega dettur engum í hug að fara að senda skip sín til að sækja vörur til annara landa í öðrum tilgangi en að græða á þeim siglingum, og sá gróði er vitanlega tekinn af framleiðendunum hér í stærri og minni stíl.

Með frv. er farið fram á það, að tryggja framleiðendum sannvirði fyrir fiskinn eins og fyrir hann fæst á erlendum markaði, að frádregnum kostnaði við að koma honum þangað og selja hann. Áhætta ríkissjóðs af ákvæðum frv. yrði ekki ýkja mikil. Það er gert ráð fyrir því, að ríkið kaupi eða leigi skip til þess að flytja út nýjan fisk, sem aðallega er afli aður á smábáta. Hvora leiðina væri rétt að fara, geta náttúrlega verið skiptar skoðanir um; má vel vera, að réttara sé að svo stöddu að leigja skipin þangað til reynsla er fengin um það, hver stærð skipa væri heppilegust o. s. frv. Kostnað af rekstri skipanna yrði auðvitað að leggja á fiskinn, er þau flytja, en að þessu sinni skal ég ekki fara lengra út í það atriði.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að komið geti til mála að ríkið styðji menn til að byggja kælihús í kaupstöðunum í sambandi við þennan útflutning. Mér virðist að þessi krafa sé mjög eðlileg, og þarf raunar ekki að setja hana í samband við það, hvort ríkissjóður eða einhverjir aðrir önnuðust útflutning fiskjarins, því þörfin fyrir frystihúsin eða kælihúsin væri hin sama, hvort sem væri, — því sennilegast er, að útvegsmenn yrðu að koma þessum húsum upp, án tillits til þess, hver útflutning og sölu fiskjarins hefði með höndum. Um það verður ekki deilt, að í sambandi við útflutning á nýjum fiski þarf vitanlega kælihús.

Það er einkennilegt, að ákveðnustu andmælin gegn þessu frv. hafa einmitt komið frá hv. þremur þm., sem eru togaraeigendur. Það er engu líkara en að þeim finnist, að með þessu frv. sé á einhvern hátt stefnt til sín og þess atvinnurekstrar, er þeir nú reka. En þetta er algerður misskilningur, því að með frv. er eingöngu átt við smærri útvegsmenn, og því ekkert seilzt inn á þeirra verksvið.

Hv. þm. G.-K. hélt því fram, að ríkið ætti ekki að blanda sér inn í þetta mál, heldur ætti að láta einstaklingana um það. Ég held ég verði að svara hv. þm. með því, að einstaklingunum muni alls ekki vera treystandi til þess að gera neitt í þessu máli, er að fullum notum mætti koma, eða leysa það á nokkurn þann hátt, sem bezt mætti henta. Það er því eðlilegt, að slá því föstu, að hagnaðurinn af því að flytja fiskinn nýjan út mundi eingöngu renna til þeirra manna, er flyttu hann út, en ekki til þeirra, er afla hans. Ein sterk ástæða til þess, að hafizt verði handa í þessu efni, er einmitt sú, að með útflutningi á nýjum fiski yrði nokkuð létt á saltfiskmarkaðinum, sem sannarlega veitir ekki af, eins og viðurkennt er. Aftur á móti eru skilyrði fyrir markaði á nýjum fiski nálega ótakmörkuð. —

Í skýrslu, er birzt hefir í tímaritinu Ægi, er sagt frá því, að fiskneyzla á mann í Englandi sé 30 kg. yfir árið, í Þýzkalandi 10 kg. á mann, en í Japan 100 kg. á mann, en þar býr fiskiveiðaþjóð mikil. Það virðist ekki svo óálitlegt fyrir okkur Íslendinga að selja okk-

ar holla og góða fisk til þessara milljónaþjóða, og það er augljóst, að við eigum í framtíðinni það verkefni fyrir höndum að kenna þeim að borða og meta að verðleikum þessa hollu og góðu fæðu.

Ég hefi nú lýst skoðun minni á þessu frv. í aðalatriðum, en hirði eiga að fara út í einstök atriði, þar sem ég á líka sæti í þeirri nefnd, er ég geri ráð fyrir, að fái þetta frv. til meðferðar.

Ég vildi áður en ég lýk máli mínu fara örfáum orðum um þá vítaverðu ráðstöfun útgerðarmanna fyrir skemmstu, sem hefir verið reynt að verja hér í deildinni, sem er stöðvun togaraflotans, og sem er reynt að verja með þeirri afsökun, að með stöðvuninni hafi verið reynt að draga úr saltfiskframleiðslunni. Það liggur í augum uppi, að frá sjónarmiði heildarinnar er hér um sannarlega vandræðaráðstöfun að ræða, svo ekki sé kveðið sterkara að orði. Það er vitanlegt, að fiskveiði til söltunar stendur oft fram í miðjan júní, en síðari hluta tímabilsins er fiskurinn, sem veiðist, ætíð rýrari og verðminni. Það sýnist vera augljóst mál, að hafi eigi verið fært að láta togarana veiða allan tímann, þá lá þó nær að draga úr veiðinni þann tímann, sem veiðin er verðminni og lélegri. En ég lít hinsvegar svo á, að lítil nauðsyn hafi verið til þessa, hvað minnkun framleiðslunnar snertir. En þó ég með öllum vilja líti á málið frá sjónarhól útvegsmanna, þá er þess að geta, að á þeim sama tíma, sem stöðvun togaranna stóð yfir, var ágætur markaður fyrir nýjan fisk í Englandi og auðséð, að fisksala togaranna þar mætti veita útgerðarmönnum og heildinni mikil verðmæti og sjómönnunum fasta atvinnu. (ÓTh: Var þetta allt vitanlegt fyrirfram?). Já, það var vitanlegt, að í Jökuldjúpinu er alltaf nógur fiskur á þessum tíma árs, er afla má á örskömmum tíma og flytzt því óvenjulega nýr á markað erlendis. Ráðstöfun þessi var engum til hagnaðar og því óverjandi, en hún var til skaða fyrir alla aðila.

Þá hefir verið minnzt á þær tilraunir, sem hafa verið gerðar með útflutning á saltfiski til Suður-Ameríku og útgerðarmenn hafa staðið fyrir. Þær hafa síðastl. ár heppnast mjög illa, en það er ekki sök útflytjenda hér, þó að íhald þess lands sé nú búið að sigla öllum viðskiptamálum í strand í ríki sínu.

Annars langar mig til að spyrja hv. 2. þm. G.-K. um tilraunir þess félags, sem hann er mikið riðinn við, til þess að flytja út kældan fisk, og sömuleiðis vildi ég spyrja hann sem sérstaklega kunnugan mann, að hve miklu leyti hið stóra sænska frystihús, sem reist var hér í Reykjavík fyrir nokkrum árum, hefir uppfyllt þær vonir, er menn gerðu sér um nytsemi þess. Mér er sagt, að það sé nú svo fullt af freðnum fiski, að þar verði engu við bætt, og að þann fisk eigi útgerðarfélag hv. 2. þm. G.-K. Menn skilja yfirleitt ekki þessa ráðstöfun, en ég beini fyrirspurninni til hv. þm., af því að kunnugt er, að allnáið samband er milli hv. þm. og þess félags, er á frystihúsið. Enda hefir hv. þm. látið þá skoðun uppi, að hann vænti mikils af útflutningi á frosnum fiski eftir þeirri aðferð, sem þetta hús notar. En því er það ekki starfrækt nú?

Þá var nokkuð minnzt á kolaveiðar af sumum hv. andmælendum frv. sem eina aðaltegund af útflutningsfiski samkv. frv. Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að lítið væri hægt að veiða af honum vegna takmarkana frá löggjafarinnar hendi. Nú eru hér á landi um 40 togarar, sem vitanlega hafa alveg sömu aðstöðu og útlendir togarar um kolaveiðar utan landhelginnar. En nú má sjá af nýjustu skýrslum, að Englendingar veiða hér við land allt að 10 þús. smálestir af kola á ári, en Íslendingar aðeins 6—700 smál. Þessi mikli mismunur getur ekki legið í stærðarmismun á flotanum sjálfum hjá okkur og Englendingum, heldur í því, að okkar togarar leggja minni áherzlu á að afla þessa verðmæta útflutningsfiskjar. Það er því auðséð, að Bretar leggja mikla áherzlu á að veiða flatfisk. Og slíkt ætti að vera einmitt hagkvæmt fyrir okkur líka á þeim tíma, sem þorskurinn er minnst verðmætur til söltunar, eða á þeim tíma, sem minnst veiðist af honum og sala á ísvörðum fiski er hagkvæmust. En út í þetta skal ég ekki fara frekar að sinni. Til þess gefst væntanlega tækifæri síðar, undir umr. um annað mál, er væntanlega verður til umr. hér í deildinni.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að algert bann

væri gegn því að veiða kola í landhelgi. Þetta er nú ekki rétt. Hinsvegar hefi ég ekki upplýsingar um það, hve mikið smábátar veiða af kola innan landhelgi á þeim tíma, sem þeim er það leyfilegt.

Hv. þm. minntist á tilraunir, sem gerðar hafa verið með útflutning á nýjum fiski, og taldi, að tap hefði orðið á þeim tilraunum. Ég vil ekki deila við hv. þm. um, að þetta hafi getað átt sér stað, en því má ekki gleyma, að þær tilraunir, sem gerðar hafa verið, hafa flestar verið með gömlu aðferðinni, að ísa í skipin sjálf. En ég vil aðeins benda á, að samvinnufélag Ísfirðinga hefir meðal hinna fyrstu gert tilraun með að flytja út ísvarinn fisk, aflaðan á lóð af bátum fyrir vestan. Á ég þar við farminn með Esju um síðustu áramót. Sá fiskur var fluttur út í kössum; var fiskurinn þannig fluttur óhreifður úr kössunum til neytenda í London og víðar. Fiskurinn var seldur mjög háu verði, miðað við venjulegt markaðsverð. Ég veit ekki til, að fleiri hafi reynt að flytja út fisk á þennan hátt í stærri stíl. Eftir viðtali, sem ég hefi átt við menn, sem flutt hafa út ísvarinn fisk í lest, eins og venja er til á togurum, þá hefi ég sannfærzt um það, að sá fiskur, sem verður að umskipast þannig, er miklu frekar háður aðfinnslum kaupenda, og þar af leiðandi fæst minna verð fyrir hann, meðfram af því, að á hann er litið eins og hvern annan togarafisk. En þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til þessa, eru einmitt gerðar á þennan hátt að mestu leyti.

Hv. þm. N.-Ísf. benti á, að nauðsynlegt væri vegna enska markaðarins, að útflutningurinn væri miðaður við ýsu og flatfisk. Það er rétt, að þessar tegundir eru verðmætastar á enskum markaði. En góður þorskur er líka verðmætur á þeim markaði oft og einatt, þegar hæfilegt framboð er af fiski. En vitanlega verður verðfallið fyrst á honum, vegna þess að mest veiðist af honum á flestum tímum árs, eins og kunnugt er. En tilraunir um útflutning fiskjar af innlendum smábátum eru svo skammt á veg komnar enn, að þær gefa enga hugmynd um hvernig þeim muni bezt fyrir komið. Er því nauðsynlegra að gera tilraunir, er byggjast á fullkomnum útbúnaði og skipulagi, er séu sniðnar með hagsmuni smábátaútvegsins fyrir augum.

Hv. þm. benti á það í sambandi við það, sem hann talaði um flatfiskinn, að Færeyingar hirtu bróðurpartinn af þeim fiski hér við land. Þetta er ekki rétt. Það hefir a. m. k. ekki verið svo síðastliðin ár, meðfram vegna þess, að þeir geta ekki hagnýtt sér veiðarnar innan landhelgi, vegna þeirra takmarkana, sem á þeim eru.

Hv. 1. þm. S.-M. virtist vilja frekar hniga að því ráði, að betra væri fyrir ríkissjóð að greiða halla, sem yrði á þeim tilraunum, sem einstaklingar gerðu, heldur en að ríkið styddi smábátaútvegsmenn í viðleitni til þess, að þeir sjálfir komi fiskinum á markað erlendis. Ég er honum ósamþykkur í þessu, eins og ég er honum ósamþykkur um að lýsa nokkru yfir, sem bindur nefndina í þessu máli. Ég held, að nógu mörg milljónatöp séu þegar orðin á ýmsum þeim sviðum tilrauna, sem einstaklingar hafa verið riðnir við á undanförnum árum, þótt ekki sé bætt við nýjum milljónatöpum. Ef hv. þm. lítur í kringum sig, þá mun hann koma auga á nóg af slíkum stórtöpum, og það jafnvel í sínum eigin fjórðungi. Er einkennilegt, ef hann vill bæta við þær upphæðir meiru en orðið er og hægt er að komast hjá.

Ég mun svo ekki fara lengra út í þetta að sinni. Ég veit ekki, hvert fylgi frv. þetta kann að hafa hér í deildinni. Það kemur í ljós síðar. Hér er um það að ræða, hvort varpa beri allri sinni áhyggju upp á einstaklingsframtakið eða þá að ríkið geri skipulagsbundna tilraun til bjargar smáútgerðinni. Ég álít, að á þessu sem öðrum sviðum muni ríkið verða miklu drýgra til að hjálpa smærri framleiðendum. Í því sambandi má minna á það, að ríkið varð að skipulagsbinda síldarsöluna. Ég býst ekki við, að neinn hv. þm. æski þess, að erlendir auðhringar eða innlendir spekúlantar verði látnir sitja að arðinum af útflutningi ísvarins fiskjar og veita þeim þannig aðstöðuna til þess að arðræna alla fiskimenn og smábátaútvegsmenn landsins.

Jóhann Jósefsson: Ég hefi satt að segja mestu ólyst á því að segja nokkurn

skapaðan hlut um þetta mál, eftir allt það fimbulfamb og glamuryrði, sem hv. 4. þm. Reykv. hefir borið fram fyrir þessa hv. deild. Mér finnst að við, sem sæti eigum í sjútvn., hefðum getað látið okkur nægja það, sem hv. form. n. tók fram um það, hvernig hann liti á hin ýmsu tilmæli, er komið hafa fram um það, að ríkið styddi útflutning á nýjum fiski. Hann talaði að vísu um það frá sínu sjónarmiði, en lagði svo breiðan grundvöll til úrlausnar, að hinir nefndarmennirnir hefðu ekki þurft að fara að tala um stefnumál og þessháttar í þessu sambandi. Og mikið af þeim fróðleik sem hv. 4. þm. Reykv. taldi sig koma með, hefði mátt geymast þangað til á fundum í n. Ég get ekki séð, að þessar staðhæfingar hv. þm. hafi nokkra minnstu þýðingu fyrir úrslit þessa máls.

En það, sem kom mér til að standa upp, var það, að ég vildi spyrja hv. flm. frv. að því, hvar hann hefði hugsað sér, að sett yrði upp sú söluskrifstofa, sem um getur í 3. gr. frv., og hvert hlutverk henni er ætlað.

Þegar þess er gætt, að hér er eingöngu um það að ræða að flytja út nýjan fisk, og þá einkum til Englands, þá hélt ég satt að segja, að tryggilegast væri að fara hinar troðnu götur, sem farnar hafa verið hingað til, heldur en að fara að setja upp söluskrifstofu. Ég vil a. m. k. spyrja: Hvar hefir hv. flm. hugsað sér að setja upp þessa skrifstofu?

Það var auðheyrt á ræðum hv. flm. og hv. 4. þm. Reykv., að þeim var báðum mikið áhugamál að gera þetta að stefnumáli. Ég hélt, að það væri ekki rétt, hvorki fyrir einn eða annan, sem heilt vill leggja til máls sem þessa, að fara að hamra á því, að úrlausn þess verði eingöngu að gerast eftir hans eigin höfði og í samræmi við hans stjórnmálastefnu. Úrlausn þess sé skipulagður ríkisrekstur. Allt annað sé skakkt. Og þetta er borið fram, áður en tilraunir, sem verið er að gera í þessu efni, hafa sýnt sig og áður en sýnt er, að þær tilraunir hafi misfellur í för með sér. Og þetta er borið fram af mönnum, sem þrátt fyrir það, þó þeir kunni að hafa vit á einhverju öðru, hafa ekkert vit á þessu. En þeim er bara um að gera að viðhafa sem stærst orð og vaða elginn sem mest. Og það er hart, að þeir menn, sem ekkert hafa til brunns að bera nema blábert þekkingarleysið, skuli vilja bægja þeim einstaklingum, er við tilraunir fást, frá því að njóta sín. Að gera þetta að stefnumáli er næsta óviturlegt. Hér er um praktiskt atriði að ræða, alveg óviðkomandi pólitík. Allir ættu að vera samhuga um að rannsaka það, hvernig heppilegast er, að ríkið láti stuðning sinn í té. Hv. flm. segir í grg. frv., og það var einnig undirrót ræðu hans í fyrradag, að það hefði verið auðvelt fyrir togaraútgerðina að bæta afla sinn í vetur með því að kaupa fisk af smábátunum og sigla svo með hann nýjan til Englands. Með því móti hefðu togararnir getað haldið áfram, þar til þeir fóru á saltfiskveiðar.

Það er nú rétt, að fáeinir togarar hafa gert þetta. En þar sem það mun hafa verið að mestu fyrir mitt tilstilli, að byrjað var á þessu, og mér er vel kunnugt um þetta, þá vil ég upplýsa þetta nokkuð nánar. Þessi kaup hafa nú mest farið fram við Vestmannaeyjar. Hafa mest þrjú skip verið þar að kaupum í einu. Nú hafa þau ekki viljað kaupa þorsk. En þótt 80—90 fiskibátar séu í Vestmannaeyjum, þá hefir milli þessara þriggja togara verið hreinasta togstreita um ýsuna, því um annan fisk en ýsu og þorsk er þar ekki að ræða sem stendur sem nokkru munar. Ég veit nú ekki, hvar allur togaraflotinn hefði átt að bæta aflabrögð sín á þennan hátt. Þótt hver verstöð hefði verið sópuð suður með sjó og um Vestfirði til Ísafjarðar, þá hefðu flestir ekki fengið vitund. Og hætt er við, að farið hefði verið að slá í þann afla, er togararnir hefðu fengið á miðunum, þegar allir hefðu verið orðnir fullir af smábátafiskinum, sem flm. vill láta þá „komplettera“ með. Þessari staðhæfingu í grg. og ræðu hv. flm. er því sleppið fram af algerðu þekkingarleysi, sem á sér enga afsökun, því fullorðnum mönnum ætti að vera auðvelt að afla sér þekkingar á þessu. — Ég get vel bent óhlutdrægt á þetta, því ég stend sjálfur utan við togarana. Þessi aðferð gat vel heppnast einu og einu skipi. En hefði allur fjöldinn farið að stunda þetta, þá kom það að engu haldi.

Þá er talað um það í grg. frv., að skipafélög kvarti nú mjög undan flutningalevsi. Þó er ætlazt til þess í frv., að ríkið leggi í þann kostnað að bæta við skipum til þessara flutninga. Ég held nú, að réttara hefði verið að leggja til að leita samninga við Eimskipafél. Íslands um að taka að sér bessa flutninga, meðan þeir væru á byrjunarstigi. Ég veit, að fiskur hefir verið sendur með Eimskipafél.skipum og öðrum flutningaskipum og heppnast mæta vel. Hv. þm., sem fyrir bessu máli hafa talað, þurfa ekki að gera sig svo barnalega að halda það, að hægt sé að senda alla framleiðsluna á ferskfiskmarkað, þótt hægt sé að senda ýsu og aðrar fisktegundir á vissum tímum árs. En það var helzt að heyra, að það væri skoðun síðasta ræðumanns, að máske væri hægt að flytja þannig út allan aflann, þorskinn líka. Það er nú leiðinlegt að þurfa að standa upp við 1. umr. til að kveða niður svona vitleysur. En slíkum gapaskap er tæplega hægt að láta ómótmælt, enda þótt svona vitleysur hafi lítið að segja. Þær eru of augljósar til þess. Allir ættu að vita það, að þegar kemur fram í marz, eða framundir páska, selst þorskurinn á nýjum markaði ekki fyrir verð, sem sé neitt samsvarandi saltfiskverðinu, og fer meira að segja stundum niður í sama sem ekki neitt. Það er ekki annað en að slá ryki í augu manna að halda því fram, að ef tilraun þessi væri gerð, þá mætti blása burt gömlum og góðum markaðssamböndum. Hér er að vísu merkilegt mál, en þó eru takmörk fyrir öllu. Og það er ekki nema viss tími ársins, sem hægt er með þessu að létta af saltfiskmarkaðinum. Og það er óþarfi með þessu að nota það sem tækifæri til að sparka í gamla viðskiptamenn og þá, sem halda við þeim markaði, sem drýgstur hefir orðið okkur til þessa.

Hv. þm. talaði að vísu um þetta frá sínum bæjardyrum, en það er vitanlegt, að bæjardyr hans og annara jafnaðarmanna hér á Alþingi blasa beinast við matargufunni úr kjötpottum stjórnarinnar. Í þeim bæjardyrum spóka þeir sig karlarnir og þykir gott um að litast. Ef hv. þm. jafnaðarmanna vilja gera eitthvað, þá hrópa þeir alltaf: „ríkið, ríkið". — Þeir vilja hefta allt einstaklingsframtak, en demba öllu á ríkið. Það er eins og þjóðskáldið Matth. Jochumsson segir í „Nýársósk Fjallkonunnar":

„Þið látist ei tiðum sjá lifandi ráð,
nema lifa og deyja upp á konungsins náð".

Þessir hv. þm. sósíalista, sem talað hafa, vilja loka öllum möguleikum öðrum en þeim, að hér sé hafinn ríkisrekstur einn í viðbót.

Í þessu sambandi er gott að minna á síldareinkasöluna. Hún er nú víst rekin á eins fullkominn hátt, eftir höfði hv. 4. þm. Reykv., eins og unnt er. Það er ekki hægt að binda öllu betur hendur og fætur einstaklingsins en gert er þar. En það þarf sérstaka óskammfeilni og samvizkuleysi, eða þá furðulegt þekkingarleysi og blindni, til að halda því fram, að sú starfsemi hafi orðið til þrifa fyrir útveginn. Ef því á að taka síldareinkasöluna sem fordæmi, þá er það hræðilegt fordæmi, sem varar við öllum framkvæmdum í líka átt.

Eins og hv. þm. hreyfði við, þá hafa útlendingar keypt nokkuð af fiski til útflutnings í ís hér við land í vetur. Hv. þm. stóð á öndinni yfir því, að arðurinn af þeirri verzlun muni lenda hjá útlendingum. Ég verð að segja það, fyrst hv. þm. knýr það fram, að þeir sem gátu selt Þjóðverjum og öðrum fisk í vetur, þóttust hafa gert mjög góða verzlun, að geta selt þann fisk fyrir sæmilegt verð og fyrir greiðslu út í hönd, sem annars er ekki seljanlegur nema fyrir lágt verð. Og svo hefir það verið enn til þessa dags, að menn hafa með ánægju látið af hendi afla sinn, sem bæði innlendir og útlendir menn hafa keypt, og hafa ekki séð eftir því, þótt viðkomandi menn hafi í sumum tilfellum grætt. Það hefir líka komið fyrir, að togararnir, sem að kaupunum hafa staðið, hafa tapað. Svo að hv. 4. þm. Reykv. er enn á því frumstigi að halda, að nokkur viðskipti geti gengið eða haldizt við til lengdar, án þess að um gagnkvæma ágóðavon beggja, kaupanda og seljenda, sé að ræða. Þótt hv. þm. sé ekki betur upplýstur en þetta, þá er það sök sér; en að bera þetta fram fyrir hv. deild, það tekur út yfir. Hvað viðvíkur afskiptum útlendinga af saltfiskverzluninni og í sambandi við þetta, sé

ég ekki ástæðu til þess að tala um mikinn arð útlendinga af fiskkaupum hér á landi. Það hefir oltið á ýmsu um hagnað þeirra af verzluninni. A. m. k. er sennilegt, að hinir mörgu menn, sem orðið hafa gjaldþrota af verzluninni, hafi ekki alltaf verið að græða.

Ég verð að segja það, að ég er samdóma form. sjútvn., sem talaði snemma í þessu máli, um það, að ekki sé nema sjálfsagt og sanngjarnt, að ríkið leggi til stuðning að einhverju leyti við þessar tilraunir, bæði einstökum mönnum og félögum, þ. e. a. s. innlendum, til þess að að ryðja veginn í þessu efni. Ég stend það að baki hv. 4. þm. Revkv. og hv. flm., að ég vil ekki á þessu stigi slá neinu föstu eða jafnvel óskeikulu, eins og hv. þm. lét í veðri vaka, að um aðra leið væri ekki að ræða; aðeins þessi eina leið væri fær. Mér virðist, að margskonar stuðningur geti komið til greina. En það er gersamlega gagnslaust að vera að hamra á því, að það sé þessi eina leið og engin önnur, sem megi og eigi að fara.

Í þessu sambandi, um fiskkaupin, sem ég minntist á áðan, skal ég geta þess, að það, sem sérstaklega hefir ýtt undir menn nú, hve fúsir þeir eru að selja fiskinn, er það, hvað saltfiskurinn hefir verið og er í lágu verði, t. d. það verð, sem þorskur hefir selzt fyrir. Í Vestmannaeyjum er verðið á þessum nýja fiski svo lágt, að einungis á þeim verðlagsgrundvelli, sem nú er hvað snertir saltfisk, þá er það einungis með tilliti til hans, að slík sala getur komið til mála á nýja fiskinum. Undir eins og fiskurinn kemst í nokkuð hærra verð en nú, sem er um 70 kr. skpd., að ég ekki tali um ef hann kemst í nokkurnveginn sæmilegt verð, t. d. 100—120 kr. skpd., það er ekki ofmikið verð á fullverkuðum fiski. Þegar svo er komið, munu menn ekki sjá sér hag í því að selja þorsk með því verði, sem hann hefir verið seldur í togarana nú undanfarið. Það er þess vegna alltaf undir kringumstæðum komið, hvort borgar sig betur að salta þorskinn eða selja hann nýjan. En ég lít svo á, að öðru máli sé að gegna um t. d. ýsu og flatfisk. En einmitt sá fiskur, ýsa og flatfiskur, veiðist lítið einmitt á þeim tíma, sem virðizt vera aðaluppskerutími skipanna hér sunnanlands; þá er aðeins um þorskveiðar að ræða. Hv. þm. minntist á sænska frystihúsið. Ég skal ekki vefengja það, sem hann sagði um það. En ég vil benda á, að sænska frystihúsið er eitt dæmi um, hve varhugavert er að leggja of mikla áherzlu á eina leið hvað verkun og meðferð vörunnar snertir. Mér hefir skilizt, og hv. þm. virtist eitthvað ráma í það, að búizt hefði verið við miklu meiri starfsemi af þessari stofnun en raun hefir á orðið. Hver er ástæðan? Ég geri ráð fyrir, að þeir, sem húsið byggðu, hafi ætlað að reka þar atvinnu, en séð fram á, að það borgaði sig ekki eða illa. Þegar mönnum, sem hafa haft afskipti af fiskverzlun og eru búnir að fá reynslu í öðrum löndum, hvernig það gengur þar, þegar þeim skjátlast, fagmönnunum, sem hafa þekkingu og reynslu, hve barnalegt er það af okkur, sem ekki erum fagmenn og höfum enga reynslu, að standa upp og segja, að við einir höfum lyklana að því, hvernig eigi að gera þetta. Það er þessi afstaða, sem hv. þm. tekur og segir, að svona eigi þetta að vera og ekki öðruvísi. Það mun fara svo í þessu máli, sem öðrum, að það er af reynslunni, sem menn verða að læra, hvernig bezt er að koma fiskinum á markaðinn, þeim fiski, sem ekki telst heppilegt að verka til söltunar. Verður sú reynsla bæði margþættust og bezt með því, að fleiri en einn máti sé viðhafður og menn geti í friði gert tilraunir sínar, eins og þeir hafa byrjað á, en ekki allt í einu horfið að því að skipuleggja, sem kallað er, og leggja allt í þær viðjar, að engin frumleg hugsun komist þar að. Á meðan ekki lengra er komið í þessu efni, virðist mér ekki rétt að leggja söluna í svo fast kerfi sem hv. þm. hélt fram og láta ríkið strax skipuleggja útflutningsverzlunina, eða m. ö. o. einoka hana. Ég verð að segja það, að þessar tillögur úr ýmsum áttum, sem hafa borizt sjútvn., og erindi um þetta mál og áhugi manna víðsvegar um land verðskuldi allt annað en að við, sem erum í sjútvn., séum að gera leik að því að gera málið að deilumáli í upphafi, áður en það er komið til nefndar. (SÁÓ: Hver byrjaði að deila?). Þeir, sem til deilunnar stofnuðu, voru menn eins og hv. 4. þm. Reykv. Ég þykist vita, að þing-

inu muni vera ljúft að ljá stuðning í einhverri mynd þeim mönnum, sem ryðja veginn í þessu efni. Formaður sjútvn. hefir víst ekki talað fyrir munn hv. 4. þm. Reykv.; ég hafði heldur ekki falið honum neitt, en ég er honum í aðalatriðum samþykkur. Hv. form. sjútvn. tók fram nokkuð, sem ég vildi hafa sagt, a. m. k. það að vera meðmæltur, að fyrirtæki af þessu tægi séu studd án tillits til stefna eða stjórnmálaskoðana, og án tillits til hvar á landinu þau eru. En mér virðist eftir frv. og ræðu hv. 4. þm. Reykv., að það verði nokkuð rígbundinn stuðningur, sem veita eigi.

Það mætti miklu meira um þetta mál segja, en ég ætla ekki að fara út í einstök atriði, til þess að ofþreyta ekki menn með ítarlegri lýsingu á sjávarútveginum, en eftirlæt hv. 4. þm. Reykv. að fræða deildina í þessu. En við munum hafa tækifæri til, þegar málið kemur fyrir n., að bera fram af nægtabrunni þekkingar okkar það, sem n. þykir rétt.

Ég vildi endurtaka þessar spurningar til hv. flm.: Hvar hugsar hv. þm. sér söluskrifstofubáknið, sem talað er um í 3. gr.? Og í öðru lagi: Ætlast hv. þm. til, að fiskurinn sé seldur eftir nýrri reglu í útlöndum og annari en verið hefir áður?

Að öðru leyti kannast hv. þm. við, að hér sé um frumsmíði að ræða. Og einmitt sú staðhæfing gefur í skyn, að hann sé fús til samkomulags. En mér fannst flokksbróðir hans slá svo fast á sósíalistabumbuna, að hann muni ekki fylgja öðru en því, sem hér (í frv.) stendur skrifað.

Gunnar Sigurðsson [óyfirl]: Ég mun hafa beðið um orðið, til að svara nokkrum aths., sem gerðar voru við það, sem ég sagði um þetta mál í fyrradag.

Ég skal taka það fram, að mér leiðist þessi þingmálafundabragur hér í deildinni. Það minnir mann á þingmálafund, þegar í deilur slær milli sjálfstæðismanna og sósíalista. Það á ekki við í svo miklu stórmáli sem þessu, enda gaf frummælandi ekki tilefni til þess, því hann kvaðst fús að tala við hvern sem væri og taka á móti brtt., er til úrlausnar væru á þessu máli.

Svo er það þetta einstaklingsframtak, sem mikið hefir verið talað um í sambandi við þetta mál. Þeir hv. 2. þm. G.-K. og hv. þm. Ísaf. virðast, hvor í sínu lagi, nokkuð hjátrúarfullir um þetta hugtak. Ég viðurkenni, að það þarf að byggja á því, en hið opinbera verður að styðja einstaklingsframtakið á meðan það er á tilraunastigi.

Þá kem ég að ræðu hv. 3. þm. Reykv., þar sem hann segist vera á móti því, að ríkið taki á sig áhættuna af málinu, meðan það sé á byrjunarstigi. Þetta er vitanlega ekki rétt. Það er svo með allar tilraunir, að ekki er hægt að vænta hagnaðar af þeim. Og það er ekki sanngjarnt að heimta að einstakir menn eða félög leggi fram mikið fé, áður en vitað er, hvort það fé fæst nokkurntíma aftur. Því finnst mér, að menn af öllum flokkum ættu að vera sammála í þessu máli, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni og kom enn betur í ljós hjá hv. 1. þm. S.-M., að ríkið taki á sig áhættuna við tilraunirnar. Það sama kom líka fram hjá hv. þm. Vestm.

Að því er saltfisklöndin snertir, sagði ég ekki orð í þá átt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði; hann gerði mér upp orð, að ég vildi hætta að selja þangað fisk. En þetta er ekki rétt. Ég vildi gera tilraunir, til að losna sem mest við að binda í framtíðinni saltfiskmarkað okkar við þessi lönd því nær eingöngu.

Ég skal viðurkenna, að margt var skynsamlega athugað í ræðu hv. þm. Vestm., enda er hann fagmaður. Og hann tók sérstaklega upp það, sem ég lagði áherzlu á í fyrri ræðu minni, að útlendingar ættu að gera tilraunirnar; þeir hefðu þekkingu, veltufé og sambönd, og því síður hætt við, að þeir tapi. Það er ekki bundið við, að þeir taki fiskverzlunina alveg að sér. Það er ekki það, sem ég vil, heldur láta þá koma tilraununum af stað. Mér fannst hv. þm. nokkuð svartsýnn á, að hægt mundi að fá markað fyrir þorsk öðruvísi en saltaðan. Við vitum það báðir, sem höfum verið í Þýzkalandi, að það er mikill munur á okkar fiski og þeim, sem Þjóðverjar verða að leggja sér til munns. Það er ekki óhugsandi, að maður gæti

kennt þeim að nota þessa vörutegund þar.

Það, sem ég benti á í fyrri ræðu minni og lagði áherzlu á, var, að landið legði frekar í kostnað en hingað til á þessu sviði, að afla markaða með auglýsingum og með því að senda menn út.

Mér er kunnugt um, að aðrar þjóðir verja miklu fé til auglýsinga, og það ekki eingöngu ríki, heldur líka félög. Ég hefi átt tal við útlending, sem hér er að leita sambanda fyrir lýsi. Hann sagði, að félagið, sem hann ynni hjá, verði 3 millj. kr. á ári til að leita sambanda og til auglýsinga.

Þetta held ég að Íslendingar hafi aldrei skilið til hlítar og eigi mikið eftir í því efni. Ég get ekki talað sem fagmaður, en ég veit, að þetta verður að gera.

Ég vil ljúka máli mínu með því að vona, að þetta mál verði ekki gert að flokksmáli. Og ég vona, að menn sjái, að það er aukaatriði, hvaða aðferð hver flokkur vill hafa, bara að það takizt að halda framleiðslunni, sem heldur uppi þjóðarbúskapnum, í sem beztu verði í framtíðinni.

Benedikt Sveinsson: Það hefir mikið verið talað um, að þessar umr. væru óþarfar og að sízt ættu menn úr sjútvn. að taka til máls. Á þetta get ég ekki fallizt. Það kemur öllum saman um, að hér er um nýmæli að ræða, sem flestum er áður lítt kunnugt. Menn hafa enn ekki komið á föstu fyrirkomulagi um leit nýrra markaða. Eins og þegar hefir verið tekið fram, hafa ýmsar málaleitanir í þessu efni borizt þinginu. Og þar sem hér er um að ræða nýmæli, þá er sérstök ástæða fyrir nefndina að fá að heyra skoðanir manna, sem tala frá ýmsum sjónarmiðum, til þess að hún megi kynnast skoðunum þeirra, er helzt hafa um það hugsað, til þess að hafa þær til athugunar og hliðsiónar við störf sín, þegar hún tekur málið fyrir. Mér finnst ekki á glæ kastað þeim tíma, sem varið hefir verið til að ræða þetta mikilsverða mál hér í deildinni einmitt nú við 1. umr., til þess að málið verði því betur undirbúið, er til 2. umr. kemur.

Það þýðir lítið að fleygja vandasömum nýmælum í nefnd, sem hefir ekki nema 1 klukkustundar fundartíma annanhvern dag, til þess að hún leysi úr þeim málum án þess að áður hafi fram farið rökræður í deildinni, svo sem þingsköp ætlast og til.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu, aðeins drepa á fáein atriði, sem hafa komið fram við umr. Eins og tekið hefir verið fram og flm. tók fram berum orðum, telur hann frv. frumsmíð, sem standi til bóta.

Til þess eru umr., og sést bezt, að ekki er vanþörf á þeim, á því, hve sundurleitar skoðanir menn hafa um málið. Fyrst og fremst kemur mönnum ekki saman um, hvernig bezt sé að koma fyrir útflutningi á nýjum fiski, hvort hann eigi að vera frystur eða ísaður, laus í ís eða í kössum af ákveðinni stærð. Eins og hefir verið tekið fram, hefir hér verið ráðizt í stórfyrirtæki af útlendingum, um að flytja út frystan eða kældan fisk. Ég hefi heyrt, og ekki sízt utan þings, að menn hafi heldur misst trú á þeirri aðferð. Ég legg samt engan dóm á það, lítil reynsla fengin enn fyrir því, hvernig reiði af tilraunum þess fyrirtækis. Einnig hafa menn flutt út nýjan fisk með tvennu móti. Annaðhvort með því að hafa hann lausan í lestinni, og er hann þá verr farinn en með hinni aðferðinni, að flytja hann í smákössum. Með þeim hætti merst hann síður og ísinn helzt betur að; svo er fiskurinn þá ekki seldur í sjálfum höfnunum, heldur fluttur á járnbrautarlestum og seldur inni í landi. En sá ljóður er á þessari aðferð, að kostnaðurinn er mikill, umbúðirnar eru dýrar og fyrirferð aflans verður meiri í lestum skipanna. Hver kassi tekur ekki nema 50 kg., og mér hefir verið sagt, að kassarnir kosti nú 7 kr., og þeir koma stundum ekki aftur, svo að kaupa þarf ógrynni þessara kassa. Sennilega mætti fá kassana nokkuð ódýrari, ef farið væri að gera þetta í stærri stíl. Svo er líka sá kostur við þessa aðferð, að flytja fiskinn í kössum, að þá er líklegra, að hægt sé að fá betra og hærra verð, svo að vinnast megi upp að meira eða minna leyti sá viðbótarkostnaður, sem á fiskinn leggst með dýrari umbúðum, meiri vinnu o. fl.

Ég ætla aðeins að víkja að nokkrum

atriðum, sem ef til vill verða gerðar frekari skýringar við, og ég vildi benda á, að ekki voru alveg rökrétt hjá þeim, sem báru þau fram.

Hv. 3. þm. Reykv. (JÓl) sagði, að þingið hefði bannað að veiða kola með því eina veiðarfæri, sem hægt væri að veiða hann í. Þetta þykir mér undarlegt að heyra úr þessari átt, þar sem um svo reyndan mann er að ræða viðvíkjandi fiskveiðum og útflutningi á fiski. Hvernig stendur á því, að Englendingar veiða utan landhelgi mikið af ýmsum kolategundum, miklu meira en Íslendingar gera? Þeir nota sömu veiðarfærin sem Íslendingar utan landhelgi. (ÓTh: Þeir veiða hann allan í landhelgi). Ekki er því haldið fram í skýrslu fiskifræðingsins, að þeir veiði kolann innan landhelgilínunnar, heldur er þar byggt á því sem sjálfsögðu, að hann sé veiddur utan landhelgi, enda heldur kolinn sig mest þar, þegar hann er vaxinn upp. Ef þessi fiskur er svo dýrmætur, sem hv. þm. (JÓl) sagði, hvers vegna veiða þá Íslendingar fisk, sem litið fæst fyrir, á sama svæði sem Englendingar veiða dýran fisk? Það hlýtur að stafa af því, að Íslendingum þykir borga sig betur að veiða annan fisk.

Íslendingum er í lófa lagið að veiða hlutfallslega til móts við Englendinga af kola hér við land, því að þeir hafa jafngóð veiðarfæri og eru engu ókunnari fiskigöngum hér en Bretar. Það er því hreinasti óþarfi að kenna því um, að Íslendingum standi fyrir þrifum að bönnuð er dragnótaveiði í landhelgi hluta úr árinu, úr því að aðrar þjóðir geta veitt kolann utan landhelgi sér til hagsmuna.

Það er eins og það gægist alstaðar fram, að kolinn sé verðmætari, ef hann er veiddur **innan landhelgi heldur en utan.** En annars fæ ég kannske tækifæri til þess að minnast nánar á þetta atriði síðar.

Kolanum hér við land er skipt í smákola, miðlungskola og stórkola. Fyrir nokkrum árum var aðeins 1% af öllum þeim kola, sem veiddist, smákoli, en nú er það 22%. Stóri kolinn gengur mjög til þurrðar, eins og sjá má á þessu, og má búast við, að hann fari mjög bráðlega eins og heilagfiskið, ef farið er einnig að urga hann upp úr griðastöðum landhelginnar.

Hv. 4. þm. Reykv. lagði nokkra áherzlu á það, að erlend félög væru farin að stunda kaup á fiski hér, og mundu þau því aðeins gera það, að þau hefðu arð af því, en sá arður mundi falla til landsmanna, ef þeir flyttu fiskinn út sjálfir. En þessi útflutningur er enn í svo smáum stíl, að ekkert verður um það sagt, hvort það muni borga sig fyrir Íslendinga að halda úti þremur föstum skipum til þess að flytja fiskinn út, þótt fáein útlend skip hafi stundum haft arð af tækifæriskaupum á nýjum fiski í einstaka beztu veiðistöðum.

Hann tók það og fram, að enn væri óséð, hverskonar skip væru hentugust til þessara ferða. En það verður ekki unnt að ákveða fyrr en reynslan hefir sýnt það. Allmikla reynslu höfum vér þó, þar sem togarar vorir ganga alllangan tíma hvers árs til Englands með ísfisk.

Hv. 2. þm. Rang. sagði, að útlendingar hefðu meiri reynslu og þekkingu á þessu til þess að renna á vaðið. Það er að mörgu leyti rétt. En ég veit ekki, hvernig hann hugsar sér að koma því fyrir, að fá þá til að koma hingað og kaupa hér fisk víðsvegar á smáhöfnum eftir föstum ferðaáætlunum.

Ég ætla ekki að segja meira um þetta að sinni, en skal geta þess, að mér þykir vænt um ýmsar þær aths., sem hér hafa verið gerðar, því að þær gera nefndinni hægara fyrir að ráða fram úr þessum vanda, þegar þar að kemur.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið.

Ég hlýddi á tölu hv. þm. Vestm. áðan, og mig undraði stórlega, að þessi hv. þm. skyldi tala á þann veg, sem hann gerði. Hann byrjaði með því að segja, að hann hefði mestu ólyst á því að segja mikið um þetta mál. O-jæja! Ég held, að bezt hefði verið fyrir hann að láta undan ólystinni og segja ekkert. Meginefnið í ræðu hans kom ekkert þessu frv. við. Hann margendurtók, að hér væri um það að ræða að slá því föstu, að hér væri aðeins um eina leið að ræða. En þetta er mesti misskilningur. Engum mun detta

í hug, þó að þetta frv. verði samþ., að þá eigi alveg að hætta við saltfiskinn. Þetta hefir víst sprottið upp í hans eigin heila, og færi bezt á því, að það sæti þar.

Tveimur fyrirspurnum beindi hv. þm. til mín: Hvað væri meint með söluskrifstofu í frv. og hvar sú skrifstofa ætti að vera. Söluskrifstofan annast afgreiðslu sölureikninga, afreiknar hvern farm fyrir sig til sendenda. Hvar hún verður, skal ég ekkert um segja, því ræður sennilega framkvæmdastjórinn. En einhversstaðar verður hún að vera, eins og sjá má á 7. gr., en hvort heppilegra verður að hafa hana hér heima eða annarsstaðar, skal ég láta ósagt.

Ennfremur spurði hv. þm., hvort ég ætlaðist til, að þessi fiskur yrði seldur eftir nýjum reglum. Ég veit satt að segja ekki, hvað hann meinar með þessu. Ef hægt er að selja hann á einhvern annan hátt en tíðkast hefir, svo að betra verð fáist fyrir hann, þá er sjálfsagt að gera það, þótt upp þurfi að taka nýjar aðferðir og setja þar um nýjar reglur. Sé bót að því að breyta til, er alltaf sjálfsagt að gera það. Fiskurinn, sem togararnir hér flytja út, er oftast seldur á uppboði, síðan er hann aðgreindur og það bezta úr honum sett í kassa og sent til stærri borgaranna.

Ég hefi rætt um þetta við ýmsa menn. Þeir álíta, að þó að í byrjuninni þurfi að selja kassafiskinn á uppboði, þá megi selja hann beint þegar fram í sækir. Þetta hafa þrautkunnir menn sagt mér. Ef hægt yrði að koma þessari reglu við, þá finnst mér sjálfsagt að taka hana upp.

Ég get ekki svarað hv. þm. á annan hátt. Ef ég hefi misskilið hann, þá kemur það væntanlega fram.

Hv. þm. fór mörgum orðum um þekkingarleysi og málæði okkar jafnaðarmanna. Þetta er ekkert óvenjulegt hjá hv. þm. og flokksbræðrum hans, sem jafnan eru uppblásnir af vindi ímyndaðrar þekkingar. Nenni ég ekki að elta ólar við slíkt rembingshjal og sleppi því að svara þeim kafla í ræðu hv. þm.

Þá sagði hv. þm., að sér fyndist það undarlegt, að ég segði í grg. við frv., að skipafélögin kvörtuðu um flutningsleysi, og samt ætlaðist ég til, að ríkisstjórnin færi að leigja skip til flutninga. Ég vænti þess, að við hv. þm. séum sammála um það, að þegar lítið er um flutninga, sé hægra að fá skip leigð við ódýru verði. Nema þá að hv. þm. álíti, að skip séu ódýrust þegar mestur flutningur býðst.

Ég hefi talað við framkvæmdarstjóra Eimskipafélagsins. Hann sagðist ekki geta sagt neitt ákveðið um það, hvort Eimskip gæti tekið að sér að annast þessa flutninga, en ekki taldi hann það óhugsandi. Hann sagðist álíta, að t. d. Brúarfoss væri of stór til slíkra ferða, og er það óefað rétt, og áleit að hentugt myndi að leigja sérstök skip til flutninganna.

Þá flutti hv. þm. venjulegan kapítula um matgjafir ríkisstjórnarinnar til sósíalista. Af flestu finnur hann matarlykt, blessaður. Hann sér alstaðar matgjafir og bitlinga, hvað sem gera á. Þessar ofsjónir hans stafa af skiljanlegum ástæðum, þeim, að hann sjálfan langar í bita og minnist sælli daga. Eða ef til vill af því, að hann óttast að missa spón úr aski sínum, ef útvegsmönnum í Vestmannaeyjum er hjálpað til að koma sjálfir afla sínum nýjum á erlendan markað, í stað þess að selja honum hann.

Út af því, sem hv. þm. sagði, að við Alþýðuflokksmenn heimtuðum, að farin væri ein og aðeins ein leið í verkun og sölu á fiski, vil ég taka þetta fram: Þó að ríkissjóður tæki 4—6 skip, þá væri ekki nándar nærri fullnægt flutningsþörfum frá öllum stöðum á landinu. Hafi nú hv. þm. verið það ljóst, að kjördæmi hans þarf ekki minna en 2—3 skip, þá getur hann séð, að ekki er það of mikið þótt stjórnin tæki 6 skip eða fleiri. Það væri samt nóg svigrúm fyrir einstaklingsframtakið. Þó að þetta frv. verði samþ. verður engum bannað að kaupa fisk hér. Og engum dettur í hug, að saltfiskútflutningur hætti, þótt frv. verði samþ., en líkur eru einmitt til, að hann verði tryggari en nú er hann.

Hv. 2. þm. G.-K. talaði enn um útflutning á frosnum fiski. Ég til mjög hæpið að styrkja stórkostlega tilraunir, sem gerðar eru af einstaklingum eða einstökum félögum, án þess að almenningi sé nákvæmlega skýrt frá því, hvernig

þessar tilraunir eru gerðar og gefast og allar upplýsingar látnar í té, svo að árangurinn, ef einhver er, verði til hagsbóta fyrir almenning, en eigi tekjugrein fyrir félagið eða manninn, sem styrksins naut.

Hv. þm. benti á sænska íshúsið hér í Rvík til þess að sanna, hversu varhugavert það væri að miða allt við einstakar leiðir eða einstakar aðferðir um sölu og verkun fiskjar. Ég verð að segja, að mér finnst, eins og öðrum, vera lítill rekstur hjá jafnstóru fyrirtæki og þetta er. En þessi orð hv. þm. árétta aðeins það, sem ég hefi sagt hér áður. Ég hefi haldið því fram, að það, sem okkur Íslendingum riði mest á, væri einmitt það, að hafa sem fjölbreyttastan fisk og verkaðan á margvíslegan hátt, svo að þótt markaður bregðist á einum stað, sé ekki allt í voða, heldur megi senda fiskinn annað og fá þar fyrir hann sæmilegt verð.

Hv. þm. sagði, að allt ylti á reynslunni, og það er alveg rétt. Ef frv. verður samþ., fæst meiri reynsla í þessum efnum heldur en við höfum nú.

Hv. 2. þm. G.-K. þarf ég að svara nokkrum orðum út af því, sem hann sagði í gær um tilraun Kveldúlfs með útflutning á frosnum fiski. Hann sagði, að heill Íslands væri komin undir því, hvernig þessari tilraun reiddi af. (ÓTh: Ekki er það nú rétt). En ég tel, að meiri trygging væri í því fyrir almenning, að hið opinbera gerði tilraunina, en ekki gróðafélag eins og Kveldúlfur.

Hv. þm. sagði, að það skipti að sínu áliti engu máli, hvort það væri hið opinbera eða einstaklingar, sem kæmu þessu í framkvæmd, ef fiskurinn væri aðeins seldur. Þetta skiftir að mínu áliti ákaflega miklu máli. Ég minntist á það í fyrstu ræðu minni, að útgerðarmönnum smábáta væri ómögulegt að koma fiski sínum á markaðinn í Þýzkalandi eða Englandi. Hið opinbera á skv. þessu frv. að hjálpa þessum mönnum. (MG: Hvar stendur þetta?). Það stendur í grg. (MG: Grg. verður ekki að lögum). Það er búið að segja það í grg. og frumvarpinu.

Út af því, sem hv. 2. þm. G.-K. sagði um togarastöðvunina, skal ég vera fáorður. En eftirtektarvert er, að hann sagði margoft í ræðu sinni, að þessi fáu daga stöðvun gerði lítið til, og reyndi yfirleitt að gera sem minnst úr stöðvuninni, sem virtist nú smáræði í hans augum.

En hérna um árið, 1928, þegar deilan stóð milli útgerðarmanna og háseta, þá kvað við annan tón hjá hv. þm. Þá býsnaðist hann mjög yfir þessari löngu stöðvun og hinu gífurlega þjóðartapi, er af henni leiddi. Togararnir fóru þó þá á veiðar um mánaðamótin febr. og marz, þ. e. a. s. 3 vikum fyrr en nú. (ÓTh: En þá stöðvuðust þeir upp úr áramótunum en nú hættu þeir í febr.). Ekki er þetta rétt hjá hv. þm. Mörg skipin hafa legið síðan í janúar, þrátt fyrir ágætt ísfiskverð. Og ég verð að segja það, að mér finnst það ákaflega undarlegt, að Kveldúlfstogurunum skyldi vera lagt við garð eftir síðustu för þeirra, jafnvel og þeir seldu þá, í stað þess að halda áfram veiðum og kaupa í sig til viðbótar bátafisk. Annars kemur togarastöðvunin ekki þessu frv. við beinlínis, en ég drep á þetta af því hv. þm. dró það inn í umr. (ÓTh: Það var hv. þm. Ísaf., sem byrjaði á þessu).

Að lokum sagði hv. þm., að það væri þrautaráð okkar jafnaðarmanna að hrópa á það opinbera að gera þetta og hitt. Hvað á að gera, þegar „stórlaxarnir framtakssömu" leggja hendur í skaut eftir að þeir hafa komið öllu í öngþveiti með ráðsmennsku sinni og gefast upp? — Þá verður það opinbera oftast að taka við. Á þjóðinni allri lenda skakkaföllin af mistökum gróðamannanna. Annars hygg ég, að frv. þetta geti trautt bakað ríkissjóði mikil útgjöld. Um það erum við víst sammála. (ÓTh: Um það erum við ekki sammála). Eins og sjá má á frv., er gert ráð fyrir, að lögin verði endurskoðuð á næsta ári, og fyrir þann tíma býst ég ekki við, að miklu verði búið að verja til íshúsabygginga. En ég tel þetta svo merkilegt mál, að ekki sé í það horfandi, þótt einhverju fé þurfi að verja í þessu skyni.

Sigurjón Á. Ólafsson: Af því að ég óska eftir, að þessari umr. málsins geti

verið lokið í dag, skal ég reyna að vera stuttorður. Vildi ég þó beina nokkrum orðum til hv. þm. Vestm. Honum hefir að vísu verið svarað allrækilega af hv. þm. Ísaf., en af því að sumum atriðum í ræðu hans var sérstaklega beint til mín, ætla ég að svara honum nokkru.

Bæði hv. þm. Vestm. og fleiri hafa látið í ljós, að ekki væri viðeigandi að tala svona mikið um þetta frv. við þessa umr., og hv. þm. Vestm. virtist vilja gefa mér sök á því, að deilt væri hér um málið. En sannleikurinn er sá, að eigi færri en fjórir hv. þm. hafa andmælt frv., að vísu hóflega, allir nema hv. þm. Vestm. Og ég er fyrir mitt leyti sammála hv. þm. N.-Þ. um það, að ekki sé nema gott, að sem flestir láti í ljós álit sitt á þessu máli, áður en það fer til nefndar. Það léttir starf n. að geta vinzað úr ýmsum skoðunum, sem fram hafa komið. Er ég þakklátur hv. þm. N.-Þ. fyrir ýmsar bendingar, er hann gaf í þessu máli.

Hv. þm. Vestm. talaði eins og hann hefði einn vit á þessum hlutum, og brá okkur jafnaðarmönnum um, að við bærum ekki skyn á útflutning fiskjar eða annað, sem útgerð varðar. Þótt við fáumst ekki við fisksölu eða útgerð sjálfir, reynum við þó að fylgjast með þeim efnum eftir föngum, og getum leitað til sérfróðra manna um allt, sem þau mál varðar, og gerum það. Mér er heldur ekki kunnugt um, að hv. þm. Vestm. hafi verið neinn frömuður í því til þessa, að flytja út ísvarinn fisk. Þó að hann tali digurbarkalega, hefir hann enga þekkingu fram yfir okkur hina í þessum efnum.

Hv. þm. Vestm. sagði, að ég hefði látið svo um mælt, að ekki ætti að flytja út nýjan fisk með öðrum skipum en þeim, er ríkið leigði eða keypti. Ég tók það einmitt fram, að nota ætti innlend skip í þessar ferðir, ef til væru og hagkvæmt þætti, t. d. Eimskipafélagsskipin, þegar þau færu beint til Englands. Hitt er annað mál, hvort rétt er að nota fiskiskipin í þessar ferðir eða ekki. Til þess máls get ég ekki tekið fullkomna afstöðu að sinni, hygg þó, að þau séu of dýr í rekstri til þess.

Hv. þm. Vestm. sagði, að með þessu máli væri verið að sparka í okkar gömlu góðu viðskiptamenn í Miðjarðarhafslöndunum. Hv. þm. Ísaf. hefir þegar fullsvarað þessari fjarstæðu. Útflutningur á nýjum fiski miðar einmitt að því að draga úr saltfiskframleiðslunni, sem virðist vera full nauðsyn á, og tryggja þar með fiskmarkaðinn í Miðjarðarhafslöndunum betur en áður. Annars myndi ég ekki harma það, þótt við værum ekki jafnbundnir Spánverjum á þessu sviði og við nú erum. Þeir hafa þegar sett okkur stólinn fyrir dyrnar og þröngvað upp á okkur vínum, og ef aðstaða okkar gæti batnað svo gagnvart Spáni, að við þyrftum ekki að hlíta þeirri kúgun, væri mikið unnið.

Hv. þm. Vestm. sagði, að ekki væri hægt að senda út nýjan þorsk, vegna þess að ekki fengist saltfiskverð fyrir hann. Þetta leyfi ég mér að vefengja. Hér í Reykjavík og á Vestfjörðum hefir þessi fiskur verið keyptur á 12 au. kg. af honum slægðum. Það verður 66 kr. skippundið, ef miðað er við, að það svari til 550 kg. af fiski upp úr sjónum slægðum. — Um þetta efni er farið hér eftir skýrslu Fiskifélagsins. Ef gert er ráð fyrir, að söltun og verkunarkostnaður nemi 22 kr. á skippund og salt 10 kr., ætti saltfiskurinn að vera kominn upp í 98 kr. á skippund. Hv. þm. Vestm. segir, að ekki borgi sig að láta fiskinn fyrir þetta. En mér er þó kunnugt um, að Vestmannaeyingar hafa fengið 2 au. minna fyrir kg. af sínum fiski en borgað hefir verið í Rvík og á Vestfjörðum, og þótt borga sig vel.

Hv. þm. Vestm. sagði, að búið væri að skipuleggja síldveiðarnar, og nú ætti fiskurinn að fara sömu leiðina. En þess er að gæta, að deilan um síldareinkasöluna stendur alls ekki um það lengur, hvorki af hálfu hv. þm. Vestm. eða annara, hvort einkasala skuli vera á síld eða ekki, heldur hverjir ráða skuli einkasölunni. Hv. þm. Vestm. og jafnaðarmenn eru sammála um, að skipulag á síldarsölunni sé nauðsynlegt. Um það er ekki deilt lengur.

Hv. þm. Vestm. sagði, að ég væri hræddur við útlendinga, en þeir hefðu þó orðið að féþúfu fyrir Vestmannaeyjar. Ég skal ekki þræta fyrir, að eitthvað geti

verið hæft í því, en mín skoðun er sú, að arður af fisksölu eigi að ganga beint til fiskimannanna sjálfra. Þar eiga að eigast við sá, er framleiðir vöruna, og sá, er kaupir hana. Hlutverk milliliðsins er óþarft hér sem víðast annarsstaðar. Að vísu getur ávalt komið fyrir, að eitthvert tap verði á einstaka farmi, en það getur aftur unnizt upp á næsta farmi, og mikið meira en það. Ég veit ekki, hvort það er satt, en heyrt hefi ég, að hv. þm. Vestm. sé eitthvað í makki við erlent félag um sölu svona fiskjar. Ef þetta er rétt, fer afstaða hans að verða skiljanleg. Hér er þá verið að ganga inn á hans eigin hagsmunasvið?

Eins og ég tók fram í upphafi máls míns, tel ég ekki nema gott, að málið sé rætt frá sem flestum hliðum, áður en það fer til nefndar. Ég vil undirstrika það, að höfuðtilgangur frv. er tvennskonar, að vikka og tryggja fiskmarkaðinn og hjálpa fiskimönnum til að fækka milliliðum og útiloka spekúlanta. Ég vona að þingið beri gæfu til að stuðla að þessu.

Sigurður Eggerz: Ég ætla, að enginn ágreiningur sé um það, að heppilegt sé að fá sem beztan markað fyrir kældan fisk. En deilan stendur um hitt, hvort hér skuli tekið upp ríkisrekstrarfyrirkomulagið eða ekki. Í grg. frv. er sagt, að þrátt fyrir markaðsleitir hins opinbera og tilraunir einstakra manna hafi ekki tekizt að stækka fiskmarkaðinn. M. ö. o. hefir hið opinbera haft þessar markaðsleitir á hendi og þær misheppnast með öllu, og þá á að fela því opinbera fisksöluna að nokkru eða öllu leyti, eftir að þessi reynsla er fengin. Skyldi nú ekki vera betra að leita til einstaklingsframtaksins, sem skapað hefir allt hið bezta í þessu landi, og fá atvinnurekendur til að bindast samtökum um að taka þetta mál í sínar hendur og setja upp skrifstofu, sem fengi styrk frá því opinbera?

Markaðsleitir hins opinbera hafa til þessa komið að nauðalitlu gagni. Menn hafa siglt til annara landa, dvalið þar nokkurn tíma, komið heim aftur, skrifað pésa — og búið! En það er ekki nægilegt að skrifa pésa um markaðshorfur í einhverju landi. Það þarf að senda þangað sýnishorn af vöru þeirri, sem verið er að selja, og gera ýmsar fleiri ráðstafanir. Öflun nýrra markaða hefir verið með öllu vanrækt hjá okkur til þessa. Allar aðrar þjóðir leggja mjög ríka áherzlu á þetta atriði, en við höfum til þessa flotið sofandi að feigðarósi. En ég treysti einstaklingsframtakinu betur, í þessum efnum sem öðrum, en ríkisrekstrinum.

En hvað er það nú eiginlega, sem komið hefir þessu frv. af stað? Eru það ekki einmitt tilraunir einstaklinganna, sem vakið hafa eftirtekt þeirra, sem trúa á ríkisrekstur í þessum efnum? Ég hefi þá trú, að einstaklingsframtakið hafi möguleika til að skapa sér góðan markað í framtíðinni, ekki sízt ef það nýtur einhverrar hjálpar ríkisvaldsins. En ef ríkið á að fara að koma sér upp skipastól og taka fisksöluna í sínar hendur, verður það aðeins til að kippa úr þessum möguleikum, eins og raun hefir á orðið um síldareinkasöluna.

Ég álít, að það einasta, sem ríkið gæti gert að því er fisksöluna snertir, væri, líkt og við flutning á kældu kjöti, að greiða fyrir nauðsynlegum samgöngum.

Ég tel það mál, er hér liggur fyrir, gott mál að því leyti, að þar er lögð áherzla á að leita að nýjum mörkuðum, en er því hinsvegar algerlega mótfallinn, eins og ég hefi þegar sagt, að ríkissjóður taki þessa fiskverzlun í sínar hendur. Enda myndi þess ekki langt að bíða, að einokunarhrammurinn teygði sig lengra og reyndi að sölsa undir sig saltfiskverzlunina líka. Ég get vel skilið afstöðu hv. flm. í þessu máli. Hún er í fullu samræmi við hans sósialistisku lífsskoðun; hann veit, hvað hann er að fara. En ég ætla að vænta þess, að þessi ríkisrekstrarhugmynd hans verði kveðin niður þegar í fæðingunni.

Hv. þm. N.-Þ. minntist lítið eitt á kolaveiðarnar. Ég vil í því sambandi gera að mínum orðum það, sem einn hv. þm. sagði, að hann vildi geyma kolann til 1944. Hann átti við, að hann vildi ekki hleypa Dönum inn í landhelgina til þess að tæma þá gullnámu, sem vér eigum í kolanum.

Jóhann Jósefsson: Ég held, að það sé fátt, sem ég þarf að svara hv. 4. þm. Reykv. Hann dró svo saman seglin í síð-

ustu ræðu sinni, að ég fer ekki að svara aftur þeim vitleysum hjá honum, sem ég var búinn að hrekja áður.

Hv. bm. Ísaf. sló því föstu, að andmæli mín gegn þessu frv. væru andmæli gegn sölu á ísfiski. Þessu mótmæli ég, enda hefi ég áður lýst því yfir, að ég væri því samþykkur, sem formaður sjútvn. sagði við þessa umr., þar sem hann lýsti yfir fylgi sínu við þessa hugmynd, enda höfum við áður borið okkur saman um möguleikana á þessu sviði.

Hv. þm. Ísaf. gerði tilraun til að svara fyrirspurninni um söluskrifstofuna, en svar hans var svo loðið, að það kom fram, sem mig hafði áður grunað, að hann væri í vafa um, hvar þessi skrifstofa ætti að vera. Hann kvaðst upphaflega hafa hugsað sér, að sett væri skrifstofa í Englandi, sem seldi fiskinn. Á þessu er auðséð, að hann hefir alls ekki gert sér grein fyrir, hvernig salan á fiskinum fer fram, því að það er algerður óþarfi að setja þar upp skrifstofu, sem sjái um sölu á fiskinum. Það er séð um það af öðrum þar á staðnum, en alls ekki síður, að þeir, sem senda þangað fisk, setji þar upp skrifstofu til að annast söluna.

Það var eitt í ræðu hv. 4. þm. Reykv., sem ég vildi svara. Það var um saltfiskinn. Hann reyndi að sanna, að hagur væri að selja þorskinn nýjan. (SÁÓ: Eins og nú er). Hinsvegar hefi ég haldið því fram, að því aðeins ætti að senda hann nýjan út, að það væri hagur á móti því að verka hann heima. Ég held, að hv. þm. hafi ekki litið á það, hve miklir peningar verða eftir í landinu, ef fiskurinn er verkaður heima. Heldur hv. þm. ekki, að það verði talsvert atvinnutjón, sem fólk hér verður fyrir, ef öllum fiskinum er dembt nýjum á útlenda markaðinn? Þetta er nú raunar fast að því óhugsandi, því verðfallið yrði svo gífurlegt og Englendingar myndu fljótt amast við slíkum innflutningi. Ef þetta væri gert í stórum stíl, ef ríkið reynir að minnka sem mest saltfisksverkunina, þá mundi líka áreiðanlega leiða af því mikið atvinnutjón hér. Það má ekki eingöngu líta á það, hvað mikið væri hægt að fá fyrir fiskinn nýjan; það verður líka að líta á það, hver áhrif það hefir á atvinnulífið hér á landi, ef sala á fiskinum nýjum væri stórkostlega aukin með tilstyrk ríkisins.

Eitt atriði í ræðu hv. flm. vildi ég gjarnan, að yrði betur upplýst. Hann hélt því fram í síðustu ræðu sinni, að ríkið væri hér ekki að taka á sig neina fjárhagslega ábyrgð, þó að það eigi að leggja til skip og láta þau sigla milli landa. En hver á þá að bera fjárhagsáhættuna? Hv. þm. segir, að þetta eigi ekkert að kosta ríkið. Þá skilst mér, að ábyrgðin hljóti að lenda á smábátaútgerðinni, sem á að láta vörurnar í þessi skip. Og óvíst er, hvort betra er að geta selt fiskinn hér fyrir peninga út í hönd eða taka á sig þá ábyrgð, sem því fylgir að halda úti gufuskipum með þetta fyrir augum. Það er ekki aðeins, að þetta frv. er frumsmíði; á því eru í mörgum atriðum missmíði. (SE: Og vansmíði). Já, og jafnvel vansmíði. Það er því ekki sjálfsagður hlutur fyrir hv. flm. að taka aths. manna við þetta frv. sem vott þess, að þeir, sem með þessar aths. koma, séu á móti þessu máli á réttum grundvelli. **Ég álít einmitt, að það eigi að taka útflutning nýs fiskjar upp á skynsamlegum grundvelli.**

Hv. þm. Ísaf. var með skæting til mín og talaði um það, að sig furðaði á þessari afstöðu minni, þar sem ég væri frá því kjördæmi, sem ég er frá, — illu heilli, bætti hann við. — Hvort sem það er illu heilli eða ekki, þá á hann eftir að sýna, hver heillaþúfa hann er sínu kjördæmi en ég efast um, að hann hafi þar meiri áhrif til atvinnubóta en ég hefi haft í vetur og að undanförnu í mínu kjördæmi. Til þess að þeir peningar kæmu fyrir fiskinn, sem komið hafa í vetur í Vestmannaeyjum, hefir þurft forstöðu og umsjá. Ég hefi haft þar meiri ihlutun en hv. þm. veit, og mér liggur í léttu rúmi, þó að sagt sé, að ég hafi þar verið í makki við útlendinga. Ég hefi verið þar milligöngumaður, og ég veit fyrir víst, að þeir, sem hafa orðið aðnjótandi þeirrar verzlunar, leggja mér það ekki til lasts, þó að hv. þm. Ísaf. og hv. 4. þm. Reykv. geri það í fávizku sinni.

Hv. þm. minntist á matarlyktina hjá stjórninni í sambandi við þetta mál. Sú matarlykt virðist nú hafa náð til hv. þm. Ísaf., því að það vita allir, að jafnaðarmenn á þingi eru bitlingamenn núver-

andi ríkisstjórnar. En ég öfunda þá ekkert af þeim fríðindum, sem þeir fá þar. Hinsvegar er leitt að sjá, að menn skuli vera settir í stöður fyrir pólitiskt fylgi, en aðrir hæfari menn settir hjá fyrir það, að þeir eru ekki fylgifiskar hæstv. stj. Ég öfunda samt ekki þessa menn. Það er nær að aumka þá, sem sjá sér ekki annað ráð betra til framdráttar en að gína yfir soðpottum stjórnarinnar. Manndómur þeirra væri að meiri, ef þeir gætu staðið á eigin fótum, en það verður hver að fljúga eins og hann er fiðraður, svo það má nokkuð til vorkunnar virða mönnum þessum, að þeir hafa gefizt upp við að bjargast á eigin spýtur.

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég hefi nú engar sakir af mér að bera. Hv.þm.Vestm. hafði ekki heyrt nema nokkurn hluta af því, sem ég sagði, þegar hann skauzt eins og rotta út úr deildinni undan því, sem ég sagði.

Hv. þm. minntist á, að miklar líkur væru fyrir því, að fólk hér missti mikla atvinnu, ef fiskurinn væri ekki verkaður heima. af því við minntumst á nýjan þorsk sem útflutningsvöru. Ég geri ekki ráð fyrir, að útflutningur nýs fiskjar yrði svo mikill, að ekki yrði nægilegt eftir til að verka hér heima sem markaðurinn krefðist. En hver er þá umhyggja þeirra, sem útgerðina hafa í höndum sér, fyrir verkafólkinu, þegar um er að ræða útflutning á óverkuðum saltfiski? Árið 1928 var flutt út 28689000 kg. af óverkuðum fiski. Á sama tíma var verkaður saltfiskur seldur fyrir 38 millj. kr. Ekki voru þetta tillögur okkar jafnaðarmanna um að flytja saltfiskinn út óverkaðan. Verkafólkið hefir lítið grætt á vinnulaununum fyrir þann fisk. Hv. þm. segir, að við séum að taka vinnuna frá verkafólkinu með þessu. En hver segir hann að hafi tekið frá því vinnuna í þessu tilfelli, er ég nú nefndi?

Ég geri ekki ráð fyrir, að svo mikið verði flutt út af þorski, að þess gæti mikið í atvinnunni hér. Óverkaður þorskur er oft óútgengilegri vara en annar fiskur, sem fluttur er á erlendan markað nýr, t. d. ýsa, koli, lúða o. s. frv., en undir sumum kringumstæðum má fá sæmilega mikið fyrir hann. Árið 1928 var af togaraaflanum fluttur út óverkaður fiskur fyrir 3 millj. kr., og meiri hlutinn af því þorskur. Ekki hefir verkafólkið fengið mikið fyrir að verka hann, og hefir ekkert verið um það fengizt.

Ólafur Thors: Það hefir verið beint til mín ýmsu við umr. hér í dag, en ég get ekki farið að leggja það á mig eða hv. þdm. að fara að ýfa upp nýjar deilur með því að svara því ítarlega.

Hv. 4. þm. Reykv. kom með fyrirspurn til mín í sambandi við sænska frystihúsið. Ég skal svara því, að ég hefi reynt að hafa það gott af ishúsinu, sem hægt hefir verið, reynt að nota það í þágu íslenzkra manna og í sambandi við það gert tilraunir um útflutning á frosnum fiski. Ennþá er ekki hægt að sjá, hvern árangur þetta muni bera.

Hv. þm. Ísaf. taldi illa farið, að þær tilraunir, sem „Kveldúlfur" hefir gert í sambandi við sölu á nýjum fiski, væru leynilegar, en almenningur fengi ekkert um þær að vita. Félagið er nú ekki ennþá öfundsvert af þeim árangri. Ég hefði ekki viljað, að sá kostnaður, sem hefir orðið af þessum tilraunum, hefði lent á ríkissjóði, en hinsvegar vil ég segja það, að ég treysti þeim, sem þar hafa verið að verki, eins vel og þeim, sem til þess kynnu að verða valdir af ríkisvaldinu.

Ef þessar tilraunir bera þann árangur, að fært þyki að halda áfram á þeirri braut. sem þar er lagt út á, þá mun það áreiðanlega verða hverjum manni auðvelt að kynnast því, sem þar hefir fram farið. Það er ómögulegt að haga slíkri starfsemi þannig, að ekki sé sæmilegur aðgangur fyrir hvern mann að kynnast þáttum þeirra mála.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

62. Nýbýli.

Á 21. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um nýbýli. (þmfrv., A. 124).

Á 24., 26., 28., 30., 31., 32., 33. og 34. fundi í Nd., 14., 17., 19., 21., 23., 24., 25. og 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

63. Slysatryggingar.

Á 22. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 73, 7. maí 1928 [Slysatryggingarlög] (þmfrv., A. 129).

Á 25. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Stefánsson): Í raun og veru er varla þörf að hafa neinn almennan inngang að umr. um þetta mál. Frv. er eiginlega lítið annað en lagfæringar og skýringar við lög um slysatryggingar frá 7. maí 1928, flutt til þess að kveða nánar á um tryggingarskyldu í nokkrum tilfellum, sem vafi hefir leikið á. Það hefir t. d. verið vafamál, hvort menn, sem annast flutninga með smáskipum hafna á milli, væru tryggingarskyldir eins og sjómenn, er stunda fiskveiðar á samskonar skipum. Þörfin á tryggingu er bersýnilega hin sama fyrir hvoratveggja og ákvæðin í frv. laga þetta.

Þá er annað atriði um menn, sem stjórna aflvélum, er draga jarðyrkjuverkfæri. Það er álitamál, hvort þeir eru tryggingarskyldir eftir lögunum eða ekki. Veltur á því, hvort aflvélarnar geta talizt bifreiðar eða ekki, en bifreiðarstjórar eru tryggingarskyldir. Frv. leggur til að taka af allan vafa á því, að menn, er stjórna aflvélum, skuli vera það einnig.

Að öðru leyti skal ég ekki fara út í einstök atriði frv., nema tilefni verði gefin, en er fús til að skýra frv. fyrir væntanlegri n., ef þess verður óskað. — Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til alshn. með 16 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 129, n. 353, 386, 395).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 386. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Héðinn Valdimarsson): Frv. þetta til breyt. á l. nr. 73 frá 7. maí 1928, sem flutt er af hv. 1. þm. N.-M. og mér, hefir n. að mestu fallizt á. Frv. er flutt til skýringar, en raskar ekki efni l. svo neinu nemi. Það varð að samkomulagi í n., að frv. skyldi nú sem stendur ekki ná yfir bæjarhús úr steini eða timbri fremur en torfi. Auk þess varð n. sammála um að gera smábreyt. við 1. gr. Þarf ekki frekar fyrir þeim að mæla.

Þá er hv. 1. þm. N.-M. með smábreyt. á þskj. 386, er hann mun gera grein fyrir. Við þá brtt. hefi ég svo gert brtt., sem er á þskj. 395. Verði þær báðar samþ., verður öll skipshöfnin tryggð.

Jóhann Jósefsson: Ég hjó eftir því hjá hv. frsm., að n. telur rétt vera, að slysatryggingaskylda nái eigi jafnt til bygginga í sveitum og við sjó. Ef þetta er rétt skilið hjá mér, þá vildi ég biðja hv. frsm. að gefa nánari skýringu á því, hvers vegna n. telur minni slysahættu vera við húsabyggingar í sveitum heldur en í kaupstöðum.

Frsm. (Héðinn Valdimarsson): Það stendur öðrum nær en mér að svara þessu. Ég var ekki með þessu, þótt ég hinsvegar gerði ekki ágreiningsatkvæði út af því, þar sem ég vildi ekki stofna framgangi málsins á þessu þingi í neina hættu.

Jóhann Jósefsson: Ég skil það á orðum hv. frsm., að frá hans sjónarmiði er þessi ályktun n. ekki verjandi. Ég sé heldur ekki, hvernig það er hægt. Ef þörf er fyrir þessar tryggingar eðlilegt, sem ég

fyrir mitt leyti játa að sé, þá ætti sú þörf að vera jafnmikil við smíði húsa hvar sem er. Það væri fróðlegt að heyra rökfærsluna frá þeim, sem að þessu standa, fyrir því, að þeir gera á þessu sviði upp á milli sveita og kaupstaða. Ef nokkur frambærileg ástæða væri fyrir þessu, þá ætti hún að vera sú, að minni slysahætta væri við byggingar í sveitum en við sjó. En ég fæ ekki séð, að svo muni vera.

ATKVGR.

Brtt. 395 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 386, svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
— 353,1 sjálffallin.
— 353.2 samþ. með 13 : 5 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar, með því að á fundi í Sþ. næsta dag var þingið rofið.

64. Notkun bifreiða.

Á 21. fundi í Nd., 11. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56, 14. júní 1929 [Notkun bifreiða] (þmfrv., A. 130).

Á 24. og 26. fundi í Nd., 14. og 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Nd., 19. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Ákvæði slysatryggingarl. um slysatryggingar bifreiðarstjóra eru mjög óákveðin, og er helzt svo að skilja, að þeir, sem eiga bifreiðar, séu ekki skyldir til að tryggja sjálfa sig fyrir slysum, þó að þeir hinsvegar séu skyldir til að tryggja þá, sem með bifreiðum þeirra aka, fyrir slysum eða skemmdum á eignum. Nú eiga flestir íslenzkir bifreiðarstjórar bíla sína sjálfir, a. m. k. er svo um flestalla vörubílastjóra, og er þetta því mjög óeðlilegt, enda er það ósk bifreiðarstjóra yfirleitt, að þessi skyldutrygging nái til allra, jafnt bifreiðaeigenda sem annara, og höfum við hv. 1. þm. N.-M. því flutt þetta frv. Mætti að vísu bæta þessu inn í slysatryggingarl., en af ýmsum ástæðum þótti okkur flm. hentara að fella þetta inn í þessi lög.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um svo einfalt mál, en vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til allshn., að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 130, n. 329).

Frsm. (Héðinn Valdimarsson): Í þessu frv. var upphaflega ekki annað en það, að skylda bifreiðaeigendur til þess að tryggja bifreiðarstjóra fyrir bótum vegna slysa við akstur, og skyldu þeir tryggðir í Slysatryggingu ríkisins. N. féllst á, að þetta yrði lögleitt, en auk þess komu fram uppástungur frá vegamálastjóra og bifreiðaeftirlitsmönnum ríkisins, sem n. leizt svo vel á, að hún tók þær upp með nokkrum breyt. og flytur þær á þskj. 329.

Fyrsta breyt. er um breidd bifreiða. Hingað til hafa þær ekki mátt vera breiðari en 1,75 m., en frá því hafa verið veittar undanþágur, allt upp í 1,86 m. Er hér stungið upp á að lögfesta þá hámarksbreidd í stað hinnar fyrri.

Samkv. 5. gr. l. frá 1926 máttu ekki yngri menn en 20 ára stýra bifreið. Hér er lagt til, að það aldurstakmark sé fært niður í 18 ára aldur, nema 20 ára aldur gildi um bifreiðar til mannflutninga, því að þar þykir þurfa meiri varkárni við.

Þá er brtt. viðvíkjandi hraða bifreiða. Bifreiðaeftirlitsmenn hafa lagt til, að leyfður yrði meiri hraði á bifreiðum en nú er. Innanbæjar er hámarkshraðinn 18 km. á klst., en hér er stungið upp á, að hann verði 25 km. Utan kaupstaða og kauptúna er hámarkshraðinn nú 40 km.

á klst., en n. vill hækka hann upp í 50 km. Það er alkunna, að mannflutningabifreiðar aka oft svo hratt, enda er það fullkomlega öruggt á góðum vegi. — Þegar dimmt er, má ekki aka meira en 15 km., en hér er lagt til, að 30 km. komi í staðinn. En aftur á móti er hér sett ákvæði um, að þessi hámarkshraði nær ekki til lögreglu- eða læknabifreiða, og ennfremur er ráðh. heimilað að takmarka meira en hér er gert ökuhraða á einstökum vegum og ef bifreiðar eru mjög þungar.

Nú er skylda til þess að hafa gjaldvísi á bifreiðum. Hafa þeir verið settir á margar bifreiðar, en ekki þótt nauðsynlegir né gefast vel; þess vegna flytjum við till. um, að þetta sé fellt niður, en þó sé haldið heimild til þess að ákveða þetta síðar, ef ástæður breytast.

Þess má geta, að nú eru bifreiðarstjórar skyldaðir til þess að bera einkennishúfu, en n. þykir ekki ástæða til þess, nema um bifreiðarstjóra við leigubifreiðar til mannflutninga.

Nú eru engin refsiákvæði fyrir óvarkárni við akstur, og því er lagt til, að sett sé almennt ákvæði um, að bifreiðarstjórar skuli sýna almenna varkárni við akstur og meðferð bifreiða á almannafæri.

Þá er næsta till. um að hækka lágmarkstryggingu á stórum bifreiðum. Nú er upphæðin 10 þús. kr. á öllum bifreiðum, en ef um stórar bifreiðar er að ræða, sem flytja marga farþega, getur skaðinn af slysi orðið miklu meiri, svo að eigendurnir hafa stundum ekki getað greitt skaðabæturnar. Þess vegna er lagt til, að bifreiðar, sem flytja fleiri en 6 farþega, séu tryggðar fyrir 20 þús. kr., en minni bifreiðar og vörubifreiðar eins og áður fyrir 10 þús. kr. og mótorhjól fyrir 5 þús. kr.

Þá skal loks fella saman í eina heild lögin frá 1926, 1927 og þessar brtt., þannig, að öll lagaákvæði um notkun bifreiða séu til á einum stað.

N. leggur þá til, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

ATKVGR.

Brtt. 329,I.a. (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 329,I.b.—g. (nýjar gr., verða 2.—7. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

— 329,I.h.1—3 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

— 329,I.i.—l. (nýjar gr., verða 9.—11. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.

— 329,II (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

Á 44. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 359).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 : 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 359).

Loks var frv. tekið til 1. umr. á dagskrá 46. fundar deildarinnar, er halda skyldi 14. apríl kl. 5 síðd. En sá fundur féll niður, með því að á fundi í Sþ. s. d. hafði verið lýst yfir þingrofi.

---

65. Mannafli á eimskipum og mótorskipum.

Á 22. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um mannafla á íslenzkum eimskipum og mótorskipum (þmfrv., A. 139).

Á 25., 27., 30., 31., 32., 33. og 34. fundi í Nd., 16., 18., 21., 23., 24., 25. og 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 27. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Þetta frv. er búið að vera oft á dagskrá og er því sjálfsagt orðið hv. dm. allvel kunnugt. Í grg. er skýrt frá aðalefni frv. En ég

skal bæta nokkrum orðum við. Frv. gengur út á það, að lögfesta mannafla á íslenzkum skipum, smærri sem stærri. Samt er ekkert ákvæði um loftskeytamenn, en það stafar af því, að skip eru ekki skyldug til að hafa loftskeytatæki. Aftur á móti eru sett ákvæði um háseta og kyndara. Og er það álit okkar flm., að það eigi ekki að vera undir hendingu einni komið, hve margir menn eru á skipi. Við viljum láta ákveða með lögum, hvað minnst megi vera á skipi. Í því er falið öryggi fyrir lífi farþeganna, öryggi fyrir skipi og farmi, að nægar hendur séu til bjargar, ef eitthvað ber út af.

Hér hjá okkur má kannske segja, að þetta hafi ekki komið að sök ennþá. Það er ekki hér að ræða um fiskiskipin; þar er yfirfljótanlegt fólk. Heldur eru það flutninga- og farþegaskipin, sem við er átt í frv.

Flestir munu játa, að hér við land eru siglingaleiðir hinar hættulegustu. Og ekki er að efast um, að sigling á norðanverðu Atlantshafi sé hættulegri en sigling um miðbik hnattarins. Frost, byljir og skammdegismyrkur stuðlar allt að því, að hér þarf á okkar skipum marga ötula og vana menn.

Í þessu sambandi vil ég einmitt benda á það, að okkar skip eru yfirleitt verr mönnuð en hjá öðrum þjóðum, enda þótt okkar menn séu harðgerðari og ötulli en flestra annara þjóða.

Vil ég vitna í dönsk skip hér við land, og eru þau betur mönnuð en ísl. skip, sem notuð eru til hins sama, m. ö. o. sigla hingað til lands. Og er mér kunnugt um, að Danir álíta, að fleiri menn þurfi á skip, sem sigla hér við land, en annarsstaðar. T. d. vil ég nefna e/s „Ísland". Þar eru 9 menn á þilfari og 7 menn í vél, fyrir utan yfirmenn. Á okkar skipum sambærilegum eru 7 menn á þilfari og 5 í vél, þegar flest er.

Norðmenn settu lög um þetta efni 1918 og breyttu þeim nokkuð, er þeir gáfu út reglugerð 1922, þar sem gert er ráð fyrir fleira fólki á skipunum. Danir og Svíar eru nú á löggjafarþingum sínum að ræða löggjöf í svipaða átt og telja, að ekki sé fengið fullt öryggi fyrr en fólki sé fjölgað á skipunum og föst lagaákvæði séu til um þetta. Þessa þarf einnig hjá okkur. Við getum ekki lengur verið eftirbátar annara þjóða á þessu sviði, ef við viljum telja okkur siglingaþjóð.

Þá er hér í frv. og gert ráð fyrir 8 st. vinnudegi úti í sjó. Stefna sú hefir nú mikinn byr úti í heimi, og sumar þjóðir hafa þegar lögfest þetta. Rússar, Ástralíumenn og Frakkar hafa þegar gert það, og í fleiri löndum má búast við, að þetta verði lögfest fyrr en varir. Ef það verður gert hér á næstunni, þá er samkv. þessu frv. hægt að hafa nægan mannafla á ísl. skipum, enda er í frv. gert ráð fyrir lágmarki, sem alltaf má bæta við.

Vil ég svo vænta þess, að málinu verði vel tekið og verði sá sómi sýndur, að það verði látið fara í nefnd. En það yrði þá sjútvn., sem þetta heyrir helzt undir. Vil ég leyfa mér að leggja til, að því verði vísað til hennar að lokinni þessari umr.

Jón Ólafsson: Þótt ekki sé ástæða til að fara mörgum orðum um þetta frv. áður en það fer til n., vil ég þó benda væntanlegri n. á nokkur atriði, sem komu fram í grg. og framsöguræðu. Hv. flm. var að vitna til annara þjóða, vitandi það, að þær þjóðir, sem sigla með góðum árangri og þola bezt samkeppni, hafa gætt sín fyrir slíkum kröfum sem hér um ræðir. Nú hyggst hann að koma slíkri löggjöf á hér alveg á næstunni. Ég vildi þess vegna benda á þetta. Þá hafa hv. flm. algerlega gleymt þeirri hlið, sem snýr að alvörunni.

Í siglingum er eins og annarsstaðar mikil samkeppni. Það gæti því horft til vandræða fyrir okkur, ef við tækjum þetta upp, en aðrar þjóðir ekki. Og þetta myndi verða stór útgjaldaliður, sem ekki hefir verið áður.

Annars eru ástæður frv. fremur veigalitlar. En það sjá allir, að útgerðarmenn hafa ástæðu til að spara mannafla, til þess að reyna að standast samkeppnina. Og auðvitað verða menn að spara þar eins og á öðrum sviðum atvinnulífsins.

Hv. flm. var að tala um það, að öruggara yrði líf sjómannanna, ef fleiri væru á skipunum. Mér finnst það koma

úr hörðustu átt, ef hv. þm. vill gefa í skyn, að þeir, sem sigla skipunum, forsómi að standa vakt. Sjómenn okkar eiga slíkt alls ekki skilið, því það er alkunnugt, að þeir eru óþreytandi að standa vakt, þegar hætta kann að vera á ferðum. Yfirmenn skipanna verða meira að leggja á sig, þegar skipshafnirnar eru fámennar. Það hafa þeir gert og munu reiðubúnir til þess áfram. Þeir bera ábyrgð á stjórn skipanna, og myndu þeir ekki fremur unna sér hvíldar á hættutímum, þó þeir hefðu fleirum á að skipa. Og ég veit ekki um eitt einasta slys, sem hægt er að kenna mannfæð á skipum né því, að skipverjar hafi ekki gert skyldu sína. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að menn munu ekki hafa gert sér grein fyrir öllum afleiðingum þess fyrir fiskiveiðar Íslendinga, þegar gengið var inn á að samþykkja vökulögin svokölluðu, sem gerðu það að verkum, að þriðjungi fleiri „dekkmenn" varð að hafa á togurunum en áður. En afleiðingin varð sú, að í stað þess að Englendingar gátu sent skip hingað með 14 mönnum til að sækja afla til sölu í Englandi, urðum við að hafa 19—20 manna skipshafnir til slíkra ferða eftir samþykkt vökulaganna. Þannig var ein grein útgerðarinnar sett út úr samkeppninni við þær þjóðir, sem ekki hafa lögbundið vinnutíma á skipum sínum.

Ég tel því yfirleitt mjög óheppilegt að lögbjóða fjölgun manna við verk, sem færri menn hafa áður getað afkastað án nokkurs baga eða skaða.

Ég get viðurkennt, að þetta mál má athugast í n., en það verður að gerast með gætni. Og sérstaklega verður að varast að leggja nokkrar kvaðir á þá grein íslenzks atvinnurekstrar, sem hér um ræðir, fram yfir það, sem aðrar þjóðir leggja á hjá sér. Aðstöðu okkar í samkeppninni við aðrar þjóðir má löggjafarvaldið ekki spilla.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir þær undirtektir við þetta mál, að hann vill þó lofa því að fara til n. Skal ég reyna að haga orðum mínum þannig, að langar umr. þurfi ekki að verða út af þeim.

Það var ekki nema að nokkru leyti rétt hjá hv. þm., sem hann hafði eftir mér, að aðrar þjóðir **væru að** koma á hjá sér samskonar löggjöf sem hér er um að ræða. Norðmenn eru t. d. þegar búnir að setja slík lög, og frv. í sömu átt mun nú liggja fyrir þingi Dana og jafnvel Svía.

Hv. þm. hélt því fram, að ég liti ekki á siglingasamkeppni okkar við aðrir þjóðir og áhrifin, sem það mundi hafa á hana að samþ. frv. mitt. En ég gat um það í ræðu minni áðan, að sú þjóð, sem mest keppir við okkur í siglingum, Danir, hefir fleiri menn en við höfum á okkar skipum á skipi, sem sambærilegt er við þau að stærð. Á e/s „Íslandi" er 38 manna skipshöfn, en á Eimskipafélagsskipunum munu vera 27—28 menn. Ekki þarf að búast við, að Danir fari að fækka á sínum skipum, þó við ákveðum með lögum að fjölga mönnum á okkar skipum. Og þó frv. yrði samþ., þarf ekki að hafa eins marga menn á „Fossunum" eins og eru á e/s „Íslandi". Einnig vil ég benda hv. þm. á, að siglingasamkeppnin veltur að litlu leyti á stærð skipshafnanna. Þar kemur aðallega til greina, hvað skipin fá mikinn flutning, vörumagn, farþega, flutningsgjaldið sjálft, og að sjálfsögðu hvernig rekstri skipanna er hagað.

Hv. þm. vildi láta líta þannig út, að ég hafi dróttað að sjómönnum, að þeir gættu ekki skyldu sinnar, þegar þeir standa á verði. Það er langt frá því, að mér hafi dottið slíkt í hug. En því má ekki gleyma, að mjög mikið erfiði er oft lagt á þessa menn, þegar veður eru vond og við ýmsa erfiðleika að stríða, og kjör þeirra mundu batna, ef fjölgað væri á skipunum. Annars gerir frv. ekki ráð fyrir að yfirmönnum sé yfirleitt fjölgað á skipum. Það gerir ráð fyrir einum manni á hvern þriðjung sólarhrings til hvers starfs. Og þrír stýrimenn eru þegar á öllum flutningaskipum okkar, sem fólk flytja. Að því leyti, sem frv. gerir ráð fyrir stærri skipshöfnum en nú er, liggur það helzt í fjölgun háseta og kyndara.

Hv. þm. vitnaði til vökulaganna og kvað þau hafa kostað það, að fjölga hafi þurft mönnum um þriðjung á togurun-

um. Ég er hissa, að heyra hann halda þessu fram, af því hann á þó að vera þessum málum kunnugur. Það þurfti yfirleitt mjög lítið að fjölga mönnum á togurunum, a. m. k. ekki nálægt því um þriðjung. Nú eru á þeim flestum um 30 menn, en áður en vökulögin gengu í gildi voru það oftast 27—28. Stærstu togararnir munu að vísu hafa yfir 30 menn, en hitt er það algengasta.

Hitt skil ég vel, að hv. þm. sé yfirleitt á móti því að lögbinda nokkuð um þessi efni. Ég benti á, að það væri freisting fyrir þá, sem gera út skip, að fækka skipsmönnum þegar kreppir að. Ég er hv. þm. þakklátur fyrir, að hann játaði óbeinlínis, að svo væri. Það eitt tel ég næga ástæðu til að lögbinda, hvaða mannafli skuli vera á skipum, svo alls öryggis sé gætt í hvívetna.

Jón Auðunn Jónsson: Út af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði um fjölgun manna á togurunum, þegar vökulögin voru sett, skal ég geta þess, að hann mun hafa á réttu að standa að því er saltfiskveiðar snertir. Aftur á móti þegar um ísfiskveiðar er að ræða, getum við ekki vegna vökulaganna komizt af með færri en 20—21 menn á togarana, en á slíkum veiðum hafa Englendingar ekki nema 14 menn á hverju skipi og Þjóðverjar 13.

Sú n., sem fær frv. þetta til meðferðar, verður að athuga það vel, að ef útlendingar geta komizt af með færri menn á skipum sínum hér heldur en við höfum á okkar, þá getur það hnekkt mjög siglingum okkar. Ég get nefnt glöggt dæmi. Þýzkir togarar hafa nokkrum sinnum komið til Vestfjarða og keypt fisk af bátum til útflutnings. Á þeim hafa aðeins verið 9—10 menn. Til slíkra ferða þyrftum við 16 manna skipshöfn, ef frv. þetta væri samþ. Værum við þá alls ekki samkeppnisfærir við útlendinga um þá atvinnu. Þetta vona ég, að hv. n. geri sér fyllilega ljóst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

66. Einkasala á síld.

Á 23. fundi í Nd., 13. marz, var útbýtt: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á síld** (þmfrv., A. 145).

Á 25. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Ég þarf ekki að telja upp allar þær till. og samþykktir, sem úr ýmsum áttum hafa drifið að nú síðustu mánuðina, þar sem menn hafa lýst yfir óánægju sinni yfir Síldareinkasölunni. Alstaðar hefir komið fram mjög sterk óánægja yfir rekstri hennar og óskir um ýmsar breyt. á fyrirkomulagi hennar. Ég skal m. a. geta þess, að á Ísafirði var haldinn fundur í vetur og þar var samþ. till. á þá leið, að ef útvegsmenn fengjust ekki til þess að gera út, þá fengi Einkasalan heimild til þess að fara að reka útgerð. Þetta sýnir einna bezt, hve mikið vantraustið er orðið á þessum atvinnuvegi undir stjórn Einkasölunnar, þegar menn fara að gera ráð fyrir, að þeir aðilar, sem hingað til hafa gert út, muni leggja árar í bát. Slík till. hefir mér vitanlega aðeins komið fram á þessum eina stað, og hvort sem hún er heppileg eða ekki, vildi ég benda á hana til þess að sýna, í hvílíkt óefni er komið.

Starfsár Einkasölunnar eru nú orðin þrjú. Sjútvn. hefir margbeðið um að fá skýrslur um hana, en form. hennar hefir ekki tekizt að fá þær enn. En nýlega var útbýtt hér skýrslu yfir starf Einkasölunnar á síðasta ári. Eitt m. a., sem þar er tekið fram, eru ummæli Péturs Ólafssonar framkvæmdarstj., á bls. 47, með leyfi hæstv. forseta: „Um jafnmikið fyrirtæki sem Einkasalan er og þar sem svo margskonar og ólíkra hagsmuna þeirra, er við hana eru riðnir, er að gæta, er ekki við öðru að búast en að mjög skiptar skoðanir hljóti að verða um ýmsar framkvæmdir, ekki sízt, þar sem allskonar pólitísk íhlutun, því miður, hefir seilzt

allt of mikið með hramm sinn inn á verksvið Einkasölunnar".

Það er nú vitanlegt orðið, og höfum við flm. þessa frv. bent á það áður í þessari hv. d., að pólitísk áhrif á þennan atvinnuveg séu og hafi verið, síðan Einkasalan var sett á stofn, allt of mikil. Við bentum þegar í byrjun á þá hættu, er stafaði af því, að stjórnarmenn Einkasölunnar væru ekki valdir með það fyrir augum, hvort þeir hefðu þekkingu í þessari grein til brunns að bera, heldur í hvaða pólitískum flokki þeir væru. Það er nærri óhjákvæmilegt annað, eftir þeim reglum, sem nú gilda um kosning útflutningsnefndar, en að svo fari, sem farið hefir, að hér yrði ekki lögð fagþekking til grundvallar, heldur yrði farið eftir öðrum mælikvarða.

Einn af forstjórum Einkasölunnar segir hér í skýrslunni, að ekki sé við öðru að búast en að skiptar skoðanir hljóti að verða um ýmsar framkvæmdir hennar. Jafnvel þótt hér væri um fyrirtæki að ræða, sem segja mætti, að vel hefði verið stjórnað, þá myndu vitanlega koma fram skiptar skoðanir um ýmsar stjórnarframkvæmdir. En hér er ekki um skiptar skoðanir að ræða af hálfu þeirra manna, sem eiga við Einkasöluna að búa, þ. e. útgerðarmanna, sjómanna og verkamanna. Ég tala ekki um forstjóra Einkasölunnar og aðra dándismenn, sem hafa fengið fríðindi á kostnað annara manna. Þeir telja líklega fyrirkomulagið gott, og una vel við sinn hlut. En hjá hinum réttu aðiljum eru ekki skiptar skoðanir; frá þeim koma einvörðungu gagnrýnandi og fordæmandi skoðanir á stjórn og framkvæmdum Einkasölunnar. Það sýna samþykktir sjómanna fyrir norðan og vestan, og það sýnir fundur útgerðarmanna, sem haldinn var fyrir skemmstu í Reykjavík út af þessu máli.

Á fyrri þingum hefir verið drepið á helztu skakkaföllin, sem Einkasalan hefir orðið fyrir, bæði fyrir óheppilega sölusamninga, fyrir tunnuskort og ýmisleg hlutdrægnisverk, sem stjórn hennar hefir látið sér sæma að framkvæma. En þrátt fyrir það, að óánægja með Einkasöluna hafi alltaf frá upphafi látið á sér bóla, hafa þó aldrei komið jafnháværar raddir um misbresti og jafneindregnar kröfur um lagfæringu eins og nú. Og það er það, sem hefir knúð okkur, sem stöndum að þessu frv. á þskj. 145, til að bera fram nokkrar till. til breyt. á stjórnarfyrirkomulaginu, ef vera mætti, að þær yrðu til bóta á helztu stórgöllum þessarar stofnunar.

Ekki er fyrir það að synja, að raddir hafa komið fram um algert afnám Einkasölunnar, og getur vel verið, að það sé hið réttasta. En við flm. höfum ekki, að svo komnu máli, talið hentugt að krefjast þess, að Einkasalan verði afnumin. Hinsvegar vil ég skírskota til þeirrar ábyrgðar, sem alþm. hljóta að hafa á því, hvernig þessari atvinnugrein fyrir atbeina þingsins er nú komið. Það er því von okkar, að Alþingi vilji gera tilraun til að bæta úr ástandinu, sem nú er, (LH: Það var ólag á síldarútveginum áður!). Hv. sessunautur minn skýtur því að mér, að þetta hafi verið í ólagi áður. Þetta er alveg rétt, og ég ætla ekki að halda því fram, að þar hafi allt verið í sómanum, enda hefði engin ástæða verið fyrir löggjafarvaldið til þessara afskipta, ef ekki hefði verið álitið, að setja þyrfti einhverjar reglur um veiði og sölu þessarar vöru. Ég álít líka, að afskipti þingsins af þessum atvinnuvegi hafi verið nauðsynleg, þótt ég hafi ekki viljað hafa Síldareinkasöluna í því formi, sem hún var sett 1928. En þrátt fyrir það vona ég, að allir hljóti að sjá, að þegar afleiðingin af því, hvernig þingið hefir lagt grundvöllinn, er óhóflegt atvinnutjón, tap fyrir útgerðarmenn, og sú sorglega staðreynd, að við erum að missa markað í útlöndum, þá ættum við, og hv. sessunautur minn líka, að vera sammála um að breyta tilhögun Einkasölunnar. Og fram á það er farið með þessu frv. Aðalefni þess er að þeir, sem síldarinnar afla, sjómenn og útgerðarmenn, fái í sínar hendur aðalráðin yfir stjórn Einkasölunnar. Við álítum það réttara, því að þótt Pétur Ólafsson segi, að ríkið ábyrgist aðeins 500 þús. kr. fyrir kaup á tunnum, þá réttlætir það ekki hin miklu afskipti þingsins af stjórn þessa fyrirtækis. Mér finnst of mikill ábyrgðarhluti fyrir þingið að halda innan hinna pólitísku vébanda því valdi, sem í raun réttri á að vera í höndum síldareigenda, einkum þegar ljóst er orðið, að

afskipti þingsins hafa orðið sjómönnum og útgerðarmönnum til mesta taps og niðurdreps.

Um það, hvernig fara kann í framtíðinni, ef sama áframhald verður, getur tæplega orkað tvímælis. Það er sennilegt, að það, sem vakað hefir fyrir sjómönnunum á Ísafirði, að einstakir menn hættu að gera út á síld, verði ofan á. Því að nú er sannarlega óglæsilegur hagur þeirra manna, sem atvinnu sína stunda við síldveiðarnar, hvort sem þeir hafa látið afla sinn í bræðslu eða söltun.

Það er ekki ætlun mín að fullyrða neitt um, að allir ágallar lagfærist í fljótu bili, þó að breytt yrði til um stjórnarfyrirkomulag. En með þessu frv. er lagður sá grundvöllur, að þeir aðilar, sem bera mesta ábyrgðina, eiga að ráða þar um mestu, og þeir geta þá ekki kennt öðrum um þau skakkaföll, sem fyrir kynnu að koma.

Ég skal svo aðeins minnast lítillega á helztu till. Aðalbreytingin er sú, að öll útflutningsnefnd sé kosin af síldareigendum og sú kosning fari fram á þann hátt, sem venjulegur er t. d. í hlutafélögum og samvinnufélögum, þ. e. á aðalfundi. Þar eiga að mæta 24 fulltrúar, og samkv. venjulegri skiptingu á síldaraflanum virðist sanngjarnast, að 13 séu kosnir af útgerðarmönnum um allt land, 8 af sjómannafélögunum og 3 af stýrimannafélögunum, eftir nánari reglum, sem atvmrh. setur.

Í frv. er einnig gert ráð fyrir, að ef vill megi breyta um stjórn Einkasölunnar, þannig að aðeins verði einn framkvæmdarstjóri. Við viljum gefa útflutningsnefnd frjálst, hvort þeir eru einn eða fleiri. Það hefir komið fyrir, að ýmsar mjög misbrestasamar ráðstafanir hafa komið af því, að þarna voru 3 jafnvaldamiklir forstjórar; einn þeirra, sem var í Kaupmannahöfn, seldi sömu síldina og annar hafði selt á Siglufirði. Síldareinkasalan varð auðvitað skaðabótaskyld, og þær skaðabætur borgast af síldareigendum. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum um afleiðingar núverandi skipulags.

Í frv. er gert ráð fyrir aðalfundi. Liggja fyrir því m. a. þau rök, að nauðsynlegt er að hafa einhvern sameiginlegan fund, þar sem gagnrýni komi fram á framkvæmdum stjórnendanna, og til þess að þeir geti bitizt, sem þurfa að bítast. Þeir mörgu fundir, sem hafa verið haldnir úti um land, eru sýnilegur vottur þess, að það vantar einhvern þann vettvang, þar sem aðilar geti rætt um síldarmálin. Svo er maður líka neyddur til að ræða ítarlega um þau á Alþingi, af því að slíkan aðalfund vantar.

Þetta eru aðalbreytingarnar.

Þó að ekki sé hér þröngsetinn bekkurinn, hafa þó nokkrir þm. bætzt við síðan áðan, og vil ég því aftur leyfa mér að benda á það, að fari svo, að Alþingi skirrist við að gera umbætur á fyrirkomulagi Síldareinkasölunnar, er ekki vafi á því, að þær raddir, sem hrópa á, að hún verði lögð niður, verða sterkari. Um afleiðingar þess, ef Einkasalan yrði lögð niður, skal ég ekkert segja, en við flm. þessa frv. höfum ekki séð okkur fært að leggja það til, af ýmsum ástæðum. Hinsvegar er það skylda Alþingis að gera þær umbætur á Einkasölunni, sem viturlegar mega þykja eftir reynslunni að dæma. Verða þm. að reyna að sameinast um það mark, hvaða skoðun sem þeir svo hafa á einkasölum yfirleitt. Fæ ég ekki séð, að það sé verjandi fyrir þingið að láta sem vind um eyrun þjóta allar þær kvartanir og áskoranir um fyrirkomulag Einkasölunnar, sem borizt hafa utan af landi. Þingið verður að gera einhverja tilraun til að ráða bætur á núverandi ástandi í þessum efnum, og að því vildum við flm. þessa frv. styðja. Frv. er í samræmi við óskir meiri hl. þeirra aðila, sem þetta mál skiptir mestu, en það eru sjómenn og útgerðarmenn. Þeir hafa séð, hve það hefir eyðileggjandi áhrif að hafa pólitíska yfirstjórn fyrir fyrirtæki sem þessu, og hversu hinar ýmsu framkvæmdir verða verri og ómögulegri, þegar starfsmennirnir, allt frá þeim efsta til þess lægsta, eru valdir eftir pólitískum verðleikum. Óska þeir því, að yfirstjórn Einkasölunnar verði fengin þeim réttu aðilum í hendur, sem eru þeir, er vöruna eiga. Sá maður, sem ekki hefir annara hagsmuna að gæta en að hefja laun sín, er ekki eins líklegur til að leggja sig í líma fyrir það fyrirtæki, sem hann starfar við, eins og eigandi fyrirtækisins sjálfur. Af þeim ástæðum leiðir og, að þeir

eru líklegastir til að stiga spor til umbóta á fyrirkomulagi Einkasölunnar, sem hafa þar hagsmuna að gæta, sem hún er, auk þess sem þeir hafa bezta þekkingu á þessum atvinnuvegi til brunns að bera. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 1. umr. um frv.

Flm. (Jóhann Jósefsson) [frh]: Þegar fundi var slitið síðast, þá var ég kominn að því, að taka fáein dæmi um kostnað á rekstri einkasölunnar, dæmi, sem maður rekur sig á við fljótan yfirlestur skýrslu forstjórans, og reikninga, sem nú er búið að gefa út, en það eru aðeins reikningar fyrir 1928 og 1929. Samkv. skýrslu forstjóra Einkasölunnar hefir matskostnaður hækkað frá því, sem hann reyndist að vera 1928. Þá var hann 21 eyrir á tunnu, en síðasta ár var hann 33 aurar. En þrátt fyrir það, að matskostnaðurinn hefir hækkað svona gífurlega, þá eru flestir — ef ekki allir — á því máli, að matinu hafi engan veginn farið fram á þessum tíma, enda hefir verið bent á, að til þessa starfs hafi einatt verið teknir menn, sem hafi svo að segja jafnvel aldrei séð síld áður.

Því til sönnunar, hve víða óánægjan hefir náð fótfestu, vil ég leyfa mér að benda á ummæli í blaði, sem formaður útflutningsnefndar Síldareinkasölunnar gefur sjálfur út. Þetta blað er „Alþýðumaðurinn“ á Akureyri. Tilefnið til þessara ummæla er það, að á síðasta ári tók Einkasalan sig til og sendi til Bandaríkjanna, eftir því sem skýrslan segir, eitthvað um 5 þús. tunnur af síld sem sýnishorn af íslenzkri síldarframleiðslu og til þess að reyna að útvega þar markað fyrir íslenzka síld. En eftir því, sem skýrt hefir verið frá af öðrum en forstjóra Einkasölunnar, þá hefir verið farið þannig að því við sendingu þessa sýnishorns, að tekin var **síld, sem reynzt hafði óhæf til sölu innanlands,** upp úr saltsíldartunnum og komið einhverju kryddnafni á hana. Yfirmatsmennirnir fyrir norðan fengust hvorugur til að gefa vottorð um, að þetta væri frambærileg kryddsíld, en þá var fenginn einhver af undirmönnunum, sem ég get að vísu nafngreint, en hirði ekki um. **Hann var látinn gefa vottorðið, sem yfirmatsmennirnir höfðu neitað að gefa. Síðan var síldin send til Ameríku.**

Í skýrslu Péturs Ólafssonar er ekki skýrt frá því, hvernig þetta hafi farið, en vitanlegt er, að þetta sýnishorn fékk hina verstu dóma fyrir vestan haf. Hvað segja nú hv. þm. um þessa frammistöðu?

Í þessu blaði, sem ég minntist áðan á, er komið inn á þetta atriði. Það er gott sýnishorn af samvinnunni milli forstjóra Einkasölunnar og formanns útflutningsnefndar, hvernig þetta blað, blað Erlings Friðjónssonar, segir frá þessum ráðstöfunum út af fyrir sig. Í blaðinu segir svo, með leyfi hæstv. forseta. — Það er verið að skýra frá fundi, sem haldinn var um einkasöluna:

„Aftur á móti deildi Jón Sigurðsson matsmaður mjög harðlega á þann framkvæmdarstjóra Einkasölunnar, sem situr hér á Akureyri, fyrir að hafa sent til Ameríku, á nýjan markað, kryddsíld, sem hafði reynzt óhæf til sölu innanlands og sem yfirsíldarmatsmaðurinn hér neitaði að gefa vottorð.

Sagðist Jóni svo frá, að þessi síld hefði verið söltuð sem venjuleg saltsíld 36 klukkutíma gömul og legið í salti í tvo sólarhringa, en að því loknu hafði kryddi verið hrært saman við síldina. Sýndi hann réttilega fram á það, að saltsíld tekur ekki kryddi, og þessi síld, sem seld er á nýjan markað í Ameríku, myndi spilla svo stórkostlega aðstöðu okkar Íslendinga til markaðs þar, að stórtjón hlyti af að stafa. Formaður útflutningsnefndar tók í sama streng og Jón og vitti harðlega þetta háttalag framkvæmdarstjórans og benti á, að óhjákvæmilega yrði að breyta afstöðu yfirsíldarmatsmanna til Einkasölunnar, þannig, að þeir yrðu framvegis skipaðir af því opinbera með fullu valdi til að banna útflutning á þeirri síld, sem að þeirra áliti væri ekki útflutningshæf“.

Svo mörg eru þau orð. En það er gleðilegt að sjá, að formaður útflutningsnefndar hefir í þessu atriði snúið frá villu síns vegar og þarna einmitt tekið að sér þann málstað, sem haldið hefir verið fram af flm. þessa frv., sem hér er nú, að yfirsíldarmatsmenn ættu að vera eins óháðir starfsmenn við Síldareinkasöluna

eins og fiskimatsmenn eru gagnvart fiskieigendum annarsstaðar á landinu.

Þetta dæmi er lærdómsríkt um það ástand, sem er í Einkasölunni, þegar svona lagað kemur fyrir, þegar verið er að senda vöru á markað heillar heimsálfu, vöru, sem á að ryðja íslenzkum vörum þar braut. (SE: Er hægt að sanna þetta?). Ég get bent hv. þm. Dal. á þau gögn, sem hér liggja fyrir, fyrst og fremst skýrslu frá forstjóranum, að þessi sending hafi átt sér stað, og sömuleiðis fyrsta tölublað af „Alþýðumanninum", sem gefið er út á Akureyri og formaður útflutningsnefndar er ritstjóri að. Ef hv. þm. Dal. þykir þessi sönnun ekki næg, þá hygg ég, að hægt sé að fá skýrslu um þetta frá matsmönnum þeim, sem neituðu að gefa vottorð um síldina, og í raun og veru er skylt að taka svona mál til rannsóknar. En þrátt fyrir þetta ólag á matinu, þá hefir matskostnaður aukizt, sbr. skýrslu forstjórans.

Þá er ferðakostnaðarhlið Einkasölunnar. Þar byggi ég á skýrslu forstjóra Einkasölunnar og tveimur reikningum, sem mér hefir tekizt að ná í. Ferðakostnaður Einkasölunnar, sem skuldast beinlínis á reikning hennar, er samkv. reikningnum 15399.68 árið 1928, og 1929 er sami kostnaður, sem skuldast á reikning Einkasölunnar, kr. 25810.22. Þetta gildir fyrir þessi tvö ár.

Þá er þess að geta, að í skýrslu forstjórans, Péturs Ólafssonar, fyrir árið 1930 er sagt, að fyrir þessi 3 ár sé búið að verja til ferðalaga úr markaðsleitarsjóði kr. 28520.00 og þar fyrir utan kr. 5800.00 til sendiferða matsmanna. En til þess að sjá, hvað ferðalög öll hafa kostað, bæði þau, sem markaðsleitarsjóður hefir kostað og hin, sem Einkasalan sjálf hefir borgað, vantar mig upplýsingar um þau ferðalög, sem skuldast hjá Einkasölunni fyrir 1930.

Þetta, sem hér hefir verið talið, ferðakostnaður úr markaðsleitarsjóði í 3 ár og ferðalög, sem skuldast sjálfri Einkasölunni í 2 ár, það verður til samans kr. 75529.90. Við það bætist ferðakostnaður tveggja sendla frá Einkasölunni, og mun ekki of í lagt, að sá kostnaður sé 5 þús. kr., en eins og ég gat um, þá er ekki kominn reikningur yfir þessi gjöld árið 1930, svo að maður sér ekki, hve mikill þessi kostnaður er hjá sjálfri Einkasölunni það ár, heldur aðeins markaðsleitarsjóðskostnaður. En ef samskonar kostnaður frá árunum 1928 og 1929 er lagður þar til grundvallar og gert ráð fyrir, að hann sé svipaður 1930, sem sé meðaltal af þeirri upphæð, þá er næsta líklegt eftir þessum gögnum, að kostnaðurinn sé alls um eða yfir 100 þús. kr., sem orðið hefir vegna ferðalaga fyrir Einkasöluna í þessi 3 ár. Sýnist það vera nokkuð þrifleg upphæð, sem hér er varið eingöngu í ferðakostnað.

Þá vil ég benda á, að kostnaður við símskeyti og annar símskeytakostnaður hefir verið 2 fyrstu starfsár Einkasölunnar, 1928 og 1929, kr. 29537.58, og má sama segja um þann útgjaldalið. Ég veit ekki, hvort endurskoðendurnir hafa fundið ástæðu til að gera aths. við hann, en mér og fleirum, sem hafa litið á þessa útgjaldaliði, virðist þetta gífurlegur tilkostnaður hvort í sínu lagi.

Ég gat þess áður, að einu sinni hefði verið varið 5800 kr. til að kosta 3 menn til að læra að fara með síld. Ég vil bæta því við nú, til þess að sýna fram á, hve mikið gagn Síldareinkasalan hefir af sumum þessum sendiferðum, að enginn þessara þriggja manna er nú við starf hjá Einkasölunni. Þeim peningum virðist því ekki sérlega vel varið, sem kastað er til manna til svokallaðrar kynningar á einhverju. Svo tryggir Einkasalan sér ekki betur not af þessum mönnum en svo, að þeir eru horfnir úr þjónustu hennar áður en varir.

Ég gat þess áður, að markaðsleitarsjóður hefði kostað nokkuð af ferðalögum einkasölunnar. Honum hefir einnig verið varið til ýmissa prufusendinga og til að kosta ýmsar ritgerðir, svo sem síldarsögu Íslands. Hver sem árangurinn hefir orðið af því, hvernig fé markaðsleitarsjóðsins hefir verið varið, þá er sýnilegt, að það, sem í hann hefir runnið 2 fyrstu árin, er eytt og uppétið. Samkv. skýrslu forstjórans voru það kr. 41134.29, sem í hann fóru 1928, og 1929 fóru í hann kr. 31410.00, — m. ö. o. rúmlega 72 þús. kr. En í reikningi Einkasölunnar fyrir 1929 er markaðsleitarsjóðurinn talinn í skuld við stofnunina, svo að allir

hans peningar eru eftir því uppeyddir á þessu tímabili, og þó nokkru betur.

Ég sé ekki ástæðu til að svo komnu máli að benda á fleiri atriði í þessu efni til að sýna fram á, hver nauðsyn er á, að rekstri og fyrirkomulagi Einkasölunnar sé gaumur gefinn. Áður en ég sezt vil ég enn benda hv. þdm. á þær margvíslegu kröfur, sem fram hafa komið frá félögum og einstökum mönnum, sem síldarútveginn stunda, að þær eru þess verðar, að þeim sé gaumur gefinn. Þingið **verður nú að gera þá breytingu á stjórn Síldareinkasölunnar**, að hún verði minna háð hinu pólitíska valdi; að þeir, sem afla vörunnar og eiga alla sína afkomu undir sölu hennar, **fái þar meiru að ráða.**

Ég hefi áður talað um, að bezt mundi að vísa þessu máli til hv. sjútvn. um leið og það fer til 2. umr., og vona ég, að hv. d. fallist á það.

Haraldur Guðmundsson: Ég mun ekki við þessa umr. segja margt um þetta frv. Hv. frsm. drap á till., sem samþ. var á fundi sjómanna og útgerðarmanna á Ísafirði. Virtist mér þar kenna nokkurs misskilnings hjá honum. Ef hann lítur svo á, að með þessari till. hafi fundarmenn kveðið upp dóm um starfsemi Síldareinkasölunnar og telji hana eiga sök á því, að síldarútvegurinn er nú í því öngþveiti, að vafi getur leikið á, hvort skipaeigendur treysta sér að gera skipin út á síldveiðar áfram, — þá er það misskilningur. Ég var staddur á þessum fundi. Þar var mikið rætt um Síldareinkasöluna og henni fundið margt til foráttu, sumt eflaust með réttu. En ég man ekki til þess, að neinn minntist á, að heppilegt mundi vera að leggja hana niður, og enginn till. kom fram í þá átt. Aftur komu fram kröfur um margvíslegar umbætur á fyrirkomulaginu.

Ástæðnanna til þess, að umrædd till. kom fram, er ekki að leita í rekstri Síldareinkasölunnar. Útlitið með verð á bræðslusíld kemur þar einkum til greina. Eins og það er nú, er ólíklegt, að bátar af þeirri stærð, sem notuð er á Ísafirði, verði gerðir út til þess að afla aðallega í bræðslu. Þess vegna kom fram krafa um það á fundinum, að maður væri sendur utan til þess að leitast fyrir um, hvort hægt væri að selja fyrirfram svo mikla síld, að fært þætti að veita bátunum hærri söltunarleyfi.

Nú er hugsanlegt, að síldareinkasalan geri samninga um síldarsölu, en svo treysti bátaeigendur sér ekki að gera út þegar til kemur. Till., sem hv. þm. Vestm. talaði um, stefnir að því meðal annars að undir slíkum kringumstæðum fái Síldareinkasalan heimild til þess að taka skip, sem liggja annars ónotuð, og afla með þeim þeirrar síldar, sem hún þarf til að fullnægja samningum sínum og sölumöguleikum.

Því verður ekki neitað, eins og horfurnar eru nú, togararnir bundnir við hafnargarðinn og eins tvísýnt um síldarútveginn og sýnt hefir verið fram á, að menn verða að vera við því búnir hvenær sem er að grípa til sérstakra ráðstafana. Mér er sagt, að nú muni þess ekki langt að bíða, að togararnir fari á veiðar. En setjum nú svo, að útgerðarmennirnir hefðu heldur kosið að láta þá vera bundna áfram, að þeir hefðu ákveðið að sleppa alveg þessari vertíð. Hefði þá Alþ. getað látið slíkt afskiptalaust? Að mínum dómi alls ekki. En nú getur einmitt verið um hið sama að ræða að því er snertir nokkurn hluta síldarútgerðarinnar, ef útlitið með verð á bræðslusíld batnar ekki og ekki tekst að rýmka saltsíldarmarkaðinn nægilega.

Ég get í þessu sambandi minnst á, hvað Síldareinkasölunni er mest fundið til foráttu þarna vestur frá. Það er þá fyrst það, hve andvirði síldarinnar kemur seint og í smáum skömmtum. Ennþá eiga útgerðarmenn og sjómenn inni hjá einkasölunni, það sem fæst fram yfir 7 kr. á tunnu fyrir síldina árið sem leið. Verður það sennilega ¼ til ⅓ verðs. Þetta er mönnum mjög bagalegt, og er því lögð mikil áherzla á það vestra, að þessu sé sem fyrst kippt í lag. Einkasalan verður að fá til umráða svo mikið rekstrarfé, að hún geti strax í vertíðarlok greitt fyrir síldina, það sem hún telur eftir atvikum þorandi að borga út.

Frv. þetta gerir ráð fyrir mikilli breyt. á stjórn Síldareinkasölunnar. Eftir því eiga útgerðarmenn að fá full umráð yfir henni. Af 24 manna fulltrúaráði eiga útgerðarmenn að kjósa 13, skipstjórar 3 og

sjómenn aðeins 8. Þó að fulltrúar skipstjóranna og hásetanna fylgdust að málum, sem þeir mjög oft ekki gera, gætu þeir samt engu komið fram gegn vilja útgerðarmanna.

Það er enginn vafi á því, að sá einn er tilgangurinn með þessu frv., að gera sjómenn áhrifalausa um stjórn Síldareinkasölunnar, þar sem þeir nú hafa rétt til íhlutunar, og leggja valdið alveg í hendur útgerðarmanna. Fyrirkomulagsbreytingar á starfsemi Einkasölunnar, sem máli skipta, felast engar í frv. Heldur þetta eitt, að tryggja útgerðarmönnum þar einræði. Enda er talið í grg. þess, að aðalgallar Síldareinkasölunnar stafi af því, að stjórn hennar sé of pólitisk, en það þýðir: ekki einlit íhaldsstjórn.

Nú er stjórn Síldareinkasölunnar mynduð þannig, að Alþ. kýs 3 menn, verkalýðssamböndin 1 og útgerðarmenn 1. Að breyta þessu í það horf, sem frv. gerir ráð fyrir, tel ég mjög til hins verra. Hinsvegar væri mér ánægja til taka til athugunar breytingar á fyrirkomulagi Einkasölunnar.

Fyrir þá, sem vilja hallast að því ráði að láta útgerðarmenn einráða um stjórn Síldareinkasölunnar, væri ekki úr vegi að rifja upp, hvernig gekk meðan þeir höfðu síldarsöluna algerlega í sínum höndum. Maður þarf ekki langt að leita til að rekast á allt öngþveitið og óreiðuna, sem síldarútvegurinn þá var kominn í. Fáein ár nægja. Útgerðarmenn töpuðu, sjómennirnir og verkafólkið töpuðu, fengu oft ekki kaup sitt útborgað árum saman. Að vísu á síldarsalan eftir þessu frv. að vera miklu skipulagsbundnari heldur en hún var áður en Einkasalan var stofnuð, og er því ekki óhugsandi, að ástandið yrði eitthvað betra, þó frv. væri samþ., heldur en þá var. En hlutur sjómanna og verkafólks er þar engu betur tryggður en áður var.

Að svipta sjómenn og verkafólk áhrifum á stjórn Einkasölunnar, álít ég spor í algerlega ranga átt. Þó mun ég ekki greiða atkvæði á móti því, að frumvarpið fari til nefndar, í því trausti, að nefndin, sem fær það til meðferðar, athugi í sambandi við það ýmislegt annað, er að Einkasölunni lýtur og þörf er á að lagfæra.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Það er misskilningur hjá hv. þm. Ísaf., ef hann vill þýða orð mín á þann hátt, að ég hafi lesið út úr till. þeirri, sem samþ. var á fundi útgerðarmanna og sjómanna á Ísafirði, að þeir vildu leggja Síldareinkasöluna niður. Kvað hann engar raddir um slíkt hafa komið fram á fundinum, og má vel vera, að það sé rétt.

Það, sem ég vil benda á í sambandi við þessa till., er það, að sjómenn þar vestra eru farnir að hugsa um þann möguleika, að útgerðarmenn hætti að einhverju leyti að gera út. Ef hv. þm. vill nú leita í heilabúi sínu eftir þeim hugsunarhætti, sem hann og flokksbræður hans vilja sérstaklega tileinka útgerðarmönnum, þá finnur hann vafalaust þá skoðun, að þeir hugsi fyrst og fremst um sinn **eiginn hag.** Færi svo, að bátaeigendurnir á Ísafirði fengjust ekki til að gera út, væri það eflaust af þeirri ástæðu, að þeir sjá tap fyrir dyrum, ef þeir halda útgerðinni áfram. Að togararnir eru enn bundnir við hafnargarðinn, eins og hv. þm. orðaði það, stafar vitanlega ekki af öðru en því, að eigendur þeirra álíta ekki nema tap að byrja útgerð þeirra strax.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að ef skipaeigendur vildu ekki gera út á síldveiðar, yrði Alþ. að grípa til sérstakra úrræða. Og mér fannst hilla undir það hjá honum, hver þau sérstöku úrræði væru: Að ríkið ætti tafarlaust að taka framleiðslutækin í sínar hendur. En ég vil nú spyrja hv. þm.: Hvar ætti ríkið að taka fé til þess að greiða árlegt tap á síldarútgerð? Eða álítur hann, að ríkissjóður hafi svo mikið betri aðstöðu en einstakir atvinnurekendur, að það gæti látið bera sig atvinnuveg, sem aðrir geta ekki rekið nema með tapi. Ég held, að þegar búið er að koma einhverri grein sjávarútvegsins í svo mikil vandræði og öngþveiti, að ekki borgar sig fyrir skipaeigendurna að gera út, þá sé tæplega gróðavon fyrir ríkið að taka upp þann atvinnurekstur. Og ég veit, að jafnskýr maður og hv. þm. Ísaf. hlýtur að sjá, að óhugsandi er fyrir ríkið fremur en aðra að reka til langframa atvinnuveg, sem árlegt tap er á.

Hv. þm. sagði, að vestra væri Einkasölunni helzt fundið það til foráttu, hvað peningarnir fyrir síldina koma seint. Það

er ekkert undarlegt, þó menn finni til þess. En eins og síldarsölunni er nú háttað, virðist tæplega hægt að komast hjá því, að menn verði að bíða eftir andvirði síldarinnar. Þetta er að vísu bagalegt, en það er böl, sem þessu skipulagi fylgir. En það er svo margt annað í sambandi við Síldareinkasöluna, sem ekki er síður bagalegt, og sem fremur er hægt að umflýja. Ég hefi áður minnzt á nokkra af eyðslupóstunum og ýmiskonar misrétti, sem sjómenn hafa verið beittir af Einkasölunni. Forstjóri hennar segir sjálfur, að sumum af siómönnum hafi í sumar verið greiddar 9 krónur fyrir tunnuna af síld, en yfirleitt hafa menn ekki enn fengið nema 7 krónur fyrir tunnu. Jafnframt segir hann, að þetta ætli hann ekki að reyna að verja.

Það er dálítið einkennilegt og óvenjulegt orðalag hjá manni, sem er að gefa skýrslu um stofnun, sem hann hefir verið settur til að stjórna, þegar hann strax segist ekki einu sinni ætla að reyna að verja þessar og þessar aðgerðir. En þetta sama orðalag notar forstjóri Einkasölunnar, þegar hann minnist á kauphækkun verkakvenna á Siglufirði, sem gerð var hvert ofan í samþykktan taxta.

Ég ætla að minnast á eitt dæmi enn um ráðsmennsku Síldareinkasölunnar. Einn af forstjórum hennar dvelur í Kaupmannahöfn og þar hefir hún frá byrjun haft skrifstofu. Þar eru hafðir þrír fíleffldir karlmenn, og kunnugir fullyrða, að laun þeirra og annar kostnaður við þetta skrifstofuhald geti ekki numið minna en 40 þús. kr. En afrek þessarar stofnunar í þágu Síldareinkasölunnar virðast harla lítil. Það hefir verið upplýst af einum úr útflutningsnefndinni, að öll sú síld, sem seld var á síðasta ári gegnum skrifstofuna í Höfn, var ekki nema um 200 tunnur. Það mun hafa atvikazt svo — um það er mér kunnugt —, að hæstv. dómsmrh. fékk tækifæri til þess í siglingu sinni í haust að sjá vinnubrögð þessarar 40 þús. kr. stofnunar. Og eftir því, sem mér hefir heyrzt á honum, mun hann ekki hafa orðið beint hrifinn af ráðlagi Einkasölunnar hvað skrifstofuhaldið í Kaupmannahöfn snertir.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að ætlunin með þessu frv. væri sú, að taka öll yfirráð yfir Síldareinkasölunni af sjómönnum og fá þau í hendur útgerðarmönnum. Þetta er ekki rétt. Þó frv. ætli útgerðarmönnum að hafa örlitinn meiri hl. í fulltrúaráðinu, er ekki hægt að segja, að öll völdin séu lögð í hendur þeirra. Eða vill hv. þm. halda fram, að stj. Einkasölunnar sé nú öll í höndum Alþ.? Þá væri það alveg þýðingarlaust ákvæði, að sjómenn mega nú kjósa einn mann í útflutningsnefndina og útgerðarmenn annan. Tilgangur frv. er að fá þessum aðilum stj. Einkasölunnar í hendur eftir sama hlutfalli og þeir eiga síldina, þegar hún kemur á land, eftir venjulegum ráðningarskilmálum. Það er hin réttlátasta leið í þessu máli sem hægt er að finna. En eigendur síldarinnar tel ég þá, sem eiga og reka skipin og gera þau út, og þá sjómenn, sem vinna upp á hlut. Það eru hinir réttu aðilar til að stjórna síldarsölunni, því á þeim lenda afleiðingarnar af því, hvernig hún gengur. Annars er ekki svo sem sjómenn hafi nein yfirráð yfir Einkasölunni eins og nú er, og er þess vegna ekki hægt að tala um, að af þeim sé tekið það, er þeir aldrei hafa haft. Verkafólkið í landi hefir hér aftur aðra afstöðu. Það er ráðið upp á ákveðið kaup og hefir því ekkert frekar rétt til að taka þátt í stjórn síldarmálanna heldur en annað verkafólk í stjórn atvinnurekstrar yfirleitt. Eigi að fara inn á þá braut, er það ný stefna, sem getur alveg jafnt átt við aðra atvinnuvegi eins og síldarútveginn, en ennþá er yfirleitt ekki um slíkt að ræða.

Eftir venjulegum ráðningarkjörum fá útgerðarmenn 56% af aflanum, yfirmenn skipanna 9% og hásetar 35%. Eftir þessu hlutfalli höfum við flm. frv. hugsað okkur, að fulltrúaráðið verði kosið. Ég sé ekki, hvernig ætti að vera hægt að finna sanngjarnara hlutfall, ef viðurkenndur er á annað borð eignarréttur nokkurs manns á síldinni, þegar hún kemur á land. Það er því ómögulegt að bera oss flm. það á brýn, að hér sé verið að seilast eftir meira valdi handa útgerðarmönnum en þeir hafa heimtingu á. **Það er verið að krefjast yfirráða á síldarsölunni fyrir hönd þeirra þriggja aðila, sem síldina eiga, og sú krafa er réttmæt.**

Um ástandið í þessum efnum áður en Einkasalan var sett á stofn sé ég ekki á-

stæðu til að fara að ræða nú, þar sem ekki liggur fyrir nein till. um að afnema hana. Þó mætti geta þess, að hagur sumra þeirra, sem starfa að síldveiðum, er ekki betri nú en var fyrir 1928, t. d. sjómannanna. Hinsvegar getur verið, að hagur síldarsöltunarstúlknanna á Siglufirði hafi batnað, því að við þær hefir verið hækkað, svo að þær fengu 4 kr. á tunnuna við vissar söltunaraðferðir síðastl. sumar. Ennfremur getur verið, að hagur ýmissa sendimanna og bitlingamanna hafi batnað, en svo mikið er víst, að hagur útgerðarmanna og sjómanna hefir versnað. Kunnugur maður síldarútveginum fyrir norðan hefir sagt mér, að ef gengið væri út frá því, að sjómenn hefðu haft 1000 kr. árlega í tekjur, áður en Einkasalan var sett á stofn, hefði hagur þeirra versnað það við Einkasöluna, að þeir fengju ekki nema helming þeirrar upphæðar nú. Hafi þeir með öðrum orðum tapað 50% við Einkasöluna. Ég sel þetta ekki dýrara en ég keypti það. Það er eins og hver önnur fullyrðing. En þessi maður er svo gætinn og svo gagnkunnugur þessum málum, að ég hefi fulla ástæðu til að ætla, að nokkur rök séu fyrir þessu.

Þrátt fyrir það, þó að Einkasalan hafi reynzt svo illa og sýnt hefir verið fram á, höfum við flm. þessa frv. ekki farið fram á, að hún yrði lögð niður, heldur gerum við till., sem mættu vera til umbóta á henni. Það gladdi mig því, að hv. þm. Ísaf. er fús til að leggja öllum umbótatill. lið, og ég vænti þess, að allir hv. þdm. séu sama sinnis og verði fúsir til að lagfæra þá ágalla, sem nú eru á fyrirkomulagi Einkasölunnar. Ég verð enn að undirstrika það, að það er ábyrgðarhluti fyrir þingið að viðhalda því ástandi, sem nú er hvað yfirstjórn Einkasölunnar snertir. Einn af forstjórum Einkasölunnar, Pétur Ólafsson, segir svo í skýrslu, sem hann hefir gefið um Einkasöluna, að „pólitísk íhlutun hafi seilzt of langt með hrammina inn á verksvið Síldareinkasölunnar". Þetta tel ég rétt mælt um afskipti þingsins af þessum málum, enda fæ ég ekki séð, að það megi dragast lengur, að yfirstjórn Einkasölunnar verði tekin úr höndum þeirra, sem nú hafa hana, og falin þeim mönnum, sem með réttu eiga að hafa þar öll ráð.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Ég sé ástæðu til að segja hér með nokkrum orðum af fundi, sem haldinn var á Ísafirði í vetur með sjómönnum og útgerðarmönnum til að ræða um Síldareinkasöluna. Á þeim fundi voru samþ. ýmsar till. til umóta á Einkasölunni og að síðustu till. þess efnis, að skora á þingið að afnema Einkasöluna, ef ekki fengjust umbætur á fyrirkomulagi hennar. Á þessum fundi var bent á fjölda agnúa, sem á skipulagi Einkasölunnar eru.

1) Að útlendir kaupendur réðu meiru en matsmenn um það, hvort síld væri söltuð eða ekki.

Sjómennirnir bentu á mörg dæmi þess, að hinir útlendu kaupendur hefðu lagt bann við, að sú síld yrði söltuð, sem matsmennirnir höfðu talið ágæta vöru. Fannst þeim þetta með öllu óhæft og sögðu, að það hefði oftar en einu sinni leitt til þess, að orðið hefði að fleygja síldinni í sjóinn.

2) Að verkafólkið gerði allt of háar kröfur.

Var í þessu sambandi bent á það, að svo gæti farið, að skipin fiskuðu helmingi minna en þau gætu, vegna þess að of dýrt yrði að afgreiða þau, þar sem kaupgjaldið hefði verið 3 kr. á tímann frá kl. 6 á laugardagskveldi til kl. 6 á mánudagsmorgun.

3) Að síldarstúlkurnar hefðu svo mikið kaup, að þeir, sem síldina fiskuðu, fengju ekki jafnmikið og þær.

Þótti mönnum þetta mjög ranglátt. Voru þess mörg dæmi síðastl. sumar, að sjómenn, sem ráðnir voru upp á 40% af afla, bæru minna úr býtum en stúlkurnar fyrir að kverka síldina.

4) Að fyrirkomulagið á síldarsölunni væri allt í handaskolum.

5) Að kostnaðurinn við Einkasöluna væri svo mikill, að ekki næði nokkru tali.

6) Að margir matsmannanna hafi aldrei komið að síldarverkun og kynnu því engin skil á að meta síldina.

Bent var á ýmsa fleiri agnúa á Síldareinkasölunni á áðurnefndum fundi, en ég sé ekki ástæðu til að rekja það frekar. Var það einróma álit fundarins, að þessu yrði ekki kippt í lag með öðru móti en því að losa Einkasöluna undan þeim pólitísku áhrifum, sem hún nú er undir.

Það má vera, að menn geti greint á um það, hvorir eigi að ráða meiru um stj. Einkasölunnar, sjómenn eða útgerðarmenn, en um það getur enginn ágreiningur orðið, að ástandið er ómögulegt eins og það er nú. Sjálfir sjómennirnir eru óánægðir með fyrirkomulagið eins og það er, hvað þá útgerðarmenn, og heimta að breytingar séu gerðar á því.

Haraldur Guðmundsson: Ég hefi litið yfir þær till., sem samþ. voru á Ísafirði í sambandi við Síldareinkasöluna og hér hefir verið rætt nokkuð um, en ég hefi ekki rekið mig á það, að nokkur till. hafi verið borin þar upp eða samþ., sem gengi í þá átt að afnema Síldareinkasöluna, eins og hv. þm. N.-Ísf. vildi halda fram. Það er því skáldskapur einn hjá honum að slík till. hafi sést þar, hvað þá verið samþ. Með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að lesa hér upp nokkrar af þessum till., og mun ég velja þær til, sem þeir menn, er fund þennan sóttu, lögðu mest upp úr.

1) Fundurinn skorar á Alþingi að tryggja Síldareinkasölunni svo mikið rekstrarfé, að hún geti, að enduðum síldartíma, greitt útgerðarmönnum og sjómönnum áætlunarverð aflans.

2) Fundurinn skorar fastlega á Alþingi að ábyrgjast greiðslu á Rússavíxlum Síldareinkasölunnar fyrir síld þá, er var seld þeim á síðastl. sumri, svo að hásetar og útgerðarmenn þurfi eigi að bíða lengur eftir greiðslu.

3) Fundurinn skorar á Alþingi að veita ábyrgð fyrir minnst 80% af andvirði þeirrar síldar, er seld kann að verða til Rússlands eða annara ríkja.

4) Fundurinn skorar á Síldareinkasöluna að leggja áherzlu á að selja Rússum 200 til 300 þús. tn. af síld, fáist svipað verð og síðastl. sumar, enda taki Alþingi ábyrgð á 80% andvirðisins.

5) Fundurinn skorar á Alþingi að gera ráðstafanir til þess að fá kæliskip, eitt eða fleiri, til hraðferða til útlanda með kælda síld í sumar, og verði skipið síðan notað til ísfiskútflutnings að haustinu og vetrinum.

Ég hygg, að það sé ekki ofmælt hjá mér, að þessar till. voru mest ræddar á umræddum fundi, auk þess sem mikið var rætt um það, verð á tunnum og fleiru, sem til síldarútgerðar þarf. Ennfremur var á fundinum talað um síldarmatið, eins og hv. þm. N.-Ísf. réttilega tók fram, og um skattinn til Flugmálasjóðs. Loks var allmikið rætt um þá till., sem hv. 1. flm. þessa frv. gat um í frumræðu sinni og svo hljóðar:

„Ef útgerðarmenn gera ekki út á síld, skorar fundurinn á Alþingi að heimila Einkasölunni að gera út skip þeirra".

Það skiptir ef til vill ekki miklu máli fyrir þessa hv. deild, hvað samþ. er á Ísafirði, en þekkingin á því, hverja raun Síldareinkasalan hefir gefið, er sízt minni þar en annarsstaðar á landinu, því að Ísfirðingar eiga mikið undir síldarútveginum um afkomu sína. Ég veit ekki almennilega, saman við hvað hv. flm. vill bera Einkasöluna og árangurinn af henni. Að taka Einkasöluna út úr og dæma hana fyrir verk sín er ekki rétt. Það verður að bera hana saman við önnur skild fyrirtæki í landinu, ef ekki á að miða við ástandið í þessum efnum fyrir daga Einkasölunnar, sem hv. flm. telur ekki rétt að gera. Það væri t. d. ekki úr vegi að bera saman saltsíldarverzlunina annarsvegar og saltfiskverzlunina hinsvegar. Þó að mikið hafi verið rætt um mistök Síldareinkasölunnar og þar margt með réttu áfellzt, hefir síldarverzlunin samt verið hagkvæmari en saltfiskverzlunin. Annars er það sérstaklega eftirtektarvert, að allur þorri manna í landinu finnur sér skylt og skoðar sjálfsagðan rétt sinn að ræða um öll atriði síldarverzlunarinnar og finna að mistökum Síldareinkasölunnar. Ástæðan er auðvitað sú, að hér er um opinberan rekstur að ræða, sem lýtur yfirráðum almennings og að stj. Einkasölunnar er skyldug til að leggja fram fyrir alþjóð skýrslu og reikninga yfir hag hennar og rekstur. Aftur á móti eru reikningar togaraútgerðarinnar og fiskverzlunarinnar öllum almenningi lokuð bók, og er þó enn meira í húfu fyrir okkur þar sem hún er en þar sem síldarútgerðin er, og hefir hún þó mikið að segja. Um togaraútgerðina og fiskverzlunina fá sjómenn og verkamenn ekkert að vita og hafa engan rétt til að segja neitt, heldur verða að taka hverju verðfalli, sem að höndum ber, eins og um

einhver óviðráðanleg náttúrufyrirbrigði væri að ræða. Hjá Samvinnufélagi Ísfirðinga hefir síldveiðin gefið beztan arð síðustu 2 árin, og séu bornar saman verðsveiflur á síld og þorski, verður samanburðurinn ekki óhagstæður fyrir síldarverzlunina heldur þvert á móti. Þó verður að gæta þess, að þegar talað er um síld og síldarverzlun, er rangt að tala eingöngu um saltsíldarverzlun, því að bræðslusíldin skiptir hér miklu máli jafnvel ennþá meiru máli, þar sem bræðslusíldarmagnið er orðið 5—6 sinnum meira en saltsíldarmagnið. Verðið á bræðslusíldinni hlýtur því að ráða mestu um það, hvort hægt er að gera almennt út á síld eða ekki, nema unnt sé að auka söltunarleyfi stórkostlega frá því sem nú er. Nú hefir bræðslusíldin fallið meira í verði en saltsíldin. Mun láta nærri, að lýsið hafi fallið um helming frá því, sem var í fyrra. Flestir stærri vélbátar geta alls ekki gert eingöngu út á saltsíldarveiðar. Það er ekki hægt að gera út 40—50 smálesta bát til þess eins að fá að salta einar 1200—1500 tn., og því hafa vélbátarnir, sem hafa gengið á síld, hingað til selt langmest af afla sínum í bræðslu, jafnvel allt að ⅚ hlutum. Með því verði, sem lítur út fyrir að verði á bræðslusíld í sumar er það mjög vafasamt, hvort hægt er yfirleitt að gera út á síld nema með mjög auknum söltunarleyfum, og í þá átt ganga kröfur fundarins á Ísafirði. Ef ekki verður saltað nema 200 þús. tn. — hvernig á þá að fara að? Hafa það eins og í fyrra: að veita mörgum skipum söltunarleyfi, og sáralítið hverju? Slíkt getur tæplega gengið. Þá verður án efa happasælla að veita færri skipum söltunarleyfi, og þá meira hverju en sleppa öðrum. Þetta mundi auðvitað skapa óánægju meðal útgerðarmanna, sem engin söltunarleyfi fá. Því er það, að till., sem hv. þm. Vestm. varð svo tíðrætt um, kom fram á fundinum á Ísafirði um það, að Alþingi heimilaði Einkasölunni að gera út skip útgerðarmanna, ef þeir gerðu ekki út sjálfir. Ég vil annars taka það fram í þessu sambandi, að ég á hér eingöngu við vélbáta, því að ég býst við, að togarar t. d. geti veitt í bræðslu með minna kostnaði á hvert mál en vélbátar og því þolað betur þetta lága verð.

Hv. flm. fullyrti, að hlutur sjómanna hefði versnað með Einkasölunni. Hafði hann það eftir einhverjum manni, kunnugum þessum efnum, að tekjur sjómanna mundu hafa rýrnað um 50% frá því, sem þær voru áður en Einkasalan var stofnuð. Þó vildi hv. flm. ekki ábyrgjast neitt um þetta, heldur taldi hann það eins og hverja aðra fullyrðingu, en sennilega þó. Ég held, að þetta sé vitleysa tóm. Að vísu er erfitt að gera þennan samanburð á hverjum tíma, en mér er nær að halda, að ekki hefði verið farið svo dult með þetta, ef það væri nálægt sanni. Gæti ég trúað, að hlutur sjómannanna sé svipaður og hann var fyrir daga Einkasölunnar, þegar salan lánaðist sæmilega, en miklu betri en hann oftast var.

Hv. flm. játaði það, að eftir frv. væri stj. Einkasölunnar algerlega í höndum útgerðarmanna, enda var ekki um annað fyrir hann að gera en að játa því, þar sem útgerðarmenn kjósa 13 fulltrúa af 24, og ráða sennilega fleirum, því að skipstjórarnir munu oft fylgja þeim að málum. En hv. flm. vildi réttlæta þetta með því, að þeir einir ættu að ráða um stj. Einkasölunnar, sem ættu hluti í vörzlum hennar. Sjómennirnir eiga líka flestir aflahlut sinn í hennar vörzlu. En verkafólkið í landi á litlu eða engu minna undir stjórn Einkasölunnar, þ. e. sumaratvinnu sína. Þess vegna er það eðlilegast að verkalýðsfélögin um land allt, félög sjómanna og verkamanna, kjósi fulltrúana, enda þótt meiri hl. félagsmanna stundi síldveiðar aðeins að litlu leyti. Annars er fjarri því, að ég hafi á móti því, að sjómannafélögin kjósi sérstaka fulltrúa, en rétt annars verkafólks má á engan hátt skerða, síst þegar sjómönnum alltaf er tryggður hárviss minni hluti í stj. Einkasölunnar eftir frv.

Þá sagði hv. flm., að það væri nýr siður, ef þeir, sem ættu eitthvað í vörzlum fyrirtækis, ættu þar með að fá rétt til að ráða um rekstur fyrirtækisins. Rétt er það, að þetta er því nær nýr siður og illa séður af íhaldsmönnum. En með lögunum um síldareinkasöluna var stigið lítið spor í þá átt, og ég tel illa farið, ef horfið verður frá því. Og ef í frv. á að vera um annað en látalæti að ræða, að því er snertir rétt og áhrif verkalýðsins, verð-

ur að tryggja það, að sjómenn og verkamenn verði ekki í minni hl. gagnvart andstæðri stétt, því að þá koma þeir engu fram, þegar stéttahagsmunir skerast í odda. Eins og nú er um skipun stj. Einkasölunnar, ráða verkamenn 2 fulltrúum og útgerðarmenn 2, en fulltrúi stjórnarflokksins er oddamaður. Nær verður ekki komizt meðan verkalýðurinn ekki hefir tekið völdin í sínar hendur. Hinsvegar get ég vel skilið það, að útgerðarmenn vilji ráða öllu einir um Einkasöluna. Það er fullkomlega eðlilegt frá þeirra sjónarmiði.

Ég get tekið undir það, að það er ýmislegt um Einkasöluna, sem sjálfsagt er að ræða og athuga, en ég verð að harma það, að þær aðalbreyt., sem þetta frv. fer fram á að gerðar verði á Einkasölunni, eru ekki til bóta, heldur þvert á móti.

Pétur Ottesen: Í þessum umr. hefir verið vitnað í ummæli manna og samþykktir víðsvegar að af landinu viðvíkjandi því, hvernig stj. Einkasölunnar hefir leyst hlutverk sitt af hendi. Drap hv. flm. sérstaklega á eina fundarsamþykkt frá Ísafirði, þar sem það kom fram, að ástæða mundi til að taka til athugunar, hvort ekki væri rétt að breyta til um stjórnarfyrirkomulag Einkasölunnar. Hv. þm. Ísaf. vildi draga úr þessu, og hélt hann því fram, að samþykktirnar á Ísafirði hefðu fallið mjög á aðra sveif. Vil ég í þessu sambandi benda á till., sem samþ. var á Akranesi. Hljóðar hún á þessa leið:

„Fundurinn lýsir eindregið óánægju sinni yfir framkvæmdum Síldareinkasölunnar á umliðnum árum, en skorar jafnframt á Alþingi að breyta ákvæðum um skipun stj. Einkasölunnar þannig, að útvegsmenn og sjómenn fái meiri íhlutun um hana en þeir hafa nú".

Menn sjá af þessari till., að þetta frv. fellur heim við skoðun þingmálafundarins á Akranesi, og Akurnesingar kunna nokkur skil á þessum málum, því þeir stunda allmjög síldveiðar á sumrum, og íbúar þessa staðar eiga því mikið undir því komið, að þeir, sem standa fyrir Einkasölunni, leysi starf sitt sæmilega af hendi.

Út af þeim ummælum hv. þm. Ísaf., að með frv. væri í burtu kippt þeim áhrifum, sem sjómenn hefðu nú á stj. Einkasölunnar, skal ég taka það fram, að mér þykir þetta harla undarlega mælt hjá hv. þm., þegar þess er gætt, að af þessu 24 manna fulltrúaráði, sem á að kjósa menn í stj. Einkasölunnar, eiga að vera 8 menn kjörnir af sjómannafélögunum í landinu. Það er náttúrlega rétt, að þeir hafa þarna ekki meiri hl., en hinsvegar er öllum ljóst, að þeir hafa meira en lítinn íhlutunarrétt um skipun stj. Ennfremur má benda á, að samkv. núgildandi lögum skipar Alþingi meiri hl. útflutningsnefndar og hefir þar því yfirtökin. Þar sem útgerðarmenn ráða aðeins vali eins manns, þá hafa þeir engin afgerandi áhrif á það, hvernig stj. einkasölunnar er skipuð, og þar sem verkalýðsfélögin hafa ekki heimild til þess að skipa nema einn mann, hafa þau heldur engin tök á því, hvernig stj. hennar er skipuð.

En það, sem sérstaklega vakti fyrir okkur, sem stöndum að þessum breyt., er vitanlega það, að þegar stj. Einkasölunnar er skipuð af þeim mönnum, sem sérstaklega eiga sína hagsmuni undir því, að þetta fyrirtæki takist vel, þá er fengin fyllsta tryggingin, sem hægt er að fá, fyrir því, að vel sé vandað til um val á mönnum í stjórn þessa fyrirtækis.

Nú vel ég benda á það, að þegar litið er á útgerðarmenn annarsvegar og sjómenn hinsvegar, þá falla hagsmunir þessara beggja aðilja alveg saman a. m. k. á smærri síldveiðiskipum, línuveiðiskipum og mótorbátum, því að hásetarnir eru ráðnir með þeim kjörum að fá vissan hlut af aflanum, en um verðmæti hans fer mikið eftir því, hvernig á er haldið af stjórn einkasölunnar.

Ég held, að þeir menn, sem vilja halda Einkasölunni, hljóti að verða sammála um að búa svo um alla hnúta þar, að hún geti komið að sem beztu liði.

Út af ummælum hv. þm. Ísaf. um, að með þessari breyt. væri að einhverju leyti öðru en hvað stjórninni viðkemur skert sú trygging, sem nú er samkv. gildandi lögum, þá vil ég benda honum á það, að þau ákvæði, sem nú lúta að því að tryggja þennan atvinnurekstur, eru

algerlega óskert. Þau eru í tveim atriðum: að takmarka söltun síldar, og að skipuleggja söluna.

Það, sem hér er farið fram á, er því að bæta úr þeim mistökum, sem urðu á um setningu þessara laga hvað snertir skipun stj. Einkasölunnar. Það er ekkert annað, sem í þessu frv. felst.

Útflutningsnefndin, sem skipar framkvæmdarstjórnina, er að því er ég bezt veit þannig skipuð, að í henni eru tveir útgerðarmenn, m. ö. o., þeir menn, sem samkv. lífsstarfi sínu eru líklegri til þess að hafa einhverja þekkingu á þessari atvinnugrein, eru þar í minni hl. Að öðru leyti er útflutningsnefnd nú skipuð einum lögfræðingi, einum barnakennara og einum kaupfélagsstjóra. Framkvæmdarstjórnin er þannig skipuð, að í henni eiga sæti: Í fyrsta lagi kennari, sem áður var við eina af menntastofnunum þessa lands. Það kvað nú raunar vera búið að segja honum upp — en launin hirðir hann enn samt sem áður. Í öðru lagi er þar gamall útgerðarmaður og kaupmaður og í þriðja lagi kaupfélagsstjóri, sem í því starfi sínu hafði enga aðstöðu til að kynnast neitt útgerð eða verzlun með fiskafurðir.

Ég sé enga ástæðu til þess að fara að ræða um Síldareinkasöluna yfirleitt, eins og hv. þm. Ísaf. gerði. Hvað viðkemur horfunum með bræðslusíld, þá liggur hér fyrir annað frv. um að breyta líka til um stj. á bræðsluverksmiðju ríkisins, og má því bíða með að tala um einstök atriði þessa máls þangað til það frv. kemur á dagskrá.

Það er hinsvegar kunnugt, að allar horfur eru á því, að þeir menn, sem lagt hafa síld sína í bræðsluverksmiðju ríkisins, beri minna úr býtum en aðrir, sem látið hafa síld í aðrar bræðsluverksmiðjur. —

Hv. þm. Ísaf. saknar þess mjög í þessu frv., að ekki er gert ráð fyrir, að verkamenn, þ. e. þeir, sem vinna í landi, hafi íhlutun um stj. Á það hefir verið bent af hv. 1. flm., að réttmætt væri og eðlilegt, að þeir, sem afla og eiga verðmætin, hafi fyrst og fremst íhlutun um stj. þessa fyrirtækis í sínum höndum. Hv. þm. Ísaf. áleit, að frekar ætti að halda áfram á þeirri braut, sem gengið var inn á 1928, heldur en að hverfa frá henni. En ég vil benda á, að í skýrslu Péturs Ólafssonar, forstjóra Síldareinkasölunnar, reynir hann mjög að þvo hendur sínar af þeim áhrifum, sem afskipti verkamanna í landi hafa haft á stjórn og rekstur Síldareinkasölunnar. Það eru aðallega tvö atriði, sem verður að rekja, eftir því sem skýrslan ber með sér, til þess manns, sem hefir komið þannig fram, að telja verður hann fulltrúa verkamanna í landi. Í skýrslunni segir Pétur Ólafsson: „Að þessu hefir framleiðendum verið greitt kr. 7.00, að undanteknum nokkrum sjómönnum á Siglufirði, sem því miður hafði verið greitt 2 kr. meira pr. tunnu út á hlut þeirra. Þetta misrétti vil ég ekki taka að mér að verja, fremur en taxtahækkun þá, sem gengið var að á Siglufirði, þegar fram á söltunartíma var komið".

Þessar ráðstafanir, sem P. Ól er að þvo hendur sínar af, ætla ég, að megi rekja til þess manns í stjórn einkasölunnar, sem virðist vera fulltrúi verkamanna í landi og reka þar þeirra erindi. Þetta bendir m. a. til þess, að yfirleitt hafi verið farið inn á töluvert varhugaverða braut með samþykkt löggjafarinnar um Síldareinkasölu ríkisins hvað það snertir, að aðrir en þeir, sem eiga aflann og afla hans, hafi íhlutun um rekstur þessa fyrirtækis.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Hv. þm. Ísaf. sagðist ekki sjá, að nein till. hefði verið borin upp á fundinum um afnám Einkasölunnar. Það stóð heldur ekki til. Nefnd sjómanna og formanna, sem búið hafði til tillögurnar, hafði einnig samið till. um, að ef ekki fengist leiðrétting á stj. Einkasölunnar, legði fundurinn til, að Einkasalan yrði lögð niður.

Um hitt atriðið, að meira sé talað um Síldareinkasöluna heldur en sölu á saltfiski, þá er það að nokkru leyti rétt og nokkru leyti rangt. Menn hafa samanburð á saltfiskverði í Noregi og á Íslandi, og það, sem sérstaklega stingur í stúf, þegar borin er saman sala á síld og saltfiski, er, að síld, sem Norðmenn veiða hér við land, er seld þannig, að hún gefur þeim hærra verð en íslenzku sjómennirnir fá. Ísl. sjómenn fá 12—14 kr., en norskir sjómenn 12—14 og upp í 16

norskar kr. Og þeir hafa jafnvel árið 1928 fengið 18.32 kr. Þess vegna má sjá, að hér hlýtur eitthvað að fara aflaga. En um fiskinn er það að segja, að salan hefir yfirleitt tekizt eins vel fyrir okkur og fyrir Norðmönnum, sem hafa samskonar vöru að bjóða.

Um bræðslusíldina vil ég geta þess, að ég hygg, að svo fari, að þegar reikningar bræðslustöðvar ríkisins koma í dagsins ljós, muni hún ekki einu sinni hafa getað greitt 4.50 kr., eins og hún reyndar er búin að gera, heldur verði tap hjá henni með því; en það er vitanlegt, að innlendar bræðslustöðvar borguðu á síðastl. ári 7 kr. Þá má náttúrlega gera ráð fyrir, að þær hafi tapað einhverju í rekstrinum, en ég efast um, að þær tapi jafnmiklu og bræðslustöð ríkisins, sem greiddi þó þriðjungi lægra.

Magnús Jónsson: Ég skal ekki tefja hv. d. lengi; en ég hefi nokkra ástæðu til þess að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, því að ég mun greiða atkv. með þessum breyt., þótt ég sé óánægður með fyrirkomulagið, jafnvel þótt þetta frv. verði samþ.

Ég hefi þá skoðun á þessu máli, að einkasala muni ekki veita lausn hér frekar en annarsstaðar, en samt sem áður er munur á því, hvernig einkasölu er fyrir komið. Það er dálítið einkennilegt að athuga sögu þessarar einkasölu. Síðan hún var sett á, má heita, að stöðugt stríð sé um hana á hverju þingi, því að upphafsmenn hennar eru alltaf að berjast við gallana á þeirra eigin smíð. Spádómarnir um, að hún myndi reynast illa, hafa alveg rætzt. Í byrjun var talað um, að ekki kæmi til mála, að einkasalan ætti að flækja ríkissjóði inn í neinar fjárhagslegar ábyrgðir eða hættur. Hún átti aðeins að vera milliliður og sjá um sölu síldarinnar. Það leið nú ekki á löngu, áður en kom í ljós, að hún þyrfti töluvert rekstrarfé. Starfssvið hennar var aukið, hún á að selja tunnur og sjá um verkun síldar, og mér skilst á hv. þm. Ísaf., að hún verði líka að fiska síldina. Þá er skeiðið runnið á enda og ríkið búið að taka að sér fyrir eiginn reikning og áhættu hættulegasta atvinnuveg þjóðarinnar. Þetta leiðir hugsunarrétt hvað af öðru, og hér sannast, að ef fjandanum er réttur litli fingurinn, þá tekur hann höndina alla.

Þá er nú farið fram á, að ríkið taki á sig stórkostlegar ábyrgðir gagnvart Rússum, og ég held, að varla sé hægt að mæla á móti því, að Síldareinkasalan er að flækja ríkissjóði lengra og lengra inn í stórfelldar ábyrgðir og fjárhættu, alveg eins og þeir spáðu fyrir, sem verst spáðu.

Ég skal viðurkenna, að ólag var á þessum atvinnuvegi, en ég sé ekki, hvaða ástæða er til þess að víkja úr einu ólaginu í annað. Það sýndist a. m. k. ekki ástæða fyrir þingið til þess að flytja ólagið yfir á sjálfan ríkissjóðinn. En meðan þessum auðæfum er veitt á land, þá fljóta með miklir peningar í vinnulaunum; og mér fannst við vel geta látið áhættuna vera sem mest hjá útlendingunum. Ég er ekkert viðkvæmur fyrir þessari leppmennsku, og menn máttu gjarnan hafa atvinnu við það að vera leppar. En á þessum atvinnuvegi var ólag og er ólag. (**MG:** Og verður ólag!). Já, a. m. k. meðan Einkasalan stendur.

Ástæðan til þess, að ég fylgi þessu frv., þó að það haldi þessu skipulagsbundna ríkisólagi við, er sú, að það færir dálitla von um skárri afkomu í framtíðinni. Hv. þm. Ísaf. lýsti vel ástandinu eins og það nú er, þegar hann sagði, að Einkasölunni væri stjórnað eins og í réttarsal. Þar stæðu mótsettir hagsmunir hver á móti öðrum í eilífum eldi, og svo er skipaður gerðardómur til þess að gera út um mál þeirra. Þetta er hin óskaplegasta stjórn. En sannleikurinn er sá, að hagsmunirnir eru mjög svipaðir hjá báðum þessum aðiljum. Þetta frv. fer í rétta átt, þar sem stefnt er burt frá þessu pólitíska krulli og reynt að koma stjórninni í hendur þeirra manna, sem fá ágóðann og bera hallann af því, hvernig atvinnuvegurinn gengur, og láta þá fá því meiri íhlutunarrétt, sem ætla má, að þeir hafi meiri hagsmuna að gæta. Útgerðarmenn, sem þarna eiga í stórkostlega mikið fé, eiga að fá mesta íhlutun, en aðrir, sem eiga atvinnu sína undir afkomunni, eiga að fá ríflega tölu fulltrúa, er geti fylgzt með, svo að hagsmunir þeirra verði ekki fyrir borð bornir.

Ef fyrirtækinu verður ekki bjargað

nokkuð með þessu, þá verður því áreiðanlega ekki í lag komið með neinum bitlingaráðstöfunum.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Hv. 1. þm. Reykv. bjóst við því, að þótt þetta frv. yrði að lögum, mundi samt verða áframhaldandi ólag á Einkasölunni eins og verið hefði. Ég skal náttúrlega ekkert fullyrða um, hvað mikið ólag kann að verða á Einkasölunni framvegis. Um það ólag, sem liðið er, verður ekki deilt. En ég vil segja hv. 1. þm. Reykv., að frv. er flutt af fullri einlægni og með það fyrir augum, að einmitt þessi breyt. á stj. Einkasölunnar sé sú skynsamlegasta til þess að ráða bót á helztu göllunum.

Hv. þm. Ísaf. var að tala um það, hverjir væru eigendur síldarinnar. Að mínum dómi eru það eigendur skipanna og þeir sjómenn, sem ráðnir eru upp á hlut. En þeir sjómenn, sem ekki eru ráðnir upp á hlut, geta hinsvegar ekki talizt eigendur síldarinnar, en þeir hafa þó töluverð áhrif á stj. þessara mála, með því að kjósa til aðalfundar. Þess vegna falla þessi orð hv. þm. Ísaf. um sjálf sig, þegar frv. er lesið í gegn. Hv. þm. lét ennfremur svo um mælt, að með þessum till. væri verið að gera tilraun til þess að fela andstæðum stéttum stj. fyrirtækisins. En þetta er fjarri öllu viti. Hv. þm. veit það ósköp vel, eða ætti að vita, að hér er alls ekki um andstæða hagsmuni að ræða, heldur þvert á móti sameiginlega hagsmuni. Það eru sameiginleg áhugamál bæði eigenda skipanna og sjómannanna, að vel veiðist, að reksturinn verði sem ódýrastur, og ekki sízt, að gott verð fáist fyrir aflann, og að þessu athuguðu er það næsta ólíklegt, að til árekstrar komi milli útgerðarmanna og sjómanna um sölu síldarinnar. Það er ávalt mjög villandi, þegar hv. þm. Ísaf. og flokksbræður hans eru að tala um andstæðar stéttir í landinu, með andstæða hagsmuni, áhugamál og lífsskoðanir yfirleitt. Þessu er áreiðanlega haldið fram gegn betri vitund. Sérstaklega er slíkt alveg augljós blekking, þegar um síldarútveginn er að ræða, þegar sjómenn eru ráðnir upp á hlut af afla. Ef málið er fært á breiðari grundvöll, þá verður það öldungis augljóst, að hagsmunir útgerðarmanna og sjómanna fara saman í öllum verulegum atriðum, og er hér ekki einungis átt við þá sjómenn, sem ráðnir eru upp á hlut, heldur hina líka, sem kaup taka. Það, sem því hér er um að ræða með þessum till. okkar, er að leitast við að skipuleggja samvinnu milli þessara tveggja stétta, sem ekki geta án hvor annarar verið, en geta hinsvegar vel verið án þriðja aðilans, og á ég þar við þá menn, sem gera sér að atvinnu að ala á úlfúð og sundurlyndi eða jafnvel fjandskap milli þessara stétta og spilla allri samvinnu milli þeirra. Þessir menn eru hv. þm. Ísaf. og hans flokksbræður.

Verði það nú ofan á, að stj. Einkasölunnar verði áfram sú sama og nú er, þá er ég alveg sannfærður um það, að þessir tveir höfuðaðilar, sjómenn og útgerðarmenn, munu gera enn ákveðnari og róttækari tillögur um breytingar á fyrirkomulagi Síldareinkasölunnar, og það verður áreiðanlega ekki liðið til lengdar, að hundsa vilja og till. þessara höfuðaðila síldarútvegsins. Þess mun verða krafizt, að Síldareinkasalan verði afnumin með öllu, ef þessar breyt., sem mjög er í hóf stillt í till. okkar, ná ekki fram að ganga. Við höfum í till. okkar gengið miklu skemmra en margir hafa krafizt, og ætti þess vegna að geta orðið samkomulag um till. okkar, því að þær eru nokkurn veginn bil beggja og því sanngjarnt, að þeim sé sinnt.

Sigurður Eggerz: Það skal ekki verða löng ræða. Áður þótti það gefast vel, þegar við örðugar afturgöngur var að eiga, að tala við þær latínu. Og mér dettur þetta gamla ráð í hug nú í sambandi við Síldareinkasöluna okkar. „Praeterea censeo, Karthaginem esse delendam". Hvað sem öðru líður, þá legg ég til, að Síldareinkasalan verði lögð niður. Við höfum nú hlýtt á ræðu hv. þm. Vestm., og ég verð að segja það, að ég varð alveg agndofa, er hv. þm. fór að segja frá einu atviki, í sambandi við Síldareinkasöluna, atviki, sem var þess eðlis, að mér varð á að grípa fram í fyrir ræðumanninum og spyrja, hvort það væri virkilega satt, sem hv. þm. var að segja. En hv. þm. las þá upp staðfesting á þessu í sjálfu blaði eins framkvæmdarstjóra Einkasölunnar.

Þetta atvik sýnir það glöggt, hvað komið getur fyrir innan vébanda slíkrar stofnunar sem Síldareinkasölunnar, og hverju maður má búast við í framtíðinni. Allir vita það, hversu miklu máli það skiptir fyrir litla þjóð eins og okkur Íslendinga, sem mjög erum upp á aðrar þjóðir komnir um markaði og viðskipti, að okkur takist að skapa okkur góða markaði erlendis fyrir framleiðslu okkar. Hingað til höfum við verið helzt til tómlátir um það, að afla nýrra markaða erlendis, en nú átti svo sem að fara að bæta úr því, og var nú ætlunin að leita markaðs fyrir íslenzka síld í Ameríku. Það var í sjálfu sér lofsvert af Einkasölunni að reyna þetta, — en hvernig tókst þetta svo í framkvæmdinni? Jú, það er tekin söltuð síld, sem var orðin alveg ófær útflutningsvara, og skoluð upp og krydduð, og síðan er þetta sent til Ameríku, til þess að „reklamera" íslenzka kryddsíld í hinum mikla Vesturheimi. Ég veit nú ekki, hvað mönnum kann að sýnast um þvílíkt tiltæki, en í mínum augum er ekki hægt að kveða upp harðari áfellisdóm, dauðadóm yfir þessu fyrirkomulagi, ef slíkt á að geta komið fyrir aftur. Ég dáðist að þeirri ró og þeirri stillingu, sem hv. þm. Vestm. sýndi, er hann skýrði þingheimi frá þessu reginhneyksli. Ég mun að vísu greiða atkv. með þessum till., sem hér liggja fyrir, af því að þær eru sennilega heldur til bóta, en hvenær sem ég sé þess nokkur líkindi, að síldareinkasalan verði afnumin með öllu, þá mun ég verða fyrstur manna til þess að greiða atkv. með þeim till., sem þar að lúta. Og ég er sannfærður um það, að sá tími kemur brátt, að Síldareinkasalan fylli mæli synda sinna og menn sannfærist um, að bezt sé að afnema hana með öllu.

Haraldur Guðmundsson: Mér fer nú að þykja þessar umr. skemmtilegar á marga lund. Það er ekki laust við, að nokkur kritur sé innan vébanda íhaldsins hér í deildinni um það, hversu langt skuli gengið í breytingum á síldareinkasölunni. Einn hv. þm., sá sem síðast talaði, vildi láta afnema hana með öllu, hvað sem öðru liði. Þetta er skiljanlegt þeim, er þekkja hugsanagang hv. þm. Dal. og sjónarmið hans í pólitíkinni. Að hans dómi er einn hlutur eða fyrirkomulag „absolut" gott eða þá að engu nýtt. Svo er um allar einkasölur að hans dómi. Þess vegna vill hann láta útrýma síldareinkasölunni. (**ÓTh:** Og þeim, er að henni standa). Á sömu skoðun er hv. 1. þm. Reykv. En hversu mikið er leggjandi upp úr till. þessara hv. þm. í þessu máli, skal ég alveg láta ósagt. Ég hygg, að meginþorri útgerðarmanna og sjómanna og allra, sem einhver kennsl bera á þessi mál, séu á þeirri skoðun, að heppilegra fyrirkomulag en einkasölu, í einhverri mynd, sé ekki unnt að finna. En hitt er ofur skiljanlegt, að einhverjir þeirra, og þá sérstaklega útgerðarmenn, vilji breyta fyrirkomulaginu, þannig að þeir geti einir öllu ráðið. Og þær till., sem hér liggja fyrir, eru af þeim toga spunnar fyrst og fremst. Nú er það svo, að útgerðarmenn hafa mikla íhlutun um stjórn Einkasölunnar, og er vert að veita því eftirtekt í sambandi við dæmisögu þá, sem hv. þm. kom með og hv. þm. Dal. var svo ákaflega hrifinn af. Nú er það upplýst, að sá framkvæmdarstjórinn, sem réð um þessa margumtöluðu kryddsíld, er gamall útgerðarmaður, og ber nánast að skoða hann sem fulltrúa útgerðarmanna í stjórn Einkasölunnar. Hann réð þessu, gegn mótmælum matsmanna og meðstjórnenda sinna. Það var gamall útgerðarmaður, sem átti þessa saltsíld, og hann fékk framkvæmdarstjórann til þess að láta krydda hana og senda til Ameríku. Matsmennirnir munu hafa mótmælt þessu eindregið, en allt kom fyrir ekki. Ég veit nú ekki, hvort hv. þm. telur þetta meðmæli með því að leggja alla stj. Einkasölunnar í hendur útgerðarmönnum. Mér finnst þetta fremur gefa bendingu um það, að gjalda beri varhuga við einræði útgerðarmanna í þessum efnum.

Hv. þm. Borgf. viðurkenndi að vísu, að sjómenn hefðu ekki nema þriðjung fulltrúanna samkv. þessum till. En hann vildi halda því fram, að sjómenn fengju það upp bætt með því, að þeim væri gefinn kostur á að kynna sér fyrirkomulag, rekstur og reikninga Einkasölunnar. Því ber ekki að neita, að slíkt er nokkuð til bóta frá því, sem er um fisk-

verzlunina og útgerðarfyrirtækin yfirleitt. En að því er síldarverzlunina snertir er réttur sjómanna til að kynna sér þessa hluti í engu aukinn, nema síður sé, frá því, sem nú er. En úr því hv. þm. telur þetta lofsvert að því er við kemur síldarverzlun, finnst honum þá ekki eins ástæða til þess að opna reikninga saltfiskverzlunar okkar, sem til þessa hafa verið lokuð bók fyrir öllum almenningi?

Um skipun Einkasölustjórnarinnar nú er það að segja, að tveir menn í útflutningsnefndinni eru þar sem fulltrúar sjómanna og verklýðsfélaga um land allt, annar þeirra, hv. þm. Ak., er kosinn af Alþýðufulltrúum á Alþingi, en hinn, Steinþór Guðmundsson, er kosinn af verkalýðssambandi Norðurlands. Því næst eru tveir nefndarmennirnir, sem ber að skoða fulltrúa útgerðarmanna, þeir Ásgeir Pétursson, kosinn beint af útgerðarmönnum, en hinn, Björn Lindal, kosinn af Íhaldsfl. á Alþingi. Fimmta manninn í n. ber að skoða sem fulltrúa stjórnarflokksins. Útflutningsnefndin er því skipuð tveim og tveim fulltrúum útgerðarmanna og sjómanna, og þurfa útgerðarmenn sízt að kvarta, þar sem fimmti maður n. hefir jafnan fremur snúist á sveif með þeim í öllum verulegum atriðum, illu heilli. Auk þess hefir nú útgerðarmönnum verið gert það til hugnunar, að reka þann framkvæmdarstjórann, sem þeim var mestur þyrnir í augum, og tel ég það hiklaust hið versta verk og heimskulegt glappaskot útflutningsnefndar, því að ég hygg, að sá, sem rekinn var, hafi að ýmsu leyti verið færastur framkvæmdarstjóranna og sízt líklegur til að ganga erinda andstæðinga verkalýðsins.

Hv. þm. Vestm. var að tala um, að það væri blekking, að hugsmunir sjómanna og útgerðarmanna væru andstæðir. Hélt hann því fram, að þeir væru í öllum verulegum atriðum sameiginlegir, en aftur væri til þriðja „stéttin", sem hættuleg og fjandsamleg væri hagsmunum beggja og í hvívetna til bölvunar, og átti hv. þm. þar við okkur jafnaðarmenn. Hann veit nú án efa, að meiri hluti sjómanna eru jafnaðarmenn og ættu þeir því samkv. kenningu hans að vera fjandsamlegir sjálfum sér. En nóg um þessa vitleysu. Ég vil nú spyrja hv. þm., hvort það hafi aldrei komið fyrir í Vestmannaeyjum, að misklíð risi út af kaupgjaldi, og hvort honum hafi þá ekki þótt hagsmunir sjómanna og útgerðarmanna andstæðir. Eða heldur hv. þm., að það séu alltaf einhverjir vondir menn, eins og ég og minir líkar, sem standi að baki öllum kaupdeilum? Ég þori að fullyrða, að a. m. k. sjómenn líta ekki svo á málið. Því verður heldur ekki með rökum mótmælt, að hagsmunir sjómanna og útgerðarmanna eru í flestum greinum andstæðir, eins og verkamanna og vinnukaupenda almennt, og svo verður og framvegis, þangað til atvinnuháttum og skipulagi verður breytt í réttlátara og hagkvæmara horf.

Pétur Ottesen: Þar sem hv. þm. Ísaf. hefir nú talað sig „dauðan", þá skal ég ekki raska ró hans í gröfinni. Aðeins vil ég benda á það, að það eru ekki einungis líkur, heldur fyllsta vissa fyrir því, að þetta fyrirkomulag, sem bent er á í till. okkar, nefnilega að sjómenn og útgarðarmenn skipi sjálfir stjórnina, muni gefast betur en núverandi stjórnarfyrirkomulag. Hér er um að ræða algerlega sameiginlega hagsmuni beggja aðila, a. m. k. hvað snertir línu- og mótorbátaútgerðina. Það er þessvegna ótvíræð vissa fyrir því, að góð samvinna takist milli þessara höfuðaðila, því að báðum er það óskipt áhugamál, að stj. Einkasölunnar takist sem bezt.

Hv. þm. Ísaf. reyndi ekki að klóra í bakkann út af þessu kryddsíldarhneyksli einkasölunnar, sem gert hefir verið að umtalsefni undir þessum umr. En í stað þess reyndi hann að skella skuldinni á einn af framkvæmdarstjórunum. Það hefir nú verið bent á, að með þeirri kosningaraðferð, sem útflutningsnefndin hefir haft við kosningu framkvæmdarstjóra, þá ber meiri hluti n., þeir hv. þm. Ak., Böðvar Bjarkan og Steinþór Guðmundsson, fulla ábyrgð á þeim mönnum, sem kosnir voru í framkvæmdarstjórnina, því að minni hl. n. var synjað um það sjálfsagða réttlæti, að hlutfallskosning væri viðhöfð. Þessi framkoma meiri hl.

að hrifsa með frekju og ofbeldi til sín öll ráð, en bera hinn sjálfsagða íhlutunarrétt minni hl. fyrir borð, er ein meginorsök þeirra miklu og margvíslegu mistaka, sem orðið hafa á rekstri Einkasölunnar, og það er því stjórnin og sósíalistar, sem bera ábyrgð á verkum þessa umrædda manns, og yfirleitt á öllum óhappaverkum þessa fyrirtækis. Það er þýðingarlaust fyrir hv. þm. Ísaf. að reyna að velta þeirri ábyrgð yfir á herðar annara.

Hv. þm. var eitthvað að tala um það, að sérstakur stjórnmálaflokkur stæði að baki þessum till. Þessu vil ég eindregið mótmæla; það eru allir stjórnmálaflokkar, sem að þessum till. standa, enda er málið í sjálfu sér ópólitiskt. Það er sameiginlegt áhugamál sjómanna og útgerðarmanna alstaðar á landinu án tillits til þess, í hvaða flokki þeir eru, að fá málum þessum hrundið í hagkvæmara horf, og með það fyrir augum og með eindreginn stuðning hinna réttu aðila að baki eru þessar till. fluttar fram.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Út af því, sem hv. þm. Ísaf. hélt fram um hagsmunamótsetning sjómanna og útgerðarmanna, skal ég minna hann á það, að till. um niðurlagning síldareinkasölunnar var lesin upp á fjölmennum fundi vestra, og þar kom það berlega fram, að útgerðarmenn og sjómenn töldu sig hafa sameiginlega hagsmuni af niðurlagning Einkasölunnar. Hinsvegar var á það bent, og réttilega, að hagsmunir verkamanna í landi, þeirra er ynnu að verkun síldarinnar, væru andstæðir hagsmunum sjómanna og útgerðarmanna, og var í því sambandi sérstaklega bent á hið gífurlega kaupgjald í landi og hin löngu vinnuhlé, sem verkafólkið þar hefði.

Í sambandi við það, sem sagt hefir verið um saltfisksöluna, þá skal ég geta þess, að norskur fiskur er stundum í hærra verði á Spáni en okkar fiskur, en orsakir þess eru þær, að okkar fiskur er smærri en sá norski, því að í Noregi er látið þetta 24—26 og mest 28 fiskar í pakka, en hér eru ekki færri en 32—35 fiskar látnir í pakka. Það er einnig eftirtektarvert, að norskir sjómenn bera minna úr býtum fyrir sama afla af fiski en við Íslendingar, en hinsvegar meira fyrir sama afla af síld, en þetta sýnir betra fyrirkomulag á síldarsölunni hjá Norðmönnum en hjá okkur.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Út af fyrirspurn hv. þm. Ísaf. um það, hvort það komi ekki fyrir í Vestmannaeyjum, að kaupdeilur rísi milli sjómanna og útgerðarmanna þá er þess að geta, að mest hefir borið á þeim deilum í „Alþýðublaðinu", en ekki í Vestmannaeyjum. Undanfarin tvö til þrjú ár hafa einstakir pólitiskir spekulantar, af sama sauðahúsi og hv. þm. Ísaf., gert ítrekaðar tilraunir til þess að koma af stað kaupdeilum í Eyjunum, og Alþýðublaðið hefir jafnan róið þar undir eftir beztu getu og bannað sjómönnum að fara til Eyja á vertíðinni, en allt hefir komið fyrir ekki. Tilraunir þessar hafa enn ekki borið árangur, og þess er að vænta, að svo verði og framvegis, enda eru sjómennirnir í Eyjunum þroskaðri en svo, að þeir láti illa innrætta, ábyrgðarlausa æsingaseggi eyðileggja atvinnumöguleika þeirra og bjargarvonir.

Kröfurnar hafa verið auglýstar í Alþýðublaðinu, sem alltaf hefir verið fúst að auglýsa þær, og hampað af flokki hv. þm., en deilurnar hafa fallið um sig sjálfar, því að þessir æsingamenn, sem árlega reyna að stofna sjómannaverkfall í Vestmannaeyjum, hafa verið virtir að vettugi af sjómönnum, eins og bréfin, sem dreift hefir verið í sama tilgangi út um allt land hafa verið virt að vettugi af mönnum í sveitum, sem þau hafa átt að fæla frá að leita sér atvinnu í Eyjum.

Þetta er sá ófriður og þær kaupdeilur, sem hv. þm. Ísaf. hélt, að flokksbræður sínir hefðu komið þar fram. En þeim hefir aldrei orðið nokkuð ágengt í því máli, og verður vonandi aldrei. Hagsmunir sjómanna og útgerðarmanna í Eyjum fara saman. Þeir skilja það hvorirtveggja, og á því stranda verkföllin, sem Alþýðubl. básúnar út, að eigi að koma í byrjun hverrar vertíðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 9. apríl, var útbýtt nál. frá minni hl. sjútvn., á þskj. 339, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

67. Ríkisútgáfa skólabóka.

Á 23. fundi í Nd., 13. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um ríkisútgáfu skólabóka (þmfrv., A. 148).

Á 25., 27., 30., 31., 32., 33. og 34. fundi í Nd., 16., 18., 21., 23., 24., 25. og 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 27. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Það verður nú ef til vill sagt, að mál þetta sé ekki algert nýmæli, þó það sé nú borið fram í frv.formi. Oft heyrast raddir um það, hvað það sé orðið margt, sem ríkið fjallar um, að það sé nú þegar farið að skipta sér af allt of mörgu, þó ekki sé alltaf verið að bæta við nýjum og nýjum ríkisrekstri. En ég hirði ekki hót um slíkar mótbárur og leyfi mér að flytja hér frv. um, að ríkið fari að skipta sér af útgáfu bóka, — þeirra bóka, sem ungdómurinn notar, fyrst og fremst í barnaskólunum.

Aðalástæðan fyrir frv. er sú, að það er nú á meðal fátæks fólks hér í bænum og víðsvegar úti um landið orðin tilfinnanlega þung kvöð að kaupa skólabækur handa börnunum. Og það hlýtur að stafa af því, að eitthvað er bogið við skipulagið á útgáfu og sölu þessara bóka. Þær eru dýrari en þær þurfa að vera. Og það kemur mjög hart niður á því fólki, sem á mörg börn á skólaskyldualdri. Þar sem skólaskylda barna er nú lögum samkv. um allt land, geta engir foreldrar komizt hjá því að kaupa skólabækur handa börnum sínum.

Búast má við, að ekki fari minna en 70 kr. til bókakaupa handa hverju barni á skólaskyldualdrinum, frá 10 til 14 ára, og þá eru ekki meðtalin ýms nauðsynleg áhöld, er nota þarf og börnin verða að kaupa. Flest börn fara að læra 7 ára gömul, og verður upphæðin vitanlega hærri, ef taldar eru með þær kennslubækur, sem börnin nota fyrir skólaskyldualdur. Þar ofan á bætist svo áhöld, ritföng o. fl. þess konar, sem börnin þurfa til skólagöngunnar. Þá hluti verður fólkið að kaupa hingað og þangað fyrir miklu hærra verð heldur en þeir þurfa að kosta.

Nú munu vera um 10 þús. börn á skólaaldri í landinu, eftir því sem mér er sagt af forráðamönnum þessara mála. Það er því engin smáræðis upphæð, sem fer fyrir skólabækur handa öllum börnum á landinu. Af henni fer drjúgur skildingur til bóksalanna. Sala skólabóka er tryggasta verzlunin, sem þeir hafa, því sumar þeirra eru börnin skylduð til að nota. Hagnaður bóksalanna eykur á byrði foreldranna; hana þarf aftur á móti nauðsynlega að létta, og það verður ekki gert með öðru móti en að taka upp nýtt skipulag á útgáfu og sölu bókanna.

Mál þetta hefir þegar verið talsvert rætt innan ýmsra stofnana, einkum hér í bænum. Kennarastéttin er fyrir löngu tekin að hreyfa því, og Kennarasamband Íslands mun nú hafa tekið þá afstöðu, að það er yfirleitt fylgjandi þeirri stefnu, sem fram kemur í þessu frv.

Hér er ekki gert ráð fyrir, að ríkið taki að sér útgáfu annara bóka en þeirra, sem notaðar eru í barnaskólum, a. m. k. til að byrja með. Það hefir verið bent á, að þar, sem miklu lengra er komið áleiðis í fræðslumálunum heldur en hjá okkur, þurfi börnin að mjög litlu leyti að leggja sér til bækur sjálf. Þannig er sagt, að það sé hjá Dönum og Svíum. Hjá okkur er að vísu til heimild fyrir bæjarfélög til að létta eitthvað undir með fátæku fólki í þessu efni. En eftir því, sem ég bezt veit, hefir, a. m. k. hér í Reykjavík, hverfandi lítið verið gert í þá átt.

Réttasta og bezta leiðin í þessu máli væri sú, að börnin þyrftu alls ekki að kaupa skólabækurnar. En meðan hið opinbera sér sér ekki fært að fara þá leið, verður að hníga að næsta stiginu, að reyna að gera bækurnar sem ódýrastar. Ég ætla ekki nú að fara út í að skýra, á hvern hátt ætlazt er til, að það gerist; frv. sýnir það sjálfsagt ásamt grg. Reynslan

sker úr, ef frv. hefir ekki þau áhrif, sem því er ætlað að hafa.

Með því skipulagi, sem nú er á sölu skólabóka, fer útsölukostnaðurinn einn jafnvel upp í 40% af verði bókanna. Í frv. er gert ráð fyrir 10% útsölukostnaði, svo þar er strax um talsverða lækkun að ræða. Gert er ráð fyrir að ríkið leggi fram 10 þús. krónur fyrstu árin, til að koma bókaútgáfunni á stað; e. t. v. gæti sá kostnaður fengizt endurgreiddur síðar.

Um aðrar hliðar þessa máls mætti ýmislegt segja, en út í það ætla ég ekki að fara. T. d. hvort rétt er að nota eins margar tegundir kennslubóka í barnaskólum eins og nú er gert. Um það atriði hefir komið fram gagnrýni frá aðstandendum barnanna, en það er á valdi fræðslumálastjórnar að færa það á betri veg.

Að síðustu vil ég óska, að málinu verði vísað til 2. umr. og menntmn.

Magnús Jónsson: Ég þarf varla að standa upp til að láta í ljós skoðun mína á þessu máli; ég hefi svo oft lýst áliti mínu á samskonar málum. Það er óþarfi að vera með nokkra sakleysisgrímu yfir þessu frv.; allir sjá, að það er aðeins lítill angi af prógrammi þeirrar stefnu, að allskonar starfsemi sé betur komin í höndum ríkisins heldur en í höndum einstaklinga. Það má oftast fóðra svona mál í einstökum tilfellum með ýmsu, sem lætur vel í eyrum fjöldans; að sú vara, sem um er að ræða í það og það skiptið, sé svo ákaflega nauðsynleg, fátæklingarnir eigi erfitt með að afla sér hennar, hvað hættulegt sé að láta harðdræga kaupmenn braska með hana o. s. frv. En bak við hlýtur alltaf að liggja sama hugsunin, sú skoðun, að ríkið sé fært um að reka fyrirtækin betur heldur en einstakir menn gera. Sú sannfæring er það eina, sem réttlætt getur að bera fram frv. eins og það, sem nú liggur fyrir.

Ef álitið er, að einstaklingarnir hafi upp úr einhverju, sem þeir hafa tekið sér fyrir hendur, er strax farið að tala um að ná þeirri grein undir ríkið. Þetta er stefna fyrir sig. Þannig mætti taka fleiri og fleiri greinar atvinnulífsins, en það verður að gá að því, að um leið er tekinn frá ríkinu annar tekjustofn, gjöldin, sem á rekstrinum hvíldu áður. Ef haldið er áfram þessa braut, leiðir það brátt út í algerða þjóðnýtingu, að ríkið eigi allt og beri þungann af öllu saman.

Það hefir ekki verið talað um, að bóksalarnir leggi meira á skólabækurnar heldur en þeir þurfa til að geta lifað. Hv. flm. reyndi ekki að færa rök að því, að okrað væri svo á þessum bókum, að nauðsynlegt væri að taka í taumana vegna þess. Slíku er ekki til að dreifa. Hér liggur aðeins á bak við hin alkunna þjóðnýtingarstefna jafnaðarmanna. Lái ég ekki hv. 1. flm., þótt hann vinni þannig að sínum stefnumálum.

Í þessu tilfelli er ekki meiningin að taka gróða til handa ríkinu með einkasölu, heldur aðeins að taka ágóðann af einstaklingunum. Jafnframt er hér svo grímuklædd tilraun til að fá fjárframlag frá ríkinu til þeirra þörfu hluta að útvega skólabörnum bækur. Það atriði má ræða út af fyrir sig, hvort ríkið á að létta undir með fátæklingum að kaupa skólabækur. Það á að athuga á öðrum grundvelli, með öðrum þeim hlutum, sem ríkið þarf að kosta til; þá kemur til greina, hvar brýnust börf er fyrir það fé, sem ríkið getur af mörkum látið.

Það, sem mér líkar verst við þetta frv., er það, að með því á að taka ágóðann af atvinnu fárra manna til þarfa fjöldans. Hér er eiginlega verið að skattleggja mjög fámenna stétt, bókaútgefendurna, til þess að hjálpa aðstandendum barna. Þessi stétt hefir hér við mjög illa aðstöðu að búa, svo illa, að ég hefi stundum verið að hugsa um, hvort bókaútgáfa mundi ekki alveg leggjast niður hér. Bókaútgefandi einn sagði við mig einu sinni, að starf þeirra væri yfirleitt það, að flytja inn pappír, láta prenta á hann, kosta heftingu og band á bækurnar og geyma þær svo ár eftir ár í dýru húsplássi. Svo kemur ein og ein bók, sem er undantekning frá þessari reglu, sem útgefendurnir fá ofurlítinn arð af. Áhættuminnst mun vera útgáfa skólabókanna, því sala þeirra er jafnari en annara bóka, sem seljast oft ofurlítið til að byrja með, en svo ekki meir. Ég hygg því, að fyrir suma bókaútgefendur sé útgáfa skólabóka nokkur styrkur. Og ef svo er, þá er alls ekki ó-

þarft, að þeir njóti þess stuðnings. Það væri hnekkir, og hann óbætanlegur, ef svo væri búið að bókaútgefendum, að útgáfu bóka legðist niður. Ég sé enga ástæðu fyrir því eða skiljanlegt samband milli þess að taka löglega atvinnu af fáeinum mönnum og hnekkja þar með hag þeirra, til þess að styðja enn aðra menn, enda þótt þeir þurfi máske stuðnings við. Hv. flm. hefir líka í grg. frv. og í framsöguræðu sinni verið að grauta öðru máli saman við þetta. Það er, að bæjar- og sveitarfélög létti undir með mönnum um kaup á skólabókum handa börnum sínum, þar sem þess er þörf. Er sú leið miklu réttari, að gjaldendurnir leggi til þessa í hlutfalli við önnur gjöld, heldur en að lagzt sé á fáa saklausa menn.

Þess er getið í ástæðunum fyrir frv., að þetta sé gert sumstaðar, að útbýtt sé bókum til fátækra barna. En það kemur ekkert þessu frv. við og eru engin meðmæli með því, vegna þess að þá kaupir hið opinbera bækurnar, og fyrir útgefendur er það ekki lakari kaupandi en einstakir menn, nema síður sé. Þetta kemur því hvað öðru ekkert við. Það er náttúrlega lofsvert að létta undir með þeim, sem fátækir eru og hafa börn að framfæra. En sá stuðningur á ekki að koma niður á örfáum mönnum, bókaútgefendunum.

Nú er það svo, að í raun og veru leggur hið opinbera mikið fé fram til menntunar barna og unglinga með því að kosta skólana og kennsluna. Og þótt framfærendur barnanna verði að leggja fram fé til bókakaupa, þá er það ekki tilfinnanlegra en ýmislegt annað, t. d. skófatnaður. (SÁÓ: Skólabörn fá ókeypis skófatnað erlendis!). — Já, ég átti von á því, að svo væri. Vitanlega verður ekki numið staðar við skólabækur. Næst eru skór, þá fatnaður, t. d. þegar kalt er á veturna. Og svo koll af koll, þangað til úr þessu verður fullkomin þjóðnýting og allt endar á því, að enginn hefir neitt til neins. Það má styðja framfærendur barna og skólafólks á allt annan hátt en þennan. Og ég hefi nokkuð sýnt hug minn til þessa með till., er ég kom fram með við frv. um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem veittur er persónufrádráttur fyrir unglinga, sem ganga í skóla.

Þá er enn eitt sjónarmið á þessu frv., sem ég vil athuga nokkuð nánar. — Í 1. gr. er einungis talað um útgáfu á þeim bókum, sem löggiltar eru til kennslu í barnaskólum. En í 7. gr. er talið upp ýmislegt fleira, sem heimilt er að gefa út og selja, þar á meðal aðrar skólabækur en þær, sem löggiltar eru. Hér ber allt að sama brunni. Það er svo sem engin ástæða til þess að hugsa það, að numið verði staðar við þetta, þegar þessi ríkisútgáfa hefir verið sett á fót á annað borð með öllu tilhevrandi. — Í 3. gr. er þess getið, að stj. megi ráða mann eða menn til að sjá um þetta, ef með þarf. Þetta er nú nokkuð einkennilegt orðalag. Er ætlazt til að stj. geri þetta sjálf? Nei, það þarf að taka menn til þessa starfs. Og einmitt af því, að sala skólabóka fer fram á tiltölulega stuttum tíma ár hvert, þá þarf að gefa út og selja aðrar bækur, svo starfsfólk standi ekki uppi verklaust. Þá verða þær bækur teknar, sem menningarsjóður gefur út, þá samvinna bændanna Svo kemur einhver með gott handrit, sem þarf að gefa út, og það er gert. Þarna verður fljótlega um heilt bákn að ræða. Ríkisprentsmiðjan þarf að fá eitthvað til að prenta. Svo verður sett upp bókband og svo verður gefið út og aftur gefið út, svo allir hafi nóg að gera. — Þótt því þetta frv. kunni að vera smátækt eins og það er borið fram, þá verður úr því fyrr en varir stóreflis bákn.

Þá er kostnaðarhliðin. Í frv. er gert ráð fyrir, að útgáfan fái 10 þús. kr. á ári í 5 ár, en lán gegn 6%, ef frekari verður þörf rekstrarfjár. Þótt þetta líti nú ekki mjög stórkostlega út á pappírnum, þá er enginn efi á því, að eftir því sem þetta fyrirtæki stækkar, eftir því verður fjárþörf þess meiri. Og ég er sannfærður um, að þetta mundi kosta mjög mikið. Og hitt er jafnvíst, að verðið mundi ekki lækka mikið. Í frv. er sagt, að þessar bækur eigi að seljast með kostnaðarverði, en slíkt er erfitt að ákveða. Þessi bókaútgáfa yrði sjálfsagt betri við rithöfundana en bókaútgefendur geta verið nú. Það á að vanda til útgáfunnar, sem vitanlega er gott, en kostar fé. Niðurstaðan yrði líklega sú, að bækurnar yrðu ekki ódýrari en nú. Að þær lækki um þriðjung eða helming, nær vitanlega ekki nokkurri átt, nema því aðeins, að mikið sé lagt til

þeirra úr ríkissjóði. Það er hálfóviðkunnanlegt orðalag og lítt samrýmanlegt, þar sem talað er um í 4. gr. „að gera útgáfu bókanna ódýra en þó vandaða".

Gert er ráð fyrir því, að þeir, sem hafa bækurnar til sölu, fái 10% fyrir ómak sitt. Nú hafa bóksalar 25%, og það væri þá nýtt, ef menn vilja hér vinna fyrir lægra kaup fyrir ríkissjóðinn en einstaklinga.

Þá er enn ein hlið þessa máls mjög varhugaverð. Þegar ríkið færi að gefa út skólabækur og skylda menn til að kaupa þær, þá er hætt við því, að áhuginn fyrir því, að selja slíkar bækur upp, mundi standa í vegi fyrir því, að nýrri og betri bækur væru gefnar út, á meðan upplögin væru að seljast. Yrði þá um andlega einokun að ræða, og væri það langhættulegasta hlið frv.

Ég hefi þá dregið fram nokkur rök fyrir því, að frv. þetta getur verið mjög varhugavert. Ég saka þó hv. flm. ekki svo mjög fyrir það, að hafa komið fram með frv., því eftir hans lífsskoðun er vitanlega allt annað um það að segja. Þetta er einn angi af þeirri meginhugsun hans, að ríkið eigi að reka allt og hafa afskipti af öllu. Einmitt af því að ég er á gagnstæðri skoðun í bessu efni, þá verð ég einnig á móti þessu frv. og hefi með þessum orðum gert nánari grein fyrir, hvers vegna ég er það.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég hefi litla ástæðu til að þakka hv. 1. þm. Reykv. ummæli hans um þetta frv., því í stað þess, að ég hefði getað vænzt meðmæla frá skólamanni, sem hafa átti opin augun fyrir nauðsyn þessa máls, þá hefir hann lagzt allfast á móti málinu. Aðalrök hv. þm. gegn frv. voru þau — og um þau snerist öll ræða hans —, að bóksalarnir misstu atvinnu við þetta. Helzt var að heyra, að bókaútgefendur og bóksalar lifðu einkum á útgáfu og sölu skólabóka, og jafnvel eingöngu á þeim. Þess vegna mætti ekki taka af þeim þennan tekjulið. — Þetta voru nú hans aðalrök. Allt hitt voru umbúðir utan um þetta. En ef á skólabækurnar, sem er lögtryggð sala á, leggst það, að halda við lífinu í ekki svo fáum bóksölum, þá held ég að ekki væri úr vegi að leita að annari leið, sem væri kostnaðarminni. Staðhæfing hv. þm. um það, að fyrirkomulag frv. leiddi ekki til verðlækkunar á skólabókum, er algerlega órökstudd og fellur í raun og veru um sjálfa sig við þá umsögn hans, að útgáfa og sala skólabóka bæri tapið af annari bókaútgáfu. — 40% sölulaun er líka álitlegur viðbætir á verðið. Og væri hægt að lækka þau um 30%, þá væri þó strax mikið unnið.

Hv. þm. sagði, að til væri önnur leið að sama marki og hún væri sú, að styrkja fátæka aðstandendur barna til að kaupa skólabækur. Ég veit nú að heimild er til fyrir því, en mun lítið hafa verið notuð og því að engu verulegu gagni komið, enda hefir íhaldsmeirihlutinn í bæjarstjórn Reykjavíkur sýnt lítinn skilning í þessu efni. Þess munu ekki fá dæmi, að fátækir foreldrar hafi orðið að taka af þeim peningum til kaupa á skólabókum, sem ætlaðir voru og þurftu að ganga til kaupa á nauðsynlegum mat handa fjölskyldunni, sem þá varð að draga við sig nauðsynlegt fæði og föt. Og þetta á jafnt við það fólk, sem fær framfærsluevrir sinn úr fátækrasjóði. Þá átti það víst að vera gamanyrði hjá hv. þm., að næst yrðu heimtaðir skór handa skólabörnunum. — Hv. þm. má gjarnan vita það, að víða í barnaskólum erlendis eru börnunum lagðir til hlýir inniskór meðan á kennslustund stendur. Sumstaðar fá þau líka fæði, svo að þau, frá heilbrigðislegu sjónarmiði séð, geti orðið hæf til námsins. Í þessu sem ýmsu öðru stöndum við Íslendingar aftarlega.

Um bóksalana hefi ég áður talað. Flestir munu reka bóksöluna sem aukaatvinnu. En ég sé heldur ekki, að sú stétt sé svo nauðsynleg, að skylda sé að halda henni við með okri á skólabókum. Ég held, að kaupfélög og aðrar verzlanir gætu hæglega haft sölu þessara bóka á hendi gegn 10%.

Að síðustu talaði hv. þm. um, að hér væri um andlega einokun að ræða. Ég neita þessu algerlega. Ég veit ekki betur en að fræðslumálastjórnin hafi fullkomið vald til að ákveða, hvaða bækur eru notaðar til kennslu. Það hefir líka verið til umr. í ræðu og riti, hvort ekki ætti að hafa nokkurskonar einveldi á útgáfu á andlegum verkum. Þar gæti maður tal-

að um einokun. — Ég vil ekki lengja umr. meira, en ég vænti þess fastlega, að deildin sjái um að senda frv. í nefnd til athugunar.

Magnús Jónsson: Ég býst við, að þær fari nú að leiða að lokum, sennurnar milli mín og hv. sþm. míns. En hv. 4. þm. Reykv. sagði, að ég vildi ekki láta ríkið koma nálægt neinu, sem til þjóðþrifa mætti horfa. Þetta finnst mér nokkuð mikið sagt hjá honum. Það, sem okkur greinir á í þessu efni, er ekki annað en aðferðin. Hann álítur, að ríkið geti stutt þá, sem eiga börn í skóla, með því að gefa út skólabækur, en ég segi, að ef ríkið eigi að styrkja þá, sem börn eiga í skóla, meira en það gerir nú, þá eigi að gera það með öðrum hætti en þessum. Ég hefi boðið hv. flm. að ræða þetta á réttari vettvangi, hve miklu fé úr ríkissjóði eigi að verja til þessa við hliðina á öðrum aðkallandi þörfum. Að ég vil ekki fara þessa leið, er af því, að ég er hræddur um, að það fé, sem hér yrði lagt fram, kæmi ekki að gagni vegna þessarar aðferðar. Mér virtist hv. flm. vantreysta öllum sínum virkjum, nema einu. Hann sagði, að aðalgallinn lægi í sölufyrirkomulaginu. Ég get ekki skilið, að það þurfi svo mikil umsvif til að bæta það, og eins þó að útgáfan sé í höndum einstakra manna. Ég er viss um, að ef hv. flm. getur bent á leið til að hafa bækur á boðstólum fyrir 10% í staðinn fyrir 25%, þá myndu allir bókaútgefendur taka því fegins hendi og lækka verðið að sama skapi. Hann játar, að það myndi verða erfitt að gera þetta fyrir minna en 25%, nema fyrir einstaka menn, sem hafa þetta fyrir aukavinnu og hafa þessa þóknun rétt fyrir örlítið ómak. Ég veit, að bóksalar úti um land kvarta undan að hafa bækur til sölu, þótt þeir fái 25%. Ég hefi haft 3 tímarit til sölu, og menn sækjast ekki eftir að afgreiða þau gegn þessum sölulaunum. Það er umsvifamikið verk að hafa á hendi bóksölu, það kostar talsverða bókfærslu og þetta krefur mikils húsnæðis. Ég hefi heyrt, að nokkur kaupfélög hefðu bækur til sölu fyrir 10% sölulaun. En það er þá af því, að þau hafa einhvern sérstakan áhuga á að koma þessum bókum út. Það getur vel verið, að hv. flm. haldi, að þegar ríkið gefi út bækurnar, þá taki bóksalar 10%. En það væri þá eitthvað nýtt, ef menn væru ódýrari fyrir það opinbera en fyrir einstaka menn. Ég held, að þar sé best að vitna í reynsluna.

Ég ætla mér ekki að fara út í það, sem hv. flm. sagði, að ef bóksalar lifðu á skólabókum, þá væri bezt að slá þá af. (**SÁÓ:** Eru þeir svo nauðsynlegir?). Einmitt hér stöndum við hvor á móti öðrum. Bóksalar eru ekki ónauðsynlegri en aðrir menn. Eru atvinnurekendur svo nauðsynlegir? Er það ekki ríkið, sem á að reka allt? Þjóðnýting og einstaklingsframtakið standa hér hvort á móti öðru. Við getum deilt um það óendanlega, hvort bókaverð verður með þessu móti ódýrara eða ekki. Ég hefi fyrir mér reynsluna, sem oftast er þannig, að það, sem hið opinbera hefir með höndum, verður dýrara en það, sem einstaklingurinn hefir með að gera. Get ég í þessu sambandi bent á eitt dæmi. Kennarar fá yfirleitt lítla eða enga borgun fyrir handrit sín að kennslubókum. Þeim þykir gott, ef þeir geta komið þeim út. En ríkið myndi ekki geta staðið sig við þetta. Það myndi verða að kaupa handritin sómasamlegu verði. Þá er hér kominn kostnaðarliður, sem er nógur til að koma verðinu upp í það, sem er hjá bóksölum. Það er ekki svo lítill kostnaðarliður að borga handritin sæmilega. Það er náttúrlega fyrir sig að taka ágóðan frá bóksölunum og dreifa honum til þeirra, sem eiga börn í skóla, en þetta verður bara ekkert, þegar til framkvæmdanna kemur, eða svo hygg ég, að það fari. En vonandi verður þetta ekki prófað í bráð. Ég ætla ekki að fara út í það, sem hv. flm. var að tala um, að ríkið ætti að kaupa eitthvað af skólabókum. Eins og við vitum, fá fátæk börn hér í barnaskólanum gefins máltíð á dag, og er það ekki nema fallegt. En það er annað mál, hvað hið opinbera vill sérstaklega létta undir með þeim, sem eiga börn í skóla. Þess má gæta, að það eru til fleiri tegundir af erfiðleikum en það að kosta börn í skóla. Hv. flm. vitnaði í það, að frá menntamönnum hefði komið fram till. um meiri andlega einokun. Ég býst við, að það sé till., sem

kom fram frá nokkrum þm. fyrir nokkrum árum, en sem fór ekki frekar út í það en að menntamálaráð rannsakaði, að hve miklu leyti gæti komið til mála, að ríkið kostaði útgáfu á úrvalsritum. Ég reis þá strax upp á móti þessu, því þar er verið að koma á andlegri einokun með því að ríkið taki bækur til útgáfu, sem búast mætti við, að mikill markaður yrði fyrir, og þannig spillt fyrir bóksölum. Þetta væri alveg óþolandi einokun; ég reis á móti hugmyndinni, þó að ekki væri frekar út í það farið en að rannsaka og athuga þetta. Ég get ekki gengið inn á það að stofna hér til andlegrar einokunar. Hv. flm. sagði, að nú væri það á valdi kennslumálastjórnar að einoka kennslubækur. Ég býst við, að hann eigi við það, að kennslubækur eru nú löggiltar. (SÁÓ: Ég kalla það ekki einokun). Bókamarkaður er frjáls eins og nú er. Ef útgefendur fá samþykktar skólabækur, gefa þeir þær út. Ríkið hefir ekki ástæðu til að amast við mörgum kennslubókum í sömu grein, ef þær aðeins eru góðar og gagnlegar. Þetta er ekki til að ákveða, hvað gefið er út, heldur til að útiloka rangar og villandi kennslubækur og þær, sem fræðslumálastjórnin álítur ekki gott að gefa út. Ef ríkið á að gefa út bækur, verður einokunin „positiv" í stað „negativ". Þá er búið að „skipuleggja" þetta, eins og jafnaðarmenn leggja svo mikið upp úr. Þá verður gefin út ein bók í hverri grein, og meðan það upplag endist, er bókin látin ganga sér til húðar. Þetta útilokar allar nýjar aðferðir, sem kunna að koma fram á þessu sviði. Að ég ekki tali um það, að afturhaldssamir menn myndu nota stöðu sína til þess að koma í veg fyrir, að bækur með nýjum og djörfum hugsunum yrðu notaðar, eða þá að óþarflega byltingagjarnir menn myndu troða upp á menn nýjum og óprófuðum firrum og nota skólana til þess að ryðja þessum nýju og hæpnu hugsunum braut. Hvorttveggja er jafnhættulegt. Öll einokun er hættuleg. Ef skólarnir eru notaðir þannig, getur þetta vald orðið ógurlegt vopn. Þó ekki sé annað við þetta en hættan, sem vofir út frá þessu voðalega vopni, þá er það nóg til þess, að enginn frjálslyndur maður ætti að fallast á annað eins fyrirkomulag og þetta. Þá væri nær, að ríkið útbýtti ókeypis bókum, fatnaði eða matvælum og þess háttar.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Í raun og veru kom ekki nema eitt nýtt fram í ræðu hv. þm., og það var það, sem snýr að ritlaunum og útgáfu bóka. Mér hefir verið sagt af þeim, sem hafa kynnt sér þetta mál, að þeir, sem skrifuðu skólabækur, fengju nokkurn veginn trygg ritlaun fyrir samning slíkra verka, og líklega betri laun en menn eiga að venjast hér á landi fyrir skrif sín. Er jafnvel haldið fram, að ritlaunin muni vera þetta frá 100—300 kr. á hverja örk. Hv. þm. veit kannske betur en ég, hve ritlaunin eru há hér í þessu landi almennt, en ég býst við, að menn séu vel sæmdir af slíkum ritlaunum. Því er þannig varið, að við endurútgáfu bóka fá þeir, sem upphaflega hafa skrifað þær, sömu ritlaunin og við frumprentun. Ef bók er oft gefin út, endurtaka ritlaunin sig við hverja útgáfu.

Þá vildi hv. þm. gera mikið úr því, að menn, sem væru í bókanefndunum, myndu verða svo þröngsýnir, að þeir gæfu eingöngu út einhliða bækur. En ég lít svo á, að til fræðslumála veljist þeir menn, sem við trúum bezt til þeirra hluta. Svo að þessi ótti, að hér yrði um mikla þröngsýni að ræða af hendi nefndanna, er í mínum augum aðeins hugarburður. Ég óttast ekki, að í þessi störf veljist svo hættulegir menn, að okkar andlega lífi stafi nokkur hætta af á þessu sviði.

Ég hefi aðrar skoðanir en hv. þm. í þessu máli, en ég skal þó ekki frekar deila við hann. Við erum sitt á hvoru máli um það, hvort nauðsynlegt sé að láta bóksala hafa úthlutun bóka á hendi eða ekki. Ég álít það hvorki rétt né nauðsynlegt, eins og ég hefi svo oft tekið fram. Í þessu máli sem öðrum met ég meira almenningsheill en hagsmuni örfárra manna. Um það er deilan milli mín og hv. þm., — um það eitt og ekkert annað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnS, HG, HK, HV, LH, MT, SÁÓ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv, BSt, JörB.

nei: EJ, HJ, JAJ, JÓl, JS, MJ, PO, SE.

MG, ÓTh greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (BÁ, HStef, IngB, JJós) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. með 18:2 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

68. Síldarbræðsluverksmiðja.

Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 1929, um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar (þmfrv., A. 155).

Á 26., 28., 30., 31., 32., 33. og 34. fundi í Nd., 17., 19., 21., 23., 24., 25. og 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., 27. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Thors): Ég hefi með hv. þm. Borgf. og hv. þm. Vestm. flutt frv. um breyt. á l. nr. 42 frá 1929 um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar. Breytingar, sem farið er fram á, eru tvær. Önnur er smávægileg breyt. á 5. gr. laganna, sem lýtur að því, að bændur, sem óska að fá frá verksmiðjunni mjöl, þurfi ekki að segja til þess fyrr en 1. sept., í stað 1. ágúst. Ég tel, að þetta sé bændum nauðsynlegt ákvæði, en að það þurfi ekki að verða verksmiðjunni til baga. Ég hygg, að ekki séu líkur til, að verksmiðjan hljóti skaða af þessum breyt. á l. og skal færa að því rök, ef þörf gerist.

Önnur og aðalbreyt. þessa frv. liggur í breytingunni á 7. gr. nefndra laga. Og fyrir þeirri breyt. ætla ég að leyfa mér að gera nokkra grein.

Eins og segir í grg. þessa frv., var lagt fyrir Alþingi 1928 lagafrv. um stofnun síldarbræðslustöðvar ríkisins, sem þá var samþ. Á þinginu 1929 voru enn lögð fram l. um rekstur þessarar verksmiðju. Um bæði þessi frv. urðu verulegar deilur, og þá einkum að því er viðvék starfrækslunni, og var sú deila snörpust á þinginu 1929.

Eitt af þeim atriðum, sem þá var einna mest deilt um, var það, hvernig skyldi fyrir komið stj. fyrirtækisins. Sú till. kom frá hæstv. atvmrh. og náði lögfestu, að stj. þess skyldi skipuð 3 mönnum. Átti atvmrh. að tilnefna einn, Siglufjarðarkaupstaður annan og Síldareinkasalan þann þriðja.

Andmælendur þessarar till. vildu þá þegar í stað, að hinum raunverulegu viðskiptavinum verksmiðjunnar væri veittur annar og meiri íhlutunarréttur um stj. hennar. Þeir bentu á, að ef þeir, sem allt ættu undir afkomu fyrirtækisins, væru sviptir íhlutunarrétti um stj. verksmiðjunnar, leiddi af því a. m. k. mjög mikið öryggisleysi, um að hæfustu menn veldust til þess að stjórna verksmiðjunni. Þessar till., sem voru bornar fram í mjög hóflegu formi til samkomulags, þar sem aðeins var farið fram á, að eigendur síldarinnar fengju ráðið einum manni í stj., náðu illu heilli ekki fram að ganga. En þær till., sem hæstv. atvmrh. og hinn ríkjandi meiri hl. Alþingis stóð að, voru lögfestar, og þær hafa nú með reynslunni sannað nokkuð um ágæti sitt.

Áður en þessi verksmiðja var reist, var gerð allítarleg áætlun um kostnaðinn af stofnun hennar. Ég hygg, að dómbærum mönnum í þessum efnum geti komið saman um, að sú áætlun var ekki á litlum rökum reist. Nú hafa staðreyndirnar andmælt þeirri áætlun, þar sem komið er í ljós, að stofnkostnaður verksmiðjunnar hefir farið verulega fram úr henni. Mig minnir, að sá, sem áætlunina gerði, hv. 1. landsk., teldi kostnaðinn 800 þús. til 1 millj. kr.; en nú vil ég spyrja hæstv. atvmrh., hvort þessi kostnaður sé kominn upp í 1½ millj. kr. (SE: Eru lóðirnar taldar þar með?). Já, lóðirnar eru taldar með í báðum tilfellum. — Ég skal ekkert fullyrða um tölurnar; en hitt get ég fullyrt, að kostnaðurinn hefir farið mikið fram úr áætlun, og það er af þeirri eðlilegu ástæðu, að við þetta fyrirtæki hefir

ríkt hin mesta óstjórn, frá hinu fyrsta handtaki og til þess síðasta, sem unnið hefir verið. Þetta skal ég rökstyðja betur, ef því verður andmælt. Ég hefi hér kunnugra manna umsögn, enda er þetta í almæli.

Á þinginu 1928 var helzt búizt við, að verksmiðjan tæki til starfa á árinu 1929. En svo aumlega hefir tekizt til um framkvæmdir á þeirri hlið málsins, að verksmiðjan gat ekki einu sinni verið reiðubúin til starfa í vertíðarbyrjun 1930, heldur var komið langt fram á sumar, er hún gat hafið starfsemi sína. Það er eitthvað ekki með felldu, þegar slíkur dráttur verður á ekki margbrotnari framkvæmdum en byggingu verksmiðjunnar, án þess að fyrir þeim drætti sé gerð nokkur grein, önnur en óeðlilegt hirðuleysi um allar framkvæmdir málsins. Hér eru margir skipherrar á sama skipi og allt í fullu stjórnleysi.

Ég held því, að sú hliðin, sem veit að stofnun verksmiðjunnar, sé h. u. b. eins bágborin og nokkur þurfti að óttast, jafnvel þeir, sem svartsýnastir voru á hæfileika þeirra manna, sem valizt hafa til þess að stjórna þessu landi. En svo ömurleg sem þessi hlið málsins er, þá er rekstrarhliðin þó ennþá sorglegri.

Að vísu liggja ennþá engin reikningsskil fyrir frá þessari verksmiðju. Hinsvegar er rekstur slíks fyrirtækis ekki margbrotnari en svo, að þeir, sem kunnugleika hafa á þessum málum, ættu að hafa sæmilega aðstöðu til þess að gera sér örugga grein fyrir niðurstöðunni. Og ég skal þá leyfa mér að skýra hv. d. frá því, að hvaða niðurstöðu ég hefi komizt um rekstur þessarar verksmiðju. Ég hefi þar fulla hliðsjón af svipaðri verksmiðju, sem félag það, er ég starfa við, er eigandi að, og hefi ég því allgóða aðstöðu til þess að fara nærri um rekstrarhliðina.

Ég reikna þá með í rekstrarkostnaði verksmiðjunnar þau gjöld, sem samkv. 4. gr. l. nr. 42 frá 1929 er ætlazt til, að leggist á framleiðsluna og dragist frá andvirði hennar. Verksmiðjan hefir unnið úr 63400 síldarmálum. Sá kostnaður, sem leggst á þessa vinnslu, er 5% af stofnkostnaði verksmiðjunnar samkv. 2. lið 4. gr. nefndra laga. Þann stofnkostnað ætla ég 1½ millj. kr. Ennfremur á að taka 5% samkv. 3. lið þessarar greinar, og önnur 5% samkv. 4. lið, en þau 10% þurfa ekki að reiknast af hærri upphæð en 1,3 millj., og nemur þá þessi kostnaður alls 205 þús. kr. Vinnslukostnað, þ. e. kostnað við að breyta síldinni í síldarmjöl og síldarolíu, þar í innifalið kol, koks og ýmsir aðrir hlutir til starfrækslunnar, salt, vinna, uppskipun, stjórn, skrifstofukostnaður, efnarannsóknir o. fl., reikna ég í allt 3 kr. á hvert síldarmál, og er það til samans 190200 kr. Auk þess hefir verksmiðjan þurft að kaupa 7 þús. olíuföt á 12 kr. hvert og 11500 mjölsekki á 1,10 kr., og það nemur 96650 kr. — Þá eru vextir, 8% af stofnkostnaðinum, 1½ millj., sem verksmiðjan á að greiða samkv. 4. gr., 120 þús. kr. á ári. Auk þess eru vextir af rekstrarkostnaði, en ég ætla, að verksmiðjan muni hafa þurft 400—500 þús. kr. í 4 mánuði, sem er lágt reiknað, en þá verða þeir vextir 13 þús. kr. Auk þess hefir verksmiðjan greitt framleiðendum út á hvert síldarmál 4,40 kr., eða alls 278960 kr. Ég ætla ekki að reikna til útgjalda vátryggingar; ég veit ekki fyrir víst, hverjar þær eru, enda geta þær ekki raskað höfuðniðurstöðunni.

Með þessu telst mér allur kostnaður, ef reiknuð eru þau raunverulegu gjöld og kostnaður, sem lögin frá 1929 mæla fyrir um, 903810 kr. Ef svo er athugað, hvað verksmiðjan hefir fengið fyrir þær afurðir, sem hún hefir selt, þá er hægt að gera sér skýra grein fyrir rekstrarniðurstöðunni, og skal ég leyfa mér líka að skýra frá því.

Verksmiðjan hefir haft í bræðslu 63400 mál af síld, og ef 135 kg. eru í máli, verða þetta 8559 smál. af síld. Af olíu hefir fengizt 14,11%, eða alls 1208 smál., sem jafngildir 7000 fötum, og af mjöli 13,43% eða 1150 smál., 11500 sekkir.

Þessar afurðir voru seldar á þennan hátt:

3500 sekkir af mjöli fob. Siglufjörð til innlendra manna á 27,25 kr. sekkurinn, alls 95375 kr.

Fyrir þær 800 smál., sem verksmiðjan hefir selt til útflutnings, hefir hún fengið — og nefni ég hæsta verð, sem komið hefir til greina — £ 13 cif. útlenda hafn, alls

239220 kr. Frá því á að draga þann kostnað, sem á það hefir lagzt, og mun hann láta nærri 34950 kr., og er þá nettóandvirði þessa hluta af mjölinu 204270 kr.

Um söluna á olíu er það að segja, að 170 smál. munu hafa verið seldar fyrir £16 cif. útlenda höfn.

3000 föt munu hafa verið seld á £10 10 sh. hver smál. og önnur 3000 föt á £10 hver smál., og hefir þannig alls fengizt fyrir olíuna brúttó 291383 kr. Á þetta leggst margvíslegur kostnaður, svo sem farmgjald, útflutningsgjald, sölulaun o. fl., og eru það nærri 40450 kr., og verður þá nettó 250933 kr. Nettó andvirði allrar seldrar framleiðsluvöru er því 550578 kr.

Nú var kostnaður, eins og ég gat um áðan, 903810 kr., og verður þá hallinn á rekstri verksmiðjunnar 353232 kr., og það þó því aðeins, að miðað sé við, að verksmiðjan greiði framleiðendum aðeins 4,40 kr. út á mál, en það er vitanlegt, að aðrar innlendar verksmiðjur hafa greitt 6—7 kr. út á mál. Ef gert er ráð fyrir, að þessi verksmiðja greiði 6 kr., verður hallinn 454000 kr., og ef hún greiðir 7 kr., verður hallinn 518000 kr.

Þessi afkoma sést bezt í því ljósi, að maður hugsi sér, að verksmiðjan fengi alla síldina gefins. Betri kjörum væri ekki hægt að komast að. En þá hefði rekstrarniðurstaðan orðið sú, að 75000 kr. tap hefði samt orðið á rekstrinum.

Nú vil ég segja frá minu sjónarmiði, í réttu áframhaldi af því, sem sagt hefir verið á undanförnum þingum, að þess gerist engin þörf, ef verksmiðjan er rekin af þar til hæfum mönnum, að leggja á vöruna samkv. 4. lið 4. gr. Og ef ég hugsa mér, að þau gjöld ættu ekki að leggjast á, batnar niðurstaðan um 130 þús. kr. og þá verður niðurstaðan nánara tiltekið sú, að verksmiðjan getur skilað eigendum 90 aurum fyrir síldarmálið, ef ekki á að bíða hreinan halla af rekstrinum.

Ég býst við, að sumum hverjum komi þessi rekstrarniðurstaða nokkuð á óvart. En það er mála sannast, að þær skýrslur, sem ég hefi lagt fram, eru óhrekjanlegar í öllum verulegum atriðum.

Ef menn spyrja, af hverju þessi hörmulega niðurstaða stafar, þá verð ég að segja, að eftir minni reynslu af verksmiðju þess félags, er ég starfa við, hefir þetta verið örðugt ár, verðlag á mjöli og olíu furðanlega lágt. En það er þó ekki verra en svo, að aðrar verksmiðjur hafa greitt 6—7 kr. og ekki tapað. Ég get þess vegna ekki séð, að fundnar verði aðrar grundvallarástæður fyrir hinni lélegu afkomu verksmiðjunnar heldur en þær, að þeir menn, sem hafa valizt til stj. fyrirtækisins, eru ekki um það færir. Mér er að vísu kunnugt um, að í stj. er einn mjög greindur og dugandi maður, en ég hygg, að hann hafi á þessu sviði haft litla þekkingu, þegar hann tók við starfinu. Enda sannar niðurstaðan átakanlega þekkingarskort stjórnendanna á starfi sínu. Í öllum verulegum atriðum hafa orðið hin mestu mistök, afurðirnar slæmar, mjölið vont, olían vond og lítil, samanborið við síldarmagn, og verðið hið langlægsta allra verksmiðja hér á landi, af því að varan var seld á óheppilegasta tíma og bar að auki léleg.

Mér sýnist þessi árangur vera enn hörmulegri en þeir allra svartsýnustu töldu, að óttast þyrfti. Frá mínu sjónarmiði er þetta raunar ekki annað en eðlileg afleiðing af því, sem hæstv. atvmrh. barðist fyrir og kom til leiðar að lögfest yrði, þ. e. að láta stjórnmálaskoðanir ráða vali stjórnenda fyrirtækisins, en ekki sérþekkingu, að fara eftir atvinnuþörf umsækjendanna, með nokkurri hliðsjón af því, hvað notadrjúgir þeir yrðu hinum ríkjandi valdhöfum.

Frv. það, sem við berum fram, hnígur að því, að færa þetta í það horf, sem ég tel vera hið eina tiltækilega, úr því sem komið er, að þeir, sem allt eiga undir afkomu verksmiðjunnar, útgerðarmenn og sjómenn, sem síldina eiga, fái að skipa stj. hennar. Við leggjum til, að útgerðarmenn, sem skipta við verksmiðjuna, fái 4 fulltrúa og sjómenn 2, og úr þessum 6 fulltrúum velji atvmrh. 3 til þess að stjórna verksmiðjunni.

Með þessu er þeim, sem eiga allt í húfi, gefinn kostur á að vernda sína hagsmuni, og án hliðsjónar af því, hvorum megin þeir standa í stjórnmálum. Og það er staðreynd, að þegar þeir eiga að ráða, sem allt eiga í veði, þá er spurt um þekkingu.

En hinsvegar viljum við tryggja, að

meðan ríkið á verksmiðjuna, verði atvmrh. fengið nokkurt vald til íhlutunar um stj. hennar, og þann íhlutunarrétt teljum við veittan í hæfilegum mæli með því að hann velji 3 og hafni 3. En í skiptingunni milli sjómanna og útgerðarmanna um útnefningarrétt höfum við farið eftir því, hve stóra hlutdeild hvor aðili á í síldinni, sem til verksmiðjunnar fer.

Ég þykist þá hafa sýnt fram á, hverjar afleiðingar í þessu tilfelli hafa orðið af því að láta stjórnmálin í stað þekkingar ráða um forustu þessa fyrirtækis. Ég vil aðeins upplýsa, áður en ég lýk þessari framsöguræðu, að ég hygg, að stj. hafi haft fé af bændum á þeirri vöru, sem þeim er látin í té. Lögin frá 1929 mæla svo fyrir, að bændur skuli fá síldarmjöl við kostnaðarverði. Nú hafa bændur keypt 3500 sekki, en 8000 sekkir hafa verið seldir til útflutnings. Fyrir þessa 3500 sekki hafa bændur orðið að greiða 27,25 kr. fyrir sekkinn, en meðalnettóandvirði af þessum 8000 sekkjum hefir orðið 25,53 kr. Þannig hefir verið haft af bændum hátt á aðra krónu fyrir hvern sekk, eða allt í allt 6000 kr. Þetta er ekki afskaplega stór upphæð, en eftir því sem látið er af hæstv. atvmrh., hvenær sem rætt er um hagsmunamál bænda, hefði mátt ætla, að stj. hans færi ekki að hafa verulega upphæð af bændum og brjóta þannig lög landsins.

Ég vil fara fram á, að frv. verði að lokinni umr. vísað til sjútvn., og ég ætlast til þess, að hún heimti af aðiljum þessa máls full reikningsskil um það, hvað kostað hefir stofnun þessarar verksmiðju og hvernig rekstur hennar hefir farið úr hendi, svo að það megi þá sannast, að ég hefi ekki staðhæft hér annað um þá hluti en sem á fullum rökum er byggt.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég gerði ekki ráð fyrir að taka til máls við þessa umr., enda hafði ég ekki búizt við, að hv. flm. léti sér sæma að flytja aðra eins ræðu og þá, sem hann var nú að ljúka við. Hann hefir uppi harða ádeilu á síldarverksmiðju ríkisins, sem út af fyrir sig er leyfilegt, en um leið gerir hann sig sekan í þeirri fáheyrðu ósvinnu að bera fyrir sig tölur, sem gripnar eru úr lausu lofti og eru ekkert annað en ágizkanir. Og á þessum tölum byggir hv. þm. svo ádeilu sína. Hv. þm. veit það ósköp vel sjálfur, að hann fer hér með fleipur og staðlausa stafi og ágizkanir út í loftið, enda ber orðalagið: „ætla ég", „býst ég við að sé", „hygg ég" o. s. frv. vitni um það, og þó sérstaklega það, að hann að síðustu heimtar reikningsskil, sem hann hefði ekki þurft, ef hann tryði á skýrslu sína. Með því viðurkennir hann, að skýrsla hans sé ekki ábyggileg. (**ÓTh:** Eru tölurnar ekki réttar?). Þær eru vafalaust rangar, svo sem bráðlega mun koma á daginn. Hv. þm. getur ekki ætlazt til, að ég hafi allar tölur og upplýsingar viðvíkjandi þessum rekstri á takteinum fyrirvaralaust, og sízt þar sem skýrslur fyrirtækisins eru ekki enn komnar í stjórnarráðið. En það rétta hjá hv. þm. var það að krefjast þess, að n. fái full reikningsskil verksmiðjunnar í hendur, og það mun hún fá innan fárra daga. Þá mun það upplýsast, að hv. 2. þm. G.-K. hefir hlaupið á hundavaði með útreikninga sína. Hann hefði því vel getað beðið í nokkra daga með þessa speki sína, til þess að spara sér þá raun að verða staðinn að röngum og villandi skýrsluflutningi hér innan vébanda Alþingis. Annars skal ég ekki fara út í einstök atriði þessa máls, fyrr en fullar og óyggjandi tölur liggja fyrir um þetta efni.

Hv. 2. þm. G.-K. talaði um það, að engin stj. né eftirlit hefði verið með byggingu verksmiðjunnar. Þetta er tilhæfulaust með öllu. Landsstjórnin fól einum manni þetta eftirlit, manni, sem mjög vel var verkinu vaxinn og kunni auk þess margföldunartöfluna mun betur en sá flokksbróðir hv. þm., sem eitt sinn var fenginn til að starfa að undirbúningi verksmiðjubyggingarinnar. (**MG:** Þunnt argument!). Já, jæja, mér finnst nú, að ekki sé til of mikils mælzt, þótt háskólagengnir, hálærðir verkfræðingar, sem gefa sig út fyrir sérfræðinga og þykjast sitja inni með alla veraldarinnar vizku, geti a. m. k. margfaldað saman 5 og 19, svo að treystandi sé, sérstaklega þar sem heildarútkoma rannsóknarinnar skyldi byggjast á þessari margföldun. Maður skyldi því gjalda varhuga við útreikningum hv. 2. þm. G.-K., viðvíkjandi þessari stofn-

un, þar sem hann mun um flesta hluti standa hv. 1. landsk. að baki að gáfum, auk þess sem hann byggir útreikninga sína alls ekki á raunverulegum grundvelli, heldur ágizkunum einum. Annars var það rétt hjá honum, að það fór svo með þessa verksmiðju sem aðrar verksmiðjur í þessari grein, að hún varð fyrir stórkostlegu áfalli á árinu, vegna þess hve lýsið seldist illa, því að verðmunur lýsisframleiðslu verksmiðjunnar nam mörgum hundruðum þús. frá því, sem var, þegar verksmiðjan var sett á fót, og þar til lýsið var selt; svo að það þarf engan að furða, þótt verksmiðjan hafi orðið hart úti af þessum sökum. En hversu tapið nemur miklu á árinu, get ég ekki sagt að svo stöddu, fyrr en skýrslur verksmiðjustj. eru komnar mér í hendur, en sennilegast þætti mér samt, að þá tölu mætti margfalda með miklu hærri tölu en 5, til þess að fá út þá útkomu, sem hv. 2. þm. G.-K. fékk með útreikningum sínum. En það mun nú allt koma á daginn síðar. Hv. þm. hefir réttilega heimtað reikningsskil, og þau munu verða lögð fram, og hefðu verið lögð fram, hvort sem krafa hefði fram komið um það eða ekki.

Hv. 2. þm. G.-K. lét sér þau orð um munn fara, að stjórnmálaskoðanir og atvinnuþörf hefðu ráðið mestu um mannaval í stj. fyrirtækisins. Landsstjórnin skipaði ekki nema einn mann í stj. verksmiðjunnar (**ÓTh:** Réð þeim öllum.), og um þann mann get ég sagt, að ég hefi ekki hugmynd um, hvaða stjórnmálaskoðanir hann hefir, en hitt veit ég, enda hefir það reynzt svo, að maður sá er vel hæfur til þessara starfa. Hann hafði áður verið trúnaðarmaður fjölda smábátaútgerðarmanna á Suðurlandi, m. a. margra kjósenda hv. þm. Borgf., og það mun ekki ofmælt, að hann hafi notið fulls trausts þeirra, og það að maklegleikum. Þessi staðhæfing hv. 2. þm. G.-K. er þess vegna alveg út í loftið. Sama er að segja um þá fullyrðing hv. þm., að verksmiðjan hafi haft fé af bændum. Slíkt er svo fjarri öllu viti, að naumast er svara vert. Bændur áttu þess kost að fá mjöl hjá verksmiðjunni þannig, að verðið yrði ákveðið eftir á, en þeir óskuðu ekki eftir því að nota sér ákvæði laganna, heldur leituðu tilboða annarsstaðar. Ég tel víst, að S. Í. S. hefði keypt mjöl af „Kveldúlfi", ef það hefði komizt þar að betri kjörum, og er slíkt mjög að vonum.

Að endingu vil ég benda á eitt atriði í frv. á þskj. 155, sem sérstaklega þarf athugunar við. Það er vitanlegt, að Siglufjarðarkaupstaður hefir lagt stórfé í verksmiðjuna, en vitaskuld með því fororði, að hann fengi einhverja íhlutun um stj. fyrirtækisins, sem reyndar er alveg sjálfsagt og sanngjarnt. Ég ætla, að framlag Siglufjarðar til verksmiðjunnar nemi hátt á þriðja hundrað þús. kr., og ég vil benda hv. þdm. á, að fyllsta sanngirni mælir með því, að kaupstaðurinn fái einhvern íhlutunarrétt, e. t. v. ekki eins mikinn og nú er, en í öllu falli einhvern.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Jónsson [óyfirl.]: Ég vil segja það hv. sjútvn., að landbn. þessarar d. hefir borizt erindi frá Búnaðarfélagi Íslands, sem er í þá átt, að það er þessu frv. viðkomandi. En þegar n. var að því komin að ganga frá þeirri till., þá tók hún eftir því, að í frv. er farið fram á samskonar breyt. og fólst í till. Búnaðarfélagsins. Það er aðeins gengið skemmra í frv., því að þar er farið fram á, að takmarkið sé 1. sept., en Búnaðarfélagið vill hafa það 10. sept.

Ég tek þetta fram hv. sjútvn. til athugunar, og held ég, að væri hyggilegt fyrir hana að fá þessi plögg hjá landbn., og ég býst við, að landbn. verði fús til að lána sjútvn. þau, ef hún óskar. Það er líka ýmislegt fleira, sem hér er farið fram á, að breytt verði, sem er sjálfsagt, að sú n. athugi, sem þetta mál fær til meðferðar. En vilji hv. sjútvn. ekki taka þessar till. til greina, t. d. að þetta takmark verði fært til 15. sept., þá leyfist mér sjálfsagt að koma með brtt.

Flm. (Ólafur Thors): Ég gerði í gær nokkra grein fyrir þeim breyt., sem þetta frv. felur í sér, og ég verð að segja það, að ég varð gersamlega undrandi yfir þeirri svarræðu, sem hæstv. atvmrh. lét sér þá sæma að flytja. Hæstv. ráðh. stóð

upp og talaði af svo miklum þjósti, að það var jafnvel óvenjulega mikið fyrir hann, og er þá mikið sagt. Hann sagði, að allar þær tölur, sem ég hafði farið með, væru í lausu lofti og hringavitlausar, og síðan segir hann, alveg í sömu andránni, að hann hafi engar upplýsingar fengið í þessu efni og viti ekkert, hvað þar hafi gerzt, „og hvernig á ég að geta vitað nokkuð um afkomu síldarverksmiðju norður á Siglufirði", segir hæstv. ráðh. Það er út af fyrir sig nokkuð einkennilegt, að hæstv. ráðh. skuli fullyrða, að það, sem maður, sem er kunnugur þessum málum, segir, sé hringavitleysa, og segja svo um leið, að hann viti ekkert sjálfur, hvað sé rétt og hvað sé rangt í þessu máli.

Allt, sem ég hefi gert í þessu máli, var að flytja nú við 1. umr. málsins þær upplýsingar, sem þar áttu heima og þar áttu að koma fram. Ég gaf skýrslu um afkomu þessa fyrirtækis, sem rekið er fyrir ríkisfé, skýrslu, sem hæstv. atvmrh. hefði sjálfur átt að gefa. Ég byggði á tölulegum grundvelli, sem er lítt hrekjanlegur, ef ekki óhrekjanlegur. Ég tók þær tölur viðvíkjandi stofnkostnaðinum, sem fjmrh. hefir sjálfur gefið. Á grundvelli þess stofnkostnaðar reiknaði ég út þau gjöld, sem lög nr. 42 frá 1929 gera ráð fyrir. Þar getur því ekki verið um villur að ræða. Þar við bætti ég kaupverði á þeim tómum tunnum og sekkjum, sem ég veit, að verksmiðjan hefir þurft að kaupa sem umbúðir um þær vörur, sem hún hefir selt. Ég veit vel um verð á slíkum umbúðum, því að ég hefi sjálfur þurft að kaupa þær. Hér getur því ekki verið um mikla villu að ræða.

Þá er síðasti útgjaldaliðurinn, kostnaðurinn við að breyta síldinni í mjöl og lýsi. Það er ekki heldur rétt, að ég hafi farið villur vegar þar. Í þeim efnum hefi ég langa reynslu, þar sem ég hefi sjálfur stjórnað síldarverksmiðju í mörg ár. Og þó að þar kynni að skakka eitthvað lítilsháttar, þá getur það ekki gert stórkostlegan mun í útkomunni, þar sem þessi kostnaður er ekki nema 20% af öllum kostnaðinum. Af þessu öllu sést, að í útgjaldaliðunum eru ekki skekkjur, svo að nokkru nemi.

Að því er tekjuliðina snertir, þá hefi ég einnig þar borið fram óhrekjanlegar staðreyndir. Mér er kunnugt um, hvað mikla olíu verksmiðjan framleiddi, og ég veit, hvaða verð var á olíunni. Ég veit líka um verð á nokkrum hluta mjölsins, og um hinn hlutann hefi ég áætlað verðið og þori að fullyrða, að þar skakkar ekki neinu sem nemur.

Þessi útreikningur allur hefir því við svo mikil rök að styðjast, að þar geta ekki verið neinar skekkjur, sem nokkru varðar. Nú segir hæstv. ráðh. með þjósti miklum, að þetta sé allt handvitlaust. Ég sé enga afsökun fyrir slíkri fullyrðingu nema þá, að hann hafi ekkert vit á þessu, eins og hann sjálfur sagði. Það er þó lítil afsökun, þótt raunar að skárra sé að vera fávís heldur enn forhertur. Hinsvegar verð ég að segja það, að það er undarlegt, að hæstv. ráðh. skuli ekki vera kunnugri en þetta afkomu þessa fyrirtækis, sem hann veit þó, að ríkið hefir lagt allt að 1½millj. kr. í og auk þess er rekið fyrir ríkisfé. Og því fremur, sem hæstv. ráðh. ber sjálfur höfuðábyrgðina á starfrækslu þessarar verksmiðju.

Það er skortur á þeirri ábyrgðartilfinningu, sem hver ráðh. verður að hafa gagnvart ríkissjóði, að ráðh. telji sér samboðið að standa upp og segjast hafa vanrækt að afla sér upplýsinga um afkomu slíks fyrirtækis. Og sá maður er ekki fær um að vera ráðh., sem ekki getur farið nærri um afkomu þessa ríkisfyrirtækis án þess að fá sundurliðaðar upplýsingar frá öðrum.

Hæstv. ráðh. vildi afsaka þessa bágbornu rekstrarniðurstöðu síldarverksmiðjunnar með því, að allir, sem ekki hefðu selt fyrirfram, hefðu tapað. En ég get sagt um þá verksmiðju, sem ég stjórna, að hún tapaði engu á árinu, jafnvel þó að miðað sé við 6 kr. verð á hverju máli af síldinni. Hér hefir því tekizt óvenjulega óhönduglega.

Ég ætla ekki að fara að deila um það við hæstv. ráðh., hvort bændur hafi hér sætt verri kjörum en lög stóðu til. En ef hæstv. ráðh. flettir upp í fyrri umr. um þetta mál, þá lagði hann sjálfur þá skýringu í lögin, að bændur ættu ekki að greiða nema það verð, sem á sínum tíma

reyndist að vera meðalverð verksmiðjunnar. En ef hæstv. ráðh. unir því, að bændur greiði þetta verð fyrir þetta lélega mjöl, þá verð ég að segja, að umhyggja hans fyrir bændunum er ekki eins mikil og hann oft lætur.

Um stj. fyrirtækisins vil ég árétta það, sem ég sagði í gær, að það er ekki nóg, þó að einn hæfur maður sé í stj.

Hæstv. ráðh. hefir gert sig sekan í því að hafa beitt sér gegn því, að þeir, sem eiga alla sína afkomu undir rekstri verksmiðjunnar, fái nokkru að ráða um stj. hennar. Í framkvæmdinni hefir það orðið svo, að stj. verksmiðjunnar er að miklu leyti í höndum ókunnugra og óhæfra manna, til stórtjóns fyrir alla viðskiptavini verksmiðjunnar.

Ég vil svo að lokum vænta þess, að hæstv. ráðh., sem mér skilst, að hafi aflað sér upplýsinga síðan í gær, leggi fram tölulegar upplýsingar, sem hrekja þá skýrslu, sem ég gaf. Ég hygg, að mín skýrsla verði ekki hrakin, en þó þætti mér nærri skárra, að hún léti undan í einhverju en að vita til þess, að atvmrh. Íslands léti sér sæma í slíku stórmáli að rísa upp með öðrum eins bægslagangi og hæstv. ráðh. gerði í þessu máli í gær, ef svo kæmi á daginn, að tilefnið hefði ekki verið annað en sannleikurinn einn, þó beiskur sé.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég veit ekki nema ég þurfi að fara að temja mér að breyta um málróm, þegar ég beini máli mínu til hv. 2. þm. G.-K., fyrst honum þótti ég tala af svo miklum þjósti í ræðu minni í gær. Ég get sagt hv. þm. það, að það var hreinn misskilningur, að ég talaði þá af nokkrum þjósti, en hinsvegar get ég ekki neitað því, að ég var hissa á ræðu hv. 2. þm. G.-K, m. a. vegna þess, að hann er form. í félagi ísl. togaraeigenda og getur því talað af hálfu útgerðarmanna. Þess vegna verður að krefjast þess, þegar hann kemur fram sem slíkur, að hann hafi athugað vel það mál, sem um er að ræða. Þess vegna er það nokkuð einkennilegt, að jafnframt því, sem hann kemur með skýrslu og ákveðnar tölur í slíku máli og fullyrðir, að þær séu réttar, þá kemur fram hjá honum tvennt jafnhliða. Í fyrsta lagi segir hann hvað eftir annað: „Ég býst við, að það sé svona“, og „ég ætla, að þetta muni vera svona“, og svo í öðru lagi endar hv. ræðumaður á því, sem er alveg rétt, að hann óskar eftir skýrslu og grg. um málið af hendi þess opinbera, sem er auðvitað skyldugt til að láta slíka grg. í té. En hvers vegna þarf hv. þm. að fá þessa skýrslu, ef hann hefir haft allar þessar tölur réttar og á reiðum höndum? Ég er alveg undrandi á þessum mótsetningum í ræðu hv. þm., sem er annars rökvís og skýr maður og er nú, eins og það er kallað, að „filma“ fyrir kosningarnar. Sá partur ræðu hans, sem þessar fljótfærnislegu tölur voru í, svo að ekki sé kveðið fastara að orði, fór vel í munni hans, en þar sem hann kom fram sem form. ísl. botnvörpuskipaeigenda, þá hefði hann átt að láta sér nægja að heimta skýrsluna um rekstur verksmiðjunnar, sem hann áreiðanlega mun fá.

Hv. þm. lagði mér ennfremur þau orð í munn, að ég hafi sagt: „Hvernig á ég að vita um afkomu þessarar verksmiðju?“ Og í því sambandi sagði hann, eins og er alveg rétt, að það mætti ekki eiga sér stað, að atvmrh. fylgdist ekki með rekstri slíks ríkisfyrirtækis. En gallinn á þessu hjá hv. þm. er bara sá, að ég sagði aldrei, að ég vissi ekkert um rekstur verksmiðjunnar. En ég sagði, þegar hv. þm. kom með sundurliðaðar tölur yfir allt, tunnuverð á þessum mánuði og síldarverð á þessum mánuði, og skal játa það nú aftur, að ég er ekki svo vel að mér í þessu efni, að ég hafi á reiðum höndum svar við því, hvort tunnuverðið var 5 aurum meira í júlí eða verð á síld 5 aurum meira í ágúst. (**ÓTh:** Eiga þessir 5 aurar að gera allan muninn?) Þegar um mörg hundruð þús. kg. er að ræða, þá getur það gert mikinn mun.

Ég skal fúslega játa það, að ég er kunnugri öðrum málum, af þeim, sem undir mitt ráðuneyti heyra. Það vita allir, að ég hefi fyrst og fremst hugsað um landbúnaðinn og framfarir á þeim atvinnuvegi.

Í þessu sambandi vil ég segja það, þó að ég geri ráð fyrir, að það hneyksli

suma, að ég álít, að taka megi til athugunar, hvort það sé rétt að hafa aðeins einn ráðh. fyrir atvinnumálin. Þess væri full þörf að hafa tvo ráðh. fyrir atvinnumálin, annan fyrir landbúnaðinn, en hinn fyrir sjávarútveginn. Mér er það ljóst, að á báðum þessum sviðum er svo mikil þörf góðra forgöngumanna, að það er nauðsynlegt, að hvor atvinnuvegurinn fyrir sig hafi sinn ráðh., sem getur þá eingöngu helgað atvinnuveginum starf sitt. Og ég get mjög vel játað það, að í þessu efni hefi ég lagt meiri vinnu í það, sem að landbúnaðinum lýtur heldur en sjávarútveginum; það er á allra vitorði. En það, sem hv. þm. sagði, að það væri vítavert gáleysi, að ég skuli enga hugmynd hafa um rekstur þessa fyrirtækis, þá er það alls ekki rétt, að ég hafi enga hugmynd um það. Ég gat komið því við að koma þangað á þeim tíma, sem verksmiðjan starfaði, og skoðaði hana, eftir því sem ég hafði þol til, en þá var ég nýstaðinn upp úr veikindum og þoldi því ekki vel hið illa loft, sem er í þeim salarkynnum, þegar verksmiðjan starfar, og eftir þeirri reynslu, sem ég hefi fengið af þeim mönnum, sem fyrir verksmiðjunni standa, þá þori ég vel að reiða mig bæði á þá og líka þá, sem verksmiðjuna reistu, og fannst því óþarfi að vera sjálfur með nefið niðri í hverjum dalli og hverri kyrnu, eins og hv. 2. þm. G.-K. vill vera láta.

Ég skal segja hv. þm. það, að eftir nokkra daga kemur formaður stjórnar verksmiðjunnar hingað, og mun hann þá ásamt starfsmanni verksmiðjunnar, sem er hér í bænum nú, ganga frá skýrslu um rekstur verksmiðjunnar, sem sjútvn. mun svo fá í sínar hendur.

Ég hefi nú síðan í gær séð drög til skýrslu um verksmiðjuna, sem ennþá er þó ekki fullgengið frá. Sú skýrsla sýnir og segir, að rekstrarkostnaður verksmiðjunnar nú á fyrsta ári muni vera, sem er ekki heldur neitt undarlegt, nokkru meiri en búast má við, að hann verði síðar. Það er ekkert undarlegt, þó að við verðum á því sviði sem öðrum að greiða kennslugjald. Það verður ekki hjá því komizt, hvort sem um verkun á síld er að ræða eða eitthvað annað.

Rekstrarhalli verksmiðjunnar er eftir þeirri skilgreiningu, sem ég hefi fengið, eitthvað um 65 þús. kr., en ekki svipað því eins mikill og hv. þm. nefndi; hann nefndi 350 þús. kr.

Viðvíkjandi þeim lauslegu tölum, sem hv. þm. nefndi viðvíkjandi stofnkostnaði verksmiðjunnar, þá vil ég segja það, að þær voru vægast sagt villandi, þar sem hann ber saman þá upprunalegu áætlun og þann raunverulega stofnkostnað, án þess að taka tillit til þess, hvenær og hvernig verkið var framkvæmt.

Ég vil segja frá því, hv. sjútvn. til athugunar, að hv. landbn. hefir borizt erindi í þá átt, að tímatakmarkið verði fært til 10. sept. Landbn. hefir tekið þetta erindi til athugunar, en í gær, þegar að því var komið, að n. gengi frá því, þá tók n. eftir því, að þar var farið fram á breyt., sem flutt er í frv.

Það komu fyrir hlutir, sem ómögulegt var að vita fyrir. Eini sinni gerði mikið óveður á Siglufirði og eyðilagðist þá bryggja, sem kostaði 60 þús. kr. (ÓTh: Hún hefir sennilega verið vátryggð). Nei, hún var ekki vátryggð. Og ég býst við, að ekki sé hægt að vátryggja bryggjur á þessum stað. Þar beið verksmiðjan, eins og ég sagði, 60 þús. kr. tjón. Svo voru og liðir, sem fóru fram úr kostnaði, eins og hann var áætlaður í upphafi, t. d. olíugeymirinn. Hann kostaði 70—80 þús. kr.

Sú ásökun þm., að verksmiðjan hefði átt að vera til fyrr, hefir ekki við mikil rök að styðjast. Því var lýst yfir á þinginu 1928, að ekki mætti reisa hana fyrr en stefna hennar um reksturinn væri að fullu mörkuð. Hv. þm. og flokkur hans sá fyrir því, að afgreiðsla málsins fékkst ekki fyrr en í þinglok 1929.

Margt var svo, sem hjálpaðist að um að tefja framkvæmdir verksins. T. d. lagðist vetur óvenjusnemma að haustið 1929 á Siglufirði. Sást þar ekki á dökkan díl frá 18. sept. '29 til 3. júní 1930. Urðu vegna þess allar framkvæmdir dýrari og erfiðari. Þess vegna, því miður, þótt verkinu væri flýtt eins og frekast var unnt og töluvert lagt í kostnaðinn, gat verksmiðjan ekki tekið til starfa fyrr en raun varð á. Sennilega hefði tapið

orðið enn meira, ef verksmiðjan hefði tekið fyrr til starfa og keypt meira af síld.

Það er mjög ranglátt að álasa stj. verksmiðjunnar, því að ekki gat hún vitað slíkt verðfall fyrirfram. Ég býst við, að ég muni það rétt, að slíkt verðfall á síldarolíu hafi ekki átt sér stað, síðan farið var að starfrækja síldarverksmiðjur á Íslandi.

Þá sagði hv. þm., að aðeins einn maður væri þó góður í stjórn verksmiðjunnar. En það vill nú svo einkennilega til, að það er einmitt sá maðurinn, sem ég valdi. Og ég vil í þessu sambandi skjóta því til hans, hvort hann vilji ekki bera fram frv. þess efnis, að ég velji alla stjórnina. Heldur þessi hv. þm., að áheyrendurnir taki hann alvarlega, þegar hann segir, að ég hafi meiri áhuga fyrir síld en landbúnaði?

Ég hefi nú nefnt aðalniðurstöðurnar og hrakið lið fyrir lið það, sem hv. þm. sagði. Og ég hefi einnig getið þess, að innan fárra daga muni koma skýrsla frá stjórn verksmiðjunnar og mun sú skýrsla að sjálfsögðu verða lögð fyrir sjútvn. En þar á hv. þm. sæti. Og að fengnum öllum upplýsingum um rekstur og stofnun verksmiðjunnar getum við svo fengið gott tækifæri til að deila um þetta atriði.

Magnús Guðmundsson: Ég tók eftir því, sem hæstv. forsrh. sagði, að 65 þús. kr. rekstrarhalli hefði orðið á síldarbræðslunni síðastl. ár. En út af þessu vil ég einnig spyrja hann, hvort verksmiðjan sé búin að greiða til ríkissjóðs það, sem hún á að greiða samkv. lögunum frá 1929.

Ef þessar greiðslur hafa ekki fram farið, þá fer ég að verða hræddur um, að hv. 2. þm. G.-K. hafi áætlað of lágt. Ég skal nú geta þess, að sjálfur hefi ég ekki skýra hugmynd um, hvað rétt er í þessu máli. En ég hefi þá trú, að ekki skakki mjög miklu frá því, sem hv. 2. þm. G.-K. segir, því að allir vita, að hann er gagnkunnugur þessum málum.

Ég fyrir mitt leyti get vel beðið eftir skýrslu stj. verksmiðjunnar, en mér þykir leiðinlegt, að hæstv. ráðh. skuli ekki geta gefið nánari upplýsingar um þetta, eftir að hafa átt tal við stj., þó ekki sé nema í síma, úr því að forstjórinn er ferðbúinn suður hingað með öll plöggin. Ennfremur vil ég spyrja, hvort ríkið eigi nú fé í láni hjá verksmiðjunni, og ef svo er, hve mikið, og einnig hvort tilgangurinn sé sá, að ríkið fái þetta fé aftur. Ég vildi sem sagt fá greinilegt yfirlit yfir það, hvernig ástatt er um hag verksmiðjunnar, en jafnframt býst ég tæplega við, að það sé hægt.

Það var sagt á þingi 1929, að það væri ekki hættulegt fyrir ríkið að fást við síldarbræðslu; enginn átti svo sem að bíða skaða af því. Nú er annað orðið uppi á teningnum.

Þá þykir mér næsta undarlegt, að hæstv. ráðh. skuli telja það óeðlilegt, að bryggjur bili á Siglufirði. Það er nú ekki sérlega óvenjulegt, því það kemur víst varla það ár fyrir, að ekki bili bryggjur þar. Hæstv. ráðh. talaði um, að þetta óhapp gæti orðið okkur einskonar kennslugjald. Ég má segja að það var tekið fram strax í byrjun, að það gæti orðið nokkuð hátt þetta kennslugjald í síldarbræðslu.

Ég hefi heyrt, að hæstv. ráðh. hafi lýst yfir því á búnaðarþinginu, að verðfallið á síldarmjöli hafi numið 360 þús. kr. frá því verksmiðjan tók til starfa og þangað til sala fór fram. Hæstv. ráðh. getur leiðrétt þetta, ef ég fer ekki rétt með, en svona var mér flutt það.

Ég tel líklegt, að ef einstakir menn hefðu orðið fyrir slíku tjóni á síldarbræðslunni og ríkissjóður, þá hefðu þeir farið á hausinn. Og þá þykir mér og sennilegt, að í „Tímanum“ hefði sézt, að einn „braskarinn“ enn hefði farið á hausinn. Þetta ætti að kenna þeim mönnum, sem mest tala um óstjórn á atvinnuvegunum, að það er ekki alltaf brask, sem kemur mönnum til að fara á hausinn.

Ég ætla ekki að fara að lasta stjórn verksmiðjunnar; til þess þekki ég ekki rökin nægilega. En ég vil að lokum segja það, að það er ranglátur dómur, ósanngjarn dómur og óverðskuldaður dómur, að allir, sem illa fer fyrir fjárhagslega, séu braskarar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég er hálfhissa á ofsóknum hv. 1. þm. Skagf. og hv. 2. þm. G.-K. og að þeir skuli ekki geta beðið þangað til þessi gögn verða lögð fyrir sjútvn., þar sem svona stutt er þangað til þetta kemur allt fullkomlega á daginn. Þetta kom að vísu fram í ræðu hv. 1. þm. Skagf. Hann sagði það í sambandi við ákveðna fyrirspurn, að hann gæti vel beðið. Til hvers er þá að spyrja? Er ekki eðlilegt að bíða?

Hinsvegar skal ég játa það, að mér finnst það ranglát ágengni, að verksmiðjan borgi fyrningargjald áður en hún er fulltilbúin. Verksmiðjan starfaði ekki nema með hálfum krafti fyrri hluta síðastl. starfsárs, og aldrei með fullum krafti. Það virðist því ranglátt, að hún borgi öll gjöld á fyrsta ári. Og mér finnst rétt að láta sama gilda um síldarverksmiðjuna norðanlands eins og um mjólkurbúin hér sunnanlands. Það var talið rangt meðan þau voru ekki komin á fót, að krefja þau afborgana.

Þá spurði hv. 1. þm. Skagf., hvort ríkið ætti fé hjá verksmiðjunni. Ég veit ekki betur en hún hafi fengið allt sitt rekstrarfé að láni hjá Landsbankanum eða bönkum.

Það er rétt hjá hv. þm., að ég talaði um verðlækkun afurðanna, sem orðið hafði, á búnaðarþinginu. Mig minnir, að hún hafi verið eitthvað yfir 300 þús. kr. Annars man ég það ekki greinilega nú. En víst er um það, að hún var geysimikil.

Það er rétt, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, og allir raunar vissu, að það hefir sýnt sig, að það er meiri áhætta að starfrækja síldarverksmiðju en haldið hafði verið fram í upphafi. Kunnugir sögðu, að sala afurða væri svo trygg, að hægt væri að álíta þetta mikla fyrirtæki áhættulítið. Og ég býst við, að þeir hafi haft rétt fyrir sér að því leyti, að ekki hafi komið svona mikið verðfall á síldarafurðum í sögu verksm. á Íslandi, að því líkt verðfall hafi á einu ári orðið á síldarolíu.

Annars mun hv. þm. vita, að ég var ekki hvatamaður þess, að síldarverksmiðjan væri stofnuð. Það var maður, sem þekkti þessi mál betur en ég. Það var Magnús heit. Kristjánsson fyrrv. ráðh. Hann áleit þetta skyldu og mestu nauðsyn fyrir sjávarútveginn. Ég er vanari að bera fram kröfur fyrir landbúnaðinn. En hitt held ég, að mér sé jafnóhætt að fullyrða, út frá viðtali við þann mann, sem einna bezta þekkingu mun hafa á þessum málum, að það hafi þegar komið í ljós, þrátt fyrir þessi töp verksmiðjunnar, að hún hafi gefið ríkissjóði svo miklar óbeinar tekjur og orðið að svo miklu beinu og óbeinu gagni, að ekki beri að telja eftir eða iðrast eftir, að ríkið rétti sjávarútveginum þessa hjálparhönd.

Það er náttúrlega alltaf hægt að ráðast að þeim mönnum, sem stjórna, á samkomu, þar sem margir hafa meira og minna takmarkaðan kunnugleika á hlutum þeim, sem um ræðir. Það er hægt að segja, að mistök hafi átt sér stað, og mér dettur ekki í hug að halda, að þeir menn, sem verksmiðjunni stjórna, séu syndlausir. En eftir að hafa talað við ýmsa trúnaðarmenn sjávarútvegsins, sem þessum málum eru kunnugir, þá verð ég að álíta, að þessum mönnum hafi farið mjög vel úr hendi starfið við þetta dýra en góða fyrirtæki.

Flm. (Ólafur Thors): Hæstv. ráðh. virtist telja það einhverja höfuðsök hjá mér að nota orðatiltækin „ég býst við", „ég ætla". Nú ætla ég að ráðh. viti, að þetta er algengt í ísl. máli sem fullyrðing. Hæstv. ráðh. veit, að þetta er gömul íslenzk málvenja. Ennfremur virðist hann eiga bágt með að skilja það, að ég skuli vera að heimta skýrslu. Ég er nú satt að segja alveg hissa á hæstv. ráðh. Hann hlýtur þó að sjá, að það er notalegt fyrir mig, sem af eigin rammleik get reiknað þetta út, að fá mína skýrslu staðfesta af skýrslu stj. verksmiðjunnar.

Það er þó ekki mín vegna, ég þarf ekki skýrslu. En það eru Tómasarnir í deildinni, sem þurfa að fá skýrslu, svo að þeir að lokum, eftir að hafa þreifað á, geti fengið trúna. Þetta ætti hæstv. ráðh. að geta skilið, að fyrir mér hlaut að vaka.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég væri að leika kosningaleik.

Hæstv. ráðh. færði það sem afsökun

fyrir fáfræði sinni í þessum málum, að hann væri kunnugri öðrum þætti atvinnulífsins. Og hann sýndi líka ágætt dæmi þess, hve gersneyddur hann er allri þekkingu á því, er að síld lýtur.

Hann sagði, að það gæti vitanlega skakkað miklu, ef síldin lækkaði eða hækkaði um 5 aura pd. Ég er nú ekki frá því. Það munar sem sé 13,50 kr. á síldmálinu, eða 800—900 þús. kr. á allri umsetningu verksmiðjunnar síðastl. ár.

Ég skal strax játa því, að ég gerði ekki mikla kröfu til þekkingar hjá hæstv. ráðh. En mér fellur illa, að svona mikil fáfræði og aðrar eins reginfirrur og þessar skuli koma úr sæti forsætisráðherra Íslands.

Annars get ég tekið undir það með honum, að við slíkar verksmiðjur sem þessa er margt nokkuð kostnaðarsamt á fyrsta ári, og ég hefi því haft hliðsjón af því við gagnrýni á starfseminni. En því fer mjög fjarri, að í þessu liggi nokkur veruleg afsökun fyrir öllum þeim mistökum, sem á hafa orðið. Þau eru svo mörg og stórvægileg, að ég sé ekki að þau verði réttlætt, enda stafa þau að mestu af fáfræði þeirra, sem stjórna fyrirtækinu. Ég hefi rakið lið fyrir lið rekstrarafkomu bræðslustöðvarinnar, og verður engu af því, er ég hefi sagt, hnekkt með sanni. Það skal sannast innan skamms, þótt hæstv. ráðh. vildi eigi trúa orðum mínum í gær, að síldin hefir í höndum verksmiðjustjórnarinnar orðið minna en einskis virði. Það þarf því annaðhvort óvenjulega fáfræði eða þá óvenjuleg brjóstheilindi til þess að geta sagt það úr sæti forsrh., að stjórn verksmiðjunnar hafi yfirleitt farið stjórnendum hennar vel úr hendi.

Eitt mikilsvert atriði kom fram í ræðu hæstv. forsrh. Hann taldi halla á rekstri verksmiðjunnar 65 þús. kr., í stað þess að ég sýndi fram á í gær, að hann væri a. m. k. 350 þús.

Hv. 1. þm. Skagf. spurði þá, hvort hann reiknaði með gjöldum verksmiðjunnar þau lögboðnu gjöld, sem henni bar að greiða á árinu. Hæstv. ráðh. fékkst nú ekki til að skýra beinlínis frá, hvort svo væri eða ekki, en af orðum hans mátti ráða, að hann hefir ekki talið þau með. Enginn barðist þó fastar fyrir því á þingi 1929, að þessi gjöld væru lögð á rekstur hvers árs, heldur en hæstv. forsrh. Ef hæstv. ráðh., nú á fyrsta rekstrarári verksmiðjunnar, vill ekki telja með útgjöld, sem hann sjálfur barðist fyrir að lögfesta á þinginu 1929, bara af því árið var verksmiðjunni óhagstætt vegna illrar stjórnar, og af því hann óttaðist pólitískar afleiðingar af því fyrir sig, ef hið rétta kæmi í ljós um afkomu hennar, þá er hér um óvenjulega fimleikaraun að ræða hjá honum. Tekur hún jafnvel fram snúningi hæstv. stj. í Íslandsbankamálinu í fyrra.

Það er firra hjá hæstv. forsrh., ef hann vill halda því fram, að ekki sé ástæða til að láta verksmiðjuna greiða hin lögákveðnu gjöld árið sem leið, af því það var fyrsta rekstrarár hennar. Henni bætast ekki neinir nýir gjaldstofnar til næsta árs, en á rekstur hennar á því ári verður að leggja öll lögboðin gjöld, sem því ári heyra til. Ef lögboðin gjöld þessa árs eru ekki færð á rekstrarreikning þessa árs, verða þau að koma á næsta ár, og yrði það ár þá að bera tvöföld lögleg gjöld á því ári, en ég sé enga skynsamlega ástæðu til slíkrar reikningsfærslu. Hitt er svo annað mál, hvort þau gjöld hafa verið ákveðin of há. Ég fyrir mitt leyti álít, að svo hafi verið.

Ég skal upplýsa það, að ef skilja ber orð hæstv. forsrh. þannig, að hann telji verksmiðjunni ekki til útgjalda þær samtals 15% greiðslur af stofnkostnaði verksmiðjunnar til ríkisins, sem hann sjálfur vann að að lögfesta, þá skakkar það um 340 þús. kr. Nú taldi hæstv. ráðh. samt 65 þús. króna halla á rekstri verksmiðjunnar, svo eftir því hefir útkoman verið enn verri heldur en mér reiknaðist til. Sýnir það, að ég hafði á réttu að standa í gær, þegar ég sagðist alstaðar þar, sem ekki var fullkomlega vitað um útsöluverð verksmiðjunnar, hafa reiknað þannig, að útkoman mundi alls ekki verða betri en ég gerði ráð fyrir.

Það getur verið, að ég hafi sýnt ósanngirni í því að taka ekki til greina þann skaða, sem verksmiðjan varð fyrir meðan verið var að byggja hana. Ég veit ekki hvort hægt er að vátryggja fyrir slíkum óhöppum, og það er rétt að taka tillit til

þess kostnaðarauka, sem ekki hefir verið gert ráð fyrir í hinni upphaflegu áætlun. En þessi aukakostnaður nemur litlu á móti þeim 700 þús., sem verksmiðjubyggingin hefir farið fram úr áætlun.

Mér dettur ekki í hug að fella neinn undan sökinni af þeim, sem að byggingu verksmiðjunnar stóðu. Þar var hver höndin upp á móti annari, allir voru jafnófærir til starfsins, einnig maðurinn sem hæstv. forsrh. nefndi. Þetta var alkunnugt þar nyrðra, og hvað sem líður kunnugleika hæstv. forsrh. á þessu máli, þá þykir mér ólíklegt, að jafnnæmur maður á annara misgerðir og starfsbræðir hans, hæstv. dómsmrh., hafi ekki a. m. k. tekið eftir því.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki neitt undarlegt, þótt verksmiðjan hefði tekið seint til starfa, hann hefði talið fásinnu að byrja á framkvæmdum áður en búið var að setja lög um, hvernig átti að starfrækja hana. Hæstv. ráðh. er víst gleymnari en ég hefi álitið. Hann margendurtók það á þinginu 1928, að engin nauðsyn væri að skipulagsbinda starfsemi verksmiðjunnar á því þingi; það, sem riði á, væri það, að ákveða að byggja verksmiðju og koma verkinu áleiðis. Nú kemur sami hæstv. ráðh. og segir, að ekki hafi verið neitt vit í að fara að byggja verksmiðjuna fyrr en búið var að setja reglur um, hvernig hún ætti að starfa. Þetta er nokkuð mikið ósamræmi.

Það kann að vera rétt hjá hæstv. forsrh., að tap verksmiðjunnar hefði orðið meira, ef hún hefði byrjað fyrr að taka á móti síld, því gera má ráð fyrir, að stjórn verksmiðjunnar hefði farið hinu sama fram, hvort sem um meira eða minna var að tefla. En aðrar verksmiðjur, sem þó greiddu sæmilegt verð fyrir síldina, töpuðu engu. Og ríkisverksmiðjan hefði heldur ekki þurft að tapa neinu, ef henni hefði verið vel stjórnað.

Hæstv. forsrh. sagði, að ekki væri ástæða til að harma það tap, sem orðið hefði á verksmiðjunni síðastl. ár, því sú blessun, sem hún hefði þegar orðið fyrir sjómannastéttina og atvinnulíf þjóðarinnar, væri miklu meira virði. Þetta fellur nú ekki vel saman við þau ummæli hæstv. ráðh., að það hefði ekki orðið til annars en að auka tapið á verksmiðjunni, ef hún hefði byrjað fyrr að starfa. Hinsvegar dettur mér ekki í hug að neita því, að það er mjög gott fyrir síldarútveginn, að verksmiðjan er komin upp. En það réttlætir alls ekki þau afglöp, sem orðið hafa á stjórn og rekstri hennar.

Menn voru sammála um það á þinginu 1928, að það þyrfti að koma upp síldarbræðsluverksmiðju. En menn voru ekki sammála um, hvaða skipulag ætti að hafa á rekstri hennar og hvort ríkið ætti að eiga hana. Samskonar deila varð um rekstrarfyrirkomulag og stjórn hennar á þinginu 1929. Menn greindi m. a. á um það, hvort hin pólitíska valdstjórn skyldi skipa stjórn verksmiðjunnar, eða hvort útgerðarmennirnir, sem henni var ætlað að vinna fyrir, skyldu gera það. Hæstv. forsrh. barðist fyrir því skipulagi, sem ofan á varð. Þess vegna eiga allir hv. þm. hlutdeild í heiðrinum af beirri blessun, sem verksmiðjan gerir sjómönnum og útgerðarmönnum að sögn hæstv. ráðh., en aftur á móti ber hæstv. stj. og hennar stuðningsmenn alla ábyrgð á þeirri bölvun, sem af skipulagi og stjórn verksmiðjunnar hefir leitt.

Þá sagði hæstv. ráðh., að ég hefði talið einn góðan mann í stjórn verksmiðjunnar, og það væri einmitt maðurinn, sem hann sjálfur hefði valið. Það er að vísu rétt, að þessi maður er álitinn bæði duglegur og ráðvandur. En hann vantar þar fyrir alla þekkingu á rekstri síldarbræðsluverksmiðju. Og þó hæstv. ráðh. hafi þarna hitt á góðan mann, er tæplega hægt að færa honum það til heiðurs. „Oft ratast kjöftugum satt á munn", segir máltækið, og þó maður, sem alltaf er að skipa í stöður, hitti einu sinni á góðan mann, er honum það varla þakkandi. Og þessi staðreynd léttir ekki af ráðh. þeirri ábyrgð, sem af því leiðir, að hann barðist fyrir því skipulagi á stjórn verksmiðjunnar, sem leitt hefir til þess, að óverjandi afglöp hafa verið framin sakir þekkingarskorts stjórnendanna.

Hæstv. ráðh. var eitthvað að tala um, að hann bæri ekki ábyrgð á síldarverksmiðjunni (**Forsrh.**: Ég sagðist ekki hafa átt frumkvæði að byggingu hennar). Mér virtist hæstv. ráðh. vilja velta allri ábyrgðinni af sér yfir á látinn starfsbróður. (**Forsrh.**: Hinn látni ber ekki ábyrgð

á því, sem gert er eftir dauða hans). Hæstv. forsrh. viðurkennir þá, að hann ber ábyrgðina á skipulagi verksmiðjunnar, sem orsakar, að meiri hlutinn af stjórn hennar er í höndum þar til óhæfra manna. Hinn látni ráðh. á þá heiðurinn af því að hafa hrundið af stað þörfu fyrirtæki, en hinn lifandi forsrh. skömmina af að gera það algerlega ófært til að koma að notum.

Hæstv. forsrh. talaði um, að það væri orðinn svo mikill vandi að gegna atvinnumálaráðherraembættinu, að til þess þyrfti helzt tvo menn. Ég skal viðurkenna, að meðan hæstv. forsrh. er atvmrh., væri ekki vanþörf á öðrum manni til að gegna embættinu með honum. En það má segja alveg það sama um hin ráðherraembættin. Það veitti ekki af öðrum þremur mönnum til að gegna þeim störfum, sem hæstv. ríkisstjórn á að gegna.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég held, að hv. 2. þm. G.-K. hefði ekki þurft að koma með þá yfirlýsingu, er hann gaf síðast í ræðu sinni. Það mun engum dulið, að þessi hv. þm. álítur aðra eiga að skipa sæti ráðherranna heldur en nú skipa þau. Það er nú ekki langt þangað til úr því verður skorið, hverjir eiga að fara með stjórn landsins næstu fjögur árin; ég mun glaður mæta hv. þm. á þeim vettvangi, og skulum við svo spyrja að leikslokum á næsta þingi.

Mér finnst það undarlegt að sækjast svo mjög eftir að ræða þetta mál nú eins og hv. þm. gerir, þegar upplýst hefir verið, að innan örfárra daga koma fram skýrslur frá stofnuninni, sem um er að ræða. Það eru eftir tvær umr. um þetta mál enn í þessari hv. d., ef það fær að ganga áfram, svo það ætti að verða tækifæri til að ræða þetta, eftir að fram eru komnar nauðsynlegar upplýsingar. Það er mjög undarlegt af hv. þm. að draga nú inn í umr. atriði, sem ekki er hægt að deila um, fyrr en plögg liggja fyrir um rekstur verksmiðjunnar. Þótt hv. þm. reki sjálfur síldarverksmiðju vestur við Ísafjarðardjúp, þá getum við ekki talið hann þann yfirvitring á þessu sviði, að við verðum bara að segja já og amen við öllu, sem hann segir um málið, og taka það gott og gilt, þótt ábyggilegar upplýsingar vanti.

Ég skal ekki deila frekar um það, hvaða merkingu orðin „ég ætla“ og „ég býst við“ hafa. Við skulum láta málfræðingana og orðabækurnar um það. Þær munu efalaust telja, að þau merki ágizkun, sem e. t. v. hefir ekki við nein rök að styðjast. Hv. þm. sagði, að ef hann hefði talið, að það léki á tveim tungum um þau atriði, er hann skýrði frá í ræðu sinni, þá hefði það ekki verið sannleikur. En hann mótmælti sjálfum sér með því að segja: Við þurfum að fá öll plögg á borðið um rekstur verksmiðjunnar. Með því viðurkenndi hann, að ekki væri hægt að kveða upp endanlegan dóm um þetta mál, fyrr en skýrslur verksmiðjunnar væru komnar. **(ÓTh:** Þetta er rétt hjá hæstv. ráðh. Ég er oftast fljótur að játa það, þá sjaldan hann hefir á réttu að standa). Ég bjóst sízt við, að hv. þm. yrði svona fljótur að fallast á mína skoðun. Það er gott fyrir mig, formann Búnaðarfélagsins, sem meira hefi kynnt mér málefni landbúnaðarins heldur en útgerðarinnar, að fá slíka játningu frá formanni togaraeigendafélagsins, þegar um er að ræða hans sérgrein. **(ÓTh:** Hér var um orðaskýringar að ræða. Játning mín snertir aðeins rökfræðilegt atriði í ræðu hæstv. ráðh.).

Hv. þm. var að tala um fimleikaraun, sem ég hefði gert. Ég hefi nú ekki talið mig mikinn íþróttamann, en mér þykir auðvitað gott að fá vottorð frá hv. þm. um afrek á því sviði, þó ég raunar hafi lítinn vöxt til slíkra hluta.

Ég mótmæli algerlega því, sem hv. þm. sagði um stjórnina á byggingu og útbúnaði verksmiðjunnar. Hann sagði, að þar hefði enginn vitað neitt og hver höndin verið upp á móti annari. Af hálfu ríkisstj. var einum manni falið að veita þessu verki forstöðu. Hann fékk svo með sér útlendan mann, til þess að leggja til hina sérfræðilegu þekkingu. Sá maður hafði verið við að reisa eina eða tvær síldarbræðsluverksmiðjur hér á landi. Sömuleiðis var til aðstoðar innlendur maður, sem ég veit, að sumir hv. þdm. þekkja persónulega að samvizkusemi, og sem hefir sérstaka gáfu fyrir allt það, sem að vélum lýtur.

Það var sjálfsagt að fá íslenzkan mann til að fylgjast með verkinu frá upphafi, til þess að geta síðan gripið til þekkingar hans og kunnugleika til viðgerðar á verksmiðjunni. Ég mótmæli, að hvað þetta snertir hafi ekki verið vel fyrir séð af hálfu ríkisstj.

Hv. þm. talaði um mikið ósamræmi í framkomu minni í sambandi við þau gjöld, sem verksmiðjunni er ætlað að greiða í tryggingarsjóð, fyrningu o. fl., er samtals nema 15%. En þegar málið er athugað nánar, sést það, að ekki er minni ástæða til að sýna fram á ósamræmi hjá hv. þm. sjálfum í þessu atriði. Hann barðist mjög á móti þeim kröfum, að verksmiðjunni yrði, samkv. almennum reglum, gert að greiða gjöld í tryggingarsjóði og fyrningu. En nú finnst honum sjálfsagt að beita fyllsta strangleika laganna og heimta þessi gjöld þegar á fyrsta ári, þó stofnunin væri eiginlega ekki tekin nema að hálfu leyti til starfa og rekstur hennar mætti skoða sem tilraunastarfsemi.

Hv. þm. minntist á, að skipulag það á verksmiðjunni, sem ákveðið var á þinginu 1929, hefði orðið til bölvunar. Um það atriði gæti ég mikið talað við hv. þm., því það fyrsta, sem ég lagði til málanna um þessa verksmiðju, var það, að ég barðist fyrir að koma á hana skipulagi samvinnunnar. Ég get fremur tekið upp deiluna við hv. þm. af þekkingu á því sviði. En það er nokkuð langt utan við það efni, sem hér er til umr., nefnilega hvernig skuli skipa stjórn verksmiðjunnar.

Ég vil geta þess, að eftir þá reynslu, sem fengin er um rekstur síldarverksmiðjunnar, held ég engu síður en áður fast við það, að núverandi skipulag á rekstri hennar sé það rétta, og einmitt með því sama skipulagi eigi að reka hana í framtíðinni. Og það er spá mín, að á næstu árum muni sjávarútvegsmennirnir sumpart neyðast til og sumpart af frjálsum vilja taka upp það skipulag á fleiri og fleiri sviðum atvinnurekstrar síns. Ég held, að mikið af þeim erfiðleikum, sem sjávarútvegurinn hefir nú við að stríða, stafi af því, að sjávarútvegsmennirnir hafa ekki farið að dæmi bændanna í því að taka mátt samtakanna í sína þjónustu, að þeir hafa ekki viljað taka upp skipulag samvinnunnar við sölu og öflun afurðanna. Ég óska og vona fastlega, að þetta fyrsta spor, sem stigið hefir verið í þá átt að koma skipulagi á atvinnu og verzlun sjávarútvegsins að hætti samvinnumanna, verði sjávarútveginum til mikillar blessunar og að það verði upphaf að mörgum breytingum í sömu átt.

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Nd., 30. marz, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Magnús Guðmundsson: Mér þykir illt, að hæstv. forsrh. skuli ekki vera hér viðstaddur, því að við hann ætlaði ég aðallega að ræða, en ég vænti þess, að einhverjir flokksmanna hans riti það, sem ég segi, svo að honum gefist tækifæri til að sjá, hvað það er og hann geti svarað mér, ef hann vill.

Hæstv. ráðh. lét í ljós undrun sína yfir því, hve miklar umr. hefðu orðið um þetta mál. Fæ ég þó ekki skilið, að það þurfi að vekja undrun hæstv. ráðh., þó að við, sem vorum á móti þeirri aðferð, sem höfð var í þessu máli, viljum benda á það, að spár okkar um þetta fyrirtæki hafa rætzt.

Hæstv. ráðh. sagði, að þess hefði ekki verið krafizt, að verksmiðjan svaraði vöxtum og fyrningarkostnaði fyrsta árið, og svaraði hann þannig óbeinlinis fyrirspurn minni um það, hvort tap verksmiðjunnar hefði ekki verið meira en hann upplýsti. Nú er svo tilskilið í l. frá 1929, að verksmiðjan borgaði vexti o. fl., og nemur þetta alls 15—20%, og sé tekið tillit til þessa, verða útreikningar hv. 2. þm. G.-K. sízt of háir. En ég vil benda á það, að fram hafa komið kvartanir um það, t. d. búnaðarþingsins, að mjölið frá þessari verksmiðju sé vont. Ég hefi líka heyrt, að lýsið væri svo gallað, að ekki hefði verið hægt að selja það við því venjulega verði, sem nú er á lýsi, og er það þó ekki hátt. Þetta hvorttveggja bendir til þess, að vélarnar í verksmiðjunni séu eitthvað gallaðar, eða þá að ekki sé réttilega með þær farið, og svo illt sem hið síðara er, er þó hið fyrra sýnu verra.

Ég gleymdi að taka það fram viðvíkjandi þeim gjöldum, sem verksmiðjunni ber að inna af höndum, að ég fæ ekki séð, að stj. geti fellt niður þær greiðslur, sem lögskipaðar eru, á yfirstandandi ári, nema hún fái til þess heimild frá þinginu. Kemur þá auðvitað á ríkið að standa undir þessum greiðslum, og þegar tekið er tillit til þess, að verksmiðjan skilar 65 þús. kr. tekjuhalla, sést, að hún er þegar ekki orðin svo lítill ómagi á landinu. Er því miður hægt að gera ráð fyrir því, að þetta geti komið fyrir aftur, og er því hörmulegra til þess að vita, þar sem verksmiðjan borgaði minna fyrir hvert mál síldar en aðrar verksmiðjur. Mig undrar það því ekki, þó að hæstv. forsrh. viðurkenni það nú, að hér sé um meira áhættufyrirtæki að ræða en hann vildi láta í veðri vaka 1929.

Hæstv. ráðh. hélt því og fram, að verksmiðjan hefði verið byggð til þess að hjálpa atvinnuvegunum. Fæ ég ekki séð, hvaða hjálp hefir orðið að henni fyrir atvinnuvegina, því að þeir, sem voru svo óheppnir að selja verksmiðjunni síld, fengu enn minna fyrir síldina en aðrar verksmiðjur greiddu, þrátt fyrir það, þó að ríkið hafi beðið mikinn halla þar að auki. Annars var það eftirtektarvert í ræðu hæstv. forsrh., er hann sagði, að tapið á verksmiðjunni hefði orðið ennþá meira, ef hún hefði byrjað fyrr en hún gerði. Verða ekki af því dregnar neinar glæsilegar ályktanir um framtíð þessa fyrirtækis, svo að auðsýnt er, að bezt hefði verið fyrir alla aðilja, að verksmiðjan hefði ekki tekið til starfa í sumar, enda skildist mér svo af ræðu hæstv. forsrh., að hann væri ekki eins fastur á réttmæti ríkisrekstrar nú og hann var 1928 og 1929.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

69. Loftskeytanotkun veiðiskipa.

Á 24. fundi í Nd., 14. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa (þmfrv., A. 158).

Á 26. og 29. fundi í Nd., 17. og 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Nd., 23. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Sveinn Ólafsson): Frv. þetta um eftirlit með loftskeytanotkun veiðiskipa er nú í 4. sinn borið fram hér á Alþingi. Má því svo að orði kveða, að hér sé gamall gestur á ferð, og ég vil bæta við, góður gestur, því að ég lít svo á, og það er trúa mín, að ef ákvæði þessa frv. verða lögfest, þá mundi landhelgibrotum fækka mjög og þau hverfa að mestu.

Ég hygg líka og tel það nokkurn veginn víst, að lögfesting frv. mundi hnekkja verulega þeirri skoðun ýmissa útlendra manna, að við sjáum í gegnum fingur við innlenda lögbrjóta, en beitum hinum mesta strangleika gegn útlendingum.

Þetta hefir heyrzt í útlendum blöðum og af vörum útlendra farmanna hér á landi. Slík ummæli eru, sem betur fer, oftast tilefnislaus og þannig tilkomin, að þeir sem illmælin flytja hafa sjálfir orðið fyrir barðinu á varðskipunum við óheimil veiðibrögð. Reyna þeir þá eftir getu að ófrægja landhelgivarnirnar hjá okkur á allan hátt.

Ég veit, að frv. eins og það liggur fyrir muni ekki vera öllum hv. dm. aufúsugestur, enda hefir það mætt allharðri mótspyrnu hér að undanförnu. Og hefir mér skilizt, að sú mótspyrna væri sprottinn af því, að sumir hér líti svo á, að í l. nr. 82, frá 1917, um notkun loftskeyta, mætti fá bakhjarl öruggan til að aftra misnotkun loftskeytatækja á veiðiskipum.

En það er nú einu sinni svo, að þessi

l. frá 1917 veita enga heimild til slíkra ráðstafana, sem þörfin kallar eftir, enda eru þau lög í raun og veru um annað efni og gefa ekkert tilefni til þess, að samkv. þeim sé haft sérstakt eftirlit með notkun loftskeyta á veiðiskipum.

Frv. kemur nú fram að mestu í sama búningi og á síðasta þingi. En þá var því vísað frá með rökst. dagskrá með skírskotun til l. nr. 82, 14. nóv. 1917.

Það, sem nýtt er í frv. nú, er hin lögfræðilega grg., sem sýnir, að full nauðsyn er þess, að þetta frv. verði að lögum.

Ég tek því fram aftur það, sem ég hefi áður sagt, að ég eigna ekki þá mótspyrnu, sem frv. fékk á síðasta þingi því, að nokkur maður vilji beinlínis eiga þátt í því að hilma yfir landhelgibrot, heldur hinu, að þeir menn misskilji lögin frá 1917.

Áður hefir að vísu verið bent á þennan hastarlega misskilning, en eldrei þó eins glögglega og nú er gert í hinni lögfræðilegu grg., sem frv. fylgir. Og vænti ég þess fastlega, að eftir að hafa lesið hana og athugað, sjái hv. dm. sig um hönd og líti á þetta mál öðrum augum en þeir gerðu á síðasta þingi og hleypidómalaust.

Það mætti nú ef til vill virðast svo, að þar sem þetta frv. hefir átt við ramman reip að draga hér á Alþingi, þá væri sérstök ástæða til að gera nú vandlega grein fyrir því í einstökum atriðum. En ég tel það óþarfa, vegna þess, að frv. er nú orðið hv. þm. svo kunnugt, að málalengingar allar eru óþarfar. Ég vil aðeins benda á tvö atriði í frv., sem ég tel verulega máli skipta, þegar um er að ræða að koma í veg fyrir misnotkun loftskeyta milli skipa og útgerðarmanna í landi. Það er ákvæði 3. gr. um það, að útgerðarmenn skuli skyldir að afhenda lykil að hverju því dulmáli, er þeir kunna að nota og sem þeir af eðlilegum ástæðum oft verða að nota. Hitt atriðið er ákvæði 4. gr. um drengskaparvottorð þeirra manna, sem senda loftskeyti, um að ekki sé neitt í þeim ætlað til að stuðla að lögbrotum eða hilma yfir þau. Því hefir stundum verið haldið fram á undanfarandi þingum, að lítið mætti byggja á slíkum drengskaparvottorðum, og heldur væri ekki mikið upp úr því að leggja, þótt útgerðarmenn ættu að skila lyklum að dulmálum sínum. Þetta tel ég þá herfilegustu firru, sem fram hefir komið gegn þessu frv. Með því er dróttað að nokkrum hluta þjóðarinnar, að hann virði eigi drengskap eða eiða. Ég hefi þá trú á drengskap alls fjöldans af landsmönnum, að þeir virði orð og eiða, og ákvæðin séu því hin öruggasta leið, sem hægt er að finna, sú leið, sem í langflestum tilfellum er nægilega trygg til að aftra landhelgibrotum hjá innlendum veiðiskipum. Það geta að vísu verið til menn, einnig á meðal vor, sem ekki virða gefin drengskaparheit. Slíkum mönnum er með engum lögum hægt að innræta drengskap né tryggja löghlýðni þeirra. Þótt einstaka menn virði ekki landslög eins og vera ber þá má það eigi aftra nauðsynlegri lagasetningu um varnir gegn lögbrotum þeirra. Strangleiki laganna er einmitt þeirra vegna nauðsynlegur.

Annars ætla ég nú ekki að vera að endurtaka það, sem margoft hefir áður verið sagt um þetta frv. Af umr. um það á fyrri þingum og af lestri grg. þess nú, hljóta hv. þdm. að hafa áttað sig til fulls á málinu. Þó get ég búizt við, að einhverjar umr. verði um það, áður en til atkvgr. kemur.

Um leið og ég lýk máli mínu, ætla ég að lýsa yfir því, að þótt þetta mál ætti eftir þingvenju að fara í n. að lokinni þessari umr., þá finnst mér það lítill þarfi, þar sem það er þrisvar áður búið að vera í n. og er borið fram nú í sama búningi og áður. Ég mun því ekki gera neina till. um að vísa frv. til n.; aðrir geta gert það, ef þeir vilja.

Ólafur Thors: Það má segja um hv. þm. S.-M., að hann er kjarkmaður, er hann kemur nú í 4. sinn inn í þingið — ekki með þennan gamla gest, eins og hann nefndi frv., heldur með þennan gamla draug. Því að við gerðum nú „Ömmu“ og aðstandendum hennar það til skammar í fyrra að lóga henni hreinlega. Það er gamall og góður siður, þegar afturgöngur gera vart við sig, að kveða þær niður hið bráðasta. Vil ég því sýna lit á að kveða niður þann draug, sem hér hefir verið vakinn upp.

Eins og allir hv. þdm. muna, var frv. þessu vísað frá með rökst. dagskrá á síðasta þingi. Nú er frv. borið fram aftur með þeim rökum, að hv. d. hafi ekki í fyrra vitað, hvað hún var að gera, að rökst. dagskráin hafi verið byggð á tómri vitleysu. Eins og menn muna, hljóðaði dagskráin þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að landsstj. hefir í gildandi löggjöf næga heimild til eftirlits með loftskeytum, þykir ekki þörf nýrrar lagasetningar um þetta, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá".

Hv. flm. heldur því fram, og vitnar til „merks lögfræðings", er hæstv. dómsmrh. hefir leitað til í þessu máli, sér til stuðnings, að þessi rökst. dagskrá hafi ekki við nein rök að styðjast. Ég vil nú leyfa mér að gagnrýna dálítið skoðun þessa „merka lögfræðings". Ég skal geta þess, að ég byggi ekki aðeins á eigin dómgreind, heldur hefi ég borið skoðun mína undir marga lögfræðinga, sem eru mér alveg sammála.

Niðurstaðan, sem lögfræðingur hæstv. dómsmrh. komst að, er prentuð í grg. og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurstaðan af þessari athugun verður því sú, að lög 82/1917 og reglugerð 32/1918 séu

ekki að neinu sérstöku leyti sett til þess að koma í veg fyrir misnotkun loftskeyta á veiðiskipum, og hafi því að sáralitlu leyti í sér fólgin ákvæði, sem hægt sé að beita sérstaklega í því skyni. Aftur á móti er frv. til laga um loftskeytatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskeytanotkun íslenzkra veiðiskipa sérstaklega flutt til þess, eins og fyrirsögn þess ber með sér, að koma í veg fyrir slíka misnotkun, enda er í frv. að finna mörg nýmæli, er miða að þessu marki".

Niðurstöðu þessa byggir lögfræðingurinn, sem hæstv. dómsmrh. nefnir „einn af helztu lögfræðingum landsins", á því, að þar sem lögin frá 1917 hafi verið samin áður en farið var að búa íslenzk veiðiskip út með loftskeytatækjum, geti þau ekki náð út yfir þær takmarkanir, sem nú sé nauðsynlegt að setja um loftskeytanotkun botnvörpuskipanna. Ég tel mjög vanhugsað að slá fram slíkum rökum sem þessum, eða rökleysum réttara sagt. Móses hefir sennilega ekki vitað, er hann sagði: „Þú skalt ekki stela", að upp mundu rísa slíkir mannorðsþjófar, sem við þekkjum nú. En þrátt fyrir það verða mannorðsþjófarnir vafalaust ásamt öðrum þjófum færðir undir þessa lagagrein Mósesar á dómsdegi. Það liggur í augum uppi, að hægt er að beita lögum um tilfelli, sem ekki hefir verið sérstaklega gert ráð fyrir, þegar lögin voru samin, að svo miklu leyti, sem þau geta náð yfir slík atriði. Það lítur því út fyrir, að lögskýring grg. sé eftir einhvern skósvein hæstv. dómsmrh., fremur en „einn helzta lögfræðing landsins". Líklegt er, að þar hafi menntaður lögfræðingur verið að verki.

Ég skal nú leyfa mér að minna á, hvað stendur í lögunum frá 1917, sem síðasta þing taldi felast í nægilega heimild fyrir ríkisstj. til að skapa þau ákvæði, sem hún telur nauðsynleg um það efni, sem frv. ræðir um. 4. gr. þeirra hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Innan íslenzkrar landhelgi og á Íslandi má aðeins að fengnu leyfi ráðuneytisins, og með þeim skilyrðum, sem leyfið ákveður, setja upp og nota stöðvar eða annan útbúnað til bráðlausra firðviðskipta".

Nú kann að orka tvímælis, hvort þessi grein ein gefur ráðh. aðstöðu til að gera þær ráðstafanir, sem hann sækist eftir með þessu frv. Það mætti ályktа svo, að þegar atvmrh. hefir einu sinni veitt skipi leyfi til loftskeytanotkunar, þá geti hann ekki afturkallað það né sett skilyrði, sem ekki var getið um, þegar leyfið var veitt. En 2. gr. laganna tekur af öll tvímæli um þetta. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „.... Ráðuneytið getur bannað öll þráðlaus viðskipti innan íslenzkrar landhelgi og gert þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja, til þess að banninu verði hlýtt".

Samkv. þessari gr. getur ráðuneytið tekið loftskeytaleyfið af skipunum hvenær sem því sýnist og veitt þau aftur gegn hvaða skilyrðum, sem það vill setja.

Við skulum nú athuga nánar, hvað rúmast getur innan þess ramma, sem lögin frá 1917 setja. Ég skal lesa upp úr grg. frv., með leyfi hæstv. forseta, hvaða atriði í frv. hinn „merki lögfræðingur" telur nýmæli, hvað hann álítur hæstv.

dómsmrh. vilja fá með samþykkt frv., fram yfir það, sem er í gildandi lögum. Jafnframt vil ég biðja hv. þm. að athuga, hvað af þessum nýmælum gæti rúmazt í reglugerð byggðri á lögunum frá 1917:

„1) að allir ísl. útgerðarmenn, sem hafa skip með loftskeytatækjum við veiðar hér við land, skuli skyldir að láta dómsmálaráðuneytinu í té lykil að hverju því dulmáli, sem notað kann að vera í skeytasendingum milli útgerðarmanns og veiðiskipa, eða íslenzkra veiðiskipa innbyrðis, 2) að landssímastöð og hvert ísl. veiðiskip með loftskeytatækjum skuli hafa sérstök eyðublöð frá dómsmálaráðuneytinu undir frumrit slíkra skeyta, 3) að hver sá, sem skeyti sendir til eða frá veiðiskipi, skuli undirrita á skeytið drengskaparvottorð um, að skeytinu sé ekki ætlað að stuðla að landhelgisbroti, forða sökunaut við töku eða gefa bendingu um ferðir varðskipa, 4) að skrá skuli í sérstaka bók á loftskeytastöðvum og veiðiskipum öll skeyti til og frá skipunum í töluröð, með nákvæmri stund og dagsetningu, 5) að loftskeytamenn varðskipa og starfsmenn loftskeytastöðva í landi skuli skyldir að bókfæra öll loftskeytaskipti milli veiðiskipa innbyrðis og skeytaskipti þeirra við land, 6) að landssímastjóra skuli senda frumrit allra loftskeyta, sem milli lands og skipa hafa farið á síðastliðnum mánuði, og skrásetningarbækur skuli senda dómsmálaráðuneyti, og að öll þessi skjöl séu látin sjávarútvegsnefndum Alþingis í té til rannsóknar, 7) að refsa megi útgerðarstjóra, skipstjóra eða öðrum, sem hagsmuna hafa að gæta og reynzt hafi sannir að sök um brot á fyrirmælunum, með 3—15 þús. kr. sekt, 8) að útgerð skips ábyrgist slíka sektargreiðslu, 9) að skipstjóri, sem reynzt hafi sannur að sök um misnotkun loftskeyta í þessu skyni, skuli í fyrsta sinn missa rétt til skipstjórnar í 1 ár og í annað sinn missa skipstjóraréttindi fyrir fullt og allt, og 10) að svipta megi útgerðarstjóra eða skipstjórnarmenn rétti til loftskeytaskipta milli lands og veiðiskipa".

Síðan heldur hann áfram:

„Öll þessi 10 atriði, sem nú hafa verið talin upp úr frv., eru nýmæli, sem hvorki fyrirfinnast í lögum frá 1917 né reglugerð frá 1918. Og öll þessi nýmæli hafa það sammerkt, að þau miða að því að koma í veg fyrir misnotkun loftskeyta í þágu landhelgisbrota. En eldri lög og fyrirmæli um rekstur loftskeytastöðva höfðu engin sérstök ákvæði að geyma, sem sérstaklega miðuðu að þessu".

Flest af þessum 10 atriðum, og öll þau, sem máli skipta, er tvímælalaust hægt að rúma í reglugerð samkv. l. frá 1917, þar sem þau heimila ráðuneytinu að banna veiðiskipum loftskeytanotkun, að setja hvaða skilyrði sem því sýnist fyrir að leyfa hana og gera ráðstafanir til þess, að þau skilyrði séu uppfyllt.

8. atriðið er ef til vill ekki hægt að setja í reglugerð, en það er ekkert aðalatriði. Sama er að segja um 9. atriði. Það mundi líklega ekki rúmast orðrétt í reglugerð, en það skiptir engu máli, því að í lögunum sjálfum eru harðari sektarákvæði um sama efni. Hinum atriðunum öllum, sem lögfræðingurinn telur nýmæli, getur hæstv. stj. hæglega komið fyrir í reglugerð, nenni hún að gefa hana út. Þau tvö atriði, sem hv. flutningsmaður taldi aðalatriði frumvarpsins, að útgerðarmenn skuli skila lyklum að dulmálum sínum og hið margumtalaða drengskaparvottorð, eru alveg augljós reglugerðarákvæði.

Ég get nú í sjálfu sér látið útrætt um efnishlið þessa máls. Ég hefi nú sýnt fram á, að frv. þetta er ekki einungis alóþarft, heldur er það einnig móðgun við hv. d., að það er enn fram borið. Fyrir því er ekki hægt að bera fram aðra ástæðu en þá, að hv. d. hafi ekki haft vit á, hvað hún gerði, þegar hún afgreiddi málið í fyrra.

Ég vil vekja sérstaka athygli á grg. þeirri, sem nú er látin fylgja frv. Það mun óhætt að telja það „næsteinstakasta" plagg hins 1000 ára Alþingis. Annað plagg frá hæstv. dómsmrh. hefir verið viðurkennt það einstakasta. Hv. flm. segir síðast í þeim fáu línum í grg., sem munu vera frá honum sjálfum, með leyfi hæstv. forseta:

„Að vonum hafa einstakir þingmenn og fleiri, sem um málið hafa fjallað, eigi áttað sig til fulls á því, hve veik og villandi rökin gegn frv. hafa verið, en þess verður að vænta, að fyllri skýringar á

þessu nauðsynjamáli alþjóðar leiði til lögfestingar frv.“

„Að vonum“, segir hv. flm. Hvaða „von“ er til þess, að hv. þm. hafi ekki enn áttað sig á þessu einfalda frv., sem alltaf gengur aftur, sem hv. þm. hafa nú speglað sig í á þremur þingum í röð? Þótt ég játi, að til eru nokkuð sljóir menn hér í hv. d., þá held ég þeir geti ekki verið svo sljóir, að þeir séu ekki búnir að átta sig á jafneinföldu máli og þessu.

Annars ætlaði ég ekki að fara að mæða hinn aldna vin, hv. flm., með því að deila á hann sérstaklega út af þeim fáu orðum, sem hann á í grg. frv. En þeim hluta grg., sem er eign hæstv. dómsmrh., mun ég ekki ganga þegjandi framhjá. Hann kveðst hafa verið á fundi með hreppsnefndarmönnum í Ólafsvík og á Sandi, og hefir hann eftir þeim ýms ummæli því til sönnunar, hvað ásókn togaranna í landhelgi sé mikil. Þessu næst skýrir hæstv. dómsmrh. frá fundum, sem hann hefir haldið með hreppsnefndum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og segir þar m. a. frá því, að einn þeirra oddvita, sem fundinn sátu, hafi skýrt frá því, að landhelgisveiðar togara hafi verið mjög áberandi í Garðsjó, meðan varðskipin voru að leita að „Apríl“. Af þessum upplýsingum dregur ráðh. svo þær ályktanir, að útgerðarmenn í Reykjavík haldi nákvæman vörð um hreyfingar varðskipanna og gefi skipstjórum bendingar eftir því“, eins og lesa má í grg. frv. „Vitnisburður sjómanna í Garði og Ólafsvík er shlj. um það, að veiðiskipin vaða uppi dagana, sem varðskipin eru að leita að Apríl“, bætir hæstv. ráðh. svo við. Og litlu síðar segir ráðh.: „Sagan úr Ólafsvík er engu síður ber. Þrem sinnum á vetrinum er farið í landhelgina. Í öll skiptin getur hreppsnefndin gert grein fyrir, hvers vegna skipin fara inn einmitt þá“.

Ég get nú ekki annað sagt en að þetta lýsi óvenjulega sljóum hugsunarhætti. Þegar ráðh. ætlar að sanna, að útgerðarmenn beini skipum sínum inn í landhelgina með óleyfilegri notkun loftskeyta, sannar hann það gagnstæða. Í þau þrjú skipti, sem togararnir voru í landhelgi hjá Ólafsvík að sögn hreppsnefndarinnar, getur hreppsnefndin fundið ástæðuna til þess, ástæður, sem ekki verða raktar til afskipta útgerðarmanna. Og í þetta skipti, sem ráðh. tilfærir um það, að togararnir hafi verið á landhelgisveiðum í Garðsjó, gátu skipstjórarnir fengið vitneskju um varðskipin frá öðrum en útgerðarmönnum. Hugsunin er svo sljó hjá hæstv. ráðh., að hann segir það berum orðum í grg., að skipstjórarnir hafi ekki fengið vitneskju sína um það, hvar varðskipin voru, frá útgerðarmönnum. Hæstv. ráðh. segir svo frá: „Á fundinum í Keflavík var staddur hr. Pálmi Loftsson útgerðarstjóri. Garðbúar höfðu staðið í símasambandi við hann, meðan varðskipin voru að leita að „Apríl“. Nú kom í ljós, er borin var saman skeytasending hans til varðskipanna og reynsla Garðbúa, að hinir brotlegu togarar höfðu farið burtu úr Garðsjónum einum degi áður en þeir „þurftu“, af því að útgerðarstjórinn hafði sent varðskipunum tvírætt skeyti, sumpart á mæltu máli og sumpart á dulmáli“. Þarna er það berlega sagt, að það eru skeyti hr. Pálma Loftssonar, sem hæstv. ráðh. telur, að hafi valdið landhelgisveiðum togaranna í þetta skipti. Er það heldur sljó röksemdafærsla hjá hæstv. ráðh., að hann skuli einmitt velja þetta tilfelli því til sönnunar, að útgerðarmenn misnoti loftskeytin, úr því að togararnir höfðu ekki frá þeim vitneskjuna um það, hvar varðskipin voru, heldur frá öðrum, og þessi annar var hr. Pálmi Loftsson, þjónn sjálfs ráðh. Hvað snertir landhelgisveiðar togaranna á jólanóttina og nýjársnótt, er það að segja, að hæstv. dómsmrh. upplýsir sjálfur, „að það hafi verið venja, ef ekki hafi verið um sérstök atvik að ræða, að varðskipin væru til skiptis inni um jólin og nýárið“. Samkv. þessari venju geta því togararnir fiskað rólegir í landhelgi þessar nætur, án þess að fá nokkrar bendingar frá útgerðarmönnum.

Ég skal ekkert fara út í það, hvort sá óhróður hæstv. dómsmrh. um íslenzka sjómenn er sannur, að þeir hafi notað tækifærið til landhelgisveiða, meðan dauðaleitin að „Apríl“ stóð yfir. Það, sem ruglar hæstv. ráðh., er það, þó að skömm sé frá að segja, að hann er svo blindaður af heift til útgerðarmanna, að hann hikar ekki við að bera þeim á brýn, að þeir

noti jólanóttina og tímann, sem verið var að leita dauðleitina að „Apríl", til þess að láta skip sín fiska í landhelgi, jafnvel þótt þessi dæmi út af fyrir sig sanni það gagnstæða við það, sem ráðh. þarf á að halda til rökstuðnings því, að útgerðarmenn beini skipunum í landhelgi. Ég verð því að segja það, að mig undrar það stórum, ef það eru ekki fleiri en ég, sem ofbýður eitt og annað í þessari grg. Og ég verð einnig að segja það, að það er ef til vill ekki fjarri sanni að spyrja, þegar þetta frv. er rætt, hvernig þessi maður, sem þykist vera að halda hlífiskildi fyrir landhelginni, stendur að vígi, þegar hann er að ráðast á útgerðarmenn fyrir það, að þeir láti skip sín stela úr landhelginni. Ég ætla hér ekki að tala um Tervanihnevkslið, þegar ráðh. gaf augljósum sökudólg upp allar sakir, en ég vil minna á, að í þessu endemisplaggi, sem ég hefi verið að vitna í, segir ráðh. m. a.:

„Ríkið kostar fram undir 700 þús. kr. árlega til landhelgisvarna. En á sama tíma reynist það ofurefli fyrir heilan hóp af fulltrúum þjóðarinnar að rétta þrem sinnum upp hendina við atkvgr."

Hæstv. ráðh. mun hér eiga við það, með hverjum hætti frv. hans hefir liðið út af á undanförnum þingum, og er þess að vænta, að þm. svari brigzlum hans á þann eina veg, sem rétt er. Við hinu er ekkert að segja, þó að ríkið eyði 700 þús. kr. til þess að koma í veg fyrir, að sjómennirnir séu rændir. Það er ekki nema rétt og sjálfsagt. En það er hart, að hæstv. dómsmrh. skuli ekki jafnframt því, sem hann er að vitna, að landhelgin sé rudd á einni nóttu, vitna um það, sem hann hefir á sinni eigin samvizku. Hæstv. ráðh. hefir vikum og mánuðum saman haldið varðskipunum í pólitískum snattferðum og notað þau til þess að flytja sig og fylgifiska sína til fundarhalda, þar sem fundirnir voru auglýstir, svo að hver maður á landinu vissi, hvar varðskipin héldu sig. Ef því landhelgin er rudd á einni nóttu, og það sjálfri jólanóttinni, hvað mun þá um allar þær nætur, sem varðskipin eru í snattferðum fyrir hæstv. ráðh.? Það situr því sízt á hæstv. dómsmrh., þessum frumkvöðli landhelgisveiðanna, þessum Al Capone landhelgisbrjótanna, þegar hann er að hrópa: „Þið útgerðarmenn, þið ræningjar, sem sviptið atvinnu þúsundir af varnarlausum sjómannaheimilum!" — Má með sanni segja við hæstv. dómsmrh.: „Vei yður, þér hræsnarar!" — Og það verð ég að segja, að þá er hræsnin komin á hátt sig, ef slík framkoma sem bessi er ekki virt að verðleikum.

Ef það á annað borð er talið nauðsynlegt að lögfesta þau ákvæði, sem felast í þessu frv., er hægurinn á að gera það með reglugerð. Það er því hæstv. dómsmrh. sjálfum að kenna, að þessi ákvæði eru ekki þegar lögfest. Hæstv. ráðh. hefir ekkert hafzt að í þessu efni þau ár, sem hann hefir farið með völdin í landinu.

Ég skal svo láta hér staðar numið, en vil að síðustu geta þess, að ég er hv. flm. sammála um það, að óþarfi sé að vísa þessu máli til n. Mun ég því greiða atkv. á móti því.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 2. þm. G.-K. hefir farið nokkrum orðum um þetta frv., og verð ég að segja það, að betri rökstuðning gat frv. ekki fengið en að maður, sem er í stj. einhvers stærsta togarafélagsins hér á landi og jafnframt í stj. Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, skyldi verða til að andmæla því. Ef einhver réttarbót felst í frv., var enginn knúðari til að mæla í gegn því en einmitt sá maður, sem hefir forustuna fyrir þeim skipum, sem hafa oft hag af að verða brotleg í þessu efni. Hefði verið hyggilegra fyrir hv. 2. þm. G.-K. að fá einhvern annan til að andmæla frv. í sinn stað. (**ÓTh:** Sbr. það, að hæstv. ráðh. lætur hv. 1. þm. S.-M. flytja frv. fyrir sig). Það stafar nú af því, að frv. varð svo seint fyrir, að það gat ekki orðið stjfrv. Annars lítum við hv. 1. þm. S.-M. báðir svo á, að okkur hafi borið til í orgaraleg skylda að bæta úr þeim ágöllum, sem nú eru í þessu efni. — Ég endurtek það, að það hefði verið hyggilegra af hv. 2. þm. G.-K. að láta einhvern annan andmæla frv. í sinn stað, t. d. hv. þm. Barð., sem aldrei hefir verið riðinn við togaraeign, og enn síður nokkurt afbrot í þessum efnum. Að hv. þm. gerði þetta ekki, skoða ég svo, að þm. játi með andmælum sínum sannleik franska orðtaksins: Sá, sem afsakar sig, ásakar sig. — Það

var auðséð, að þm. var mikið niðri fyrir, þó að hann reyndi að stilla sig venju fremur, því að hann talaði með mikilli gleði um það, hversu frv. hefði hlotið hér, að hans dómi, háðulegan dauðdaga í fyrra. Og gremja hv. þm. yfir frv. var engin uppgerð. Hún var sama eðlis og ég get imyndað mér, að gremja Al Capone verði, þegar lögreglunni loks tekst að handsama hann og hann verður leiddur í fangelsi eins og hver annar stórafbrotamaður, eins og ég hefi ástæðu til að ætla, að hv. 2. þm. G.-K. sé, a. m. k. í þessu efni. (**ÓTh:** Það er auðheyrt, að hæstv. ráðh. getur sett sig inn í hugsunarhátt Al Capone). Það er hv. 2. þm. G.-K., sem er í þessari aðstöðu. Hann er þegar búinn að játa sekt sína.

Eins og ég sagði áðan, var hv. 2. þm. G.-K. mjög glaður yfir afdrifum þessa frv. hér í þinginu í fyrra. Hann hlakkaði einnig yfir því, að frv. hefði verið drepið á 3 þingum í röð. Út af þessu vil ég segja hv. þm. það, að mörg frv. hafa orðið að bíða lengur samþykkis Alþingis. Frv. um einkasölu á útlendum áburði var þannig drepið 4 sinnum, eða allt það kjörtímabil, sem Íhaldsflokkurinn var í meiri hl. Þegar þingið svo sá, að frv. var réttmætt og samþ. það, fór árangurinn að koma í ljós, eins og allir sjá, sem um landið ferðast. Aldrei hafa vaxið hér eins stórar grænar lendur eins og eftir að þetta frv. hafði náð fram að ganga, sem flokkur hv. 2. þm. G.-K. barðist á móti, meðan hann gat, og skapaði þannig landinu stórtjón í mörg ár, aðeins vegna þess, að nokkrir kaupmenn, aðallega hér í Rvík, græddu á því að hafa áburðarsöluna í sínum höndum.

Hefi ég nú með þessu dæmi úr þingsögunni sannað það, að það skiptir engu fyrir eitt mál, hversu oft það er drepið, heldur hitt, hvort það er réttmætt eða ekki, því að ef það er réttmætt, verður það að lokum samþykkt. Svo er og um þetta mál. Það er ekki hægt að halda niðri máli, sem styðst við eins mikinn rétt sem þetta mál. Það hefir jafnmikla þýðingu fyrir sjávarútveginn og málið, sem ég nefndi áðan, hafði fyrir landbúnaðinn. Frá því að útlendir togarar fóru fyrst að stunda veiðar hér við land, og ekki síður eftir að ísl. togararnir komu til sögunnar, hefir landhelgin verið plægð af veiðiþjófum. Ég get sagt hv. 2. þm. G.-K. það, að það er oft hægt að sjá það á því, hvernig togararnir selja afla sinn í Englandi, hvort þeir hafa laumast inn í landhelgina í Ólafsvík eða öðrum þvílíkum stöðum. Þetta sést af aflaskýrslunum og verðinu. Þegar togari selur fyrir £ 2500, má fara nærri um, að það skip hefir komið nærri Ólafsvík eða Bolungavík. Munu þess jafnvel dæmi, að íslenzkir togaraskipstjórar hæli sér af því við þá útlendinga, sem afla þeirra kaupa, að nú hafi þeir látið greipar sópa um landhelgina. Það er því engin furða, þó að sjómenn hvaðanæfa af landinu kvarti undan því, hversu íslenzkir togarar sækja fast í landhelgina, og sumir af ekki miklum drengskap. Þeim, sem efast um, að þetta sé rétt, vil ég benda á það, sem Ágúst Flygenring, fyrirrennari hv. 2. þm. G.-K., sagði hér í þinginu fyrir nokkrum árum. Hann sagði blátt áfram, að ísl. togarafélögum væri það spursmál upp á líf eða dauða að geta veitt í landhelgi, og að skipunum væri stjórnað úr landi við þessa iðju. Flygenring var og er áreiðanlegur maður, og segir hér frá hlutunum eins og þeir eru. — Þeir þm., sem kunnugir eru á Akranesi og Vesturlandi, vita það, að ísl. togararnir eru verstir í þessu efni, vegna þess að þeir leiða erlendu togarana inn í landhelgina. Það þýðir því ekki að vera með nein mótmæli við þessu. Það vita allir, að mótspyrna hv. 2. þm. G.-K. gegn þessu frv., sem miðar að því að draga úr þessari miður göfugu starfsemi, er af því sprottin, að hann er formaður í Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda og vill því halda þessum möguleika opnum. Ég segi ekki, eins og Ágúst Flygenring, að hv. þm. neyði sín skip til þess að veiða í landhelgi, enda kemur það ekki þessu máli við. Það, sem þjóðfélaginu kemur við, er það, að ýmsir gera þetta og hafa gert það. Bakar þetta fiskiverum stórtjón, auk þess sem óorð kemst á landið, ef það spyrst meðal erlendra þjóða, að íslenzkir togarar séu leiddir inn í landhelgina.

Hv. 2. þm. G.-K. var hissa á því, að ég skyldi fara að leggja lykkju á leið mína til þess að tala við kjósendur hans, eins og menn víða annarsstaðar á landinu, um þetta mál. Ég gerði þetta vegna þess, að

ég vildi vita af eigin sjón og heyrn, hvort hinir leiðandi menn í kjördæmi hv. þm. væru sömu skoðunar sem hann í þessu máli. Ég komst að þeirri niðurstöðu, að svo var ekki, heldur eru þeir þvert á móti fúsir til að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að hindra þessa leiðinlegu iðju. Hefir nú tekizt samvinna með útgerðarstjóra varðskipanna og þessara verstöðva, þrátt fyrir það, þó að hér eigi hlut að máli stuðningsmenn hv. 2. þm. G.-K., því að ég býst við, að fæstir þessara manna séu sammála mér nema í þessu eina máli.

Ég hefi tekið nokkur dæmi þess í grg., hversu togararnir verða fljótt varir við, hvað ferðum varðskipanna líður. Sannast þar, að það er lítið, sem kattartungan finnur ekki. Þó að við höfum nú á að skipa 3 varð- og björgunarskipum, auk hins danska varðskips og nokkurra báta, til eftirlits, er óhugsandi með öllu, að hægt sé að verja landhelgina, meðan njósnum er haldið uppi um allar ferðir varðskipanna og „spíónar" eru á hverri höfn, sem síma skýrslur sínar hingað til höfuðstaðarins. Meðan ekki tekst að hindra það, að loftskeytin séu misnotuð, er ekki hægt að koma í veg fyrir landhelgisbrotin. Ég segi ekki, að allir togaraeigendur yfirleitt misnoti loftskeytin í þessu augnamiði, en svo margir þeirra gera það, að brotin eru áberandi.

Þau dæmi, sem ég hefi tekið í þessu efni upp í frv., eru ekki tæmandi, því að þau segja ekki frá því, þegar togararnir eru á veiðum í landhelgi í náttmyrkri og sjómennirnir eru ekki á sjó. Sjómennirnir segja einungis frá því, sem þeir vita með vissu. Enn eitt dæmið frá Ólafsvík er, að bátur þaðan, sem af tilviljun var á ferð að næturlagi, rak sig á nokkra togara á landhelgisveiðum vestur þar. Hafði þessum togurum verið símað, að þeim væri óhætt að heimsækja landhelgina þá nótt. Er þetta eitt af mörgu, sem gerir erfitt fyrir um landhelgisvarnirnar, og hefi ég því reynt að koma því til leiðar í sumum þessum verstöðvum, sem mest verða fyrir ránskap togara, að menn væru styrktir til að fara út á litlum bátum til eftirlits, þegar ætla mætti, að hætta væri á ferðum.

Þetta er víða erfitt, t. d. í Ólafsvík, af því að þar er svo mikið útfiri, og ef vont er í sjó, geta togararnir verið að veiðum ljóslausir, án þess að þurfa að hræðast, að komið verði að baki þeim úr landi.

Mér er minnisstætt, að á jóladag í vetur fengum við skeyti frá oddvitanum í Ólafsvík um það, að þar hefðu verið 6—7 togarar um nóttina. Og það vita allir, að það er nafngreindur maður hér í bæ, sem er „spíón" við höfnina; hann njósnar og gefur bendingar til þeirra togara, sem vilja gerast brotlegir. **(ÓTh:** Hver er þessi nafngreindi maður?). Ég nefni engin nöfn, en tel þessa iðju miður skemmtilega. — Þegar tíðindamaður lögbrjótanna símar það að vestan, að Óðinn sé hjá Bolungavík og hitt skipið að taka jólahvíld það ár, þá sjá allir, að þeir, sem eiga togara fyrir vestan land, geta hættulaust sagt þeim að halda jólanóttina í Ólafsvík, og þeir sópa víkina vandlega. Jafnskjótt og ég fæ skeyti, sendi ég Óðni dulskeyti þess efnis, að kvartanir væru komnar frá Ólafsvík, en þegar Óðinn er kominn þangað, er allt á bak og burt.

Ég hirði ekki um það, hvernig þeir hafa farið að, þegar Ægir var að leita að Ulv, en þá var líka komið í Ólafsvík. En ég get ekki komizt hjá að minnast á þann merkilega ránskap, er hafður var í frammi, þegar verið var að leita að Apríl, og verð ég að segja þá sorglegu sögu eftir oddvitanum í Garðinum, sem er mikill stuðningsmaður hv. 2. þm. G.-K., að togararnir hafi orðið svo bíræfnir, að þeir voru þá ekki einungis í landhelgi á nóttunni, heldur líka um hábjartan daginn, eins og áður en nokkur gæzla var hér.

Ég býst ekki við að þurfa að útskýra það, hve sterk freisting það er fyrir mennina að brjóta, þegar þeir gátu fengið af sér að nota aðstöðuna, þegar verið var að leita að einu af íslenzku skipunum í ofsaveðri, til þess að vera í landhelgi í Garðsjó. Þetta er sönnun fyrir því, að það er stórt mál að reka hér úr túninu. Fyrst Múhameð kemur ekki til fjallsins, þá verður fjallið að koma til **Múhameðs.** Fyrst freistingin er svona mikil að veiða í landhelgi, þá er ekki um annað að gera en að vera á varðbergi um, að slík afbrot geti ekki átt sér stað jafnauðveldlega og hingað til, og það er það, sem þetta frv. stefnir að.

Ég hefi bent á, að hin beztu mál þurfi oft langan tíma til að vinna viðurkenningu, einkum ef um hagsmunamótstöðu gegn þeim er að ræða. — Ég held ég verði að segja ykkur sögu, sorglega eða gleðilega, eftir því hvernig á er litið, í sambandi við þennan ránskap, sem gerður var meðan verið var að leita að Apríl. — Þessi saga gerðist í Garðinum, sem hv. 2. þm. G.-K. er fulltrúi fyrir. Þessa daga, sem ránskapurinn var framinn, sem kjósendur hv. þm. hafa sínar hugmyndir um, hverjir hafi valdið, var eyðilagt heilmikið af netjum, sem Garðbúar áttu; en litlu síðar kemur maður héðan úr Reykjavík með talsverða peningagjöf, og eru ýmsar sögur um það, hvaðan gjöfin væri, en gjöfin var frá góðum mönnum héðan úr bæ. Hinsvegar höfðu Garðbúar misst 70 net. Þessi góði maður kom með peningana og dreifði þeim til manna, sem orðið höfðu fyrir barðinu á ísl. togurunum þegar þeir óðu þar uppi dag og nótt, meðan verið var að leita með báðum varðskipunum að Apríl.

Þetta mál er nú í rannsókn, og er ómögulegt að neita því, að þetta er lagt svo út, að samvizkan hafi slegið einn eða fleiri menn hér í bæ í sambandi við þessa veiðiferð, og hafi átt að hylma yfir þetta brot, með því að sletta hundsbót í þá, sem urðu fyrir netjaskaðanum. En hv. þm. getur verið viss um, að suður með sjó er það almennt álitið, að brotlegu togararnir hafi haft margfalt meira upp úr því að veiða í Garðsjónum en sem því svaraði, sem slett var í Garðbúa.

Þessi dæmi sýna, að þetta er alvarlegt mál, jafnþýðingarmikið fyrir smábátaútveginn og áburður og girðingar eru fyrir bóndann, og er fullkomin vörn fyrir þessum ágangi nauðsynleg.

Þess vegna er það undarlegt, að í svo stóru máli skuli form. Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda hafa kjark til þess að biðja flm. að hjálpa sér til að ekki megi ganga fram sérstök löggjöf um þetta mál. Það er ekki hægt að misskilja þetta, fremur en gjafapeningana í Garðinum. Hv. 2. þm. G.-K. segir ekki opinberlega, að hann vilji ekki vinna að þessu, en hann segir, að of mikið sé að greiða þrisvar sinnum atkv. með þessu. Þótt lítið ynnist fyrir þetta málefni, þá get ég ekki vorkennt hv. þm., þótt hann þurfi að rétta þrisvar upp hendina hér, úr því að það er mesta hagsmunamál kjósenda hans. Nú eru aðaldrættir málsins þeir, að á stríðstímunum voru hér sett lög til að hindra, vegna hlutleysis hins íslenzka ríkis, að loftskeyti væru misbrúkuð hér; þessi lög eru enn í gildi. Þess vegna er það eðlilegt, að þessi lög, sem stefna að öðru takmarki, sem hafa pólitiska þýðingu gagnvart útlöndum, eigi ekki við gagnvart jafnólíku vandamáli eins og því, sem hér ræðir um, þegar 40—50 skip vilja hafa rétt til að veiða í landhelgi.

Það verður aldrei sannað fyrr en reynslan sýnir það, að hve miklu leyti hefði verið hægt að gera einhverjar ráðstafanir með gömlu lögunum, en ef ætti að taka þetta mál föstum tökum, þá verður nauðsynlegt að hafa sérstaka nýja löggjöf um það. Það kemur oft fyrir með reglugerðir, að sökudólgarnir eru sýknaðir, af því að reglugerðin hefir ekki nægilega stoð í lögunum; ég nefni dæmi um það, hvort megi hafa 2 menn frammi í í bifreiðum; það eru til lög um þetta efni, því að það er álitið, að 2 menn frammi í þrengi að bílstjóranum, og slys geti af hlotizt.

Í Hafnarfirði er góður og reyndur dómari, sem hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að reglugerðirnar hafi ekki nægja stoð í lögunum. Annarsstaðar á landinu, t. d. í Reykjavík, er dæmt eftir ákvæðum þessara reglugerða. Þetta sýnir nauðsyn þess að hafa skýr og ákveðin lög, sem ekki er hægt að deila um, ef mikið er í húfi með niðurstöður.

Ég kem þá að þeim einstöku leiðum, sem hv. 2. þm. G.-K. taldi greiðar, að ekki þyrfti nema litla reglugerð um loftskeytatækin.

Í 1. gr. segir, að í öll botnvörpuskip skuli vera komin fullkomin loftskeytatæki eigi síðar en í árslok 1931. Þetta kemur af því, að þegar talað hefir verið um að þrengja eitthvað að í þessu efni, þá hafa komið fram hótanir um það frá togaramönnum, að þeir skyldu hefna sín og taka loftskeytatækin af togurunum, ef þeir mættu ekki nota þau til að stýra óhindraðir inn í landhelgina. Væri þrengt að kosti brotlegu togaranna, þá hafa þeir svarað: „við tökum þá tækin“, — og ef

togararnir lentu í hættu, þá yrði núv. ríkistjórn um kennt, ef illa gengi.

Gagnslaust er að bollaleggja, hvað reglugerðin frá 1917 dygði í þessu efni; en hér er gerð tilraun til að hindra landhelgisbrot, og mætir hún mótspyrnu. Það er því aðeins um eitt að ræða. Vill hv. þd. styðja viðleitni landsmanna og núv. stj. í að hindra togarana í þessari óheiðarlegu iðju?

En að hugsa sér, að með reglugerð, sem byggð er á lögunum frá 1917, má svipta skipstjóra réttindum til að nota loftskevti, eða koma því þannig fyrir, að menn, sem eiga brotlegu skipin, missi rétt til skipstjórnar í eitt ár eftir fyrsta brot o. s. frv. En ef hv. 2. þm. G.-K. hefði verið sjómaður suður í Garði, og slíkur maður hefði komið sem fulltrúi og sagt, að spara mætti pappír og blek við að gera reglugerð, þá væri öðru máli að gegna, en ég held það séu krókódilatár, sem hv. form. Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda fellir, er hann harmar, að ekki sé sett reglugerð til að hindra lögbrotin.

Hv. þm. segir, að ekki sitji á mér að vilja bæta landhelgisvarnirnar, þar sem ég hafi sjálfur oft verið á varðskipunum, en ég held, að kjósendur hv. þm. Snæf. séu ekki óánægðir yfir ferð þeirri, sem ég gerði þangað, því að þá kom ég á nætursambandinu hingað við útgerðarskrifstofuna. Síðan þá hefir brugðið svo við, að togararnir hafa varla komið þangað í landhelgi.

Ég get sagt það, að á fjölmennum fundi í Ólafsvík og á Sandi var kveðið upp úr með það, að gæzlan hafi alltaf verið að batna síðan núverandi stj. tók við.

Ég get sannað hv. þm. (ÓTh), einmitt með lýsingum sjómanna sunnan- og vestanlands, að á þeim tíma, sem ég, hv. þm. Ísaf. og hv. 4. landsk. vorum á ferð, var forsvaranlega séð fyrir landhelginni, þar sem tvö skip höfðu þá gæzluna með höndum og togarar þá lagstir frá landinu, þegar vornóttin er björt. En hv. þm. hefir máske komið illa, að þessir fundir voru haldnir í vor. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja, mér er nóg, að ég veit, að landhelgisgæzlan er alltaf að batna hér, síðan núv. stj. tók við völdum. Og áhugi manna fer alltaf stórvaxandi fyrir landhelgismálum. En ég veit, að hv. þm. þykir það leiðinlegt, og svo er ef til vill um fleiri. Ef hv. þm. gerir þetta mál pólitiskt, mun það áreiðanlega koma fram við kosningarnar í vor, hvernig þjóðin lítur á málið, því að þjóðin óskar ekki eftir því, að forusta landsmanna komist í hendur manna, sem eru á sama pólitiska stigi og í samvinnu við form. ísl. botnvörpuskipaeigenda.

Ef flokkur hv. þm. tekur upp á því að láta eina 10 menn tala sig dauða í þessu máli, þá hefi ég hvorki orku né vilja til að halda eins margar ræður og þessir menn. En ég hefi þegar komið fram með rök, sem nægja þeim, sem líta á þetta sem þjóðarmál, en ekki hagsmunamál einstakra manna. Eins og Á. Flygenring sagði, að togurunum hefði verið skipað inn í landhelgina, hefi ég ástæðu til að halda, að svo sé enn. Og ég hefi sýnt fram á, að sú löggjöf, sem nú er, getur ekki nema að nokkru leyti orðið að gagni í þessu efni, en þá verður að breyta henni, og mun ekki standa á mínu atkv. til þess, og ég treysti því, að hv. þm. líti eins á málið, en gleymi því, að 10—20 menn hér í Rvík kunna að bíða tjón við það. Ég sé ekki ástæðu til að segja meira að sinni; ég hefi reynt eins og unnt er að halda mér við efni málsins.

Ólafur Thors: Ég þarf ekki miklu við að bæta það, sem ég hefi þegar sagt í frumræðu minni. — Það var ekki rétt, sem hæstv. ráðh. sagði í lok ræðu sinnar, að hann hefði haldið sér við efni málsins. Hann reyndi einmitt að halda sér fyrir utan efni málsins. Meiri partur ræðu hans var tómar endurtekningar. En efni ræðu hans er ég þegar búinn að svara í frumræðu minni. Kjarni málsins er, hvort ákvæðum þessa frv. megi fullnægja án þess að setja nýja löggjöf. Hæstv. ráðh. vildi sanna það, að ég með afstöðu minni til málsins vildi halda áfram möguleikunum til að ræna landhelgina. Ég verð að segja það, að þessi staðhæfing ber vott um frábærlega sljóa dómgreind. Ég álít það ekki mitt hlutverk að sannfæra hæstv. ráðh. og kenna honum, hvernig eigi að koma öllum þeim ákvæðum í framkvæmd, sem hann vill lögleiða með frv. En þó hefi ég gert það. Það mætti segja, að framkoma hæstv.

ráðh. í þessu máli gæfi tilefni til að gruna hann um græzku í landhelgismálunum. Hæstv. ráðh. sagði þdm. frá því, að hann hefði farið til kjósenda minna til þess að fá fulla vitneskju um, að þeir væru í andstöðu við mig í þessu máli. Það er rétt, að hæstv. ráðh. brá sér þangað, en ég álít, að hann hafi farið þangað fýluför, eða sannkallaða sneypuför. Hann bauð mönnum þar til veizlu og var hinn alúðlegasti, eins og hans er vandi þegar líkt stendur á. Hófust síðan umr. og hann spurði menn, hvernig þeir litu á þetta mál, og átti hreppsnefndaroddviti að svara fyrir. Síðan hafði hann spurt, hvort þeim sýndist ekki heppilegt að láta smábáta gæta landhelginnar. Einum manni varð þá á að segja, að þetta mundi sennilega ekki takast vel, og benti á Tervanimálið. Hefði ráðh. þá orðið svo reiður, að fundarmönnum varð um og ó, og hótaði fundarstjóri að slíta fundi, ef ráðh. hegðaði sér jafnósæmilega. Síðan fór hæstv. ráðh. að dylgja með það, að ég mundi vera óheill í landhelgismálinu. Þá hafði hreppsnefndaroddviti sagt, að sér þætti undarlegt af hæstv. ráðh. að boða til þessa fundar án þess að gefa mér kost á að koma þangað. Annar viðstaddur fundarmaður, séra Eiríkur á Útskálum, hafði tekið það fram, að þetta væri óviðeigandi, þm. kjördæmisins væri á móti frv., af því að hann teldi það óþarft.

Þetta voru viðtökurnar, sem hæstv. ráðh. fékk á þessum fundi. En úr því að hann á annað borð fór að segja nokkuð frá fundinum, þá hefði hann átt að segja dálítið meira. Það kom fram fyrirspurn um það, hvort ekki væri hægt að draga úr snattferðum varðskipanna. Þegar hér var komið, stökk ráðh. upp afarreiður og lá við sjálft, að fundi yrði slitið. Hæstv. ráðh. hefði átt að hafa vit á að þegja yfir þessum fundi. Hann verður áreiðanlega ekki til að styrkja hann í þessu máli. Það, sem hér er um að ræða, er það, hvort þörf er á þessu frv. til að koma í veg fyrir þessi landhelgisbrot, sem hæstv. ráðh. álítur, að eigi sér stað. Dómur kjósenda minna er, eftir því sem fram hefir komið, í fullu samræmi við skoðanir mínar. Um það, hvort landhelgisveiðinni er stjórnað af útgerðarmönnum, skal ég ekki endurtaka neitt frá því, sem ég hefi þegar sagt. En hæstv. ráðh. hlýtur að sjá, þegar honum er bent á það, að hann fer villigötur, ef hann álítur, að hægt sé að byggja nokkuð á þessum þrem dæmum, sem hann nefndi. Hann vill halda því fram, að um fleiri dæmi geti verið að ræða en þessi þrjú. En þetta sýnir, hve veik aðstaða hans er, þegar hann nefnir aðeins þessi þrjú dæmi, en veit engin önnur.

Þá telur hæstv. ráðh., að ekki verði hægt að koma því fyrir innan laganna frá 1917, að hægt sé að svipta útgerðarmenn heimild til þess að hafa loftskeytatæki á skipum. Einmitt um þetta eru skýrust ákvæði í lögum frá 1917, í 2. gr.

Hæstv. ráðh. drap á eitt atriði í ræðu sinni, sem ég sá ástæðu til að gera fyrirspurn um, en hann neitaði að verða við henni. Hann sagði, að hér við höfnina væri leigður maður til að njósna um ferðir varðskipanna og gefa í hendur þeirra, sem á óheiðarlegan hátt vilja nota sér það. Ég skora á hæstv. ráðh. að segja hver hann er, ef þetta er ekki ein af hans venjulegu Gróusögum. Hæstv. ráðh. er ekki þekktur að því að hlífa andstæðingum sínum, og hefir hann ráðizt að mörgum, sem minna hafa gert fyrir sér en þessi njósnari, ef hann er til.

Hæstv. ráðh. var að tala um það, að enginn vandi hefði verið að vera á veiðum í Ólafsvík á jólanóttina, þegar vitað var, að varðskipin voru í Reykjavík. Ef nokkur meining er með þessu, þá hlýtur hæstv. ráðh. að skilja, hvílík ábyrgð hvílir á honum, sem nótt eftir nótt hefir verið með varðskipin í snatti og gefið mönnum vitneskju um það fyrirfram. Ef skaðsemi hlýzt af vitneskjunni um verustað varðskipanna eina nótt, þá hlýtur hæstv. ráðh. að skilja, að hann, sem heldur varðskipunum í snattferðum fyrir sjálfan sig og auglýsir ferðirnar löngu á undan, svo að allir vita, hvar þau eru á hverri stundu, að hann er óskapa sakamaður í þessu efni.

Hæstv. ráðh. var að segja „gamansögur", eins og hann orðaði það, í sambandi við Apríl-leitina. Mér finnst það ógeðsleg tilhneiging hjá hæstv. ráðh. að vilja draga þetta slys inn í þetta mál og nota kýmni sína við það; já, það er undarleg tilhneiging að vilja draga þennan sorglega viðburð inn í þetta soralega umtal. Ég trúi

ekki öðru en að flokksmenn hans finni til þess. En ég vil ekki gera þessa hlið málsins að umtalsefni. Ég hefi bent á, að hann hefir engin rök fram að færa því til sönnunar, að íslenzk skip hafi verið í landhelgi um þetta leyti. En hann ætti að rannsaka það, ef íslenzkir menn hafa verið í landhelgi um þetta leyti, hvort það hafi verið fyrir tilverknað útgerðarmanna.

Ég vil ekki, til þess að teygja ekki umr. að óþörfu, ræða um það, hvort ráðh. hefir afsökun eða ekki fyrir misnotkun varðskipanna. Hv. þm. Ísaf. og hv. 4. landsk. neyddust til að taka því eina tækifæri, sem bauðst til þess að vera á þeim fundum, sem ráðh. boðaði til, og urðu því að vera samskipa honum. Um mig persónulega skal ég ekkert segja, — það er talið, að ráðh. sé hræddur við mig og hafi því heldur viljað verða sér til skammar með því að bægja mér frá fari en hætta á að sleppa sér á hverjum fundi. En þetta hafði pólitiskan ávinning í för með sér, því að það er alls ekki víst, að við hefðum komið tveimur að við kosningarnar, ef landsmenn hafðu ekki fengið að sjá hæstv. ráðh.

Hæstv. ráðh. sagði, að málið snerist um það, hvort þm. nenntu að rétta upp hendina til að fyrirbyggja misnotkun loftskeyta. Ég hefi sýnt svo greinilega fram á, að ég efast ekki um, að hann og hans flokksmenn skilji það, að ef um misnotkun er að ræða, þá er auðvelt að koma í veg fyrir það eingöngu á grundvelli laganna frá 1917. Nýrrar lagasetningar þarf því alls ekki við.

Forseti Sþ. (ÁÁ), sem á sæti í þessari hv. deild, hefir bæði um og eftir hátíðahöldin í sumar sagt, að ágæti hátíðarinnar færi eftir því, hver áhrif hún hefði á menn. Áhrifin, sem þessi hátíð hefir haft á hæstv. dómsmrh., má lesa í 5. gr. þessa frumvarps.

Hákon Kristófersson: Hæstv. ráðh. sagði, að hann byggist við því, að hv. 2. þm. G.-K. ætlaði að tefja framgang þessa máls og fá flokksbræður sína til slíkra hluta. Það má vel vera, að svo sé, en mér er ekki kunnugt um, að flokkurinn hafi gert nein flokkssamtök til að verða þessu máli að bana eða hefta framgang þess, svo að þetta eru óþarfa getsakir hjá hæstv. ráðh.

Þá hélt hæstv. ráðh. því fram, að þeir, sem væru þessu máli mótfallnir, vildu styðja að yfirgangi togaranna. Ég hefi verið andvígur þessu frv., en það er með öllu ósatt, að með því hafi ég viljað rétta þeim hjálparhönd, er gerast yfirgangsmenn í íslenzkri landhelgi. En það, að ég hefi ekki viljað greiða þessu frv. atkv., kemur til af því, að ég hefi trúað hæstv. ráðh. svo vel fyrir því að gæta þessa máls án frekari lagaheimilda, því að hann hefir sýnt, hve mikinn áhuga hann hefir á landhelgisvörnum.

Ég hefi bent á það hér í þinginu, að ísl. togarar færu í landhelgina; en ég er ekki jafnsannfærður um, að það sé með yfirlögðu ráði eigendanna, og ekki gæti ég sannað það, því að til þess vantar mig annað en grun.

Mér þótti furðu gegna, að hv. flm. taldi ekki þörf á, að þetta mál færi til nefndar. Ég hafði búizt við, að hann teldi frv. merkilegra en svo, að hann vildi láta það fara nefndarlaust gegnum þingið. Í því eru ýmis ákvæði, sem þarf að athuga. Ég vil t. d. benda á 6. gr., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú benda sterkar líkur til þess, að útgerðarstjóri .... hafi notað loftskeyti í þeim tilgangi að fremja landhelgisbrot“ o. s. frv. Hver á að meta þessar líkur? Ef sterkar líkur benda til þess, að áliti þess, sem á að meta þær, þá má taka af skipinu rétt til að nota loftskeytatæki. — Ýmislegt er líka dálítið „humbugs“-legt í frv. Hvað á t. d. sjútvn. að gera við öll þessi skeyti til og frá veiðiskipunum? Ég held nú, að það færi að vefjast fyrir mér og hv. flm. (SvÓ), ef við ættum að fá allt það samsafn!

Svo er eitt enn, sem flm. virðist leggja mikið upp úr, og það eru þessi drengskaparheit, en þau þyrfti hv. n. að athuga.

Ég vænti þess nú, að þegar hv. flm. talar næst, þá geri hann það að till. sinni að frv. fari til sjútvn. Því er þá ekki í kot vísað, þar sem hann er sjálfur form. í þeirri n. **(Rödd:** Það er bezt að vísa því til menntmn.!). O ég tel það nú sjávarútvegsmál, og í þeirri n. tel ég höfnina bezta, þar sem við hv. flm. eigum setu til

þess að gæta þess, að það reki ekki á hafið.

Hv. flm. lætur sér sæma í þessari örstuttu grg., sem er frá honum sjálfum, að fara þeim orðum um þá, sem hafa slíkt hugarfar að vera á móti þessu frv., að þeir hafi ekki möguleika til þess að átta sig á málinu. Hann segir auk þess, að ýmsir þm. hafi ánetjazt í einhverri villukenningu. Ég verð að segja, að mér finnst hann fara þarna mjög svo óviðurkvæmilegum orðum um þingbræður sína, og átti ég sízt von á slíku aðkasti frá þessum að mörgu leyti mæta manni og sessunaut mínum. Ég gæti þá með sama rétti sagt, að hv. þm. hefði látið ánetjast til þess að flytja þetta frv. En hann ætti þá ekki að láta staðar numið við sína kæru þingbræður, því að það er nú ekki óvirðulegri maður en landsímastjóri, sem hefir haldið hinu sama fram og við andstæðingar frv. á þingi.

Ég hefi litið svo á, að allt það, sem óskað er með frv., að undanteknum ákvæðum 1. gr., væri til í núgildandi lögum eða gæti náðst í samræmi við heimildir í þeim. Hinsvegar býst ég við, að þó að þetta frv. yrði að lögum, væri ekki neinn sérstakur skaði skeður, að því undanfelldu, að ákvæði 6. gr. geta verið mjög hættuleg í höndum óbilgjarns ráðherra. En þessa afstöðu til frv. hefi ég hvorki tekið af samhygð með hv. 2. þm. G.-K. né af fylgispekt við neinn, heldur hefi ég eingöngu litið svo á, að þessa væri ekki þörf.

Magnús Guðmundsson: Það, sem hér skiptir máli, er vitaskuld það eitt, hvort nauðsyn er á þessari löggjöf, hvort ekki eru til áður í ísl. löggjöf nægileg ákvæði handa ráðh. til þess að fyrirbyggja, að togarar misnoti loftskeyti til landhelgisveiða.

Ég hefi áður látið uppi álit mitt um þetta, því að ég flutti í fyrra þá rökst. dagskrá, sem hér var samþ. Ég hefi ekki breytt um skoðun síðan, hvorki vegna grg. frv. né vegna þeirra skýringa, sem hæstv. dómsmrh. og hv. flm. reyndu að bera fram.

Ég ætla þá eins og í fyrra að ganga gegnum þau lagaákvæði, sem til eru í þessu efni, og vænti þess, að þeir, sem á annað borð vilja taka eftir og sannfærast, hlusti á orð mín, því að þessi lagaákvæði eru óvenjulega skýr.

Eftir l. nr. 82 frá 1917 hefir landið einkarétt á að reka stöðvar eins og skip hafa, og það er aðeins með leyfi stjórnarráðsins, að þau geta fengið að reka slíkar stöðvar. Þetta leyfi er ekki skylt að veita, og þegar það er veitt, má setja fyrir því hvaða skilyrði, sem ráðh. vill. Og þar að auki segir í 2. gr.:

„Ráðuneytið getur bannað öll loftskeytaviðskipti innan ísl. landhelgi, bæði frá íslenzkum og erlendum skipum, og gert þær ráðstafanir, er nauðsynlegar þykja, til þess að banninu verði hlýtt".

Það er þess vegna eins vel búið um þetta og unnt er. Ekkert skip má hafa loftskeytastöðvar, nema með leyfi ráðh. Það er hægt að setja fyrir leyfinu hvaða skilyrði sem er. Það er hægt að banna þessi tæki hvenær sem er. Og samkv. heimild í lögunum var gefin út reglugerð 17. maí 1918. Þar stendur í 19. gr.: „Einnig getur ráðuneytið látið hafa eftirlit með öllum loftskeytum, látið stöðva þau skeyti, sem að þess áliti geta verið skaðleg velferð landsins". — Hvernig í ósköpunum er unnt að taka skýrara og greinilegar til orða? Með berum orðum er ráðh. veitt heimild til þess að stöðva öll þau skeyti, sem geta verið skaðleg fyrir velferð landsins. Nú skil ég ekki, að nokkrum blandist hugur um, að það sé skaðlegt fyrir velferð þess, að togarar fari í landhelgi til veiða, þegar ríkið ver 700 þús. kr. á ári til þess að koma í veg fyrir það.

Skýringar þess lögfræðings, sem hæstv. ráðh. vitnar í, hafa því ekki minnstu áhrif á mig. Þær eru ekkert annað en tylliástæður. En það er furðulegt, að frá nokkrum lögfræðingi skuli það koma fram sem mótbára gegn því, að beita megi þessum ákvæðum laganna, að slíkar stöðvar hafi ekki verið þekktar, þegar lögin voru sett. Þá voru að vísu til firðviðskipti, þótt tækin væru af annari gerð. En jafnvel þótt þau hefðu alls ekki verið til, hverjum hefði þá t. d. dottið í hug, að það væri ekki þjófnaður, ef maður tæki útvarpstæki, þó að þau hafi ekki verið

til 1869, þegar hegningarlögin voru sett? — Ástæður eins og þessar eru hlægilegar, og það er heppilegt fyrir þann lögfræðing, sem þetta hefir samið, að hans nafns er ekki getið hér.

Mig undrar það stórum, að ef hæstv. ráðh. virkilega álítur misnotkun loftskeytanna eins mikla og hann lætur í veðri vaka, þá skuli hann ekki hafa reynt að nota þessi lagaákvæði, sem nefnd hafa verið. En ef hann telur heimildirnar ekki nægilegar, þá hefði hann þó átt að reyna þetta, því að hefði farið að hans áliti, að þetta væri ekki hægt, þá stóð hann með pálmann í höndunum og gat heimtað þessa löggjöf. Og þá hefði engin fyrirstaða verið. En hitt getur ekki verið annað en þrái, að bera þetta mál fram þing eftir þing.

Hv. flm. vildi helzt, að málið færi ekki til n. Mér finnst þar skjóta dálítið skökku við, því að hann hélt því fram, að nauðsynlegt væri fyrir hv. dm. að athuga það nánara, þar sem þeir hefðu villzt á þessu svo hroðalega á síðustu þingum. Ég vil nú skora á hv. flm. að rannsaka í sjútvn., hvort honum hafi ekki sjálfum missézt í þessum efnum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég ætla ekki að þessu sinni að svara hv. 2. þm. G.-K., því að hann mun hafa haldið sínar tvær ræður. En örfá orð vildi ég mæla til hv. 1. þm. Skagf.

Hann heldur áfram að reyna að sanna, að reglugerð geti gert allt það sama gagn sem þetta frv. Hann er mér samdóma um, að sjálfsagt sé að reyna að hindra þennan ránskap í landhelginni, og ég er honum þakklátur fyrir það. En nú vil ég spyrja hv. þm. að þessu: Hann hefir tvívegis verið ráðherra; þá var varðskipaeignin minni en nú er og landhelgisgæzlan þar af leiðandi veikari, og því ennþá meiri nauðsyn til að verjast lögbrjótunum. Ef honum er nú alvara með, að þetta sé þjóðarböl, hvers vegna gaf hann þá aldrei út þessa reglugerð? Hann viðurkennir misnotkunina, og ef hann hefði haft nokkra löngun til þess að spyrna gegn henni, hefði hann auðvitað gefið út stóra reglugerð um þetta efni. En það gerði hann ekki. Það getur komið af tvennu: Að hann hafi engan áhuga haft á málinu, og þykir mér það ólíklegra. Hin ástæðan er sú, að hann hafi vitað og viðurkennt þá, að ekki væri hægt að komast nógu langt með þeim lögum, sem til eru, en hafi ekki lagt út í að fara löggjafarleiðina. Nú, þegar hv. þm. tekur næst til máls, þá mun það koma í ljós, hvort ég geri honum upp of skemmilegar hugsanir í þessum efnum, eða hvort það er eitthvað annað, sem liggur til grundvallar hjá hv. þm. Annars er það allt, sem þessir hv. þm. segja, að hér sé böl, sem bæta þurfi úr, en að það megi gera með reglugerð, og öll ákvæði þessa frv. megi setja í reglugerð, og þess vegna berjist þeir á móti því, að lög verði sett um þetta. En reglugerðina settu þeir ekki þegar þeir höfðu aðstöðu til þess.

Hv. þm. vitnaði í lög frá 1917 um það, að landstjórnin geti bannað skipum að nota loftskeytatæki. En það er nú einmitt það, sem stj. langar ekki til að gera. Það er engin ástæða til þess að hindra eigendur og útgerðarmenn skipa í því að hafa samband við skipin vegna atvinnurekstrarins, og því síður vegna skipshafnanna og björgunarstarfseminnar. Þess vegna er ekkert gagn að þessari heimild í lögunum frá 1917, um það að geta bannað skipum að hafa loftskeytatæki, því að slík heimild verður vitanlega aldrei notuð. Það þarf á hinn bóginn miklu fremur að stuðla að því, að skipin hafi loftskeytatæki, en girða fyrir misnotkun þeirra, eftir því sem unnt er. Það er þetta, sem vakað hefir fyrir flm. þessa máls frá upphafi. Hinsvegar er dálítið einkennilegt það ofurkapp, sem eigendur togaranna og áhrifamenn stórútgerðarinnar í landinu hafa jafnan lagt á það að hindra framgang þessa máls, ef þeir virkilega tryðu því með sjálfum sér, að hinum sama árangri væri hægt að ná með reglugerð. Hvers vegna má þá ekki alveg eins setja lög um þetta? Og vill hv. 1. þm. Skagf. gera svo vel og upplýsa, hvers vegna hann setti ekki reglugerð um þetta efni, meðan hann var ráðherra, úr því að hann og flokksbræður hans viðurkenna, að þörf sé á ráðstöfunum í þá átt, og að reglugerð mundi nægja til þess að girða fyrir misnotkun loftskeytanna.

Jón Auðunn Jónsson [óyfirl.]: Það, sem kom mér til þess að standa upp, var það einkennilega fyrirbrigði, að flm. frv. óskaði eftir því, að málið yrði ekki látið ganga til nefndar. Þetta er því einkennilegra, sem brtt. þær, sem hv. flm. flutti sjálfur á síðasta þingi, og sem miðuðu að því að gera málið aðgengilegra, hafa ekki verið teknar upp í frv., eins og það er flutt nú. Þetta styður þá tilgátu, sem reyndar hefir við mörg önnur rök að styðjast, að þetta mál sé upp tekið sem rógsmál á hendur útgerðarmönnum. Það munu fæstir, sem þekkja til innrætis hæstv. ráðh., trúa honum til þess að fara með slíkt mál sem þetta hlutdrægnislaust.

Samkv. brtt. hv. flm. í fyrra skyldi loftskeytaeftirlitið tekið af dómsmálaráðuneytinu og fengið í hendur landssímastjóra, líkt og venja er víða erlendis. Það hefir þótt ástæða til þess að fyrirbyggja það, að menn eins og hæstv. núv. dómsmrh. geti notað embættisaðstöðu sína til þess að beita andstæðinga sína harðdrægni og hlutdrægni, eða jafnvel skaðað þá stórkostlega. Ég get hvergi fundið neitt ákvæði um það í þessu frv., að þagnarskyldu skuli gætt um þá dulmálslykla, sem stj. fær í sínar hendur samkv. þessu frv. Eins og nú er skipað mönnum í hinum æðstu sætum, þá má við öllu búast. Hæstv. dómsmrh. gæti gefið vildarvinum sínum lyklana, til þess að skaða eigendur skipanna. Það er vitanlegt, að notkun loftskeyta á skipum er að mestu í því fólgin að leiðbeina um fiskigöngur, en ef dulmál það, sem til þess er notað, er gert opinbert, getur það orðið til þess, að skip hrúgist á sama blettinn og spilli hvert fyrir öðru. Slíkt væri alveg ófært.

Í brtt. í fyrra var ennfremur fellt burt það ákvæði frv., að skeytabækur og afrit skeyta skuli send til eftirlits sjútvn. þingsins. Slíkt hefir vitaskuld enga þýðingu, því að nefndirnar gætu ekkert gagn haft af þessu, nema legið mestan hluta þingtímans yfir því, til tafar og trafala fyrir önnur mál og fyrir þingstörf yfirleitt. Einnig var brtt. í fyrra um það, að þung refsing skyldi lögð við fyrsta broti, en ekki missir skipstjóraréttinda. Þetta er nú óbreytt í frv. eins og það var upphaflega. Ég sé því enga ástæðu til þess að meina þessu máli að fara í nefnd til frekari athugunar. Mér virðist hv. flm. ætla að ganga framhjá sínum eigin brtt. í fyrra og keyra málið í gegnum þingið illa undirbúið og illa hugsað, aðeins af þægð við aðalflm. þess og langafa, hæstv. dómsmrh. Það er alkunnugt, að þessi hæstv. ráðh. hefir oft, því miður, notað þetta mál á mjög ógeðslegan hátt, og sakað fjölda alsaklausra manna um lögbrot og ódrengskap. Er þar skemmst að minnast skipta hæstv. ráðh. í sambandi við „Apríl"-slysið í vetur, þegar hann segir það beinlínis, að útgerðarmenn hafi beint skipum sínum inn í landhelgina, meðan varðskipin voru að leita að Apríl. Það vita nú allir, hversu fjarri sannleikanum slík staðhæfing er, og þarf ekki um það að ræða, en hitt er undarlegt, hvers vegna varðskipunum voru ekki send skeyti á dulmáli, samkv. venju, heldur á almennu máli. Ég skal ekki geta þess til, að það hafi verið gert með það fyrir augum að svívirða andstæðingana, en ekki þætti mér það ólíklegt, eftir innræti þessa manns, enda er hann að mörgu misjöfnu kunnur. Hæstv. ráðh. sagði, að menn hefðu kvartað undan því við sig að loftskeytin væru misnotuð til landhelgisbrota, og að hann hefði sagt þeim, að þeir skyldu kjósa þá menn á þing, sem fylgdu þessu frv. En ég býst við, að þessir menn hafi þá hugsað eitthvað á þessa leið: Að fara eftir þínum ráðum um þessa hluti, skulum við fyrst gera, þegar þú ert hættur að taka frá okkur varðskipin, ekki aðeins vikunum saman, heldur og mánuðum saman, eins og undanfarin ár. — Yfirleitt finnst mér öll framkoma hæstv. dómsmrh. í landhelgismálunum minna á þjófinn, sem stökk með þýfið út á stræti og æpi í sífellu: „Grípið þjófinn, grípið þjófinn". Hæstv. dómsmrh. er að fela sekt sína með því að reyna að benda á aðra, sem eru saklausir. Í stað þess að eyða dýrmætum tíma þingsins til þess að fást við jafnóþarft og ómerkilegt mál og þetta, þá ætti það miklu fremur að setja hið bráðasta lög, sem banna snattferðir varðskipanna og misnotkun þeirra yfirleitt.

Magnús Guðmundsson: Ég þarf aðeins að svara fyrirspurn hæstv. dómsmrh. um það, hvers vegna ég hafi ekki sett reglugerð um notkun loftskeyta, meðan ég var ráðh. Þessu er ósköp auðsvarað, því að reglugerðin var til og er til enn, enda hafa verið lesnar upp greinar úr henni undir umr. Það þarf ekki nema gefa landssímastjóra fyirrskipun um, hvaða ráðstafanir hann eigi að gera um loftskeytaviðskipti togara, því að næg heimild til þessa er í lögum.

Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði viðurkennt þennan „gífurlega ránskap" eins og hann komst að orði, þá er það að vísu rétt, að ég hefi viðurkennt, að landhelgisbrot ættu sér stað, en ég hefi aldrei viðurkennt, að misnotkun loftskeyta væri þar um að kenna. Ég skora á hæstv. ráðh. að tilfæra eitt einasta dæmi, þar sem þótt hafi sérstaklega grunsamlegt, að um misnotkun loftskeyta væri að ræða, og þar sem það að lokinni rannsókn hafi sannazt, að svo væri. Ef hæstv. ráðh. getur þetta ekki, þá verð ég að álíta, að allt tal hans um þessa hluti séu ýkjur og ekki annað en ýkjur. En ef hann getur tilfært eitt einasta dæmi, sem hann sennilega getur ekki, þá ákæri ég hann fyrir það að hafa ekki notað heimildina í reglugerð frá 1918 og í lögum frá 1917.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:6 atkv. Till. um að vísa málinu til sjútvn. felld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JÓl, JS, MG, ÓTh[2]), PO, SE, SÁÓ, EJ, GunnS, HG, HK.

nei: IngB, JJós[1]), MT, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, BSv, BSt, BÁ, HStef, HJ, HV[3]) JörB.

LH greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (MJ, ÞorlJ) fjarstaddir.

Á 40., 41. og 42. fundi í Nd., 7., 8. og 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 158, 326).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

70. Útvegsbanki Íslands h/f.

Á 25. fundi í Nd., 16. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um Útvegsbanka Íslands h/f (þmfrv., A. 173).

Á 28. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 25. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Ólafsson): Frv. þetta er fram borið að ráði og með samþykki fulltrúaráðs Útvegsbankans. Þótt ekki sé langt síðan l. um þennan banka voru sett, þá eru þau að ýmsu leyti þannig sniðin, að þau geta ekki staðið óbreytt til lengdar, enda var það vitað fyrirfram. Ég skal ekkert fara út í forsögu þessa máls. Hún kemur þessu stigi þess ekkert við. Aðeins skal ég snúa mér að þeim lögum, sem Útvegsbankinn er stofnaður eftir, en það eru l. frá 11. marz 1930. Þegar þau l. voru sett, var ekki fengin fullkomin vissa um það, hver verða mundu forlög Íslandsbanka, sem lokað hafði verið snemma í febr. það ár. Í l. varð því að setja ýmis bráðabirgðaákvæði, sem nú eiga ekki lengur við. Þannig eru í III. kafla l. fyrirmæli um það, að ríkissjóður leggi fram 3 millj. kr. sem forgangshlutafé, að því tilskildu, að lagt verði fram hlutafé innanlands 1½ millj. kr. og að samkomulag náist við aðallánardrottna Íslandsbanka, sem eru ríkissjóður Dana, Privatbanken og Hambrosbank. Þegar þessum skilyrðum væri fullnægt, þá skyldi Íslandsbanki renna inn í Útvegsbankann, sem þá tæki við skuld-

1) **Með svofelldri grg.:**
Það liggja svo mörg nauðsynleg mál fyrir sjútvn., en þykir hinsvegar ganga fremur tregt afgreiðsla þeirra í nefndinni, svo að ég tel með öllu ófært að tefja störf hennar að þarflausu með hégómamáli eins og þessu.

2) **Með svofelldri grg.:**
„Þar eru eyru sæmst, sem uxu", og því er bezt að þetta frv. fái að fara til föðurhúsanna aftur, til hv. 1. þm. S.-M.

3) **Með svofelldri grg.:**
Mér finnst þetta frv. vera orðið nægilega athugað á fjórum þingum og segi því nei.

bindingum hans og kæmi í stað hans að öðru leyti. Eitt ákvæði þessa kafla er það, að afskrifað skuli hlutafé Íslandsbanka. Þá er og ákveðið, að seðlar hans skuli dregnir inn. Í IV. kafla eru enn sett ákvæði til vara, ef ákvæði 12. gr. verða ekki uppfyllt. Þá er gert ráð fyrir, að Íslandsbanki verði tekinn til skiptameðferðar sem gjaldþrota. Útvegsbankinn kemur því í stað Íslandsbanka, sem er lagður niður, samkv. því, sem l. frá 11. marz 1930 ákveða. Um Útvegsbankann er svo gerð samþykkt, sem er frá 5. apríl 1930. Lagafyrirmælin um Útvegsbankann eru því svo ófullkomin, að nauðsyn þótti að safna þeim í eina heild, svo sem er um lög Landsbankans og lög Búnaðarbankans. Þótti vel til fallið að gera þetta nú þegar, að setja bankanum fullkomin lög, en fella niður þau bráðabirgðaákvæði l., sem nú eru orðin óþörf.

En um leið og þetta er gert, þótti rétt að fara fram á nokkur fríðindi bankanum til handa, um ábyrgð o. fl. Skal ég með nokkrum orðum leyfa mér að minnast á þau fríðindi, sem fram á er farið í frv. og eigi standa í l. frá 11. marz 1930. Það er þá hið fyrsta, að í 4. gr. frv. er farið fram á það, að ríkissjóður ábyrgist allt það fé, sem Útvegsbankinn eða útibú hans taka við til ávöxtunar með sparisjóðskjörum. Það þykir ekki ósanngjarnt að fara fram á þetta. Ríkið hefir tekið fulla ábyrgð á Landsbankanum með l. frá 1928 og á Búnaðarbankanum með l. frá 1929. Hér er aðeins farið fram á, að ríkið taki ábyrgð á sparisjóðsinnstæðum. Ef svo er ekki gert, þá má telja fullvíst, að Útvegsbankinn, með hina bankana til beggja hliða, fái sama sem ekkert af sparisjóðsinnlögum. Nú má þó telja það víst, að Útvegsbankinn, sem ætlað er það hlutverk aðallega að styðja annan og stærri aðalatvinnurekstur landsins, muni eiga þau ítök hjá mörgum sparifjáreigendum, að þeir vildu gjarnan láta hann geyma fé sitt, ef þeir telja fullt öryggi fyrir geymslu þess þar. Nú vil ég segja það, að þeir, sem spara fé og leggja það til þjóðarrekstrarins í gegnum bankana, eiga það fyllilega skilið, að öryggi þeirra sé tryggt með ábyrgð ríkisins. Þetta á ekki hvað síst við banka, sem hafa víðtæka starfsemi og svo flókna, að einstaklingar, sem eiga fé sitt þar inni, geta ekki til hlítar fylgzt með starfsemi þeirra. Öðru máli er að gegna um hina mörgu smáu sparisjóði víðsvegar um land. Þar þekkja menn svo að segja til hlítar alla starfsemi sparisjóðanna og vita því jafnan um öryggi þeirra.

Þar sem nú ríkið á $^3/_5$ hluta af hlutafé bankans, þá mundi aldrei til þess koma, að ríkið léti innstæðueigendur tapa fé sínu þar. Er það enn greinilegra, þegar þess er gætt, að auk þess sem ríkið á meiri hluta í bankanum, þá hefir það líka öll umráð yfir honum. Hér er því um enga nýja hættu að ræða, heldur það, að rétta bankanum hönd til jafnréttis við hina bankana.

Þetta er þá um fyrsta nýmæli frv. Hið annað er það, að bankinn megi draga seðla sína inn á 10 árum. Þegar litið er yfir sögu seðlainnlausnar Íslandsbanka, þá er ljóst, að engin föst regla hefir um hana gilt. Upphaflega hafði Íslandsbanki alla seðlaútgáfu hér á landi, að undantekinni $^3/_4$ millj. kr., sem Landsbankinn gaf út.

Þetta stóð svo lengi, en þegar að inndrættinum kemur 1921, er tilskilið, að Íslandsbanki skuli draga inn 1 millj. kr. á ári, en mest máttu vera í umferð 8 millj. kr. En 1922 er þessum inndrætti frestað, og svo ár frá ári til 1928, svo að ekki hefir komið til inndráttar á seðlum bankans fyrr en 1929 og 1930.

Þegar litið er á sögu seðlanna og þá erfiðleika, sem voru fyrir hendi hjá Íslandsbanka, virðist mönnum, að þau sömu skilyrði séu enn fyrir hendi, svo að líta megi sömu augum á þetta mál og áður. Það er því skiljanlegt, að þar sem ekki þótti fært að heimta af Íslandsbanka, að hann drægi inn seðlana meira en gert var, þá eru ekki breyttar þær ástæður, sem til þess voru, nema síður sé, þar sem nú virðist gengið inn á tímabil, sem að mörgu leyti horfir erfiðlegar við en 1926—29.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum að sinni. Það má vel vera, að einhverjar umr. verði um málið nú þegar, en ég ætla aðeins að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Ég skal bæta því við, að ég vona, að hv. n. líti á það með mikilli gætni og varfærni; en bankanum er sennilega enn nokkuð erfitt um að halda áfram, ef hann fær ekki þessi fríðindi, annarsvegar ríkistryggingu fyrir sparifjárinneignum, og hinsvegar betri skilyrði um innlausn seðla heldur en verið hefir, þar sem nú er hægt, á hverjum tíma sem er, að heimta, að hann dragi inn alla seðla, sem hann hefir í umferð. Þeir, sem komizt hafa í einhver kynni við viðskiptalífið, hljóta að sjá, að ekki er kleift að fullnægja þeim lögum, sem um þetta fjalla, nema þá með sérstökum ráðstöfunum.

Sigurður Eggerz: Ég skal ekki við þessa umr. fara langt inn á þetta mál. Þó vil ég segja, að oft vill svo verða, að ein syndin býður annari heim. Þegar á sínum tíma var rætt um, hvort taka skyldi ábyrgð á Landsbankanum eða ekki, komu mjög ákveðnar raddir frá ýmsum þeim mönnum, sem bezt skyn bera á fjármál í þessu landi, um, að það væri ekki rétt leið, að ríkissjóður tæki ábyrgð á bankanum. Hitt væri rétta leiðin, að þessum banka, sem búið var að ákveða, að yrði þjóðbanki, yrði veitt ríflegt fé, þannig, að hann gæti staðið sem sterk og öflug stofnun.

Niðurstaðan varð þó sú, að tekin var ábyrgð á bankanum gegn mótmælum úr ýmsum áttum og það frá mönnum, sem vinveittir voru bankanum og vildu veita honum stuðning. En þegar þessi ábyrgð hafði verið tekin á bankanum, varð afleiðingin sú, að þeim, sem áttu fé í Íslandsbanka, þótti öruggara að eiga það í Landsbankanum, þar sem ríkissjóður stóð að baki. Með þessari ábyrgð á Landsbankanum var því verið að ráðast hart og ákveðið að Íslandsbanka. Ég skal þó ekki nú fara inn á forsögu Íslandsbankamálsins. En ég vil benda á það, að þessi ráðstöfun og sá órói, sem var reynt að skapa kringum Íslandsbanka, gerðu honum mjög erfitt fyrir.

Nú hefir þriðji bankinn verið stofnaður, Búnaðarbankinn, og hefir ríkissjóður tekið fulla ábyrgð á honum.

Ég vil nú við 1. umr. þessa máls leggja áherzlu á, að við erum algerlega á rangri braut, þegar búið er að setja ríkissjóð á bak við allar okkar bankastofnanir. En ein syndin býður annari heim. Nú kemur krafa fram um ábyrgð á sparisjóðsfé, sem er inni í Útvegsbankanum. Hinir nýju bankastjórar Útvegsbankans hafa nú lært af reynslunni, og reka sig á örðugleikana, og finna, hvað semkeppnin um sparsjóðsfé er örðug við þá banka, sem hafa ríkisábyrgð.

Aðstöðumunurinn milli Íslandsbanka og Útvegsbankans er þó sá, að allmikið kapital, 7½ millj. kr., stendur að þessum banka. Og þó kemst hann ekki af án ábyrgðar. Ég er þess fullviss, að ef Íslandsbanki hefði fengið ábyrgð á sparisjóðsfénu og ábyrgð á 1½ millj. í rekstrarfé, þá hefði verið hægt að forða þjóðinni frá þeirri ógæfu, sem af stöðvuninni leiddi. En afleiðingin af stöðvun hans var sú, að hann missti mikið af höfuðstarfsemi sinni, innheimtustarfseminni, sem fór til Landsbankans, og eins og hv. 2. þm. Árn. sagði, þá græddi Landsbankinn á því að fá þessa innheimtu til sín.

Með stöðvuninni var einnig lánstraust bankans og landsins fótum troðið. Við stöðvunina skeði það, að bankinn missti mikið af störfum sínum, glataði lánstrausti sínu og var þannig látinn halda áfram vængstýfður á ríkissjóðskostnað.

En þó að þessi mikli höfuðstóll sé settur í bankann, þá finnur bankastjórnin samt til þess, að það er erfitt að lifa í samkeppni við hina bankana, sem báðir hafa ríkissjóðsábyrgð.

Það eru tvö meginatriði, sem koma fram í þessu frv. Fyrst er það óskin um að fá ábyrgð á sparisjóðsfénu. Ef sú ósk hefði verið tekin til greina á því stigi, þegar farið var fram á þetta, hefði bankinn ekki þurft að stöðvast.

Hitt atriðið er það, að fá að draga inn seðlana á lengri tíma. Íslandsbanka var neitað um þetta. Magnús Kristjánsson sagði, að ekki væri til neins að koma oftar til þingsins og fá undanþágu frá inndrættinum, og þetta, ásamt því, að Íslandsbanki fékk ekki endurkeypta víxla hjá Landsbankanum, var orsök til stöðvunarinnar.

Ég ætla ekki langt inn á forsögu þessa

máls. Það verður tækifæri til þess seinna. En þrátt fyrir mörg og mikil mistök, sem liggja úti í fortíðinni, þá er skoðun mín um það, hvernig á að standa að bönkunum, ekki breytt. Ég skil örðugleika peningastofnananna á hverjum tíma alveg eins nú og þegar ég var bankastjóri Íslandsbanka.

Ég vona, að þessu máli verði vísað til fjhn. Þar á ég sæti og mun taka mína afstöðu. Og þá mun ég, eftir því sem ég bezt get, taka tillit til þeirra erfiðleika, sem hvíla á bönkunum. Ýmsar þær syndir, sem hafa verið drýgðar gagnvart Íslandsbanka, munu frá minnu hálfu ekki hindra það, að ég reyni að taka sanngjarna afstöðu til þessarar annarar höfuð-peningastofnunar landsins.

Haraldur Guðmundsson: Ég skal ekki fara að rifja upp sorgarsögu Íslandsbanka, en verð þó í sambandi við nokkur orð, sem féllu hjá hv. þm. Dal., að benda á örfá atriði þess máls.

Hv. þm. tók svo til orða, að ef Íslandsbanki í fyrra hefði fengið 7½ millj. kr. hlutafé, þá hefði aldrei þurft að stöðva hann. Ég hygg þetta rétt mælt hjá hv. þm. En ég sé ekki, að unnt sé að álasa þinginu í því sambandi. Íslandsbanka var heimilt að afla sér alls þess fjár, sem honum var unnt. Bankastjórn og fulltrúaráð áttu að gera það. Þeir gerðu það ekki. En ég tel víst, að eins og hag bankans var komið, hafi þetta verið ómögulegt.

Hv. þm. endurtók nokkrum sinnum í ræðu sinni, að Íslandsbanki hefði verið stöðvaður, og það hafi Alþingi gert. Ég vil enn á ný mótmæla þessu. Alþingi hefir aldrei stöðvað Íslandsbanka. Stöðvun hans var bein afleiðing af því, hvernig komið var, vegna þeirrar stjórnar, sem bankinn laut.

Ástæðan til þess, að ég gerðist meðflm. þessa frv., er sú, að brýn nauðsyn er til þess, að setja fullkomin lög um Útvegsbankann. Eins og hv. dm. er kunnugt, voru lögin í fyrra stórgölluð fljótasmíð, og því er ekki nema eðlilegt, að fljótt komi í ljós þörfin á að gera þau fyllri og nákvæmari.

Um einstök atriði frv. hefi ég óbundnar hendur. Ég skal benda á 2 atriði, sem ég teldi betur leyst á annan veg en í frv. er gert ráð fyrir.

Ég tel það vandræðaráðstöfun, að tveir séu bankarnir um seðlaútgáfu. En eins og hagur Útvegsbankans stendur, fæ ég ekki séð, að honum sé unnt að leysa alla seðlana inn í einu. Ég vil biðja þá nefnd, sem fær málið til meðferðar, að athuga, hvort ekki sé hægt að leysa þennan vanda á annan hátt. Það er engin lausn, að Landsbankinn láti Útvegsbankanum í té fé með venjulegum útlánsvöxtum. Útvegsbankinn getur ekki haldið sér uppi á því. Þó að hann láni það út t. d. með ½% hærri vöxtum, þá er slíkur vaxtamunur ekki einu sinni fyrir kostnaði.

Annað atriði er það, að vegna þess hvernig allt er í pottinn búið, tel ég alveg nauðsynlegt að setja nú þegar einhver ákvæði um, hvernig fara skuli að, ef varasjóður og gróði hrökkva ekki fyrir töpum. Þetta er bráðnauðsynlegt, sérstaklega vegna þess, að þegar Útvegsbankinn var stofnaður, var hann látinn taka við töpum, sem að mati þar til kvaddrar nefndar námu 3½ millj. kr. umfram allt hlutafé Íslandsbanka. Eftir því sem tímar hafa breytzt síðan, er sízt ástæða til þess að ætla, að tapið hafi verið áætlað of hátt; þvert á móti.

Ég vil vænta þess, að sú n., sem fær málið til athugunar, taki einnig þessa hlið málsins sérstaklega til yfirvegunar.

Magnús Guðmundsson: Það var sagt í fyrra, þegar til umr. var frv. um þennan nýja banka, að ekki mundi líða á löngu, þangað til þyrfti að endurskoða þá löggjöf, jafneinkennileg og hún var. Það ætlar nú að koma á daginn, að fyrsta tækifæri er notað til þess að fá þessu breytt. Og það undrar mig í rauninni alls ekki, eins og allt þetta mál var í pottinn búið, þótt það sé ekki á enda kljáð. Það er nógu gaman að sjá, að þeir menn, sem hömuðust mest á móti því í fyrra, að tekin væri ábyrgð á sparisjóðsfé Íslandsbanka, skuli, eða a. m. k. einn þeirra, flytja frv. um það nú. Reyndar hefir hans aðstaða til bankans breytzt, þar sem hann er orðinn útibússtjóri, en

skoðun hans hefir líka breytzt, og það að marki.

Ég ætla, að það hafi verið á þinginu 1928, fyrsta þinginu, er núverandi meiri hluti hafði hér völd, að samþ. var að taka ábyrgð á öllum fjárreiðum Landsbankans, og þar með auðvitað sparisjóðsfé hans. Það var þá strax bent á, að afleiðingin af þessu mundi verða sú, að sparisjóðsfé mundi sogast meira og meira til Landsbankans og þá drepa hinn bankann og kannske sparisjóðina í landinu líka. Þetta þótti þá hin mesta fjarstæða. En reynslan hefir orðið sú, að við það, að sparifé landsmanna sogaðist til Landsbankans, komst hinn bankinn í þrot, og það varð ekki útgjaldalaust fyrir ríkissjóð, því að samkv. lögunum, sem sett voru í fyrra, og sem varð að setja vegna viðskipta þjóðarinnar, hvíla nú á ríkissjóði vaxta- og afborganabyrðar, sem svara til 4½ millj. kr., og það eru engin líkindi til þess, eins og hæstv. fjmrh. tók fram í sinni fjármálaræðu, að bankinn geti borgað neitt af þessu í fyrirsjáanlegri framtíð. Sama kom fram hjá hv. 1. flm. Hann sagði, að ef bankinn fengi ekki þessi friðindi, væri óvíst, hvort hann gæti starfað óhindrað áfram.

Þetta hefir hún þá kostað, þessi tilgangslausa og óþarfa ábyrgð á Landsbankanum.

Það er öllum vitanlegt, að á bak við þessa ábyrgð fyrir Landsbankann, lá óbeinlínis viljinn til þess að koma Íslandsbanka á kné, löngunin til að lama hann svo, að hann gæti ekki borið sitt barr. En óforsjálnin og athugaleysið í þeim efnum kemur nú niður á ríkissjóði með þessum þungu vaxta- og afborganaskilyrðum, sem ég nefndi. Og það er ekki víst, að þar með sé búið. Nú er hér farið fram á, að ekki sé einungis lagt fram þetta fé, heldur verði líka tekin ábyrgð á sparisjóðsfé Útvegsbankans. Ég verð fyrir mitt leyti að segja, að úr því að búið er að taka ábyrgð á sparifé Landsbankans, er mér ljóst, að ekki er um neitt annað að gera, ef á annað borð á að hjálpa Útvegsbankanum til að fá sparisjóðsfé, en ganga í ábyrgð fyrir því. En ég er þá hræddur um, að þurfi að taka ábyrgð á öllum fjárreiðum bankans, til þess að hann geti haldið áfram. Og hvenær sem bankinn kemst í þrot, verður þingið neytt til, eftir að það er búið að leggja honum 4½ millj. kr. hlutafé og taka ábyrgð á sparisjóðsfé hans, að taka ábyrgð á honum öllum. Þá er svo komið, að ríkið ber ábyrgð á allri bankastarfsemi í þessu landi.

Því var haldið fram hér í þinginu í fyrra, að Landsbankinn hefði ekki getað stutt Íslandsbanka. Ég man ekki nákvæmlega, hve mikið Íslandsbanki skuldaði Landsbankanum í fyrra um þetta leyti, en það mun hafa verið nálægt 4 millj. kr. En ef litið er á reikninga Útvegsbankans nú, sést, að þessi upphæð hefir tvöfaldazt. Hvaðan hefir nú Landsbankanum komið þetta fé nú, sem hann gat ómögulega hjálpað um í fyrra? Það er örðugt að sjá. En hitt er víst, að ef Landsbankinn hefði veitt þennan stuðning strax í fyrra, hefði verið hægt að komast hjá 4½ millj. kr. ríkislántöku til Útvegsbankans. Það var sú dæmalausa skammsýni, sem stj. og þingmeirihluti sýndu í fyrra í bankamálinu, sem hefir orðið okkur svona dýr, og vitum við þó minnst enn, hvað það háttalag kann að kosta okkur. Það hefir sýnt sig, að bankastarfsemi hér er áhættusöm, eins og sá atvinnuvegur er, sem mest þarf stuðnings bankans við, og því getur enginn sagt um, hvað það getur komið til með að kosta, að ríkið taki algerða ábyrgð á Útvegsbankanum.

Ég man, að það þótti goðgá í fyrra, er ég og hv. 2. þm. G.K. fluttum till. um, að ríkið tæki að sér ábyrgð á sparisjóðsfé Íslandsbanka. Man ég, að hv. þm. Ísaf. lét ekki sitt eftir liggja að mæla á móti þeirri till. En nú á þessu þingi flytur þessi sami hv. þm. frv. um ábyrgð á sparisjóðsfénu. Þessi afstöðumunur er að vísu skiljanlegur, þegar þess er gætt, að hv. þm. er orðinn bankastjóri við útibú þessa banka. Hann sér auðvitað, að engin von er, að banki hans fái sparifé til ávöxtunar án ríkisábyrgðar, þegar tveir aðrir bankar, Landsbankinn og Búnaðarbankinn, hafa fulla ríkisábyrgð á sínu sparisjóðsfé. Þetta leiðir auðvitað af því óheillaspori, sem stigið var, þegar ríkisábyrgð var tekin á sparisjóðs-

fé manna í Landsbankanum í því skyni að troða skóinn niður af Íslandsbanka, eins og líka tókst. Og hætt er við, að afleiðingarnar verði víðtækari eftir samþykkt þessa frv. Hvað er líklegra en að þeir menn, sem eiga innstæður í sparisjóðum úti um landið, kjósi heldur að eiga þær í bönkum, þar sem ríkisábyrgð er á fénu, og tæmi sparisjóðina. Nú mundi þykja skarð fyrir skildi, ef sparisjóðirnir hyrfu úr sögunni, og eina úrræðið yrði því að taka fulla ábyrgð á öllu innstæðufé í þeim líka.

Að því er snertir annað aðalatriði frv., inndrátt seðla, skal ég vera fáorður. Ég vil aðeins benda á, að fram komu upplýsingar um það af hálfu bankastjórnar Íslandsbanka í fyrra, að hefði bankinn ekki þurft að draga inn eina millj. kr. af seðlum árið áður, hefði hann ekki þurft að loka. Hv. þm. Dal. upplýsti, að ríkisstjórnin hefði látið þau boð berast til bankastjórnarinnar, að hún skyldi ekki búast við neinum fresti á innlausnarskyldunni. Þetta, ásamt fleiru, sýnir hug stj. til bankans. Stj. ætlaði sér að daufheyrast með öllu við því að reisa bankann við, unz hún heyrði braka í ráðherrastólunum undir sér, en þá kom björgunin svo seint, að hún kostaði 4½ millj. Væri óskandi, að þar með væri séð fyrir endann á útlátum ríkissjóðs í sambandi við þetta, en ástæða er til að óttast, að svo sé ekki.

Gunnar Sigurðsson [óyfirl.]: Eins og Alþt. síðan í fyrra bera með sér, hélt ég því jafnan fram, að töp Íslandsbanka mundu reynast meiri en þá var gert ráð fyrir, enda er nú að koma á daginn, að menn hafa verið fullbjartsýnir um það efni í fyrra. En það breytti ekki þeirri afstöðu minni, að sjálfsagt væri að hlaupa undir bagga með bankanum, og jafnmikla ástæðu tel ég til, að svo verði gert nú.

Ég hefi jafnan verið þeirrar skoðunar, að misráðið hafi verið að taka ríkisábyrgð á sparisjóðsfé Landsbankans, en úr því að svo var gert, tel ég alveg sjálfsagt að taka einnig ábyrgð á innstæðum í Útvegsbankanum, ef ekki er meiningin að reka hann sem hreint útibú frá Landsbankanum, eins og helzt virðist horfur á nú; þar sem ríkið er stærsti hluthafinn í Útvegsbankanum, hlyti það undir öllum kringumstæðum að hlaupa undir bagga, ef á þjátaði, svo að áhætta ríkissjóðs eykst ekki svo mjög við þetta ákvæði í frv. Það gleður mig, að allir flokkar virðast vera nokkurn veginn sammála um þetta atriði.

Að því er inndrátt seðla snertir, er ég sannfærður um, að þingið hefir verið of kröfufrekt og skilningslaust í því efni. Ég lenti í deilu við hv. núv. 1. landsk. (JÞ) á þinginu 1921 út af þessu og benti á, að hér vantaði veltufé í samanburði við viðskiptaveltuna. Þá var samþykkt að draga inn eina millj. kr. í seðlum á ári. En reynslan hefir sýnt, að þetta var of mikið, og hefir þetta ásamt öðru átt sinn þátt í að sigla Íslandsbanka í strand.

Aðalkost þessa frv. tel ég vera þann, að það ætti að geta skapað bankanum þá aðstöðu, að hann nyti betra trausts erlendis eftir en áður. Ég er þess fullviss, að aldrei verður gott lag á bankanum, fyrr en hann hefir aflað sér góðra sambanda erlendis. Þá fyrst yrði bankinn sjálfstæð stofnun, en ekki hálfgildings útibú frá Landsbankanum eins og nú er.

Flm. (Jón Ólafsson): Ég þarf ekki mörgu að svara. Ég hélt, að ég hefði hagað svo orðum mínum í fyrri ræði minni, að ég hefði ekki gefið ástæðu til að fara inn á forsögu málsins, enda er engu máli betur borgið fyrir það, þótt farið sé að vekja upp gamlar væringar í sambandi við það. Nú þýðir ekki að vera að tala um, hvað hefði átt að gera fyrir nokkrum árum, heldur hvað gera skuli til að tryggja hag bankans í framtíðinni.

Hv. 1. þm. Skagf. taldi, að ríkisábyrgð á sparisjóðsfé Útvegsbankans mundi leiða til þess, að menn tæmdu sparisjóði sína, nema ríkisábyrgð væri tekin á þeim líka. Ég man, að þessu var einnig spáð, er ríkisábyrgð var tekin á innstæðufé í Landsbankanum, en ekki hefir þó borið hið minnsta á þessu. Sparisjóðirnir eru venjulega á takmörkuðu svæði, þar sem hver þekkir annan, og stjórnir sparisjóðanna eru því valdar svo, að fé geti verið öruggt í vörzlum þeirra. Að vísu

má benda á sparisjóðina í Árnessýslu sem undantekningar. En hrakfarir þeirra byggðust á því, að þeir tóku upp einskonar samkeppni við bankaútibúið, og auk þess var þá ríkjandi meiri bjartsýni í fjármálum en fyrr eða síðar á landi hér.

Þá er annað atriði, sem mig furðar á, að hv. 1. þm. Skagf. skuli hafa flaskað á. Hann ber saman skuld Íslandsbanka í fyrra og Útvegsbankans nú við Landsbankann og kemst að þeirri niðurstöðu, að skuldin hafi aukizt um helming. En svo stendur á, að Landsbankinn hefir jafnan keypt af hinum bankanum fiskvíxla, þ. e. a. s. veitt bráðabirgðalán út á fisk, unz fiskurinn er seldur. Í fyrra var allur þessi fiskur kominn í peninga á þeim tíma, er reikningur Íslandsbanka var saminn, en í vetur var fiskurinn ekki kominn í peninga um áramót og sumt af honum ekki ennþá. Það munu flestir játa, að árin 1928 og 1929 séu ekki sambærileg við síðari hluta síðasta árs, þegar um fisksölu er að ræða. Í þessu liggur mismunurinn á skuldarupphæðinni nú og í fyrra, og veit ég, að hv. 1. þm. Skagf. mun fallast á röksemdir mínar í þessu efni, er hann hefir heyrt þær.

Sigurður Eggerz: Ég skal játa, að ég sé ekkert athugavert við, að Landsbankinn láni Útvegsbankanum háar upphæðir út á fisk, ef tryggingin er góð og gild. Ég tel það ekki nema rétt og sjálfsagt. En þó að þetta þyki sjálfsagt nú, var það ekki eins sjálfsagt, meðan Íslandsbanki var við lýði. Þá var eilíft stríð um það fyrir Íslandsbanka að fá lán út á fisk, og held ég þó, að öll skuldin við Landsb. hafi aldrei getað farið fram úr eða mátt fara fram úr 6 millj. kr., en nú, eftir að vinir stj. hafa tekið við stjórn bankans, hefir skuldin komizt upp í 9—10 millj. kr. Ég er ekki að lasta þetta, en þetta sýnir aðeins aðstöðumuninn.

Það var verið að fárast yfir því, að fortíðarsaga þessa máls sé dregin inn í umræðurnar. Og þó kemur nú fyrirspurn frá einum úr stjórnarliðinu um að heimta að leggja öll gögn á borðið viðvíkjandi lokun Íslandsbanka. Er ekki þarna verið að fara inn á fortíðarsöguna? Er ekki enn verið að reyna að gera pólitískt „númer" úr þessu máli? Annars er sama, hvort talað er um málið eða eigi; það fyrnist aldrei yfir glapræði landstjórnarinnar í þessu máli hjá þeim, sem hafa augun opin.

Í þeirri nefnd, sem málið á nú að fara til, mun verða reynt að sýna þessari bankastofnun alla sanngirni, því að framtíð bankans veltur svo mikið á því, hvort þarfir hans mæta góðum skilningi hér í þinginu.

Magnús Guðmundsson: Það skal ekki verða langt mál hjá mér. Ég hélt því ekki fram, að sparisjóðirnir hlytu að tæmast í bankann, heldur að það gæti komið fyrir. Og ég er mjög hræddur um, að það verði ómögulegt fyrir bankann að fá verulegt fé í sparisjóð sinn, nema hann fái þessa ábyrgð.

Hv. flm. minntist á skuld Útvegsbankans við Landsbankann. Ég sagði, að við hefðum fengið þau skilaboð í fyrra, að Landsbankinn gæti ekki hlaupið undir bagga með Íslandsbanka, þó að skuldin væri þá ekki nema 4 milljónir. En nú er hún yfir 8 milljónir. Það kemur ekki málinu við, þó að mikill fiskur sé óseldur. Áður var skuldin aldrei eins há og hún hefir verið nú á tímabili.

Ég vildi spyrja hæstv. stjórn, hvort ríkissjóður sé í nokkurri hættu vegna þeirrar ábyrgðar, sem hann varð að ganga í í fyrra fyrir útgerðarlánum, meðan stóð á Íslandsbankamálinu. Mig minnir, að það væri um eina millj. kr. að ræða. Ég vildi vita, hvort svör um þetta væru fyrir hendi, og hvort ríkissjóður hefði orðið fyrir halla af þessu eða ekki.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ennþá hefir þetta ekki verið gert upp, og ég hefi því ekki á reiðum höndum upplýsingar um það, hvort ríkissjóður tapi nokkru á þessum ábyrgðum eða ekki. Ég hygg, að það sé ekki fullrannsakað af bankans hálfu, en um það munu verða gefin svör á sínum tíma.

Haraldur Guðmundsson: Út af orðum hv. 1. þm. Skagf. þarf ég að segja ofurlítið. Hann kvað afstöðu mína hafa

breytzt síðan í fyrra; þá hefði ég verið móti allri ábyrgð fyrir Íslandsbanka, en nú væri ég flm. að frv., sem gerði ráð fyrir ábyrgð á sparifé hjá Útvegsbankanum. Hv. þm. sér skakkt, ef honum sýnist vera orðin breyting á mér. En það hefir orðið breyting á öðru, breyting á stjórn og eignarumráðum bankans. Hv. þm. og flokkur hans og mikill hluti Framsóknarflokksins fengu því til vegar komið, að öllum skuldum Íslandsbanka var dembt á Útvegsbankann. Þetta var afar misráðið, — hreinasta glapræði. En nú er svo komið, að fullir $^3/_5$ hlutar bankans eru eign ríkissjóðs, í stað þess að ríkið átti ekkert í Íslandsbanka í fyrra og hafði engar skyldur við hann. Nú er svo ástatt, að hér eru tveir bankar, sem eru reknir algerlega fyrir ríkisfé, og hinn þriðji, Útvegsbankinn, að meiri hluta fyrir ríkisfé. Ég sé ekki ástæðu til að gera neinn mun á þessum þremur bönkum, þó að ríkissjóður sé ekki eigandi nema að 66% af hlutafé Útvegsbankans.

Um þá fullyrðingu hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Dal., að hægt hefði verið að bjarga Íslandsbanka með því að veita honum frest á seðlainndrætti um eitt ár, þarf ég ekki að tala, hún er barnalegri en svo, að orðum sé að henni eyðandi.

Magnús Guðmundsson: Ég get lagt það undir dóm beirra tveggja flokka, sem hv. þm. Ísaf. beindi orðum sínum til, hvort hann hafi snúizt í þessu máli eða ekki. Ég vil þó minna hann á, að till. mín og hv. 2. þm. G.-K. í fyrra var ekki einungis um það að taka ábyrgð á sparisjóðsfénu, heldur einnig um að skjóta inn í bankann 3 millj. kr. Það getur vel verið, að hv. þm. vilji nú fóðra afstöðubreytingu sína með því, að bankinn sé orðinn ríkiseign að meiri hluta. Hann vill kannske hæla sér af því að hafa komið þessu þrotabúi, sem hann kallar, á landið.

Ég óska og vona samkv. loforði hæstv. forsrh. að fá að vita á seinna stigi þessa máls, hvort ennþá vofir yfir ríkissjóði ábyrgðin á því fé, sem lánað var til útgerðarinnar í fyrra, meðan Íslandsbanki var stöðvaður.

Sigurður Eggerz: Ég er sannfærður um það, að auðvelt var að hindra stöðvun bankans. Þá hefði hann nú notið þess lánstraust erlendis, sem mestu skipti fyrir rekstur hans, og þá hefði mátt forðast hin miklu lánstraustsspjöll fyrir þjóðina. Þótt nú hafi komið mikið fé bak við Útvegsbankann er hann búinn að tapa svo miklu fé fyrir lánstraustsspjöllin og fyrir viðskiptavinatöpin, að hann verður að fá hjálp.

Magnús Jónsson: Ég vildi skjóta til fjhn., að hún leyfi bankaráði Landsbankans að segja sitt álit, sérstaklega um ríkisábyrgðina í 4. gr. frv., áður en það er afgr. Á sínum tíma var bankaráðið spurt um svipað atriði í lögum Búnaðarbankans, og lét í ljós það álit, að það væri skaðlaust fyrir Landsbankann. Mér þykir líklegt, að bankaráðið muni gefa svipað svar nú, en rétt er að leita umsagnar þess.

Ólafur Thors: Ég ætla ekki að skipta mér verulega af þeim deilum, sem snúizt hafa um forsögu þessa máls. Þó þykir mér ástæða til að láta frá mér smávægilega aths. út af ræðu hv. þm. Ísaf., sem er meðflm. þessa frv. Hv. 1. þm. Skagf. benti honum á, að ósamræmi væri milli framkomu hans nú og í fyrra, og hann svaraði, að það væri eðlilegt, því að sú breyting væri orðin á málinu, að ríkið hefði nú, eins og hann orðaði það, fyrir tilstuðlun Sjálfstæðisflokksins og mikils hluta Framsóknarflokksins tekið ábyrgð á þrotabúi Íslandsbanka, svo að ríkissjóður hefði orðið eigandi að 60% af Útvegsbankanum. Og af því, að ríkissjóður er orðinn eigandinn, segist hv. þm. ekki vera feiminn að koma til löggjafarvaldsins og biðja um ábyrgð á öllu sparifénu. Ég vil nú minna hann á það, að frv. okkar hv. 1. þm. Skagf. í fyrra fór fram á ábyrgð sparifjár og jafnframt, að ríkið yrði eini eigandinn að bankanum. Úr því að það var höfuðsök þá að leita ábyrgðar, þá er eitthvað að athuga við það nú, þegar ríkið á aðeins 60% í bankanum. Í okkar frv. stendur berum orðum með leyfi hæstv. forseta: „Verð hinna eldri hlutabréfa skal ákveðið með mati og

nafnverð þeirra fært niður í samræmi við það á næsta aðalfundi bankans". Og bankinn var metinn af 2 mönnum, sem álitu, að bankinn ætti fyrir skuldum, ef hlutabréfin væru sett niður í núll. Síðar mátu aðrir, sem hv. þm. Ísaf. virðist trevsta betur, og sögðu að bankinn ætti 3—4 millj. minna en ekki neitt. Hvort sem heldur var, hefði ríkið orðið eini eigandinn, með því að leggja fram 3 millj. kr. forgangshlutafé. Og ef það var þá höfuðsök að taka ábyrgð á þessum banka, sem ríkið átti allan, hvernig er það þá, þegar ríkissjóður á ekki nema 60% í honum?

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mér þótti gott, að hv. 2. þm. G.-K. kom inn á þessa tillögu, sem hann flutti í fyrra með hv. 1. þm. Skagf. og lagði mikla áherzlu á, að með því ætti ríkið í raun og veru að verða eini eigandinn að bankanum. Það var alveg rétt. Ríkið hefði orðið eini eigandinn að þessum 3 milljónum, sem bankinn átti minna en ekki neitt eftir því sem þá var álitið. En það var það, sem ávannst með því að samþ. ekki þá tillögu, að það eru ekki fáar milljónir annarsstaðar frá en úr ríkissjóði, sem eiga að borga fyrir þá afskaplegu óstjórn, sem haldið hafði verið við í bankanum.

	1926	1927	1928	1929
Sparisjóðir	7543786	7515063	8119743	8642667
Landsbanki Íslands	29807558	32919709	36114815	37484135
Íslandsbanki	7447486	5941457	6627080	6691131

Á þessu verður ekki séð, að lögin um Landsbankann frá 1928 hafi haft nein sérstök áhrif í þá átt að draga sparifé til bankans á kostnað sparisjóðanna eða Íslandsbanka. Áður en lögin komu í gildi, var sparifé þegar farið að leita til bankans. Þannig eykst það á árinu 1927 um 3,1 millj. kr., en á sama tíma minnkar sparisjóðsfé Íslandsbanka um 1,5 millj. kr. Þetta sýnir, að Landsbankinn þurfti enga sérstaka lagavernd til að tryggja sér sparifé. Árið 1928, sem er fyrsta árið, sem lögin um ríkisábyrgð á Landsbankanum giltu, eykst sparifé Landsb. enn um rúmlega 3 millj. kr., og þá eykst einnig innstæðufé sparisjóðanna um rúmlega ½ millj. kr., eins og ég hefi áður tekið fram, og sparisjóðsfé Íslandsbanka eykst um 686 þús. kr. Aukning sparifjárins er hlutfallslega svipuð hjá öllum þessum stofnunum, þrátt fyrir lögin um Landsbankann, og sannar það, að þau hafa ekki haft nein áhrif á að beina sparifénu frá sparisjóðunum eða Íslandsbanka til Landsbankans. Sýnist þvert á móti hafa orðið nokkur straumhvörf í þessu frá árinu áður, til óhagnaðar fyrir Landsbankann. Menn hafa yfirleitt litið svo á, að Landsbankinn væri stofnun ríkisins, og því bæri það siðferðislega ábyrgð á honum, jafnt meðan það var ekki orðin lagaleg ábyrgð. Hv. 1. þm. Skagf. sagðist ekki ætla að standa á móti ábyrgðarákvæðinu, þrátt fyrir hættuna á, að ríkið væri orðið eini eigandinn að miklu hærri skuldarupphæð ef till. Íhaldsmanna hefði verið fylgt. **(ÓTh:** Var þetta allt, sem ég átti að fá hjá hæstv. stj?).

En nú er ekki orðið eingöngu um það að ræða, að ríkið sé eini eigandinn að 3—4 milljónum, sem bankinn átti minna en ekki neitt, heldur er nú orðið ljóst, að ríkið væri orðið eini eigandinn að miklu hærri skuldarupphæð ef till. Íhaldsmanna hefði verið fylgt. **(ÓTh:** Var þetta allt, sem ég átti að fá hjá hæstv. stj?).

Hannes Jónsson: Þegar rætt var um það á þinginu 1928, hvort ríkið ætti heldur að taka ábyrgð á Landsbankanum eða leggja fram meira stofnfé, sögðu þeir, sem voru á móti ábyrgðinni og vildu heldur bæta milljóninni meir í bankann, að ábyrgðarákvæðin drægju sparisjóðsfé frá Íslandsbanka og yrðu jafnvel hættuleg fyrir sparisjóði. Árin 1925—1927 höfðu innstæður í sparisjóðum verið nálega eins, eða alls kringum 7½ millj. En árið 1928, þegar lögin um Landsbankann gengu í gildi, hækkaði innstæðufé í sparisjóðum um rúmlega hálfa milljón. Þó má kannske segja, að menn hafi ekki verið búnir að sjá þetta ríkisábyrgðarákvæði í Landsbankanum eða átta sig á þýðingu þess. En árið 1929 hækkar innstæðufé aftur um rúmlega hálfa millj. hjá sparisjóðunum.

Á árunum 1926—1929 hefir innstæða sparifjár skipzt þannig milli sparisjóða og banka:

að fé sparisjóðanna flyttist yfir í bankann. M. ö. o. hann hlífist ekki við, ef svo vill verkast, að veita fé sparisjóðanna til Útvegsbankans, þó að hann berðist á sínum tíma gegn því, sem hann áleit, að gæti valdið því, að eitthvað rynni frá Íslandsbanka til Landsbankans. (**MG:** Þetta er rangt eftir mér haft). Hv. þm. sagði þetta beint, að þrátt fyrir hættuna mundi hann ekki standa móti þessu ákvæði.

Hv. 1. þm. Reykv. lét þess getið, að bankaráð Landsbankans hefði gefið þá yfirlýsingu gagnvart samskonar ákvæði og þessu í lögum Búnaðarbankans, að það mundi ekki hafa skaðvæn áhrif á Landsbankann. Og mér skildist hann vona, að bankaráðið liti eins á þetta gagnvart Útvegsbankanum. Og sé gengið út frá, að þetta sé rétt hjá bankaráðinu, er alls ekki nema um tvennt að ræða: Annaðhvort reynist þetta ákvæði svo, ef það kemur í gildi, að það dragi ekki fé neinstaðar frá í bankann, svo að hann standist ekkert betur en áður, eða þá að hann nái fé sparisjóðanna úti um land. Á þeim á þetta að bitna. Það gerir ekkert til, úr því að það eru bara sparisjóðir úti um land.

Þó að það hafi sýnt sig, að ábyrgðarákvæðið frá 1928 hefir engu spillt fyrir sparisjóðunum, og fé sýnist ekki heldur hafa runnið frá Íslandsbanka eða Útvegsbankanum af þeim ástæðum, byggist það á þeirri skoðun manna, að Landsbankinn hafi verið jafntryggur áður, en ef gengið er inn á slíka ábyrgð fyrir Útvegsbankann, sem hefir talsvert aðra aðstöðu en Landsbankinn gagnvart ríkinu, geta sparisjóðirnir vel tapað meira og minna af innstæðufé sínu. Ég verð því á móti þessu ákvæði í 4. gr. frv.

Að öðru leyti vil ég ekki lengja umr., með því að eltast við ýms orð, sem hér hafa fallið, og þær fjarstæður, sem sagðar hafa verið um Íslandsbankamálið í fyrra. Þó get ég fallizt á það, sem hv. þm. Dal. sagði, að Íslandsbanki hefði ekki þurft að loka, ef þar hefðu ekki verið framin stórkostleg fjármálaafglöp, mestu fjármálaafglöp í voru landi og með þessari þjóð. Og ef til vill hefir hv. þm. Dal. drýgt mestu afglöpin sjálfur, þegar hann skipaði sig bankastjóra. Annars hefði bankinn ef til vill ekki stöðvazt. Og það er líka rétt í sjálfu sér hjá hv. þm., að ef alltaf hefði verið mokað nógu miklu fé í bankann, þá hefði auðvitað aldrei komið til neinna örðugleika fyrir hann. Hitt er annað mál, hvort hyggilegt var að halda áfram þeirri stefnu, því að einhversstaðar hljóta að vera takmörk fyrir því, hvað ríkið á að taka að sér af töpum, sem stafa af ógætilegri fjármálastjórn einkastofnunar eins og Íslandsbanki var.

Sigurður Eggerz: Það er dálítið annað hljóð í strokknum núna en þegar töpin urðu á Landsbankanum, þegar matið, sem framkvæmt var á honum, sýndi 6 millj. halla. Þá var ekki verið að deila á bankastjórnina. Þá var ekki verið að tala um fjármálaafglöp hjá bankastjórunum. Nei, þá voru eðlilegar ástæður til tapanna. En nú, þegar um Íslandsbanka er að ræða, þá vantar ekki áfellisdómana. Fremstur í flokki þar gengur sjálfur forsætisráðherrann, formaður bankaráðsins. Stöðvun Íslandsbanka í fyrra var notuð sem pólitískt árásarefni, það átti að drepa hann, til þess að fella vissa stjórnmálamenn. Það var talað um, að með honum skyldi sterkasta íhaldsvígið falla. (**Forsrh.:** Heldur hv. þm. Dal., að stjórnin hafi verið hrædd við hann?). Já, ég er ekki í neinum vafa um það, að stj. ætlaði að nota þetta sem vopn á mig, og sýnir hún það bezt með því, að nú hefir hún sent mann heim í mitt kjördæmi, til þess að vinna á móti mér, og notar hann einmitt afdrif Íslandsbanka sem árásarefni á mig. Að stj. hefir verið hrædd við mig, sést bezt á því, hve mikla áherzlu hún leggur á að vinna á móti mér með sínum „agitatorum" og smölum. Annars ætti stj. ekki að minnast á þetta mál án þess að roðna. (**MJ:** Hún gerir það). Hún ætti að finna svo til þeirrar háðungar og vansæmdar, er hún hefir til unnið í þessu máli, að hún ætti ekki að reyna að líta upp á nokkurn mann fyrir þau óverjandi afglöp, er hún gerði sig seka í með árásinni á lánstraust þjóðarinnar, gegnum afskipti sín af máli Íslandsbanka. Nei, afstaða sú, er stj. tók til Íslandsbanka á þinginu í fyrra, var sprottinn af pólitísk-

um ástæðum, það var langþráð takmark hennar að koma þeirri stofnun fyrir kattarnef. Menn vita það, að nóttina, sem átti að drepa bankann hér á Alþingi í fyrra, lét hæstv. dómsmrh. sjá um, að Hótel Borg yrði ekki lokað, svo að hann og fylgismenn hans gætu haldið þar fagnaðarhátíð, þegar búið væri að drepa bankann. Einmitt þegar mest reið á og heiður og hagur þjóðarinnar var í veði, þá var það hæstv. forsrh., formaður bankaráðs Íslandsbanka, sem studdi að því fyrir sinn læpuskap(forseti hringir), að framin voru hin stærstu fjármálaafglöp. Ég endurtek það, sem fyrir sinn læpuskap (forseti hringir) varð orðsök í þeim mestu fjármálaafglöpum, sem framin hafa verið á Alþingi.

Magnús Guðmundsson: Hv. þm. V.-Húnv. sagði, að ég kærði mig ekki, þótt sparisjóðir úti um land misstu fé sitt, ef það rynni til Útvegsbankans. En þetta sagði ég ekki, heldur það, að ef þetta kæmi fyrir og það ætlaði að lama sparisjóðina, þá yrði einnig að hlaupa undir bagga með þeim. Undir slíkum kringumstæðum sé ég ekki, að sé nema um tvær leiðir að ræða; önnur er sú, að ríkið gangi í ábyrgð fyrir sparisjóðina líka, en hin er sú, að afnema alla ríkisábyrgð fyrir lánsstofnanir. Sú tíð getur komið, að við hv. þm. V.-Húnv. stöndum hér frammi fyrir slíku vandamáli. Það er ekki nema eitt ár síðan deilt var um ábyrgð handa Íslandsbanka, og ég vil vona, að það verði meira en eitt ár þangað til það sama kemur fyrir að því er kemur til sparisjóðanna.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni áðan, að búið væri að afskrifa af eignum bankans um 10 millj. kr. á síðastl. ári. Það er gott að fá þessar upplýsingar frá hæstv. forsrh., sem hefir verið æðsti maður bankans í 4 ár og í fyrra kom því til leiðar, að ríkið lagði fram 4½ millj. kr. til bankans. Það lítur út fyrir, að það fari að verða óhætt að hætta að deila um það, hjá hverjum sé mest sökin á skuldum bankans.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég ætla ekki að láta mig henda það, sem sumum verður á. Þótt hv. þm. Dal. hafi beint til mín ögrandi orðum, þá ætla ég ekki að láta mig henda það, að troða á föllnum manni. Hv. þm. Dal. er fallinn maður í þessu bankamáli.

Ég skal minna hv. 1. þm. Skagf. á það, að tvær tillögur lágu fyrir í fyrra um úrlausn bankamálsins. Önnur var till. þeirra hans og hv. 2. þm. G.-K. um það, eins og hv. 2. þm. G.-K. orðaði svo heppilega áðan, að ríkið skyldi eignast Íslandsbanka, þ. e. taka við hans 3½ millj. kr. þrotabúi, eins og þá var álitið. Hin var till. stj. um það, að ríkissjóður legði 4½ millj. til bankans sem forgangshlutafé, gegn því, að til kæmu 6 millj. kr. annarsstaðar frá, eins og lögin sýna. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. að vera að slá því fram hér í hv. þd., að till. stj. í bankamálinu hafi orðið ríkinu til skaða. Mun ég óhræddur mæta frammi fyrir kjósendum þessa lands ásamt hv. þm. með samanburð á þessum tveimur till.

Ólafur Thors: Hæstv. forsrh. reyndi að sýna fram á mun á till. okkar hv. 1. þm. Skagf. og till. stj. í Íslandsbankamálinu í fyrra eftir hinn viðfræga hringsnúning stj. í málinu. Ég vil minna á það, að við hv. 1. þm. Skagf. tókum það skýrt fram, bæði í grg. og umr., að við vildum ganga inn á hverja þá leið, er fundin yrði til lausnar þessu máli, aðeins með því eina skilyrði, að bankinn fengi að lifa, svo að við mættum halda lánstrausti okkar út á við og yrðum ekki opinberir vanskilamenn.

En hæstv. forsrh. veit vel, að hér er ekki deilt um úrslitatill. í bankamálinu, heldur um fyrstu till. stj. um gjaldþrotaskipti bankans.

Hæstv. forsrh. man vel öll höfuðrök þessa máls; hann man vel þá tilraun sína og nokkurra stuðningsmanna sinna til þess að leggja að velli bankann, þessa stofnun, sem hann var sjálfur æðsti maður fyrir, stofnun, þar sem 2 af 3 í stjórn bankans voru skipaðir af því opinbera, en sá þriðji af bankaráði, sem ríkið hafði skipað.

Hann hlaut að sjá það, að fyrir sjónum útlendinga gat þessi banki ekki litið öðruvísi út en sem ríkisstofnun, og að

fall hans hlaut að hafa alvarleg áhrif á lánstraust landsins. Hann var minntur á það, að með gjaldþroti bankans mundu um 10 þús. fátækir sparifjáreigendur tapa innstæðum sínum, en eyru hans heyrðu ekki og augu hans sáu ekki. En þegar að því kom, að sumir af hans eigin mönnum snerust gegn honum í málinu, þegar um það varð að gera, hvort hv. þm. Str. átti að vera áfram forsrh. eða ekki, þá var ekki lengi verið að snúa við blaðinu.

Ég hefði ekki farið að rifja upp þessar minningar, ef hæstv. forsrh. hefði ekki sjálfur gefið tilefni til þess með áskorunum sínum. Mér hrýs hugur við því, ef grunnfærni og fljótræði hæstv. forsrh. á nú á sama hátt að verða tilraun til þess að hnekkja áliti þjóðarinnar á Útvegsbankanum, eins og blað hans í fyrra reyndi á allan hátt að ræna Íslandsbanka tiltrú. Mér finnst það í alla staði óviðeigandi af hæstv. ráðh. að fleipra hér um 10 millj. króna afskrift af eignum Útvegsbankans, eingöngu af því, að tilviljun leiðir umræður inn á þá braut, að hann telur sig geta notað slíkar upplýsingar sem rök. Ég vil vona, að þetta sé ekki satt, en ef það er satt, þá er það þó harla óviðeigandi að slá þessu fram í geðofsa eins og af tilviljun, til þess að skeyta skapi sínu á andstæðingum sínum. Hæstv. ráðh. verður einnig að athuga það, að ef þetta er satt, þá getur hann ekki sjálfur sloppið óskemmdur frá þessu máli. Ef ástandið er svo geigvænlegt, sem hæstv. ráðh. heldur fram, þá vil ég nú spyrja hann, hvort hann heldur, að hann, formaður bankans, sleppi alveg hjá sök; hvort hann heldur, að formaður bankans hafi engar skyldur gagnvart bankanum. Hvar í heiminum heldur hann, að þannig yrði litið á málið, að það yrði tekið gott og gilt, að hann kasti sökinni á hv. þm. Dal., en þvoi sínar eigin hendur hreinar?

Ég hefði gaman af, að hann færi til formanna bankaráða Landsbankans og Útvegsbankans og spyrði þá, hvaða hugmynd þeir hafi um hag bankanna á hverjum tíma. Ég veit, að þeir mundu svara, að þeir teldu sér skylt að hafa stöðugt eftirlit með hag bankanna. Hæstv. forsrh. notaði tækifærið til þess að hella úr skálum reiði sinnar yfir hv. þm. Dal. út af töpum Útvegsbankans, en hann mun komast að raun um það áður en lýkur, að hann stendur sjálfur í sökinni. Annars vil ég nú vona, að þessi töp séu ekki eins mikil og sagt hefir verið. Ég get vel skilið það, að ástand bankans sé ekki gott, og það er auðvitað rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að verzlunarárferðið er ógurlega óhagstætt, og þá er eðlilegt, að óvænt töp geti borið að höndum, en það er vitaskuld barnaskapur að varpa þeirri sök á hendur bankastjóra, er farinn er frá bankanum fyrir 1—2 árum.

Að lokum vildi ég aðeins taka það fram, að ég ætlast ekki til, að menn skilji orð mín svo, að ég sé að lýsa mig andvígan því frv., sem liggur fyrir um það, að ríkið taki ábyrgð á sparifé í Útvegsbankanum. Ég geymi mér allan rétt til ákvörðunar um afstöðu mína til þess.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vildi aðeins benda hv. ræðumanni á það, að ef hann er óánægður með það, að forsaga Útvegsbankans, nefnilega afdrif Íslandsbanka, hefir verið dregin hér inn í umr., þá má hann snúa sinni reiði til sinna eigin flokksmanna, því að það voru þeir, og einkum hv. þm. Dal., sem áttu sökina á því. Þegar menn með aðra eins fortíð og hans í þessu máli dirfast að standa upp og tala með æsingu um þetta mál, þá er ekki að ætlast til þess, að menn, sem vita, hvernig sakir standa, geti hlustað þegjandi á.

Hv. þm. Dal. og hv. 2. þm. G.-K. bera ábyrgð á því, að umr. fóru hér inn á þessa braut. En hinsvegar var hér aðeins um að ræða gálgafrest fyrir hv. þm. Dal. Það er ekki af neinni tilviljun, að töp, sem stafa frá dögum Íslandsbanka, koma hér til umr. Innan skamms hefði að því komið. Hv. þm. hafa aðeins kallað það fram nokkrum dögum fyrr en annars hefði orðið. (**MG:** Er gamla hlutaféð innifalið í þessu tapi?). Já, það er það. Í þessu er innifalið afskrifað hlutafé Íslandsbanka og töp bankans samkv. síðara matinu, er fór fram á bankanum í fyrravetur, 3½ millj. kr., en þar fram

yfir er enn komið ¾ millj. kr. nýtt tap frá tíð Íslandsbanka.

Þá skal ég koma dálítið inn á forsögu Íslandsbankamálsins á síðasta þingi, í tilefni af ræðu hv. 2. þm. G.-K., þar sem hann var að tala um viðfrægan hringsnúning stj. Till. hans og hv. 1. þm. Skagf., sem fyrst komu fram í málinu, voru á þá leið, að ríkið tæki að sér þrotabú bankans. Snerust allir framsóknarþingmennirnir algerlega á móti þeim. En svo kemur sá þáttur málsins, að þvingað er fram fé frá þeim, sem hagsmuna áttu að gæta um bankann, til þess að það standi einnig undir tapinu. Og það fé er hvorki meira né minna en 6 millj. kr. Það sýnist nú svo, að þá væri nokkuð öðru máli að gegna fyrir ríkið, þó að það legði þá fram samhliða forgangshlutafé í bankann. Ég hygg, að margur sé á minni skoðun um, að það breyti dálítið afstöðunni, hvort fram á borðið koma 6 millj. til þess að standa ásamt ríkinu undir töpum bankans, eða að ríkið á að ábyrgjast bankann eitt. Hringsnúningur stj. er þá þessi, að hún telur ekki alveg sama, hvort fást 6 millj. kr. annarsstaðar að eða ekkert til þess að tryggja afkomu bankans. Árangurinn af starfi stj. með atbeina Framsóknarflokksins varð sá, að ríkið varð þó ekki eini eigandinn að því 3½ millj. kr. tapi, sem gefið var upp, og verð ég að telja, að þó að stj. hefði ekkert annað gert á þinginu en að útvega þessar 6 millj. kr., þá verð ég að telja það ærin afrek.

Þá hafa hv. þm. verið að tala um skyldur mínar sem bankaráðsformanns og lagt mikla áherzlu á þær. Ég skal ekki fjölyrða um þeirra aths. um það efni, en þó get ég sagt þeim það, að þar sem hagsmunir bankans og hins íslenzka ríkis rákust á, þá taldi ég, og tel það enn, skyldu mína að halda fast á rétti ríkisins.

Jóhann Jósefsson: Ég verð að segja það, að mig furðar að heyra hæstv. forsrh. stæra sig af því, að hafa þvingað fram 6 millj. kr. tillag til Útvegsbankans. Það er vitanlegt, að hluti af þessu fé hefir verið þvingaður út úr sparifjáreigendum Íslandsbanka víðsvegar á landinu. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta tal hæstv. forsrh. vera furðulegt, að hann skuli dirfast að tala eins og hann talar í þessu máli. Að hann, forsrh., skuli hæla sér af því að hafa þvingað út úr fátækri alþýðu hátt á 2. millj. kr., eins og hann segist hafa gert. Hann segir, að þetta sé sitt verk og virðist allhróðugur yfir.

Mér virðist, að það sé of langt gengið í leit að hrósi, er hæstv. forsrh. er að hrósa sér af því, að hann hafi getað kúgað helming sparifjárins út úr landsmönnum þeim, er inni áttu í Íslandsbanka, með þeim forsendum, að ef þeir legðu ekki fram sinn síðasta eyri, þá skyldu þeir tapa öllu, sem þeir áttu í bankanum, en það var vitanlega á þeim forsendum, að „agiterað" var fyrir þessum framlögum til bankans. Ég öfunda ekki hæstv. forsrh. af þessum aðförum. Og almenningur, sem hann hefir pínt, mun ekki telja hæstv. ráðh. þetta til gildis.

Ef um það er að ræða að gefa Útvegsbankanum sömu réttindi og Landsbankanum og Búnaðarbankanum, að ríkið ábyrgist innieign sparifjáreigenda, sem hlýtur að vera óhjákvæmilegt, eigi bankinn ekki að vera olbogabarn, þá vildi ég skjóta því til þeirrar n., sem fær frv. til meðferðar, hvort hún álíti ekki rétt að sýna þeim landsmönnum eitthvert réttlæti, sem hæstv. stj. hefir þvingað með aðgerðum sínum á síðasta þingi til að leggja fram helming sparifjárins í bankanum. Ég verð að líta svo á, að þeir, sem lögðu fé í Útvegsbankann, eigi skilið sama réttlæti og sömu lögvernd og hinir, sem lagt hafa inn fé sitt á öðrum stöðum.

Flm. (Jón Ólafsson): Ég stend aðeins upp vegna þess, að ég vil ekki, að misskilningur geti hlotizt af þessum umr. Ég held, að mönnum sé ekki fullkomlega ljóst, af hverju hinar miklu afskriftir Útvegsbankans, 10 millj kr., stafa.

Í þessari upphæð er falið allt hlutafé Íslandsbanka, 4½ millj. kr., varasjóður Íslandsbanka, 830 þús. kr., og yfirfært frá fyrra ári 400 þús. kr.

Þessar miklu afskriftir stafa af því, að á síðastl. ári hafa mörg stór fyrirtæki orðið gjaldþrota og verið gerð upp.

Það er venja í bankanum að færa að-

eins sem eignir bankans það verð, sem fæst fyrir eignirnar á opinberu uppboði. Getur því vel verið, að bankinn eigi eftir að fá nokkuð mikið upp í það, sem afskrifað hefir verið á þennan hátt, vegna þess að þessi sjálfsagða regla er notuð.

Nú sem stendur er enginn sjáanleg ástæða til þess að telja það hlutafé tapað, sem lagt hefir verið fram bankanum til stuðnings, og fullkominn óþarfi er að tala um nú á þessu stigi, að ríkið þurfi að hlaupa undir bagga með bankanum. Því vona má það, að ef eigi dregst lengi uppgerð þeirra, sem hafa verið ótryggir viðskiptamenn bankanum, þá muni bankinn komast á þann grundvöll, að eigi sé ástæða til að örvænta um gengi hans í framtíðinni.

Ég vildi aðeins taka þetta fram vegna þess, að slíkar umr. og hér hafa farið fram og hljóta að berast víðsvegar, geta komið ástæðulausum ótta og misskilningi inn hjá almenningi. Þykir mér leitt, að umr. um þetta mál skyldu berast svo út frá efninu og verða svo villandi, að erfitt mun fyrir almenning að átta sig á þeim.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég get tekið undir það með hv. 3. þm. Reykv., að ég tel það illa farið, að umr. skyldu taka þá stefnu, sem þær hafa gert. Ég lít svo á, að hv. flm. frv. hafi ekki gefið neitt tilefni til þess, að svo hefir farið. Það er mjög óheppilegt að fara nú að ýfa upp gömul sár síðan í fyrra, sem hætt er við, að séu illa gróin ennþá. Það er hv. þm. Dal., sem á mesta sök á þessu, því að hann hefir leitt umr. inn á þetta svið.

Þetta mál er svo vaxið, að það er réttara að fara um það gætilegum orðum heldur en að rísa hér upp með ásakanir, sem byggðar eru á röngum grundvelli. Ég tel réttast að fara ekki langt út í Íslandsbankamálið í fyrra, en kemst þó ekki hjá því að minnast á það nokkrum orðum.

Skal ég þá byrja á byrjuninni, er komið var fyrirvaralaust til þingsins og farið fram á það, að ríkið tæki ábyrgð á bankanum rannsóknarlaust, að kalla mátti, því að reynslan sýndi það fullgreinilega, að ekkert var hægt að byggja á þeirri rannsóknarmynd, sem gerð hafði verið. Og það voru sumir þm., sem vildu ganga að þessu rannsóknarlaust. Síðan var sett rannsóknarnefnd í málið, og kom þá í ljós, að bankinn átti 3½ millj. kr. minna en ekki neitt.

Þegar álit nefndarinnar birtist, var því mótmælt bæði af ýmsum þm. og bankastjóranum, hv. þm. Dal., sem lýsti yfir því, að niðurstaða nefndarinnar væri röng og hagur bankans væri miklu betri en hún hefði sýnt. Nú hefir fengizt reynsla um það, hvernig ástand bankans var í raun og veru, og verður þeirri reynslu ekki móti mælt.

Eins og ég hefi áður sagt, hefi ég enga löngun til þess að draga þessi mál inn í umr., en er neyddur til þess, vegna undangenginna umr.

Hæstv. forsrh. hefir nefnt upphæð, sem afskrifuð hefir verið árið sem leið. Annars koma reikningar bankans bráðlega út, og geta menn þá séð þetta með eigin augum.

Þó að þetta séu mjög miklar afskriftir, þá er engin ástæða til að álíta, að bankinn sé ekki traustur og að landsmenn geti ekki reitt sig á hann. Vil ég taka undir það með hv. 3. þm. Reykv., að góðar vonir má gera sér um, að bankinn rísi við og verði þjóð og landi til mikils gagns.

Ég vil segja það, að mér þykir það óviðkunnanlegt, að hv. þm. séu að koma með órökstuddar staðhæfingar um það, sem hefir verið gert á síðustu árum, hvað hafi verið rétt að gera og hvað ekki.

Hv. 2. þm. G.-K. fór hörðum orðum um afskipti hæstv. forsrh. af Íslandsbanka. Var það helzt að heyra á honum, að hæstv. forsrh. hefði alltaf átt að vera í bankanum eins og fastur starfsmaður. **(ÓTh:** Hann var bankaráðsformaður). Já, en hv. þm. veit sjálfsagt, hvernig bankaráðið var byggt upp og hve vald þess var takmarkað. Bankaráðsmennirnir máttu vera sinn af hverju landshorni. Það var alls ekki ætlazt til þess, að bankaráðsformaðurinn væri á hverjum degi í bankanum eða hefði eftirlit með daglegri starfsemi bankastjóranna. Núverandi hæstv. forsrh. var ekki heldur lengi formaður bankaráðsins og töp bankans mynduðust ekki á þeim tíma, sem hann var í bankaráðinu. Allir vita, að 1921 varð bankinn í raun og veru gjaldþrota. Hverjum datt þá

í hug að ásaka formann bankaráðsins eða forsætisráðherra? Engum.

Mér þætti réttara, að rætt væri um efni frv. sjálfs, og gamlar, dauðar væringar væru látnar liggja í þagnargildi.

Sigurður Eggerz: Nú kom það fyrir, sem sjaldan skeður: Hæstv. fjmrh. hafði rétt að mæla. Hann sagði, að töp Íslandsbanka hefðu ekki myndazt á þeim árum, sem hæstv. forsrh. var bankaráðsformaður. En ég var einmitt bankastjóri á sama tíma, svo að ekki eru töp bankans mér að kenna. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessar varnir fyrir mínum málstað.

Í fyrra var tap bankans metið 3½ millj. kr., en nú telur hæstv. forsrh., að tapið sé 10 millj. kr. Hvernig hefir bankanum þá verið stjórnað, síðan ég fór frá? Það er eftir að rannsaka það.

Það er ódrengskapur af hæstv. forsrh. að segja, að ég sé fallinn maður í þessu máli. Veit ég reyndar, að hann gerir allt til þess að svívirða mig. En ég vil minna hann á það, að ég bauð honum, að ég skyldi fara strax úr bankastjórninni, ef bankinn fengi þá ríkishjálp, sem beðið var um. Ég vildi ekki vera þar til fyrirstöðu.

Ég verð að segja það, að í mínum augum er hæstv. forsrh. sjálfur fallinn maður. Það er fallinn maður, sem tekur tugi þúsunda úr ríkissjóðnum og ver þeim til að gefa út auglýsingarit fyrir eitt af kaupfélögum landsins. Ég vil minna hæstv. forsrh. á 7. boðorðið: „Þú skalt ekki stela". Ég skora á yður, hæstv. forsrh., að læra betur boðorðin!

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég verð að segja örfá orð, þótt það hafi máske þær afleiðingar, að hv. þm. Dal. verði leyft að tala í sjötta sinn. En ég verð að segja, að stj. skelfist ekki við orð hv. þm. Dal., manns, sem hefir fengið dóm þjóðar sinnar.

Ég vildi aðeins taka það fram, að núverandi hæstv. forsrh. var aðeins búinn að vera bankaráðsform. í tvö ár, þegar bankinn var stöðvaður, en mig minnir, að hv. þm. Dal. hafi verið bankastjóri í sex ár. **(SE:** Kannske ég fái þá laun fyrir sjötta árið!) Ég veit vel, að hv. þm. hefir mikla löngun til að fá laun fyrir fleiri ár en hann á kröfu til. En hv. þm. er ekki laus allra mála eða ábyrgðar á stj. sinni á Íslandsbanka, þó að hæstv. forsrh. hafi verið bankaráðsform. í tvö ár. Hv. þm. verður samt að svara fyrir árin á undan.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil taka undir orð þeirra hv. flm. og hæstv. fjmrh., að umr. um þetta mál hafa borizt inn á hættulegar brautir, og að það er hv. þm. Dal., sem fyrst og fremst á sök á því. Og ég vil einnig taka undir orð þeirra um það, að þó að afskriftir hafi orðið svo háar þ. á., þá er ekki þar með talað um endanleg töp bankans. Hv. þm. Dal. skal ekki fá mig til að leika sig of hart, þó hann reyni að ögra mér með öllu móti.

Hvað tali hv. þm. um 7. boðorðið víðvíkur, þá mun það koma í ljós, er ég svara fyrirspurn um útgáfukostnað hinnar vinsælu og góðu bókar, sem hv. þm. minntist á, að hv. þm. hefir hrasað ónotalega á sannleiksbrautinni, því að útgáfa þessarar þörfu bókar kostaði innan við 10 þús. kr., og hefir hv. þm. Dal. því margfaldað útgáfukostnaðinn. **(ÓTh:** Hvernig var þá 7. boðorðið?). Ég kann boðorðin ágætlega, en ég sé enga ástæðu til að fara að kenna hv. 2. þm. G.-K. kverið hér, þó að hann hafi áreiðanlega þörf fyrir það.

Hv. þm. Dal. hótaði mér því, að ég skyldi ekki eiga rólega daga framvegis. Þarna hefir hv. þm. komið upp um sig. Því að hver sá, sem kemur með hótanir í öðrum málum en því, sem um er að ræða, hann hefir beðið ósigur.

Gunnar Sigurðsson [óyfirl.]: Umr. hafa nú komizt inn á aðrar brautir en æskilegt hefði verið, og skal ég ekki lengja þær mikið. Þó álít ég, að allar umr., sem snúast um efni þessa frv. séu þarflegar.

Í fyrra hafði ég ætlað mér, vegna þess, hvernig umr. snerust þá um tíma, að óska eftir bráðabirgðalöggjöf til verndar bankanum. Og ég skal taka það fram, að þó ég liti einna svartast á hag bankans í fyrra, vildi ég þó ekki, að hann væri lagður niður, eins og hv. þdm. mun kunn-

ugt. Ég vil minnast nokkrum orðum á ræðu hv. bankastjóra, 3. þm. Reykv.

Það er rétt, að mikil þörf var á að afskrifa hjá bankanum. Hag Íslandsbanka var svo komið, að hann gat ekki skilað reikningum, nema með því að halda uppi nokkrum stórum fyrirtækjum og gera þau ekki upp. En í of hröðum uppgerðum liggur mikil hætta fyrir bankann. Verður þá oftast lítið úr eignunum, er bankinn á að taka við þeim, og getur það fellt aðrar eignir svo í verði, að bankinn bíði tjón af. Vona ég því, að bankinn geri sem minnst að því að leggja þau fyrirtæki á höggstokkinn, sem geta lifað, því að með því verður bankanum lítið úr eignum sínum.

Haraldur Guðmundsson: Undir þessum harðskeyttu umr. kemur mér í hug þessi vísa úr Hávamálum:

Eldi heitari
brennr með illum vinum
friður fimm daga;
en þá sloknar
es hinn sjetti kemr,
ok versnar allr vinskapr.

Ég man þá tíð, að öðruvísi voru innbyrðis atlot Framsóknar og Íhaldsflokksins í þessu máli heldur en nú. Það var á síðasta þingi. Þá gekk ekki á öðru en kjassi og blíðmælum hjá þessum flokkum. Þá varð það samkomulag þeirra að taka Íslandsbanka, alla skuldasúpu hans, upp á arma ríkissjóðsins. En nú ausa málpípur íhaldsins skömmum yfir hæstv. stj., og það með réttu, fyrir það að hafa látið teyma sig inn á þessa braut.

Hv. 2. þm. G.-K. beindi til mín þeirri spurningu, hvers vegna ég hefði ekki verið því fylgjandi í fyrra, að ríkið eignaðist bankann, úr því ég vildi nú, að það tæki ábyrgð á sparifjárinnstæðu hans. Þessu hefir verið svarað áður, en ég skal endurtaka það í aðalatriðum.

Samkv. áliti nefndar þeirrar, sem rannsakaði hag bankans í fyrra, átti bankinn 3½ millj. kr. minna en ekki neitt. Þessa „eign", 3½ millj. kr. „Underballance" átti svo ríkisjóður að kaupa fyrir 3 millj. kr. Það kann að vera, að það sé samboðið hv. 2. þm. G.-K. að flytja slíka till., en ég taldi það ósamboðið virðingu hv. d. að ljá slíkri till. eyra, hvað þá meira. Ég varð í minni hl. með þessa skoðun. Framsókn og Íhald komu sér saman um, gegn atkv. okkar Alþýðuflokksmanna, að láta Útvegsbankann taka við Íslandsbanka með allri skulda- og tapasúpu hans óuppgerðri. Fé það, sem aðrir en ríkissjóður lögðu í þessa samsteypu, var miklu minna en hitt, sem ríkissjóður lagði fram.

Afleiðingin verður sú, að með þessu eru a. m. k. ⅗—⅔ af töpum Íslandsbanka færðir á Útvegsbankann. Þessi lausn málsins var alveg óþörf. En að þeirri lausn stóðu báðir stærstu flokkarnir, Íhald og Framsókn. Reynslan er þegar farin að sanna, hvílíkt glapræði hér var framið. Hæstv. forsrh. hefir sagt, að afskrift Útvegsbankans nemi á síðastl. ári um 10 millj. kr. Af því voru 5,3—5,5 millj. hlutafé Íslandsbanka og varasjóður. En um 4¼—4,7 millj. er þá af núverandi hlutafé Útvegsbankans. Mér er kunnugt um það, að menn úti um lönd undrast þetta. Þeir spyrja að því, hvort hér sé ekki um nýjan banka að ræða, þar sem Útvegsbankinn er. Og þeir undrast það, að nýr banki þurfi að afskrifa 10 millj. í töp á fyrsta ári. Aðrir halda, að Íslandsbanki hafi verið endurreistur, og þeir skilja ekkert í þeirri endurreisn, að endurreisti bankinn tapi 10 millj. kr. á fyrsta ári. Við jafnaðarmenn vildum láta taka Íslandsbanka til skipta eins og hvert annað þrotabú. Síðan hefði mátt láta Útvegsbankann fara með þrotabúið, en þá með algerlega aðskildum fjárhag. Þá hefðu þessar afskriftir á engan hátt orðið til að rýra álit Útvegsbankans eða spilla trausti hans. Þá hefðu afskriftirnar einungis skollið á þrotabúinu sjálfu. Samkomulagsúrlausn Íhalds og Framsóknar var hið mesta glapræði, sem hægt var að gera í þessu máli, eins og nú er séð og sannað orðið. (**MG:** Hvernig getur hv. þm. verið bankastjóri við svona stofnun? —**ÓTh:** Þjófurinn þrífst, en þjófsnauturinn ekki!). Hv. 2. þm. G.-K. er 7. boðorðið svo ríkt í huga og málshættir, sem við það eru tengdir, að maður gæti freistast til að halda, að hann ætti í einhverju því máli, sem minnti hann eitthvað óþægilega á þetta boðorð. En ég skal svara því að því er snertir útibússtjórastöðu mína á Seyðisfirði, að fyrst Útvegsbankinn á annað borð var orðinn til og að mestu

eign ríkisins, þá taldi ég betra að þangað kæmi maður með öðrum hugsunarhætti en þeim, sem einkennt hefir þá, er stjórnuðu Íslandsbanka þann veg, að töpin námu um 2 tugum millj. kr. Ég veit vel, að sumum er það ekkert gleðiefni, að ég var gerður þarna að útibússtjóra. (**MJ:** Var það ekki bara gert til þess að ná þingmennsku á Seyðisfirði?). Ég vona, að prestlærður maður hafi æft sig svo í þolinmæði, að hann ætti að hafa næga biðlund til að bíða eftir því að sjá, hvað upp kemur við kosningarnar.

Ég mun svo ekki segja meira að sinni, þótt ég sé hinsvegar fús til að rifja upp sögu Íslandsbanka, hvar og hvenær sem þess er óskað.

Ólafur Thors: Það er svo á hæstv. forseta að heyra, að hann ætli ekki að gefa mér langan tíma til athugasemdar, og ég býst við því, að hann taki af mér orðið, ef mér endast ekki 10 mínútur, eftir annari röggsemi hæstv. forseta að dæma. (**Forseti:** Hv. þm. fær 5 mínútur til aths. sinnar). Ég vænti þess, að hæstv. forseti veiti mér 10 mín. sem öðrum þeim, er líkt hefir staðið á fyrir.

Umr. um þetta mál voru orðnar allheitar, þegar fundi var frestað í dag, en ég geri ráð fyrir, að mesti vígamóðurinn sé nú runninn af flestum, a. m. k. er ég mildari í skapi en í dag, begar hv. þm. Ísaf. lauk ræðu sinni með því að þjófkenna mig. Orð hans voru á þann veg, að ég hefði undir venjulegum kringumstæðum neyðst til að biðja hann að endurtaka þau utan þings, en það er hvorttveggja, að þessi hv. þm. hefir látið það í ljós í samtali við mig, að það, sem hann sagði, hefði ekki verið í alvöru meint, enda voru orð hans hugsuð í flýti og töluð í hita, og læt ég þau því falla dauð og ómerk. Að öðru leyti þarf ég ekki að vikja að ræðu hv. þm. Ísaf., því hann svaraði engu af því, sem ég stefndi að honum í minni ræðu.

Ég hefi aðallega átt deilur við hæstv. forsrh. í þessu máli. Hann segir, að hann hafi ekki snúizt í þessu máli, og leggur mikla áherzlu á. Það er eins og hæstv. ráðh. muni ekki, að fyrst var borið fram að tilhlutun stj. frv. til l. um skiptameðferð Íslandsbanka, og síðan annað frv. um endurreisn þessa sama banka. Ef þetta er ekki snúningur, veit ég ekki, hvað á að kalla því nafni. Hæstv. ráðh. reyndi að leiða rök að því, að þjóðarnauðsyn hefði legið til grundvallar fyrir þessari breyttu aðstöðu stj. í málinu. Rök hans voru þau, að svo *mikill munur* hefði verið á frv. því, sem við hv. 1. þm. Skagf. fluttum, og þeirri endanlegu lausn, sem á málið var bundin að tilhlutun stj., að þessi munur réttlætti snúning hans í málinu. Nú veit hæstv. forsrh. vel, að við hv. 1. þm. Skagf. tókum það fram strax í upphafi, að við værum reiðubúnir til samninga um hverja þá leið til lausnar á málinu, sem forðað gæti landi og lýð frá þeirri eyðileggingu, er hlaut af því að leiða, ef Íslandsbanki væri lagður í rústir. Við vorum inni á þeirri hugsun að rétta bankann við á sama hátt og stj. að lokum tilneydd lagði til, sem sé með aðstoð erlendra banka og ríkissjóðs Dana, en eins og málið lá fyrir, þegar við bárum fram frv. okkar, var ekki hægt að fara þá leið, enda hraus okkur hugur við að þurfa að ganga þá braut. En þó að það væri sannkallað neyðarúrræði að þurfa að endurreisa Íslandsbanka fyrir danska náð, var það þó ákjósanlegra en að fyrirætlanir stj. um gjaldþrotaskipti hefðu náð fram að ganga, því af þeim hefði leitt hið mesta böl yfir þjóðina. Ef hinsvegar á að fara að deila um það, hvað vakað hefir fyrir okkur hv. 1. þm. Skagf., er að vísu erfitt að sanna það skjallega, en nægja ætti til að sanna snúning stjórnarinnar að benda á frv. það, sem hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. Mýr. báru fram og prentað er í A-deild Alþt. frá síðasta þingi, þskj. 200. Í því frv. er hvert það ákvæði, sem hæstv. ráðh. hefir slegið á og sagt hafa valdið snúningi sínum, en samt sem áður vildi stj. hvorki sjá það frv. né heyra, enda veit hæstv. forsrh., að hv. þm. V.-Ísf. og hv. þm. Mýr. báru sitt frv. fram vegna þess, að stj. var ófáanleg til að ganga inn á nokkra leið til viðreisnar Íslandsbanka. En þessir flokksmenn stj. vildu ekki taka á sínar herðar ábyrgðina af því að eyðileggja þessa stofnun, sem sumir hafa kallað mesta gjaldþrotabúið, sem komið hafi til sögu hér á landi. Og það var ekki fyrr en þessir flokksbræður hæstv. ráðh. voru fúsir til að fórna hon-

um fremur en þjóðinni, að hæstv. forsrh. snerist í málinu, því að hæstv. ráðh. vildi ekki fórna því fyrir þjóðina, sem hann var fús til að fórna fyrir sjálfan sig.

Ég hefi ekki tækifæri til að svara hæstv. fjmrh. á þeim fáu mínútum, sem hæstv. forseti bindur þessa aths. mína við, en ég vil hinsvegar ekki láta undir höfuð leggjast að þakka hæstv. fjmrh. fyrir það, að hann skyldi finna ástæðu til að setja ofan í við hæstv. forsrh. fyrir að vera að fleipra með það, hve töp bankans hefðu orðið mikil á síðasta ári. Nefndi hæstv. forsrh. líka svo háar tölur í þessu sambandi, að óhug setti að öllum, er á hlýddu. Hafa að vísu síðan komið fram skýringar á þeim tölum, sem hæstv. forsrh. tilnefndi, og urðu töp bankans ekki eins geigvænleg við bær og þau voru í munni hæstv. ráðh., enda er þess að vænta, að almenningur fái rétta frásögn um þetta efni. En ég vil engu að síður þakka hæstv. fjmrh. fyrir þær ávítur, sem hann veitti hæstv. forsrh. fyrir þetta fleipur sitt, og jafnframt lýsa ánægju minni yfir því, að hæstv. forsrh. hefir iðrast synda sinna og fallizt á, að ekki hafi verið rétt af sér að vera að hreyfa þessu.

Héðinn Valdimarsson: Þessar umr. hafa aðallega snúizt um Íslandsbankamálið svonefnda. Vil ég ekki víkja að þeim deilum, en í sambandi við það, að deilt hefir verið um, hverjir væru sök í, að svo fór fyrir Íslandsbanka, sem kunnugt er, vil ég leyfa mér að beina einni fyrirspurn til hæstv. stj., og þó einkum hæstv. dómsmrh.

Samkvæmt íslenzkum lögum á að fara fram rannsókn á þeim fyrirtækjum, sem gjaldþrota verða. Nú er það vitanlegt, að Íslandsbanki var eitthvert mesta gjaldþrotabúið, sem verið hefir hér á landi til þessa, enda þótt bankinn gæfi sig aldrei upp lögum samkvæmt. Engu að síður var ekki hin minnsta tilraun til þess gerð að rannsaka það, hverjir áttu sökina á því, að bankinn fór á höfuðið. Komu þó í ljós við gjaldþrot bankans ýmsir þeir hlutir, sem ekki hefðu verið látnir liggja í þagnargildi í þeim löndum, þar sem hægt er að tala um réttarfar. Reikningar bankans hafa verið falsaðir ár eftir ár, og þing og stj. þannig dulin hins sanna um hag bankans. Ríkið veitti bankanum á sínum tíma seðlaútgáfurétt og hefir velt yfir í hann hverri millj. á fætur annari, og þegar svo bankinn verður gjaldþrota, sýna reikningar hans, að hann eigi miklar eignir umfram skuldir sínar! Þetta þarf að rannsaka. Er vitanlegt, að lánveitingar bankans ýmsar eru óverjandi, og hefir hann til dæmis lánað svo skiptir tugum og hundruðum þúsunda mönnum, sem þegar voru gjaldþrota, þegar þeim voru veitt þessi lán. Mundi ekki tekið með silkihönzkum í nágrannalöndum okkar á mönnum, sem stjórna fyrirtækjum á þennan hátt, en hér hefir engin rannsókn verið látin fram fara, og hafa þó borizt margar áskoranir í þá átt, t. d. frá verkamannafélögum víðsvegar um landið. Er og enginn vafi á því, að almenningur vill láta rannsaka, hverjir eiga sök á óförum Íslandsbanka og að þeim sé refsað, svo sem lög standa til. Mér er ekki heldur ljóst, hvað því hefir valdið, að rannsókn þessi hefir ekki verið látin fara fram. Hverju á að leyna almenning í þessu máli? Hvað er það, sem ekki má komast upp? Ég vil skora á hæstv. stj. að draga það ekki lengur að rannsaka, hverjir það eru, sem hér eiga sök að máli, hvort það eru bankastjórarnir, og jafnvel að einhverju leyti bankaráðið líka og endurskoðendur bankans.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það voru orð og að sönnu hjá hv. 2. þm. G.-K., að hann var blíðari í skapi nú en við fyrra hluta þessarar umr. Sannast hér hið fornkveðna, að blóðnætur eru hverjum bráðastar, og rennur af mönnum mesti vígamóðurinn, þegar fjær dregur.

Af því að hv. þm. G.-K. var í stilltara lagi í þessari síðustu ræðu sinni, og hann auk þess hefir talað sig dauðan, skal ég vera mjúkhentur á honum að þessu sinni. Vil ég þá fyrst minna á það, að í þessu máli hafa þeir tekið höndum saman um árásir á stj., jafnaðarmenn og hinir íhaldssamari þingmenn, sem nú kalla sig sjálfstæðismenn. Megum við framsóknarmenn því vel una, þegar spjótin standa á okkur úr þessum tveim áttum, því að þá getum við gengið bess vissir, að við erum á réttri leið.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um hina breyttu afstöðu stj. í Íslandsbankamálinu á þinginu í fyrra. Það liggur í augum uppi, að sti. hafði fyllstu ástæðu til að breyta afstöðu sinni, þegar ný atriði komu fram í málinu, eins og þau, að auk ríkisins legðu aðrir aðiljar fram 6 milli. kr., til þess að standa undir hinum ógurlegu töpum þessarar stofnunar. (**ÓTh:** En frv.?). Frv., sem hv. 2. þm. G.-K. nefndi, gerði mikið gagn. Framlögin, sem bárust á móti, sex milljónirnar, voru bein afleiðing þessa frv.

Þessi nýja aðstaða í málinu, sem ég nefndi, olli því, að stj. tók sína endanlegu ákvörðun, og niðurstaðan er sú, að 6 millj. kr. annarsstaðar að en frá ríkinu standa nú undir töpum bankans.

Öðrum atriðum í ræðu hv. 2. þm. G.-K. sé ég ekki ástæðu til að svara. Aðeins skal ég drepa á það, að hann sagði, að það hefði verið neyðarúrræði, að menn af öðrum þjóðum hefðu tekið á sig hluta af töpum Íslandsbanka. Þetta er svo fjarri því að vera nokkurt neyðarúrræði, að það þvert á móti var sjálfsagt. Hver var það, sem olli mestum töpum Íslandsbanka? Það var einn af bankastjórum bankans, danskur maður, sem hluthafar bankans í Danmörku sendu hingað til að standa fyrir þessum málum. Það var því fullkomlega réttmætt, að þeir bæru sinn hluta af skakkaföllum bankans.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 2. þm. Reykv. beindi þeirri fyrirspurn til mín, af hverju ekki hefði farið fram rannsókn út af hinu alræmda Íslandsbankamáli, og vék að því í því sambandi, að eins og í öðrum löndum hefði verið gert, hefði átt að rannsaka þetta sem hvert annað gjaldþrot. Ég get ekki neitað því, að það hefði átt við að fylgja þessu máli af meiri hörku en gert var, en eins og greinilega hefir komið fram í umr. um þetta mál í dag, eiga þeir, sem stóðu að Íslandsbanka, um nógu sárt að binda, þó að ekki sé verið að auka á raunir þeirra. Á hinn bóginn var þetta gjaldþrot svo stórkostlegt, eins og betur og betur er að koma í ljós, að hugsanlegt er, að atvikin hagi því svo, að ekki verði komizt hjá því að láta athuga, hvernig stj. bankans hefir farið úr hendi þeim mönnum, sem með hana fóru. Í Ed. er nú komin fram þáltill. um að skora á stj. að leggja fyrir þingið helztu skjöl þau og skilríki, sem sýna tildrögin að lokun bankans, og gæti það leitt til þess, að þingið krefðist rannsóknar á málinu. Þó að ég játi, að stj. hafi ekki gengið nógu langt í þessu máli, er á hitt að líta, að málið skýrist alltaf meira og meira, og þó að þetta sé fyrsta bankahrunið, sem orðið hefir hér á landi, er það ekkert skaðræði, þó að í ljós komi, hverjar meinsemdir bankans voru, áður en farið er að tala um sakir einstakra manna.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er vegna ummæla hv. þm. Ísaf., sem ég finn mig knúðan til þess að segja nokkur orð. Hann felldi þunga dóma um afgreiðslu þessa máls á síðasta þingi. Mér kom þetta mjög á óvart, því að undirtektirnar undir lokatillögur þess máls voru svo góðar, að þingheimur mátti heita sammála. Formaður flokks þessa hv. þm. lét það í ljós, að þessi væri næstbezta lausnin á málinu, og síðar hefir sá hinn sami flokksforingi innsiglað þessi ummæli sín með því að taka að sér bankastjórastöðu við Útvegsbankann. Hv. þm. Ísaf. hefir fetað dyggilega í fótspor foringja síns og er nú orðinn starfsmaður við þann banka, sem hann nú taldi glapræði að hefir verið settur á stofn. Ef afgreiðsla þingsins er glapræði, þá skil ég ekki, hvernig þessir hv. þm. hafa getað fengið af sér að takast á hendur þennan starfa. Að vísu hefir verið bent á, að ástand bankans er verra en við var búizt, en þó er bersýnilegt, að hlutafé bankans mun nú að frádregnum afskriftum vera upp undir 3 millj. auk 4½ millj. kr. í áhættufé, sem tapast á undan öðrum skuldbindingum bankans, ef til kemur.

Banki, sem svo stendur, á kröfu til þess, að ekki sé vakin til hans tortryggni, og býst ég ekki við, að hv. þm. Ísaf. vilji vera í hópi þeirra manna, sem vekja óþarfan ótta um Útvegsbankann.

Það frv., sem hér um ræðir, er ekki komið fram vegna þess, að óforsvaranlega hafi verið gengið frá þessu máli á seinasta þingi. Ég finn ekkert það í þessu frv., sem sýni, að viðskilnaðurinn á síðasta þingi hafi verið slæmur. Frv. mun

fram komið til þess að draga saman í einn bálk öll þau ákvæði, sem um bankann gilda. Í lögum um Íslandsbanka er meginið af gildandi ákvæðum um Útvegsbankann, og er það nú orðin allmikil flækja. Þegar sýna þarf erlendum fjármálamönnum þær reglur, sem bankinn starfar eftir, þarf að tína betta saman úr öllum áttum. Af þessum ástæðum einum saman er það nauðsynlegt að bera fram bálk um Útvegsbankann.

Hitt, sem er annað aðalatriðið í þessu máli, seðlainndráttur bankans, býst ég ekki við, að neinn hafi gert ráð fyrir, að ekki þyrfti að gera um aðrar reglur en hingað til hafa gilt. Hygg ég, að enginn vilji ganga svo hart að stofnuninni um seðlainndráttinn, að henni verði af því stór bagi.

Ákvæðið um ábyrgð á innlánsfé sýnir ekki, að afgreiðslu málsins hafi verið ábótavant á seinasta þingi. Hér er aðeins borin fram lík tillaga og felld var á seinasta þingi, þótt hún sé nú flutt af öðrum mönnum en þá. Um það atriði er mín afstaða að öllu óbreytt. Afskipti ríkissjóðs af þessum banka eiga að vera með þeim hætti, að áhætta ríkisins takmarkist við ákveðin framlög eða tilteknar ábyrgðir.

Á seinasta þingi var bankinn leystur úr ýmsum böndum við ríkið, svo sem það, að forsrh. skyldi eiga sæti í bankaráðinu. Hafði það valdið misskilningi meðal ýmissa erlendra viðskiptamanna. Þegar nú skýrt er orðið, að ríkið er eingöngu hluthafi í þessari stofnun með ábyrgð takmarkaðri við framlagt hlutafé, þá væri miður farið, ef þessu yrði breytt þannig, að afstaða ríkisins til bankans yrði ógleggri og ábyrgð ótakmörkuð. Það verður ekki fullyrt, að ábyrgð ríkissjóðs á Landsbankanum hafi dregið fé út úr Útvegsbankanum. Til þess lágu aðrar orsakir. Það var fjárþörf eigenda og tortryggni til Íslandsbanka, sem olli úttektinni. Frá því að landsbankalögin voru sett og allt til þessa tíma hafa orðið litlar breytingar á innstæðufé Íslandsbanka.

Það er ekki þessi ábyrgð, sem valdið hefir hruni bankans, því að almenningur mun alltaf hafa litið svo á, að ríkið bæri ábyrgð á Landsbankanum. Það var aðeins deilt um það, hvort orða skyldi þetta bert, en um hitt hygg ég varla, að deilt hafi verið, að ríkið bar í rauninni ábyrgð á Landsbankanum frá stofnun hans 1886.

Til þess að Útvegsbankanum geti vaxið fiskur um hrygg, verður að efla traust á honum, svo sem hann á skilið, og væri því æskilegt, að ekki yrði mikið um deilur um bankann, því að það gæti vakið ástæðulaust vantraust.

Það er mjög óheppileg braut að færa ábyrgðina á öllum atvinnuvegum í landinu yfir á ríkissjóð Hygg ég, að fulllangt sé komið í því efni.

Haraldur Guðmundsson: Gamalt máltæki segir, að hverjum þyki sinn fugl fagur, og sannast það á hv. þm. V.-Ísf. Hann rómaði mjög þau endalok, sem Íslandsbankamálið fékk hér í fyrra, en kom ekkert inn á það, sem er höfuðákvæði frv., sem hér er til umr.

Ég benti á það í fyrri ræðu minni, hvernig það, að demba þrotabúi Íslandsbanka óuppgerðu á Útvegsbankann, hefir gleypt 4,5 millj. af hlutafé hans og stórspillt trausti hans og áliti erlendis. Og ég sýndi fram á, að þessi úrlausn var samkomulagsverk Íhalds og Framsóknar og gerð gegn atkvæðum okkar jafnaðarmanna. Nú vill hv. þm. halda því fram, að við Alþýðuflokksmenn höfum unað vel við þessa úrlausn málsins og að form. Alþýðuflokksins hafi sagt, að þetta væri næstbezta úrlausn málsins. Ég veit ekki, hvort hv. þm. er svona gleyminn, eða hann segir viljandi ósatt um þetta. Hann veit vel, að það var gerð stórkostleg breyt. á frv., frá því það kom fram í Ed. og þangað til það varð að lögum, sem sé sú, að ekki skyldi halda búi Íslandsbanka aðskildu frá fé Útvegsbankans, og hlutafé beggja bankanna var að lokum gert jafnrétthátt, í stað þess að láta forgangshluti Íslandsbanka mæta töpum hans. Um þetta urðu snarpar umr. í báðum deildum.

Hv. þm. sagði ennfremur, til sönnunar því, að við höfum sætt okkur vel við þessi málalok, að hv. 2. landsk. hefði tekið við bankastjórastöðu við Útvegsbankann, og ég líka. Hv. þm. gerir sig sekan í samskonar villu þarna og ýmsir aðrir honum andlega skyldir menn, þótt kallaðir séu í öðrum flokkum. Ég vænti þó, að hv. þm. skilji, að breytingarnar

eru miklar á orðnar, þar sem lánaðist að koma þrotabúi Íslandsbanka upp á þjóðina, en deilan var aðallega um það, hvort þetta skyldi gert eða ekki. Nú er svo komið, að ríkið á $^{3}/_{5}$ hluta bankans, og tjáir eigi að loka augunum fyrir þeirri staðreynd.

En hv. þm. má ekki láta sér detta í hug, að með því að gerast starfsmaður hjá Útvegsbankanum hafi ég lokað svo munninum á mér, að ég segi ekki það, sem ég tel rétt, bæði um það, sem nú er að gerast, og það, sem gerðist á síðasta þingi.

Mér er sagt, að hv. 2. þm. G.-K. hafi vikið að mér örfáum orðum. Ég hefi tvo sögumenn að því, hvað hann sagði, en þeim ber ekki saman, og er þó annar þeirra hv. þm. sjálfur. Mér er sagt, að hann hafi sagt hér í hv. deild, að ég hafi einslega beðið hann afsökunar á fyrri ummælum mínum, og því vildi hann ekki taka í lurginn á mér, eins og ég ætti skilið. Þetta hefi ég frá trúverðugasta manni og segi það því hér. En tildrög fyrri ummæla minna voru þau, að hv. þm. greip fram í ræðu mína með þessum orðum: „Þjófurinn þrífst, en þjófsnauturinn ekki". Ég svaraði eins og vera bar í sama tón. Ég svara nær alltaf í sama tón og á mig er yrt. Hafi þm. sviðið undan orðum mínum, má hann sjálfum sér um kenna. Ef hv. þm. vill, skal ég gjarnan gera grein fyrir því, hvað lá að baki þessum ummælum.

Ásgeir Ásgeirsson: Hv. þm. Ísaf. sagði, að hverjum þætti sinn fugl fagur, og heimfærði það upp á mig. Nú, þegar þessi hv. þm. er orðinn starfsmaður bankans, vænti ég þess, að honum komi einnig til að þykja hann fagur.

Það er ekki rétt, að það hafi orðið stórkostleg breyting á frv. um Útvegsbankann á síðasta þingi, frá því það kom fram og þangað til það varð að lögum. Því var ekki breytt í neinum verulegum atriðum.

Hv. þm. skal ekki halda, að ég sjái eftir þeim „bita", sem hann hefir fengið. Þvert á móti hygg ég hv. þm. líklegan til þess að verða stofnuninni til gagns, en honum getur ekki verið alvara með þeirri ádeilu, sem hann flutti hér á afgreiðslu málsins í fyrra.

Ólafur Thors: Ég hygg, að þessi fréttaburðarmaður hv. þm. Ísaf. hafi ekki verið alveg öruggur. En það var alveg rétt, að ég tók fram í fyrir hv. þm. með þessum orðum, sem hann nefndi. Hv. þm. var eitthvað að hölsótast yfir fæðingu þessarar stofnunar, sem hann er nú orðinn starfsmaður hjá, og greip þá hv. 1. þm. Skagf. fram í fyrir honum og spurði, hvernig hv. þm. gæti fengið af sér að vera starfsmaður hjá slíkri stofnun. Það stóð nú eitthvað á svari og greip ég þá inn í ræðu hans og sagði: „Þjófurinn þrífst, en þjófsnauturinn ekki". Með því átti ég við, að hv. þm. teldi, að sér gæti farnast vel í hálaunavellystingum hjá bankanum, enda þótt stofnuninni vegnaði ekki vel.

Ég hélt, að hv. þm. hefði aðeins svarað eins og hann gerði af því, að hann var reiður, enda sagði hann það við mig í votta viðurvist. En vilji hv. þm., að ég taki orð hans bókstaflega, vil ég biðja hann að endurtaka þau utan þings.

Flm. (Jón Ólafsson): Út af þeim ummælum hæstv. dómsmrh., að það væri alltaf að koma betur og betur í ljós, hve Íslandsbanki hafi verið illa staddur, vil ég geta þess, að það er álit mitt, að bankinn hafi verið metinn með mikilli nákvæmni af þeim mönnum, sem það gerðu, og að bankinn sé síst verr á vegi staddur en þar getur. En það er eins með banka og aðrar verzlanir, sem lána, að ef hittist á vond árferði, getur allt gengið verr en ætlað er, en svo þvert á móti, ef gott árferði er.

Ég vil benda á það, að 1926 fór fram mat á bankanum, og þó að það mat hafi eflaust verið rétt á sínum tíma, þá stendur nú ekki steinn yfir steini í því mati.

Ég vildi aðeins benda á þetta, af því að það getur gefið mönnum nokkra hugmynd um það, hve lítið er að byggja á mati banka, þegar langur tími er liðinn frá því hann var metinn. Og einnig vildi ég benda á það, að öll mót á slíkum stofnunum byggjast svo mjög á árferði og útliti árferðis þau ár, sem mat fer fram, og því mjög háð verðsveiflum o. fl.

Jóhann Jósefsson: Í þeim umr., sem hér hafa farið fram, hafa menn komizt inn á mark, sem snertir forsögu þessa

banka, sem hér er verið að ræða um, og þá líka inn á margt, sem snertir frv. það, sem hér liggur fyrir, og þá einkanlega 4. gr. þess. Hefir mér heyrzt á sumum ræðum, að ekki væri vel tekið í það, að ríkið taki ábyrgð á Útvegsbankanum, og hann sé þannig settur á bekk með Landsbankanum og Búnaðarbanka Íslands að því er sparisjóðsfé snertir.

En það, sem ég vildi, að kæmi fram við 1. umr. málsins, er það, hver sé afstaða hæstv. stj., og þá einkum hæstv. fjmrh., til 4. gr. frv., vegna þess, að það verður að teljast mikilsvert atriði í þessu máli. Ég hefi tekið eftir því, sem komið hefir frá hæstv. stj. í umr. um þetta mál, og hefi ég ekki heyrt, að neitt hafi verið sagt í þessa átt í ræðum þeim, sem hér hafa verið haldnar.

Ég vil því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hver sé skoðun hans á 4. gr. frv. og hvers megi vænta, að hæstv. stj. leggi til málanna í því efni, að ríkið taki að sér ábyrgð á sparisjóðsinnstæðu manna í Útvegsbankanum, á sama hátt og nú er í þeim tveimur bönkum, sem ég nefndi áðan.

Fjmrh. (Einar Árnason): Það er út af fyrirspurn hv. þm. Vestm., að ég stend upp. Hann fór nokkuð inn á einstök atriði frv., en þar sem þetta er 1. umr. um málið, þá hefi ég ekki fundið ástæðu til að lýsa neinu yfir á þessu stigi málsins um það, hvernig ég eða stj. taki í einstök atriði þess. Ég er að sjálfsögðu fús til að ræða við þá n., sem fær málið, ef hún óskar þess, og gefa n. upp, hverja skoðun ég hefi á einstökum atriðum þessa frv.

Haraldur Guðmundsson: Ég þarf ekki miklu að svara hv. þm. V.-Ísf. Hann talaði um orð og verk og sagðist taka verkin, þar sem orð og verk færu ekki saman. Ég vil minna hann á, að í báðum deildum í fyrra greiddi ég og mínir flokksmenn atkv. á móti frv. Það eru verk okkar hér í þinginu.

Við hv. 2. þm. G.-K. þarf ég það eitt að segja, að ég tek ekkert aftur af því, sem ég hefi til hans mælt. Ég svara eins og á mig er yrt, og ég er við því búinn að gera grein fyrir, hvað ég átti við. En það verð ég að segja, að það er næsta ómannlegt, þegar maður, sem heldur ræður eins og hann og grípur fram í eins og hann, emjar og ber sig illa undan því, ef hann er hirtur og honum er svarað í sama tón.

Pétur Ottesen: Í umr. í dag og eins nú hefir því verið haldið fram bæði í sambandi við þetta frv. og eins í sambandi við hið svokallaða Íslandsbankamál, bæði af hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., að bankaráð eða fulltrúaráð Íslandsbanka hafi með lögum haft þá aðstöðu, að ekki væri hægt að krefja þá menn, sem þá nefnd eða ráð skipa, til skuldar út af þeim óförum, sem Íslandsbanki varð fyrir. Þessu hefir verið haldið fram hér í dag, og þar á meðal af hæstv. fjmrh. Þetta er alveg rétt. Kosningu í bankaráð Íslandsbanka var hagað svo, að áhrif bankaráðsins gætu ekki verið nema lítil. Því var hagað svo til oft og löngum, að menn úr fjarlægum landshlutum voru kosnir til að eiga sæti í bankaráðinu. Þessir menn mættu í hæsta lagi á einum eða tveim bankaráðsfundum; það var allt og sumt. En það er nú orðin allmikil breyting á þessu, og þegar talað er um afskipti bankaráðsins síðustu árin og forsrh., sem hefir verið formaður bankaráðs Íslandsbanka, þá er þar öðru máli að gegna, því að með þeirri reglugerð, sem gefin var út um starfsemi og rekstur Íslandsbanka 1923, af þáverandi atvmrh., Klemens Jónssyni, — ég man ekki, hvort hann var þá líka fjmrh., kemur breyting í þessu efni. Með þeirri reglugerð er gert ráð fyrir því, að bankaráðið og þá sérstaklega forsrh., sem á að vera formaður, fylgist vel með og hafi glöggar gætur á öllum rekstri bankans. Þar er gert ráð fyrir samstarfi milli framkvæmdarstj. bankans og fulltrúaráðs, þannig, að framkvæmdarstj. hafi rétt til að mæta á fundum bankaráðsins og hafi þar fullkomið málfrelsi. Ennfremur er gert ráð fyrir því, að forsrh., sem formaður bankaráðsins, hafi aðgang að umr. framkvæmdarstj. um ýmislegt, sem að þessu lýtur. Auk þess er svo ákveðið í þessari reglugerð, að þá eina menn megi skipa í fulltrúaráð, sem séu búsettir í Rvík.

Ég ætla, að það sé þess vegna öllum

ljóst, að með þessari breyt. er málinu fullkomlega stefnt inn á þá braut, að bankaráðið og forsrh. séu í náinni samvinnu við framkvæmdarstj. og fylgist með öllu, sem þar fer fram. Af þessu leiðir aftur það, að bankaráðið og forsrh. eru samábyrgir framkvæmdarstj. fyrir bankanum að svo miklu leyti, sem þar getur verið um ábyrgð að ræða.

Ennfremur er svo ákveðið í þessari reglugerð, að forsrh. skuli, auk þess, sem áður er talið um samstarf bankaráðs og framkvæmdarstj., hafa sérstakan rétt til þess, hvenær sem hann vill, að heimta sýnt og sannað, að málmforði bankans sé í hinu lögákveðna hlutfalli við seðla þá, sem í veltu eru, og auk þess hefir hann aðgang að umr. framkvæmdarstj. og rétt til þess, hvenær sem vera skal, að láta sýna sér bækur bankans og skjöl.

Það þarf ekki að eyða orðum að því, í hvaða augnamiði þetta er gert. Það er gert til þess, að forsrh. sem formaður bankaráðsins eigi alltaf kost á því að fylgjast með rekstri bankans, og er það þá vitanlega skylda hans að gripa í taumana, ef hann sér, að í óefni er stefnt. Af þessu leiðir það, að að því leyti, sem hæstv. forsrh. hefir verið að fella dóma á og sakfella einstaka stjórnendur eða bankastj. Íslandsbanka, hlýtur að því leyti, sem hægt er með nokkurri sanngirni að áfellast stj. bankans fyrir þau óhöpp, sem þar eru kunn orðin, sú skuld alveg eins að falla á bankaráðið, og það því fremur á hæstv. forsrh., sem gert er ráð fyrir, að hann hafi íhlutunarrétt um mál bankans og fylgist vel með öllum framkvæmdum, sem gerast viðvíkjandi bankanum.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég tel óviðeigandi við þessa umr. að gera grein fyrir, hvaða aðstöðu bankaráð Íslandsbanka hafði á sinni tíð, og þá einkum ég, sem var skyldur að eiga þar sæti sem formaður, enda yrði það alllöng saga um min afskipti í því efni. Ég vil aðeins minna á það nú, að það endaði með því, að þær skýrslur, sem ég fékk frá bankastjórum Íslandsbanka, voru þannig, að ég var neyddur til að leita út fyrir stj. bankans til að afla mér nauðsynlegra upplýsinga um bankann.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

71. Löggilding Súðavíkur.

Á 25. fundi Nd., 16. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um löggilding verzlunarstaðar að Súðavík við Álftafjörð í Norður-Ísafjarðarsýslu (þmfrv., A. 174).

Á 27. fundi í Nd., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Auðunn Jónsson): Þetta frv., er borið fram að einróma ósk borgarafundar í Súðavík. Á síðustu 10 árum hefir fólki fjölgað þar úr 148 í 240 manns. Þykir aukið hagræði, þar sem annarsstaðar, að fá löggiltan verzlunarstað í stað sveitaverzlunar, sem þar hefir verið áður.

Þar sem nú er orðið framorðið, skal ég ekki fara um þetta fleiri orðum, en vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 174, n. 280).

Magnús Gumundsson: Í fjarveru hv. frsm. vil ég lýsa því yfir, að n. taldi sjálfsagt að löggilda þennan verzlunarstað. Þar er margt manna saman komið, og er það siður þingsins að neita ekki um slíka löggildingu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 174).

Á 43. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Frv. var sett á dagskrá 46. fundar deildarinnar, er halda skyldi 14. apríl kl. 5 síðd., til 2. umr. (A. 174, n. 377). En sá fundur féll niður, með því að lýst hafði verið yfir þingrofi á fundi í Sþ. s. d.

72. Andleg verk.

Á 26. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um andleg verk (þmfrv., A. 177).

Á 29. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Magnús Jónsson: Mér þykir ákaflega merkilegt, að svona stórt mál, sem einmitt þyrfti að ræða við 1. umr., stefnu þess og tilgang, skuli koma án þess að mælt sé fyrir því einu orði. Ég býst ekki við, að mikill ágreiningur verði um einstakar greinar frv., en um hitt verður vafalaust mikill ágreiningur, hvort málið í heild sinni er heppilegt eða ekki. En ég kann illa við að ræða um málið, fyrst ekki er lögð svo mikil rækt við það, að nokkur vilji tala fyrir því.

Ég skal ekki með mínu atkv. koma í veg fyrir, að það komist til nefndar, þar sem það væntanlega sofnar við nákvæma athugun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

73. Útvarp.

Á 26. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 62, 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi (þmfrv., A. 178).

Á 29. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Aftur var frv. sett á dagskrá til 1. umr. á 46. fundi deildarinnar, er halda skyldi 14. apríl kl. 5 síðd. En sá fundur féll niður, með því að á fundi í Sþ. s. d. hafði verið lýst yfir þingrofi.

74. Veiting læknaembætta.

Á 26. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um veiting læknisembætta (þmfrv., A. 179).

Á 29. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Aftur var frv. sett á dagskrá til 1. umr. á 46. fundi deildarinnar, er halda skyldi 14. apríl kl. 5 síðd. En sá fundur féll niður, með því að á fundi í Sþ. s. d. hafði verið lýst yfir þingrofi.

75. Heilbrigðisráð.

Á 26. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heilbrigðisráð (þmfrv., A. 180).

Á 29. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Aftur var frv. sett til 1. umr. á dagskrá 46. fundar deildarinnar, er halda skyldi 14 apríl kl. 5. síðd. En sá fundur féll niður, með því að á fundi í Sþ. s. d. var lýst yfir þingrofi.

76. Jarðræktarlög.

Á 26. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 43, 20. júní 1923 (þmfrv., A. 183).

Á 29., 39., 40., 41., 42. og 45. fundi í Nd., 20. marz, 1., 7., 8., 9. og 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og með því að 45. fundur varð síðastur fundur deildarinnar vegna þingrofs, varð frv. ekki útrætt.

77. Lýðskóli með skylduvinnu nemenda.

Á 26. fundi í Nd., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum (þmfrv., A. 184).

Á 39. og 40. fundi í Nd., 1. og 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Magnús Guðmundsson: Ég sé, að aðalflm. vantar í deildina. Ég vil þess vegna leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Sigurður Eggerz: Ég ætla ekki að mæla því í gegn, að frv. fari til n., en komi það úr nefnd í líku formi og það er nú, þá eru dagar þess taldir. Annars vona ég, að það sofni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13:2 atkv. og til menntmn. með 14:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

78. Byggingar- og landnámssjóður.

Á 27. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928 (þmfrv., A. 193).

Frv. var sett til 1. umr. á dagskrá 46. fundar í Nd., sem halda skyldi 14. apríl kl. 5 síðdegis. En sá fundur féll niður, með því að þing var rofið á fundi í Sþ. kl. 1 sama dag.

79. Þingmannakosning í Reykjavík.

Á 27. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt á l. nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík (þmfrv., A. 194).

Á 37. fundi í Nd., 30. marz, þá er lýst hafði verið í fundarlok dagskrá næsta fundar, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frá 6 deildarmönnum (HV, SÁÓ, HG, MJ, JÓl, ÓTh) svo hljóðandi áskorun:

„Samkvæmt 43. gr. þingskapa Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn

þess, að á morgun verði tekið fyrir sem fyrsta mál á dagskrá í neðri deild frv. til l. um breyt. á l. nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík (þskj. 194) og annað mál á dagskrá frv. til l. um virkjun Efra-Sogsins (þskj. 283)".

Í byrjun 38. fundar í Nd., næsta dag, lét forseti fram fara atkvgr. um kröfuna, og var samþ. að breyta dagskrá samkv. henni með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, EJ, HG, HK, HV, JJós, JAJ, JÓl, JS.

nei: LH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv, BSt, BÁ, GunnS, HStef, IngB, JörB.

Þrír þm. (MT, ÁÁ, HJ) fjarstaddir.

Samkv. þessum úrslitum var frv. tekið á dagskrá sem 1. mál til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 14:5 atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Ég sagði hæstv. forseta það, þegar ég bað hann að taka þetta mál sem fyrsta mál á dagskrá í dag, að ég myndi ekki halda langa framsöguræðu, þar sem þetta mál hefir verið rætt áður á mörgum þingum.

Það er öllum kunnugt, hversu bærinn hefir vaxið á síðustu árum, t. d. hefir hann vaxið um 59% síðan 1920 þegar núgildandi lög um tölu þm. fyrir Reykjavík voru sett. Þá voru íbúar Reykjavíkurbæjar 17670, en í des. 1930 voru þeir orðnir 28182. Jafnframt þessari fjölgun fólksins hefir þingmannatalan staðið í stað. Það sjá nú allir, hvaða vit er í þessu. Reykjavík á réttlætiskröfu til miklu fleiri þm. en hún hefir nú. Þetta frv. er því flutt samkv. almennum óskum bæjarbúa, og reyndar í samræmi við eðli og anda hinna almennu kenninga um kosningarrétt. Ég vænti þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:5 atkv. og til allshn. með 17:1 atkv.

Á 43. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 194, n. 330 og 354, 331, 360).

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Eins og álit allshn. á þskj. 330 ber með sér, tók einn nm. ekki þátt í afgreiðslu þessa máls. Er sú ástæða til þess, að n. tók málið fyrir til afgreiðslu laugardaginn fyrir páska, en þá var þessi nm. fjarverandi úr bænum. Hefir hann síðan komið til bæjarins og borið fram sérstakt nál., sem prentað er á þskj. 354. — Hv. þm. V.-Sk. hefir ekki getað orðið sammála okkur meðnm. sínum um afgreiðslu málsins. Leggur hann til, að frv. verði felllt, en við hinir, að það verði samþ., þótt við að vísu séum misjafnrar skoðunar um það, hversu langt skuli ganga í þá átt að fjölga þm. hér í Reykjavík. Hvað okkur 3. þm. Revkv. snertir, get ég sagt það, að við teljum réttmætt í alla staði, að þm. Revkv. sé fjölgað upp í 9, en þar eð við viljum umfram allt fá fram einhverjar réttarbætur Reykjavík til handa í þessu efni, höfum við teygt okkur til samkomulags við hv. 1. þm. Skagf. og berum ásamt honum fram brtt. við frv. á þskj. 331, þess efnis, að Revkjavík skuli fá 6 þm. í stað 4, sem bærinn nú verður að sætta sig við. Hefir hv. 1. þm. Skagf. síðan borið fram í samráði við okkur þá brtt. við hina sameiginlegu brtt. okkar, að þm. Reykv. verði fjölgað aðeins upp í 5. Ber að skoða þessa brtt. sem varatill. við aðaltill., og munum við hv. 3. þm. Reykv. greiða henni atkv., ef svo illa og ósanngjarnlega tekst til, að aðalbrtt. verði felld. Fer því þó fjarri, að sanngjörnum kröfum Reykvíkinga sé fullnægt með þessu, en hér er þó um að ræða spor í áttina, og verður það eftir atvikum að telja viðunandi í bili.

Eins og ég áður tók fram, hefir sá samnm. okkar, sem ekki gat tekið þátt í afgreiðslu málsins með okkur vegna fjarveru sinnar úr bænum, borið fram sérstakt nál. Er það nál. um margt undarlegt, og skal ég því drepa lítillega á það. Þessi hv. samnm. okkar, hv. 2. þm. Árn., hefur nál. sitt með því að bera okkur starfsbræður sína þeim brigzlum, að við höfum ekki gefið okkur tóm til að hugsa þetta mál, eins og nál. okkar beri glöggt vitni um. Er það að vísu rétt, að nál. okkar er ekki mikið fyrirferðar, en hv. 2. þm. Árn. ætti ekki að koma slíkt á óvart, því að þetta mál hefir verið rætt mjög,

bæði hér á þingi og annarsstaðar, og skortir í engu upplýsingar um það. Er og málið þann veg vaxið, að ekki ættu að geta sprottið deilur um réttmæti þess. — Þá er hv. þm. að fetta fingur út í það, að við skyldum taka okkur bessaleyfi til að starfa, allshnm., að honum sjálfum fjarverandi. Þykir honum það býsn mikil, að við skyldum nota páskahelgina til að afgreiða málið. Er þessu því til að svara, að málið var afgr. laugardaginn fyrir páska, og það, að við hirtum ekki að bíða eftir því, að hv. þm. kæmi úr páskaleyfinu, en afgreiddum málið án hans, byggist á því, eins og ég áður sagði, hversu þetta liggur ljóst fyrir, enda sjáum við ekki, hvað hefði getað breytt afgreiðslu málsins, þótt hann hefði verið viðstaddur. — Hv. 2. þm. Árn. heldur því fram, að af því mundi leiða stjórnarfarslega byltingu, ef þm. Reykv. yrði fjölgað upp í 9. En hvað er í raun og veru að óttast stjórnarfarslega byltingu yfirleitt? Það er mér ekki fyllilega ljóst, ef byltingin er réttmæt. En nú er það svo, að ég fæ með engu móti séð, að svo geti orðið, því að ég hygg, að fjölgunin mundi skiptast niður á flokkana. Má jafnvel gera ráð fyrir því, að flokkur hv. þm. sjálfs mundi græða eitt þingsæti við þetta. Annars skiptir þetta hér ekki máli, þar sem aðeins er um að ræða að fjölga þm. Reykv. um 2 þm., eða jafnvel ekki nema einn. Nál. hv. þm. er því gersamlega óþarft og út í hött.

Læt ég svo útrætt um þetta að sinni, en ég vænti þess fastlega, að hv. þm. sýni þessu sanngirnismáli velvild, enda þótt flestir þeirra þm., sem setu eiga hér í þessari deild, séu úr sveit, en ekki búsettir hér í Reykjavík eða öðrum bæjum.

Frsm. 2. minni hl. (Magnús Torfason): Ég get að mestu leyti látið mér nægja að vísa til nál. á þskj. 354, sem ég hefi leyft mér að bera fram. Eru þar teknar fram þær ástæður, sem ég hefi fram að færa gegn fjölgun þm. hér í Reykjavík, og þá fyrst og fremst gegn þeirri gífurlegu fjölgun úr 4 upp í 9, eins og frv. gerir ráð fyrir. Get ég því fremur verið stuttorður, þar sem hv. frsm. meiri hl. hefir ekki í einu né neinu hnekkt þeim rökum, sem ég hefi sett fram í nál. mínu gegn þingmannafjölgun hér í bæ.

Mín skoðun er sú, að vald Reykjavíkur hér í þinginu sé svo mikið, að ekki megi við það auka, svo fremi sem aðrir landshlutar eiga að einhverju leyti að vera sjálfráðir gerða sinna hér á þingi. Þingsagan, ekki hvað sízt eftir 1920, er þm. Reykv. síðast var fjölgað, ber það með sér, að vald Reykjavíkur er þegar orðið æðimikið, fyrst og fremst að l., en þó tekur út yfir þetta, að þm. Reykv. standa að öllu leyti betur að vígi en aðrir þm. um að koma fram málum sínum og hafa áhrif hér í þinginu. Það er ekki lítið varið í það fyrir þm. Reykv. að hafa þennan stóra her, þar sem er fjórðungur allra landsmanna, á bak við sig í hverju máli, sem þeir flytja. Er ekki svo að skilja, að hér í Reykjavík búi rýrasti hl. bióðarinnar, þó að æ sé rýr sauður í mörgu fé, heldur er það að vonum, að úr svo miklu fjölmenni verði fleiri þingskörungum á að skipa en úr öðrum kjördæmum. Vita allir, hversu persónumáttur manna má sín mikils, og þá kemur að því, sem drepið er á í nál., að Reykjavík þarf ekki þessarar fjölgunar við. Reykvíkingar hafa í engu verið kúgaðir hér á þingi. Hygg ég, að ekki verði sýnt neitt dæmi þess, að gengið hafi verið á rétt þeirra. Þvert á móti. Sé litið í Stjórnartíðindin eða athugað það fé, sem veitt hefir verið til Reykjavíkur til eins og alls, kemur berlega í ljós, að Reykjavík hefir ekki borið skarðan hlut frá borði Alþ. Sé ég ekki ástæðu til að fara nánara út í það. Við vitum allir, að hér í Reykjavík hefir verið um meiri og stærri framfarir að ræða en í nokkru öðru kjördæmi á landinu. Satt er það, að Reykjavík hefir sjálf lagt mikið til þessara framfara, en þó er það svo, að henni hefir æ beint og óbeint komið styrkur frá öðrum landshlutum. Þarf ekki annað í því sambandi en að benda á það, að svo má heita, sem hér hafi safnazt saman allir helztu menntamenn landsins, og samtök þeirra eru öflugri en þó að einstakir menntamenn séu að rolast út af fyrir sig úti um land, enda fylgir þeim meiri kraftur. Reykjavík má ekki vera svo vanþakklát, að hún telji einskis virði það mikilsverða tillag, sem hún fær beint og óbeint frá þeim menntamönnum, sem hér eru niður komnir. Eins og ég hefi drepið á í nál. mínu, getur

fjölgun þm. því aðeins komið til greina, að viðkomandi kjördæmi sé í þörf fyrir aukninguna. Hygg ég, að erfitt verði að sanna, að svo sé hér, auk þess sem þetta fer þvert við þá stefnu, sem ríkt hefir hér í þinginu undanfarið í þessum efnum. Stefnan hefir verið sú, að skipta tvímenniskjördæmunum í einmenniskjördæmi smátt og smátt, eftir því sem þörf hefir þótt á. Þegar hagsmunir þeirra, sem í tvímenniskjördæmi eru, fóru að rekast á, komu fram raddir um það, að kjördæminu væri skipt, og þá alltaf frá þeim hluta kjördæmisins, sem minni máttar var. Þarf ekki annað en að minna á skiptingu Ísafjarðarsýslu í 2 kjördæmi, Þingeyjarsýslu og Húnavatnssýslu. Fór slík breyt. fram í þessum sýslum, af því að hagsmunir hinna sérstöku hl. kjördæmisins fóru ekki saman. Ég lít svo á, að þetta sé sú rétta stefna, því að hún hnígur í þá átt, að hver sá landshluti, sem sérhagsmuna hefir að gæta, fái sinn fulltrúa hér á þingi. Ef litið er á þingið eins og það nú er skipað, eiga 20 Reykvíkingar sæti á því, og virðist þetta sæmileg aðstaða fyrir Reykjavík og nægileg trygging þess, að hlutur hennar verði ekki fyrir borð borinn. Þó að þeir þm., sem hér eru búsettir, þótt fulltrúar séu annara kjördæma, fylgi að sjálfsögðu málum kjördæma sinna, leggur það sig sjálft, að þeir muni ekki standa á móti þrifamálum Reykjavíkur, ef þau fara ekki í bága við hagsmuni kjördæma þeirra, enda sannar öll reynsla þetta. Enginn hatar sinn eiginn líkama, og því hafa Reykvíkingar nóg bolmagn í þeim þm., sem þeir nú þegar hafa, til þess að koma fram hverju því nytjamáli, sem þeir hafa fram að bera og hefir fengið sæmilegan undirbúning. — Vita allir, að Reykjavík er stærsta höfuðborg eins lands, þar sem hér býr fullur fjórðungur allra landsmanna. Og eins og ég tók fram áðan, fylgir því mikið bolmagn. Hefir engin höfuðborg tiltölulegt magn á borð við Reykjavík, og þó verður ekki bent á dæmi þess, að nokkur stórborg í víðum heimi hafi þingmannafjölda að tiltölu við það, sem Reykjavík hefir. (MJ: Veit hv. þm. dæmi þess, að þær hafi færri þm.?). Ég bæði veit það og get bent á það. Það er ekki langt síðan Kaupmannahöfn hafði 9 þm. af 102. (MJ: En nú?) Nú hefir hún 24 þm. af 149. — Er frá því að segja, sem ég hélt reyndar, að hver menntamaður ætti að vita, að I. C. Christensen réð þar um, þó að móti harðvítugum þingflokki væri að etja. Hann sá um það, að hinn fámennari landshluti, þar sem var Jótland, hefði betri aðstöðu en Kaupmannahöfn. Fylgdi slíkur kraftur till. hans, að þm. féllust á þær.

Þetta var nú í Fólksþinginu, en í Landsþinginu var hlutfallið ennþá verra fyrir Kaupmannahöfn.

Ef fjölgað verður þingmönnum í Rvík eins og frv. fer fram á, er auðsætt, að Reykjavík ræður stjórn landsins. Afleiðingin af fjölgun þm. fyrir Reykjavík upp í 9 getur ekki orðið önnur.

Ég hefi bent á það, að Kaupmannahöfn hefir hlutfallslega færri fulltrúa í Fólksþinginu en önnur kjördæmi, og er þó hlutur hennar verri í Landsþinginu. Slíkt og þvílíkt viðgengst alstaðar. Samvinna milli hinna ýmsu hluta landsins getur ekki tekizt með þeim hætti, að sumra landshlutanna gæti ekki á fulltrúasamkomunni. En það, sem felst í frv., er að koma hér á hlutafélagsfyrirkomulagi, þannig að atkvæðamagn fari eftir upphæð hlutafjárins. (HV: Eða samvinnufélagafyrirkomulag). Nei, þar hefir hver einstaklingur sitt atkv. Þegar fyrst voru stofnuð mjólkursamlög í Danmörku, vildu sumir stórbokkar ekki ganga í þau, nema atkvæðamagnið færi eftir kúafjöldanum. Þeir vildu, að kýrnar hefðu atkvæðisrétt, en hér vilja menn að þorskarnir hafi hann.

Í þeirri stjórnarskrá, sem elzt er og merkilegust og kallast má móðir allra stjórnarskráa þar sem þingræði ríkir, er gert við þessum leka. Þeir Franklin og Washington höfðu vit á því að gera við honum í upphafi. Þeir sáu, að samvinna milli hinna smáu og stóru fylkja gæti aldrei tekizt, nema tryggt væri, að réttur hinna smáu væri ekki fyrir borð borinn. Því settu þeir það ákvæði í stjórnarskrá Bandaríkjanna, að stóru fylkin skyldu ekki hafa fleiri fulltrúa í öldungadeild en hin smáu. Hér er engin trygging fyrir slíku. Reykvíkingar geta stillt valdi sínu þannig, að þeir myndi mundangið á vogarskálinni.

Kem ég þá að því, sem drepið er á í niðurlagi nál., að héðan af megi ekki koma með neinar breyt. á þingmannafjölgun fyrir Rvík, nema sett sé trygging fyrir því, að menn hafi þar einhverja vörn. Ég fer ekki fram á, að þvert nei sé sett við því, að breyting geti átt sér stað, heldur að tryggt sé, að hinir landshlutarnir hafi neitunarvald.

Síðan 1874 hefir verið borið svo mikið fram af stjórnarskrárbreytingum, að tala þeirra er legió, en fæstar hafa þær náð fram að ganga. Einkum hafa þessar till. um breytingar verið kák eitt síðan síðasta stjskrbreyt. fór fram. Sum frumvörpin hafa ekki einu sinni komizt út úr deildinni, hvað þá verið samþykkt. Ein lög náðu að vísu samþykki, en svo fór að enginn maður í landinu vildi lita við þeim.

Þetta hnígur að því, að ef gera ætti eitthvað í þessu máli, þyrfti miklu meiri undirbúning en hægt er að búast við af stjórninni einni. Hér er um svo mikið stórmál að ræða, að þeir, sem vilja breyta á einhvern hátt því stjórnarfyrirkomulagi, sem nú er og vissulega hefir sína galla, hefðu átt að koma fram með till. um skipun mþn. í málið. Mörg ný ríki hafa risið upp eftir styrjöldina og skipað málum sínum öðruvísi á ýmsan hátt en áður tíðkaðist. Enginn maður hér á landi hefir kynnt sér þau mál að ráði. Ef gera skal þýðingarmiklar breyt. á stjskr., eins og hér er um að ræða í sambandi við kosningalög og kjördæmaskipun, þyrfti um leið að athuga stjórnarfarið yfirleitt og skipa til þess nefnd, er hefði sérfróða ráðunauta sér til aðstoðar, og gera almenningi fært að kynna sér málin og fylgjast með þeim. Hv. 1. þm. Skagf. sagði, að hér væri aðeins um einn þm. að tefla. Hann hefir þó skrifað undir nál., sem fer fram á fjölgun um tvo, en hefir síðar flutt till. um einn í viðbót við þá, sem fyrir eru. Þetta er að vísu góðra gjalda vert, en að því verður að gæta, að hve lítið sem þingmönnum Reykjavíkur er fjölgað, verður öðrum landshlutum erfiðara að gæta réttar síns á eftir. Ef Reykjavík fær einn þm. nú, eykst bolmagn hennar svo, að hægt verður að fjölga þm. hennar um einn eða jafnvel fjóra á næsta þingi.

Stefnan er því augljós, jafnvel þótt aðeins sé litið á brtt. hv. 1. þm. Skagf. Ég hygg, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en vil leyfa mér að ráða hv. deild til að fella þetta frv., og það nú þegar.

Lárus Helgason: Eins og nál. á þskj. 330 ber með sér, er ég andvígur þessu frv. Ég hefi þó ekki séð ástæðu til að koma með sérstakt nál., en vil hinsvegar gera grein fyrir afstöðu minni til málsins með fáum orðum.

Ég veit ekki betur en að þm. séu yfirleitt kosnir fyrir allt landið, en ekki einstaka skekla þess, þ. e. vinni með sanngirni og víðsýni að hverju máli, og því get ég ekki séð, að ástæða sé til að vera að færa til þingmannatölu, þótt íbúafjöldi kaupstaðanna breytist eitthvað. Eins og þegar hefir verið sýnt fram á, er alls ekki óvanalegt, að hin stærri kjördæmi hafi hlutfallslega færri fulltrúa en hin smærri, og þarf reyndar ekki að fara út fyrir landsteinana til að finna slík dæmi. Ég veit t. d. ekki betur en að hver hreppur sendi einn fulltrúa á sýslufund, án tillits til þess, hvort hreppurinn er stór eða lítill. Í þessu er ekki verið að rekast, þótt sumir hreppar hafi margfalda íbúatölu á við aðra. Þetta skipulag hefir ekki komið að sök, og ég hefi ekki orðið var við neitt reiptog út af þessu. En hv. þm. Reykv. virðast vera gjarnir á reiptog, og væri það nokkur vorkunn, ef þeir hefðu rekið sig á, að þeir hefðu verið ofurliði bornir, eða ef Reykjavík væri svo stór, að þeir kæmust ekki yfir að benda á það, sem þar horfir til hagsbóta. En nú eru yfir 20 þm. búsettir í Rvík. Þeir munu allir vera sæmilega kunnugir högum Reykjavíkur, svo að í því efni er Reykjavík vel borgið. Ég get því ekki séð, að Rvíkurbúar þurfi að vera óánægðir þótt þeir hafi færri þm. eftir íbúatölu. Að þingmannafjöldi eigi alveg að fara eftir íbúafjölda, er fjarstæða, eins og hér hagar til.

Í gær var rifizt hér um stækkun Reykjavíkur og atkv. greidd um það mál í dag. Fyrst á að stækka Reykjavík á kostnað annara sveitarfélaga, og svo kemur jarmur um fjölgun þm. á eftir. Þetta er óeðlilegt reiptog, sem gjalda

verður varhuga við. Þingmenn eiga að líta á landið sem eitt bú, og bezta trygging fyrir hyggilegri starfsemi þingsins er, að á því eigi sæti menn, sem kunnugir eru í sem flestum landshlutum. Ég er því eindregið andvígur frv., og jafnframt þeim brtt., sem fram hafa komið við það, því að þó að þær gangi töluvert skemmra, er augljóst, hvað á bak við er. Ég get ekki betur séð en að hér sé um allmikla ásælni að ræða af Reykjavíkur hálfu.

Magnús Guðmundsson: Mér skildist á hv. 2. þm. Árn., að hann teldi það einhverskonar svik hjá mér við meiri hl. n. að koma fram með brtt. á þskj. 360, um að þm. í Rvík skuli vera fimm, þar sem ég hefi skrifað undir nál., sem gerði ráð fyrir sex. Ég vil skjóta því til meiri hl., hvort það sé með ósamþykki hans, að þessi brtt. er fram komin.

Út af ummælum hv. 2. þm. Árn. vil ég benda á það, að fyrir liggur nú stjfrv., sem gengur í þá átt, að rýra kosningarrétt Reykvíkinga með afnámi landskjörs. Landskjörið hefir verið nokkur uppbót fyrir Reykvíkinga, því að þar var atkv. þeirra jafngilt atkvæðum annara landsmanna. Nú er ekki ólíklegt, að þetta frv. nái fram að ganga. Ég vil ekki, að Reykjavík sé gerður frekari óréttur en nú er, og með minna en einum þm. verður ekki komið í veg fyrir það.

Ég skal ekki fara að ræða um afnám landskjörsins að þessu sinni. Ég skal viðurkenna, að gallar eru á landskjörinu. En stjórnin verður að sjá, að ef á að fara að raska því kosningafyrirkomulagi, sem nú er, þá er ekki nema eðlilegt, að þeir, sem verða fyrir barðinu á þeim breyt., fari að athuga hvað er að gerast.

Hv. 2. þm. Árn. taldi, að bolmagn Rvíkur yxi mjög við þennan eina þm. Ég hygg, að það vaxi ekki meira en sem svarar afnámi landskjörsins.

Hv. þm. V.-Sk. sagði, að á sama stæði, hvar þm. væru kosnir og hverjir kysu þá. Ég efast nú um, að hann væri á þessu máli, ef það lægi fyrir að leggja niður V.-Skaftafellssýslu sem kjördæmi. Menn vilja kjósa í sem réttustu hlutfalli við mannfjölda, því að það er nú einu sinni svo, að það er fólkið, sem hefir kosningarrétt, en ekki t. d. kýr né kindur. Ég segi ekki hér með, að þingmannafjöldi eigi að fara nákvæmlega eftir mannfjölda, en ég sé ekkert réttlæti í því, að ¼ þjóðarinnar ráði ekki kjöri nema 1/10 af þjóðarfulltrúunum.

Annars kæri ég mig ekki um langar umr. um þetta mál. Ég skal taka það fram, að ég hefði ekki talið ástæðu til að hreyfa þessari þingmannafjölgun, ef ekki hefði komið till. frá hæstv. stj. um að afnema 6 þingsæti, — þingsæti, sem óneitanlega eru uppbót fyrir Reykjavík.

Magnús Jónsson: Hv. þm. V.-Sk. hélt fram þeirri fögru skoðun, sem náttúrlega er rétt sem grundvallaratriði, að í raun og veru væru þm. kosnir fyrir allt landið. Ég hygg, að flestir þm. líti þannig á, að þeir séu þm. fyrir allt landið og eigi að gæta hagsmuna landsmanna hvar sem er á landinu, fyrir hvaða kjördæmi sem þm. er. En eigi að nota það sem rök á móti þessu frv., þá reynist það sem skýjaborg. Hv. 1. þm. Skagf. dró skarplega fram eitt atriði til að sanna hv. þm. þetta. Hann minnti á það tilfelli, ef farið yrði fram á að afnema það, að Vestur-Skaftafellssýsla kysi sinn þm. Hvað gerði það til, ef þm. væru kosnir fyrir allt landið, þó að hún fengi engan þm.? Ef hv. þm. hefði einhverjar mótbárur á móti þessari kröfu, þá mundu þær alveg eins gilda á móti því, að Reykjavík hefði svo fáa þm. sem nú er. Hvernig stendur á því, að tveir þm. skuli vera hafðir í þeim kjördæmum, sem eru fólksmörg? Það er auðséð, að um leið og þeir eru fulltrúar fyrir alla þjóðina, þá er ætlazt til, að þeir séu fulltrúar fyrir þá kjósendur, sem á bak við þá standa heima í kjördæmunum.

Ef maður athugar málið frá þessu sjónarmiði, þá er ekki hægt að komast í kringum það, að þessi kjördæmaskipun er úrelt, en þetta eina tilfelli er þó þar alveg einstakt. Það gnæfir upp úr þessum glundroða, sem er á kjördæmaskipuninni. Reykjavík, sem telur meira en ¼ hluta allra landsmanna, hefir aðeins 4 af þessum 36 þm. Það sjá allir, að þetta er ótækt. Eftir þeim grundvallarreglum, sem annars eiga að gilda um kjör þm., þá er þetta ekki nokkurt réttlæti.

Hv. þm. V.-Sk. dró líka fram það, sem oft hefir verið minnzt á áður, að svo

margir þm. væru búsettir í Reykjavík. Hann sagði, að þeir væru 20. Þeir eru nú reyndar 21, helmingur allra þm. En það er hvergi trygging fyrir því, að svo margir þm. verði búsettir í Reykjavík framvegis. Það getur jafnvel farið svo, að ekki verði einn einasti þm. búsettur í Reykjavík. Það er hvergi tryggt með lögum Og þar fyrir utan er enginn þm. svo einfaldur, að hann viti ekki, að hann á að standa kjósendum sínum reikningsskap ráðsmennsku sinnar, en ekki þeim, sem hann af tilviljun gengur fram hjá á götunni í Reykjavík. Sumir þm., sem búsettir eru í Reykjavík, eru andvígir málefnum Reykjavíkur. Ég ætla ekki að benda þar á einstök tilfelli, en það þyrfti ekki annað en fara yfir atkvgr. á undanförnum árum um mikið áhugamál Reykjavíkur, stækkun lögsagnarumdæmis bæjarins. Ég held, að það ætti að sannfæra menn um það, að Reykjavík hefir ekki alveg óskipt fylgi þeirra manna, sem þar eru búsettir. Fulltrúi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem er búsettur í Reykjavík, hefir þar barizt fyrir hagsmunum síns kjördæmis, en á móti áhugamálum þeirra manna, sem eru í sama bæ og hann, af því það kemur málinu ekkert við. Nei, þau einu rök, sem þessir hv. þm. hafa á móti frv., eru þessi: „Við viljum ekki láta Reykjavík fá meira pólitiskt vald en hún hefir nú", — ekkert annað.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara inn á ræðu hv. 2. þm. Árn., þessa ógurlega löngu og ítarlegu ræðu. Ég hefi áður haft tækifæri til að deila við hann um mál sem þetta. Hann sagði, að af því að Reykjavík hefði svo mikið mannval, ætti hún að hafa færri þm., því að það megi búast við, að þeir duglegri beri þá ofurliði, sem minni eru fyrir sér, og því heimskari menn, því fleiri þingmenn. Ef einhversstaðar væri fábjánahæli, þá ættu þeir allir að verða þingmenn, en ef úrval þjóðarinnar væri saman komið á einum stað, þá ætti þaðan enginn þm. að koma, því að ef einhver kæmi þaðan, mundi hann alveg geta ráðið yfir hinum. Þetta er skoðun hv. 2. þm. Árn., dálítið betur útfærð en hann gerði. En ég geng aldrei inn á það, að því meira sem mannvalið er, því minna eigi þeir að ráða, og því meiri asnar, því meiru eigi þeir að ráða. Auðvitað er það ráðlegra að láta þá ráða meiru, sem vit hafa til þess. En ég vil ekki fara að gera mun á þessu, því að kosningarrétturinn byggist á almennum mannréttindum, og hver maður á að njóta jafnmikils kosningarréttar, hvar sem hann er á landinu.

Hv. þm. sagði, að Reykjavík færi með meira fé úr ríkissjóði tiltölulega en aðrir landshlutar. Ég veit ekki, hvernig hann hefir reiknað þetta. Ef talað er út frá venjulegri málvenju, þá hefir Reykjavík yfirleitt dregið til sín minna fé úr ríkissjóði en aðrir hlutar landsins. Það er sjaldgæft, að stórar fjárveitingar fari til Reykjavíkur. Menn voru alveg hissa, þegar 100 þús. kr. voru veittar til þess að koma upp sundhöll hér í Reykjavík. Ef á að telja, að allt það fé, sem farið hefir til hinna ýmsu stofnana landsins, fjárveitingar til Reykjavíkur, þá er þetta satt, en það eru ekki Reykjavíkurstofnanir, heldur alls landsins. Vill hv. þm. telja t. d. laun ráðherra styrk til Reykjavíkur, eða kostnað við hæstarétt og yfirleitt allar þær opinberar stofnanir, sem hér eru, vegna þess eins, að það er ómögulegt að hafa þær neinstaðar annarsstaðar á landinu? Ég held, að það væri alveg einsdæmi, ef ætti að telja sérstaklega styrk til höfuðborgarinnar allt það fé, sem gengur til þeirra stofnana, sem ríkið hefir þar.

Það er óhrekjanlegt, að Reykjavík hefir ekki verið frek á fjárframlögum úr ríkissjóði, heldur þvert á móti, eins og er líka eðlilegt. Reykjavík hefir svo mikið fjárhagslegt bolmagn, að það er ekki ástæða til þess. Það er ekki svo að skilja, að ég sé að kvarta yfir því, að aðrir landshlutar skuli fá meira fé úr ríkissjóði heldur en Reykjavík. Það er ekki nema rétt, að sá, sem má sín meira, verði að miðla til þess, sem á erfitt með að koma einhverju upp hjá sér.

Það var ýmislegt í ræðu hv. þm., sem ég skildi ekki, t. d. þetta hlutafélagsfyrirkomulag, sem hér væri stungið upp á. Ef hér væri um það að ræða, að kosningarrétturinn færi eftir því, sem hver maður greiddi í ríkissjóð, þá væri það líkt því, sem á sér stað í kaupfélögum. En nú er ekki því til að dreifa, heldur er farið eftir almennum mannréttindum. Hver maður á að hafa jafnan rétt til kosningar, alveg

í mótsetningu við hlutafélagafyrirkomulagið. Það er miklu líkara samvinnufélagafyrirkomulagi.

Eins var það, sem hv. þm. sagði um kýrnar. Mér er óskiljanlegt, að hér eigi að gefa kúm kosningarrétt. Ég vil segja það, að eins og nú er, þá hafa þær miklu fremur kosningarrétt. Það er a. m. k. ekki fólkið, sem ræður nú; það er eitthvað annað, sem ræður, þegar menn í Reykjavík hafa ekki nema ⅓ hluta kosningarréttar móts við það, sem menn utan Reykjavíkur hafa. Þar er það eitthvað annað, sem ræður, hvort sem það eru kýrnar eða eitthvað annað. Annars get ég huggað hv. þm. með því, að ef kýrnar fá kosningarrétt, og þá sennilega kjörgengi líka, þá er engin hætta á því, að Reykjavík aukist mikið vald við það, því að í Reykjavík er ekki mikið af kúm. En af því að þetta liggur ekki fyrir hér nú, þá ætla ég að geyma frekari umr. um það þar til seinna.

Hv. þm. vitnaði í Bandaríkin. Hann sýndi fram á, að Washington og Franklín hefðu ekki viljað, að kosningarrétturinn væri svona iafn. Hann sagði, að engin höfuðborg í heimi hefði eins marga þm. hlutfallslega og aðrir hlutar þess lands. Mér þætti gaman, að hann vildi lána mér skrá yfir það. Ég held, að hann tali hér alveg út í bláinn. Mér virðist það víðast vera svo, að höfuðborgunum sé skipt niður í fjölda kjördæma og býst við, að þau kjördæmi hafi sumstaðar færri, en víða tiltölulega alveg eins marga þm. og aðrir landshlutar.

Hér er ekki verið að ræða um fulltrúa á Kongress Bandaríkjanna. Það er sjálfstæð stofnun, ekki þing, heldur öldungaráð, og í það ráð kjósa öll ríkin jafnháa tölu fulltrúa, tvo fyrir hvert ríki. Það er alls ekki venjulegt þing, nema að því leyti, að fulltrúarnir eru kosnir af fólkinu. Um Bandaríkin er annars það að segja, að þá álíta menn, sem hafa skoðað stjskr. þeirra, að þar sé margt úrelt, t. d. hvernig forsetakosningunni er þar hagað. Fyrir New-York-ríki eru kosnir 48 kjörmenn, en ef einn flokkurinn hefir einu atkv. fleira, þá fær hann alla kjörmennina fyrir það ríki. Það er ómögulegt að vitna í þetta sem fyrirmynd; jafnvel þó að einhverjir mætir menn eins og Washington hafi sett slík ákvæði, þá geta þau verið úrelt nú.

Þá var það ein grýla enn, sem hv. þm. var að mála á vegginn. Hann sagði, að ef Reykjavík hefði svo marga þm. sem gert er ráð fyrir í frv., þá mundu þeir alveg ráða, hvernig stj. yrði skipuð. Hv. þm. gekk meira að segja út frá því, að Rvíkurþm. mynduðu flokk út af fyrir sig. En nú veit hann, að í Reykjavík eru menn af öllum flokkum. Þó að frá hans sjónarmiði séu hans flokksbræður sorglega fáir, þá er Reykjavík þó skipt milli tveggja andstöðuflokkanna. Það er því firra, að Reykjavíkurþm. mundu sameiginlega halda uppi einhverri Reykjavíkurstjórn, þó að þeir yrðu fleiri en þeir eru nú.

Það mætti halda lengur áfram að ræða málið, en það er einfalt og í raun og veru um ekkert að ræða annað en það, hvort menn vilja unna Reykjavík þess réttlætis, að hún megi kjósa fulltrúa til Alþingis að tiltölu við aðra landshluta. Um þetta er að ræða, hvernig sem menn annars klæða skoðanir sínar í annan búning og reyna þannig að finna skoðunum sínum einhvern stað.

Lárus Helgason: Ég skal ekki tala langt mál. Mér virtist hv. 1. þm. Skagf. draga rangar ályktanir út af ræðu minni, þar sem ég sagði, að þm. væru kosnir fyrst og fremst fyrir landið í heild, en svo sagði hann, að ég vildi þá ganga inn á, að enginn þm. væri kosinn fyrir Vestur-Skaftafellssýslu. Ég man ekki betur en ég tæki skýrt fram, að Reykjavík liði ekki fyrir það, að þm. væru ekki nógu kunnugir staðháttum Reykjavíkur. Ég tók líka fram, að hvert kjördæmi hefði nú rétt til að senda mann úr sínu kjördæmi (sýslu), og er eðlilegt, að svo sé, því að í flestum málum er betra, að þm. séu á víð og dreif utan af landi, svo þekking á staðháttum komist sem bezt að. Það var því ekkert nema hártogun að fara að spyrja mig, hvort ég vildi, að úr Vestur-Skaftafellssýslu væri enginn þm. Sú sýsla er ein af þeim afskekktustu kjördæmum, og menn, sem þar eru búsettir, eru kunnugri ýmsu, sem lýtur að málum þeirra, en menn, sem eru máske uppaldir og búsettir í Reykjavík eða annarsstaðar utan sýslunnar.

Hv. 1. þm. Reykv. vildi gera lítið úr því, þó að þm. væru búsettir í Reykjavík. Hann sagði, að engin trygging væri fyrir því, að framvegis vrði helmingur þm. búsettur þar, eins og nú er. En ég get ekki séð, að það væri mikill skaði skeður, þó að út af því brygði, að fullur helmingur þm. ætti þar heima.

Ég sé ekki betur en að Reykjavík sé vel sett, meðan mikill hluti þm. á þar heima, og þar að auki er föst tala þm. fyrir bæinn. Ég álít, að bessi reipdráttur milli hv. þm. hér, bæði um þetta mál og eins t. d. um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, sé ógeðfelldur og beri vott um talsverða ásælni.

Frsm. 2. minni hl. (Magnús Torfason): Hv. 1. þm. Skagf. vildi snúa sér undir það, að fjölgun þm. í Rvík stafaði af því, að menn væru svo hræddir við, að frv. um stjórnarskrárbreytinguna, sem nú er fyrir Ed., gengi í gegn. Ef þetta er rétt hjá honum, þá get ég ekki skilið það mikla óðagot, sem á þessu máli hefir verið. Ég hélt, að málið mætti þá bíða, a. m. k. þangað til séð yrði, hvort stjskr.breyt. nær fram að ganga, sem ég get vel hugsað að verði aldrei. Ég get í það minnsta sagt fyrir mitt leyti, að þótt ég teljist til stj.-flokksins, þá efast ég um, að ég geti fylgt því frv. (**HV:** Stjfrv.?). Já, ég skammast mín ekkert fyrir það, þó að ég sé góður flokksmaður. Ég býst við, að margir trúi, að það verði aldrei til lykta leitt.

Það kom mér ekkert undarlega fyrir sjónir, að þessi hv. þm. (MG) skyldi standa upp og tala eins og hann væri fulltrúi Rvíkur. Hann sýndi það þá eins og oftar, að þeir, sem langdvölum eru í Rvík, verða smitaðir af Reykjavíkurloftinu. Ég lái þeim það ekki. Menn geta ekki að þessu gert.

Hv. þm. rengdi það, sem ég sagði, að hann hefði verið með því, að þm. Rvíkur skyldi fjölga um tvo, upp í sex. En nú stendur það á þskj. 331, að þessi brtt., 6 þm. í staðinn fyrir 9, sé frá minni hl. allshn., en þar eru þessir 3 hv. þm., hv. 2. þm. Reykv., hv. 3. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Skagf. Það eru þeir, sem mynda meiri hl. Það hlýtur því að vera annaðhvort, að hv. þm. hefir ekki sagt satt, að hann væri ekki með um þessa till., eða þá að þskj. hermir ekki rétt frá. Þá er þessi brtt. alls ekki frá meiri hl. n., heldur aðeins frá tveimur mönnum, eða minni hl. n. Ég fór eftir því, sem á þskj. stóð, og beiðist því ekki afsökunar á þessu, en hv. þm. hefir rétt til að leiðrétta þetta frá sínu sjónarmiði. Ef þskj. hermir ekki rétt frá, þá er það að kenna vangá þeirra, sem lögðu það inn í skrifstofuna.

Þá þarf ég ekki að hafa fleiri orð við þennan hv. þm. og vil þá snúa máli mínu til hv. 1. þm. Reykv. Hann tók nokkuð oft fram í fyrir mér. Mér fannst það óþarfi af honum, þar sem hann átti tvær bunurnar eftir, og þær eru venjulega ekki svo stuttar. Hann var að bregða mér um, að ég hefði haldið ógurlega langa ræðu. Ég hefi ekki fengið orð fyrir það hér á þingi, að ég væri margmáll, og ég held, að bessi ásökun hafi komið úr þeim stað, sem sízt skyldi, þar sem þessi hv. þm. er landfrægur eða landræmdur fyrir sínar langlokur, (**Forseti** hringir) og svo hefir verið kveðið að orði, að seinni hlutinn af ræðum hans þurrkaði fyrri hlutann út.

Hv. þm. var að bregða mér um misskilning, staðleysur og fjarstæður, en ég tek mér það ekki nærri, þó að þau orð komi frá þeim hv. þm. Hann tilheyrir þeim flokki embættismanna, sem ekki er talinn að vera tiltakanlega vandur að röksemdum. Stéttarbræður þessa hv. þm. hafa ekki fengið orð fyrir að vera neitt sérstaklega rökvissir. Hér á landi hefir myndazt orðið „þokalogik“, og það sýnist einmitt eiga mjög vel við ræðu hv. þm. (**MJ:** Hver hefir myndað það?). Það er myndað.

Hv. þm. var að fimbulfamba um það, að ég hefði viljað meina úrvalsmönnum þjóðarinnar að senda fulltrúa á þing. Ég sagði ekki neitt, er gaf tilefni til slíkrar ályktunar, heldur þvert á móti, að Rvík væri líkleg aðstöðu vegna að hafa meira af úrvalsmönnum heldur en aðrir landshlutar. Þessar ályktanir hans eru því alveg út í hött. Þetta gæti því aðeins komið fyrir, ef í lögum stæði, að ekki mætti velja mann á þing nema hann ætti heima í sínu kjördæmi, en slíkt fyrirkomulag tíðkast ekki nema í bæjar-, hrepps- eða sýslumálum, en gagnvart þingmönnum gildir það ekki.

Þá kom hv. þm. með þá góðu setningu, sem ég gjarnan vil taka undir, að hver maður ætti að hafa áhrif á þingi að jöfnu við aðra, en með því er ekki sagt, að allir eigi að hafa þar jafnt atkvæðisvald. Eins og ég tók fram áðan, geta kjósendur í einu kjördæmi haft meiri áhrif á þingi heldur en kjósendur í öðru kjördæmi, þó fámennara sé, með jafnri fulltrúatölu. Ég hélt, að svo mikið gætti áhrifa þeirra 4 þm. Reykv. hér í þinginu, að ekki væri á það bætandi. Þá vildi hv. þm. ekki viðurkenna, að Rvík hefði fengið meira fé en aðrir landshlutar úr að spila. Ég held satt að segja, að ekki séu aðrir en guðfræðingar færir um að finna annað eins út.

Vill hv. þm. segja, hvað þýddi stofnun fyrsta sparisjóðsins hér á landi fyrir Rvík, hvað þýddi stofnun Landsbankans fyrir Rvík, að bankinn dró allt peningavaldið til Rvíkur, hvað það þýddi fyrir Rvík, er tugir milljóna hafa verið veittir til veðdeildar bankans hér. Er það ekki Rvík, sem mestan hag hefir haft af því fé? Og á nú ekki ríkið ofan á allt að fara að ábyrgjast 7 millj. kr. fyrir Rvík eina saman?

Ég get minnt á það, svona meir til gamans, að ég var rétt áðan að gá að því í síðustu fjárl. hvert færu hinir svokölluðu bitlingar, og ég komst að þeirri niðurstöðu, að þeir færu aðallega til Reykvíkinga. Það var ekki ¼, ekki helmingur þeirra, það var mikill meiri hl. bitlinganna, sem Rvík fékk. Það er ekki svo, að ég sjái eftir þessu til Reykvíkinga, en á þetta er vert að líta.

Hv. þm. sagði, að ég hefði ekki fært rök fyrir því, að mannmargar stórborgir úti í heimi hefðu minna atkvæðamagn á þingum en aðrir landshlutar. Ég benti á Kaupmannahöfn sem dæmi og í nál. er vísað til New-York. Hann vildi nú segja, að ekki væri rétt skýrt frá um New-York. Ég veit að vísu, að hv. þm. hefir sællar minningar dvalið í Vesturheimi og er því máske kunnugri þar en ég; en svo mikið þori ég að fullyrða, að þungamiðja löggjafarinnar er hjá öldungadeild og forseta Bandaríkjanna, og úr öldungadeildinni eru flestir ráðh. teknir. Þm. vildi segja, að ýmislegt væri úrelt í stjórnskipunarlögum vestra og vildi líta á þau sem einskonar forngrip. Slíkt er náttúrlega nokkuð mikið út í loftið. Vald New-York fór alltaf þverrandi eftir því sem ríkjunum fjölgaði í bandalaginu. Fyrst voru Bandaríkin 13 að tölu og þá voru í öldungadeildinni 26 fulltrúar, en þrátt fyrir það, þó að ríkjunum fjölgaði, þá var þm. New-York samt ekki fjölgað, og minnkaði því alltaf vald hennar, eftir því sem ríkið stækkaði. Nú eru Bandaríkin 48 að tölu, eins og kunnugt er, og enn hefir New-York sína sömu 2 fulltrúa. Og ég hefi ekki heyrt því hreyft, að breyta ætti þessu fyrirkomulagi, enda er það blátt áfram skilyrði fyrir samvinnu ríkjanna. Ef hv. þm. nægir ekki þetta, þá get ég svo sem bent honum á Lundúnaborg sem dæmi. Af rúmum 500 fulltrúum í enska Parlamentinu hefir London ekki nema 30—40 fulltrúa, — mig minnir að þeir séu 32, en þori ekki að fullyrða það fyrir víst. En í Lundúnaborg búa nál. 9 millj., og er það um ⅕ hluti allra landsmanna. Loks vil ég geta þess, að okkar stjskr. miðar tölu þingfulltrúa alls ekki við mannfjölda. Í öðrum löndum er kosning fulltrúa til Nd. eða almenns fulltrúaþings miðuð við mannfjölda, en í okkar stjskr. er það ekki gert, sem er þó sniðin eftir stjskr. Dana, sem miðaði einmitt við mannfjölda. Þá vildi hv. þm. segja, að ég hefði ekki komið auga á flokkaskiptinguna í Rvík. Nál. mitt ber það þó með sér, að ég hefi komið auga á hana. Ég hefi bent á það, hvernig fara mundi við þingmannakjör hér í Rvík, ef þessir tveir flokkar, sem berjast hér um völdin, hnigu að einu ráði, að þá gæti farið svo, að bændaflokkurinn næði hér engu sæti til landkjörs. Ég þykist vita, að hv. þm. vilji láta það líta út sem svo, að milli þessara tveggja flokka sé svo mikið djúp staðfest, að það geti ekki komið fyrir, að þeir renni saman. Í öðrum löndum eru þó dæmi til þess, að íhaldsflokkur og jafnaðarmannaflokkur renna saman.

Allir vita, að íhaldið hér í Rvík er að verða íhaldssamara með hverju árinu. Hinsvegar hafa menn orðið varir við það, að sameignarstefnan er meir og meir að grípa um sig hér. En einmitt eftir því sem andstæðurnar verða meiri, þá er eins og flokkarnir að vissu leyti nálgist meir hvor annan í andstöðunni gegn mið-

flokknum. Og hv. 2. þm. Reykv. getur ekki neitað því, að það hefir komið til mála, að þessir tveir flokkar fallist í faðma; a. m. k. hefi ég þetta eftir Alþýðublaðinu, og við getum gengið lengra. Það lítur út fyrir, að þessir flokkar séu þegar að fallast í faðma. Við vitum það allir vel, að stj. veit ekki, hvort hún er nú seld eða keypt fyrir smjör. Við skulum athuga það, að bak við þetta frv. er pólitík, fyrst og fremst Reykjavikur pólitik. Og það er hér annað frv. fyrir þinginu, annað Reykjavíkurmál. Bæði þessi mál eru þannig löguð, að þau ganga ekki í gegnum þingið nema jafnaðarmenn og íhaldsmenn Rvíkur fallist í faðma.

Þetta kann nú að þykja spádómur, en þeir spádómar munu ekki reynast langt frá sanni.

Ég skal enda ræðu mína með því að benda á það, að ef þetta frv. nær fram að ganga, þá lenda sveitirnar algerlega í varnaraðstöðu, þar með Framsóknarflokkurinn og allir þeir, sem unna málefnum sveitanna. Hér er blátt áfram um tilveru þeirra að tefla. Hvað lítil sem fjölgun Reykjavíkurþingmanna verður þá þýðir hún það, að sveitirnar verða framvegis að sækja hvað lítið sem er til Reykjavíkurvaldsins.

Magnús Guðmundsson: Ég þarf ekki miklu að svara hv. 2. þm. Árn. Hann virtist undra sig á því, að ekki skyldi vera beðið með þetta frv. þangað til útséð var um stjskr.breytinguna. Hann ætti þó að geta séð, að ekki dvgði að taka þetta frv. þá fyrst til umr., er stjskr.breyt. væri útrædd, kannske ekki fyrr en síðasta þingdaginn. Mér sýnist, að ekki sé hægt að fara sanngjarnari leið en að láta þessi mál ganga fram samhliða. Og ég býst ekki við, að nokkrum hafi dottið það í hug, að hv. 2. þm. Árn. ætlaði að rísa á móti stj.; hann er því ekki vanur, enda sagðist hann telja það sóma sinn að vera tryggur flokksmaður, og er langt frá mér að vilja bera nokkrar brigður á sauðtryggð hans. Hv. þm. hélt því fram, að þm. Reykv. væru slíkir afburðamenn, að þeir leiddu okkur hina. Ég vil mótmæla því, að hið síðara sé rétt, og mig furðar sannast að segja á því, að hv. þm. skuli gefa svona yfirlýsingu um sjálfan sig.

Þá var hann að ræða um þingfulltrúa á erlendum þingum og talaði þá aðeins um öldungadeildina. En það er vitanlega mjög villandi. Ef á að gera samanburð við þing annara ríkja, þá verður vitanlega að ræða um báðar deildirnar.

Það er rétt, að okkar stjskr. miðar ekki tölu þm. við mannfjölda, því hún segir ekkert um þá hluti. En okkar kosningalög byggjast á mannfjölda. Hin sögulega þróun í þessu máli er sú, að þegar kjósendum í einu kjördæmi hefir fjölgað mikið, þá hefir jafnan verið bætt við þingfulltrúa. Það er ekki til neins fyrir hv. þm. að neita þessum sögulega sannleika. Okkar kosningalög byggjast á tveim grundvallaratriðum; annað er mannfjöldi en hitt er aðstaða kjördæmanna. Ég verð að viðurkenna, að ég skildi ekki þá merkilegu setningu hv. þm., að stj. vissi ekkert, hvort hún væri eða yrði seld eða keypt fyrir smjör, svo ég sleppi að ræða um hana. Þá eru hinir stórpólitísku spádómar, sem þm. var að flagga með, nokkuð vafasamir og allt tal hans um varnaraðstöðu sveitanna gagnvart kaupstöðum. Ég ætla til gamans að minna þennan hv. þm. á það, þegar hann var þm. fyrir kaupstað; þá talaði hann ekki sem verjandi sveitanna, heldur þvert á móti. Þá taldi hann, að sveitirnar væru mara á kaupstöðunum. Ég hefi gaman að því að minna hv. þm. á þetta seinna við betra tækifæri.

ATKVGR.

Brtt. 360 samþ. með 17 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SE, SÁO, SvÓ, EJ, GunnS[1]), HStef, HG, HK, HV, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ[2]), ÓTh.

nei: TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv, BSt, BÁ, HJ, IngB, LH, MT, JörB.

---

1) Með svofelldri grg.: Ég hafði ætlað mér að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, en bjóst ekki við, að umr. yrði lokið svo skyndilega, svo ekki varð af því; óska ég að fá tækifæri til þess við 3. umr. og segi því nú já.

2) Með svofelldri grg.: Þó ég kysi heldur að greiða atkv. með meiri fjölgun þm. Reykv. heldur en þessi till. gerir ráð fyrir, greiði ég atkv. með henni heldur en engri, þar sem ekki er útlit fyrir, að aðaltill. geti komið til atkv. óbreytt, og segi því já.

Brtt. 331,1, svo breytt, samþ. með 16 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, HV, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, EJ, GunnS, H-Stef, HG.

nei: IngB, LH, MT, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv, BSt, BÁ, HJ, JörB.

SvÓ[1]) greiddi ekki atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, OTh, PO, SE, SÁÓ, EJ, GunnS, HG, HK, HV, JJós.

nei: LH, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv, BSt, BÁ, HStef, HJ, IngB, JörB.

Brtt. 331,2 (ný 2. gr.) samþ. með 15:12 atkv.

Fyrirsögn samb. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 12 atkv.

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 373, 390).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 390. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17:3 atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Magnús Torfason): Það er nú stilla á undan storminum, og skal ég því ekki með því, sem ég segi um þetta mál, verða til þess að rjúfa lognið og spilla þessu góða veðri.

Ég hefi leyft mér að bera fram till. á þskj. 390, sem er þess efnis, að í stað þess að fjölga þm. í Rvík um 1, þá fái Siglufjarðarkaupstaður 1 til viðbótar. Þetta er ekki mín uppáfinning, því þetta frv. lá fyrir í fyrra, og var þá borið fram af hv. 2. þm. Reykv., og af því dreg ég þá ályktun, að hv. þm. hafi þá álitið, að Siglufjörður ætti ekki síður rétt á að fá viðbótina en Rvík.

Samkv. því, sem ég hefi sagt í nál. mínu, þá er þetta frv., sem borið var fram í fyrra, alveg í samræmi við þá skoðun, sem þar kemur fram, að það eru héruðin úti um land, sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta, sem brýnustu þörf hafa fyrir að fá fulltrúa. Siglufjörður hefir t. d. sérstakra hagsmuna að gæta hér á þinginu, og þarf ég ekki að benda á annað en síldarútveginn, sem allt þeirra líf og öll þeirra velferð er undir komin, og við þekkjum það allir, að það eru aðeins fá önnur héruð, sem hafa þessara hagsmuna að gæta.

Vitanlega eru slík lög sem þessi alltaf að nokkru leyti pólitísk. Því er ekki að neita, að hv. jafnaðarmannaflokkurinn hefir meðfram flutt þetta frv. í von um að styrkja aðstöðu sína á þingi, en það hefir þann rétt á sér, að þessi flokkur hefir tiltölulega færri þm. en hann ætti að hafa, svo að hér mætti tala um réttlætiskröfu. Og virðist þá, að jafnaðarmannaflokkurinn væri eins vel sæmdur með slíkri breyt. sem þessari.

Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um þessa brtt. mína, en vil aðeins lýsa því yfir, að ég hefði ekki komið fram með þessa brtt., ef frv. um þingmannakosningar í Rvík hefði ekki komið fram og séð væri fyrir, að það myndi komast í gegnum þingið. Ég hefði litið svo á, að þetta mál hefði mátt bíða þangað til á næsta kjörtímabili.

Þá verð ég því miður að víkja nokkrum orðum að sessunaut mínum, hv. 1. þm. Skagf. Hann sendi mér kveðju í umræðulok, þegar þetta mál var til 2. umr., og finnst mér, að ég megi ekki láta henni ósvarað.

Ég skal þá fyrst geta þess, að ég hefi einmitt í nál. mínu tekið fram, að ég sé alls ekki móti þm.fjölgun í Rvík út af fyrir sig, ef trygging er fyrir því, að sveitakjördæmin verði ekki ofurliði borin. Hv. þm. brá mér um það, að ég væri sauðtryggur flokksmaður, og tel ég það miklu frekar lof en last. En ef það hefir átt að vera hnífilyrði hjá hv. þm., þá má áreiðanlega segja það sama um hann. Ég hefi aldrei verið svo sauðtryggur við minn flokk, að ég hafi borið út mitt eigið barn, en það hefir hv. 1. þm. Skagf. gert. Hann réð því nefnilega, að tóbaksverzlunin var lögð niður, en hann gat ráðið því, að hún stæði, og það enn þann dag í dag.

Þá gat hv. þm. þess, að ég hefði átt að hafa ill og óviðeigandi orð um bændastétt landsins. Hv. þm. hefir og dróttað þessu að mér áður. Ég fór þá að leita í ræðum mínum frá því er ég var þm. Ísaf.

1) Með svofelldri grg.: Þar sem það atriði frv., sem hér er um að ræða, hefir verið ákveðið með síðustu atkvgr., greiði ég ekki atkv.

Ég leitaði og gat ekki fundið þetta þá. Ég varði nokkrum tíma til að glugga þetta upp, en gat ekki fundið það. En ég er viss um, að ég hefi aldrei sagt, að sveitirnar væru eins og mara á kaupstöðunum. — Samvinna mín við bændaflokkinn á þingunum 1916—1919 var sú æskilegasta, bæði frá minni hendi og þeirra. Það kom fram á sérstakan hátt. Bændaflokkurinn setti mig í eina af virðingarstöðum þingsins, og þeirri stöðu hélt ég allt kjörtímabilið út, og sýnir það, að bændurnir höfðu fullt traust á mér.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Mér finnst hv. 2. þm. Árn. vera farinn að haga sér nokkuð einkennilega. Við síðustu umr. þessa máls, þegar um það var að ræða, hvort þm. Reykv. skyldu vera 5 eða 6, kemur hv. þm. fram með ræðu, sem hann hefir sjálfsagt samið heima hjá sér um páskana, og gerir hann þar alstaðar ráð fyrir 9 þm. í Rvík og stangast við þessa tölu allan ræðutíma sinn. En við 3. umr. málsins kemur hann fram með till., sem ekkert kemur því máli við, sem hér er um að ræða, og leggur til, að bætt verði við einum þm. fyrir Siglufjörð. Ég sé ekki, á hvern hátt er hægt að greiða atkv. um þetta hér. Mér finnst, að svona leikaraskapur eigi ekki við hér á Alþ., og legg til, að þessari brtt. verði samkv. 42. gr. þingskapanna vísað frá.

Forseti (JörB): Samkv. ákvæðum þessarar gr., sem hv. 2. þm. Reykv. skírskotar til, fer fram atkvgr. um það umræðulaust, hvort brtt. skuli vísað frá eða ekki.

Jón Auðunn Jónsson: Mér finnst það einkennilegt, ef þessi till. getur komið til greina. Á sama hátt gæti hér komið fram brtt. við frv. um hafnargerð á Akranesi og væri því breytt þannig, að höfn yrði gerð í Hnífsdal. Mér finnst þetta ekki geta komið til mála.

ATKVGR.

Samþ. að vísa brtt. á þskj. 390 frá með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, HK, HV, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ,EJ, GunnS,

nei: IngB, LH, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv, BSt, HStef, JörB.

ÁÁ, BÁ, HJ greiddu ekki atkv.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er að vísu ekki stórmál í sjálfu sér, hvort bæta skuli einum þm. við Rvík eða ekki, og það er ekki um það atriði sérstaklega, sem ég ætla að tala hér, heldur er það af þeirri ástæðu, að mér þykir réttara, áður en frv. þetta fer út úr þessari hv. deild, að láta koma skýrt fram í umr., hvað hér sé raunverulega um að ræða.

Upprunalega var frv. flutt til þess að fá það fram, að þm. væru kosnir í betra samræmi við höfðatölu kjósenda. En svo var hætt við að bera frv. fram á þeim grundvelli. Jafnaðarmenn og Sjálfstæðismenn hér í þessari hv. d. greiddu allir atkv. með því, að þm. í Rvík skyldu vera 5. Það var gert til að taka burt einn aðalásteytingarsteininn, sem yrði milli jafnaðarmanna og sjálfstæðismanna við væntanlegar kosningar, því ef ekki ætti að kjósa nema 4 menn, þá væri vafasamt, hvernig færi, en þegar kjósa á 5, þá er talið líklegt að annar flokkurinn fái 3, en hinn 2. Þetta er gert til þess að fá samkomulag milli þessara flokka, svo að þeir geti unnið sameiginlega að því stóra máli, sem þeir hafa orðið sammála um, en það er að koma fram stórfelldum allsherjar breyt. á kjördæmaskipuninni í landinu.

Til þessa hafa og þessir 2 flokkar orðið sammála um ákveðnar breyt. á stjórnarskrárfrv. því, sem lagt hefir verið fyrir þingið. Er borin fram af formönnum beggja þessara flokka brtt., er gengur í þá átt, að heimilt sé að hafa hlutfallskosningar í stað kjördæmakosninganna, sem nú er. Þetta er gert til þess, að ekki þurfi stjskrbreyt. á ný til þess að framkvæma það, sem þessir flokkar hafa orðið sammála um. Hygg ég, að samningar milli þessara flokka standi svo, að kjördæmin eigi að vera 5—6 og hlutfallskosningar í þeim öllum.

Það er m. ö. o. verið að taka pólitíska valdið af héruðunum úti um land og færa það í hendur Rvík sérstaklega, án þess ég vilji nú rökstyðja þau ummæli svo ítarlega sem auðvelt er.

Þetta vildi ég láta koma skýrt fram.

Ekki mun takast að leyna því, að um þetta er að ræða, og verður þá við kosningarnar í vor kosið um það, hvort leggja eigi niður hin fornu kjördæmi, t. d. Skagafjörð, Rangárvallasýslu, V.-Húnavatnssýslu o. s. frv. Þetta hafa flokkarnir ákveðið. Þetta vildi ég láta koma skýrt fram áður en málið fer út úr þessari hv. deild. Geng ég ekki að því gruflandi, hvað hér er um að ræða, og mun því hiklaust greiða atkv. móti þessu frv.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Hæstv. forsrh. hefir haldið ræðu móti þingmannafjölguninni í Rvík, en ástæðan, sem hann færir fyrir því, er nokkuð önnur en ég hugði. Ég hygg, að það séu ekki fáir menn í hans flokki, sem fyrir nokkru mundu hafa viljað fjölga þm. Rvíkur upp 5, og jafnvel fjölga þm. bæjanna á annan hátt, svo að þetta getur ekki verið neitt stefnuatriði, heldur eitthvað annað, sem á bak við býr.

Ég skil það vel, að ekki liggi vel á hæstv. forsrh. með daginn á morgun fyrir hendi. En mér finnst, að hann ætti ekki að skella sökinni á þessa fjölgun þm., hvernig farið hefir fyrir stj., því að þar á hún sjálf og ein alla sökina.

Vildi ég svo leiðrétta það, að við ætluðum að hafa samvinnu við Íhaldsflokkinn við kosningarnar, því að við höfum þvert á móti fullan vilja á að stilla mönnum upp í öllum kjördæmum á landinu þar sem þess er nokkur kostur í þetta sinn, og er þetta hrein andstaða gegn öllum öðrum stjórnmálaflokkum af hálfu Alþýðuflokksins eins og vera ber.

Magnús Guðmundsson: Mér þykir leitt, ef ég hefi gert sessunaut mínum, hv. 2. þm. Árn., mikið ómak með því að láta hann leita og lesa í gegn allar gamlar ræður sínar. En mér datt ekki í hug að segja þetta, nema ég hefði eitthvað fyrir mér.

Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa hér upp nokkur orð úr þingtíðindunum 1919. Þar er hv. sessunautur minn að tala um aðflutningsgjald af salti og kemst svo að orði um sjávarútveginn: „Hann hefir greitt svo mikið fé í ríkissjóð umfram það, sem til hans hefir verið veitt, að það má segja, að hann eigi allan ríkissjóð, og meira að segja allt landið, þ. e. a. s. hinar opinberu eignir þess, því að hann hefir greitt það allt og meira til".

Þetta læt ég nægja í bili til þess að sýna hv. 2. þm. Árn., að einu sinni áttu sveitirnar ekki upp á háborðið hjá honum. En mér dettur ekki í hug að neita því, að traust hans í bændaflokknum er mikið.

Hæstv. forsrh. fór að segja hér mikil pólitísk tíðindi um samband Sjálfstæðisfl. og Jafnaðarmannaflokksins. Sagði hann, að það væri meiningin að taka allt valdið af bændaflokknum, sem farið hefði með það undanfarið. Það kom fljótt fram rödd á móti þessu, en ég skildi það vel, að hæstv. forsrh. var sár yfir því, að sá flokkur, sem stutt hefir stj. hans í 3—4 ár, skuli nú hafa snúizt á móti honum. Og þetta er mannleg tilfinning, sem ég skal ekki lá honum. En jafnvel þó að þetta væri allt rétt, þá stendur hann illa að vígi, þegar hann er að halda því fram, að það sé einhver glæpur að hafa pólitísk mök við jafnaðarmenn, þar sem hann sjálfur hefir stjórnað landinu með þeirra aðstoð í þrjú eða fjögur ár, og sumir segja, að það hafi aðallega verið þeir, sem hafa stjórnað. Annars er það rétt, sem ég segi, að þetta mál um fjölgun Rvíkurþm. er ákaflega mikið smámál. Ég hefi enga tilhneigingu til að blása þetta mál upp meira en það á skilið, og því finnst mér réttara að draga þessar stórpólitísku umr. þangað til á morgun, því að þá býst ég við, að menn leiði saman hesta sína hér í eldhúsdagsumræðum. Það er engin ástæða til að vera svo bráður að eta af réttunum, að fara til þess í dag.

Út af því, sem hæstv. ráðh. var að tala um breyt. á kjördæmaskipun, þá vil ég benda á það, að þar steig hann fyrsta sporið sjálfur með því að koma fram með till. um afnám þeirra landsk. þm. Þeim flokki, sem ég heyri til, dettur ekki í hug að horfa á það aðgerðarlaus, að hann sé sviptur þingsætum án þess að nokkuð komi í staðinn og þannig aukið ranglætið í kjördæmaskipuninni. Fyrst hæstv. forsrh. vildi ríða á þetta vað, þá getur fleirum dottið í hug að fara á það sama vað.

Út af orðum hans um, að við vildum taka það pólitíska vald af bændum, þá

vil ég spyrja: Heldur hann, að það sé okkar meining, að bændur eigi að hætta að fá að hafa kosningarrétt? Hann segir, að í vor kjósi Strandasýsla og Skagafjarðarsýsla í síðasta sinn. (**Forsrh:** Sem sérstök kjördæmi). Hvar stendur það? (**Forsrh:** Í samningunum milli íhaldsins og jafnaðarmanna). Það er ekki rétt, eða ekki þekki ég til þess.

Hæstv. ráðh. segir, að þetta sé aðalkosningamálið. Ég skal ekki dæma um það, en ég get trúað, að eitthvað verði minnzt á gerðir hæstv. stj. í kosningabardaganum, a. m. k. hefi ég hugsað mér að gera það.

Hann hafði nokkuð stór orð um þessi óeðlilegu faðmlög. Eins og hv. 2. þm. Reykv. hefir tekið fram, þá er þar um engin faðmlög að ræða, og þar að auki stendur hæstv. forsrh. illa að vígi að vera að lasta þessi faðmlög, sem hann hefir sjálfur verið í í 3 eða 4 ár.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég get verið sammála hv. 1. þm. Skagf. í því, að við geymum aðalatriðin í sambandi við þetta þangað til á morgun, en ég vil aðeins geta þess, að mér þótti sjálfsagt, að áður en þetta frv. færi héðan úr d., þá kæmi fram mín skoðun og vitneskja um það, hvað bak við þetta frv. er, hvað er bak við það samkomulag, að þm. Rvíkur skuli vera fimm. Það er nefnilega betra til þess, að samkomulag verði um kosningarnar milli Íhaldsins og jafnaðarmanna. Þetta verður vitanlega ekki þannig, að þeir spilli ekki hvorir fyrir öðrum sumsstaðar, en það verður óbein samvinna á mörgum sviðum, ráðin samvinna bæði fyrir, um og eftir kosningarnar til að koma fram stjskrbreyt. eins og nú liggur fyrir Ed., og stofna stór kjördæmi með hlutfallskosningu, en leggja niður hin einstöku kjördæmin. Ég get verið sammála um það, að umr. um þetta geti dregizt þar til við kosningarnar, en mér þótti rétt, að þetta kæmi fram nú.

Út af því, sem hv. 1. þm. Skagf. talaði um mök við jafnaðarmenn, þó þótti mér rétt að láta koma fram, hver mök Framsóknarflokkurinn hefir haft við jafnaðarmenn, og í hverju mök sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna eru nú fólgin. Mök okkar framsóknarmanna við jafnaðarmenn byggjast á málum, á því, að rétta ýmislegt ranglæti í löggjöf og framkvæmd laga frá tíð íhaldsstj. Þau hafa verið í því fólgin, að koma fram ýmiskonar löggjöf til réttarbóta, sérstaklega fyrir vinnandi fólk bæði til sjávar og sveita. Á þessu tímabili hafa komið til framkvæmda merkari lög á þessu sviði en áður í sögu þessa lands, og þó sérstaklega fyrir landbúnaðinn. Og ég vil við þetta tækifæri láta koma fram, þó að á morgun ætli jafnaðarmenn að greiða stj. vantraust, þakklæti til þeirra fyrir þá hjálp, sem þeir oft hafa veitt til að koma fram nauðsynjamálum landbúnaðarins, enda hafa þeir líka fengið miklar auknar réttarbætur á þessu kjörtímabili til bættrar afkomu verkamanna.

Mök sjálfstæðismanna við jafnaðarmenn eru vitanlega reist á málefnum líka, á þeim málefnum að flytja pólitíska valdið til þess hluta fólks, þar sem sjálfstæðismenn og jafnaðarmenn eiga aðalfylgi sitt. Þetta tengir þá saman og kemur þeim til að taka saman höndum til að koma fram stórfelldum breyt. á kjördæmum. Ég álít samstarf með jafnaðarmönnum engan glæp, og mér mun síðar á minni pólitísku æfi, ef hún verður lengri, ekki hrylla við að starfa með mönnum úr öllum flokkum, en þó skal ég taka það fram, að ég vil heldur hugsa til að vinna með þeim, sem eru til vinstri en hægri.

Mér þótti rétt, að það kæmi fram, í hverju þessi mök og þetta samstarf hafi verið fólgið, og það var tilgangur minn, er ég tók þetta fram í sambandi við málið, að líta yfir þá frjósömu og merkilegu löggjöf, sem orðið hefir fyrir þessa samvinnu, og benda á þá stórbættu aðstöðu, sem bændur landsins og annað fólk hefir fengið, og ég vildi gera grein fyrir, hvað tengdi þessa flokka saman. Nú stöndum við á þeim tímamótum, að jafnaðarmenn, sem staðið hafa með okkur framsóknarmönnum og unnið að framgangi áhugamála þeirrar stj., sem nú er í landinu, hafa tekið það fram, að þeir ætli nú að vinna með sjálfstæðismönnum, og ber að sjálfsögðu að taka afleiðingunum af þeirri breyttu aðstöðu.

Að endingu vil ég svo aðeins segja það, að mér þótti gott, að hv. 1. þm. Skagf. skyldi koma með þá játningu í þessu máli, að till. um afnám landskjörsins hefði komið þessu af stað. Hún hefði breyft við kjördæmaskipuninni, og fyrst stj. hefði farið á þetta vað, þá hefðu aðrir farið á eftir. Þar hefir allur Sjálfstæðisflokkurinn gengið í bandalag við jafnaðarmenn að breyta kjördæmaskipuninni, en ég vona, að hv. 1. þm. Skagf. eigi eftir að standa örlagaþrunginn reikningsskap á því norður í Skagafirði, hvernig hann hefir breytt í því efni.

Magnús Guðmundsson: Ég þarf ekki að segja nema örfá orð út af því, sem hæstv. forsrh. sagði. Hann sagði, að það væri tilgangur minn og líklega alls þess flokks, sem ég telst til, að flytja valdið úr sveitunum. Ég vil nú þegar lýsa því yfir, að þetta er rangt. Það leiðir líka af sjálfu sér, að þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefir hér um bil helming sinna atkv. úr sveitum, þá muni hann ekki kæra sig um að flytja burt þaðan pólitíska valdið. Ég þykist vita, þó að hæstv. forsrh. haldi, að ekki sé mikið varið í mína vináttu til sveitanna, að þá haldi hann ekki, að meining Sjálfstæðisflokksins sé að vinna pólitískt sjálfsmorð.

Ef ég á að fara að skýra orð hæstv. forsrh., þá er hún þannig: Það er ágætt og sjálfsagt, þegar Framsókn gerir samband við jafnaðarmenn, en ef sjálfstæðismenn gera það, þá er það forkastanlegt. — Þetta er aðalinntakið í ræðu hans, en ég get ekki skilið þetta. Hann var að hrósa því, hversu mikið hagur bænda hefði batnað og sagði, að það væri annað en áður var. En ég efast um, að bændum finnist léttara fyrir nú en áður. Það böl, sem mest þjakar sveitirnar, flutningur fólksins þaðan burt, hefir aldrei verið eins mikið og nú.

Hann viðurkenndi, að það hefði verið hann, sem riðið hefði á vaðið með breytingu kjördæmaskipunarinnar. Hann vill m. ö. o. einn hafa leyfi til að breyta kjördæmaskipuninni eins og hann vill, Framsóknarflokknum í hag, því að þessi till. um afnám landskjörsins er fram komin fyrir hræðslu um, að Sjálfstæðisflokkurinn muni fá 4 landsk. þm. af 6 og að þeir hlytu þá að verða svo sterkir, að ómögulegt væri annað en þeir hefðu yfirráðin í Ed., eða a. m. k. svo mikinn styrk, að þeir gætu heft þar framgang mála. Það var því ekkert annað, sem vakti fyrir hæstv. ráðh. með till. um afnám landskjörsins, en að reyna að tryggja sjálfan sig áfram í valdasessinum, en ég tel mér bæði rétt og skylt að reyna að hindra það. En það vil ég þó taka fram skýrt og greinilega, að það mun ég aldrei gera með því að eyðileggja hið pólitíska vald sveitanna.

Hvort mér verður erfitt að ná kosningu norður í Skagafirði, skal ég ekkert um segja. Hæstv. ráðh. hefir spáð því áður, og hann hefir ekki reynt eins mikið að spilla fyrir kosningu nokkurs annars manns, en þó hefir farið eins og farið hefir, og það getur farið svo ennþá, en um það skal ég ekkert fullyrða. En þó að ég ætti í vændum að falla í Skagafirði, þá má hæstv. ráðh. ekki halda, að ég hviki frá því, sem ég álít rétt.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Mér finnst þessar umr. vera farnar að dragast nógu langt frá grundvelli málsins, þó að ekki sé enn á ný farið að draga inn í þær önnur mál, eins og hv. 1. þm. Skagf. gerði, þar sem hann fór að tala um vinnukraft í sveitum og hvað miklar opinberar framkvæmdir verði á þessu ári. Það er erfitt að segja, hvort það verður ég, sem ræð því, hvað gert verður á þessu ári, þar sem hv. þm. vill láta annan vera kominn í þennan stól eftir fáa tíma, en ef ég má ráða, þá verða miklar opinberar framkvæmdir á þessu ári.

Hv. þm. sagði og vildi láta líta svo út, að með því að leggja sveitakjördæmin niður sem sérstök kjördæmi, t. d. Skagafjörð, þá væri það pólitískt sjálfsmorð. En hann veit sjálfur vel, að ef landinu er skipt niður í 5—6 kjördæmi, þá mun maður eins og hv. 1. þm. Skagf. vitanlega fá sæti svo ofarlega á lista, að honum sé viss kosning. Ég get vel séð það, að ef hann er hræddur um að dumpa norður í Skagafirði eins og hann er nú, þá er þessi aðferð til þess að tryggja hv. þm. þingsetu, til þess að forða honum frá

pólitískum dauða norður í Skagafirði. Hér er því um að ræða alveg hið gagnstæða við það, sem hv. þm. sagði.

Hv. þm. sagði, að ég hefði sagt, að það væri eðlilegt, að Framsókn og jafnaðarmenn hefðu unnið saman að undanförnu, en „forkastanlegt", eins og hann orðaði það, að slíkt ætti sér stað milli jafnaðarmanna og íhaldsins. Þetta hefi ég alls ekki sagt. Ég álít þvert á móti, eins og ég líka tók fram, að ýmislegt það gæti komið fyrir, sem réttlætti það, að jafnaðarmenn og sjálfstæðismenn ynnu saman. Ég sagði, að ef þeir vildu vinna að málunum í sameiningu, þá væri ekkert við það að athuga, eins og t. d. nú að vinna sameiginlega að breyttri kjördæmaskipun og taka pólitíska valdið af bændastéttinni. En ég álít, að það megi tala um það. Það á að koma hreint og skýrt fram. Þess vegna vildi ég láta það liggja ljóst fyrir, að þetta samband er komið á út frá þessum málefnum. En þeir eiga að kannast við það fyrir þjóðinni. Þeir eiga ekki að fara í felur með það.

Ég vil aðeins geta þess út frá því, sem hv. þm. sagði, að ég hefði ekki reynt eins mikið að spilla fyrir kosningu nokkurs manns eins og hans, að ég lagði mikla stund á að koma í veg fyrir, að hv. þm. héldi áfram að vera ráðh., en um þingmannskosningu hans vil ég segja það, að ég hefi tvisvar sinnum komið í Skagafjörð í pólitískum erindum. Í fyrra skiptið fyrir löngu síðan, en í síðara skiptið í sambandi við landskjörið 1926. En ég þekki aftur á móti dæmi til þess, að maður í þessari hv. deild hafi lagt mjög ríka áherzlu á að reyna að koma mér úr Strandasýslu. Þá fór hv. þm. þangað norður rétt á eftir að ég hafði verið þar. Hann kom ekki einn á báti, heldur á varðskipi með hóp af aðstoðarmönnum og smölum með sér. Þeir héldu svo í hvern hrepp og héldu þar fundi, þar sem þeir gátu fengið einhvern til þess að hlusta á sig. En það endaði með því, að enginn maður vildi hlusta á þennan hv. þm. og hans fylgilið. Og eftir að hv. þm. hafði þannig farið eftir endilöngu kjördæmi mínu með alla þessa smala með sér, allt til þess að reyna að spilla fyrir mér, þá varð nú árangurinn ekki glæsilegri en það, að það voru eitthvað um 30% af atkv., sem þeir fengu. Hv. 1. þm. Skagf. hefir gert miklu meira til að fella mig en ég hann. En ef ég gæti einhverntíma afborgað eitthvað af þeirri skuld, þá væri mér það mikil ánægja.

Gunnar Sigurðsson: Eins og ég er vanur, skal ég halda mér við málið, en ekki ræða allt milli himins og jarðar, eins og gert hefir verið hér í d. nú. Ég mun halda mér við frumvarp til laga um fjölgun þingmanna í Reykjavík. Mér er ekkert gjarnt að skipta um skoðun á málum, og ég hefi lýst skoðun minni á kjördæmaskipuninni fyrr á Alþingi.

Það var fyrst árið 1920, að til umr. var þingmannafjölgun fyrir Rvík. Þá greiddi ég atkv. á móti því og „formúleraði" það með því, að koma fram ásamt öðrum með þáltill. um að athuga og endurskoða alla kjördæmaskipun, en í öll þessi ár hefir ekkert verið gert í þá átt. Rvík verður hér fyrir hróplegu ranglæti. T. d. ætti Rvík að hafa e: 29 þm. miðað við einn á Seyðisfirði. Þetta getur ekki gengið lengur. Þess vegna, hvað sem skiptingu flokka líður, þá get ég ekki sem réttlátur maður staðið á móti því, að bætt sé svolítið úr þessum órétti, sem Rvík er ger.

Ég get ekki heldur séð, að það sé nein goðgá, þó að athugað sé, hvort breyta eigi kjördæmaskipuninni frá því, sem nú er. Mér kemur í hug það, sem kerlingin sagði, þegar breytt var um myntina, að sér fyndist ranglátt að breyta myntinni nú, það ætti að geyma það, þangað til gamla fólkið væri dáið. Mér virðist ýmsir þingmanna hafa líka skoðun. Ég sem óháður utanflokkamaður greiði því atkv. sem réttlátur maður með þessari fjölgun. Ég er þeirrar skoðunar, að bæta eigi úr ranglætinu smátt og smátt. Því lengur sem dregið er að gera einhverja réttláta breytingu, því krappari verður aldan, sem hlýtur að ríða yfir, ef höfðinu er barið við steininn og enginn breyt. gerð. Sú alda, sem rænir bændur að fullu og öllu þeirri hagstæðu sérstöðu, sem þeir nú hafa í kjördæmaskipuninni.

Frsm. 2. minni hl. (Magnús Torfason): Ég vil að því er þetta mál snertir aðeins leggja áherzlu á það, sem ég líka drap á við 2. umr., að þótt ekki sé hér að ræða um nema eins þm. fjölgun fyrir Rvík, þá bætir það aðstöðu Rvíkur stórkostlega til að koma ár sinni þannig fyrri borð, að vald hennar aukist mikið. Þetta, að þeir fá einn þm. til viðbótar, þýðir það, að þeir fá þar nýtt vígi til að berjast úr. Þess vegna bætir þetta mikið þeirra aðstöðu. Það er til málsháttur, sem segir, að maður eigi ekki að rétta einni ónefndri persónu litla fingurinn, en það er einmitt þetta, sem verið er að gera með þessu frv.

Hv. 1. þm. Skagf. gat ekki sannað, að ég hafi farið neinum óviðurkvæmilegum orðum um bændurna, enda ekki við því að búast, þar sem ég hefi sjálfur verið bóndi í tíu ár. En hann drap á, að ég hefði einu sinni býsnast yfir því í ræðu, hvað þungar byrðar væru lagðar á sjávarútveginn. Þá var ég þm. Ísaf. Um það var að ræða, að lagður væri skattur á salt, til að bæta upp með töpin á landsverzluninni. Á þessu þingi voru tollar og skattar hækkaðir yfirleitt, og kom það mest niður á sjávarútveginum, því bændur bjuggu mjög að sínu og notuðu litlar útlendar vörur. Þegar svo leggja átti þar að auki þennan skatt á þá vöru, sem sjávarútvegsmenn verða nauðsynlega að nota við framleiðslu sína, saltið, þá var ekki nema eðlilegt, að mér gremdist og tæki þá fram allt það, sem máli mínu gat verið til stuðnings.

Eitt atriði enn tel ég rétt að minnast á í sambandi við þessa umr. Af hverju stafar það, að þm. Alþýðuflokksins hafa nú horfið frá stuðningi við Framsókn? Vitanlega af því, að þeim hefir ekki fundizt þeir fá þar nægilega aðstoð til að koma fram sínum málum. Þetta er einn hinn bezti vitnisburður, sem Framsóknarflokkurinn getur fengið. Það sýnir, að jafnaðarmenn hafa ekki getað fengið hann til að kvika frá sinni stefnuskrá, þó þeir hafi aðstöðu til að fella stj. Framsóknarflokkurinn hefir ekki viljað vinna það til stuðnings jafnaðarmanna að koma fram þeirra málum nema að því leyti, sem þau hafa samrýmzt hans eigin stefnu. Þau mál jafnaðarmanna, sem þeir hafa fengið samþ. á síðasta kjörtímabili, eru yfirleitt mannúðar- og mannréttindamál, svo sjálfsögð, að engum dettur í hug að hafa á móti þeim, eftir að þau hafa einu sinni verið samþ. Það er alveg víst, að margir kjósendur Alþýðuflokksins eru óánægðir yfir því, að þingflokkur þeirra hefir ekki komið fleirum af málum sínum áleiðis heldur en raun ber vitni um. Um það, hvort jafnaðarmönnum verður betur ágengt í samvinnunni við Sjálfstæðisflokkinn, er ekki þörf á að deila um nú. Það mun sýna sig á næstunni, hvort sjálfstæðismönnum tekst að fá hlutleysi eða stuðning jafnaðarmanna með ódýrari kostum heldur en Framsókn.

Magnús Guðmundsson: Það eru aðeins örfá orð. Hæstv. forsrh. hefir misskilið það, sem ég sagði um pólitiskt sjálfsmorð. Ég talaði ekki um það í sambandi við mig sjálfan, heldur Sjálfstæðisflokkinn. Ég vildi sýna fram á, að stjórnmálaflokki, sem hefir helming af atkvæðamagninu í sveitum, getur ekki dottið í hug að eyðileggja aðstöðu sína með því að vinna að breyt. á kjördæmaskipuninni í þá átt að gera atkv. þar áhrifalaus.

Um það, hvort ég muni falla við næstu kosningar eða ekki, finnst mér ekki ástæða til að ræða hér. En þær fregnir, sem ég fæ frá flokksmönnum hæstv. ráðh., benda á það, að ég þurfi ekki að vera hræddur um, að ég falli.

Það er rétt hjá hæstv. forsrh., að við höfum báðir farið hvor um annars kjördæmi. Slíkt er öllum frjálst. En ég gæti í góðu tómi talað dálítið um það við hæstv. ráðh., hvernig hann fór að því að „agitera" gegn mér í Skagafirði. T. d. hefir maður þaðan að norðan, sem hæstv. ráðh. vissi að var mjög ákveðinn fylgismaður minn, sagt mér að hæstv. ráðh. hafi gagnvart sér agiterað gegn mér á þennan hátt: Þið megið ekki „spandera" Magnúsi Guðmundssyni í það að vera þm., því hann er tilvalinn hæstaréttardómari. **(Forsrh:** Þetta hefi ég aldrei sagt). Þetta sagði mér nú samt einn af frændum hæstv. ráðh. í Skagafirði.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 1. þm. Skagf. kvað Sjálfstæðisflokkinn ekki geta verið með því að

minnka áhrif atkvæðanna í sveitakjördæmunum, þar sem hann hefði helming af atkvæðamagninu í sveitunum. Þetta hlýtur að vera sagt gegn betri vitund. Hv. þm. veit vel, að þó Sjálfstæðisflokkurinn hafi meiri hluta í nokkrum sveitakjördæmum, þá hefir hann hlutfallslega miklu minna fylgi þar en í kaupstöðunum. Það er vitanlegt, að Framsóknarflokkurinn hefir hverfandi lítið fylgi í kaupstöðunum. Að hann hefir þrátt fyrir það 19 þingsæti á móti 17 þingsætum Sjálfstæðisflokksins, stafar af því, að bændur hafa enn mikið að segja um skipun Alþ. Þess vegna er það eina, sem Sjálfstæðisflokkurinn getur gert til að tryggja sig gegn vaxandi fylgi Framsóknar, að skerða áhrif bændaatkvæðanna. Hv. þm. sagði, að Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði ekki að gera sveitaatkvæðin áhrifalaus. Auðvitað dettur engum í hug að taka atkvæðisréttinn alveg af bændum. En mér þótti vænt um, að hann viðhafði þetta orðalag. Það bendir á, hver ætlunin er.

Ég get bætt því við, að það er fleira, sem stuðlar að samvinnu sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna heldur en stjórnarskrármálið. Það er fyrst og fremst sameiginleg hræðsla þeirra við Framsókn. Hræðslan eða nærri því vissan um það, að hún komist í meirihlutaaðstöðu upp úr næstu kosningum. Fyrsta árangur þessarar samvinnu fáum við væntanlega að sjá nú næstu daga, en viðtækari afleiðingar af henni koma vonandi síðar í ljós, bæði norður í Skagafjarðarsýslu og víðar.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Það eru tvö atriði hjá hæstv. forsrh., sem ég vil enn leiðrétta. Hann sagði, að Framsókn ætti fylgi sínu meðal bænda að þakka, að hún hefir nú 19 þingsæti. Ég vil minna á það, að þessir 19 fulltrúar eru ekki kosnir eingöngu með atkv. Framsóknar og bænda. Fjöldi verkamanna og jafnaðarmanna víðsvegar um landið hefir einnig kastað atkv. sínum til þeirra. Það gæti farið svo, við kosningarnar í vor, að Framsókn sæi áhrifin af því, að þessu yrði hætt. Hitt atriðið er óttinn við Framsókn. Ég skal játa, að það er nokkuð almennur ótti við stj. hennar. Ekki ótti við það, að hún komist í meiri hluta við kosningarnar. Menn eru aðeins hræddir við það, upp á hverju ríkisstj. kann að taka þann tíma, sem hún á eftir að hanga við völd, sérstaklega ef hún fengi að sitja eftir að þingi er slitið. Enginn veit, hvað hún kynni að geta gert milli þinga. Það er ekki sízt sá almenni ótti, er veldur því, að við munum samþykkja vantraustið, óttinn við misbeitingu ríkisvaldsins um kosningarnar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil geta þess, að ég tel það alveg víst, að enginn af framsóknarþm. eigi atkv. frá jafnaðarmönnum að þakka kosningu sína. Ég held, að það hafi hvergi riðið baggamuninn, að fleiri jafnaðarmenn hafi greitt atkv. með framsóknarmönnum en sjálfstæðismönnum. Aftur á móti er það vitanlegt, að 2 af 5 þm. jafnaðarmanna hafa flotið á atkv. framsóknarmanna inn í þingið.

Sigurður Eggerz: Ég ætla ekki að fara að blanda mér inn í þær pólitísku deilur, sem hér hafa farið fram um hríð. Það kemur dagur eftir þennan dag og á morgun munu gefast tækifæri til slíkra umr.

En af því að minnzt var á mitt kjördæmi, langaði mig að spyrja hæstv. forsrh., hvort það er satt, að flokkur hans hafi látið fara með lista um Dalina, þar sem menn áttu að skrifa undir drengskaparloforð upp á æru og samvizku um það, að kjósa ekki Sigurð Eggerz. Ef svo er, þá er hér um einkennilega aðferð að ræða, sem er lítt í samræmi við anda kosningarlaganna og sýnir Framsóknarfl. því með þessu að mikils muni við þurfa.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég held þetta sé í 14. skipti, sem hv. þm. Dal. kemur og kveinar yfir því, að við andstæðingar hans séum að reyna að spilla fyrir honum í kjördæmi hans. Þvílíkt ódæði, ef stjórnmálaflokkur safnar atkv. á móti andstæðing sínum! Ég held enginn þm. nema hv. þm. Dal. kvarti sérstaklega undan því, þó andstæðingar þeirra vinni á móti kosningu þeirra; flestir telja slíkt sjálfsagt. Það

er því einsöngur hjá hv. þm. Dal. þessi sífelldi jarmur um það, að það sé verið að senda menn að spilla fyrir honum. Við hv. 1. þm. Skagf. höfum t. d. báðir ferðast hvor um annars kjördæmi og unnið hvor á móti öðrum, og hefir hvorugur kvartað undan því. (MG: Eigum við ekki að verða samferða um kjördæmin næst?). Mér væri það hin mesta ánægja, en af því ég get ekki heilsunnar vegna ferðast eins og aðrir menn, þori ég ekki að lofa því.

Þessi sérstaða hv. þm. Dal. í því, hvernig hann tekur því, að unnið sé á móti honum, hlýtur að stafa af óstyrkum taugum og sérstakri hræðslu um að missa kjördæmið.

Sigurður Eggerz: Ef leyfilegt er að viðhafa þannig orð hér, langar mig að benda á gamla málsháttinn „fáir ljúga meira en um helming" í sambandi við ræðu hæstv. forsrh. — því sannast að segja held ég að ég hafi einu sinni áður minnzt á þetta að gefnu tilefni.

Menn skilja eflaust vel, hvað það er viðeigandi, eða hitt þó heldur, að láta menn gefa yfirlýsingu um það upp á æru og drengskap að kjósa ekki ákveðinn mann. Slíkt er ekki í anda kosningarlaganna.

Hinsvegar hefi ég ekki neitt verið að kvarta undan því, þó andstæðingar mínir „agiteri" gegn mér. Þvert á móti hefi ég einu sinni boðið að kosta að einhverju leyti leiðangur, sem Framsókn sendi um Dali, því mér finnst ótrúlegt, að slíkur leiðangur bæti ekki fyrir mér.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Ég skal ekki deila um það við hæstv. forsrh., að hve miklu leyti framsóknarþm. eru kosnir með atkv. jafnaðarmanna. En mér þykir gott að fá yfirlýsing hæstv. ráðh. um þetta, því samkv. henni getur það ekki stafað af öðru en vantrausti á núv. stj., ef þm. Framsóknar falla í vor.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): „En ef þeim fjölgar, stafar það af trausti til stj.", vil ég bæta við setningu hv. þm.

Hv. þm. Dal. sagði, að fáir lygju um meira en helming. Hann kannast þá við að hafa jarmað sjö sinnum — því að ég nefndi 14 sinnum — út af andróðrinum gegn sér, og þó hann hafi ekki gert það oftar, stendur hann í því efni langtum framar en aðrir, sem við stjórnmál fást.

Ólafur Thors: Ég skal ekki mikið lengja þessar umr. Ég vil aðeins skjalfesta þakklæti mitt til hæstv. forsrh. fyrir það, að hann hefir nú gefið yfirlýsingu um, að tveir af fulltrúum Alþýðuflokksins séu kosnir með atkv. Framsóknar. Þessir „rauðustu af þeim rauðu" eru þannig komnir inn á þingið fyrir atbeina hans.

Eftir svo nána samvinnu við jafnaðarmenn er undarlegt af hæstv. ráðh. að fjargviðrast út af samvinnu, sem hann heldur, að verða muni milli okkar sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég hefi alls ekki fjargviðrast neitt út af samvinnu sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna. Ég tel hana einmitt eðlilega eins og sakir standa. En þeir verða að þola, þó um hana sé talað og taka þeim afleiðingum, sem hún kann að hafa.

Þar sem jafnaðarmönnum þykir við ekki nógu leiðitamir, skilja þeir vitanlega við okkur vegna þess, að þeir búast við að fá meira hjá íhaldsmönnunum, að þeir verði þægari við þá.

Ólafur Thors: Það er mjög leiðinlegt, að maður skuli þurfa að tala við hæstv. forsrh. eins og við barn. Það hlýtur að vera hæstv. ráðh. skiljanlegt, að það styrkir aðstöðu jafnaðarmanna að ólýðnast hæstv. stj. öðruhvoru, til þess að sýna, að þeir séu henni ekki of háðir.

Hæstv. ráðh. má og vita það, að honum muni aldrei takast að koma því inn í vitund manna, að á bak við samtök okkar og jafnaðarmanna um stjskrbreyt. sé nokkurt réttindaafsal af okkar hálfu. Okkur getur ekki komið til hugar að rýra kjörvald sveitanna, enda byggir okkar flokkur að miklu leyti á því, og það er öllum vitanlegt, að Sjálfstæðisflokkurinn á sízt minna fylgi í sveitunum heldur en Framsókn. Aðalatriðið fyrir okkur er það, að hver einstakur lands-

maður geti notið réttar síns í sem ríkustum mæli. Ég öfunda hæstv. ráðh. ekkert af því að ætla að berjast á þeim grundvelli, að réttur landsmanna skuli vera ójafn í þessum efnum. Það er þessi réttlætiskrafa, sem við sjálfstæðismenn leggjum áherzlu á. Vill hæstv. ráðh. halda því fram, að það sé nokkurt réttlæti, að Framsókn skuli hafa 19 þm., þrátt fyrir það, að við síðasta landskjör fekk hún ekki nema um 9 þús. atkv., á móti um 21 þús., sem andstæðingar stj. fengu?

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er óþarfi fyrir hv. 2. þm. G.-K. að vera að útskýra afstöðu jafnaðarmanna. Það geta þeir gert sjálfir. Og öll framkoma þeirra sýnir bezt, hvað þeim býr í brjósti. Þeir hafa þegar ákveðið að taka höndum saman við sjálfstæðismenn. Þeir ætla að greiða atkv. með vantrausti á stj., samþykkja, að landið gangi í 8 millj. kr. ábyrgð fyrir Reykjavíkurbæ, svipta sveitirnar fulltrúum sínum o. s. frv. Þetta sýnir nógu skýrt, hvaða flokkur það er, sem er leiðitamastur við þá. Það er flokkur hv. 2. þm. G.-K., og enginn annar.

Ólafur Thors: Það er ákaflega erfitt að deila við hæstv. forsrh. með rökum. En hann hlýtur þó að skilja, að það er sitt hvað að greiða honum og hæstv. stj. mótatkv. eða að styrkja sjálfstæðisflokkinn. Það liggur heldur ekkert fyrir um það, hvort jafnaðarmenn ætli sér að veita okkur sjálfstæðismönnum stuðning eða ekki. **(LH:** Þeir hafa aldrei sagzt styrkja núv. stj. heldur). Verkin tala nú í þeim efnum. Ég verð að segja það, að ég hefi ekki gert mér ljóst hvað taka muni við, ef hæstv. stj. verður felld. En ég greiði allt eins atkv. gegn henni fyrir það, því að ég get ekki hugsað mér, að nokkur stj. verri en þessi geti tekið við.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Hv. 2. þm. G.-K. ratðist satt á munn, er hann sagði, að erfitt væri að deila við mig **með rökum.** Þetta er alveg rétt, hv. þm. brestur algerlega rök á móti mér.

Hv. þm. sagði, að ekkert lægi fyrir um stuðning jafnaðarmanna við sjálfstæðismenn. Málið hefir samt komið fyrir fulltrúaráð Alþýðuflokksins, sem telur 10 menn. 5 þeirra greiddu atkv. með því að styðja Sjálfstæðisflokkinn, en 5 voru á móti því. Fyrir þessu liggja góðar heimildir.

Síðasta atriðið í ræðu hv. þm. var mjög eftirtektarvert. Hv. þm. lýsir því yfir, að Jafnaðarmannaflokkurinn og hann ásamt allri miðstjórn Sjálfstæðisflokksins hafi borið fram vantraust á stj. En hann segist ekki hafa gert sér ljóst, hvað við taki. **(ÓTh:** Það getur ekki tekið verra við!). Ég vil benda honum á, að hann hefir ekkert leyfi til þess að stofna til stjórnarskipta sem miðstjórnarmaður í næststærsta þingflokknum, nema honum sé ljóst, hvað tekur við og eigi vísa stjórn í staðinn fyrir þá, sem frá fer. **(ÓTh:** Í staðinn fyrir óstjórnina!). Það, að bera fram vantraust á stj. af hálfu næststæsta þingflokksins, þýðir, að hann sé siðferðislega skyldugur til að koma með nýja stjórn.

Frsm. meiri hl. (Héðinn Valdimarsson): Ég vil aðeins skýra frá því, að hæstv. forsrh. getur ekki haft hugmynd um það, sem gerist á fundum í sambandsstjórn Alþýðuflokksins. Og það, sem hann segir, eru tilhæfulausar kviksögur. Í sambandsstj. eru 17 menn, eins og þeim mönnum er kunnugt, sem hafa lesið blöðin eða lög sambandsins. Það er ekki líklegur tilbúningur, að endanleg atkvgr. um stórmál verði með þeim hætti, sem hann talaði um.

Ólafur Thors: Ég vil aðeins segja það, að þeim fækkar þá föðurlandsvinunum, ef engir 3 sæmilegir menn fást til að mynda stjórn, þegar við liggur að losna við óstjórn þá, sem nú fer með völdin.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil segja hv. þm. það, að það, sem hér um ræðir, er það, að hann eigi enga föðurlandsvini vissa til að taka við stjórn. Hann hefir ekki leyfi til þess að bera fram vantraust á stj. og segja um leið, að hann hafi ekki hugmynd um, hvað við taki. Það er ábyrgðarleysi, sem enginn þm. má leyfa sér, og allra sízt

maður í miðstjórn næststærsta þingflokksins.

Sigurður Eggerz: Ég vil leyfa mér að mótmæla því, að rétt sé hjá hæstv. forsrh., að ekki megi bera fram vantraust á stjórn, ef ekki er búið að tryggja stjórnarmyndun áður. Hér hefir hvað eftir annað verið borið fram vantraust, stjórnin felld og langan tíma tekið að mynda nýja stjórn. Í Frakklandi kemur það oft fyrir, að stjórnir eru felldar, þó að enginn hafi grun um, hvað við taki. Þess vegna er það skylda þm. að greiða atkv. á móti þessari stórhættulegu stjórn alveg án tillits til þess, hvernig stjórninni yrði fyrir komið á eftir.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Í öllum þingræðislöndum er skylda þeirra, sem vantraust bera á stjórnina, að mynda nýja stjórn.

Forseti (JörB): Ég ætla, að menn geti verið ásáttir um að hætta þessum umr. Það græðist lítið á þeim.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, EJ, GunnS, HG, HK, HV, JJós, JAJ, JÓl, JS, MG,

nei: MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv, BSt, BÁ, HStef, HJ, IngB, LH, JörB.

Frv. afgr. til Ed.

Frv. var aldrei útbýtt í Ed., með því að þing var rofið næsta dag.

---

80. Samvinnufélög.

Á 28. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög (þmfrv., A. 197).

Á 41. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingólfur Bjarnarson): Um þetta litla frv. þarf ég lítið að segja umfram það, sem tekið er fram í grg. þess á þskj. 197. Það er borið fram til þess að gera nokkur ákvæði samvinnufélagslaganna frá 1921 ítarlegri og gleggri. Það hefir nefnilega komið í ljós við framkvæmd laganna, að sum ákvæði þeirra eru óljós og tvíræð og þannig orkað tvímælis, hversu skilja beri einstök ákvæði þeirra, og fyrir þá sök hefir framkvæmd laganna verið nokkuð misjöfn hjá hinum einstöku samvinnufélögum á landinu. Sem dæmi þessa má nefna 24. gr. laganna, sem fjallar um varasjóðstillag félaganna og mælir svo fyrir, að það skuli vera 1% af „viðskiptaveltu“ félagsmanna. Þetta hefir sumstaðar verið skilið svo, að átt væri við samanlagða veltu út og inn, en annarsstaðar, að átt væri aðeins við aðra hlið veltunnar. Þetta frv. tekur nú af allan vafa um þetta atriði.

Annað atriði má nefna í þessu sambandi. Í lögin frá 1921 vantar ákvæði um það, hversu fara skuli að, ef fundur fellur niður af einhverjum ástæðum, og hvernig skuli koma honum á, ef hann ferst fyrir. Frv. þetta bætir úr þessum ágalla laganna, og eru um þetta tekin upp í frv. svipuð ákvæði og eru í hlutafélagslögunum.

Aðrar brtt. þessa frv. eru svo smávægilegar og ljósar, að engin þörf er á frekari skýringum. Miða breytingarnar sem sagt einungis að því, að eyða vafa og misskilningi um framkvæmd laganna og gera orðalag þeirra ákvæðnara og fyllra í nokkrum atriðum, en hinsvegar er hér ekki um efnisbreytingar að ræða. En enda þótt málið sé einfalt í sjálfu sér, þá vil ég nú samt mælast til þess, að það verði athugað í nefnd, því að búast má við, að hv. þdm. hafi ekki athugað það fyllilega sjálfir enn sem komið er. Ég vil því leggja til, að málinu verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 197, n. 363).

Frsm. (Magnús Torfason): Þetta frv. er yfirleitt hvorki langt né efnismikið. Það má heita aðeins lagfæring á þeim l., sem fyrir eru, til að gera þau ljósari. Aðalbreytingin er við 1. gr. Þar er bætt inn í orðinu „útgerðarfélög" við upptalningu á samvinnufélögum. Og þar sem útgerðarfélög eru nú rekin með samvinnusniði. þá er þetta sjálfsögð viðbót.

2. gr. frv. orðar skýrar en gert er í l., hvernig ráðstafa á tekjuafgangi samvinnufélaganna. Í frvgr. er sagt svo fyrir, að þegar greidd hafa verið tillög til sameignarsjóða, þá skuli tekjuafgangi úthlutað til félagsmanna eftir viðskiptamagni þeirra. Áður var skilningur þessarar gr. nokkrum vafa bundinn. Er þetta sett til að taka af þennan vafa.

3. frvgr. er um það, að verði aðalfundur ólögmætur, þá megi boða til fundar að nýju innan 3 mánaða. Sé boðað til hans með tveggja vikna fyrirvara, og er hann þá lögmætur án tillits til þess, hve margir eru mættir. Venjan hefir verið sú, að viss tala er heimtuð til þess að fundur sé lögmætur, en það hefir oft reynzt illa. Mun þetta ákvæði frv. einkum koma að haldi þegar verið er að leysa upp félög, sem enginn áhugi er lengur fyrir.

4. og 5. gr. frv. eru aðeins skýrar og réttar orðuð ákvæði en nú er í lögunum. Með þessum aths. vil ég, fyrir hönd allsn., leyfa mér að mæla með því, að frv. sé samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Fleiri fundir urðu ekki háðir í deildinni, með því að lýst var yfir þingrofi 14. apríl, og málið því ekki útrætt.

81. Vélgæzla á gufuskipum.

Á 27. fundi í Nd., 18. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 14, 15. júní 1926, um breyt. á l. nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á gufuskipum (þmfrv., A. 201).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

82. Skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Á 28. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa (þmfrv., A. 207).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

83. Íbúðarhús á prestssetrum.

Á 30. fundi í Nd., 21. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um íbúðarhús á prestssetrum (þmfrv., A. 224).

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Ég vil sem minnst ræða þetta frv. við þessa umr., en aðeins leyfa mér að geta þess, að frv. er flutt af allshn. samkv. beiðni hæstv. stj., en þó með ýmsum breyt. frá því frv., er fyrir lá. Ég skal geyma mér að fara út í þær breyt. þar til við 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar, með því að næsta dag var á fundi í Sþ. lýst yfir þingrofi, og varð þessi hinztur fundur deildarinnar.

84. Verkamannabústaðir.

Á 31. fundi í Nd., 23. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45, 14. júní 1929, um verkamannabústaði (þmfrv., A. 234).

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Héðinn Valdimarsson): Ég hafði hugsað mér að halda langa framsöguræðu, en býst nú við að sleppa því, þar sem nú er orðið svo áliðið fundartímans. Auk þess hlýt ég, af sérstökum ástæðum, að takmarka mál mitt mjög að þessu sinni, en mun þá síðar skýra þetta mál frekar, eftir því sem mér þykir við þurfa.

Frv. þetta fer í fyrsta lagi fram á það, að auka starfsfé byggingarsjóða með því að tvöfalda framlag ríkis og bæja til þeirra frá því, sem nú er. Í öðru lagi fer frv. fram á, að ríkissjóður ábyrgist að fullu, en með bakábyrgð hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóða, þau lán, sem sjóðirnir kunna að taka til útlána, í stað þess, að nú ábyrgist ríkið að hálfu leyti slík lán. Í þriðja lagi, að hægt verði að nota veðdeild Landsbankans til þess að lána til verkamannabústaða, í stað þess, að það er ekki hægt nú. Í fjórða lagi, að verkamannabústaðir, sem byggðir eru samkvæmt þessum lögum, skuli undanþegnir fasteignagjaldi fimm fyrstu árin. Loks fer frv. í fimmta lagi fram á það, að sjóðirnir megi taka lán í erlendri mynt, sem ekki er sérstaklega leyft í gildandi lögum.

Ég býst ekki við, að því verði með rökum á móti mælt, að öll þessi atriði eru svo mikils verð, að þau verða að takast til rækilegrar athugunar, og ætla ég, að enda þótt sum þeirra kunni að valda deilum, þá muni þau þó öll ná framgangi, er menn hafa nægilega hugsað málið og skilið þá ríku þörf, sem hér liggur að baki. Til dæmis má geta þess, að nýlega hefir Byggingasjóður Reykjavíkur fengið loforð um 200 þús. kr. lán erlendis, með mjög lágum vöxtum, 5%, og með 90% gengi, eða sem næst 5,78% raunverulegum vöxtum, og til 42 ára, sem eru langbeztu lánskjör, er fengizt hafa hér á landi í mörg ár. Þetta er nú að vísu ekki mikið fé, og enganveginn nægilegt, og þess vegna er hér lagt til, að sjóðunum verði gert mögulegt að fá lán úr veðdeild Landsbankans, með fullri ríkisábyrgð, og sömuleiðis að leyfðar séu lántökur í erlendri mynt með fullri ríkisábyrgð, því ella fást þau ekki. Ef þetta næði framgangi nú, þá væri hægt að byrja nú strax á þessu ári hér í Reykjavík og víðar.

Ég vil svo mega vænta þess, að hv. þdm. verði með því að vísa þessu máli til 2. umr., hvað sem að öðru leyti líður afstöðu þeirra til einstakra atriða frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, með því að næsta dag var á fundi í Sþ. lýst yfir þingrofi, og varð þessi hinztur fundur deildarinnar.

85. Stjórn vitamála og vitabyggingar.

Á 33. fundi í Nd., 25. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um stjórn vitamála og um vitabyggingar (þmfrv., A. 245).

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Það mun ekki vera til þess ætlazt, að langar umr. fari fram um þetta mál að sinni, þar sem orðið er svo áliðið dags, en ég vil þó ekki láta undir höfuð leggjast að skýra nokkuð frá því, hvaða drög liggja til þess, að þetta mál er hér fram komið. Hv. sjútvn. þessarar deildar flutti á síðasta Alþingi

þáltill. um það, að skipuð væri mþn. til þess að athuga vitamálin og gera tillögur um skipulag þeirra í framtíðinni. Eins og hv. þdm. mun reka minni til, náði þessi till. ekki að verða borin undir atkv., en hæstv. atvmrh. lofaði að taka hana til greina. Því næst útnefndi hann menn í þessa nefnd, og voru það þeir Th. Krabbe vitamálastjóri, Pálmi Loftsson útgerðarstjóri, Halldór K. Þorsteinsson og Þorsteinn Þorsteinsson skipstjórar og Kristján Bergsson forseti Fiskifélagsins. Þessi nefnd sat alllengi að störfum og sendi Stjórnarráðinu frv. um þessi mál, sem síðan voru endursend til hv. sjútvn. þessarar deildar. Hún tók frv. til athugunar og flutnings, þ. e. a. s., breytti því í ýmsum verulegum atriðum þar sem henni fannst ekki fært að fylgja tillögum vitamálanefndarinnar, en að öðru leyti er meginkjarni frv. vitamálanefndar í þessu frv. Með þessu er í fyrsta sinni gerð tilraun til þess að skapa grundvöll undir framtíðarskipulag vitamálanna hér á landi, líkt og í öðrum greinum ríkisframkvæmda, svo sem vegamálum. Það má vel vera, að ýmsum hv. þdm. líki ekki orðalag einstakra greina frv., og þess má geta, að einn hv. nm. í sjútvn. er ekki ánægður með orðalag 6. gr. frv. og hefir flutt brtt. á þskj. 275, sem lýtur að þessu.

Ég hefi svo í rauninni ekki meira um þetta að segja umfram það, sem segir í grg. frv., ég vil einungis leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr., en þar sem þetta er komið frá nefnd, ætti ekki að þurfa að vísa málinu í nefnd að lokinni þessari umr. Ég vil svo mega vænta þess, að hv. deild fallist á að vísa málinu til 2. umr.

Forseti (JörB): Mér láðist að geta þess áðan, að þingskjalsnúmerið 275 hefir verið sett af vangá á dagskrá. Þar sem þetta er 1. umr., þá kemur frv. sjálft nú til atkv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar, með því að næsta dag var á fundi í Sþ. lýst yfir þingrofi, og varð þessi síðastur fundur deildarinnar.

86. Forðagæzla.

Á 31. fundi í Nd., 23. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæzlu (þmfrv., A. 246).

Á 39. fundi í Nd., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Lárus Helgason): Vegna þess að tíminn er svo naumur, þá mun ég ekki halda neina framsöguræðu að þessu sinni, en vil einungis leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr., að lokinni þessari umr. Málið er komið frá landbn., og fyrir hönd n. vil ég mælast til þess, að menn taki málinu vel og greiði götu þess.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Lárus Helgason): Eins og kunnugt er, hefir skortur á fóðri búpenings hér á landi valdið meira tjóni en flest annað frá upphafi landsbyggðarinnar. Það hafa verið gerðar margar tilraunir til þess að koma í veg fyrir fóðurskort handa búpeningi fyrr og síðar. Að vísu hefir nokkuð orðið ágengt í þeim efnum, en hvergi nærri svo, að einhlítt sé. Öryggi búpeningsins er langt frá því nægilegt, hvað þetta snertir, enda þótt bændur séu nú orðið ekki eins flatir fyrir harðindum og áður var. Það hafa verið reyndar ýmsar leiðir til þess að afstýra fóðurskorti í sveitum landsins, t. d. hefir verið unnið að stofnun félaga til þess að koma á fót forðabúum, og er þetta að vísu í áttina, og sama er að segja um það, að hreppsnefndum hefir verið falið að sjá

um, að búendur hefðu nægileg hús og fóður handa búpeningi sínum. En þessar tilraunir hafa ekki reynzt nægilega kraftmiklar til þess að afstýra vandræðum, þegar illa árar. Lög hafa verið sett um sérstaka forðagæzlumenn í sveitum, og hafa þau síðustu verið í gildi síðan 1913. Ég hefi orðið var við, og fleiri, sem kynnt hafa sér þetta mál, að þessi lög hafa ekki komið að tilætluðum notum. Forðagæzlumönnum er falið að gefa búendum holl ráð, en hinsvegar eru engar skyldur lagðar á búendur að hlýða þeim eða taka ráðleggingar þeirra til greina á einn eða annan hátt, og yfirleitt er forðagæzlumönnum ekkert vald gefið nema ráðgefandi. Landbn. þessarar hv. deildar hefir nú flutt frv. á þskj. 246 með það fyrir augum að bæta úr þessum ágöllum. Helztu breyt., sem frv. gerir á gildandi lögum, eru þær, að skoðun á forða búenda skal fara fram eigi síðar en fyrir miðjan október, til þess að mönnum sé mögulegt að ráða bót á því, ef of lítið fóður er til, með því að fækka fénaðinum eða afla fóðurs í tíma. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir tveim skoðunum, annari fyrri hlutar vetrar og hinni seinni hluta vetrar. Í framkvæmdinni hefir þetta oft reynzt svo, að fyrri skoðunin hefir ekki farið fram fyrr en á jólaföstu, en þá er um seinan að koma fénaði þeim, sem ofaukið er á fóðrunum, í verð eða bæta úr þessu á annan hátt. Þess vegna verður það að teljast tvímælalaust til bóta að láta skoðunina fara fram innan þess tíma, sem tiltekið er í frv.

Önnur breytingin, sem þetta frv. gerir á núgildandi lögum, er sú, að svo framarlega, sem búandi hefir ekki farið að ráðum forðagæzlumanns um öflun fóðurs eða förgun fénaðar á tilsettum tíma, til þess að afstýra fóðurskorti, þá skal hreppsnefnd skipa tvo menn með forðagæzlumanni til þess að athuga á ný allt, sem að málinu lýtur. Að því loknu skal hreppsnefnd og forðagæzlumaður taka til frekari ráðstafana til þess að afstýra hættu um fóðurskort hjá búanda, sé um vondan ásetning að ræða að áliti skoðunarmanna.

Þriðja brtt. er um kaup forðagæzlumanna. Lögin frá 1913 ákveða dagkaup þeirra 2 kr., en það er nú sýnilega gamaldags, því að tvær krónur eru nú ekki lengur dagkaup fyrir nokkurn mann. Það er því óhjákvæmilegt að borga betur fyrir þennan starfa, ef hann á að verða að nokkru gagni. Eigi að síður hefir n. þótt eftir atvikum rétt að fara varlega í þessar sakir, og hefir því stungið upp á því, að dagkaupið skuli vera 6 kr., og er þar miðað við kaup sýslunefndarmanna. Þetta er að vísu ekki fullt kaup, en sú er trú n., að menn muni fást til þess að vinna þetta verk ekki síður vegna málefnisins heldur en vegna kaupsins, en hinsvegar virðist henni ekki rétt, að forðagæzlumenn þurfi að bíða fjárhagslegan skaða fyrir þessar sakir, sérstaklega ef þeir þurfa að kaupa mann í sinn stað til heimilisverka á meðan þeir eru að gegna starfi þessu.

Fjórða breytingin, sem felst í þessu frv., er sú, að auknar eru skyldur hreppsnefndar til þess að gera eitthvað til að fyrirbyggja fóðurskort í sínum hreppi, og jafnframt er vald hennar í þeim efnum aukið. Í rauninni er þetta veigamesta breytingin, sem felst í þessu frv., en um leið hin sjálfsagðasta, ef löggjöf um þetta efni á að koma að nokkru gagni. Með þessu frv. er hreppsnefnd og forðagæzlumönnum gefið vald til þess að knýja fram þær ráðstafanir, sem þarf til þess að afstýra fyrirsjáanlegum vandræðum af fóðurskorti.

Það ætti ekki að þurfa að hafa fleiri orð um þetta mál; það er alveg ótvírætt nauðsynjamál og landbn., sem flutt hefir málið, er sannfærð um, að það sé til stórbóta, verði það að lögum. Ég læt svo útrætt um þetta að sinni og vænti þess, að hv. deild taki máli þessu með sanngirni og velvild.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 246).
Á 45. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, með því að næsta dag var á fundi í Sþ. lýst yfir þingrofi, og varð þessi síðastur fundur deildarinnar.

87. Gelding hesta og nauta.

Á 33. fundi í Nd., 25. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um geldingu hesta og nauta (þmfrv., A. 260).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá

88. Útflutningsgjald af síld.

Á 33. fundi í Nd., 25. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 15, 14. júní 1929 [Útflutningsgjald af síld] (þmfrv., A. 267).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

89. Skattgreiðsla h/f Eimskipafélags Íslands.

Á 33. fundi í Nd., 25. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands (þmfrv., A. 269).

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 16 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Sigurður Eggerz): Það er fjhn., sem flytur þetta frv., og fer það fram á, að þær undanþágur, sem Eimskipafélag Íslands hefir fengið frá skattgreiðslum, séu framlengdar til ársloka 1932. Ennfremur var félagið samkv. lögum þessum undanþegið aukaútsvari til bæjarsjóðs, en skyldi í þess stað greiða 5% af nettóágóða næsta árs á undan. Árið 1928 voru svo þessi ákvæði framlengd með lögum nr. 33 það ár, og skyldi undanþágan gilda til ársloka 1930, en að því skilyrði uppfylltu, að félagið greiddi hluthöfum ekki hærri arð en 4%. Nú eru horfur í erfiðara lagi og félagið hefir fulla þörf á samskonar ívilnum áfram, og þess vegna er hér lagt til að framlengja þessi hlunnindi um 2 ár enn, eða til ársloka 1932. Ég vænti þess, að enginn verði til þess, að athuguðum öllum málavöxtum, að bregða fæti fyrir þetta sjálfsagða mál. Frv. er komið frá nefnd og ætti því að ganga beint til 2. umr. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar, með því að næsta dag var á fundi í Sþ. lýst yfir þingrofi, og varð þessi síðastur fundur deildarinnar.

90. Lögreglusamþykktir utan kaupstaða.

Á 33. fundi í Nd., 25. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18, 20. okt. 1905, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna (þmfrv., A. 273).

Á 42. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Magnús Torfason): Ég vil aðeins geta þess, að þetta frv., sem samið mun vera af merkum lögfræðingi, er gert til þess, að hægt sé að koma lögum yfir samkomur manna uppi í sveitum. Er þá sérstaklega haft fyrir augum héraðið fyrir ofan bæinn hér. Annars er þetta heimild, sem veitt er öllum hreppum landsins. Skil ég ekki annað en að hún sé fremur til bóta, en engum til meins. Leyfi ég mér því fyrir hönd n. að óska þess, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 273).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá í deildinni með því að næsta dag var á fundi í Sþ. lýst yfir þingrofi.

---

91. Virkjun Efra-Sogsins.

Á 35. fundi í Nd., 27. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um virkjun Efra-Sogsins (þmfrv., A. 283).

Á 37. fundi í Nd., 30. marz, þá er lýst hafði verið í fundarlok dagskrá næsta fundar, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frá 6 deildarmönnum (HV, SÁÓ, HG, MJ, JÓl, ÓTh) svo hljóðandi áskorun:

„Samkvæmt 43. gr. þingskapa Alþingis óskum við undirritaðir alþingismenn þess, að á morgun verði tekið fyrir sem fyrsta mál á dagskrá í neðri deild frv. til l. um breyt. á l. nr. 11, 18. maí 1920, um þingmannakosning í Reykjavík (þskj. 194) og annað mál á dagskrá frv. til l. um virkjun Efra-Sogsins (þskj. 283)".

Í byrjun 38. fundar í Nd., næsta dag, lét forseti fara fram atkvgr. um kröfuna, og var samþ. að breyta dagskrá samkv. henni með 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MJ, ÓTh, PO, SE, SÁÓ, EJ, HG, HK, HV, JJós, JAJ, JÓl, JS.

nei: LH, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv, BSt, BÁ, GunnS, HStef, IngB, JörB.

Þrír þm. (MT, ÁÁ, HJ) fjarstaddir.

Samkv. þessum úrslitum var frv. tekið á dagskrá sem 2. mál til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 14 : 5 atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Ólafsson): Frv. þetta er flutt af meiri hl. allshn., en tveir hv. nm., þeir hv. 2. þm. Árn. og hv. þm. V.-Sk., hafa ekki getað orðið samferða um að flytja frv., en þó munu þeir ekki vera málinu andstæðir, eða a. m. k. ekki hv. þm. V.-Sk., enda fer það mjög að vonum, þar sem hér er um hið mesta nauðsynja- og nytjamál að ræða, svo

sem menn munu komast að raun um við nánari athugun.

Mér þykir hlýða að fara nokkuð yfir sögu þessa máls, áður en ég kem að efnisatriðum þess. Málið hefir verið lengi á dagskrá hér í bæ, og hefir bæjarstjórn Rvíkur haft það til meðferðar í 3—4 ár og látið fara fram ýmiskonar mælingar og rannsóknir og áætlanir og nú loks á síðastliðnu ári tekið endanlega afstöðu í málinu og talið málið fullrannsakað og nægilega undirbúið til þess að hefjast handa um framkvæmdir. Það var sumarið 1927, sem byrjað var að gera mælingar í þessu skyni á vatnsorku í Soginu til virkjunar fyrir Rvík, og var þeim rannsóknum lokið sumarið 1928, með þeim árangri, að lagt var til eindregið að virkja svokallað Efra-Sog, nefnilega þann hluta Sogsins, sem liggur milli Þingvallavatns og Úlfljótsvatns. Bæjarstj. ákvað þegar að láta gera fullnaðaráætlanir um virkjun og leita kaupa á vatnsréttindunum. Var hið síðarnefnda gert, og því næst fengnir sérfræðingar til þess að gera frekari áætlanir og yfirfara þær áætlanir, sem þegar höfðu verið gerðar. Að þessu var unnið árin 1928 og 1929, og að þeim rannsóknum loknum, komst bæjarstj. að endanlegri niðurstöðu. Sá, sem einkum vann að þessum undirbúningi var norskur sérfræðingur frá vatnamálafélaginu í Noregi, maður með mikla kunnáttu og æfingu í slíkum störfum. Eftir að þessum undirbúningi var lokið, var verkið boðið út í nóv. 1929, með útboðsfresti til 10. júní 1930. Þegar sá tími var liðinn, voru komin tvö tilboð um virkjunina, en í útboðinu var þess óskað, að einnig væri lánað fé til framkvæmdanna. Annað tilboðið var frá Svíum, og buðu þeir að leggja fram fé, ef um semdist að öðru leyti, og í því skyni voru sendir út þrír menn til frekari samninga við félag þetta. En í tilboði þeirra var settur ákveðinn frestur og skyldi bæjarstj. segja ákveðið um tilboðið innan þess frests. Einnig var það sett að skilyrði fyrir láninu, að ríkisábyrgð fengist fyrir því. Á fundi 10. des. í vetur tók bæjarstj. því næst ákvörðun um að fresta þessu máli, þar til Alþingi væri komið saman og þar til séð væri, hversu það tæki í þetta mál. En þar með var tilboði þeirra Svíanna hafnað, því að tilboð þeirra stóð ekki nema tiltekinn tíma.

Þannig horfir þá málið við nú. Verður ekki annað séð en að það hafi hlotið þann undirbúning, sem nauðsynlegur er í slíku stórmáli sem þessu, þar sem færir menn, bæði utan lands og innan, hafa fjallað um málið og rannsakað það til þrautar.

Þá vil ég næst lýsa því, hvernig þetta mál horfir við frá sjónarmiði Rvíkurbæjar. Elliðaárstöðin framleiðir aðeins 600 kw., sem vitaskuld verður og er að verða allt of lítið fyrir bæinn. Þessi raforka gerir ekki meira en nægja til ljósa handa bænum, en að engu leyti til suðu, hitunar né iðnaðar. Hún er þess vegna öldungis ófullnægjandi nú þegar, hvað þá heldur í framtíðinni. Eigi að síður eru þær tekjur, sem bærinn hefir af þessari litlu stöð, um eða yfir 1 millj. kr. árlega. Það hefir þótt hlýða að hafa verð orkunnar hátt, til þess að geta skrifað fyrr niður verð stöðvarinnar, til þess að geta virkjað meira síðar í viðbót við það, sem nú er búið að virkja. Orka Elliðaárstöðvarinnar hefir verið ca. 55 w. á mann, en ef Sogið yrði virkjað, er gert ráð fyrir, að orkan yrði ca. fjórum sinnum meiri á hvern bæjarmann, sem sízt er ofmikið, ef horft er nokkuð fram í tímann; auk þess ber þess að gæta, að ef Sogið yrði virkjað, þá kæmi Hafnarfjörður hér inn í, sem er nú í hinum mestu vandræðum með rafmagn. Og þótt ekki væri byrjað á að virkja nema 5000 kw. í Soginu, þá mundi sú orka ásamt Elliðaárstöðinni nægja þessum bæjum og héruðum í langan aldur.

Þá rís því næst sú spurning, hvort Sogsvirkjunin beri sig fjárhagslega. Allur kostnaður við byggingu stöðvarinnar er áætlaður 6 til 7 millj. kr. Núverandi verð á Elliðaárstöðinni, ásamt umbótum á bæjarleiðslukerfinu vegna nýrrar virkjunar, nemur ca. 3,5 millj. kr. Þetta verða c. 10 millj. kr. til samans, sem bærinn hefði lagt í þessi fyrirtæki. Fyrir litlu stöðina við Elliðaárnar hefir bærinn yfir 1 millj. kr. tekjur, en ef Sogið yrði virkjað til viðbótar, þá þyrfti að auka þessar tekjur um 500 þús. kr., til þess að geta séð fyrir afborgunum, vöxtum og fyrningum á þessum mannvirkj-

um. Álögurnar á bæjarbúa vegna rafmagnsins myndu þannig vaxa um þriðjung, en raforkan myndi aukast um tvo þriðju hluta, miðað við þegar búið er að virkja Sogið. Með þessu álagi ætti bærinn að vera búinn að eignast stöðina skuldlausa eftir 25 ár.

Ég hefi vonandi skýrt þetta nægilega fyrir hv. dm., hve mikið fjárhagsatriði er hér um að ræða fyrir bæjarfélagið. Hér mundi sparast allur sá mikli innflutningur á kolum, sem átt hefir sér stað, því bærinn mundi nota rafmagnið til hita og suðu. Og mundu því kol alveg hverfa úr sögunni. Þegar svo Reykjavík og Hafnarfjörður þurfa meira rafmagn, þá er því svo fyrir komið, að ekki þarf annað en bæta við vélum. Stofnkostnaðurinn er kominn. Og það er nokkurn veginn víst, að eftir að vélum er bætt við, muni rafmagnið lækka, því að kostnaðurinn við viðbót vélanna er hverfandi lítill.

Þetta er í stuttu máli sú hlið, sem snýr að bæjarfélagi Rvíkur.

Þetta mál ásamt fleirum hefir verið tekið til athugunar af raforkumálanefnd. N. þessi er skipuð af ríkisstj. og hæstv. núv. fjmrh. á sæti í henni. Tók n. sér sérstaklega fyrir hendur að rannsaka Sogið í sambandi við raforkumál nærliggjandi héraða, og hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að ódýrast sé að taka þar rafmagn til Vestmannaeyja, Rangárvalla- og Árnessýslna, sem auðvitað liggja vel við. N. áleit ennfremur, að ódýrast væri að taka rafmagn úr Soginu handa Gullbringu- og Kjósarsýslu og Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Í þessari n. eru sérfræðingar, sem komizt hafa að þeirri niðurstöðu, að betra sé að leiða rafmagnið 300—400 km. um svæði, þar sem 14—15 þús. manns búa, en að virkja önnur vatnsföll í grennd við þau hvert í sínu lagi. Þeir athuguðu og, á hvern hátt bezt mætti tryggja þessi héruð í sambandi við Sogsvirkjunina til Rvíkur. Þeir álitu sjálfsagt að setja þetta í frv., til þess að þessi héruð á sínum tíma gætu komið og sagt við Rvík: Nú viljum við fá að vera með í rafmagninu. Þið virkið Sogið, en við göngum inn í fyrirtækið samkv. frv. og borgum kostnaðarverð að viðbættum 10%.

Aðalefni frv. er, að þau héruð, sem þar eru nefnd, geti komið þegar þau eru tilbúin og gengið í samband við Rvík. Það er mjög hætt við, að þessi héruð ættu erfitt með að koma slíku á stofn hjá sér, hvert út af fyrir sig. En aftur á móti er það mjög hægt fyrir þau, ef þau eru í sameiningu við Rvík, enda er hægara fyrir Rvík að beita sér fyrir þessu en fyrir smáhéruð, sem eiga við fátækt að stríða. Þessi sýslufélög geta svo snúið sér til bæjarins, þar til þessi hálfa virkjun er búin, og þá er Rvíkurbær skyldugur að virkja án ábyrgðar þeirra, allt samkv. frv.

En ríkissjóður, sem á helming virkjunarinnar, getur samið um hitt eða haldið áfram virkjuninni, þegar bærinn hefir fullvirkjað sinn hluta Sogsins.

Vegna þess að ég býst við að hafa tækifæri til þess að tala í þessu máli síðar, skal ég ekki fara lengra út í einstök atriði nú. Vil ég fastlega vona, að hv. dm. taki frv. vel. Ýmsir kunna að vísu að segja, að það sé áhætta fyrir ríkissjóðinn að ganga í ábyrgð fyrir svo stóru láni. Þó er hér um það að ræða að auka framleiðslu landsins og bæta afkomu manna og auka þar með gialdþol þegnanna. Og ég verð að segja það, að ef ríkinu ætti að vera það hættulegt að ganga í ábyrgð fyrir Reykjavík, býst ég við, að lítið yrði úr þjóðfélagsheildinni, svo lítið, að ég þori ekki einu sinni að hugsa um það.

Þetta getur ómögulega verið fjárhagslega hættulegt, heldur þvert á móti eykur það velmegun mikils hluta þjóðarinnar, svo að þeir menn, sem þessa fá að njóta, verða að sama skapi betri borgarar, standa betur undir þeim byrðum, sem þjóðin leggur þeim á herðar og verða á allan hátt nýtari borgarar.

Fjmrh. (Einar Árnason): Hér hefir komið fyrir óvenjulegt atvik. 2 stjórnmálaflokkar landsins hafa samþ. með atkvgr. að taka fyrir mál, sem ekki er á dagskrá. Þessi mál eru fyrir tiltölulega skömmu fram komin, en fjöldi nauðsynjamála bíður.

Þessi mál eru hagsmunamál fyrir Rvík eina, og er því ekki undarlegt, þótt þm. Reykv. séu með þeim. En hitt sætir meiri

furðu, að aðrir hv. þdm. skuli ljá þessu atkv. sín.

Vel gæti ég trúað því, að þegar þm. Reykv. væru orðnir 9, þá væri rétt að taka upp þá nýbreytni, að láta þá ljúka sér af, með því að tala í 2—3 mán., áður en hinir aðrir þm. eru kvaddir til þings til þess að greiða atkv. — Skal ég að svo stöddu ekki fara lengra út í þetta. Virðist mér, sem þetta frv. um virkjun Sogsins sé árangur af frv. undanfarinna þinga um raforkuveitur til almenningsþarfa; vil ég þá aðeins benda á, að með þessu frv. er ekki bætt úr almenningsþörfum.

Ef þetta frv. verður samþ. og ríkissj. gengur í 7 millj. kr. ábyrgð, þá álíta flm., að allt sé í lagi með rafmagnsmál yfirleitt. Þeir segja, að þetta sé stórt spor í áttina til þess, að sveitir landsins fái rafmagn, a. m. k. Suðurlandsundirlendið. Þessi upphæð nægir aðeins til þess að virkja og flytja rafmagnið til Rvíkur. En hverju eru sveitirnar nær? Enginn þarf að halda, að þetta leysi rafmagnsmál sveitanna. Að auki á svo að veita stórfé úr ríkissjóði til þess að gefa í þetta fyrirtæki. Síðan yrði ríkið að láta sérstakar ábyrgðir til handa sveitarfél. víðsvegar um land.

Viðvíkjandi ábyrgðinni yfirleitt vil ég segja það, að það er mjög varhugavert fyrir ríkið að hlaupa í útlendar ábyrgðir fyrir hin og þessi héruð eða kaupstaði.

Ég álít, að hefja þurfi betri undirbúning um það, hvernig virkjun skuli haga. Og ég tel ekki útilokað, að bæjarfélög, sem legðu saman, gætu fengið lán í útlöndum til virkjunar, ef hægt væri að leggja fyrir erlenda sérfræðinga, hvernig skipulögð hefði verið virkjunin og það félli þeim í geð. En þegar talað er um, að ríkissjóður skuli ganga í 7 millj. kr. ábyrgð fyrir Reykjavík, þá mega menn ekki gleyma því, að Rvík hefir rafmagn og ýms önnur þægindi, sem sveitirnar hafa ekki. Og þó að Rvík fái þetta rafmagn, þá eru sveitirnar í sama kulda og sama myrkri eins og áður.

Í þessu frv., sem er stórmál, finnast smámunir, eins og t. d. það, að ríkið leggi til fé í veg, til að flytja á efni að Soginu. Sú vegargerð er ekki nauðsynleg fyrir ríkið. Það datt mér aldrei í hug, að bæjarfélagið mundi fara út í aðra eins smámuni og þessa.

Að síðustu skal ég taka það fram, að ég tel málið svo illa undirbúið, að ekki sé rétt að ákveða neitt um það nú.

Flm. (Jón Ólafsson): Ég þarf ekki miklu að svara í hinni hógværu ræðu hæstv. fjmrh. Sýndi hann skilning á hag Rvíkur. Ég vona, að hann verði þessu máli velviljaður, þegar hann hefir áttað sig á þessum atriðum.

Það eru tvær hliðar á þessu máli, áhætta og nauðsyn. Og ég býst ekki við, að hann geti fært þau rök fyrir áhættunni, að það vegi upp á móti nauðsyninni.

Það getur verið, að hæstv. ráðh. hafi ekki lesið frv. vel, því að hann er nýkominn á fundinn. En ef hann hefir tekið eftir 6. gr. frv., býst ég við, að hann muni taka öðruvísi í þetta. Ég kæri mig ekki um að lesa upp greinina, býst við, að allir hv. þdm. hafi frv. fyrir framan sig.

Fyrsta sporið í þessu efni verður að að koma upp orkuveri. Því að ef brunnurinn er ekki til, er vatn ekki til. Með þessu er örlagasporið stigið og grundvöllurinn lagður. Og ég vil segja, að það sé sleggjudómur hjá hæstv. fjmrh., að málið sé illa undirbúið.

Þrír af okkar færustu verkfræðingum, sem ég býst við, að stj. hafi skipað, hafa kveðið upp þennan dóm. Og einhversstaðar verður að byrja að kveða upp dóminn. Annars skildist mér á hæstv. ráðh., að þeir ættu að kveða upp eitthvert heildarplan. Auðvitað verður að byrja á einum fjórðungi fyrst.

Viðvíkjandi því, hvernig þetta mál er komið inn í deildina, vil ég segja, að menn eru misjafnlega kappsfullir, og þeir, sem þykjast hafa orðið undir í bili, vilja reyna að nota þann rétt, sem þeir hafa, til þess að koma sínum málum áfram. Já kappsmönnum ris alltaf upp löngunin til þess að koma sínum áhugamálum að.

Þá minntist hæstv. fjmrh. á, að þessi 2 frv. okkar væru eingöngu hagsmunamál Rvíkur. Það má nú segja ýmislegt um það, hvort svo er eða ekki, en hvað sem því líður, þá ætla ég að leyfa mér að segja það, að hagsmunamál Rvíkur hafa

undanfarið ekki verið að þvælast fyrir hér á Alþingi. Og ég býst við, að menn hér fái að hafa frið fyrir þeim í framtíðinni.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Af því að þetta mál kemur nokkuð skyndilega á dagskrá deildarinnar, langar mig til að fá að vita dálítið nánar um fyrirætlanir þeirra, sem frv. flytja. Hefði mál þetta komið inn í þingið sem frv. til l. aðeins um fyrirkomulag á virkjun Efra-Sogsins til þarfa Rvíkur og Hafnarfjarðar, þá hefði það horft dálítið öðruvísi við. Ég er, eins og flestir, sem búsettir eru hér í Rvík, munu vera, fylgjandi því, að Sogið verði virkjað hið fyrsta, er kringumstæður og undirbúningur leyfa. En nú er málið flutt á dálítið öðrum grundvelli. Það er ekki sérstaklega talið hagsmunamál Rvíkur, eins og það er þó, heldur er nú sagt, að það snerti allan suðvesturhluta landsins.

Málið hefir nú verið talsvert rannsakað að því er Reykjavík snertir, en aðrar hliðar þess, þær, sem snúa að landshluta þeim, sem frv. ætlar að vera félaga í fyrirtækinu, eru lítt rannsakaðar. Málið hefir ekki verið rannsakað með tilliti til sveitanna. Það, sem mig langar að heyra um frá hv. flm., er það, hvað þeir hugsa sér um þá hlið málsins.

Frv. þetta gerir ráð fyrir, að landsmenn allir gangi í ábyrgð fyrir láni til framkvæmda, sem ekki er skynsamlegt að álíta, að komi öðrum en Rvíkingum og Hafnfirðingum að notum fyrst um sinn. Ég er hræddur um, að flm. frv. geri sér það ekki fyllilega ljóst, að eigi þetta verk að ná til hagsmuna sveitanna, verður að liggja fyrir annar undirbúningur en nú er til. Þær rannsóknir, sem fram hafa farið á rafvirkjunarmálum þjóðarinnar, hafa ekki leitt til glæsilegrar niðurstöðu fyrir sveitirnar.

Það kom fram frv. hér um árið, sem laut að því að spenna raftaugar um allar sveitir landsins, frv. um rafmagnsnotkun sveitanna. Um það var mikið deilt, og það kom í ljós, að slíkar framkvæmdir gátu kostað landið um 80 millj. kr. Ætlazt var til, að ríkið legði fram fé þetta að miklu leyti, bæði með beinum framlögum og með útvegun lána. Var því ljóst, að úrslit þess máls gátu haft talsverð pólitísk áhrif út á við. Jafnvel þó að gert hefði verið ráð fyrir, að þessi fyrirtæki mundu bera sig, var vafasamt, hvort ríkið hefði getað útvegað svo stórar fjárhæðir, sem þarna var um að ræða, án þess að verða um of háð öðrum þjóðum.

Síðan hefir rafmagnsmálinu verið haldið vakandi. Fjórir verkfræðingar voru skipaðir í nefnd til að rannsaka það. Þeir hafa komizt að raun um, að umrætt frv. frá 1928 var byggt á röngum grundvelli. Það eina, sem n. veit um þá hlið rafmagnsmálsins, er að sveitunum snýr, er það, að raftaugar yrðu þar svo dýrar í hlutfalli við íbúana, að stórum rafvirkjunarfyrirtækjum væri ekki hægt að uppihalda fjárhagslega, nema með framlögum einhversstaðar frá. Þetta kom athugulum leikmönnum alls ekki á óvart; því var þegar haldið fram 1928. Þá kom til greina, hvort ríkið var fært um að útvega fyrst lán til virkjana og bera síðan þann kostnað, sem vanta mundi upp á, að þær gætu borið sig.

Hinir fjórir verkfræðingar hafa þannig kveðið upp dauðadóm yfir því, að eins og nú er komið tekniskri þekkingu, sé gerlegt að koma upp stórum raforkuveitum í sveitum landsins. Þetta getur að vísu breytzt með tímanum, vegna framfara í rafmagnsiðnaðinum eða nýrra uppgötvana, t. d. ef menn kæmust upp á að senda rafstraum langar leiðir gegnum loftið, eða ef raftaugar verða svo ódýrar, að viðráðanlegt sé að nota þær, þó að um strjálbýli sé að ræða. Við verðum að vona, að slík breyting verði á, áður en langt um líður. En eins og nú standa sakir, geta stórar rafvirkjanir ekki orðið sveitunum til hagræðis, nema þar, sem svo hagar til, að þær geta notið góðs af línum, sem lagðar eru til stærri þarfa. Þannig gæti t. d. Mosfellssveit notið Sogsvirkjunarinnar, og talið er, að það mundi borga sig að leggja leiðslur yfir á Akranes, þó að það yrði gífurlega dýrt, af því að þar er allmargt fólk fyrir. Aftur halda menn, að ekki muni borga sig að leiða rafmagn um Kjósina; þar er of strjálbýlt. Eftir því er óhugsandi, að Árnessýsla geti nokkurt gagn haft af virkjun Sogsins, nema

ef hægt væri að leggja í að leiða rafmagnið til Eyrarbakka og Stokkseyrar; þá mundu nokkrir sveitabæir komast inn á þær línur. Eins mundi eitthvað af bæjum í Rangárvallasýslu komast í nábýli við strauminn, ef raforka væri leidd frá Sogstöðinni til Vestmannaeyja. Það er eftirtektarvert, að rafmagnsmálið er fyrst borið fram sem málefni sveitanna. Síðan eru liðin þrjú ár, og á þeim tíma hafa orðið endaskipti á þessu. Nú er búað að gefa sveitirnar upp á bátinn, nema sem smávægilega viðbót, þar sem línur liggja um þær milli þéttbýlli staða. Nú er fyrst og fremst að ræða um rafveitu handa Reykvíkingum. Eitt millistig er þó rétt að geta um. Í Skagafirði hefir farið fram nokkur athugun á því, hvort gerlegt væri að leiða rafmagn heim á flesta bæi um miðbik héraðsins. Niðurstaðan varð sú, að þó að alstaðar væri sparað sem mest, yrði rafaflið svo dýrt, að ekki væri hugsanlegt að nota það nema til ljósa. En það er vitanlega ekki sízt nauðsynlegt fyrir sveitirnar að fá rafmagn til suðu og hitunar, þar sem víða er skortur á eldsneyti. Það hefir miklu meiri þýðingu heldur en þó rafmagn fáist til ljósa.

Þetta held ég, að hv. flm. frv. skjótist yfir, að menn eru þegar komnir að þeirri raunalegu niðurstöðu, að sveitirnar hafa ekkert við stór raforkuver að gera, að það eru hlutir, sem þær hafa ekki bolmagn eða aðstöðu til að færa sér í nyt. Það hefði verið miklu hreinlegra að orða frv. þannig, að þetta væri rafvirkjun fyrir Rvík og Hafnarfjörð. Það er auðvitað gott fyrir framgang málsins, ef fulltrúar þeirra héraða, sem hafa gagn af þessum framkvæmdum vilja trúa, að svo verði og styðja frv. af þeirri ástæðu. En það er ekki hægt að búast við af neinum skynsömum manni, að hann geri það.

Ég vil minna hv. flm. á eitt athugavert atriði í þessu máli. Vatnsfallið, sem frv. gerir ráð fyrir að virkja, er að hálfu leyti í eigu Rvíkur, en að hinum helmingnum í eigu landsins. Hv. flm. dettur víst í hug, að Rvík geti byggt öðrum landeigendum út og tekið vatnsfallið til notkunar án þess að tala við hinn eigandann, landið (HV: Hver er „landið?" Er hér kannske einhver Mussolini, sem sækja þarf til?). Hv. þm. er nú víst nógu hræddur við stjórnina, þó að hann geri hana ekki stærri en hún er.

Ég er viss um, að Árnesingar láta ekki taka þegjandi frá sér land og vatnsafl til Sogsvirkjunarinnar, án þess að þeim sé veitt um leið sérstök aðstaða. Og taki landið sinn hluta af vatnsréttindunum frá Árnesingum handa Rvík, þá er þar um vafasamt réttlæti að ræða. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um það, hvað málið er illa undirbúið af hálfu flm.

Þegar nú sýnt er, að þetta mál er borið fram aðeins fyrir Rvík og Hafnarfjörð, er mjög vafasamt að ætla ríkinu að leggja veg vegna virkjunarinnar, sem ríkið hefir annars ekkert með að gera. Sogsvirkjunin er Reykjavíkurmál, vegurinn ekki síður en aðrir hlutar framkvæmdanna.

Þá kem ég að þeim þætti málsins, þar sem mér finnst mest missmíði á undirbúningnum. Í frv. er gert ráð fyrir, að Rvík sé ekki einfær um að leysa þetta mál. Ég las nýlega í Alþingistíðindunum þau ummæli eftir togaraeigenda, að það væri metnaður togaranna að veiða sem mest þó að þeir þyrftu til þess í landhelgi. Það á að vera metnaðarmál Rvíkur að leysa þetta mál án þess að binda um leið öðrum landsmönnum byrðar. Þegar búið er að gleðja sveitirnar með því að segja þeim, að þær geti ekki fengið raforkuveitur frá stórum rafstöðvum, að þær verði að vera án rafmagns, þar sem einstaklingarnir geta ekki reist smástöðvar, þá á að láta þær ábyrgjast lán til virkjunar fyrir þann hluta landsins, sem bezta aðstöðu hefir til að afla sér rafmagns. Þeim er ætlað að láta lánstraust sitt í té fyrir þann aðila, sem ekki ætti að þurfa á því að halda.

Blöð þau, sem styðja flokk hv. 1. flm., héldu því fram um skeið, að ríkið hefði ekkert lánstraust. Þegar taka þurfti lán til að rétta við lánsstofnanir landsbúa, sögðu þau, að stj. gæti það ekki, því að ríkið hefði enga tiltrú. Eftir að þessu hafði verið haldið fram, gerðist tvennt. Ríkið fær lán, og gengur það fremur vel. Það væri æskilegt, að Rvík gengi eins vel að fá lán án ábyrgðar ríkisins. Þrátt fyr-

ir fádæma níðingsháttt, sem fram kom gegn lánstrausti landsins, tókst stj. að útvega lán á þann hátt, að hún hlaut öfund þeirra manna, sem verri kjörum verða að sæta, þegar þeir þurfa að útvega lánsfé.

Svo þegar Rvík, sem hefir við þá aðstöðu að búa, sem fjármálastefna hv. 1. flm. og flokks hans hefir skapað, þegar höfuðborgin þarf að fá lán, verður hún strax að flýja til ríkisins til að fá hjálp. Íhaldsmenn hafa alltaf haft meirihlutavald í Rvík, þeir hafa mótað líf hennar og tiltrú. Þegar svo þessir menn þurfa út fyrir landsteinana til að útvega bænum lán, gefast þeir upp eftir fyrstu tilraun og hverfa bónleiðir til búðar. Rvík þarf að fá ábyrgð ríkisins, segja þeir, hún hefir enga tiltrú. Ríkisins, sem þeir höfðu fyrir skömmu haldið fram, að útlendingar þyrðu ekki að trúa fyrir svo miklu sem fimm aurum. Ég segi ekki, að hv. 1. flm. hafi sjálfur tekið þátt í lánstraustsróginum; ég hygg, að svo hafi alls ekki verið, en það voru hans nánustu samherjar, sem að þeim ódrengskap stóðu.

Forráðamenn Rvíkur hafa sýnt eftirtektarvert kjarkleysi og þolleysi við að útvega lán til Sogsvirkjunarinnar. Sem Rvíkingur vil ég algerlega mótmæla því, að Rvík geti ekki fengið lán án ríkisábyrgðar. Ég hefi þá trú, að Rvík geti sjálf leyst það mál, sem hér er um að ræða, og að hún eigi að gera það. Það er bænum til minnkunar, ef hann þarf að leita til annara um lánstraust.

Nefnd sú, sem send var út til að útvega Rvíkurbæ lán til Sogsvirkjunarinnar, leitaði ekki fyrir sér nema í einu landi, Svíþjóð. Þar segist hún hafa fengið þau svör, að þeir vildu ekkert eiga við Reykjavík, nema hún fengi ábyrgð ríkisins. En því leitaði hún þá ekki til Englands, Frakklands eða Bandaríkjanna? Það var engin ástæða til að gefast upp, fyrr en búið var að reyna í þessum þremur aðalpeningamarkaðslöndum heimsins.

Núverandi ríkisstj. var búin að undirbúa það í þrjú ár að taka 12 millj. kr. lánið. Hún gerði ráðstafanir til, að athugaðar væru markaðshorfur á peningamarkaði heimsins og grennslaðist eftir skilyrðum til lántöku á ýmsum stöðum. Svo beið hún eftir heppilegum tíma. Því geta ekki forráðamenn Rvíkur farið eins að? Eða vilja þeir heldur fara að eins og þeir, sem tóku ókjaralánið mikla 1921? Lánið, sem hv. 1. þm. Skagf. var neyddur til að taka, gegn vilja sínum. Það lán var tekið of fljótt. Ef þá hefði verið farið að eins og núverandi stj. gerði, tekið fyrst bráðabirgðalán og beðið með aðallántökuna til heppilegri tíma, þá hefðu sennilega fengizt betri kjör.

Ég álít það jafnmóðgandi fyrir Rvíkinga, að leitað er eftir ríkisábyrgð fyrir þeirra hönd, eins og það er óheppilegt fyrir aðra landshluta að taka ábyrgðina á sig. Bergen, sem er ekki nema þrisvar sinnum stærri en Reykjavík, tók nýlega stórt lán, sem mjög hefir verið vitnað til hér, hvað hagstætt hafi verið. Ekki þurfti hún ríkisábyrgð. Ætti það að vera Reykjavík hvöt til að halda ótrauð í sömu átt og þessi frændborg hennar.

Ég er viss um, að hv. 1. flm., sem er talinn mikill fjáraflamaður og sem auk þess er bankastjóri, er vel kunnugt um það, að allar ábyrgðir eru meira en formsatriði. Honum er eflaust ljóst, að ef ríkið gengur í ábyrgð fyrir þessum 7—8 millj., verður á heimsmarkaðinum litið svo á, að ríkið sjálft hafi tekið þær að láni. Það hafa sumir mikið talað um, hvað ríkisskuldirnar séu orðnar óhæfilega miklar. Með þessu frv. er gerð tilraun til að hækka þær. Út á við verða þau lán, sem ríkið gengur í ábyrgð fyrir, ekki talin annað en ríkisskuldir. Lánstraust landsins hlýtur að minnka um það, sem þeim upphæðum nemur.

Menn munu segja, að það sé mikill munur á að taka lán handa stofnunum, sem búizt er við að beri sig, og það er vitanlega rétt. En utanlands eru þau lán samt sem áður talin til ríkisskuldanna. Útlendum fjármálamönnum er mjög vel kunnugt um, hvað skuldir íslenzka ríkisins eru miklar, þó að þær hafi ekki allar verið taldar í landsreikningunum.

Það er í rauninni ekkert smámál, sem hér er um að ræða. Og ég er hissa, að hv. þm. Dal., sem allra manna flest orð hefir haft um það, að verja frelsi Íslendinga, skuli ekki nú láta sérstaklega til sín heyra. Því að hér er eiginlega um að ræða spor í áttina til þess hættuleg-

asta innlimunarmáls, sem komið hefir til umr. á seinni árum. Það er ekki aðeins ábyrgð á þessum 8 millj. handa Rvík, sem hér kemur til greina. Ef hún er veitt, verður einnig að útvega nærliggjandi kauptúnum lán til að stækka aflstöðina og leiða rafmagnið til sín, þegar þau krefjast þess. Svo koma hinir kaupstaðirnir og segja: Við höfum teká okkur ábyrgð fyrir Rvíkinga, nú heimtum við líka ríkisábyrgð fyrir láni til virkjunar. Síðan koma nýjar kröfur víðsvegar um land, kjósendur hv. þm. í Dölunum og allir aðrir landsmenn og heimta hjálp til að fá rafmagn. Allir hafa nóg af fossum til að virkja og þörfina fyrir rafmagn, en fjármagnið vantar. Kröfum þessara manna getur Alþingi ekki með neinni sanngirni neitað, ef það hefir skyldað þá til að taka á sig byrðar vegna rafveitu handa Reykvíkingum, sem langbezta aðstöðu hafa til virkjunar. Ber þá að sama brunni og 1928, 80 millj. kostnaður fyrir landið.

Þá er komið að því, að landið er í svikamyllu, sem ekki getur stöðvazt nema á tvennan hátt; enginn vill lána, eins og nú er komið fyrir Rvík, eða þá að héruðin fengju lán, unz byrðin er orðin svo mikil, að landið sligast undir henni, verður gjaldþrota. Ég veit, að hv. 3. þm. Reykv. skilur, að ef Rvík og Hafnarfjörður fá ábyrgð, þá er ekki hægt að neita öðrum um hana. Ég vil segja það um hv. 1. landsk., að hann reyndi að halda í þessu horfi og beitti sér á móti ríkisábyrgð, og álít ég, að hann hafi réttilega skilið þetta þá, hvað sem hann vill núna. Það er ekki spurningin, hvort þetta borgar sig fyrir Rvík, heldur hvort þingið getur tekið þetta á sig, því að það er ekki víst, hvort það borgar sig fyrir Rvík að taka 7 millj. kr. lán. Ég veit, að enginn þm. vill hindra Rvík í að taka lán, sem hún sjálf vill og getur risið undir.

Ég vil skjóta því fram, að ég tel þessa játningu hættulega, einkanlega ef hv. þm. vissu um þær tilraunir, sem Rvíkingar hafa gert til að afla sér smálána, og ekki fengið viðunandi kjör. Og að sögn hefir einn erl. lánveitandi bæjarins heimtað að fá að láta fylgjast með í reikningum bæjarins, ef hann hækkaði lánið. Ég tel óviðunandi, að firma, sem hefir skipt við bæinn, skuli ekki hafa meira traust á Rvík en svo, að það fer að tala um, að ekki sé þorandi að veita henni smávægilegt lán til bæjarins þarfa. Þetta er móðgun, sem enginn ætti að láta bjóða sér, en bærinn má búast við móðgunum af slíku tagi í framtíðinni, og er það óþolandi fyrir landið. Hv. flm. verður að gæta þess, að Rvík hefir ekki verið vel stjórnað, og þegar flokksmenn hans í bænum koma og biðja samborgara sína úti á landsbyggðinni að hjálpa sér út úr þessu feni, sem þeir eru í, þá er það harður dómur fyrir Rvík, þegar viðskiptamenn þeirra treysta þeim ekki. Ég býst við, að menn muni segja, að ef bænum væri vel stjórnað, væru þeir fúsari að ganga í ábyrgð, en Rvík hefir sýnt, að hún hefir ekki traust. Það, sem hv. flm. verða að gæta að, er það, að verkin tala móti íhaldsstjórninni á Reykjavík.

Þetta ástand Rvíkur og óstjórnin, sem er á fjármálum hennar og sem væntanlega heldur áfram, er stórt atriði viðvíkjandi þessari ábyrgð. T. d. ef maður kæmi til hv. 3. þm. Reykv. og bæði hann að skrifa upp á víxil fyrir sig, þá mundi hv. þm. kynna sér efnahagsástæður mannsins, og væru þær viðunandi, þá mundi hann skrifa upp á víxilinn; að öðrum kosti ekki.

En viðvíkjandi þessu fjármálahelsi, sem þjóðin er beðin að binda sér með skuldum, sem hún getur ekki risið undir, vil ég taka dæmi, sem ég skoða ekki sem neitt leyndarmál, og sýnir það, hverja ánægju beztu fyrirtækin hafa af því, er þau komast í miklar skuldir. Þetta dæmi er Eimskipafélagið. Það skuldar 2 millj. kr. í Khöfn og hollenzkum banka. Eimskipafél. hefir tryggt skipin í Khöfn, en við þá breytingu, sem orðið hefir á framkvæmdarstj. félagsins, var farið að leita fyrir sér um betri kosti í Englandi, og niðurstaðan varð sú, að fél. gat fengið betri kjör, sem svaraði 30 þús. kr. á ári, en þegar Eimskipafél. lét lánardrottna sína vita, að það ætlaði að skipta um, þá tilkynnti danski bankinn mjög elskulega, að auðvitað gætu þeir skipt, en þeir yrðu þá að borga skuldina upp — 2 millj. kr.

Sennilega verður Ísland í þetta sinn

að beygja sig fyrir kúguninni; peningamennirnir leggja sverðið á metaskálarnar, og skuldunauturinn verður að lúka skuldinni. Landið hefir einu sinni verið kúgað, í sambandi við enska lánið, en það er ekki vafi á því, að ef landið heldur áfram að ganga óskynsamlega í ábyrgð og uppéta sitt lánstraust, þá kemur að því, að það fær sömu aðstöðu og Rvík hefir nú.

Héðinn Valdimarsson: Ég hefi óskað eftir, að þetta mál væri tekið á dagskrá. Ríkisstjórnin situr einráð 9 mánuði ársins og getur gert hvað hún vill, en 3 mánuði einungis situr Alþingi, sem hefir eitt umboð þjóðarinnar til löggjafar, og mætti þá vænta, að alþingismenn gætu haft ráðrúm til að koma fram áhugamálum sínum og kjósenda, án mótþróa stjórnarinnar. En þegar ráðríki stj. gengur svo langt, að hún heimtar að koma að einungis sínum málum á dagskrána, og aðrir þingmenn geta ekki komið sínum að fyrir ofríki hennar, þá er eina ráðið fyrir þm. að neyta réttar síns samkv. þingsköpum og heimta að koma á dagskrá þeim málum, sem þeim hafa verið falin og þeir bera fyrir brjósti.

Þessi tvö mál, sem ég ásamt flokksmönnum mínum í deildinni og 3 öðrum þm. heimta á dagskrá, eru stórmál. Sogsvirkjunin er óefað stærsta mál landsmanna. Sogið er sá staður í Norðurálfu, sem bezt mun vera fallinn til virkjunar. Nálægt Soginu liggur Rvík, með nálægt 30 þús. manns, með sína gömlu rafveitu, litla og ónóga. Hér er mikil þörf á rafmagni, og útreikningar allra sérfræðinga, sem um málið hafa fjallað, hafa sýnt, að virkjun Sogsins ber sig mjög vel fjárhagslega, fljótlega eftir að hún er komin á, en þar með er ekki sagt, að aðrir geti ekki haft gagn af henni. Af virkjun Efra-Sogsins geta auk Reykjavíkur haft not með fjárhagslegum ábata Akranes, Reykjanesskaginn, Hafnarfjörður, Eyrarbakki og Stokkseyri og jafnvel Vestmannaeyjar.

Það hefir verið talað um það, hvað snertir rafmagn til sveitabæja, að það hafi ekki verið nóg rannsakað, og er það að vísu rétt, en hinsvegar er virkjunin nauðsynlegt fyrirtæki, jafnvel þótt hún kæmi að engum notum fyrir sveitirnar, og jafnvel þótt engum væri hagur að nema Reykjavík, en nú er vitað, að allmikill hluti sveitanna og öll kauptúnin á Suðurlandi hafa af þessu sama hag sem Reykjavík. Til þeirra frekari rannsókna, er með þarf um not sveitabæja af virkjuninni, eru 4 ár nægilegur tími, en virkjunin mun taka þann tíma.

Hæstv. fjmrh. kom með ýmsar mótbárur gegn frv., t. d. að ríkissjóður eigi að leggja fram fé til frekari vegarumbóta á Þingvallaveginum, og fullgera veg austan Þingvallavatns niður að Efra-Sogi; en til þessara umbóta leggur Rvíkurbær fram 140 þús. eftir frv. Mér finnst nú, að úr því að hver vegurinn á fætur öðrum er tekinn í þjóðvegatölu, þá sé ekki mikið hægt að mæla í gegn því, að ríkissjóður taki á sínar herðar nokkurn hluta kostnaðarins við þennan veg, sem verður mjög svo fjölfarinn og til almennra nota, þar sem ríkissjóður ætti raunverulega að bera allan kostnaðinn.

Þá hefir verið fundið að því, að ekki er gert ráð fyrir því í frv., að önnur héruð en Reykjavík taki þátt í þessu. Það er ætlazt til, að Rvík taki að sér virkjunina fyrst, unz virkjunin er hálfnuð, en síðan ríkissjóður að hálfu leyti, m. ö. o. þegar líkindi eru til, að rafmagnið geti farið að lækka í verði, þá komi ríkið til, og þar með önnur héruð landsins en Rvík, svo að eins vel virðist farið með þau eins og hægt er, þar sem Rvík ber ábyrgðina meðan einhver áhætta er, en þá fyrst, er fyrirtækið er með öllu tryggt, koma hin héruðin.

Hæstv. ráðh. og stj. hans, sem undanfarin ár hefir eytt svo miklu fé úr ríkissjóði, að ekkert fé er nú fyrir hendi,er vandræði og atvinnuleysi steðja að, og nú talar hátt um takmörkun verklegra framkvæmda, ætti að fara varlega í mótspyrnu gegn þessu frv. Það mundi hafa í för með sér allmikla atvinnu, án tilkostnaðar úr ríkissjóði, sem bætt gæti nokkuð úr þeim vandræðum, sem að sumu leyti stafa af hirðuleysi stjórnarinnar í fjármálum landsins.

Hæstv. ráðh. segir, að dýrtíðin í Rvík sé mikið átumein. Heldur hann, að hún lækki mikið við það, að staðið sé á móti

því, að hér í bænum fáist ódýrt og nægilegt rafmagn til suðu og iðnaðar? Virkjun Sogsins er einmitt ein af hinum öruggustu ráðstöfunum til lækkunar þessarar dýrtíðar, sem nú er hægt að gera.

Það er fjarri því, að við jafnaðarmenn teljum rafmagnsmálinu lokið, þótt Sogsvirkjunin verði samþ. Við flytjum nú á þinginu annað frv., um rafveitulánasjóð, þar sem hugsað er fyrir rafmagnsvirkjunum og séð fyrir fé til þeirra úti um allt land með tíð og tíma. En þar verður að byrja, sem allt er til þess hagkvæmast, flest fólk getur notið þess, og verkið er fjárhagslega öruggast, en það er á Sogsvirkjuninni. Því virðist liggja í augum uppi þótt það sé gagnstætt ummælum hæstv. dómsmrh., sem finnst undarlegt, að þar skuli byrjað, sem aðstaðan er bezt, flest fólkið. Hann virðist helzt vilja láta byrja þar, sem aðstaðan er verst og fólkið fæst, og vil ég ekki eyða orðum að því að mæla gegn slíkri helberri vitleysu.

Hæstv. dómsmrh. segir, að úr rafveitu sveitanna, sem íhaldsmenn hafi verið með, sé komin rafveita Rvíkur. Mér kemur ekki til hugar að verja fyrri hugmyndir íhaldsmanna né frv. þeirra um rafveitumálin, en mér virðist það ekki nema sjálfsagt að þar sem lengst hefir verið um málið hugsað og það bezt undirbúið, sé því fyrst hrundið í framkvæmd. Það hefir og sýnt sig mjög vel við nánari rannsókn í raforkumálan., að rafveitur í sveitum verða ekki framkvæmdar, nema á stöku stað, þar sem sérstaklega vel hagar til, öðruvísi en í sambandi við rafveitur bæja og sjávarþorpa, sem geta borið þær uppi fjárhagslega. Af þeim ástæðum er eini möguleikinn fyrir rafveitum um sveitirnar, rafveitur fyrir bæina. Nú sést við nánari athugun, að þau héruð, sem gætu notið Sogsvirkjunarinnar, eru einmitt beztu héruð landsins og frjósömustu, Árnessýsla, Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. Eins og eðlilegt væri, að ríkið legði alla áherzlu á að styrkja ræktun, byggingar og nýbýli í þessum héruðum, svo er og eðlilegt að Sogsvirkjunin sé studd þessara héraða vegna engu síður en bæjanna á Suðvesturlandi. Þá mundi og Árnessýsla hafa ýms önnur hlunnindi af þessari virkjun, atvinnu fyrir Árnesinga og aukna afurðasölu vegna virkjunarinnar.

Hæstv. dómsmrh. talaði mikið um Rvík og lánstraust hennar. Ég vildi sízt halda hlífiskildi yfir stjórn Rvíkur, en þeir, sem kvartað hafa undan lánstraustsspjöllum fyrir landið vegna rógs Morgunblaðsins, ættu að tala varlega um lánstraust Rvíkur, enda munu menn, sem athuga bæjarreikningana, sjá, að Rvík er ekki bær, sem er eignalaus og úrræðalaus. Hún er bær, sem á miklar eignir, sem bera sig vel, þótt bænum sé illa stjórnað af íhaldinu, sem þar er einrátt. Ég er ekki grunlaus um það, að ríkisstj. hafi ekki hjálpað til þess að fá lán fyrir Rvík, heldur einmitt hafi gert sitt til að varna því, að bærinn fengi lán, og er það langt gengið móti höfuðstað landsins. Það er víst, að Sogsvirkjunin mun ná til ⅔ landsmanna og að hún mun vel svara kostnaði. En það kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að stjórnin væri móti þessu vegna áhættu ríkisins. Ef menn athuga bæjarreikningana og sjá, hvað eignir eru miklu meiri en skuldir, þá er auðséð, að í rauninni er engin hætta á því, að Rvík geti ekki staðið straum af sínum skuldum. Og þó að það sé bæjarsjóður Rvíkur, sem tekur lánið, þá eru það aðrir, sem eiga að borga, — það er virkjunarfyrirtækið sjálft. Það er engin hætta á því, að eftir fáein ár geti virkjunin ekki staðið straum af vöxtum og afborgunum og öllum rekstrarkostnaði. Hver er þá áhætta ríkissjóðs? Ég álít hana enga. Ég veit, að illmögulegt er fyrir Rvík að fá lán erlendis án ríkisábyrgðar. Af hvaða ástæðu, stendur á sama í þessu sambandi, þegar það er ekki af því, að bærinn standi sig illa. Þar sem nauðsyn er fyrir Rvík að ráðast í þetta fyrirtæki, þá er það sjálfsögð skylda ríkisins að ganga í þessa ábyrgð. Hæstv. ráðh. talaði um það, að aðrir kaupstaðir gætu tekið lán. Stórlán hefir þeim nú hingað til ekki tekizt að fá, en ég tel, að ekki sé með öllu útilokað, að það gæti tekizt fyrir Rvík. Undirbúningurinn undir málið mundi þá taka langan tíma og tefja fyrir Sogsvirkjuninni. En svo er það algerlega ástæðulaust, að ríkið aðstoði ekki Rvík og aðra bæi í slíkum málum með lánstrausti sínu, á sama hátt sem áður hefir verið gert og

stöðugt er gert fyrir sveitirnar. Ég vil spyrja hæstv. fjármrh., hvort hann haldi, að sveitirnar fái milljónalán, ef bæirnir væru ekki með og engin ríkisábyrgð. Það er augljóst, að slík lán fengjust ekki. Bæði bæir og sveitir verða að aðstoða hvert annað í þessum málum.

Hæstv. dómsmrh. talaði um sjálfstæði landsins, að því væri stofnað í voða. Það er svo fjarri því, að fá mál eru meiri sjálfstæðismál en Sogsmálið, um opinbera virkjun og rekstur Sogsins án íhlutunar erlendra virkjunarfélaga og sem gerir mögulegt að losa landið við kaup á miklum erlendum varningi, kolum og olíu, en býr til undirstöðu undir innlendan iðnað.

Allt þetta hjal stj. um áhættu ríkissjóðs og hættu fyrir landið er út í loftið. Enda vita menn það, að allt annað liggur á bak við. Stj. er send út í þessu máli af ákveðnum erlendum manni, sem hefir hælinn á hnakka hennar. Það eru ekki hagsmunir þjóðarinnar né jafnvel sveitanna sem þar ráða, heldur þvert á móti.

Flm. (Jón Ólafsson): Það hafa nú 2 hæstv. ráðh. látið til sín heyra um þetta mál. Við, sem fluttum frv., höfðum búizt við því, að þeir tækju í málið af skilningi á hag þeirra manna, sem að þessu eiga að búa, og á hag landsins í heild sinni. Í stað þess verður hæstv. dómsmrh. út í allt aðra sálma. Hann komst út um alla heima og geima, eins og hans er vandi, án þess að komast nokkurntíma að efninu. En báðir ráðh. eiga það sammerkt í þessu máli, að þeir vara við fjárhættunni, sem er harla einkennilegt af þessum mönnum. Vitanlega veit ég það af minni reynslu, að þegar einhverjir hafa gert það verk, sem þeir vilja flýja, þá verða þeir fyrstir til að vara við því. En í þessu tilfelli, þó að þeir hafi farið illa með fé ríkissjóðs, er það ekki nema hefnd á hefnd ofan, að vera hræddur við skuggann sinn, að þora ekki að leggja landinu fé. Þeir eru of smáir fyrir það, sem þeir eiga að fara með, verða hræddir og flýja svo af vellinum frá sínum eigin verkum. Hræðslan er svo mikil, að þeir þora ekki að horfa á afleiðingar af verkum sínum. Sálarsýki þeirra og lítilmennska er svo mikil, að þeir þora ekki að horfa á sín eigin spor, þora ekki að halda áfram þeirri stefnu, sem bjartsýni þeirra blés þeim einu sinni í brjóst, þora ekki annað en að flýja þá leið, sem fer með þjóðina til glötunar, úr því að þeir hafa stigið þau spor, sem þeir hafa stigið síðustu 3 árin. Út í þessi mál fór hæstv. dómsmrh. lítið, en þó nóg til þess að taka nokkuð af þeim upp. Að vísu hefir hv. 2. þm. Reykv. hrakið allmikið af þeim fjarstæðum, sem þar komu fram, og ætla ég ekki að snúa mér að þeim atriðum. En það, sem skín út úr þessari ræðu hæstv. dómsmrh., er persónulegur illvilji til málsins. Hæstv. ráðh. hélt því fram, að sérfræðingar álitu, að það hefði óbærilegan kostnað í för með sér að leiða rafmagn út um sveitirnar. En það er víst, að með því móti að eiga aðgang að Soginu geta sveitirnar fengið ódýrast rafmagn. Eftir orðum hæstv. dómsmrh. verður taugakerfið svo dýrt úti um landið, að það er vonlaus hlutur fyrir sveitirnar að komast svo langt, að þær megi hugsa til þess. Ég tek þetta ekki alvarlega, hann er aðeins að leiða yfir þetta mál, sem margir gera sér miklar vonir um og fjöldi landsmanna þráir, vonleysi, sem er óbótaverk fyrir málið á byrjunarstigi. Þess vegna tek ég þetta hart upp. Það er ekkert í frv., sem leggur kvaðir á héruðin, heldur þvert á móti. Þeim er heimilt, þegar Rvík. hefir lagt grundvöllinn og grafið grunninn, að ganga í fyrirtækið með kostnaðarverði, að viðbættum 10%. Annars geta þær látið það vera þangað til þeim sýnist. Þetta verður vitanlega miklu ódýrara en ef þær ættu að eiga við þetta sjálfar og sumstaðar eru heldur engin tækifæri til þess. Hæstv. dómsmrh. var að tala um það, að þetta yrði skrifað á skuldalista ríkissjóðs. Ég held, að það megi gizka á það, að þetta yrði skrifað á hann að nokkru leyti, en sá er munurinn á þessum og mörgum öðrum skuldum ríkissjóðs, að þetta fé gefur af sér margfaldan gróða. Þess vegna, þegar meta á gjaldgetu ríkja yfirleitt, fer það ekki eftir því, hvað skuldirnar eru miklar, heldur eftir því, hvað mikil getan er til að greiða skuldirnar, sem á þeim hvíla. Ég held, að þetta yrði til að bæta, en ekki til að spilla fyrir lánstraustinu, því að ráðleysi hverrar þjóðar er hræðsla við að verja peningunum í ágóðafyrirtæki.

Er það dauðamark, sem gerir það að verkum, að aðrir trúa henni ekki fyrir peningum.

Hæstv. dómsmrh. ruglaði öllu saman, Árnesingum og silungunum í Soginu o. s. frv. Ég held, að réttindi Árnesinga séu svo trygg í lögunum, að ekki þurfi að fara mörgum orðum um það.

Hæstv. dómsmrh. vildi í þessari ræðu sinni þyrla upp eins miklum óhróðri um Rvík og hægt var að koma að í þessari soraræðu. Hann sagði, að bænum hefði verið illa stjórnað síðustu áratugi. En það er viðurkennt, að fáum hreppsfélögum hefir verið eins vel stjórnað og Rvík og í fáum hreppsfélögum eins lítið af skuldum. Það er von, að hæstv. dómsmrh. vilji halda áfram að ganga þá braut, sem er honum til smánar og minnkunar, þegar hann þyrlaði því upp, að borgarstjóri væri þjófur og falsari. Þetta er það ljótasta bragð, sem dómsmrh. hefir gert í pólitískum tilgangi, til þess að koma að manni. Þessi aðferð er þess eðlis, að hún hefði sízt átt að koma úr þessari átt. Það er ekki neitt sérstakt sport í því að fá þetta beint frá ráðherra, sem verður síðan, sér til mikillar smánar, að renna á rassinn með allt sem rakalausan og tilhæfulausan uppspuna. Það er ekki sparað að fórna borgurunum til þess að koma fram soranum, sem við og við rignir yfir þjóðina frá þessum ráðh. Það má ekki minna vera en að mál svo sem þetta mæti fullri kurteisi og velvild frá stj. Það eitt út af fyrir sig er ekki nema rétt og sjálfsagt. Og á þann hátt fór hæstv. fjmrh. að málinu. En dómsmrh. sýndi því fulla óvináttu í einu og öðru, og það er sjálfsagt af þeim sömu orsökum, sem liggja til grundvallar fyrir mörgu öðru athæfi þessa manns. Hann kallar málið illa undirbúið. Ég verð að segja það, að ef hann hefði nokkurntíma á sinni ráðherratíð undirbúið nokkurt frv. eins vel og þetta, þá mætti hann vera hróðugur. Þeir, sem hafa undirbúið málið, eru verkfræðingar og margir aðrir skynugir menn, og þar á meðal hæstv. fjmrh., sem er nýgenginn úr nefndinni. Ég álít málið þrautundirbúið af bæjarins hendi og síðar athugað af þessari nefnd, raforkumálanefnd, sem í rauninni var öflugasti hvatamaður þessa frv., sem hér liggur fyrir, að öllu rækilega athuguðu. Það er ekki alveg eina ráðið til þess að komast út úr ógöngunum að vera hræddur við sinn eiginn skugga og flýja hann, svo sem nú á sér stað um hina hrelldu sál hæstv. dómsmrh.

Magnús Guðmundsson: Ég skal ekki vera langorður, en það, sem kom mér til þess að standa upp, voru ummæli hæstv. dómsmrh. um, að þetta mál kæmi sveitum landsins ekkert við. Hér væri eingöngu hugsað um Rvík. Undir það sama tók hæstv. fjmrh., þar sem hann sagði, að þessu máli miðaði ekkert áfram fyrir sveitirnar, þó að frv. yrði samþ. Hvernig er unnt að halda því fram, að þessu máli miði ekki áfram fyrir sveitirnar, þegar svo stórt orkuver er byggt, að mikill hluti landsins getur komizt í raforkusamband með því að leggja taugar þangað og fá rafmagn með kostnaðarverði, að viðbættum 10%. Fyrsta sporið er að byggja þetta orkuver, sem hér er farið fram á, og á þá leið, að þetta stóra og dýra orkuver yrði byggt fyrir kostnað og ábyrgð Rvíkur, sem á að standa straum af því eingöngu. Þá fyrst, þegar sveitirnar sjá sér fært að ganga í þetta, gera þær það, en eru sjálfráðar hvenær.

Öllu hagfeldari undirbúningur fyrir sveitir landsins en þessi getur alls ekki átt sér stað. Það er ómögulegt, að neitt geti verið sveitunum betra en sú aðferð, að láta aðra byggja orkuverið og ganga síðan inn í virkjunina með þeim réttindum, sem ákveðin eru í frv., þegar þær sjá sér hag í því.

Það er þess vegna algerlega rangt, að hér sé verið að yfirgefa málstað sveitanna. Það er svo í þessu máli, að sveitirnar hljóta að hafa gagn af þeim stöðvum, þar sem margmennið er. Mér er ljóst, að í strjálbýlum sveitum getur ekki orðið af veitum, nema með aðstoð þeirra sveitarfélaga, sem fjölmennari eru. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er byggt á því að reisa eina stóra stöð við bezta fallvatnið, sem til er í Evrópu, og leiða þaðan taugar vestur um, austur um og norður um. Og ég hefi það fyrir satt, að rafmagnið megi leiða allar götur milli Skaftafellssýslna og Snæfellsness- og jafnvel Dalasýslu. Það þykir kannske

löng leiðsla, en þeim, sem þekkja til þess, að sum lönd verða að sækja rafmagn til annara landa, getur ekki ofboðið þetta.

Ég þarf ekki að svara því, er hæstv. dómsmrh. var að tala um, að hér væri verið að ráðstafa eignum ríkisins án þess að spyrja hinn rétta aðila. Það er búið að taka fram, að Alþingi og enginn annar er sá rétti aðili.

Það eru smámunir einir að tala um þessa vegalagningu, sem getur um í frv., og ef það fer sérstaklega fyrir brjóst hæstv. stj., þá skal ég gjarnan til samkomulags strika það út úr frv. En ég held, að sanngjarnari grundvöll sé ekki hægt að finna en að láta Rvík borga helminginn og ríkið helminginn.

Hæstv. ráðh. sagði, að Rvík mundi sennilega geta fengið lán, og hún gæti staðið undir þessu láni sjálf. Þetta getur vel verið, um það skal ég ekkert fullyrða. En fyrir sveitirnar, sem ætla að hafa not af virkjuninni, er það alls ekki hagkvæmara, að Rvík eigi hana ein og geti sett sveitunum skilyrði.

Það er stór kostur við þetta frv., að gengið er út frá því, að sveitirnar geti gengið inn í fyrirtækið, þegar þær vilja, og þurfa þess vegna ekki að taka á sig neinar lántökur eða ábyrgðir vegna byggingar á orkuverinu sjálfu. Hitt veit ég, að til tauganna þarf að leggja fé, og ég ætlast til þess, að ríkissjóður ábyrgist kostnaðinn af því, sem mundi verða 2—3 millj. kr.

Ég veit ekki, til hvers hæstv. ráðh. var að tala um lán, sem Bergen fékk í haust. Það lán var með miklu betri kjörum en það, sem íslenzka ríkið tók, og ekki er hægt að búast við, að Rvík fái hagkvæmara lán en landið í heild sinni. En ég geri mér í hugarlund, að bærinn fengi nokkru lægri vexti, ef ríkið gengi í ábyrgð. Þó að ríkið gengi í ábyrgð, verður það ekki skoðuð skuld ríkissjóðs. Og ég er viss um, að allir fjármálamenn munu skilja, að lán, sem tekið er til fyrirtækis, sem heldur sér sjálft uppi, er allt annað en eyðslulán. Yfirleitt er ábyrgð fyrir slíkum lánum talin form og ekkert annað.

Hæstv. ráðh. talaði um, að það væri hættulegt frelsi landsins út á við, ef gengið væri í þessa ábyrgð. Það er þá hættulegt að hans áliti, að landsmenn taki bezta fallvatnið í Evrópu og fari að virkja það. Það er meining ráðh., að þetta fallvatn fái að belja enn um hundruð ára, engum til nota. Það á að vera mesta menningarmerkið á okkur. En ég er á gagnstæðri skoðun. Útlendingar undrast ekki, að sú mannræna sé í okkur, að við látum það ekki lengur ónotað. Og þegar þeir sjá, að við förum að færa okkur það í nyt, þá finnst þeim það vissulega bera vott um manndóm, en ekki ræfilsháttt. Það er eitt drýgsta sporið fyrir sjálfstæði landsins, að leggja í fyrirtæki, sem jafnframt því sem þau bera sig sjálf, valda því, að við förum að kaupa minna frá útlöndum og verðum fremur sjálfum okkur nógir. Þetta eru hin sönnu sjálfstæðismál.

Nei, andstaða hæstv. ráðh. gegn þessu máli er andstaða gegn raforkuveitunum, andstaða, sem hann hefir sýnt frá því fyrst, er þetta mál kom fram. Það var hann fyrstur manna, sem reyndi að kasta tortryggnisblæ yfir það mál, og hann heldur því áfram.

Ég hefi talað við ýmsa menn, sem hafa komið upp hjá sér rafstöðvum með ærnum kostnaði, og þeir hafa sagt, að það væri allt annað líf fyrir þá, síðan þeir fengu rafmagn og öll þau þægindi, sem því fylgja. Og það er mín fyllsta sannfæring, að fyrir sveitir þessa lands, og til þess að halda fólkinu þar, sé alls ekkert hægt að gera, sem sé þeim til meira gagns en að veita raforku þangað.

Hæstv. ráðh. ræddi talsvert um, að Rvík hefði ekki verið vel stjórnað. Ég verð að viðurkenna, að ég er ekki svo þaulkunnugur því, að ég þori um það að dæma. En hitt þori ég að segja með fullri vissu, að Reykjavíkurbæ hefir verið miklu betur stjórnað heldur en málefnum ríkisins síðastliðin þrjú ár.

Sigurður Eggerz: Það var hæstv. dómsmrh., sem gaf mér tilefni til þess að segja hér nokkur orð. Hann sneri sérstaklega máli sínu til mín og spurði, hvort aðstaða mín í sjálfstæðismálum þjóðarinnar væri bara glamur, og vildi setja það fast í samband við þetta frv. Nú langar mig til þess að segja það, að í þessum virkjunarmálum er orðin merkileg stefnubreyting. Ég barðist á sínum tíma

á móti því, að einstökum erlendum félögum væru veitt stórkostleg einkaleyfi til þess að koma hingað inn hundruðum milljóna, því að ég áleit það hættulegt fyrir sjálfstæði landsins. Hæstv. dómsmrh. stóð ekki á verði gegn þessari hættu, varaði ekki við henni með einu orði.

Sú hugsun, að vilja vinna ljós og hita úr vatnsföllum landsins fyrir eigið fé, er eðlileg. Hitt er allt annað mál, hvenær maður fer af stað og hvernig maður fer af stað. Það þarf að meta eftir verkfræðilegum rannsóknum og fjárhagslegri aðstöðu. Ástæðan til þess, að ég greiddi atkv. með því, að þetta mál væri nú tekið á dagskrá, er sú, að ég veit, að þessi hugsjón, að raflýsa bæi og sveitir, sem fyrst var borin fram af Sjálfstæðisflokknum, hefir bergmálað í öllum flokkum og meðal allrar íslenzku þjóðarinnar. Og þegar slíkt mál kemur fram, þarf að taka það sem fyrst fyrir, til þess að það verði íhugað vel og ekki kastað til þess höndunum. Þetta er eitt af þeim stórmálum, sem öll þjóðin fylgir með áhuga, og þótt komið hefði till. um að flytja það fyrr inn á dagskrána, þá hefði ég greitt atkv. með því.

Mér er ljóst, að sú leið er holl, sem er mörkuð með þessu frv., að landsins börn vinni sjálf á sinn kostnað vatnsöflin, sem bezt eru, til þess að leiða ljós og hita inn í byggðirnar. Ég hefi komið á bæi, sem áður voru ekki raflýstir, en eru það nú, og aldrei hefi ég séð eins mikinn mismun. Þeir, sem hugsa um að stöðva hinn óholla straum úr sveitunum í kaupstaðina, mega vara sig á því að standa á móti því að skapa þau þægindi, sem ein geta stöðvað slíkan straum. Það er engin önnur leið en þessi, til þess að sveitirnar haldi áfram að vera sveitir.

Hæstv. dómsmrh. talaði í sambandi við ummæli sín um mig og sjálfstæðismálin um Eimskipafélag Íslands og vátryggingar þess. Ég hafði heyrt lausasögur um það í bænum, en þar sem hæstv. dómsmrh. hefir leitt það hér inn á Alþingi, óska ég eftir frekari upplýsingum um málið.

Eftir því, sem ég hefi heyrt, víkur málinu þannig við, að Eimskipafélagið hafði boðið út flota sinn til vátryggngar, og lægsta tilboð, sem kom, var frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands. Munurinn á því og hinu næsta fyrir ofan var 37 þús. kr. Fyrir Eimskipafélag Íslands skiptir auðvitað ákaflega miklu máli að geta sparað 37 þús. kr. árlega í vátryggingunni. Þegar félagið ætlar svo að ganga að þessu boði, kemur Handelsbankinn, sem félagið skuldar, og segir: Ef þið takið þessa tryggingu, þá segjum við upp lánum hjá ykkur!

Hefir hæstv. dómsmrh. athugað, hvað hér er á ferð? Það er hvorki meira né minna en það, að danskur banki segist hafa svo mikla ótrú á Sjóvátryggingarfélagi Íslands, að ef flotinn er vátryggður þar, þá segir hann upp lánum sínum. Og þó hefir áður verið vátryggt hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands, en þá var dönsk endurtrygging á bak við, en nú var komin ensk baktrygging, sem er þó sterkari. En bara fyrir það, að þessi trygging er komin í staðinn, neitar bankinn að taka þetta gilt. Svo er sagt, að stj. hafi gengið í málið og niðurstaðan orðið sú, að vátryggingunni var skipt þannig, að Eimskipafélagið vátryggði helminginn hjá dönsku félögunum og helminginn hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands. En félagið verður samt að borga háa iðgjaldið, því að þegar Sjóvátryggingarfél. fékk aðeins helminginn, gat það ekki boðið lægra gjaldið. — Fyrir danska kúgun verður Eimskipafélagið að tapa 37 þús. kr. á ári!

Nú vil ég spyrja hæstv. stj., hvernig standi á því, að hún í þessu tilfelli reynir ekki að rétta hjálparhönd. Hæstv. dómsmrh. vildi nota þetta til þess að sýna, að Eimskipafélagið sé svo skuldum hlaðið, að það hafi orðið að beygja sig. Það er ekki von, að það sé svo sterkt, að það geti greitt fyrirvaralaust skuld sína til Handelsbankans, sem nam hér um bil 1200000 kr. En þegar á að beita félagið, óskabarn þjóðarinnar, slíkri kúgun, hví reynir stj. sjálf þá ekki að útvega því lán annarsstaðar, svo að það gæti tekið þessa vátryggingu? Og hvað hugsa Englendingarnir, þegar danskur banki tekur ekki gilda vátryggingu hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands? Þetta er bein árás á lánstraust þjóðarinnar.

Þess vegna vil ég beina alvarlega þeirri spurningu til stj., hvort hún hafi skilið, hvað hér er á ferðinni, og hvort hún hafi

gert skyldu sína til þess að bjarga Eimskipafél. og virðingu ísl. þjóðarinnar. Mér virtist á hæstv. dómsmrh., að þetta hefði átt að vera ósigur fyrir Eimskipafélagið, en það er ósigur fyrir þjóðina. Og hæstv. stj. hefði átt að skilja, að henni bar skylda til þess að koma í veg fyrir slíka kúgun sem þessa, að svo miklu leyti sem hún gat. Sæmra var það heldur en að nota þetta til að gera lítið úr getu Eimskipafélagsins.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., 1. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Í gær höfðu tveir hv. fulltrúar Rvíkur og hv. 1. þm. Skagf. og hv. þm. Dal. gert aths. við ræðu mína um þetta mál, og mun ég máske ekki víkja sérstaklega að hverri ræðu, því að í þeim var mikið til sama efni, heldur tala um málið eins og það liggur fyrir. Enginn þeirra treystist til að neita því, að þetta, sem hér á að gera, er ekki mál alls landsins, heldur fyrst og fremst Rvíkur og Hafnarfjarðar, og sú staðhæfing sjá menn nú, að er ekki annað en blekking, þegar þess er gætt, að engir útreikningar liggja fyrir um framkvæmanleik á þessum orkuleiðslum. Þvert á móti eru til hjá rafmagnsnefndinni útreikningar, sem sýna, að leiðslur út frá stöðvunum geta alls ekki borið sig, nema með styrk frá því opinbera.

Enginn þessara hv. þm. gat mælt móti því, að þetta var byrjað sem mál sveitanna. Það var náttúrlega kosningabeita. Þá ætluðu þeir líka að leiða rafmagn um allar sveitir á kostnað ríkisins eftir því, sem með þyrfti. Þeir voru ekki að hugsa um Rvík eina þá, þó að fólkið væri þar flest. Svo snýst þetta allt saman við í höndunum á þeim flokki, sem bar það fram. Hv. 1. landsk. (JÞ), sem átt hefir þátt í þessum neikvæðu útreikningum rafmagnsnefndarinnar, hélt fyrir þremur árum, að það væri leikur einn að leiða rafmagnið út um sveitirnar. Nú er hann alveg horfinn frá því; sér, að það er of dýrt eins og er. Þetta byrjaði bara eins og kosningabeita í sveitunum. (**MG:** Þetta er vitleysa). Nú eru forustumennirnir hættir að ætla að telja fólkinu trú um, að það sé mál, sem liggi fyrir, að leiða rafmagn um Árnessýslu og Rangárvallasýslu og um allan Skagafjörð.

Þetta er í sjálfu sér aðalatriði málsins nú, að einn bær, Reykjavík, treystir sér ekki til, af ástæðum, sem ég kem að bráðum, eða hefir ekki haft þann dugnað, sem þurfti, til þess að útvega sér lán til virkjunar, og kemur til ríkisvaldsins og segir: „Vilt þú hjálpa mér með þetta? Ég get ekkert án þín". En um leið er sannarlega bægt frá sveitamönnunum, þeim, sem áður átti að veiða. Hv. 2. þm. Reykv. neitar því, vegna þess að nefndin sýnist ekki hafa trúað honum fyrir upplýsingum um málið, eins og það liggur fyrir.

Hér er eiginlega um það að ræða, hvort ríkissjóður eigi að ganga í ábyrgð fyrir hvaða kaupstað, sem biður um hana. Það er mála sannast, að landið hefir gengið í ábyrgð fyrir nokkrum minni upphæðum. Ég hygg t. d., að það hafi ábyrgzt lán til raflýsingar á Patreksfirði fyrir nokkrum árum. En meðan þetta voru litlar upphæðir, sem landið var fært um að taka á sitt bak, ef illa færi, þá tóku menn ekki eins eftir því, hvað var að gerast, og það var ekki heldur eins hættulegt.

Þetta mál er nú orðið að stóru fjárhagsmáli. Það, sem um er að ræða, er, hvort landið eigi að taka á sig ábyrgð fyrir mörgum millj. kr. og hætta þannig lánstrausti sínu. Enginn hv. þm. getur neitað því, að í því liggi hætta fyrir ríkið, enda hafa hv. þm. ekki reynt að svara því. Ef hv. þm. vilja neita þessu, þá vita þeir ekkert, hvað lánstraust landsins er. (**ÓTh:** Heldur hæstv. ráðh., að Reykjavíkurbær verði gjaldþrota?). Það gæti komið fyrir; það hafa margir bæir orðið gjaldþrota. Í Noregi hafa einmitt margir bæir orðið gjaldþrota fyrir ógætilegar rafmagnslagningar. En um það skal ég ekki tala. Ef Reykjavíkurbær er vel stæður fjárhagslega, þá getur hann tekið sín lán sjálfur, án ábyrgðar ríkisins. (**HV:** Tóku sveitirnar lánið til Búnaðarbankans?). Það á engin sérstök sveit Búnaðarbankann.

Það væri mjög æskilegt, að hv. þm. vildu sanna það, að ríkinu stafi engin hætta af slíkri ábyrgð, að ábyrgðin yrði ekki talin ríkinu sem skuld á erlendum

peningamarkaði. Ég skora á hv. þm. að afsanna það, ef slík ábyrgð væri talin sem skuld erlendis, að erlend ríki og peningastofnanir mundu ekki hætta að trúa á lánstraust landsins, er vissri upphæð ábyrgða væri náð. Ætli þau færu þá ekki að reikna út fjárhagsaðstöðu landsins eftir fólksfjölda og öðrum aðstæðum og hætta að treysta ríkinu að meira eða minna leyti?

Ennfremur hafa hv. andstæðingar mínir ekki fært nein rök fyrir því, hvernig skuli gera upp á milli ábyrgða fyrir einstaka landshluta framvegis. Rvík fer hér fram á 8 millj. kr. ábyrgð. Það er mjög líklegt, að t. d. Gullbringusýsla og Vestmannaeyjar vildu þá fá slík lán með ríkisábyrgð. Eiga þessi héruð síður rétt til slíkra lána en Rvík? Og ég fyrir mitt leyti hefi enga trú á því, að þessi héruð gætu borið slík lán, án þess að ég vilji þó særa hv. þm. þessara kjördæma. Þó að t. d. Vestmannaeyjar séu blómlegur kaupstaður, þá hefir hann þó átt mjög erfitt með að byggja sína litlu höfn og hefir leitað til ríkisins um fjármagn. Út frá þeirri reynslu, sem ríkið hefir af því að hjálpa kauptúnum með framkvæmdir sínar, er það ljóst, að með þessari ríkisábyrgðastefnu er ríkissjóðnum bundinn þungur baggi á herðar. En hv. flm. hugsa ekki um afleiðingarnar af þessari stefnu. Þeir hugsa aðeins um augnablikið, en loka augunum fyrir framtíðinni.

Hv. 3. þm. Reykv. fór um það nokkrum orðum, að það væri ekkert óeðlilegt, þó að Rvíkurbær hefði svo lítið lánstraust, þar sem ríkisstj. hefði sinnt kæru, sem komið hafði fram út af reikningum bæjarins. Hv. þm. sagði, að þetta væri ofsókn, og að kæran væri ekki á neinum rökum byggð. Hvað getur hv. þm. sagt um það, þegar kæran er undir rannsókn? Nú er verið að rannsaka reikninga bæjarins. Þegar því er lokið, verður tekin ákvörðun um, hvort rannsókn skuli haldið áfram.

Það stafar eingöngu af ókunnugleika hv. 3. þm. Reykv., er hann fullyrðir, að kæran sé ekki á neinum rökum byggð. Hún er byggð á áliti merks hagfræðings og liggja fyrir henni svo þungvæg rök, að hv. þm. hefir ekkert leyfi til þess að fullyrða neitt um málið, meðan ekki hefir verið sannað, að þau séu röng. Og það er engin vörn fyrir hv. þm., þó að hann viti ekki það, sem aðrir vita. Eigin vanmáttur hans sannar ekkert um málsstað nokkurs manns.

Ég vil þá nota tækifærið til þess að minnast með nokkrum orðum á þá ásökun flokksmanna hv. þm. í garð stj., að hún beiti ofsóknum í réttarrannsóknum sínum. Tökum t. d. Hnífsdalsmálið. Urðu hinir ákærðu ekki sannir að sök? Hvað hefði verið sagt, ef ríkisstj. hefði ekki sinnt kærunum á hendur þessum mönnum? Hvað á að segja um þau blöð, sem ofsóttu dómarann látlaust og fullyrtu, að hinir ákærðu væru saklausir?

Ég get ekkert hugsað mér fyrirlitlegra en framkomu þessara blaða og þess flokks, sem að þeim stóð. Mig furðar á, að hv. 3. þm. Reykv. skuli geta verið í þeim flokki, sem tekur málstað slíkra glæpamanna og hér var um að ræða.

Og það eru fleiri mál en þetta, sem flokksbræður hv. þm. hafa talið ofsóknir af hálfu hins opinbera. Þeir ætluðu að ærast af ofsóknartali, er ríkisstj. lét rannsaka það, hvort yfirvöldum væri leyfilegt að halda dánarbúum á vöxtum og hirða sjálfir vextina. Vill hv. þm. halda því fram, að nokkur heiðarlegur maður standi lengur með Morgunblaðinu í því máli? Það getur óskað sér sjálft til hamingju, en sigur þess sjá áreiðanlega engir aðrir en þeir, sem að því standa.

Þá má minna á mál, sem kom fyrir í haust. Hv. 3. þm. Reykv. fór þá sjálfur í mál við flokksbróður sinn, sem hafði orðið fyrir því óláni að kaupa fyrir nokkur hundruð þús. fisk, sem var veðsettur Útvegsbankanum og skuld á þar. Var það ofsókn að kæra slíkan mann? Útvegsbankinn fór í mál við manninn. Hv. 3. þm. Reykv. leit svo á eins og aðrir, að lögin yrðu að ráða, þó að í hlut ætti maður úr sama flokki og hann.

Í tíð fyrrv. stjórna voru það ýmsir menn, sem margbrutu landslögin, en það var álitið, að ekki bæri að hegna þeim, sem bezta aðstöðu höfðu í lífinu, heldur aðeins þeim, sem enga áttu að. En nú, þegar lögin eru látin ganga jafnt yfir alla, þá kveina þessir menn undan ofsóknum.

Ég hefi þá upplýst það, að hv. þm. veit

ekki, að kæran út af reikningum bæjarins er undir rannsókn, og að fvrir henni eru rök frá starfsbróður hv. þm., fyrrv. skattstjóra í Rvík, manni, sem er miklu merkari en þessi hv. þm.

Hv. þm. Dal. hélt því fram, að ekkert væri að því fvrir ríkið að ganga í ábyrgð fyrir þessum 8 millj. kr.

Ég skal taka það fram, að ég beindi ekki fyrirspurninni til hv. þm. Dal. af því, að ég áliti hann mestu sjálfstæðiskempuna hér í þinginu, heldur af því, að þessi hv. þm. hefir talað allra manna mest og hæst um föðurlandsást sína.

Það kom í ljós við ræðu hv. þm., að hann veit ekki, hvað fjárhagsleg innlimun er, þó að hann hafi máske þekkingu á samningslegri innlimun. Nú á tímum fer flest innlimun fram á fjárhagslegan hátt. Þarf ekki annað en minnast á viðskiptastríð þjóðanna. Fyrir heimsstyrjöldina smeygðu Þjóðverjar sér t. d. alstaðar inn með fjármagn sitt. Það eru bankar og fjármál, sem nú er barizt mest um, en ekki pólitískt vald.

Hv. þm. Dal. getur ekki séð, að það sé hættuleg braut fyrir ríkið að ganga í marga millj. kr. ábyrgð fyrir kaupstaði og sveitir. Hv. þm. hefir láðst að geta þess, hvort hann hugsaði sér, að Dalasýsla fengi rafmagn líka. Ef svo færi, þá mundum við vera komnir að 80 millj. kr., því að ef á að hjálpa þeim sveitarfélögum, sem bezt eru stæð, þá er ómögulegt að neita öðrum um hjálp. Þau eiga engu síður rétt á aðstoð ríkisins í þessum efnum.

Þá talaði hv. þm. um fjárhagsvandræði þau, er Eimskipafélag Íslands hefði komizt í erlendis. Hv. þm. spurði, hvers vegna stj. hefði ekki útvegað Eimskipafélaginu fé. Ef þessi hv. þm. hefði verið í stj., mundi hann hafa talið, að félagið kæmi sér ekki við, það væri sjálfstæð stofnun, — þó að hv. þm. væri reyndar óspar á að rvðja fé í Íslandsbanka á sínum tíma. En engin stj. hefir handbærar 2 millj. kr. handa einstaklingi eða félagi, sem hefir ‚spekúlerað' óskynsamlega erlendis. Stj. það þó sendiherra vorn í Kaupmannahöfn að reyna að leysa málið eftir getu, og gerði hann það. Auk þess gerði forsrh. tilraun til þess, að málið yrði á fleiri manna vitorði í Danmörku, þeirra er hafa pólitísk völd, þótt Danastjórn hafi að vísu ekki völd til þess að skipa málinu á annan veg en það var komið á. Þó að mál þetta veki mikið umtal og gremju hér á landi, þá getum við samt af því lært. Það, sem hér hefir gerzt, er það, að eitt mesta framfarafyrirtæki landsins hefir orðið að þola kúgun vegna mikillar lántöku erlendis. Þetta sýnir ljóslega hættu þá, sem stafar af því, að stofna ógætilega til skulda. Og ummæli hv. þm. Dal. um málið sýna ennfremur, að hann ber ekki nógu mikið skyn á þessa hlið sjálfstæðisbaráttunnar.

Þá kem ég aftur að hv. 3. þm. Reykv. Hann var að bera mér það á brýn, að ég væri afturhaldssamur í þessu máli og að ég gæti ekki séð þær framfarir, sem orðið hefðu í Rvík. En ég held, að hv. þm. sé búinn að gleyma fyrri hluta afskipta flokks síns af þessu máli. Málið var tekið upp í bæjarstj. Rvíkur af Sigurði Jónassyni. Barðist hann ósleitilega fyrir því og fékk sinn flokk til þess að fylgja málinu eftir. Lengi framan af gerði Íhaldsflokkurinn ekkert annað en svívirða málið og reyndi að gera það hlægilegt í augum almennings. En fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í fyrra, þegar ljóst var orðið, að meiri hluti bæjarbúa var orðinn málinu fylgjandi, þá fyrst snerist Íhaldsflokkurinn til fylgis við málið og hv. 3. þm. Reykv. varð að láta kúga sig til þess að segja, að það væri hvítt, sem hann hafði áður sagt, að væri svart. Aftur á móti höfum við Framsóknarmenn alltaf verið málinu hlynntir og litið á það með skilningi. Það er töluverður munur á því að fylgja máli, meðan það er óvinsælt og fylgja því á réttum grundvelli, og hinu, að berjast á móti því í fyrstu, en fylgja því síðan út í öfgar. Ég get fullyrt, þó að ekki sé fyrir því nein flokkssamþykkt, að við Framsóknarmenn viljum styðja að því, að Rvíkurbær geti virkjað Sogið, en við viljum ekki, að gengið sé að neinum ókjörum. Við erum eins mikið á móti öfgum íhaldsmanna nú og við vorum á móti þeim áður, er þeir vildu níða málið niður.

Ég hefi áður minnzt á það, að út frá þessum hugsunarhætti er það rétt hjá Sigurði Jónassyni að láta rannsaka málið og reyna síðan að framkvæma það af

Rvíkurbæ sjálfum. Og það hefir aldrei komið fyrir fyrr en nú, þegar íhaldsmenn eru búnir að koma fjárhag bæjarins í óreiðu, að bærinn hafi ekki getað fengið lán. Það hefir komið í ljós, að bærinn hefir haft mann nokkurn útlendan í förum, nokkurskonar Kúlu-Andersen, til þess að leita fjármagns fyrir Rvíkurbæ erlendis. Þessi sami maður fór svo jafnframt í erindum fyrir ýms gjaldþrota firmu hér í bænum. Er þá hægt að hugsa sér, hvaða álit maðurinn muni hafa haft á sér. Þetta sýnir ljóslega forustu íhaldsmanna. Nákvæmlega sami aumingjaskapurinn átti sér stað árið 1921. Þeir, sem aðallega stóðu að láninu þá, voru ekki heiðarlegir Íslendingar, heldur þekkingarlausir útlendingar. Vegna þessa aumingjaskapar slá íhaldsmenn sér nú á brjóst og segja, að Rvík geti ekkert lán fengið. En íhaldið hefir aldrei reynt að taka lán á annan hátt en þann, sem aumastur er og óliklegastur. Ég geri ráð fyrir því, að innan flokks hv. 3. þm. Reykv. séu til menn, sem betur gætu tekið slík mál að sér en þeir, sem flokkurinn hefir notað til þess að leita fyrir sér um lán. Og ég kenni ekkert í brjósti um Rvíkurbæ, þó að hann leiti fyrir sér um lán í þeim þremur peningalöndum, Englandi, Frakklandi og Þýzkalandi, sem vilja lána fé, ef trygging er sett fyrir lántökunni. Geti þeir sömu menn, sem segja, að allur höfuðauður landsins sé samankominn í Rvík, ekki tekið lán fyrir bæinn í þessum löndum, gegn veði í Sogsvirkjuninni, þá verða bæjarbúar líklega að bíða eftir því, að betri stjórn verði á málum þeirra. Undanfarið hefir stjórn bæjarmálanna verið ömurleg. Þá gæti skeð, að augu Rvíkinga opnuðust fyrir því, að ekki væri gott fyrir þá að hafa fulltrúa, sem fyrst kæmu málefnum bæjarins í öngþveiti og leituðu síðan til landsins og bæðu það um hjálp.

Jörundur Brynjólfsson: Ég skal ekki lengja umr. mikið, og vona ég, að þau fáu orð, sem ég ætla að segja, verði ekki til þess að koma öðrum hv. þm. til þess að lengja ræður sínar.

Ég ætla, að það hafi fyrst verið á þingi árið 1919, að því var hreyft, að landið eignaðist vatnsréttindi í Soginu. Þá var samþ. þáltill. í málinu og ríkisstj. falið að leita samkomulags um kaup vatnsréttindanna og útvega tilboð erlendis. Jón Magnússon var þá forsrh. og ætla ég, að hann hafi rekið þetta erindi erlendis og komið með ákveðið tilboð. Ég átti ekki sæti á þingi þá, en hann gat þess við mig, að hann hefði leitað samninga, og sagðist geta komizt að góðum kjörum. Síðan hefir Alþingi ekki gert neitt í málinu. Það, sem gerzt hefir, er það, að Rvíkurbær hefir eignazt allmikil vatnsréttindi í Soginu.

Það er óneitanlegt, að aðstaða til virkjunar er mjög góð á þessum stað. Hefi ég séð það fyrir löngu, og hafa ýmsir menn verið þeirrar skoðunar, að Rvík ætti fyrir löngu að vera búin að notfæra sér það. Þegar átti að fara að virkja Elliðaárnar, töluðu sumir vitrir menn um það, að bænum væri fyrir beztu að fresta því að fá sér rafmagn, þangað til hann gæti virkjað Sogið. Það varð ekki, Elliðaárnar voru virkjaðar. Ég ætla, að virkjun þeirra hafi kostað svo mikið, að hún hafi orðið dýrari heldur en stór og aflmikil stöð við Sogið mundi kosta nú. Hefði slík stöð verið reist á þeim tíma, sem stöðin var byggð við Elliðaárnar, þá hefði hún auðvitað orðið miklu dýrari vegna dýrtíðarinnar, sem þá var. En ég er í engum vafa um, að þá hefði það verið bezta lausnin að fresta framkvæmdum um hríð og byggja síðan stöð við Sogið.

Nú er það komið á daginn, sem sjáanlegt var þá, að Elliðaárnar mundu ekki nægja bænum nema um skamman tíma, og þarf því að reisa aðra stöð austurfrá.

Ég efast ekki um, að Rvík hafi allmikla þörf fyrir aukið rafmagn, líka kauptún suður með sjó; mér dettur ekki í hug að andmæla því, því að vitanlega er ekki síður mikilsvert fyrir þau héruð, sem eiga kost á því að fá rafmagn, en möguleikarnir verða að vera til staðar, og samkv. frv. get ég ekki séð, að maður hafi von eða vissu fyrir því, að það geti orðið með kauptúnin suður með sjó, nema með svo miklum fjárframlögum, að það verði ríkissjóði ofvaxið. Ég þori þó ekki að fullyrða þetta, því að grg. frv. upplýsir ekki neitt um þetta mál. En þó mætti ætla, að komið hefði sundurliðuð grg. um, hvernig þessu yrði fyrir komið

og hvað allt kostaði. Ekkert af þessu liggur hér fyrir, svo að hvað þetta snertir er ekki hægt að skapa sér skoðun um það, hvort þessi héruð gætu orðið aðnjótandi þessarar orku, sem framleidd yrði úr Soginu, — þó að stöð yrði byggð.

Mér þykir þetta vöntun í málinu og vona, að áður en gengið er lengra verði þessi atriði ítarlega upplýst, því að málið er mikils virði og þess eðlis, að ekki er von, að þm. geti verið með eða móti án þess að þetta verði upplýst.

Það var mikið talað um það í gær við umr., að þessi héruð, sem vatnsfall er í, ættu réttlætiskröfu á að fá nokkur hlunnindi, er vatnsfallið yrði virkjað. Því var skotið fram, að Alþingi gæti ráðstafað þessu eftir eigin geðþótta, en ég vil benda á, að engin slík ráðstöfun er gerð, sem upphefur þau lagafyrirmæli, sem til eru. Samkv. fyrirmælum l. nr. 46, 27. júní 1925, er svo fyrir mælt, í 5. gr. l.:

„Áður en sérleyfi er veitt, skal ríkisstj. senda fyrirspurn til þess héraðs, sem fallvatn er í, og annara nálægra héraða, ef ástæða þykir til, skýra í stuttu máli frá efni umsóknarinnar og spyrja héraðsstjórn, hvort hún hafi sjálf hug á því að virkja þetta fallvatn í almenningsþarfir, og þá hvenær og hvernig hún sjái sér fært að koma því í verk. Ef héraðsstjórnin getur tekið að sér virkjun þessa, má ekki veita öðrum sérleyfi".

Þar sem Sogið liggur innan landamæra míns héraðs, þá vona ég, að þetta mál komi til framkvæmda, og þá sjái ríkisstj. um, að ekki verði gengið á rétti héraðsins, og mun ég gera miklu frekari kröfur héraði mínu til handa en felast í þessu frv., ekki einungis að við fáum orku eins og við þurfum, heldur miklu meiri réttindi en í frv. felst.

Ég fjölyrði svo ekki meira um þetta, en vildi láta þetta koma fram. — Ég tel sjálfsagt, að málinu verði vísað til 2. umr. og nefndar til miklu ítarlegri athugunar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil geta þess út af orðum hv. 1. þm. Árn., að ætti ég um þetta mál að fjalla, þá teldi ég stj. skylt að sjá um, að hagur þess héraðs, sem Sogið er í, yrði ekki fyrir borð borinn. Ég lýsi yfir því, að ég álít það óforsvaranlegt í frv., að hugsa ekki um, að hagsmuna Rangæinga og Árnesinga sé gætt í sambandi við þetta mál.

Gunnar Sigurðsson [óyfirl.]: Hv. 1. þm. Árn. hefir fengið hjá mér þann hluta af ræðu minni um lög frá 1925 um vatnsorkusérleyfi, sem ég ætla að minna á. Ég ætla að ganga ítarlegar inn á málið.

Ég var einn meðal þeirra, sem börðust fyrir því, að hugsað var um rafmagn til virkjunar. Það var þegar ég bauð mig fyrst fram til Alþingis. Þá var ég utanflokka, en hafði þá sameiginlegt mál við Framsókn og hafði hennar stuðning; það var þetta rafmagnsmál. Mitt „prógram" hefir að þessu leyti ekkert breytzt. Ég veit um áhuga manna á öllu Suðurlandi fyrir þessu máli, sem þrátt fyrir það, hvað tímarnir eru erfiðir, á framtíð fyrir sér.

Það er ekki hægt að deila um það, að ef á að byrja á virkjun í stórum stíl, þá á að byrja á Soginu, og Rvík á að byrja. Ekkert vatnsfall í Evrópu er eins vel fallið til virkjunar og Sogið. Ég skil þess vegna ekki, að menn geti verið andvígir virkjuninni, og enda þótt mér finnist anda kalt frá hæstv. fjmrh. og hæstv. dómsmrh., þá er það ekki meining þeirra í raun og veru að leggja stein í götu virkjunarinnar; það er ábyrgðin, sem er þeim þyrnir í augum, en að henni vík ég síðar.

Ég er sammála um það, að ég tel Rvík of seint hafa hafizt handa um það að taka Sogið sem aflgjafa, og tel það líka smámunasemi, ef frv. verður ekki breytt, þannig, að okkur Sunnlendingum verði það einnig til hagsmuna. Ég er sannfærður um, að Alþingi ætti að fagna því, að Rvík hefir loks hafizt handa.

Ég vil minnast á eitt atriði, sem er ef til vill stærsta atriðið: Hver áhrif virkjunin geti haft á iðnaðinn í landinu. Við höfum skilyrði til iðnaðar á margan hátt, en undirstaðan er rafmagnið.

Það er feikna mikið atriði, hvernig unnt verður að draga úr fjárkreppunni, sem nú er; en það verður, til að draga úr vandræðunum, að veita peningastraum inn í landið, og er ég sammála þeim mönnum, sem tala í þá átt. Það getur aldrei verið óráð að ráðast í fyrirtæki,

sem bera sig. Ég tala ópólitiskt um þetta, en af því að pólitík hefir blandazt hér inn í, þá ætla ég að segja, að stj. hefir oft ráðizt í fyrirtæki, sem ég vil þakka henni fyrir. Sem dæmi nefni ég Arnarhvál, en hér er um miklu stærra fyrirtæki að ræða, sem miklu meiri hagnaður er af, a. m. k. óbeint, ef ekki beint.

Það er eitt atriði enn í þessu máli, sem máske er ekki svo vinsælt, vegna þess að það snertir hreppapólitíkina, en sem ekki verður gengið framhjá, að þetta verður til þess, að menn taka svæði til ræktunar og lifa við hagstæð kjör í sveitunum; sveitabúskapurinn færist saman í hvirfingu, fólkið flytur saman í heildir, t. d. í Þykkvabæ lifa menn bezt allra manna þar um slóðir.

Ég tek undir með hv. 1. þm. Árn., að leitt sé að hafa ekki nákvæma áætlun, en veit af þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið, að það munar ekki miklu þó að veitt sé rafmagni um Rangárvallasýslu, og ég veit með vissu, að ef Sogið verður virkjað, fáum við rafmagnið verulega ódýrt, og verður það miklu ódýrara en að virkja frá einstökum fossi, t. d. Tungufossi.

Ég vil aðeins berja niður þann ótta hjá hæstv. stj., að ekki komi til mála að ráðast í fyrirtæki eins og þetta á þessum tímum. Það er gott að fara varlega, en það má fara of varlega. Mér finnst þetta svartsýni og þykir leiðinlegt, að hér í d. skuli vera svo mikil bölsýni á hag þjóðarinnar. Auðvitað eru krepputímar, en þá ríður mest á að missa ekki kjarkinn og halda öllu í horfinu.

Ég vil benda á eitt dæmi. Ég man eftir ótrúnni, þegar síminn var lagður, en þegar ein stöð var komin, þá breiddist síminn út um allt land.

Það, sem ríkisstj. er mestur þyrnir í augum í þessu sambandi, er ábyrgðin, og skil ég það vel. Það er bezt að vera laus við hana. En þegar búið er að taka ábyrgð á tveimur bönkum, og jafnvel þeim þriðja, þá er ekki mikið að taka ábyrgð á þessu láni fyrir Rvíkurbæ, eingöngu til að létta á vöxtunum fyrir bæinn.

Ef Rvík færi á hausinn, þá getum við eins vel hætt að tala um fjármál hér á Alþingi, því að landið kemur þá strax á eftir.

Þó að ég sé frekar hlynntur sveitunum, þá finnst mér meiningarlaust að hatast við kaupstaðina, því að það kemur niður á öllu landinu; ef bæjunum gengur illa, þá gengur öllum landsmönnum illa.

Ég ætla ekki að koma með neina ákveðna till., heldur greiða málinu atkv. við 3. umr. og vita, hvort Rvík gæti ekki sýnt sveitakauptúnunum, sem að standa, meiri lipurð og sanngirni. — Ég óska að lokum, að Rvík auðnist að koma þessu máli í framkvæmd, hvort sem hún hefir ábyrgðarheimild eða ekki, því að þetta hefði hún átt að gera fyrir löngu.

Sigurður Eggerz: Ég ætla aðeins að koma með örstutta aths. út af ræðu dómsmrh. Ég var hissa á því í gær og aftur í dag, að hæstv. ráðh. skyldi sérstaklega snúa sér til mín og setja þetta mál svo fast í samband við sjálfstæði landsins sem hann hefir gert. Að svo miklu leyti, sem hægt er að skoða virkjunarmálið í sambandi við sjálfstæði, þá hefi ég fyrir löngu lýst yfir afstöðu minni til þess máls, en hún er sú, að ég var hræddur við að veita erl. félögum sérleyfi til að vaða með milljónir inn í landið, sbr. Titanleyfið, án þess að landsmenn sjálfir gætu haft taumhald á þeim milljónum. Við þessa hættu var dómsmrh. ekki hræddur. En sérleyfi eins og þessi voru einmitt eða gætu verið hættuleg fyrir sjálfstæði landsins. En hver trúir því, að það sé hætta fyrir sjálfstæðið, að landsins börn vinni ljós og hita úr sínu eigin fossafli? Eða er of bjart yfir sveitunum og er of mikill hiti á sveitabýlunum í vetrarkuldunum svo að dómsmrh. sjái ofsjónum yfir því?

Ég er glaður yfir þeirri stefnubreyt., sem komið hefir á virkjunarmálið, að landsmenn sjálfir fari að virkja, í stað þess að erlendum félögum væri veitt sérleyfi.

Ég vildi láta athuga í n., hvort málið sé nægilega undirbúið tekniskt og fjárhagslega. Ég er hissa, þegar dómsmrh. með augunum til himins er að tala um sjálfstæði og þessa ábyrgð, en leggur þó sjálfur með glöðu geði út í ábyrgð fyrir Landsbankann, sem nemur 30 millj. og margfalt meira en það. Ég var á móti

þessari ábyrgð fyrir Landsbankann, því að ég var viss um, að það gæti verið athugavert fyrir lánstraust þjóðarinnar yfirleitt og margfalt betra að styrkja bankann svo að hann ætti kraftinn í sjálfum sér, en þyrfti ekki að sækja hann í ríkisábyrgðina. Landsstj. hefir ekki horft til himins, þegar hún var að hvetja þingið til að taka þá ábyrgð.

Ég er forviða, að þegar það mál kemur á dagskrá, sem hefir það að marki að útvega sveitunum hita og ljós, þá skuli því vera mætt með svona miklum þjósti.

Ég kom með fyrirspurn til dómsrh. í gær, en henni hefir ekki verið svarað. Í tilefni af því, sem hann sagði um Eimskipafélagið, þá tók hann það sem dæmi upp á það, hve illa færi fyrir þeim, sem ekki væru vel stæðir. Eimskipafélagið býður út skip sín til vátryggingar og hefir vanalega tryggt þau í Kaupmannahöfn, en Sjóvátryggingafélagið gerði boð í vátrygginguna, sem var 37000 kr. undir dönsku tilboðunum, sem öll voru jöfn, en þegar Handelsbankinn, sem Eimskipafél. skuldar á aðra millj. kr., fær að vita þetta, þá neitar bankinn að taka vátrygginguna gilda. En þetta er þeim mun merkilegra sem Handelsbankinn hefir áður tekið tryggingu Sjóvátryggingafélagsins gilda, þegar félagið endurtryggði hjá dönskum fél., en nú endurtryggir það hjá enskum fél., sem eru engu síður sterk en þau dönsku. Niðurstaðan varð sú, að nú vátryggir Eimskipafélagið helminginn hjá dönsku félögunum, en helminginn hjá Sjávátryggingarfél., en með dönskum taxta.

Svo grátt erum við leiknir af danska bankanum, að hann neitar að taka gilda tryggingu Sjóvátryggingarfél. af því að endurtryggingin var ensk. Enginn getur vænzt þess, að Eimskipafél. sé svo sterkt, að það geti borgað upp sína skuld við danska Handelsbankann. Það er spurning hvort ekki sé hættulegt fyrir þjóðina og lánstraust landsins í Englandi, þegar opinberlega er sýnt slíkt vantraust á tryggingafélögum landsins. Ég álít því, að stj. ætti að gera allt, sem í hennar valdi stæði, til þess að Eimskipafélagið þyrfti ekki að beygja sig undir þessa kúgun. Ég fjölyrði svo ekki um þetta meira.

Flm. (Jón Ólafsson): Ég vil minnast á aths. hv. 1. þm. Árn. og hv. 2. þm. Rang. um, að það liti út fyrir, að réttur þeirra sýslna væri fyrir borð borinn. Ég get sagt, að í þessu frv. er ekkert, sem gengur á þann rétt, sem þessar sýslur eiga samkv. lögum til þessa fallvatns. Þess vegna er alveg óþarft fyrir forsrh. að lýsa yfir því, að hann færi ekki fram yfir það, sem lögin ákveða. Það er hans skylda, og hygg ég megi treysta því, að hann geri það ekki.

Aftur á móti var hv. 2. þm. Rang. að tala um það, hvort ekki væri hægt að breyta frv. þannig, að Rangæingar fengju meiri réttindi en nú felast í því. Kem ég ekki auga á það í bili, hvað hægt er að gera í þessa átt, en benda vil ég á það, að samkv. frv. er þeim héruðum, sem liggja að Soginu, heimilt að ganga inn í virkjunina og fá þaðan rafmagn án þess að leggja einn eyri fram til virkjuninnar sjálfrar, og ef auka þarf virkjunina frá því, er hún var í fyrstu, til þess að þessi héruð geti fengið rafmagn, er Rvíkurbæ skylt að framkvæma aukninguna á sinn kostnað. Það er því engin ástæða fyrir Rangæinga eða önnur þessara héraða að vera að kvarta yfir því, að réttur þeirra sé fyrir borð borinn.

Það kom fram í ræðu hv. 2. þm. Rang., að honum þótti rafmagnsmáli Rvíkinga hafa verið stýrt af lítilli fyrirhyggju. Verð ég að vera þar á öðru máli. Það er hægt að leggja of mikið undir sig, og ef hér hefði verið virkjað strax í upphafi meira en þörfin var fyrir, hefði af því getað leitt, að vaxtagreiðslur og afborganir hefðu numið meiru en kostnaðinum af nauðsynlegri viðbótarvirkjun. Hefði það verið að öllu leyti óhyggilegt, ef þetta hefði strax í byrjun verið sniðið fyrir aldna og óborna, eins og hver maður sér í hendi sinni, enda eigum við Íslendingar ekki þeim manni að má í fjármálum, að fé liggi hér í hrúgum arðlaust.

Þá sný ég mér að hæstv. dómsmrh. Hann var að tala um Rvíkurbæ og hversu illa málum bæjarins hefði verið stjórnað undanfarið. Skal ég ekki fara að þræta við hæstv. ráðh. um þessi efni, enda mun það tilgangslítið, en benda vil ég hæstv. dómsmrh. á það, að ef hann vildi rannsaka þetta nánar, mundi hann komast að

raun um, að farið hefir verið gætilega í sakirnar í þessu máli sem öðrum málum bæjarins.

Hæstv. ráðh. breiddi sig mikið út yfir það, hve andstaða sjálfstæðismanna gegn Sogsvirkjuninni hefði verið mikil í fyrstu. Andstaða okkar sjálfstæðismanna beindist gegn allri fljótfærnislegri afgreiðslu á svo miklu máli, og mér virðist, sem hæstv. ráðh. hafi nú tekið að sér okkar hlutverk, því að það kom greinilega fram í ræðu hans, að hann vill ekki flana að neinu í þessu máli. En það er eins og hæstv. ráðh. athugi það ekki, að nú er um ekkert flan að ræða, því að nú hefir þetta mál verið rannsakað til það fullrar hlítar, að hægt er að samþ. það.

Þá komst hæstv. ráðh. inn á það í dag, eins og í hinni grautarkenndu ræðu sinni í gær, að borgarstjórinn hér í Reykjavík hefði farið þannig með fé bæjarins, að ástæða hefði verið til að höfða á hann sakamálsrannsókn. Ég hélt því fram þá, og held því fram enn, að þetta hafi verið gert að illa athuguðu máli og af slæmum vilja. Það var pínd fram kæra á hendur borgarstjóranum fyrir meðferð hans á fé bæjarins, og hún send til hlutaðeigandi yfirvalds, sem svo ekki sá sér fært að hreyfa málinu, enda var þess ekki að vænta, því að kæran var tilhæfulaus með öllu og aðeins fram komin í ákveðnum pólitiskum tilgangi. En engu að síður spillti þessi kæra fyrir lánstrausti bæjarins, því að það þótti vitanlega tíðindum sæta, þegar sjálfur borgarstjórinn hér í Reykjavík var dreginn undir sakamálsrannsókn fyrir illa meðferð á fé bæjarins, og gaf það ekki neitt glæsilegar hugmyndir um fjármálastjórn bæjarins. Í framhaldi af þessu lét hæstv. ráðh. þess svo getið, að við sjálfstæðismenn hefðum mikla tilhneigingu til að hilma yfir hluti eins og þessa. Drap hæstv. ráðh. í því sambandi á Hnífsdalsmálið. Skal ég engu svara þessum aðdróttunum hæstv. dómsmrh. nú, enda snerta þær ekki þetta mál, en ef til vill gefst mér tækifæri til þess síðar. Þó vil ég geta þess, að þessi illa stjórn í fjármálum Rvíkurbæjar, sem hæstv. dómsmrh er alltaf að útmála, er ekki verri en það, að 1920 voru skuldlausar eignir bæjarins 5 millj. kr., en í árslok 1929 námu þær 10 millj. og 77 þús. kr. Sýnir þetta, að sæmilega hefir verið haldið á fjármunum bæjarins. Nú nema eignir bæjarins 19 millj. kr., en skuldirnar eru 9½ millj kr. og standa fyrir hafnarmannvirkjum, rafmagni, gasi o. fl. Gefa flestar þessar skuldir þannig margfaldan arð og borga sig niður hröðum skrefum. Sé tekið tillit til alls þessa, sjá menn, að þetta er einhver glæsilegasti „status" nokkurs bæjar- eða sýslufélags á öllu landinu. En hæstv. dómsmrh. hefir aldrei getað unnað Reykjavík sannmælis fyrr né síðar og reynir stöðugt að rægja hana í augum þjóðarinnar. Er orsökin sennilega sú, að Rvíkingar hafa aldrei farið gálauslega með fé bæjarins, en sú stefna í fjármálum passar illa við eyðslustefnu hæstv. núverandi stj., og þykir því sjálfsagt að setja hornin í Reykjavík.

Ég held, að ég geti látið þessar aths. nægja, enda hafa ekki komið fram neinar nýjar röksemdir gegn þessu máli frá því, er ég áður talaði. Að síðustu vildi ég aðeins beina nokkrum orðum til hæstv. forseta, hv. 1. bm. Árn. Hann virtist vera hræddur við málið vegna þess, að það hefði ekki verið nægilega rannsakað. En ég get fullvissað hæstv. forseta um það, að þetta mál hefir verið það vel rannsakað, að hann á ekkert á hættu fyrir kjördæmi sitt, þó að það nái fram að ganga. Verkfræðinganefndin, sem vinnur að þessum málum, mun bráðlega senda álit sitt um þessa virkjun sérstaklega, og eftir því, sem ég veit bezt, telur n., að það muni verða aðgengilegra fyrir þessi héruð, sem liggja að Soginu, að ganga inn í virkjunina síðar. Ég vænti þess því, að hæstv. forseti ljái málinu fylgi sitt.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 3. þm. Reykv. hefir nú fallið frá öllum þeim ásökunum sínum, sem höfðu nokkurt efnisinnihald, og get ég því verið stuttorður, enda var þessi síðasta ræða hans hálfgert undanhald. Einn misskilning vildi ég þó leiðrétta hjá hv. þm. Hann lét svo um mælt, að það hefði verið höfðuð sakamálsrannsókn á borgarstjórann hér í Reykjavík. Þetta er með öllu rangt. Það var kært yfir bæjarreikningunum, og voru það svo þungar ásakanir, að óhjákvæmilegt var að láta rannsókn fara fram í málinu. (**MG:** Hver kærði?). Einn borg-

ari hér í bænum, sem betra hefði verið fyrir borgarstjórann að vera ekki að etja kappi við með heimskulegum málsóknum. Annars kemur það ekki málinu við, hver kærði, en hjá þessu varð ekki komizt, úr því að borgarstjórinn áleit sér óhætt að leggja mál sín undir dómstólana. — Þar sem hv. flm. hefir fallið frá því að rökstyðja, að Rvíkurbær hefði þurft á þessari ábyrgð að halda, ef fjármálum bæjarins hefði verið vel stjórnað, sé ég ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð.

Hákon Kristófersson: Ég get ekki látið hjá líða að leiðrétta lítilsháttar misskilning, sem kom fram í ræðu hæstv. dómsmrh. í gær, þegar hann fór að bera þessa ábyrgð saman við ábyrgð, sem ríkið hefði átt að ganga í fyrir Patreksfjarðarhrepp á sínum tíma. (**Dómsmrh.:** Það var allt sagt í velviljuðum tón). Það má vel vera, enda var ekki við öðru að búast, þar sem hæstv. dómsmrh. er, en ég veit ekki til þess, að ríkið hafi gengið í nokkra ábyrgð fyrir Patreksfjarðarhrepp. (**Dómsmrh.:** Hefir það aldrei gert það?). Ekki svo ég viti til, en það skyldi gleðja mig, ef sú ábyrgð, sem Barðastrandarsýsla á sínum tíma gekk í fyrir Patreksfjarðarhrepp, á nú að færast yfir á ríkið. En hvað sem þessu líður, er þetta í engu sambærilegt því máli, sem hér liggur fyrir. Hæstv. dómsmrh. veit ósköp vel, að það þrengdi að Patreksfjarðarhreppi á stríðsárunum, vegna raflýsingar, sem hreppurinn var að koma upp hjá sér, af því að kostnaðurinn af þeim framkvæmdum þrefaldaðist. Leiddi þetta til þess, að sýslan varð að ganga í ábyrgð fyrir hreppinn. — Að öðru leyti skal ég ekki fara að blanda mér inn í þessar umr., en það verð ég þó að segja, að mér kemur það undarlega fyrir sjónir, ef ríkið á að fara að kippa að sér hendinni og neita sjálfri höfuðborginni um ábyrgð, sem vonandi yrði aðeins að formi til, til að koma á fót fyrirtæki, sem gefur af sér mikinn arð, þegar einstakar sýslur taka á sig meiri og minni ábyrgðir fyrir þá hreppa, sem til þeirra teljast.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það var hreinn óþarfi fyrir hv. þm. Barð, að vera að hreyfa þessu, því að ég hafði aðeins sagt, að hinar minni ábyrgðir, sem ríkið hefir tekið á sig vegna rafmagnsmálanna, hefðu ekki vakið neina sérstaka eftirtekt, vegna þess að þær voru svo litlar, að þær skiptu fjárhag landsins í heild sinni svo sem engu. Hinsvegar minnist ég þess, að Patreksfjarðarhreppur átti erfitt um eitt skeið vegna raflýsingar, sem hreppurinn var að koma upp hjá sér, og ég minnist þess ennfremur, að hv. þm. Barð. hreyfði þessu hér í þinginu, sennilega vegna þess, að honum hefir fundizt ástæða til að gera þetta að þjóðmáli.

Hákon Kristófersson: Ég kannast við að hafa hreyft því hér í þinginu, að ríkið hlypi undir bagga með þessu byggðarlagi, vegna þeirra búsifja, sem það hafði orðið fyrir af utan að komandi ástæðum, en átti ekki sök á sjálft. En það undarlega skeði, að ríkið sá sér þetta ekki fært að neinu verulegu leyti. Að vísu veitti það þessu byggðarlagi smávægilega eftirgjöf í vaxtagreiðslu og afborgunarfresti. Um aðra ívilnun frá ríkisins hálfu hvað þetta snertir er mér, eins og ég hefi áður sagt, algerlega ókunnugt.

Ólafur Thors: Ég skal ekki tefja þessar umr. að neinu verulegu leyti, en það verð ég þó að segja, að ræður hæstv. dómsmrh. hafa gefið fullt tilefni til þess, að haldinn væri yfir honum smálestur, en af því að nú er skammt orðið til eldhúsdags, ætla ég að geyma mér það.

Um efnishlið þessa máls vil ég segja það, að sú ábyrgð, sem hér er farið fram á að ríkið taki að sér, er hreint formsatriði, því að ef ábyrgðin skellur á ríkinu, er það af því, að höfuðborgin verður gjaldþrota, en ef svo fer, býst ég við, að þess verði ekki langt að bíða, að ríkið fari sömu leiðina. Hér í Reykjavík býr ¼ hluti þjóðarinnar, og hér er svo mikið gjaldþol, miðað við aðra þegna ríkisins, að litlar líkur eru til, að þeir fái undir sínum hluta risið, ef Reykjavík verður að gefast upp.

Það er óhrekjandi staðreynd, að hér er 5—6 nærsýslum Rvíkur boðið upp á þau hlunnindi, að Rvíkurbær geri á eigin kostnað tilraun um það, hvort hægt sé að veita sýslunum þau þægindi, sem

rafmagnið hefir í för með sér. Það er einnig viðurkennt af öllum, að Sogið er það vatnsfallið í öllum heimi, sem einna bezt er til virkjunar fallið, svo að ef ekki er kleift að veita nærsveitum Rvíkur rafmagnshlunnindin, hætta menn að trúa á það, að nokkurntíma verði hægt að veita rafmagninu inn í sveitirnar. Hinsvegar er krafan um rafmagn almenn meðal þjóðarinnar, og hún verður ekki svæfð með tómum fullyrðingum. Hér er bændum boðið, að tilraun sé gerð í þessa átt á kostnað Rvíkurbæjar, gegn lítilfjörlegri ábyrgð ríkissjóðs. Og því undarlegri er andstaða stj. við þetta mál, þar sem þetta er eini möguleikinn til að veita nærsveitum Rvíkur rafmagn. Ég geng þess að vísu ekki dulinn, að andstaða stj. við þetta mál er eingöngu sprottin af því, að andstæðingar stj. hafa borið það fram, því að það nær engri átt, að stj. setji þessa smáábyrgð fyrir sig. Stj., sem hefir nú á 3 árum sólundað 60 millj kr. og átt frumkvæðið að því, að ríkið tæki á sig ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsbankans, getur ekki komið fram fyrir þingið og sagt, að hún sé nú vöknuð til þeirrar meðvitundar um ábyrgðarþunga ríkissjóðsins, að ekki komi til mála, að ríkið taki á sig þessa 7 millj. kr. ábyrgð. Annað eins og það leggur enginn lifandi maður trúnað á. Stj., sem hefir eytt 60 millj. kr. í meira og minna vafasöm fyrirtæki, getur ekki kiknað undir þessari 7 millj kr. ábyrgð, þegar um er að ræða eitthvert mesta velferðarmál höfuðstaðarins og margra sýslufélaga. Stj., sem hefir miklazt svo mjög af þessari gegndarlausu eyðslu sinni, að hún ætlar nú að reisa henni minnisvarða á ríkisins kostnað, með því að gefa út bók, sem kvað eiga að heita: Verkin tala, — slík stj. má ekki vera svo myrkfælin, að hún hræðist þessa 7 millj. kr. ábyrgð.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en geymi mér, eins og ég tók fram í upphafi ræðu minnar, að leiðrétta margvíslegar firrur hæstv. dómsmrh., þangað til á eldhúsdegi.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 2. þm. G.-K. segir, að sú ábyrgð, sem hér er um að ræða, sé aðeins formsatriði. Hv. þm. drap ekki á það, hvort þetta mundi verða formsatriði eftir eitt eða fleiri ár, þegar farið verður að tala um það, að ríkið taki á sig ábyrgð í þessu skyni vegna þess kjördæmis, sem hann er nú fulltrúi fyrir, en verður ekki eftir næstu kosningar. (**ÓTh:** Ég skora á hæstv. ráðh. að koma og reyna við mig). Því miður get ég ekki orðið við þessari ósk hv. þm., því að ég er bundinn við kjördæmi, sem er enn stærra og glæsilegra en kjördæmi hv. þm., nefnilega allt Ísland. — Það er ekki hægt að búast við því, að fólkið í sveitunum suður með sjó hafi það meiri peningaráð en Reykjavík, að það þurfi ekki á ríkisábyrgð að halda, þegar rafmagnsmálið kemur þar á dagskrá. Ég býst ekki við því, að hv. 2. þm. G.-K. hafi aukið svo lánstraust kjördæmis síns, að honum alveg ólöstuðum. Og sömu sögu verður að segja úr öðrum sveitum landsins. Það er því fjarstæða út í loftið, að um hreint formsatriði sé að ræða, þegar fara á að ganga inn á þessa ábyrgðarbraut, því að ef ríkið tekur á sig ábyrgð í þessu skyni fyrir eina sveit, koma aðrar sveitir á eftir. Og það er líka sannreynt, að ekki er til svo vesæll maður, sem biður annan mann að skrifa upp á víxil fyrir sig, að hann segi ekki: „Ég er borgunarmaður fyrir þessu, þú þarft aldrei að borga". En hyggnir menn vita, að mjög mikið af þessu eru fullyrðingar, og gæta sín því að skrifa sig ekki fyrir meiru en þeir eru færir um að borga. Þeir hafa reynt það, að uppáskriftin er ekki formið eitt.

Hv. þm. sagði, að lítið væri eftir af landinu, ef Rvík yrði gjaldþrota. Ég vil þá geta þess, að ¾ hlutar landsmanna búa utan Rvíkur, og þeir eru líka menn. Og ef Rvík hefir mestar tekjur, þá finnst mér, að hún geti því frekar tekið lán sitt sjálf. Þessi ábyrgð minnkar lánstraust ríkisins um 7 millj. kr., eða það, sem hún nemur, og má þá búast við, að erfitt verði fyrir ríkið að hreyfa sig um lán í náinni framtíð.

Af hverju stafa nú þessi vandræði, að t. d. Ísafjörður og Eskifjörður geta ekki fengið lán innanlands, og hvert hafa þeir peningar farið, sem til hafa verið í landinu? Yfir 30 millj. hafa farið til einskis, í fjárglæfra hjá fáeinum mönnum, og þess vegna hefir landið orðið að nota sitt eigið lánstraust, til þess að rétta við þann

voða, sem þessir fjárglæframenn hafa orsakað. Aðalveilan í þessu frv. er sú, að hér er blandað saman hagsmunum landsins og sveitarfélaganna. Rvík á að sjá um sig, alveg eins og landið á að leysa sín mál sjálft. En ef það á að fara að blanda þessu saman, t. d. með því að landið leysi öll vandræðamál hvers sveitarfélags, þá er búið að breyta þjóðskipulaginu mikið.

Hv. þm. sagði, að 6 sýslum landsins væri boðið upp á þessi fríðindi. En hvar eiga þá þessar sýslur að fá fé til þessa, ef Rvík, sem bezta hefir aðstöðuna, getur ekki aflað sér fjár sjálf? Þær verða auðvitað að fá það hjá landinu, ef það gengur í ábyrgð fyrir Rvík. Svo er heldur ekki víst, að nokkur af þessum sýslum kæri sig um að fá rafmagn með þeim kjörum, sem hér verður um að ræða.

Hv. þm. sagði, að krafan um rafmagn handa almenningi væri orðin almenn. Þetta er alveg rétt. Ég efast ekki um, að sérhver maður á landinu vildi fá rafmagn í hús sitt. En það er eins og máltækið segir: „Ef óskir væru festar, þá mundu betlarar skella á skeið". Þótt þetta sé eftirsóknarvert, þá gæti það verið vafasamt, hvort vanrækja á allt annað og setja allt lánstraust og allt fjármagn í rafmagn. Mér dettur í hug ábyrgðin, sem tekin var hér fyrir Kárafélagið á árunum. Það var sagt, að það væri ákaflega saklaust að ganga í þá ábyrgð. (MG: Hver tók þá ábyrgð?). Það var ábyrgð frá þinginu, sem hv. 1. þm. Skagf. barðist fyrir. (MG: Það er ósatt. Það var hv. Framsóknarflokkur, sem gerði það, og það meira að segja heimildarlaust). Þetta var á sama tíma og hv. 1. þm. Skagf. var með sinn ágæta sendiherra, Andersen, á ferðalagi erlendis.

Hv. þm. sagði, að Framsóknarflokkurinn hefði verið ógætinn að taka ríkisábyrgð á Landsbankanum. Ég vil þá geta þess, að sú ábyrgð hefir staðið frá því 1885. Aðeins fáeinum gálausum mönnum datt í hug að leggja þá ábyrgð niður, til þess að hjálpa Íslandsbanka. Þegar Íslandsbanki var í vandræðum, rétt áður en hann gaf upp andann, héldu sumir, að hægt væri að telja mönnum trú um, að landið bæri ekki ábyrgð á Landsbankanum, og því var það rétt gert að viðurkenna það, eins og líka var, að landið ætti bankann. Þetta er því sama vanþekkingin hjá hv. þm. og allt annað.

Héðinn Valdimarsson: Það virðist þurfa að segja hæstv. dómsmrh. það tvisvar, að það eru ekki virkjanir í sveitum, sem fyrst hafa orðið áhugamál manna, heldur Sogsvirkjunin. Hún hefir verið á dagskrá í mörg ár. Eftir áætlunum um hana og annarsstaðar á landinu hafa menn komizt að raun um, að Sogsvirkjunin er vænlegust af þeim öllum, og að hana er hægt að framkvæma án rekstraryfirráða erlends fjármagns.

Ástæðan til þess, að þetta mál hefir ekki komizt í framkvæmd fyrr, er fyrst og fremst sú, að margvíslegar rannsóknir þurfti að gera, en þeim rannsóknum er nú lokið. Og í öðru lagi er þörf Rvíkur fyrir rafmagn orðin svo mikil, að á einhvern hátt verður að fullnægja henni.

Hæstv. dómsmrh. hefir hvað eftir annað sagt, að alls engar rannsóknir hafi verið gerðar um það, hvað það mundi kosta að leggja leiðslur til nærliggjandi staða En nú er hér í grg. við frv. um rafveitulánasjóð, sem við jafnaðarmenn berum fram, teknar fram nokkrar tölur um þetta. Lína frá Sogi til Eyrarbakka og Stokkseyrar og til Vestmannaeyja 1 millj. 120 þús. kr. Lína frá Mosfellssveit til Akraness 390 þús. kr. Lína frá Elliðaám suður á Reykjanes 520 þús. kr. Þetta eru samtals um 2 millj. kr. Þetta eru tölur, sem fengizt hafa við rannsókn raforkumálanefndar. Þeir sveitabæir, sem yrðu meðfram línunni, gætu og notið rafmagnsins, en á því svæði eru um ⅓ hluti af sveitabæjunum í þessum héruðum. Hvernig færi með sveitabæi, sem ekki eru meðfram línunni, er enn óransakað mál, en þangað kemst varla rafmagn nema með styrk úr ríkissjóði. Hinum, sem yrðu við línuna, ætti ekki að vera ofvaxið að greiða kostnaðarverð við innlagninguna og 10% að auki.

Með því hefi ég hrakið meginatriðið í ræðu hæstv. dómsmrh. um það, að sveitirnar í kring hafi ekkert gagn af Sogsvirkjuninni.

Þá kem ég að hinu atriðinu í ræðu hæstv. dómsmrh., en það er áhættan við að veita Rvík ábyrgð, og í öðru lagi, að Rvík geti sjálf tekið þetta lán í eigin

nafni. Ég veit það, að enginn þm. gengur þess dulinn, að Rvík getur varla fengið svona stórt lán nema ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir því. Hún getur vel fengið allstórt lán, en svona stórt lán er ólíklegt að hún fái.

Hæstv. dómsmrh. segir, að við þessa ábyrgð minnki lánstraust ríkisins um 7 millj. eða það, sem ábyrgðin nemur. Álítur hæstv. ráðh., að ekkert verði úr þessum peningum, þegar þeir eru komnir í Sogsvirkjunina, að lánstraust manna veikist mikið við að taka fé að láni, er þeir leggja það í arðvænleg fyrirtæki? Hér stendur Rvík á bak við og þar að auki fyrirtæki, sem allir útreikningar sýna, að hlýtur að bera sig vel. Hvernig getur nokkrum manni dottið í hug, að lánstraust ríkisins minnki við þetta?

Hæstv. ráðh. talaði hvað eftir annað um það, að þessi ábyrgð mundi leiða af sér, að ríkissjóður yrði að ganga í ábyrgð fyrir önnur sveitarfélög. Heldur hæstv. ráðh., að ríkissjóður þurfi aldrei að taka lán aftur, þótt hann hafi tekið þetta brezka lán nú í vetur? Heldur hæstv. ráðh., að fé safnist framvegis innanlands, að aldrei þurfi að fá neitt lánsfé erlendis? Ég býst ekki við, að svo verði. Við erum lítil þjóð í stóru ónumdu landi og höfum ekki eigið fé til nema lítils hluta þess, sem við þurfum að framkvæma, svo að við verðum að nota lánsfé í stórum stíl, eða láta framfarirnar bíða og verða enn lengra aftur úr öðrum þjóðum en við erum jafnvel nú.

Mér datt í hug við ræðu hæstv. dómsmrh., að eins og einn stjórnmálaflokkur hér á landi áleit það rétt að skipta um nafn fyrir nokkru, kalla sig Sjálfstæðisflokk í stað Íhaldsflokks, eins væri nú rétt fyrir stjórnmálaflokk hæstv. ráðh. að taka upp nýtt nafn, réttnefni, og kalla sig Íhaldsflokk í stað Framsóknarflokks.

Sveinn Ólafsson: Ég hafði hugsað mér að sitja hjá við þessar umr., en nokkur orð í ræðu hv. 2. þm. G.-K. komu mér til að biðja um orðið.

Ég ætla að koma seinna að þeim orðum hv. þm., en vil þegar geta þess, að frv. þetta er, að minni hyggju, alls ekki vandlega undirbúið. Í það vantar mjög margar upplýsingar og grg. frv. er fjarri því að gefa ljósa hugmynd um kostnað af dreifingu raforku til héraðanna umhverfis, sem þó eru annað aðalatriði málsins. Ég er ekki sérfróður um þessi mál, en mér er kunnugt um það, að jafnvel þar, sem lönd eru miklu þéttbyggðari en sveitir þessa lands, þar hefir gengið treglega dreifing raforkunnar, jafnvel talin illkleif þar, sem þéttbýli hefir ekki náð 30 manna meðaltali á ferkílómetra hverjum, en slíkt þéttbýli þekkist varla á voru landi utan bæja og verstöðva. Ég get ekki trúað því, og það þarf að segja mér það oftar en tvisvar og sýna mér fram á það með fullum rökum, að dreifing orku frá þessari Sogsvirkjun gæti orðið almenningi að fullum notum með kleifum kostnaði í Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Borgarfjarðarsýslu eða Mýrasýslu.

Ef peningar væru óþrotlegir til að leggja í svona fyrirtæki, þá má vitanlega dreifa orkunni miklu víðar, en ef hestorkan reynist 6—10 hundruð króna virði í strjálbyggðu sveitunum, komin að húsvegg, sem reyndar er sennilegt, þá þarf ekki að gera ráð fyrir almennum orkunotum.

Það, sem ég finn einkanlega að frv., er það, að það gerir alls enga grein fyrir dreifingarkostnaði, en með grg. er látið í veðri vaka, að þetta muni allt falla í ljúfa löð. Það er því óneitanlega rétt, sem hæstv. dómsmrh. tók fram, að þegar ríkið væri búið að ganga í ábyrgð fyrir stórláni til Rvíkur, til þess að koma virkjun á fót, þá mundi það ekki geta neitað sveitunum á eftir um ábyrgð til þess að hagnýta sér orkuna. En þá mundu líka í ljós koma háu tölurnar, sem frv. felur með óljósum orðatiltækjum.

Ég vil nú ekki gefa tilefni til þess, að umr. þurfi að lengjast úr því, sem komið er. Mér virðast þær að miklu leyti hafa verið óþarfar. Þetta mál þarf að athugast af nýju í n. (**ÓTh:** Það er búið að vera í n.). Já, það er flutt af allshn., en það þyrfti að fara til fjhn. af nýju og á þar heima.

Áætlun hv. 2. þm. Reykv. um þann kostnað, sem grg. dylur, finnst mér ófullnægjandi og jafnvel villandi.

Að lokum skal ég minnast þeirra spaklegu orða hv. 2. þm. G.-K., sem komu mér

til að standa upp. Hann minntist á það, að með frv. væri verið að leika loddaraleik fyrir kosningar. Auðvitað getur ekki átt við að kalla það loddaraleik, þótt fundið sé að göllum frv. og blekkingunum, sem því fylgja; á það er skylt að benda. En hv. þm. kom fram með rétt orð yfir flutning þessa máls, eins og það horfir hér við, og er ég honum innilega sammála um það, að flutningur þessa frv. sé helber loddaraleikur, og jafnvel mjög sniðugur loddaraleikur, — svona rétt fyrir kosningarnar.

Ef ég hefi nú æst hv. þm. upp með þessu, þá verður það að fara eins og fara vill, en ég ætla að láta hér staðar numið og sjá, hverju fram vindur. En tilbúinn er ég þó á hverri stundu að greiða málinu götu til einhverrar þeirrar n., sem betur gæti búið um hnútana en gert hefir verið.

Ólafur Thors: Ég vil gera mitt til, að mál þetta geti orðið afgr. á þessum fundi, og skal því ekki tefja umr. mikið.

Hv. 1. þm. S.-M. sagði, að hér væri verið að leika loddaraleik, og honum fannst þeir vera að leika þann leik, sem bera frv. fram. Hv. þm. hlýtur að eiga við, að það sé skrípaleikur, að jafnvel þeir, sem sjá, að hér er mesta þarfamál á ferð, vilji ekki samþ. það af því, að það eru andstæðingar, sem bera það fram.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er eitthvert stærsta málið, sem þingið hefir lengi haft til meðferðar. Undirtektir hæstv. dómsmrh. voru eins og við mátti búast. Hann segir, að ríkissjóður megi ekki ganga í ábyrgð fyrir Rvíkurbæ, vegna þess, að ábyrgð, sem ríkið gekk eitt sinn í fyrir togarafélag eitt, hafi lent á ríkissjóði. Hvað snertir það nú þetta mál, þótt áhætta hafi fylgt því að ganga í ábyrgð fyrir Kárafélagið? Ég nefni þetta ekki af því, að ég búist við, að nokkur óvitlaus maður taki mark á þessu skrafi ráðh. En svona eru allar hans röksemdafærslur, í hvaða máli sem er.

Hæstv. dómsmrh. taldi ósannað, að þessar sex sýslur óski þess að verða aðnjótandi hlunninda af virkjuninni. Ef svo væri, að sýslurnar óskuðu ekki þessara hlunninda, hlýtur það að stafa af því, að alls ekki er hægt að veita þessum sýslum rafmagn með þolanlegum kjörum, því að sannað er, að þessar sýslur geta hvergi fengið rafmagn á ódýrari hátt en í sambandi við Sogsvirkjunina. Þar með væri því slegið föstu, að við gætum **aldrei** leyst það viðfangsefni að veita rafmagni inn á sveitaheimilin. Ef þetta væri rétt, er eðlilegt, að sú spurning vakni, hvort öll okkar landbúnaðarpólitík fram til þessa hafi ekki verið skökk. Verði ekki hægt að útvega sveitunum rafmagn, virðist mér mjög litlar líkur til, að takist að halda fólkinu þar, en að því miðar auðvitað stuðningur ríkissjóðs við landbúnaðinn. Reynslan hefir sýnt, að sú margvíslega löggjöf landbúnaðinum til styrktar, sem komið hefir verið á hin síðari ár, er þess ekki megnug að stöðva strauminn úr sveitunum. Og vonleysi hæstv. dómsmrh. í rafmagnsmálinu er því um leið vonleysi um framtíð sveitanna, og er það í litlu samræmi við öll hin stóru orð hæstv. ráðh. og flokksmanna hans um „trúna á moldina".

Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, að veiting rafmagnsins út um sveitirnar gengur jafngreiðlega og útbreiðsla símakerfisins, þegar einu sinni er búið að hefjast handa. Við munum spádómana um símann í byrjun, en nú er lína komin út á hvert annes og inn í hvern afdal, að kalla má. Þeir, sem unna íslenzkum landbúnaði, eiga að gera sitt til, að sömu spor verði stigin í rafmagnsmálinu. Og hér býðst einstakt tækifæri til að veita sveitunum rafmagn með góðu og ódýru móti, þar sem Rvíkurbær tekur á sig meginhluta áhættunnar.

Eins og hv. 2. þm. Reykv. benti á, er það firra ein, að sveitirnar bresti alla aðstöðu til að afla sér þessara hlunninda. Við höfum séð fram á annað eins og hér er um að ræða og ekki kiknað við.

Hæstv. dómsmrh. vildi ekki segja það berum orðum, að hætta væri á að Rvík yrði gjaldþrota á næstunni, en hinsvegar vefengdi hann, að gjaldþrot ríkisins mundi leiða af gjaldþroti Rvíkur, vegna þess, að ¾ hlutar landsmanna byggju utan Rvíkur. En hæstv. ráðh. veit í fyrsta lagi, hve ríflegur hluti af tekjum ríkisins hefir til þessa komið frá Rvík, og enn fremur hitt, að þarfir þeirra, sem utan

Rvíkur búa, eru mjög kostnaðarfrekar. Ef litið er á útgjaldaliði fjárlaganna, sést, að minnstur hluti af útgjöldum ríkissjóðs rennur til Rvíkur. Ég gæti trúað, að þessir $^3/_4$ hlutar landsmanna ættu erfitt með að standa undir sínum eigin böggum, er Rvík væri dottin úr sögunni.

Hæstv. dómsmrh. kom með þá skökku samlíkingu, að hér væri hið sama að gerast og ætti sér stað, ef fátækur maður bæði ríkan mann að skrifa á víxil fyrir sig. En reikningar Rvíkur bera það með sér, að Rvík er mun betur stæð en ríkið er nú eftir ráðsmennsku hæstv. stjórnar. Það kann því að hljóma undarlega, að Rvík skuli ekki geta fengið lán án ríkisábyrgðar, en bæði er það, að útlendingar vita ekki yfirleitt, sem betur fer, hvernig hagur ríkisins er í raun og veru, og hinsvegar gengur ríkjum ávallt betur en bæjum að fá lán. Reikningar Rvíkurbæjar eru ljósir, og þeir bera með sér, að engin áhætta getur fylgt þessari ábyrgð. Nú eru ríkisskuldirnar komnar á fimmta tug millj. og hæstv. dómsmrh. verður að skrökva því, að þær séu 12 millj. lægri en þær eru, til að fá ókjaralán í Englandi. Rvík hefir neitað að taka lán, sem hún gat fengið, vegna þess að farið var fram á veðsetningu, en hæstv. stj. hefir hinsvegar veðsett bæði tekjur og eignir ríkissjóðs fyrir ríkisláninu. Og sá kvittur hefir flogið fyrir, og ég vil hér með spyrja hæstv. stj., hvaða fótur sé fyrir honum, að hún hafi ekki aðeins orðið að veðsetja tekjur og eignir, heldur orðið að undirgangast skilmála, sem meini henni og hennar flokki nú að aðhyllast það frv., sem hér liggur fyrir.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Það er sjaldgæft að heyra hv. 2. þm. G.-K. víkja að málefnum landbúnaðarins, enda verður ekki annað sagt en að hann hafi gert það á þann hátt, sem við mátti búast. Aðalinntak ræðu hans var, að allt, sem gert hefði verið fyrir landbúnaðinn til þessa hefði verið unnið fyrir gig. (**ÓTh:** Vitleysa!) Ef hv. 2. þm. G.-K. er alvara með þetta, byggist þetta á ákaflega miklum ókunnugleika og misskilningi.

Engum þeim, sem til þekkir, dylst, að aðstaða sveitanna hefir stórum batnað hin síðustu ár og framfarahugur þar aukizt. Allir vita, að í sæmilegu árferði mega sveitirnar vænta mikilla framfara. (**ÓTh:** Ég var einmitt að víta hæstv. dómsmrh. fyrir svartsýni). Og kreppa sú, sem nú stendur yfir, hefir til þessa komið alvarlegar við sjávarsíðuna en sveitirnar.

Hv. 2. þm. G.-K. talaði um, að við framsóknarmenn værum að gera rafmagnsmálið að kosningamáli og brá okkur um loddaraskap í því sambandi. Ég held, að þau ummæli ættu betur við hv. þm. sjálfan og hans flokk, ef farið er að nota þau hér. Í sambandi við þetta mál hafa skeð undarlegir og eftirtektarverðir hlutir, sem þörf er á, að þjóðin athugi áður en hún gengur til næstu kosninga.

Fyrir 2—3 árum kom flokkur hv. 2. þm. G.-K. fram með sitt stóra mál: rafveitur í sveitum. (**MG:** Ekki stóðu kosningar þá fyrir dyrum). Landskjörið átti að fara fram árið eftir, og svo var gott að hafa tímann fyrir sér með tilliti til næstu almennu kosninga. Hv. 1. landsk. bar málið fram, og mikið veður var gert úr þessu máli í blöðum Íhaldsins. Sveitum var lofað ljósi og hita inn á hvert heimili, ef þær vildu fylgja Íhaldinu. Frv. var mjög flaustурslegt og af vanefnum gert, sem eðlilegt var, þar sem það var eingöngu borið fram vegna skorts á vinsælum stefnumálum Íhaldsflokksins. Við framsóknarmenn reyndum að bæta um þennan vanskapnað, og stjórnin skipaði nefnd til að taka rafmagnsmálið í heild til athugunar. Hjá okkur var því engum loddaraskap til að dreifa. Í þessari nefnd átti hv. 1. landsk. sæti, meðal annara. Nefndin tók málið til athugunar. Síðan var skipuð undirnefnd í málið. Hv. 1. landsk. átti einnig sæti í henni. Frá henni kemur svo þetta frv., sem hér liggur fyrir. Og hvað er svo farið fram á í þessu frv.? Er það hiti og ljós handa sveitunum? Nei, það er hiti og ljós handa Rvík. (**MG:** Vitleysa!). Það á samkv. frv. að gefa Rvík 7 millj. kr. ábyrgð fyrir láni til rafveitu, en alveg gengið framhjá sveitunum. Þetta kemur frá hv. 1. landsk. Frv. gengur ekki út á annað en þetta, þótt einhverjar bollaleggingar um rafveitur í næstu sýslum sé í grg. frv. Í frv. er beðið um sérleyfi handa

Rvík einni, og þar með er gengið á móti anda sérleyfislöggjafarinnar, eins og hv. 1. þm. Árn. og hv. 2. þm. Rang. hafa þegar bent á. Í sérleyfislöggjöfinni er ætlazt til, að sérstakt tillit sé tekið til þeirra héraða, sem fallvötnin eru í. Nú er ætlazt til, að ábyrgð sé tekin á 7 millj. kr. fyrir Rvík eina til rafvirkjunar. Þetta er einhver sá hlægilegasti og óviturlegasti loddaraskapur í pólitík, sem sögur fara af hér á landi. Og að þessu standa hv. 1. landsk. og flokksmenn hans. Herópið gamla: Hiti og ljós handa sveitunum! er orðið: Hiti og ljós handa Rvík einni og ekki handa sveitunum. (**JAJ:** Hæstv. ráðh. treystir því, að menn hafi ekki lesið frv.). Er máske verið að sækja um sérleyfi og ábyrgð fyrir héruðin í frv.?

Auðvitað kemur ekki annað til mála en að fylgja sérleyfislögunum í þessu máli og tryggja rétt héraðanna, sem frv. vill bera fyrir borð, áður en nokkur ábyrgð eða sérleyfi verður veitt.

Ég tel gott, að Íhaldsfl. skyldi sýna sitt sanna innræti í þessu máli fyrir kosningarnar.

Fjmrh. (Einar Árnason): Þetta mál virðist vera borið fram af miklu kappi, og þótt undarlegt sé, virðast það einkum vera fylgismenn málsins, sem tefja fyrir því, að það komizt sem fyrst gegnum þessa umr. (**HV:** Hæstv. ráðh. mundi fyrir löngu var búinn að tala sig dauðan, ef hann yrði að fylgja sömu reglum og aðrir). Ég mun ekki láta hv. 2. þm. Reykv. ráða því, hvað ég segi hér. Og þótt honum hafi tekizt með ofríki að koma þessu máli á dagskrá nú, er ekki þar með sagt, að hann geti beitt ofríki til að koma því fyrr gegnum þingið en ella mundi hafa orðið. Hæstv. forsrh. hefir svo rækilega svarað aðdróttunum hv. 2. þm. G.-K. til Framsóknarflokksins um loddaraskap í þessu máli, að ég hefi þar engu við að bæta. Hv. 2. þm. G.-K. er oft óheppinn, er hann grípur til skemmtilegra orðatiltækja, því að þau vilja gjarnan koma í koll honum sjálfum seinna.

Það er einkennilegt, hve fylgismönnum þessa frv. hefir orðið tíðrætt um ljós og hita fyrir sveitirnar í sambandi við það, einkum þó hv. þm. Dal. Ég er hræddur um, að lítið ljós kvikni í Dölum vestur af þessu frv. (**SE:** Mesti misskilningur).

Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um í gær, að leiðslan frá Soginu lægi yfir Árnessýslu á stóru svæði og mikill hluti Árnessýslu mundi njóta góðs af þessu. (**HV:** Ég minnist ekki að hafa sagt þetta). Ég fer þó rétt með þetta, af því að ég skrifaði þetta hjá mér. Þetta er auðvitað ekkert annað en lokleysa hjá hv. þm., því að enginn bær í Árnessýslu hefir gagn af þessari leiðslu. Það hefir ennfremur verið talað um línu frá Soginu niður á Eyrarbakka og Stokkseyri og jafnvel út í Vestmannaeyjar. Auðvitað myndu kauptúnin njóta góðs af þessu, en þetta kæmi ekki nema örfáum sveitabæjum að notum. Þótt leiðsla af aðallínu sé ekki nema einn km., verður hún svo dýr, að varla er viðlit fyrir nokkurt sveitaheimili að standa straum af slíku. Þetta verður ekki hrakið, enda hefir þetta verið athugað í rafmagnsnefndinni.

Hv. 2. þm. G.-K. sagði, að línurnar kæmu af sjálfu sér, þegar búið væri að samþykkja þetta frv. og Sogsvirkjunin væri komin í gang. En það þarf áreiðanlega meira til en samþykkt þessa frv., að svo verði.

Hv. 2. þm. G.-K. fór að bera saman fjárhag Rvíkur og ríkissjóðs. Ég hafði ekki gefið honum tilefni til þess samanburðar. Það hefir vitanlega ekkert gildi, þó að hann slái fram órökstuddum fullyrðingum um þessi efni. Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem þessi hv. þm. hleypur með Gróusögur til að gera fjárhagsástand ríkissjóðs tortryggilegt, bæði utanlands og innan. Hann talaði um veðsetningu í sambandi við síðasta lán og gaf í skyn, að stj. hefði gefið einhver loforð, sem meinuðu henni að takast á hendur þessa ábyrgð fyrir Rvík. Ég hefi lagt samningana um lánið fyrir fjhn. Nd., og um það eru engir aðrir samningar til en þeir, sem n. hefir fengið. Ég má segja, að hv. 2. þm. G.-K. er í n. (**ÓTh:** Ég hefi lesið samningana og séð, að tekjur og eignir ríkissjóðs eru veðsettar). Það eru vísvitandi tilhæfulaus ósannindi, að nokkur veðsetning sé fólgin í samningnum. Hv. þm. veit þetta ósköp vel, en honum er sízt of gott að þjóna lund sinni

með því að reyna að koma þessu inn hjá fólki, sem ekki hefir aðstöðu til þess að kynna sér þetta af eigin rammleik, en vita skal hann það, hv. þm., að ekki mun honum stoða að hlaupa með þvílíkar staðhæfingar inn fyrir vébönd þingsins, því að samningurinn hefir verið látinn af hendi við fjhn. þingsins, og þar geta þeir hv. þm., sem meta sannleikann nokkurs, kynnt sér þetta mál af eigin raun. Samningurinn er ekkert launungarmál; allt er í honum skráð, sem varðar þetta mál, og ekkert undan dregið. Þar geta menn fengið að vita allt hið sanna og rétta um þetta mál. En um hv. 2. þm. G.-K. vil ég að öðru leyti segja það, að framkoma hans í þessu máli er svo sem ekkert einsdæmi, því að hann hefir jafnan gengið ótrauður fram fyrir skjöldu þeirra manna og flokka hér á landi, sem ekki hafa svifizt þess að rægja og spilla áliti og trausti landsins út á við á hinn lúalegasta hátt, í þeim tilgangi að gera núv. stj. erfiðara fyrir um að afla þess lánsfjár, sem þingið hafði lagt fyrir hana að útvega. Það er annars óþarfi að ræða um þetta atriði í sambandi við það mál, sem nú er á dagskrá, því að það mun síðar og í öðru sambandi koma til frekari umr., og gefst þá hv. 2. þm. G.-K. kostur á að svara til sakar fyrir afskipti sín og flokksmanna sinna af þessum málum.

Ég get ekki betur séð en að þetta mál sé svo stórt og viðurhlutamikið, að full ástæða væri til þess að vísa því til n. til frekari athugunar. Ég get heldur ekki séð, að það sé forsvaranleg afgreiðsla á málinu, þótt einhver hluti n. taki við því af öðrum mönnum utan þings og flytji það hér í þinginu, ef það má ekki fá sérstaka athugun í n. sem önnur mál. Slíkt brýtur algerlega í bág við eðli og anda þingskapanna. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fara fleirum orðum um þetta mál, að svo stöddu. Ég get vel búizt við því, að hv. flm. þykist eiga eitthvað ósagt enn, en tæplega neitt það, er gefi sérstaklega tilefni til andsvara, og mun ég því láta útrætt um þetta mál, þar til við síðari umr.

Ólafur Thors: Af því að ég veit, að ef ég tæki til máls nú, sem ég hefði ærna ástæðu og mikla löngun til, þá mundi það verða til þess, að málið fengi ekki afgreiðslu á þessum fundi, þá mun ég af því, **og einungis af því,** falla frá orðinu að þessu sinni, til þess að tefja ekki framgang málsins. Hinsvegar áskil ég mér óskertan rétt til þess við 2. umr. að taka margvíslegar firrur hæstv. ráðh. til frekari athugunar.

Að ráðh. hafi veðsett tekjur og eignir ríkisins er tvímælalaust. Að hann blygðist sín fyrir það, eftir allt hjalið um enska lánið 1921, er skiljanlegt og skal af mér með öllu átölulaust. En hitt er ekki vansalaust, að maður, sem er ráðh., að m. k. þó að nafninu til, skuli missa alla stjórn á sér, þó hann sé minntur á yfirsjónir sínar, og venjan hefir nú verið sú, að dómsmrh. hefir verið einn um slíkt æði hér á Alþingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 : 1 atkv.

Till. um að vísa því til fjhn. felld með 13:9 atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

92. Rafveitulánasjóður.

Á 38. fundi í Nd., 31. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um rafveitulánasjóð Íslands (þmfrv., A. 305).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

---

93. Háskóli Íslands.

Á 38. fundi í Nd., 31. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 35, frá 30. júlí 1909, um stofnun háskóla (þmfrv., A. 309).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

---

94. Kartöflukjallari og markaðsskáli.

Á 39. fundi í Nd., 1. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um kartöflukjallara og markaðsskála (þmfrv., A. 320).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

---

95. Skipun barnakennara og laun.

Á 41. fundi í Nd., 8. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra (þmfrv., A. 333).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

---

96. Bankavaxtabréf.

Á 43. fundi í Nd., 10. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa (þmfrv., A. 357).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

---

97. Húsnæði í Reykjavík.

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um húsnæði í Reykjavík (þmfrv., A. 388).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá, með því að næsta dag var þingið rofið.

---

98. Einkasala á tóbaki og eldspýtum.

Á 4. fundi í Ed., 19. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um einkasölu ríkisins á tóbaki og eldspýtum (þmfrv., A. 36).

Á 9. fundi í Ed., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir um einkasölu á tóbaki, er ekki nýr gestur hér í þinginu. Það hefir einnig verið á dagskrá undanfarandi þinga, og það alllengi.

Þetta mál á sér nokkuð aðra þingsögu en ýms önnur, eða jafnvel flest önnur mál. Allir flokkar þingsins hafa talið sig stuðningsmenn þess á einhverjum tíma, og talið málið sitt mál. Einkasalan var lögleidd á þinginu 1921. Þá átti hún sterkast fylgi hjá íhaldinu í þinginu, og var það fjármálaráðherra þess, sem þá bar frv. um einkasölu á tóbaki fram til sigurs. Einkasalan stóð svo þar til hún var afnumin á þinginu 1925. Var það Framsóknarflokkurinn, sem fastast stóð á móti því, að lögin væru afnumin. Þá voru það fyrstu feður þessarar hugmyndar, sem fastast stóðu að drápinu. Jafnaðarmenn eru þeir einu, er sýnt hafa þessu máli fulla tryggð, að því er virðist. Þeir hafa borið frv. um einkasölu á tóbaki fram á síðustu þingum. En Framsóknarflokkurinn hefir í síðari tíð ekki virzt vera eins einhuga um að fylgja þessu máli fram til sigurs eins og hann var ákveðinn í mótspyrnunni gegn því, að einkasalan væri lögð niður 1925.

Þegar frv. um þetta efni var borið fram á þinginu 1929, mælti fjmrh. á móti því, að frv. væri gert að lögum á því þingi. Ástæðan var sú, að hann vildi bíða eftir till. mþn. í tolla- og skattamálum, sem þá hafði ekki lokið störfum. Vildi hann heyra tillögur þeirrar nefndar um þetta mál. En sú ástæða var niður fallin á síðasta þingi, því þá hafði n. lokið störfum og meiri hl. hennar, fulltrúar framsóknar- og jafnaðarmanna, lagt til, að tóbakseinkasala væri upp tekin, til þess að afla ríkissjóði tekna. En frv. um það á síðasta þingi fékk þó þá einkennilegu af-

greiðslu, að eftir að búið var að koma því í gegnum Nd. og samþykkja það við tvær umr. í Ed., og aðeins 3. umr. var eftir hér til þess að það yrði að lögum, þá dagar það uppi, eða er látið gera það. Afgreiðsla þess þurfti þó ekki að taka nema nokkrar mínútur. Þetta var gert með vilja Framsóknar og vitanlega með sterkum vilja íhaldsins.

Nú hafa jafnaðarmenn borið þetta frv. fram enn á ný, í því trausti, að þingið fallist á það og fylgi þeirri skoðun, sem virzt hefir ríkja hjá öllum flokkum, a. m. k. á ákveðnum tímabilum. Í grg. frv. frá 1921 er tekið fram, að tilgangurinn með frv. sé m. a. sá, að létta skattana — ég geri ráð fyrir, að þar sé einkum átt við óbeinu skattana — og afla ríkinu tekna á þennan hátt. Sú ástæða er enn í fullu gildi, og engu síður nú en þá. Nauðsyn þess að létta á óbeinu sköttunum er mest, þegar atvinnuleysi og þrengingar vega að almenningi. Óbeinu skattarnir koma jafnan harðast niður á fátækustu mönnunum, og það jafnt, þótt hart sé í ári. — Ég vil í þessu sambandi minna á orð þau, sem hæstv. fjmrh. lét falla í fjárlagaræðu sinni, er hann vék að kreppu atvinnuveganna. Hann sagði, að annarsvegar væri hátt kaupgjald, en hinsvegar lágt verð á framleiðsluvörunum. Það má líka segja, að hin vinnandi stétt verði fyrir kreppunni á tvær hliðar. Annarsvegar er atvinnuleysi, hinsvegar eru þungir neyzlutollar. Þingið ætti því að gera sitt til að létta tollana, eftir því sem föng eru á. Og það getur nokkuð að gert til að létta erfiðleikana hvað skattálögurnar snertir, þótt það ráði ekki yfir verði framleiðsluvaranna.

Á undanförnum þingum hefir nokkuð verið um það deilt, hverjar tekjur verða mundu af einkasölu á tóbaki. Engin gild rök hafa þó verið færð gegn því, að hægt væri að ná tekjum með einkasölu á tóbaki. Og þótt þær tekjur næmu eigi meiru en 200 þús. kr., sem að vísu er ekki há upphæð miðað við þarfir ríkisins, þá er það þó fúlga, sem rétt er að hirða.

Þá höfum við einnig lagt til, að tekin væri upp einkasala á eldspýtum. Ætti sú sala að auka tekjurnar að nokkrum mun.

Þar sem mikið hefir verið rætt um efni þessa frv. á undanförnum þingum, sé ég eigi ástæðu til að lengja mál mitt við þessa umr., nema tilefni verði gefið. — Legg ég svo til, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til fjhn.

Jón Þorláksson: Ég vil, þar sem hv. flm. hefir haldið nokkuð langa ræðu um þetta frv., aðeins minna á, að á fyrri þingum hafa bæði í umr. og nál. verið færð bæði skýr og ótvíræð rök fyrir því, að einkasala á tóbaki mundi ekki verða til að auka tekjur ríkissjóðs. Um einkasölu á eldspýtum hefir ekki verið að ræða fyrr en nú. Um það atriði er því engar upplýsingar að sækja í meðferð málsins á undanförnum þingum. Fyrsta eða fyrstu árin eftir að einkasölufyrirkomulag væri tekið upp, mundi það jafnvel skerða tekjur ríkisins að miklum mun. Er það alveg augljóst mál og ómótmælanlegt. — Ég vildi aðeins minna á þetta, án þess að fara lengra út í þetta mál að sinni.

Jón Baldvinsson: Fyrst hv. 1. landsk. fór að vitna í umr. og nál. fyrri ára, þá vil ég aðeins benda á, að tekjur af tóbakseinkasölunni í þau fjögur ár, sem hún stóð, voru að meðaltali yfir 200 þús. kr. á ári. Og hv. 1. þm. Skagf. (MG) sagði, er einkasalan var lögð niður, að hún hefði fyllilega gefið þær tekjur, sem við var búizt, og að hann, sem var höfundur einkasölunnar, væri fyllilega ánægður með árangurinn.

Ég þarf svo ekki að segja fleira á móti því, sem hv. 1. landsk. sagði.

Jón Þorláksson: Hv. 2. landsk. lætur sem hann muni það ekki, að þegar einkasalan á tóbaki var lögð niður 1925, þá var um leið hækkaður tollurinn á tóbakinu. Sá tollauki hefir reynzt gefa meira af sér en nam arðinum á einkasölunni. Að skattleggja tóbakið hærra er ekki hægt, án þess að notkunin minnki.

Annars er það ómótmælanlegt, að tekjur ríkisins af tóbakinu mundu skerðast, ef einkasala er upp tekin, og mikið fyrstu árin. Reynslan hefir sýnt það.

Jón Baldvinsson: Ég vil aðeins minna hv. 1. landsk. á það, að hér hefir engin till. verið gerð um það að nema úr gildi tollhækkun þá, sem gerð var á tóbakinu

1925. Hér er um það að ræða, að heildsöluhagnaðurinn á tóbaki lendi í ríkissjóðnum, en ekki hjá einstökum mönnum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed, 16. marz, var útbýtt nál. frá meiri hl. fjhn., á þskj. 170, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

99. Forkaupsréttur kaupstaða á hafnarmannvirkjum o. fl.

Á 9. fundi í Ed., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. (þmfrv., A. 51).

Á 11. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Þetta frv. um forkaupsrétt á hafnarmannvirkjum o. fl. hefir legið fyrir hv. d. fyrr en nú. Fyrst var það borið fram á þinginu 1927, og þá var það afgr. í d. með nokkrum breyt., sem allshn. lagði til, en í henni sátu þá hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), hv. þm. A.-Húnv. (GÓ) og hv. þm. Vestm. (JJós). Í Nd. fékk þetta frv. þá allgóðar viðtökur, því að meiri hl. allshn. þeirrar d. lagði til, að það yrði samþ. með litlum eða engum breytingum. En þrátt fyrir það dagaði það uppi. Árið 1929 var það samþ. óbreytt frá Ed. og með litlum breyt. frá allshn. í Nd., en varð ekki útrætt. Í fyrra var málið borið fram í Nd. og fellt. En þar sem frv. hefir fengið svo góðar undirtektir, sérstaklega í þessari hv. d., þykir vera gild ástæða til að vona, að nú sé loks hægt að koma því fram.

Dálítil brevt. hefir verið gerð á frv. frá því að það var samþ. hér síðast. Sett hefir verið inn ákvæði um forleigurétt. Það virðist full ástæða til að heimila bæjarstjórnum og sveitarstjórnum að ná einnig forleigurétti, þar sem svo stendur á, að lönd eru leigð til langs tíma, jafnvel um tugi ára, eins og mun eiga sér stað í kaupstöðum og sjávarþorpum víða hér á landi.

Af því að frv. er svo kunnugt og hefir fengið svo góðar undirtektir í hv. d., ætti ekki að þurfa að mæla lengi með því að svo stöddu. Og að lokinni þessari umr. legg ég til, að frv. verði vísað til allshn., sem það hefir legið fyrir á undanförnum þingum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 : 1 atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 51, n. 167).

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Við 1. umr. um þetta frv. komu ekki fram andmæli gegn því í hv. þd. Af þeim ástæðum tel ég líklegt, að frv. nái nú samþykki hér í d. Þó hefir svo farið, að allshn. hefir ekki getað orðið á eitt sátt um afgr. frv. Leggur meiri hl. n. (IP, EF) til, að frv. verði samþ. óbr., en minni hl. (PM) hefir tjáð sig andvígan frv. og mun sennilega greiða atkv. á móti því.

Við frv. hafa engar brtt. komið fram, hvorki frá meiri né minni hl. n. eða frá einstökum þm. Ég sé því ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv., en leyfi mér að vísa til þess, er ég sagði um það við 1. umr., og óska þess, að hv. þd. fallist á að samþ. frv. samkv. till. meiri hl. allshn.

Frsm. minni hl. (Pétur Magnússon): Eins og nál. á þskj. 167 ber með sér, hefi ég ekki getað orðið sammála hv. meðnm. mínum í allshn. um afgreiðslu þessa frv. Ég hefi ekki getað komið auga á neina knýjandi nauðsyn eða rök fyrir því, að setja þurfi lög um þetta efni.

Þetta frv. er nú svo oft búið að koma fyrir Alþingi áður, þar sem þetta mun nú vera í fimmta skiptið, sem það er borið fram, að það sýnist ástæðulaust að hafa langar umr. um það. Þær yrðu ekki annað en endurtekningar á því, sem áður

hefir verið sagt um málið. Þó vil ég með örfáum orðum gera grein fyrir skoðun minni á frv. og hvernig á því stendur, að ég hefi ekki séð mér fært að fylgja því. Eins og kunnugt er, er mælt svo fyrir í 63. gr. stjskr., að einstaklingar séu skyldir að láta af hendi eignir sínar, ef almenningsþörf krefst þess, enda komi fullt verð fyrir. Þetta ákvæði hefir jafnan verið skilið mjög frjálslega. Ef hið opinbera hefir farið fram á að fá einhverja eign samkv. þessu ákvæði, þá hefir sjaldan verið krafizt, að mjög sterk rök væru færð fyrir almenningsþörfinni. Víða er með lögum gefin almenn heimild fyrir eignarnámi á tilteknum stöðum, en sé slík almenn heimild eigi til, mun að jafnaði auðvelt að fá samþ. sérstaka eignarnámsheimild, svo framarlega, sem um raunverulega þörf er að ræða. Ætla ég, að bæjar- og sveitar-félögum nægi þessi réttur til þess að þau geti komizt yfir þær eignir innan sinna lögsagnarumdæma, sem þeim er þörf að ná eignarhaldi á.

Hitt tel ég aftur á móti, að geti orðið varhugavert, að stuðla til þess með lögum, að hið opinbera, hvort það eru bæjar- eða sveitarfélög, fari að „spekúlera" í því að kaupa fasteignir í þeirri von, að gróði verði af þeim einhverntíma í framtíðinni, sem vitanlega gæti brugðið til beggja vona með.

Ég vil nú ekki halda því fram, að mikil hætta stafi af því, þó frv. þetta næði fram að ganga. En lög á nú fyrst og fremst því aðeins að setja, að einhver þörf sé fyrir þau. Og að öllu athuguðu hygg ég auk þess, að ógagn það, er lögin mundu gera, yrði meira en sem nemur kostunum. Það er ekki alveg óhugsandi eins og nú er háttað um stjórnmál hér á landi, að meiri hl. í bæjarstjórn notaði aðstöðu sína til þess að láta bæjarfélagið ná yfirráðum yfir eignum í þeim tilgangi að gera pólitiskum andstæðingum erfitt fyrir með atvinnurekstur. Þá má og benda á ýms óþægindi, sem af því gæti leitt, ef seljendur og kaupendur fasteigna vissu ekki um þær kvaðir, sem á eignunum hvíldu, en eins og frv. er nú úr garði gert gæti hæglega svo farið. Vil ég benda n. á það, ef útlit er fyrir, að frv. verði að lögum, að nauðsynlegt væri að bæta inn í það ákvæði um, að skylt væri að þinglesa samþykktir bæjar- og sveitarstjórna samkv. 1. gr. frv.

Að endingu vil ég benda á það, að forkaupsrétturinn er oft þýðingarlítill, því eins og mönnum er kunnugt, þá tíðkast það nokkuð, að eignir séu boðnar hærra verði þeim, er forkaupsrétt hafa, heldur en þær raunverulega eru seldar fyrir. Ég er hræddur um, að Akureyrarkaupstaður, sem þetta frv. mun vera miðað við og samið með ákveðið tilfelli fyrir augum, hefði ekkert verið betur farinn, þó þessi lög hefðu verið til á þeim tíma, þegar sú eign var seld, sem miðað er við í frv., og ég er sannfærður um, að Akureyrarkaupstaður hefði aldrei fengið eignarráðin fyrir sama verð og eignin var seld fyrir.

Það er ekki eðlilegt að búast við því, að bæjar- og sveitarfélög hafi betri aðstöðu til að „interessera" sig fyrir slíkum efnum heldur en einstaklingar. Með því væri gengið of langt í því að leggja höft á eignarrétt og atvinnufrelsi manna.

Frsm. meiri hl. (Erlingur Friðjónsson): Hv. minni hl. allshn. hefir nú skýrt aðstöðu sína til frv. og fært fram rök fyrir sínu máli. Virðist hann algerlega mótfallinn því, að bæir og kauptún fái rétt samkv. ákvæðum frv. til lóða, lendna, húsa eða annara mannvirkja, sem bæjum væru nauðsynleg til umráða, og færir hann aðallega fram sem ástæðu fyrir andstöðu sinni gegn frv. það, að þegar séu til nægilegar heimildir í lögum til þess, að bæjarfélög geti tekið eignarnámi þær eignir, sem þau hefðu þörf fyrir að fá til umráða. Ég held, að ræðumaður misskilji þetta leyfi, sem gefið er í 63. gr. stjskr. til þess að taka eignarnámi vegna almenningsheilla. Bæir eða kauptún eiga þess engan kost að fá sér dæmdar samkv. ákvæðum stjskr. jarðir, þó að mikil líkindi væru til, að hagur væri fyrir bæinn eða kauptúnin að eignast þær, þó hægt sé eftir eignarnámsheimild að fá hinu opinbera dæmdar smálóðir jafnóðum og þörf er að taka þær til afnota. Það má vera, að sumir líti þannig á, að það hafi ekki verið hyggilegt af bæjarstjórn Akureyrar að kaupa allar þær jarðir, sem hún keypti fyrir bæinn fyrir allmörgum

árum. En afleiðingin af þessum jarðakaupum er sú, að þar eru nú engin vandræði með lóðir til bygginga eða lönd til jarðræktar. Og ég er á þeirri skoðun, að sú framsýni bæjarstjórnar Akureyrar á sínum tíma að kaupa fyrir bæjarfélagið jarðirnar Stóra-Eyrarland, Hamarkot, Kjarna, Naust, Bændagerði og Mýrarlón, hafi orðið Akureyri giftudrýgri heldur en ef þar hefði ráðið menn með skoðunum hv. ræðumanns á þessu efni.

Hv. ræðumaður minntist á Oddeyrina hér í þessu sambandi. Ég býst við, að ég sé fullt eins kunnugur og hann og geti eins vel gefið upplýsingar í því máli.

Oddeyrin er lítill hluti þess lands, er Hamarkot átti, og fyrir löngu síðan seld Hinum sameinuðu ísl. verzlunum fyrir 800 kr. Er það næst síðasta sala á Oddeyrinni, en síðasta salan er til bæjarfélagsins og verðið þá rúmar 100 þús. kr. fyrir nokkurn hluta Oddeyrarinnar. Þykir það vera allhátt verð fyrir aðeins nokkurn hluta þeirrar eignar, sem eigi alls fyrir löngu var seld á 800 kr. Kaupin urðu á þann hátt, að Ragnar Ólafsson keypti alla Oddeyrina af verzlununum og seldi síðan bænum nokkurn hluta hennar fyrir áðurnefnt verð.

Aðstaðan var þannig, að áður en Oddeyrin fór úr eign Hinna sameinuðu ísl. verzlana, þurfti Akureyrarbær að láta byggja bryggju og gera uppfyllingu, sem að nokkru leyti varð fyrir landi verzlananna; varð þá landaþræta milli bæjarins og Hinna sameinuðu ísl. verzlana út af landamerkjum. Ef kaupin á Oddeyrinni hefðu ekki verið útkljáð áður en gengið var frá þessu, þá hefði sennilega orðið úr því flókið og alvarlegt landamerkjamál. En úr þessu greiddist með kaupunum á Oddeyri, því þá varð bærinn eigandi að því landi, sem þrætan stóð um. Enginn, sem til þekkir, mun efast um það, að eðlilegt og heppilegt var, að Akureyrarbær eignaðist Oddeyrina. Land Akureyrar umlykur Oddeyrina á þrjá vegu. Sá, sem eignina keypti, Ragnar Ólafsson, var líka sannfærður um, að svo bæri að vera, og seldi þess vegna bænum mestan hluta eignarinnar.

Nú hygg ég, að ekki sé hægt að taka slíka eign sem þessa eignarnámi. Það munu engin fordæmi vera fyrir því, að margar lóðir og hús séu tekin eignarnámi í einu, enda þótt um almenningsheill geti verið að ræða, eins og þarna átti sér stað. En mér finnst ekki nema eðlilegt, þegar um sölu á miklum verðmætum eignum er að ræða, að bæjarfélög geti eignazt þær, enda þótt bráð nauðsyn sé ekki fyrir hendi til að nota þær þá þegar. Nú var það svo, þegar Ragnar Ólafsson seldi Akureyri, að þá var það ekki nema hluti af eigninni. Verðmætar lóðir, er eigninni fylgdu upphaflega, voru undanskildar.

Þótt máske séu óvíða jafnríkar ástæður fyrir hendi um að bæjarfélög kaupi eignir eins og var fyrir Akureyri að eignast Oddeyrina, þá eru þó víða nokkuð hliðstæð dæmi. Og svo ég taki annað dæmi frá sama stað, þá er núna verið að selja stóreign, bæði að landi og byggingum, sem stendur við höfnina á Akureyri. Er það eign Höepfners-verzlunar. Á þessari eign hefir bærinn engan forkaupsrétt. Ég vil að vísu ekki fullyrða, að bænum sé áhugamál að ná kaupum á þessari eign. En þó svo væri, er það ekki hægt. Úr því væri bætt, ef frv. þetta verður samþ. Ég gæti ennfremur nefnt fleiri dæmi frá sama stað. En ég veit, að nóg er til af samskonar dæmum frá öðrum kaupstöðum og kauptúnum.

Þá virðist kenna nokkurs ótta hjá hv. 4. landsk. um, að bæjarstjórnir myndu misnota þetta vald og útiloka þar með einstaklinga frá atvinnurekstri. Þetta er algerlega tilbúin grýla. Ef þetta væri á rökum reist, þá væri það undir þeim kringumstæðum, að um eina staðinn væri að ræða til þess atvinnurekstrar og ekki nokkurn annan, sem kaupandinn ætlaði að reka atvinnu á. Undir þeim kringumstæðum væri um einokun á atvinnurekstri að ræða, og hygg ég þá, að betur væri séð fyrir hag bæjarbúa með því að bærinn sjálfur tæki að sér reksturinn á þessari atvinnugrein, heldur en að hann væri í höndum einstaklinga. Þetta verða því meðmæli með frv., þótt hv. 4. landsk. hafi ætlazt til annars.

Hv. 4. landsk. benti á, að nauðsynlegt væri að koma fram með brtt. við frv., ef það yrði samþ. Ég lít svo á, að sú brtt. sé óþörf. En ef hv. þm. telur hana nauðsynlega, þá ætti hann sjálfur að koma með

hana. Ég sé svo enga ástæðu til að fara fleiri orðum um mótmæli hans gegn frv.

Frsm. minni hl. (Pétur Magnússon): Hv. flm. hóf mál sitt á því að segja það, að ég væri algerlega mótfallinn því, að bæjarstjórnir gætu náð í og látið bæinn kaupa lendur og lóðir. En þetta er alger misskilningur. Ég gaf ekkert tilefni til þess, að hv. þm. gæti eignað mér þessa skoðun, heldur þvert á móti. Ég taldi einmitt, að slíkt gæti verið nauðsynlegt undir ýmsum kringumstæðum. En ég taldi, að þessu mætti ná með ákvæðum gildandi laga, sem hafa viðtekið eignarnámsheimild í þessu skyni. Þá er og önnur leið til að sama marki, sem hv. þm. gekk alveg fram hjá. Hún er sú, að bæjarfélögin geti náð eignarrétti á því, sem í frv. greinir, án eignarnámsheimildar og án forkaupsréttar, á venjulegan hátt, með frjálsum samningi eins og hver annar kaupandi. Hv. þm. taldi upp eignir, sem væru til sölu á Akureyri, sem gæti verið til hagsmuna fyrir bæinn að eignast. Ég sé nú ekki, að til þess að eignast þessar eignir þurfi bærinn annað að gera en að semja um kaup á þeim við eigendurna. Ég held, að bæjarfélögin eigi yfirleitt betri skilyrði fyrir því að ná kaupum á fasteignum heldur en einstakir menn. Þau eru venjulega betri kaupendur en einstaklingar, eiga hægra með greiðslur o. s. frv. Það er sannfæring mín, að ef um það er að ræða, að bæjarfélög þurfi að ná kaupum á fasteign, sem er til sölu, þá sé hagkvæmari leið að semja við seljanda heldur en þó það hefði rétt til að ganga inn í þau tilboð, sem aðrir hafa gert. — Það má víst heita svo, að það sé næstum föst regla, að farið sé í kringum forkaupsréttarákvæðið, með því að hækka verðið frá því, sem kaupandi hefir boðið.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. þekkir nokkurt dæmi þess, að neitað hafi verið um eignarnámsheimild fyrir kaupstað eða kauptún á lendum, sem hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélag hefir talið sér nauðsynlegt að ná eignarrétti yfir. Ég efast um, að slíkri beiðni yrði nokkurntíma neitað, ef færð væru sæmileg rök fyrir því, að hagsmunum bæjar- eða sveitarfélagsins væri betur borgið með því, að það ætti landið, fremur en einstaklingar. Og ég efast ekkert um það, að í einstökum tilfellum væri hægt að færa góð rök fyrir þessu. Ég fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því, að bæjarfélögin eignist fasteignir. Ég veit, að í nánari eða fjarlægari framtíð getur komið sér vel fyrir bæjarfélögin að ráða yfir vissum eignum innan lögsagnarumdæmisins. — Í sambandi við það skal ég minna á, að það er ekki alveg skýrt tekið fram í frv., að forkaupsrétturinn nái eingöngu til fasteigna innan lögsagnarumdæmisins. Ég mun hafa haft það á orði við n., að þetta þyrfti að taka skýrara fram, ef frv. verður samþ.

Ég minntist á í fyrri ræðu minni, að bæjarstjórn gæti notað þessa heimild, til þess að útiloka vissan mann til þess að ná kaupum á fasteign. Hv. flm. sagði, að það kæmi því aðeins fyrir, að um einokunaraðstöðu væri að ræða, og þá væri slík aðstaða betur komin hjá bæjarfélaginu. En þetta er alger misskilningur hjá hv. þm. Það gætu verið ýmsar aðrar fasteignir til, sem hægt væri að nota við samskonar atvinnurekstur, þótt þessi sami maður hefði engin tök á að ná umráðarétti yfir þeim. Ég sé heldur ekki, að það þurfi að vera umhyggja fyrir almenningsheill, sem jafnan lægi bak við ákvarðanir bæjarstjórnar, þegar slíkt væri gert. Það gætu allt eins verið önnur sjónarmið, sem lægju að baki þeim ákvörðunum.

Hv. þm. þarf ekki að ásaka mig fyrir það, þótt ég kæmi ekki fram með brtt. við frv., enda þó ég benti á, að þess væri þörf. Til þess er ekki hægt að ætlazt af mér, þar sem ég álít, að það eigi að fella frv. Það verk er því hinna, sem ætlast til, að það verði samþ. — Ég sé svo enga ástæðu til að ræða frekar um þetta mál.

Frsm. meiri hl. (Erlingur Friðjónsson): Hv. 4. landsk. talaði um það, að ég hefði gengið fram hjá einum möguleika fyrir bæjarfélögin til að eignast fasteignir, og það væri frjálst samkomulag við aðra kaupendur. En þetta er ekki rétt. Ég talaði einmitt um jarðir, sem Akureyrarkaupstaður hefði keypt í frjálsri samkeppni. En þótt það megi takast stundum, þá sannar það alls ekki, að ónauð-

synlegt sé að veita bæjarstjórnum forkaupsrétt á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins. Það er einmitt nauðsynlegt í ýmsum tilfellum að veita bæjar- og sveitarfélögum slíkan rétt. Og þótt ekki sé á yfirstandandi augnabliki þörf fyrir lóðir og lendur, þá getur aðstaðan breytzt með tíð og tíma. Þannig er miklu meiri samkeppni um landspildur á Akureyri en var um síðustu aldamót, hvað þá, ef lengra er farið aftur í tímann. Eins og nú stendur, þá er enginn vegur til að fá fasteignir, að undantekinni frjálsri sölu, á annan hátt en þann, að fá þær teknar eignarnámi. En ef frv. þetta verður samþykkt, þá bætist við þriðja leiðin. Er að mínu áliti mjög nauðsynlegt, að allar þessar þrjár leiðir standi opnar, 1) frjáls sala, 2) forkaupsréttur og 3) eignarnámsheimild. Ég lít svo á, að forkaupsrétturinn geti í mörgum tilfellum komið í stað eignarnámsheimildarinnar. Mér þykir harðara að gengið að taka fasteign eignarnámi heldur en þó bæjarfél. hafi forkaupsrétt, þegar eignin er til sölu hvort sem er. En hinsvegar getur bæjarfélagið misst af fasteign vegna vantandi forkaupsréttar, sem því þó væri þörf og hagur að eignast. Ég býst við, að hv. 4. landsk. hljóti að þykja forkaupsréttur betri 'en eignarnám. Að vísu taldi hann, að aðstaða bæja og kaupstaða væri yfirleitt góð, því þeir væru góðir kaupendur og hefðu því góða aðstöðu í frjálsri sölu. En aðstaðan er þó ekki nógu góð.

Hv. 4. landsk. var hræddur um, að ef þetta væri samþ., þá væru bæjunum boðnar eignir fyrir óhæfilega hátt verð, eða falskt verð. Ég get þó ekki álitið, að þessi ótti hans stafi af umhyggju fyrir bæjarfélögunum; það væri ekki í samræmi við afstöðu hans til þessa máls. Og þótt hann því hampi þessu, þá sé ég enga ástæðu til að ætla, að slíkt yrði almennt gert, og er því óþarfi að taka þá ástæðu frekar til greina.

Hv. þm. sagði, að eignarnámsheimildin hefði aldrei verið reynd í heilum jörðum eða víðáttumeiri eignum. Þetta er mjög eðlilegt. Dómstólarnir mundu tæplega sjá sér fært að taka slíkar beiðnir til greina. (**PM:** Það er löggjafarvaldið, sem veitir slíka heimild!). Ég hélt þó samt, að leita þyrfti umsagnar yfirvalda, áður en beiðni um eignarnámsheimild væri send fyrir þingið. — Þá er betra að gefa heimild til forkaupsréttar í eitt skipti fyrir öll, heldur en að verða að leita til þingsins í hvert sinn. Ég tel það vera skynsamlegri vinnubrögð.

Hv. 4. landsk. talaði um breytingar, er hann taldi, að þyrfti að gera á frv., en áleit að sér, sem vildi fella frv., bæri engin skylda til að umbæta það. Ég get frætt hv. þm. um það, að það er algengt, að þm. komi fram með slíkar brtt., sem þeir telja til bóta, þrátt fyrir það, þó þeir ætli sér að greiða atkv. gegn frv. undir öllum kringumstæðum. En við, sem viljum, að frv. gangi fram óbr., höfum enga ástæðu til að gera það.

Frsm. minni hl. (Pétur Magnússon): Ég vil leyfa mér að benda hv. þm. á, að ekki er hægt að bera saman eignarnám og forkaupsrétt. Hv. þm. sagði, að það væri betra að fá í eitt skipti fyrir öll úrlausn á þessum málum, heldur en að verða að vísa því til þingsins í hvert sinn. En hann verður að gæta þess, að eftir ákv. þessa frv. geta bæjarfél. því aðeins náð kaupum á eign, að það eigi að selja hana. Annar kaupandi verður að hafa fengizt og getur þá viðkomandi bæjarfélag gengið inn í kaupin. Annað skilyrði fyrir því, að fært sé að ganga inn í kaupin, er, að verðið sé hæfilegt. Þetta frv., þótt að l. verði, veitir því enga tryggingu fyrir því, að bæjarfél. fái þær eignir, er það þarfnast. En beiðni um eignarnámsheimild er stíluð á ákveðna eign, sem þörf er talin á fyrir bæjarfél. að eignast. Sé heimildin veitt, þá meta dómkvaddir menn eignina til verðs og á með þessu að vera fengin trygging fyrir því, að hið opinbera geti eignast þau lönd eða mannvirki, sem það raunverulega þarf að hafa umráð yfir, fyrir sannvirði.

Jón Baldvinsson: Það er ekki vafamál, að þetta er til mikils gagns fyrir bæjarfélögin. Ég held, að sú skoðun ríki hjá flestum bæjarstj., að það sé til mikilla bóta, að bæjarfélögin eigi löndin, sem bæirnir eru á. En með frv. þessu eignast bæirnir ekki meiri rétt en nú er í lögum fyrir sveitarfélög. Þau hafa forkaupsrétt á jörðum, sem seldar eru í sveitinni. —

Bæjunum er og til mikils hagnaðar að eiga bryggjustæði, þar sem útgerð er. Það hefir sýnt sig, að heilum vinnustöðvum hefir verið haldið lokuðum, þótt menn hafi viljað starfrækja þær, af því að einstakir menn réðu yfir þeim. Ef forkaupsréttur bæjarfélaga verður lögtekinn, fer ekki hjá því, að smátt og smátt komast eignirnar í eigu þess, því við og við fara fram sölur á fasteignum. Og auðvitað eru þetta ekki meiri hömlur á fasteignum en nú er í lögum um forkaupsrétt á jörðum.

Þegar hv. 4. landsk. talaði um hömlur þær, sem þetta legði á viðskiptin, þá eru það meiri hömlur fyrir bæjarfélögin, ef þau þyrftu að sækja um það til Alþingis, sem aðeins kemur saman einu sinni á ári, að mega taka eignarnámi þær eignir, er þeim væru nauðsynlegar. Þær eignarnámsheimildir, sem til eru í lögum, eru svo þröngar, að þær veita ekki bæjunum þann rétt, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 : 5 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 8 : 4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónasJ, PH, EÁ, EF, IP, JóhJóh, J-Bald, JónJ, GÓ.
nei: PM, BK, GL, HSteins, JÞ.
Frv. afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd., 21. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 51).

Á 36. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 : 6 atkv. og til allshn. með 15 : 3 atkv.

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var útbýtt nál. frá meiri hl. allshn., á þskj. 391, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar, með því að næsta dag var þingið rofið.

---

100. Verðfesting pappírsgjaldeyris

Á 9. fundi í Ed., 25. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um verðfestingu pappírsgjaldeyris (þmfrv., A. 52).

Á 12. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorláksson): Ég ætla ekki að flytja neina langa eða ítarlega framsöguræðu fyrir þessu frv. Ég geri ráð fyrir því sem sjálfsögðu, að því verði vísað til nefndar, og gefst þá tækifæri til að láta koma fram í nál. og við 2. umr. það, sem mestu þykir máli skipta. Ég ætla þó að gefa örstutt yfirlit yfir aðdragandann að þessu frv.

Eins og menn muna, skall á styrjöld milli hinna stærri ríkja í Norðurálfunni í byrjun ágúst 1914. Var þá tekið til ýmissa úrræða af löggjafarvaldinu hér sem annarsstaðar, sem nauðsynleg þóttu, sérstaklega með tilliti til þess, að koma í veg fyrir ýmsar þær truflanir, sem styrjöldin hafði í för með sér. Eitt af þeim ráðum, sem víða var þá gripið til, var það, að seðlabankar voru leystir undan þeirri skyldu að innleysa seðla sína með gulli. Undan þessari skyldu var seðlabankinn hér á landi leystur 7. ágúst 1914. Var þá vitanlega burt numin sú trygging, sem löggjöfin annars veitti fyrir því, að kröfur þær og skuldir, sem stofnaðar höfðu verið í krónum, héldu áfram að svara til þess gullgildis, sem myntlögin mæla fyrir, að krónan skuli hafa. En þó að þessi trygging væri burt numin, þá urðu samt ekki mikil brögð að því, að pappírskrónan fjarlægðist gullkrónuna meðan á styrjöldinni sjálfri stóð. Að vísu voru nokkrar sveiflur hér sem annarsstaðar milli gildis pappírspeninga og gullgildis, en verulega var það þó ekki

fyrr en í ársbyrjun 1919, eftir að styrjöldin var afstaðin. Þá byrjuðu pappírspeningar okkar að falla og féllu allt árið 1919 og mestallt árið 1920. Í nóvember það ár voru þeir komnir niður í það lágmark, sem krónan náði, og höfðu þá ekki hálfvirði á móti gulli. Til þessa tíma hafði danska og íslenzka pappírskrónan fylgzt að, en nú skildi þar á milli. Þetta ástand hélt áfram með sveiflum ýmist upp eða niður þangað til snemma árs 1924. Þá var síðasta sveiflan niður á við. Í henni fór gildi pappírskrónunnar niður fyrir helming gullgildis. Annars var það svo á þessu rúmlega þriggja ára tímabili, 1920—24, að gengi pappírskrónunnar var oftast, eða a. m. k. um langan tíma, milli 60 og 70% af gullgildi.

Alþingi 1924 gerði mjög víðtækar ráðstafanir til þess að hindra á eðlilegan hátt frekari lækkun pappírsgjaldeyris og til að koma af stað gengishækkun. Þessi ráðstöfun verkaði mestan hluta ársins 1924 og mikinn hluta ársins 1925, og var þá pappírskrónan komin upp í nálega 82% af gullgildi. Þá stöðvaðist hækkunin, og á þann hátt, a. m. k. að nokkru leyti, að þáv. stj. veitti Landsbankanum fulltingi til að koma í veg fyrir frekari hækkun, vegna þess að ríkisstj. og stjórn Landsbankans voru sammála um það, að ekki væri tiltækilegt að taka meiri gengishækkun í einu eins og þá stóðu sakir.

Síðan hefir gengi íslenzku pappírskrónunnar haldizt óbreytt á móti sterlingspundum, og þar með að mestu móti gulli, því að sterlingspund hafa ekki verið nema örlitlum sveiflum undirorpin á þessu tímabili.

Nú mun það almennt viðurkennt, að nauðsynlegt sé að fara að binda enda á þetta mál, að koma aftur verðfestingu á gjaldeyrinn, og þá er nú um fleiri en eina leið að ræða, og það, sem menn einna helzt hafa rætt um eða haft í huga, er ef kalla mætti tvær hinar ítrustu leiðir. Annað er hrein hækkun upp í gullgildi, framhald þeirrar hækkunar, sem var gerð 1924—1925 hér á landi og einnig í öllum nágrannalöndum og hélt þar áfram allt upp í gullgildi, en var stöðvuð hér í 82%. Þetta er önnur leiðin, en sú leið, sem er lengst þar frá, er hrein stýfing með myntlagabreytingu.

Það má nú segja, að báðar þessar aðferðir hafi sína kosti og sína galla, eins og gerist um þau úrræði, sem fyrir hendi eru þegar komið er út í einhver vandræði. Höfuðkostir hreinnar hækkunar eru þeir, að hún skapar traust bæði inn á við og út á við. Þess vegna hafa öll þau ríki, sem með nokkru móti hafa talið sér það kleift, hækkað gengi sitt upp í gullgildi og öll þau ríki hafa talið sér þetta fært, sem ekki hafa staðið fjær gullgildi en við.

Fjármálamennska Breta hefir vitanlega verið þarna fyrirmyndin. Ég veit ekki annað en að gullgildi sterlingspunds sé ennþá það sama og það var fyrst þegar myntlögin voru sett þar, þetta hefir skapað þá meðvitund þar, að þótt eitthvað hviki til um gildi innstæðufjár, meðan krónan á í stórum styrjöldum, þá megi treysta því, að þetta rétti við aftur og verði staðið við það, að það fé, sem þar var lagt fyrir til ávöxtunar í ár, verði látið halda sínu gullgildi gegnum komandi aldir. Þessi festa í peningamálunum skapar fjárhagslegan styrk og traust bæði út á við og inn á við.

Á ókosti hækkunarinnar hefir verið bent svo ríkulega í umr. um þetta mál, að ég get verið fáorður um þá. Ókostirnir eru fyrst og fremst þeir, að þær skuldir, sem skapazt hafa á verðbólguárunum, verða þungbærari en þegar þær voru stofnaðar, við það, að gjaldeyririnn hækkar upp í gullgildi.

Höfuðkostur hreinnar stýfingar er þessi, að þá verður sneitt hjá þeirri þyngingu þessarar skuldabyrði, sem hrein hækkun hefir í för með sér, en sú leið hefir þá um leið í för með sér þann mikla ókost, að hún er hrein þrotayfirlýsing að því er það snertir að tryggja mönnum það, að gullgildi innstæðufjár og annara verðmæta, sem í peningum eru talin, haldist óbreytt í því landi.

Óvissan um þetta, hugsunin um það, að næst, þegar kreppa kemur, verði allt stýft, skapar vitanlega þá hugsun, að óhættara sé að eiga fé sitt í öðru landi, þar sem ekki er siður að stýfa myntina, þótt eitthvað bjáti á, heldur en í því landi, sem stýfir myntina án þess að hafa til þess aðrar ástæður en þær, sem alltaf geta komið fyrir. Sannleikurinn er nefnilega sá, að þótt styrjöldin hafi valdið kreppu,

eins og vísitölur hagskýrslnanna sýna, þá hafði þetta örvandi áhrif á atvinnulíf þjóðarinnar árin 1915—1916. Taki maður öll stríðsárin samanlögð með þeirra áhrifum á atvinnulíf þjóðarinnar, þá sést, að þar hefir hún ekkert stærra afhroð goldið heldur en það, sem þjóðin má búast við hvenær sem er. Ef við höfum átt að stýfa myntina vegna þess, sem þá kom fyrir, þá getum við aldrei verið öruggir um, að það komi ekki fyrir aftur, að stýfing fari fram.

Leið sú, sem þetta frv. fer fram á, er sú, að reyna að fara bil beggja. Í frv. er reynt að halda dálítið í kosti hækkunarinnar án þess að sleppa nokkru verulegu af kostum stýfingarinnar. Það er í raun og veru ekkert óeðlilegt, þó að menn verði að sætta sig við það, að kröfur þær og skuldir, sem stofnaðar eru á þeim tíma, þegar löggjafarvaldið þóttist til neytt að nema úr gildi tryggingunа fyrir því, að kröfur manna haldi gulltryggingu, að þær verði festar í öðru en gullgildi. En það er ómögulegt að taka kröfur, sem stofnaðar hafa verið, þegar löggjöfin veitti þær fyllstu tryggingar, sem hægt er að veita fyrir því, að þær skyldu haldazt í gullgildi, og kveða svo á nokkrum árum síðar, að þær skuli ekki haldast varanlegar í sínu gullgildi, án þess að veikja trúna á það, að óhætt sé á venjulegum tíma að leggja fé til ávöxtunar í bankana. Ef hægt er að koma og segja: „Við fellum þessar tryggingar úr gildi", og allt er stýft, líka þær kröfur, sem stofnaðar voru í beztu trú, þegar engin ástæða var til að óttast neitt, þá hlýtur það að skapa meira vantraust á peningamálum þjóðarinnar heldur en hitt, að sætta sig við það, að löglegt verði annað gildi en gullgildi á þeim kröfum, sem stofnaðar voru á þeim tíma, þegar lög um gulltryggingu og seðlainnlausn voru ekki í gildi.

Þetta frv. fer fram á að setja takmarkið milli þess, sem viðurkennt sé í gullgildi, og hins, sem verðfesta skal í pappírskrónum, hann dag, sem íslenzka löggjöfin felldi niður innlausnarskyldu seðlabankanna, því að þá eru tímamót á þessu sviði. Og mér kemur það þannig fyrir sjónir, að þessar athafnir löggjafarvaldsins muni skera úr, hvers menn hafa að vænta í framtíðinni í þessu efni.

Ég tel, að frv. með þeim ákvæðum, sem í því felast, muni gera menn miklu óhultari með það, að leggja hér til ávöxtunar fé sitt á venjulegum tímum, þegar seðlainnlausn er í lögum, heldur en stýfingarleiðin með myntlagabreytingu, sem gefur það fordæmi, sem sviptir menn allri tryggingu um þetta í framtíðinni.

Hinsvegar er þessi úrlausn, sem frv. fer fram á, þannig, að hún felur í sér alla verulega kosti hreinnar stýfingar að því leyti, að allur yfirgnæfandi þorri þeirra skulda, sem nú eru til, fær þannig verðfestingu, að mönnum er ekki gert að skyldu að greiða skuldir sínar með hærra peningagildi en núverandi pappírskróna hefir. En árið 1914 var yfirleitt svo lítið um innstæðufé í landinu móts við það, sem nú er, og svo langur tími síðan, að mikið af því innstæðufé, sem þá var til, hefir verið goldið eða nýjar kröfur komið í staðinn, svo að ég hygg, að viðurkenning gullgildis þeirra skuldbindinga, sem stofnaðar voru áður en seðlainnlausnin var úr lögum, verði ekki sérlega erfið fjárhagslega. Og það er auðvitað mögulegt að útvega upplýsingar um það atriði, hve miklu slíkar skuldbindingar muni nema. Þó að ekki sé hægt að fá það upplýst nákvæmlega, þá mun þó hægt með eftirgrennslan að komast svo nálægt því, sem rétt er, að menn sjá, að óþarfi er að setja það neitt fyrir sig.

Ég tel því, að þetta frv. hafi í öllu verulegu sömu kosti og frv. um myntlagabreytingu, en tekur því mikið fram að því leyti, að með slíku fordæmi, sem frv. gefur, er ástæða til að ætla, að ekki verði heldur síðar gripið til þess að færa niður með lögum þær kröfur og skuldbindingar, sem stofnaðar hafa verið í gullgildum gjaldeyri á venjulegum tímum.

Ég er ákaflega hræddur um, að fjárhagsleg afkoma þessa litla lands sé nógu erfið, þó að því sé ekki bætt ofan á aðra erfiðleika, að rýra um þörf fram traust landsmanna sjálfra á því, að óhætt sé fyrir þá að ávaxta fé sitt í þeirra eigin landi.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég vildi að eins geta þess í sambandi við þetta frv.,

að ég mun nú eftir fáa daga leggja fyrir þessa hv. d. frv. til myntlaga og vænti þess, að sú nefnd, sem fær þetta frv. til meðferðar, fái þá einnig hitt.

Jón Baldvinsson: Þar sem þetta frv. fer sennilega til nefndar, sem ég á sæti í, verður tækifæri fyrir mig síðar til þess að koma með þau andmæli, sem ég kynni að hafa gegn því. Ég vil benda hv. flm. á það, að mér finnst, sem verða muni verulegir erfiðleikar á framkvæmd þessara laga, ef frv. kemst þá svo langt. E. t. v. byrja þeir ekki að fullu fyrr en 1934, en þá yrðu þeir svo miklir, að vafasamt er, hvort það er framkvæmanlegt.

Í öðru lagi vil ég benda á nokkurt ranglæti, sem mundi koma fram, ef það yrði framkvæmt, sem frv. gerir ráð fyrir. Stéttirnar, sem hafa beðið tjón af lækkun krónunnar á undanförnum árum, eiga líka að taka tjónið af hækkuninni skv. þessu frv. Þetta kemur vitanlega ekki niður á einstaka menn, sem hafa hagnazt eða tapað á gengislækkuninni, heldur á þá stétt, sem hefir þegið laun, því að hún hefir tapað á lækkuninni, og svo er henni líka ætlað að tapa á umreikningnum, þegar þetta kemur til framkvæmda.

Þetta vil ég undirstrika, og ég tel það ekki á valdi þings og stjórnar að setja slík lög og koma þeim í framkvæmd, jafnvel þó að það beitti ríkisvaldinu fyrir sig til þess.

Flm. (Jón Þorláksson): Það er náttúrlega hægt að ræða um það við hv. 2. landsk., hverjir erfiðleikar muni verða í framkvæmd slíkrar löggjafar. Ég fyrir mitt leyti er ekkert hræddur við þá. Ég geri ráð fyrir, að erfiðleikarnir, sem hann á við, standi í sambandi við það, að það á að verða breyting í aðalviðskiptunum á stærð gjaldeyriseiningarinnar. En það, að breyta til um stærð gjaldeyriseiningarinnar er engin nýjung, hvorki hér á landi né annarsstaðar. Það hefir ósköp oft verið gert, og nægileg fordæmi eru fyrir því, að það veldur ekki neinum teljandi vandræðum.

En það var annað, sem hv. þm. sagði, sem væri athugunarmál, ef rétt væri, að þær stéttir, sem hefðu haft tjón af gengislækkuninni, ættu líka að bíða tjón af umreikningnum eða hækkuninni. Þetta fer nokkuð eftir því, hvað það er, sem hv. þm. hefir í huga til samanburðar. Má færa þessum orðum hans dálítinn stað, ef hann hefir venjulega hækkun upp í gullgildi til samanburðar, því að það mundi færa sömu stéttum hagnað, sem hafa beðið tjón af gengislækkuninni. Og þar sem þetta frv. fer ekki fram á sömu leið, má segja, að það svipti þær voninni um hagnað af gengishækkun. En lengra fer það ekki. Því beri hv. þm. þetta saman við myntlagabreytingu á hinn bóginn, felur þessi leið ekki í sér nokkuð í samanburði við það, sem myntlagabreyting mun hafa í för með sér til tjóns fyrir þessar stéttir.

Að því leyti er það ekki rétt hjá hv. þm., að um beint tjón af þessum ráðstöfunum getur ekki verið að ræða fyrir þessar stéttir, en aðeins um missi hagnaðarvona, sem bundnar eru við aðra úrlausn málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

101. Hlutafélög.

Á 12. fundi í Ed., 28. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt á l. nr. 77, 27. júní 1921, um hlutafélög (þmfrv., A. 69).

Á 14. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Baldvinsson): Það er eiginlega gerð nægileg grein fyrir þessu frv. í grg. þeirri, sem fylgir því á þskj. 69.

Það hefir komið í ljós, að hlutabréf, sem hafa verið veðsett bönkum og sparisjóðum, hafa ekki þótt nægilega trygg veð, vegna þess að viðkomandi hlutafélög hafa vefengt, að þessar stofnanir, þótt þær hafi eignazt þau með nauðungar-

sölu, gætu selt þau aftur, nema forkaupsréttur sé veittur þeim, sem telja sig hafa hann samkv. samþykktum hlutafélagsins.

Ýmis hlutafélög hafa það í lögum sínum, að stj. félagsins hafi forkaupsrétt að hlutabréfunum og þar næst einstakir hluthafar. Þennan rétt hafa félögin viljað teygja svo, að þeir, sem eignast bréfin á þennan hátt, geti ekki selt þau nema þeir bjóði þeim bréfin fyrst til kaups.

Þetta skiptir ekki miklu máli fyrir banka og sparisjóði; það skiptir mestu fyrir þá, sem eiga þessi bréf. Þau geta verið þægileg, þegar um skyndilán er að ræða, ef hægt er að veðsetja þau, því að þá geta menn ef til vill sloppið við að útvega sér ábyrgðarmenn eða að setja fasteignaveð.

Sennilegt er, að ef dómstólarnir úrskurða áðurnefnda kröfu hlutafélaganna um forkaupsréttinn réttmæta, þá verði hlutabréfin aldrei tekin gild sem handveð, hversu góð sem þau annars kunna að vera. Ef til vill væri oft hægt að fá samninga um þetta atriði við stjórn félaganna, en hitt væri næstum ómögulegt, að fá alla hluthafana til að afsala sér þeim forkaupsrétti, sem þeir eftir samþykktum félags sins kynnu að hafa. Það væri ógerningur að ná til þeirra allra, nema þá í afarfámennum félögum. Sérstaklega væri þetta ómögulegt ef stjórn félagsins væri á öðrum stað.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en legg til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

102. Vélstjóraskóli á Akureyri.

Á 14. fundi í Ed., 3. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um stofnun vélstjóraskóla á Akureyri (þmfrv., A. 76).

Á 17. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Þetta frv., sem nú er lagt fyrir deildina, er borið fram vegna áskorana frá þingmálafundi á Akureyri í febr. síðastl., að koma upp Vélstjóraskóla þar, sem gæfi mönnum kost á að læra meðferð mótorvéla, stærri og smærri mótorv. Sú kennsla, sem menn hafa átt kost á undanfarið í þessum efnum, er ekki annað en námskeið, sem Fiskifélag Íslands hefir haldið uppi hér og þar á landinu síðustu 15—16 árin. En þessi námskeið veita aðeins rétt þeim, sem á þessi námskeið ganga, til að stjórna 50 hestafla vélum. En vitanlega er ástandið nú, 1931, allt annað en það var 1915, þegar byrjað var á þessum námskeiðum, og sérstaklega er mikið breytt að því leyti, að mótorbátar eru stærri í skipum nú en hér var þá, og meira að segja venjulegir smá-fiskibátar nota miklu stærri vélar nú en þá. Kennsla, sem menn hafa átt kost á í meðferð mótorvéla, er of lítil eftir því, sem hún er á þessum námskeiðum, sem standa aðeins 1½—2 mán. á vetri. Að sönnu mun nú vera deild hér við Vélstjóraskólann í Rvík, þar sem gert er ráð fyrir, að kennsla sé í meðferð mótorvéla. En hvort sú deild er starfandi, veit ég ekki, en þó svo væri, tel ég kennslu í þessum efnum nauðsynlega víðar en í Rvík. Ég tel líklegt, að hennar sé þörf í hverjum landsfjórðungi. Í Norðlendingafjórðungi hygg ég, að ekki séu færri en 150 skip, sem ganga fyrir mótorafli; mikill hluti þeirra mun vera með stórum vélum, og þessi námskeið veita ekki rétt til stjórnar á þeim. Þess vegna er þörf, þó bara sé litið til þessa landsfjórðungs, að koma upp skóla, sem kennir meðferð stærri véla en 50 hestafla. Sennilega þyrfti skólinn ekki að vera nema vetrarskóli, ef undirbúningur undir námið er sæmilegur. Það er og gert ráð fyrir í þessu frv., að við þann skóla gæti komið námskeið, sem kæmi í staðinn fyrir námskeið Fiskifélagsins og hefði kennslu í meðferð smærri véla. Þyrfti þar ekki jafnlangan námstíma eða eins mikinn undirbúning eins og fyrir þá, sem ætla sér að læra stjórn stærri véla.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orð-

um um þetta mál að svo komnu, en tel eðlilegast, að því sé vísað til sjútvn. þessarar deildar, því aðalatriðið er, hvort ekki eigi að líta á þá miklu nauðsyn að koma upp skóla fyrir mótoristaefni, og ég tel það heyra undir sjútvn. Legg ég því til, að málinu verði vísað þangað að lokinni þessari umr.

Halldór Steinsson: Mér finnst eðlilegast að vísa málinu til fjhn. eða allsherjarnefndar.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Eins og hv. deild er kunnugt, er það venja að vísa öllum skólamálum til menntamn., en ég benti á ástæðuna til að vísa þessu máli til sjútvn. Sé um það að ræða, að málinu sé vísað til einhverrar annarar n. en sjútvn., þá tel ég sjálfsagt, að það fari til menntmn. Þetta er ekki stærra fjárhagsatriði en mörg önnur skólamál.

Jón Baldvinsson: Þetta er sjávarútvegsmál, og venja er að vísa öllum slíkum málum til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til sjútvn. með 8 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

103. Fátækralagabreyting.

Á 18. fundi í Ed., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á fátækralögum, nr. 43 1927 (þmfrv., A. 109).

Á 21. fundi í Ed., 11. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðrún Lárusdóttir): Það er mjög eðlilegt, að fátækramál í fátæku, strjálbyggðu landi séu allerfið viðfangs, svo sem raun hefir borið vitni um.

33. gr. fátækralaganna mælir svo fyrir, að styrkveiting skuli hagað þannig, að gætt sé, svo sem verða má, hagsmuna fátækrafélagsins og þarfar og velferðar þurfalingsins. En hér ber svo oft margt á milli, að ellerfitt verður að þræða rétta leið. Annarsvegar eru gjaldendur, þeir menn, sem lögum samkvæmt eiga að framfæra þá, sem ekki geta það af eigin rammleik. Rekast þá oft á hagsmunir þessara tveggja ólíku aðilja, og er einatt örðugt að ráða fram úr, svo að báðir megi vel við una. Þó vandast málið enn meira, þegar hinir svokölluðu fátækraeða hreppaflutningar koma til skjalanna. Þar mætast annarsvegar skýlaus lög, sem heimila gjaldanda að ráðstafa þurfalingnum eftir eigin geðþótta, án tillits til þæginda eða ástæðna hans og hinsvegar fátækt og úrræðaleysi þiggjanda.

Óneitanlega hefir þurfamannaflutningum farið mjög fækkandi á undanförnum árum. Með vaxandi mannúð og menningu leitast menn við að losa fátækt fólk við þennan refsidóm fátæktarinnar með allskonar undanbrögðum, einkanlega er oft gripið til þess að fá læknana til að gefa vottorð um að þessi eða hinn þurfalingur sé ekki ferðafær.

Líklega má til sanns vegar færa, að menn reyni yfirleitt til þess að framkvæma flutninga þurfamanna nú orðið á sem mannúðlegastan hátt, reyni til að milda **aðferðina** með **meðferðinni.** En samt sem áður er mér kunnugt um það, að misbrestur getur orðið á þessu. 62. gr. fátækralaganna mælir svo fyrir, að flutningum skuli haga þannig, að hvorki sé misboðið heilsu þurfalings né lífi hans stefnt í voða. Ég gæti þó nefnt dæmi, sem færðu miklar líkur, ef ekki sannanir fyrir heilsutjóni, sem beinlínis stafaði af fátækraflutningi. Það er t. d. ekki lengra síðan en í gærkvöldi, að ég átti tal við fátæka konu hér í bænum, margra barna móður, sem eitt sinn var flutt fátækraflutningi ásamt manni sínum og börnum í ómegð; yngsta barnið var fárra vikna brjóstbarn.

„Um það ferðalag er það að segja", sagði hún, „að ég þoli tæplega að hugsa um það. Við vorum 12 daga að hrekjast á sjónum matarlítil og sjóveik, og litla barnið mitt var eins og ofurlítil beinagrind, þegar ferðinni lauk".

Það hafði verið ráðgerð hálf önnur

dagleið, en skipið breytti um áætlun og varð 12 daga á leiðinni, ferðanestið var af skornum skammti og móðirin, sem ætlaði að næra ungbarnið á leiðinni, gat það ekki, sökum sjóveiki og matarleysis, og litla barnið bar aldrei sitt barr eftir það; það varð veiklað og veslaðist upp og dó. Móðirin getur aldrei gleymt litla horaða hvítvoðungnum sínum, sem svo hart varð úti í viðureign sinni við éljadrög mannlífsins. Það eru 6 ár síðan. Flutningur þessi fór ekki fram frá Rvík.

Ég býst ekki við því, að ég þurfi að tefja tímann með því að tilgreina fleiri dæmi úr daglega lífinu, þó það sé hægðarleikur, því máli mínu til sönnunar, að fátækraflutningar séu harðir í horn að taka; ég veit, að allir hv. þdm. eru mér sammála um það, að enginn mundi kjósa þá sér eða sínum til handa. Mér líða ekki úr minni orð konu einnar, sem hafði orðið fyrir barðinu á fátæktinni í ýmsum búningi, einnig þeim, sem hér um ræðir. Hún sagði með tárin í augunum: „Maður er aldrei kvíðalaus. Ef maður sér fram á litla atvinnu, þá kemur óttinn við þennan voðalega fátækraflutning". Og það er einmitt þess ótti, sem mig langar til að útrýma að einhverju leyti. Ég skal játa það, að ég hefði helzt viljað útrýma honum alveg. En þótt ekki sé lengra haldið í bili, tel ég þó rétt spor stigið í rétta átt. Ég veit, að gamla fólkið tekur breytingu þessari fegins hendi. Það eru fáir dagar síðan ég hitti að máli mann á áttræðisaldri, og er talið barst að því, er ég hafði í hyggju um þau mál, sem ég ræði hér, sagði gamli maðurinn alls hugar feginn: „Guði sé lof! Þá þarf maður ekki að kvíða fyrir því að verða fluttur".

Ég hefi hlýtt á marga æfisögu aldinna einstæðinga, æfisögu um skort og heilsubilun og ástvinamissi og — fátækraflutninga, — og fátt var þeim sárara. Og það eru nú einmitt þessi aldurhnignu, lúnu olnbogabörn, sem mig langar sérstaklega til að vera málsvari fyrir með frv. þessu.

Ég hefi í grg. við frv. látið þá ósk mína í ljós, að fátækraflutningar yrðu afnumdir, en hinsvegar bent á þá sem nokkurskonar neyðarvörn hreppanna gegn eyðslusömu óreiðufólki, sem þar að auki er allajafnan langtum hollari dvöl í sveitum heldur en í kaupstöðum. Af skýrslum, sem ég hefi fengið hjá hagstofunni um fátækraframlög hinna ýmsu hreppsfélaga á landinu, sé ég, að sumir hreppar mega ekki við neinni viðbót í þeim efnum, enda þótt fjölmargir aðrir hreppar hafi tiltölulega sárlítil gjöld til fátækraframfæris. Virðist mér skýrslurnar benda til þess, að með einhverju móti þyrfti að jafna þann feykilega mismun. En til þess þarf rækilegri undirbúning en hér er fyrir hendi, og veitti ekki af, að sérstök milliþinganefnd tæki það til meðferðar, og jafnvel eðlilegast að fela það nefnd þeirri, sem hefir tryggingarmálin til meðferðar.

Þá er í frv. gert ráð fyrir, að framfærslusveitum sé ekki íþyngt, þótt fólkið fái að vera kyrrt þar, sem það óskar, með því að ríkissjóður komi til hjálpar. Að hinu leytinu má fullkomlega gera ráð fyrir því, að atvinnumálaráðherra beri hag ríkissjóðs svo vel fyrir brjósti, að honum verði heldur ekki íþyngt um skör fram með þeim undanþágum, sem gert er ráð fyrir í frv. Jafnframt má vænta þess, að þjóð vor eigi ávallt þeim atvinnumálaráðherrum á að skipa, sem líti með vorkunnsemi og sanngirni á kringumstæður varnarlítilla fátæklinga.

Ég orðlengi þá ekki frekar um frv. að sinni til. Ég get búizt við því, að sumum þyki ég hafa farið of skammt, öðrum ef til vill of langt, en vona þó, að skoðanir manna geti náð saman, svo að komizt verði að heppilegri niðurstöðu. Þá treysti ég og því, að hin hv. nefnd, sem fær frv. til meðferðar, taki því vel og vinsamlega og verði mér sammála um, að hér sé nauðsynjamál, sem vert er að sinna.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði frv. við þessa umr., en ég vil aðeins vekja athygli á 2. málslið 1. gr. Ég tel, að það fyrirkomulag, sem þar er lagt til, sé mjög varhugavert. Þar er fyrst og fremst opin leið til þess að misnota þetta ákvæði allfreklega, og auk þess er þar farið inn á þá braut, að ríkissjóður taki að sér fátækraframfærsluna. Ég veit að vísu, að sú skoðun hefir komið fram, að ríkissjóður eigi að annast alla fátækraframfærslu, en þeirri

skoðun er ég mótfallinn. Mjög líklegt er, að af þessu ákvæði geti leitt allmikil ný útgjöld fyrir ríkissjóð. En ég tel það ekki góða aðferð, að ákveða útgjöld ríkissjóðs í sérstökum lögum, sem síðan gleymast að nokkru leyti við samningu fjárlaganna, en verða þó að greiðast. Ég vil aðeins benda á að þessu sinni, að hér er verið að auka útgjöld ríkissjóðs á varhugaverðan hátt. Ég sé ekki ástæðu til að fara inn á hitt, að atvmrh. skuli úrskurða um fátækraflutningana, þótt ég búist við, að heldur verði örðugt fyrir hann að fella dóma um slíkt. Ég tel ennfremur víst, að hægt sé að koma í veg fyrir fátækraflutningana með allt annari aðferð en þeirri, sem lögð er til í þessu frv.

Jón Jónsson: Ég álít, að hér sé gott mál á ferð. Fátækraflutningarnir koma án efa hart niður á mörgum og eru til lítils sóma fyrir þjóðina. Því tel ég, að virðingarvert sé að reyna að koma í veg fyrir þá, einkum þegar gamalmenni og ekkjur eiga í hlut. En í ýmsum öðrum tilfellum get ég eigi séð, að fátækraflutningur þurfi að vera athugaverður, t. d. þegar slæpingjar og vandræðamenn eiga hlut að máli. Yfirleitt hygg ég, að segja megi, að fátækraflutningar séu nú orðið framkvæmdir svo mannúðlega og drengilega sem föng eru á. Þótt misbrestur hafi orðið á því fyrr á tímum, sé ég ekki, að ástæða sé til að rifja slíkt upp nú. Slíkt hefir venjulega fremur stafað af þröngum hag en nokkurri mannvonzku.

Ég tel, að farið sé út á allvarhugaverða braut í 2. mgr. 1. gr. Ég vil skjóta því til n., sem þetta mál fær til meðferðar, hvort ekki sé hægt að koma þessu fyrir á annan hátt. Það er tíðum hart aðgöngu fyrir framfærslusveit að greiða miklu hærra meðlag með þurfalingum í dvalarsveit þeirra en þurfa myndi heima fyrir. Mér dettur í hug sú leið, hvort ekki mætti skipta þeim kostnaði, sem af því leiðir, að láta þurfalinga dvelja í annari sveit en framfærslusveitinni, að helmingi milli dvalar- og framfærslusveitar. Sú aðferð gæti einnig orðið til þess, að frekara eftirlit væri um, að sá kostnaðarmunur færi ekki úr hófi fram.

Jón Baldvinsson: Ég verð að segja, að mér þótti hv. 6. landsk. vera nokkuð nægjusöm, þegar hún fer að koma fram með frv. til breytinga á fátækralöggjöfinni, eftir að hún hefir setið í fátækranefnd í mörg ár. Ég er ekki að lasta, að frv. þetta er komið fram, en mér finnst það heldur lítil krafa, að fara ekki fram á meira en það eitt, að gamalmennum skuli sleppt við fátækraflutninga. Í fátækralögunum frá 1927 er ákveðið, að styrkur sá, er menn fá eftir að þeir eru orðnir 60 ára, skuli ekki talinn fátækrastyrkur. Rökrétt ályktun af þessum ákvæðum fátækralaganna ætti því að vera það, að ekki sé heimilt að flytja gamla fólkið sveitarflutningi, þótt ég vilji játa, að öruggara sé að hafa um þetta bein lagafyrirmæli.

Frv. gengur því í rétta átt. En eins og öllum hlýtur að vera ljóst, nær þetta frv. afarskammt, þar sem aðrir flokkar fátæklinga en sá, sem hv. 6. landsk. nefnir í 2. málsgr. 2. gr., fá engar réttarbætur frá því, sem verið hefir. Þó stendur þar, að atvmrh. megi veita undanþágu frá þessu, ef sérstaklega stendur á, svo sem þegar í hlut á ekkja með börn. Þetta ákvæði er náttúrlega allgott út af fyrir sig. Í þessum tilfellum má skjóta málinu til atvmrh., eins og áður er tekið fram, en hann mun auðvitað heimta úrskurð sveitarstjórnar, svo mjög er hætt við, að sama meðferðin á fátæklingum haldist, og að fátækrastjórnin, örfáir menn, ákveði örlög þeirra, eins og jafnan hefir tíðkazt áður, en réttur styrkþega lítill eða enginn. Ég hefi nú um nokkur undanfarin ár flutt till. hér á Alþingi um að afnema fátækraflutninginn, og hefi viljað láta þetta sjálfsagða mannréttindaatriði ná til allra manna jafnt og hefi enga undantekningu viljað gera í því efni.

Ég tek ekki gildar ástæður hv. 3. og 6. landsk., að fátækraflutningur sé nauðvörn gegn eyðslusömu fólki. Þar er allt önnur leið opin. Þá menn, sem hafa fulla heilsu og ekki virðast nenna að vinna, má fara með eins og hverja aðra óreiðumenn. Það má þvinga þá til að vinna, enda er til vinnuhæli, þar sem þeir geta unnið af sér skuldir sínar. Nei, allir menn eiga skilyrðislaust að geta neitað

því að láta flytja sig eins og skynlausa skepnu úr einu héraði í annað. Og má í því sambandi óhætt fullyrða, að meðferð á fólki í þessum sveitaflutningum er hlutfallslega alveg sú sama og áður var. Ég er hræddur um, að fólki, sem flutt er fátækraflutningi, finnist meðferðin ekki betri en hún var fyrir svona 20—30 árum, þar sem það verður venjulega að gera sér gott af verstu flutningatækjum nútímans.

Eina rétta leiðin til þess að bæta úr þessu ástandi er að gera allt landið eitt framfærsluhérað, og hefir hún oft verið rædd hér á Alþ. Sú leið, að sveitafélög greiði eitthvert visst gjald í ríkissjóð eftir fjölda þurfamanna, og ríkissjóður sjái svo þurfamönnum fyrir þörfum þeirra, eða að sveitirnar greiði styrkinn sjálfar og síðan fari fram niðurjöfnun á fátækrastyrk á allar sveitir landsins. Þar finnst þá leið til þess að koma í veg fyrir fátækraflutning og um leið til þess að ráða bót á fátækralögum vorum. Breyting á fátækralögunum, sem gekk í þessa átt, hlaut mikið fylgi í hv. Nd. á þingi 1927.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, nær allt of skammt, og ég er hræddur um, að það í raun og veru tefji fyrir virkilegum umbótum á þessu sviði. Þegar þingið hefir gert einhverja breytingu á þessari löggjöf, er mjög hætt við því, að það vilji ekki gera frekari breytingar næstu 5—10 árin og að þm. friði samvizkuna með því að vitna til þessa. Annars vil ég óska þess, að hv. 6. landsk. takist að hafa góð og betrandi áhrif á flokksbræður sína í þessu efni, því að ég býst við, að þeir hafi kreist og klipið utan úr kröfum hennar í þessu máli eins og þeir framast gátu. Því ég þykist vita, að þm. (GL) persónulega vilji afnema allan fátækraflutning, og það sem fyrst. Að öðrkosti verð ég fyrir miklum vonbrigðum, ef ég má ekki skilja þetta svo hjá henni.

Þó ég sé ekki allskostar ánægður með frv., býst ég þó við að fylgja því til nefndar, og vil beina þessum aths. til n., svo hún geti athugað, hvort ekki er hægt að ganga lengra í þessum kröfum. En ég er hræddur um, að bætur fáist ekki á þess fyrr en landið er gert að einu framfærsluhéraði. Svo vonast ég til, að hv. 6. landsk. geti knúð sinn flokk til þess að fylgja þessu máli. Efast ég ekki um, að það muni vel takast, sérstaklega þar sem Heimdallur, félag ungra sjálfstæðismanna, hefir nú nýlega gefið út tiltölulega frjálslynda stefnuskrá, og er þar farið fram á ýms algeng mannréttindi, og er það sízt að undra, þar sem stefnuskráin virðist um þau atriði vera að mestu leyti endurprentun á 16 ára gamalli stefnuskrá Alþýðuflokksins. Ætti því að vera ástæða til, að hv. 6. landsk. gæti fengið sína flokksbræður til fylgis við þetta, þótt þeir yfirleitt séu ekki hrifnir af slíkum breyt. Þetta er aðeins það, sem ég vildi benda hv. 6. landsk. á, svo að hún geti unnið að því í sínum flokki, að þessar breyt. verði gerðar á fátækralögunum.

Veit ég það, að minir flokksbræður munu eindregið fylgja viðtækari breytingum.

Halldór Steinsson: Ég verð að segja það, að mig furðar á hv. 2. landsk., að hann skuli taka svo í þetta mál eins og raun ber vitni um. Því að fátækramálin eru fremst þeirra mála, er jafnaðarmenn virðast vilja berjast fyrir. Ég hefði búizt við, að hann myndi rísa upp úr sæti sínu til þess að votta hv. 6. landsk. þakklæti sitt fyrir að hafa komið fram með þetta frv. Þvert á móti hélt hann því fram, að þetta frv. myndi draga úr gagngerðum breytingum á fátækral. Hinsvegar viðurkenndi hann þó, að þetta væri spor í áttina, aðeins ekki nógu róttækt, og myndi því ef til vill verða til þess að tefja fyrir verulegum umbótum á þessu sviði.

Ég get ekki litið þessum augum á málið, en vil eindregið þakka hv. flm. fyrir frv.; þó það sé ekki upp á það fullkomnasta, þá er það þó góð byrjun. Og er alltaf þakkarvert, þegar þessum málum er hreyft, því að fátækramálin eru hin mestu vandræðamál. Á þeim verður að gera gagngerða breytingu. En það er ekki til neins fyrir einstaka þm. að vera að halda því fram hér á Alþingi, að sumir flokkar séu algerlega andvígir þessum málum. Við verðum að líta á það, að sveitarfélögin eru mismunandi efnum búin. Sumir hreppar hafa engin ráð á því að

ala fjölmennar fjölskyldur hér í Reykjavík. Það er enginn vafi á því, að hreppsnefndir vilja yfirleitt láta fara vel um sína þurfalinga, án tillits til stjórnmálaskoðana, en vegna fátæktar hreppanna verða þær oft að ráðstafa þessum mönnum öðruvísi en þær annars gerðu, ef nóg efni væru fyrir hendi. Það gæti komið til mála, sem hv. 2. landsk. benti á, að gera landið að einu framfærsluhéraði, og býst ég við, að ég gæti fylgt honum á þeirri braut, ef ekki væri um heppilegri leiðir að ræða. Þetta frv. er ekki nema spor í áttina, eins og ég tók fram áður. Enda er hætt við, að þessi lagaákvæði yrðu allmikið misnotuð, eins og hæstv. fjmrh. benti á í sinni ræðu. Viðvíkjandi framfærslukostnaði, þá er hann oft svo mikill, að margar sveitir megna ekki að bera helming þessa kostnaðar, hvað þá meira.

Ég veit um margar fjölskyldur hér í Reykjavík, sem ekki hafa viljað flytja og orðið hafa framfærslusveitunum mjög dýrar. Þetta er þess vegna mjög erfitt og vandasamt spursmál. Það ætti því að vera fyrsta skrefið í þessu máli, að láta framfærslukostnaðinn koma tiltölulega jafnt niður á hina ýmsu hreppa landsins.

Ég vil lýsa yfir því, að ég er sammála hv. 3. landsk. um það, að engin ástæða er til að hlífa öllum við fátækraflutningi. Vil ég máli mínu til stuðnings nefna slæpingja, sem helzt vilja dvelja í sollinum í Reykjavík. Þessir menn eignast oft börn, sem þeir ekki geta gefið með og sem sveitir þeirra verða að taka að sér. Helzta vopn hreppanna gagnvart slíkum mönnum er einmitt fátækraflutningurinn. Þegar átt hefir að flytja þessa menn, hafa þeir kynokað sér við að fara og þannig borgað eitthvað dálítið upp í kostnaðinn. Er ég því meðmæltur, að þessum mönnum verði engin sérstök vægð sýnd.

Jón Baldvinsson: Mér virðist sem hv. þm. Snæf. hefði getað sparað sér þessi köpuryrði til mín, því að ég tók frv. miklu betur en hann sjálfur. Hann byrjar á því, að þakka flm. fyrir frv., skammar aðra, sem um það hafa talað, og lagðist svo sjálfur á móti því af miklum móði. Stundum virðist hann vera á sama máli og fjmrh. Hina stundina er hann æstur fylgismaður minn, og vil ég mega vænta þess, að hann sýni sama vilja við atkvgr.

Hitt vil ég vera láta í fátækralögum, að engan megi svipta mannréttindum, þótt þegið hafa sveitarstyrk. Annars vil ég enga vægð sýna þeim landshornamönnum, sem flækjast sveit úr sveit, og vilja engan lit sýna á greiðslu meðlags með börnum sínum, þótt þeim ætti að vera slíkt auðvelt. Nú er svo komið, að hægt er að neyða slíka menn til að vinna á ómagahæli. Og þannig er hægt að láta þá taka út hegningu fyrir brot sín við þjóðfélagið. En ég fæ ekki séð, að þessi fátækraflutningur sé nokkur vörn. Slíkt hefir engin áhrif.

Hv. þm. vill oft verða litið til dýrtíðarinnar í Reykjavík, og segja, að sveitirnar geti ekki borgað styrk handa þurfalingum sínum þar. En þetta er sveitunum sjálfum að kenna, því að þær hrinda fátæklingunum af sér til Reykjavíkur. Ég veit dæmi þess, að sveit hefir leigt húsnæði handa fólki, án þess að það hafi verið reiknað sem fátækrastyrkur, yfir það tímabil, sem fólkið var að nú sveitfesti í Reykjavík. Og í sama tilgangi láta sveitirnar þm. sína vinna að því á þingi að stytta sem mest sveitfestina.

Hv. þm. Snæf. telur, að fátækralögin séu orðin mjög úrelt og að þau þurfi gagngerðrar breytingar. Það er ekki nema gott til þess að vita, að hann lýsi þessu nú yfir, ég mun gefa honum tækifæri til þess á þessu þingi að standa við þessi orð sín, að fylgja gagngerðum breytingum á fátækralögunum. Væri gott, að hann hefði einnig betrandi áhrif á flokksbræður sína í þessu efni.

Halldór Steinsson: Hv. 2. landsk. vildi mótmæla því, að hann væri andvígur þessu frv. En ég veit ekki, hver er betri sönnun fyrir því en hans eigin orð, þar sem hann sagði, að þetta frv. mundi aðeins verða til þess að tefja fyrir gagngerðri umbót á fátækramálunum og því, að þessi sveitaflutningur falli úr sögunni. Ég held, að þetta sé full sönnun þess, að hv. 2. landsk. er þessu frv. ekki hlynntur.

Hv. þm. talaði um, að fátækraflutn-

ingurinn væri ekkert aðhald fyrir slæpingjana, sem ekki nenna að vinna eða bjarga sér. En ég er þar á gagnstæðri skoðun og byggi hana á reynslunni. Ég veit til þess, að margir menn hafa bætt ráð sitt, þegar þeir hafa átt von á því að verða fluttir fátækraflutningi. Einkum er það svo með þá, sem flytjast eiga frá kaupstöðunum til afskekktari héraða. Menn vilja dvelja í sollinum og margmenninu. Ég get að endingu getið þess, vegna orða hv. 2. landsk., að ég er nákvæmlega sömu skoðunar í þessum málum eins og á þinginu 1927 og hefi á engan hátt breytt um stefnu síðan. Ég er alltaf fús að ljá slíkum málum liðsinni mitt, ef þau eru borin fram á skynsamlegum grundvelli.

Flm. (Guðrún Lárusdóttir): Það er aðeins örstutt aths., sem ég vildi gera út af ræðu hv. 2. landsk. Hv. þm. var að gefa mér góð ráð. Það er nú máske gott fyrir mig að eiga kost á ráðum mér eldri og reyndari manna. En ég get þó ekki verið sammála honum um það, að það tefji fyrir úrlausn þessa máls, þó létt sé af gamalmennunum þeim áhyggjum, sem á þeim hvíla vegna fátækraflutnings. Ég held, að sú umbót ætti ekki að tefja fyrir fullkomnari löggjöf um þetta efni, heldur þvert á móti. Það er ekki lengra síðan en í vetur, að ég varð að tilkynna áttræðri konu, að hana ætti að flytja fátækraflutningi. Er það leiðinlegt verk, og átti það sinn þátt í því, að ég bar þetta frv. fram. Ég get hæglega bent á fleiri dæmi. Þannig var kona ein 60—70 ára gömul elt á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur í fyrra vetur, til þess að flytja hana á sína sveit, sem hún hafði ekki stigið fæti í í yfir 20 ár. Ég skil ekkert í því, hvernig hv. 2. landsk. hefir getað reiknað það út, að það yrði til að tefja umbætur á þessu sviði, ef frv. mitt verður samþ. **(JBald:** Ég gerði grein fyrir því). Ég skildi ekki þá rökfærslu. En ég get, til þess að tefja ekki fyrir hv. d., fengið nánari skýringu á rökfærslu hv. þm. undir fjögur augu. Annars bjóst ég fremur við því, að hv. 2. landsk. mundi ljá þessu frv. lið. Ég hefi það fyrir satt, að jafnaðarmenn vilji breyta fátækramálunum til batnaðar og reynast trúlega í því. En nú telur hv. þm., að hér sé of stutt farið, og notar þá átyllu gegn frv. Hv. jafnaðarmenn töldu það líka kák, þegar þáverandi hv. 2. landsk. þm. (IHB) bar fram frv. sitt um breyt. á ellitryggingarl. **(JBald:** Það var líka kák!) Það var þó ekki meira kák en svo, að ef það hefði verið lögleitt og komið til framkvæmda á síðasta hausti, þá hefði það í mörgum tilfellum forðað gamalmennum frá því að ganga hin þungu spor að biðja um sveitarstyrk. Ég veit, að fyrir mörg gamalmenni er það þung ganga. Það er að vísu í l., að styrkur, sem veittur er styrkþegum, sem eru fullra 60 ára að aldri, skuli ekki talinn sem sveitarstyrkur. En þrátt fyrir það, tekur margt gamla fólkið sér það miklu nær en yngra fólkið, að biðja um fátækrastyrk. Það var því tími til þess kominn að bera þessar kröfur fram vegna gamla fólksins. Í þeim fólst sú réttarbót, sem það hefði fyrir löngu átt að vera búið að fá.

Hv. 2. landsk. segir, að í síðari hluta till. felist enginn réttur. Þar felst þó sá réttur, að skjóta má til úrskurðar atvmrh., hvort ekkja með börn skuli flutt fátækraflutningi. Mér finnst mega vænta þess, að slíkur embættismaður, sem skipar sæti atvinnumálaráðherra, sé réttsýnn og góðgjarn og líti með samhug til þeirra, sem eru báglega staddir. Mér dettur í hug eitt atvik, sem kom fyrir nýlega. Það átti að flytja ekkju með mörg börn langar leiðir. Það varð að fara ótal krókaleiðir til að koma í veg fyrir það, að henni væri þvælt á annað landshorn. Ef þetta ákvæði hefði þá verið í l., þá efast ég ekki um, að fengizt hefði skjót og góð úrlausn á því máli. Ég skal svo ekki segja meira í þetta sinn. Ég vona, að hv. n. geri það í þessu máli, sem hún telur rétt og sanngjarnt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

104. Efnivörur til iðnaðar.

Á 22. fundi í Ed., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar (þmfrv. A. 134).

Á 24. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorláksson): Eins og tekið er fram í grg. frv., þá er þetta frv. fram komið til að ráða bót á galla á lögum um vörutoll og verðtoll, sem er í því fólginn, að það getur komið fyrir, að greiða verði hærri tolla af þeirri innfluttu efnivöru heldur en af vörunum sjálfum, ef þær eru fluttar inn frá útlöndum. Þeir iðnaðarmenn, sem búa til þessar vörur hér, standa því lakar að vígi en hinir erlendu keppinautar þeirra.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta að sinni, en vona, að frv. fái að ganga til 2. umr. og til nefndar, sem ætti líklega helzt að vera fjhn., af því hér er um gjöld ríkissjóðs að ræða.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 134, n. 315).

Frsm. (Jón Þorláksson): Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með frv., þó að áskildum fyrirvara hjá hv. 2. landsk., og mun hann gera grein fyrir því atriði við umr. Eins og sést á nál., ber n. aðeins fram þessa brtt. á þskj. 315 til að skýra ákvæði 1. gr. á sama hátt og segir í grg. frv., að ákvæðin í 1. og 2. lið 1. gr. taki ekki til þeirra vörutegunda, sem aðflutningsgjald er greitt af samkv. tollalögum. En það eru munaðarvörurnar gömlu, sem menn kannast við, kaffi, sykur, tóbak, vín og einstöku aðrar vörur. Ég þykist ekki þurfa að gera frekari grein fyrir þessu en gert er í grg. frv. og hér var gert við 1. umr. málsins.

ATKVGR.
Brtt. 315 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10. shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 336).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 336).
Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Með því að næsta dag var á fundi í Sþ. lýst yfir þingrofi, varð þessi hinztur fundur deildarinnar.

105. Fimmtardómur.

Á 22. fundi í Ed., 12. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um fimmtardóm (þmfrv. A. 137).

Á 24. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 25. fundi í Ed., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Pálmason): Frv. sama efnis og þetta var flutt á síðasta þingi og lá þá fyrir þessari hv. deild. Gekk það í gegnum 3. umr. og voru gerðar á því nokkrar breytingar. Nú er það flutt

eins og þessi hv. deild gekk frá því í fyrra, nema að bætt er við nokkrum lítilfjörlegum breytingum. Þær breyt. lúta einkum að skilyrðum fyrir veitingum dómaraembætta í fimmtardómi, og er þar helzt að geta þeirrar breyt., að dómaraefni skuli hafa aflað sér nokkurrar sérþekkingar í siglingafræði. Önnur breytingin er sú, að gert er ráð fyrir, að menn, sem sýnt hafa yfirburði með vísindalegri starfsemi á sviði lögfræðinnar, geti komið til greina við veitingu dómaraembættis, þótt eigi hafi þeir gegnt embætti í 3 ár. Þriðja atriðið lýtur að launakjörum dómenda í dóminum. Í frv. í fyrra var gert ráð fyrir lítilsháttar launahækkun frá því, sem nú er, en hér er horfið frá því, vegna yfirstandandi krepputíma, sem jafnt ganga yfir ríkissjóðinn sem landslýð allan. Að þessu athuguðu þykir eftir atvikum rétt að breyta launakjörunum ekki frá því, sem nú er, enda er opin leið til þess að hækka launin síðar, ef ástæða þykir til.

Með því að þetta frv. hefir verið rætt ítarlega hér í d. áður, þá sé ég ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta mál við 1. umr., enda ber þess að gæta, að hér er um engar þær höfuðbreytingar að ræða frá því í fyrra, sem sérstaklega gefi tilefni til umr. á þessu stigi málsins. Ég vil því ljúka máli mínu, en leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. allshn., því hún hafði þetta mál til meðferðar í fyrra, enda munu slík mál heyra nánast undir hana.

Pétur Magnússon: Eins og hv. flm. gat um í framsöguræðu sinni, er þetta í annað sinn, er frv. til laga um breytingar á skipulagi æðsta dómstóls landsins er flutt hér í þessari hv. deild að tilhlutun núv. ríkisstj. Hver sá maður, er eitthvað þekkir til ísl. réttarfarsreglna, hlýtur þegar að reka augun í, að það er alleinkennilegt, að fyrst skuli vera snúizt að hæstaréttarlögunum, þegar byrjað er á endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar. Þau lagaboð, sem enn er farið eftir við rekstur almennra mála hér á landi, eru að mestu leyti sett á tímabilinu frá síðari hluta 17. aldar út 1. þriðjung 19. aldar. Yngstu lagaboðin eru þannig um 100 ára gömul. Það lætur nú að líkindum, að enda þótt efalaust hafi verið vel vandað til ýmsra þessara laga, þá eru þau nú í mörgum efnum orðin úrelt og á eftir tímanum. Veldur þar ýmsu um, og þá fyrst og fremst hinar miklu breytingar, sem orðið hafa á þjóðhögum vorum bæði í efnalegu og andlegu tilliti. Án þess að ég nú vilji fara að ræða þessa galla réttarfarsins til hlítar þykir mér þó rétt að benda á nokkur atriði máli mínu til stuðnings.

Skal ég þá fyrst benda á fyrirkomulag dómaraskipunarinnar. Eins og kunnugt er, hafa allir undirdómarar landsins umboðsstarf á hendi, og er óhætt að segja, að hjá þeim langflestum eru dómarastörfin algert aukastarf. Af þessu leiðir það, að undirdómararnir verða tíðast valdir með annað fyrir augum en dómarahæfileika þeirra. Eins og kunnugt er, hefir verið gerð nokkur tilraun til að ráða bót á þessu fyrir nokkrum árum, en án þess þó að náðst hafi samkomulag um nokkrar endurbætur.

Þá vil ég næst benda á eina mjög þýðingarmikla réttarfarsreglu, sem nú mun vera komin inn í réttarfarslöggjöf flestra siðmenningarþjóða. Það er sú regla, sem á íslenzku hefir verið nefnd aðilaskýrsla og er í því fólgin, að dómari getur kallað aðila máls fyrir sig, spurt þá spjörunum úr og borið þá saman fyrir réttinum, líkt og gert er í opinberum málum. Geta menn hugsað sér, hvort eigi muni erfið aðstaða aðila, sem eigi hefir hreint mjöl í pokanum, að eiga að standa augliti til auglitis við leikinn dómara, sem glöggur er á veilurnar í frásögn aðila, og hvort eigi muni líklegt, að í ýmsum tilfellum sé unnt að leiða sannleikann í ljós með slíkri yfirheyrslu. — En eftir ísl. réttarfarslöggjöf er þetta eigi heimilt. Nú þarf aðili, sem rangan málstað hefir að verja, ekki annað en að fara til einhvers málaflutningsmanns, semja fyrir hann einhverja skáldsögu um málsefnið, og getur hún oft verið þannig úr garði gerð, að gersamlega sé ómögulegt fyrir málaflutningsmanninn að sjá gegnum vefinn, og láta hann síðan bera fram ósannindin fyrir öllum réttum, án þess að þurfa sjálfur nokkursstaðar nærri að koma.

Slíkur feluleikur með sannleikann er algerlega óþolandi.

Þá má og nefna það, að samkv. réttarfarslöggjöf vorri á dómari að stjórna vitnaleiðslu og spyrja vitni. Vitnaleiðslur fara venjulega fram undir rekstri málsins fyrir undirréttinum. En svo er um hnútana búið, að oft á tíðum veit dómarinn ekki einu sinni, um hvað deilt er í málinu, þegar vitnaleiðslur fara fram, hvað þá að hann þekki hin einstöku atriði málsins. Liggur í augum uppi, hve erfið aðstaða dómara er í þessum efnum og hve mjög er hætt við, að vitnaleiðsla komi eigi að þeim notum til að upplýsa málið, sem henni er ætlað að gera og sem hún gæti gert, ef henni væri skynsamlega hagað.

Loks má á það drepa, að allt fyrirkomulag réttarfarsins er mjög þunglamalegt og að málareksturinn því oft á tíðum tekur miklu lengri tíma og verður kostnaðarsamari en vera þyrfti, ef honum væri skynsamlega hagað og í samræmi við núverandi þjóðháttu.

Þetta, sem hér hefir verið sagt, á allt við réttarfarsreglur einkamála. En á sama hátt er sakamálaréttarfarinu í mörgu ábótavant og langt frá að það veiti það réttaröryggi, sem annarsstaðar er krafizt. Má þar nefna sem dæmi tilhögun ákæruvaldsins og fyrirkomulag um sókn og vörn mála. En út í það skal ég eigi nánar fara í þetta sinn.

Hér hefir nú aðeins verið stiklað á hinum stærri agnúum réttarfarslöggjafarinnar, en það ætti þó að nægja til að sýna, að ekki þarf lengi að leita til að finna ýmislegt, sem lagfæra mætti. Og það vil ég leggja áherslu á, að það, sem mestu varðar til að fá réttláta úrlausn mála, er, að svo sé um hnútana búið, að þeir, sem réttarins eiga að gæta, hafi aðstöðu til að knýja fram sannleikann í hverju máli. Það er höfuðatriði — flest annað er í raun réttri aukaatriði.

Þó ég hafi nú — í sambandi við mál það, er hér liggur fyrir — verið að benda á, hve ófullkomin réttarfarslöggjöf vor er í ýmsum atriðum, þá á það ekki að skoðast sem nein ásökun til stjórnarinnar út af því, að hún hafi eigi hafizt handa til endurbóta í þessum efnum. Núv. stj. er a. m. k. ekki fremur ámælisverð fyrir það en þær stjórnir, sem á undan henni hafa setið að völdum síðustu einn til tvo áratugina. Og mér er það fullljóst, að endurskoðun réttarfarslöggjafarinnar er svo umfangsmikið og vandasamt verk, að það verður eigi framkvæmt svo að vel sé nema af færustu mönnum og með nægum undirbúningstíma. Reynslan hefir og orðið sú hjá nágrannaþjóðum vorum, að endurskoðun réttarfarsins hefir tekið langan tíma og kostað mikla vinnu.

En þrátt fyrir þetta endurtek ég það, sem ég áður sagði, að það er ákaflega einkennilegt, að hæstaréttarlögin skuli hafa orðið fyrst fyrir stjórninni þegar hún sneri sér að endurbótum réttarfarsins. Það er einkennilegt af því, að hæstaréttarlögin eru nálega einu almennu réttarfarsreglurnar, sem eru — a. m. k. í öllum höfuðatriðum — í samræmi við þær reglur, sem gilda í flestum menningarlöndum, þar á meðal hjá frændþjóðum vorum á Norðurlöndum. Lögin eru, sem kunnugt er, aðeins 12 ára gömul og eru samin af einhverjum ágætasta lögfræðingi Íslands að fornu og nýju. Mun hann við samningu laganna hafa stuðzt við danska réttarfarslöggjöf, og veit ég ekki betur en allt fram að þessu hafi hún verið talin samsvara tímanum.

En þó þetta sé nú svo, bæri að sjálfsögðu að taka frv. með fögnuði, ef í því fælust einhverjar réttarbætur, eitthvað það, sem líklegt væri til að tryggja réttaröryggi í landinu fram yfir það, sem nú er. Til þess að gera sér ljóst, hvort svo muni vera, verður eigi hjá komizt að athuga í höfuðdráttum þau nýmæli, sem frv. hefir að flytja.

Fyrsta nýmælið er að finna í 1. gr. frv. og er í því fólgið að breyta um nafn á réttinum — nefna hann fimmtardóm, í stað hæstaréttar. Ekki þarf nú að leiða nein rök að því, að dómstóllinn muni jafnhæfur til að finna rétta úrlausn mála, hvort hann heitir hæstiréttur eða fimmtardómur. Þessi breyt. hefir þannig enga efnislega þýðingu. Hitt má vafalaust deila um, hvort nafnið sé viðkunnanlegra eða heppilegra. Það nafn, sem rétturinn ber nú, hefir þá kosti, að það felur sjálft í sér nokkurskonar skilgreiningu á stofnuninni, segir sjálft til um, að þar sé um æðsta dómstól landsins að ræða. Það hef-

ir og þann kost, að það hefir um langan aldur verið notað um æðsta dómstólinn, hvort sem hann hefir verið utanlands eða innan, og er því orðið þjóðinni tamt. Ég get nú ekki fallizt á það, sem í grg. stendur, að nafnið sé málfræðilega rangt, enda þótt dómstigin séu ekki nema tvö. Þess er að gæta, að undirdómstólarnir eru margir, en yfir þeim öllum stendur hæstiréttur. Hinsvegar má ef til vill frekar deila um, hvort það sé allskostar gott mál að nota lýsingarorðið „hár" í þessu sambandi. En ef eyra stj. er svo viðkvæmt fyrir móðurmálinu, að hún þoli ekki að heyra nafnið hæstiréttur, hefði ég kunnað betur við, að hún hefði tekið upp aftur gamla yfirdómsnafnið. Það er gott og gilt nafn og segir rétt til um stöðu dómstólsins. — Fimmtardómsheitið hefir að mínu áliti engan kost annan en þann, að nafnið er fornt. En það hefir þann galla fyrst og fremst, að það segir ekkert til um eðli stofnunarinnar, enda hefir stj. ekki séð sér annað fært en að lögbinda útlent heiti á dómstólnum samhliða hinu íslenzka. Virðist mér það fremur óviðkunnanlegt. Í öðru lagi hefir nafnið þann galla, að það er rangnefni. Almennt er talið, að fimmtardómsheitið hafi til orðið í mótsetningu við fjórðungsdóma. Um þá er eigi lengur að ræða, og yfirleitt er ekkert í íslenzkri dómaskipun né í fyrirkomulagi réttarins sjálfs, er réttlætt geti fimmtardómsheitið. Loks er það algerður misskilningur, sem virðist koma fram í grg., að fimmtardómur hafi til forna svarað til núverandi hæstaréttar. Hann var sérdómstóll, sem viss mál mátti bera undir, en ekki settur yfir fjórðungsdómana, þannig að dómum þeirra eða úrskurðum yrði áfrýjað til fimmtardóms. — Heldur finnst mér og veigalítil tilvísun grg. til fornra minninga um innlenda lögspeki og glæsilegt starf dómstóla vorra á lýðveldistímanum. Ég hygg, að forfeðrum vorum hafi verið margt betur gefið en réttdæmi. Löngum var það a. m. k. svo, að sterkur liðsafli mátti sín meira en góður málstaður, og vil ég ógjarnan ætla, að landsstjórn vor telji það til fyrirmyndar.

Ég skal svo ekki að sinni fjölyrða frekar um nafnbreytingu þessa. Ég tel mig hafa fært allgóð rök fyrir, að hún sé síður en svo til bóta.

Næsta nýmæli, og að sumu leyti það merkasta í frv., er í 4. gr., þar sem gert er ráð fyrir, að dómaratalan sé aukin úr 3 upp í 5, með því að bæta við 2 aukadómurum, er skulu vera kennarar úr lagadeild háskólans. Hér er að því leyti stefnt í rétta átt, að án efa væri heppilegt að fjölga dómurum í réttinum, og orkar naumast tvímælis, að fjölgun dómenda mundi veita aukið réttaröryggi. Hinsvegar er sú leið, sem valin er, á ýmsa lund vafasöm. Fyrst er þess að gæta, að engin trygging er fyrir, að lagakennarar háskólans séu vel hæfir dómarar. Þeir myndu eftir sem áður valdir með tilliti til kennsluhæfileika og vísindastarfsemi, og þurfa þeir hæfileikar ekki að vera samfara góðum dómarahæfileikum. Þá kemur og — og eigi síður — til álita, að kennarar háskólans eru menn með umboðsstarfa og njóta því eigi þeirrar sérstöku verndar, er 57. gr. stjskr. veitir umboðsstarfalausum dómurum. Verða þeir því nokkuð háðari framkvæmdarvaldinu en talið hefir verið heppilegt, að dómarar æðsta dómstólsins væru. Þó má á það líta, að kennarar háskólans eru minna háðir landsstj. en flestir aðrir embættismenn, og er því að mínu áliti ekki mjög mikil hætta í þessu efni. — Ýms vandkvæði gætu hlotizt út af ákvæðum 5. gr. um það, hvenær varadómarar skulu tilkvaddir, án þess að ég sjái ástæðu til að fara nánar út í þau atriði við þessa umr. málsins.

Þó að ég játi fúslega, að nýmæli þessara greina (4. og 5.) eigi að takast til alvarlegrar íhugunar, vil ég þegar láta í ljós þá skoðun, að ég tel tvímælalaust, að heppilegra hefði verið að taka skrefið fullt út og fjölga fastadómurum í fimm. Kostnaðarmunur yrði aldrei verulegur frá því, sem lagt er til í frv., því vafalaust yrði reynslan sú, að varadómarar yrðu oft til kvaddir, og mundi greiðsla til þeirra því nema talsverðri fjárhæð. Og ef svo er, að æðsti dómstóllinn sé nálega eini liðurinn í ríkisbúskapnum, sem eitthvað verður að spara á, álít ég, að komið gæti til greina að láta einn dómarann hafa á hendi ritarastörfin, líkt eins og gert var í yfirréttinum gamla.

Næstu nýmælin er að finna í 8. gr. frv. Í þeirri grein eru 5 nýmæli og þar á meðal 2, sem ekki voru í frv. því, er lagt var fyrir Alþingi síðastl. ár. 3 af þessum nýmælum eru frekar þýðingarlítil, og skal ég því eigi vera langorður um þau, en drepa þó aðeins á hvert þeirra.

Í 2. lið er gert ráð fyrir, að veita megi dómaraembætti þeim manni, er sýnt hefir verulega yfirburði í lögfræði með vísindalegri starfsemi, enda þó hann hafi eigi gegnt neinum af þeim störfum, sem greinin annars gerir ráð fyrir, að sé nauðsynlegur undirbúningur undir dómarastöðuna. Það má nú vafalaust með réttu segja, að þetta sé ekki hættumikið ákvæði, en rétt er þó að benda á, að engin trygging er fyrir því, að samfara vísindahæfileikum séu góðir dómarahæfileikar.

Þá er í 3. lið gert ráð fyrir, að dómaraefni skuli hafa próf í siglingafræði við námsskeið, sem setja á nánari ákvæði um í reglugerð. Ég skal nú hreinskilnislega játa, að ég veit ekki, hvort þessi till. á að skoðast sem gaman eða alvara hjá höfundi frv. Ég gæti eins vel haldið, að hún væri sett inn í frv. til þess að fá tækifæri til að koma að í grg. hinum hlýlegu ummælum um Pál skólastjóra Halldórsson eins og að henni væri ætlað að verða að lögum. Ég hygg, að engum manni, sem nokkurt skyn ber á þetta mál, komi til hugar, að hæstaréttardómara gæti orðið það nokkur styrkur í starfi sínu, að hafa gengið á siglinganámsskeið. Þar sem þörf væri fyrir sérþekkingu í þeim efnum, mundi rétturinn vitanlega eftir sem áður leita til kunnáttumanna í þeirri fræðigrein. Hitt er annað mál, að oft getur verið þægilegt fyrir dómara að bera nokkurt skyn á **sjómennsku**, og má vera, að eitthvað slíkt hafi óljóst vakað fyrir höfundi frv. En í stað námsskeiðs í siglingafræði ætti þá að krefjast, að dómaraefni hefði verið í siglingum svo og svo lengi. Það mætti t. d. rökstyðja þá kröfu með því, að á miðöldunum hefðu sumir biskuparnir verið gamlir skútuformenn, og vissulega væri dómurum þó meiri þörf á að kunna sjómennsku en biskupum. En svo ég sleppi öllu gamni, er það vitanlegt, að það eru fjölmörg störf önnur en sjómennska, sem dómurum er nauðsynlegt að bera skyn á, og get ég því eigi séð, að ástæða sé til að setja sérstök ákvæði um kunnáttu í henni.

Þriðja nýmælið í þessari grein, sem ég tel þýðingarlítið, er heimildin til að víkja frá skilyrðinu um, að dómaraefni hafi lokið prófi með 1. einkunn. Jafnan hafa verið skiptar skoðanir um, hvort yfirleitt ætti að gera 1. einkunn að ófrávíkjanlegu skilyrði fyrir embættisveitingu og allir játa, að prófeinkunn er enginn algildur mælikvarði. Samt sem áður tel ég nú vafasamt, hvort rétt er að slaka á skilyrðunum í þessu efni, og a. m. k. álít ég, að rangt væri að gera það, ef dómaraprófið yrði afnumið.

Þá kem ég að þeim nýmælum, sem ég tel, að meiri þýðingu hafi. Er það fyrst aldursákvæði 4. liðs 8. gr. Ég er nú að sönnu ekki alveg viss um, hvernig ætlazt er til, að þetta ákvæði sé skilið. Hvort tilætlunin er sú, að eigi megi **veita** dómaraembætti eldri manni en 60 ára, eða hitt, að eldri maður en sextugur megi ekki sitja í réttinum. Sé fyrri skilningurinn réttur, hefi ég ekkert við ákvæðið að athuga. Ætti aftur á móti að skilja það á síðarnefnda veginn, ræki ákvæðið sig á 57. gr. stjskr. og gæti því eigi orðið að lögum nema stjskr. væri samtímis breytt. En auk þess væri öldungis fráleitt að gera það að ófrávíkjanlegri reglu, að hæstaréttardómari skuli víkja úr embætti á þessum aldri. Ég hygg, að eigi sé ofmælt, að allflestir menn séu hvað færastir um að gegna dómarastarfi svo vel sé einmitt í kringum sextugt. Að jafnaði eru þeir þá búnir að fá mikla dómaraæfingu og þeir eru búnir að fá mikla lífsreynslu, en hinsvegar ekki farnir að sljóvgast andlega. Og benda má á það, að í sumum þeim dómstólum, sem mest hefir verið vandað til, svo sem alþjóðadómstólnum í Haag, eru engin takmörk sett um dómaraaldurinn upp á við. Ég hygg og, að svo gæti farið, að einhverjum þætti það alltilfinnanlegur baggi fyrir ríkissjóð, ef halda ætti á fullum launum öllum sextugum mönnum og eldri, sem gegnt hefðu dómaraembætti í æðsta dómstólnum. Liggur í augum uppi, að það gæti orðið allálitlegur hópur.

Þá kem ég að síðasta og aðalnýmælinu í þessari grein, um afnám prófþraut-

arinnar. Eftir núgildandi lögum á hæstaréttardómari að hafa sýnt það með því að greiða fyrstur dómsatkvæði í fjórum málum, og sé a. m. k. eitt þeirra einkamál, að hann sé hæfur til þess að skipa sæti í dómnum. Þetta ákvæði er fellt niður úr frv., þannig að nú á það skilyrðislaust að vera á valdi framkvæmdarvaldsins, hver skipaður er í æðsta dómstólinn, þegar sæti losnar þar. Hið núgildandi ákvæði um prófþraut er vitanlega sett í þeim tilgangi að vernda réttinn fyrir misnotkun framkvæmdarvaldsins, til að fyrirbyggja það, að ríkisstj. skipi í réttinn óhæfan dómara einungis af pólitískum ástæðum. Þessi lagasetning sýnir í raun rétti mikla framsýni þeirra manna, er lögin settu, þó samskonar ákvæði séu að vísu í lögum víða annarsstaðar. En hér á landi hygg ég, að fáum hafi komið það til hugar um þær mundir, sem lögin voru sett, að innan fárra ára væri farið að draga hæstarétt inn í flokkadeilur og harðvítugar tilraunir gerðar til að gera hann að pólitískri stofnun. Á þeim tímum hefðu menn eigi búizt við, að jarðvegur gæti orðið hér fyrir svo „reaktionærar" skoðanir sem til þess þarf að vilja aftur draga dómsvaldið undir áhrif framkvæmdarvaldsins. — Eins og margar fleiri þjóðir höfum við reynslu fyrir, hvernig er að hafa þetta tvennt sameinað. Hinir einvöldu konungar höfðu bæði hið æðsta framkvæmdarvald og hið æðsta dómsvald á hendi. Víðast hefir það kostað alda baráttu að fá dómsvaldið leyst frá framkvæmdarvaldinu, og flestar þjóðir munu hafa í stjórnskipulögum sínum ákvæði til að fyrirbyggja áhrif framkvæmdarvalds á dómsvald. Svo mikils þykir um vert í þessu efni. Og við eins og fleiri höfum fram að þessu reynt að fyrirbyggja áhrif flokkadeilnanna á æðsta dómstólinn, meðal annars með því að svipta dómarana kjörgengi. En nú kemur dómsmálaráðherra Íslands og segir, að allir flokkar þurfi að eiga sinn fulltrúa í hæstarétti. Þessi miðaldahugsunarháttur um pólitíska beitingu dómsvaldsins, um að láta réttinn víkja fyrir valdinu, er í mínum augum eitthvert ömurlegasta fyrirbrigðið í stjórnmálalífi nútímans.

Nei, æðsti dómstóll landsins á ekki að vera skipaður fulltrúum hinna pólitísku flokka. Hann á að vera skipaður vitrum, réttlátum, víðsýnum mönnum, sem geta litið hlutlaust á málin, en ekki frá sjónarmiði neins flokks eða klíku. Og þessu takmarki hygg ég, að eigi verði betur náð með öðru móti en því, sem ákveðið er í gildandi lögum, þessu samstarfi framkvæmdarvalds og dómsvalds um dómaraval. Framkvæmdarvaldið hefir það aðhald, að það getur ekki sent réttinum annað dómaraefni en það, sem líklegt er, að standist prófþrautina, og rétturinn getur vegna virðingar sjálfs sín ekki vísað hæfum dómara á bug — enda á hann aldrei að hafa tilhneigingu til þess.

Dómsmálaráðherra hefir hér gert sig sekan í því, sem hann sjálfur er að víta á einum stað í grg. Hann hefir gert sig sekan í þeirri rökvillu að hugsa þetta atriði frá hagsmunasjónarmiði augnabliksins, en gleymir því, að þetta skipulag á að grípa inn í líf margra kynslóða. Hann vill beita valdinu af því að það er sjálfur hann, sem nú fer með það, enda þótt hann hljóti að sjá, að sem almenn regla er sú valdbeiting óheppileg.

Þá koma ýmsar breytingar, sem ég ætla ekki að gera að umtalsefni í þetta skipti. Svo er um ýms ákvæði í 17. til 23. gr. um málaflutningsmenn við fimmtardóm. Ég vil þó þegar láta í ljós þá skoðun, að sum þau nýmæli, sem flutt eru í þessum greinum, muni mjög varhugaverð.

Þá kemur í 52. gr. frv. allmerkilegt nýmæli um opinbera atkvgr. í réttinum. Þar hefir nú verið burt numin sú firra, sem slæðzt hafði inn í frv. það, sem lagt var fyrir síðasta þing, að ráðagerð dómara skyldi vera í heyranda hljóði. Um hitt verða vitanlega jafnan skiptar skoðanir, hvort heppilegt sé að hafa atkvæðagreiðsluna opinbera. Ég hygg nú fyrir mitt leyti, að vafasamt sé, að opinber atkvgr. veiti dómurunum aukið aðhald eða skerpi ábyrgðartilfinningu þeirra. Sumir hafa jafnvel viljað halda fram, að hún verkaði öfugt, sem sé freistaði dómaranna frekar til þess að láta ágreinings eigi verða vart, þó skoðanir væru eitthvað skiptar. Aðalkostur við opinbera atkvgr. er í mínum augum sá, að fróðlegt og lærdómsríkt getur verið að sjá, hvernig dómari, sem orðið hefir í minni hluta í réttinum, rökstyður skoðun sína. Eftir

gildandi lögum hefir dómari að vísu rétt til að láta birta ágreiningsatkvæði, en ég get hinsvegar vel fallizt á, að rétt sé að taka skrefið fullt út og gera dómara skylt að láta ágreiningsatriði koma opinberlega í ljós.

Ég hefi þá drepið á flest þau nýmæli í frv., sem nokkru verulegu máli skipta. Eins og hver maður getur sannfært sig um, með því að bera frv. þetta saman við gildandi lög um hæstarétt, er hér ekki um neinar stórfelldar breytingar á fyrirkomulagi réttarins að ræða. Flestir stærstu vankantarnir, sem á frv. voru, þegar það var lagt fyrir síðasta þing, hafa nú verið sniðnir af því, eins og hv. flm. gat um. Það er því afareinkennilegt, að frv. skuli vera flutt sem nýr lagabálkur, í stað þess að flytja frv. um breytingar á hæstaréttarlögunum. Ástæðan til, að svo var gert á síðasta þingi, var ofurskiljanleg, því þá hélt hæstv. dómsmrh. í einfeldni sinni, að hann á þann hátt gæti komið núverandi dómurum burt úr réttinum. En nú er honum væntanlega orðið ljóst, að sú leið er ekki fær, og skil ég þá eigi, hver tilgangurinn getur verið. Öllum hlýtur að vera ljóst, að rétturinn er sá sami, þó breytt væri um nafn á honum.

Áður en ég lýk máli mínu get ég ekki komizt hjá að minnast lítið eitt á grg. þá, er frv. fylgir. Greinargerðin, segir hv. flm., að fylgt hafi frv. frá dómsmrh. og er ekki að efa, að hann skýri rétt frá um það. En hv. flm. má ekki ætla, að hann leysi sig undan allri ábyrgð á þessu einstæðasta plaggi í þúsund ára gamalli þingsögu vorri, með því að lýsa yfir því, að hann hafi eigi sjálfur samið það. Hann hefir orðið til að bera ósómann inn í þingið og þannig gerzt samsekur þeim, er samið hefir. Það er nú ekki ætlun mín að fara að rekja grg. þessa í heild sinni og eltast við allar þær firrur, sem í henni standa. Ég ætla t. d. ekki að tala neitt um „system"-skiptin 1927, þó vitanlega mætti margt um þau segja. Ég ætla heldur eigi að ræða um dónann, sem hrækti á lögregluþjóninn, eða togarana tvo, sem reknir voru úr landhelgi. Ég get sem sé ekki vel komið auga á, í hvaða sambandi þeir viðburðir standa við mál það, sem hér er til umr., þó höfundur grg. nefni þá sem rök fyrir, að fyrirkomulagi hæstaréttar hljóti að vera „meir en lítið ábótavant". En sambandið þarna á milli er ofvaxið mínum skilningi. Hinsvegar eru önnur atriði í grg. þess eðlis, að ég teldi rangt að láta þeim með öllu ómótmælt.

Það mun nú engan undra, sem þekkir faðerni þessarar grg., þó hæstarétti vorum séu sendar nokkrar hnútur. Hæstv. dómsmrh. er orðinn kunnur að því að láta ekkert tækifæri ónotað til að ráðast á æðsta dómstól landsins, með órökstuddum aðdróttunum og svívirðingum. Ég veit vel, að fyrst í stað stóð ýmsum mönnum nokkur stuggur af þessu, óttuðust, að árásirnar gætu leitt til þess, að rétturinn hætti að njóta þess trausts, sem hann verðskuldaði og sem honum og þjóðinni er nauðsynlegt að haldist, ekki einungis inn á við, heldur engu síður út á við. En ég held, að sá ótti sé nú horfinn hjá flestum. Menn fyrirverða sig að vísu fyrir það ófremdarástand, sem hér ríkir í þessu efni, eins og raunar í mörgu öðru, að æðsta manni réttvísinnar skuli haldast uppi að haga sér eins og núv. hæstv. dómsmrh. hefir gert. En um traust réttarins óttast menn eigi lengur. Við höfum verið svo lánsamir, að þegar í upphafi völdust í réttinn þeir menn einir, er njóta slíks trausts fyrir sakir gáfna, þekkingar og mannkosta, að engin klækihögg vinna á þeim. Og án þess að ég vilji halda því fram, að hæstarétti vorum hafi aldrei yfirsézt í dómum sínum — það gerir vafalaust hverjum dómstóli um víða veröld —, þá þori ég að fullyrða, að flestir, sem skyn bera á, eru þeirrar skoðunar, að hæstiréttur vor hafi leyst af hendi hlutverk sitt með mikilli sæmd og líklega betur en flestir gerðu sér von um, þegar æðsta dómstigið var flutt inn í landið. Og ég hygg, að enginn vandaður og skynbær maður mundi vilja halda því fram, að hæstiréttur nokkru sinni hefði gert sig sekan í hlutdrægni. Það lítur því út fyrir, að líkt hafi farið fyrir hæstv. dómsmrh. gagnvart hæstarétti eins og fór fyrir þegnum Ólafs konungs helga, að þeir þoldu honum eigi réttdæmi.

En hæstv. dómsmrh. hefir nú eigi látið við það sitja í þetta sinn að ráðast að hæstarétti Íslands. Hann ræðst einnig að

hæstarétti Dana og Norðmanna, með hinum hroðalegustu brigzlyrðum og vænir þá um að hafa kveðið upp vísvitandi ranga dóma. Þessar ásakanir rökstyður hann með ummælum norsks málaflutningsmanns, sem mér er ókunnugt um, af hverju eru sprottin, og með því að minna á eitt mál, hið svokallaða Bergsmál, sem dæmt var af hæstarétti Dana fyrir mörgum áratugum síðan. Í grg. er gengið út frá því sem öldungis óyggjandi, að hæstiréttur hafi kveðið upp vísvitandi rangan dóm í máli þessu. Það á nú máske ekki við að fara að hafa langar umr. um mál þetta hér, en þar sem fyrrnefnd ummæli í grg. mega teljast fjandsamleg í garð sambandsþjóðar vorrar, tel ég ekki rétt að leiða þau alveg hjá sér. Ég gerði mér því það ómak að kynna mér þetta mál og skal í fáum orðum skýra frá, hvernig það er vaxið.

Í júnímánuði 1885, um það leyti sem deilurnar stóðu hæst milli Estrupsstjórnarinnar og vinstrimannaflokksins í Danmörku, var haldinn pólitískur fundur undir beru lofti í smábænum Holstebro. Til fundarins var boðað af kjósendafélagi vinstrimanna, og meðal þeirra stjórnmálamanna, sem taka áttu til máls á fundinum, var Christian Berg, sem þá var einn af áhrifamestu mönnum flokksins. Á fundarstaðnum hafði verið reistur upphækkaður pallur og höfðust þar við, auk fundarstjóra, þeir, sem til máls áttu að taka, og einhverjir fleiri. Fyrr á þessu sama ári hafði ríkisstjórnin sent umburðarbréf til allra lögreglustjóra í landinu og lagt fyrir þá að koma á stjórnmálafundi þá, sem haldnir kynnu að verða, og líta eftir, að þar færi allt löglega fram. Samkv. þessum fyrirmælum kom lögreglustjóri héraðsins á þennan fyrrnefnda stjórnmálafund í Holstebro og steig þar upp á pallinn til þess að geta betur fylgzt með, hvað fram færi. Að því er séð verður, kom lögreglustjórinn á allan hátt kurteislega fram og lét í ljós, að hann væri þar mættur einungis til að gegna embættisskyldu sinni. En Christian Berg snerist mjög illa við komu lögreglustjóra og sagði afdráttarlaust, að hann tæki ekki til máls meðan lögreglustjórinn væri þar á pallinum. Út af þessu varð svo alllangt þóf, sem endaði með því, að lögreglustjóra var með valdi varpað niður af pallinum. Út af þessu ofbeldi var síðan hafin réttarrannsókn, og urðu í henni allvíðtækar vitnaleiðslur. Vitnin, sem leidd voru, munu flest eða öll hafa verið flokksbræður Bergs, sem þarna voru viðstaddir. En vitnaleiðslan leiddi það í ljós, að Berg hafði gerzt hvatamaður þess, að ofbeldi væri beitt gegn lögreglustjóranum eftir að hann hafði neitað að fara með góðu. Fyrir þetta var svo höfðað sakamál gegn Berg og hann dæmdur fyrst í undirrétti og síðan í hæstarétti í 6 mánaða einfalt fangelsi, en það er vægasta refsing, sem lögin leggja við þessu broti. Það er rangt, sem í grg. segir, að Berg hafi verið tekinn fastur á fundinum. Hann var aldrei settur í gæzluvarðhald. Það er og rangt, sem þar segir, að hann hafi verið dæmdur í hegningarhúsvinnu. Það verður heldur eigi séð, að neinn fótur sé fyrir því, að þessi fangelsisvist hafi dregið hann til dauða. Hann lifði í 6 ár eftir að hann kom úr fangelsinu, tók „aktívan" þátt í stjórnmálum og sat á þingi, að ég ætla. Loks er það algerlega rangt, að hann hafi eigi verið dæmdur fyrir annað en að hafa pólitískar skoðanir í andstöðu við stjórnina. Hann var dæmdur fyrir mótþróa gegn valdstjórninni. Um það má að sjálfsögðu deila, hvort danska stjórnin, sem þá sat að völdum, hafi verið ámælisverð fyrir að láta höfða mál gegn Berg út af þessari yfirsjón. Þá sat að völdum í Danmörku „reaktionær" stjórn, eins og hér á landi nú. Og þó það geti að sjálfsögðu verið þungbært fyrir frjálslynda menn að þurfa að lúta slíkri stjórn, þá réttlætir það eigi nægjanlega, að beitt sé ofbeldi gegn henni. Og vorkunnarmál hlýtur það að vera hverri stjórn, þó hún reyni að framfylgja þeim fyrirmælum, er hún sjálf setur. En hverjum augum sem menn vilja líta á ráðstöfun stjórnarinnar um málshöfðunina gegn Berg, verður eigi séð, að dómstólarnir séu í neinu ámælisverðir í þessu efni. Þó Berg væri mikilhæfur og vafalaust að mörgu leyti ágætur maður, varð sama yfir hann að ganga eins og hvern annan borgara þjóðfélagsins. Dómstólarnir verða að dæma eftir lögunum, en ekki eftir stöðu sakbornings í þjóðfélaginu.

Ég hefi farið svo ítarlega út í þetta mál, af því að mér virðist ásökun sú í garð æðsta dómstóls sambandsþjóðar vorrar, er fram kemur í grg., bæði ranglát og ósæmileg. Við athugun á þessu máli hefi ég eigi getað komið auga á neitt, er bendi til þess, að hæstiréttur hafi kveðið upp hlutdrægan dóm í máli þessu. Og ekki trúi ég því fyrr en ég fæ það frá annari heimild en hæstv. dómsmrh., að stéttarbróðir hans í Danmörku hafi látið frá sér fara lík ummæli og þau, er ég hér hefi gert að umræðuefni.

Grg. endar með ótvíræðri aðdróttun til nafngreinds manns, Páls skólastjóra Halldórssonar, um að hann hafi borið falsvitni fyrir rétti. Þessi sakargift er svo alvarleg, að ég tel mér skylt að skýra hér nokkuð ítarlega frá máli því, sem sakarburður þessi er út af risinn.

Í fyrra vetur tók varðskipið „Ægir" fastan togarann „Belgaum" sem var að veiðum út af Snæfellsnesi, flutti hann til Reykjavíkur og kærði skipstjórann fyrir landhelgisbrot. Varðskipið hafði, eins og venja er, ákveðið stað togarans, þegar hann var tekinn, með hornmælingum til ákveðinna staða á landi. Aðstaða til mælinganna mun hafa verið mjög örðug, þannig að ekki varð komizt hjá að taka þröng horn, sem hinsvegar er mjög óheppilegt, vegna þess hve erfitt er að setja þau út í sjókort og hve litlu má muna á útsetningu til þess að valda alvarlegri skekkju. Skýrsla varðskipsforingjans og útsetning hans á sjókortið bar með sér, að togarinn hefði verið innan landhelgislínu, og samkv. þessum upplýsingum var togaraskipstjórinn dæmdur í sektir fyrir lögreglurétttinum hér. Málinu var svo áfrýjað til hæstaréttar, og eins og venja hefir verið til mörg síðastl. ár, var Páll skólastjóri fenginn til að setja mælingar varðskipsforingjans út á sjókort eftir að málið kom til hæstaréttar. Skólastjórinn komst að talsvert annari niðurstöðu en varðskipsforinginn hafði gert, þannig að eftir útsetningu hans reyndist skipið að hafa verið fyrir utan landhelgi. Vegna þessa ósamræmis, sem þarna kom fram, voru þrír aðrir vel hæfir menn látnir setja mælingarnar út í sjókort. Komust tveir þeirra að sömu niðurstöðu og skólastjórinn, en einn að nokkuð annari, en þó ekki að sömu og varðskipsforinginn. Páll skólastjóri og fyrrv. varðskipsforingi kapt. Broberg — sem var einn þeirra manna, er sett höfðu út mælingarnar og komizt að sömu niðurstöðu og skólastjórinn — voru síðan leiddir sem vitni í málinu, og báru þeir undir eiðstilboð, að þeir hefðu sett út mælingarnar eftir beztu vitund og með þeirri nákvæmni, sem þeir frekast hefðu getað. Málið kom síðan fyrir hæstarétt og vegna þessa ósamræmis, sem fram hafði komið í útsetningunum, treysti hæstiréttur sér ekki til að leggja dóm á málið, heldur kvað upp í því úrskurð um, að dómkveðja skuli þrjá menn til að setja út mælingarnar, og var dómsuppsögn frestað unz það væri framkvæmt. Hæstiréttur taldi brotið eigi meira „einsýnt" en svo. En nú kemur dómsmrh. Íslands og segir, að Páll skólastjóri hafi tekið að sér að verja mál togara, er dæmdur hafi verið fyrir einsýnt landhelgisbrot. Afskipti skólastjóra eru, eins og ég hefi skýrt frá, þau ein, að hann hefir sett mælingar varðskipsforingjans út í sjókort og staðfest útsetningu sína fyrir rétti. Hafi nú brotið verið „einsýnt" hlýtur skólastjórinn sem fagmaður að hafa séð það flestum öðrum betur. En nú telur hann hinsvegar, að eigi hafi verið um brot að ræða. Hér verður því eigi um villzt, að dómsmrh. dróttar því að skólastjóranum, að hann hafi borið falsvitni fyrir rétti. Og einu rökin, sem dómsmrh. færir fyrir þessari hroðalegu ásökun, eru þau, að hann segir, að brotið hafi verið „einsýnt", og það eftir að hæstiréttur hefir úrskurðað, að málið sé svo vafasamt, að dómur verði eigi á það lagður.

Ég vil nú fyrst beina þeirri spurningu til dómsmrh., hverjar ráðstafanir hann hefir gert til að koma fram ábyrgð á hendur Páli skólastjóra fyrir þann glæp, sem hann hér ber honum á brýn. Væntanlega veit hann, dómsmrh. sjálfur, að meinsæri og yfirleitt ljúgvitni er refsivert athæfi, og meira að segja, að þung refsing liggur við því. Og jafnvel þó hann væri nú ekki svo lesinn í lögum, að hann „positivt" vissi þetta, þá ætti réttarmeðvitund hans að vera svo næm, að hann gæti sagt sér það sjálfur.

Honum ber þannig embættisskylda, sem yfirmanni réttvísinnar, til að hlutast til um, að skólastjóri sé látinn sæta ábyrgð fyrir glæpinn, svo framarlega sem ráðh. sjálfur trúir á ásökunina. En hafi ráðh. sett fram slíka ásökun sem þessa án þess að trúa sjálfur á hana, og það innan vébanda þinghelginnar — ja, þá ætla ég ekki að reyna að finna orð, er hæfilegt sé að nota yfir slíkt athæfi.

Og að endingu: Þá hv. þingdeildarmenn, sem ábyrgð bera á stjórnarfarinu í landinu, vil ég spyrja: Vilja þeir gerast samsekir um það, að drótta að öldruðum heiðursmanni þeim glæp, sem frá ómunatíð hefir þótt einn hinn ljótasti og svívirðilegastur allra glæpa? Ætla þeir að leggja blessun sína yfir slíka aðdróttun, enda þótt engin tilraun sé gerð til að rökstyðja hana og enda þótt enginn þeirra trúi á hana?

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Hv. 4. landsk. hefir nú talað langt mál. Hann byrjaði á því að sýna fram á, hver þörf væri á ýmsum umbótum á sviði dómsmálanna. Hann gerði mér mikinn greiða með því að sýna ljóslega, hve mjög þessi mál hafa verið vanrækt af undangengnum stjórnum og að sýna fram á, að hans eiginn flokkur hefir á undanförnum árum bætt aðgerðarleysi á þessu sviði ofá aðrar syndir. Sá flokkur hefir ekkert hirt um það, þótt verulegir þættir okkar réttarfars væru byggðir á 100 ára gamalli og á mörgum sviðum algerlega úreltri löggjöf. Hv. 4. landsk. hefir alveg tekið í sama streng og ég með þetta. Hann hefir sýnt, hve lítinn áhuga lögfræðingarnir hafa haft fyrir þessu og hve litla vinnu þeir hafa lagt til þessara hluta. Það var líka alveg réttilega tekið fram hjá hv. þm., að ekki er hægt að ætlast til, að núv. stj. hafi getað kippt þessu öllu í lag á þeim þremur árum, sem hún hefir starfað. Einkum þó þegar þess er gætt, að sú stj. hefir orðið að hefjast handa um fjölda annara umbóta innan þjóðlífsins. Ég vil þó geta þess, að núv. stj. hefir hafizt handa á sumum sviðum þessara mála. Þannig hefir að tilhlutun stj. verið unnið að undirbúningi nýrrar hegningarlöggjafar. Að mikið sé þó enn ógert, er enginn fúsari til að játa en ég.

Hv. 4. landsk. játaði, að það væri rétt, sem stendur í grg. frv., að form hæstaréttarlaganna íslenzku væri lánað eftir formi hæstaréttarlaganna dönsku, sem þá var orðið úrelt á mörgum sviðum. En það var dálítið undarlegt — og kemur líklega til af því, að hv. þm. er nýgræðingur hér á þingi —, að hann virtist ekki vita, að það var einmitt sá sami maður, Jón heit. Magnússon, sem mestan þátt átti í samþykkt hæstaréttarlaganna, sem varð næstfyrstur til að æskja breytinga á þeim. Í þessu frv. er m. a. fundin ný leið mitt á milli þess, sem Jón Magnússon vildi vera láta 1919 og 1924. Það atriði er um framkvæmd á fækkun í réttinum. Sú breyt. var ekki að öllu leyti heppileg, þótt við hana ynnist nokkur sparnaður. Ég skal játa það. En nú er bent á leið, sem bætir úr þessu án mikils kostnaðar. Hv. þm. var hissa á því, að lagt er til að breyta þessum rétti. En hann þarf ekki að vera það svo mjög. Til laganna var svo lítið vandað í upphafi. Ekkert tillit var tekið til reynslu annara þjóða. Dönsku lögin ein, sem þó voru orðin úrelt, höfð til fyrirmyndar. Það má segja, að ásökun hv. 4. landsk. kæmi úr hörðustu átt, þar sem Jón Magnússon áleit sjálfur hæstaréttarlögin svo gölluð, að hann vildi breyta þeim eftir fá ár.

Hv. 4. landsk. álítur, að það skipti ekki miklu máli, hvaða nafn sé á réttinum. En fólk, sem er skylt okkur, eins og t. d. Norðmenn, hefir hafið baráttu um að skipta um nöfn á borgum hjá sér og þeir álíta, að það skipti miklu máli. Þeir hafa t. d. skipt um nafn á Kristjaníu og nefnt hana Oslo. Fyrir þetta verður að vísu engin undrabreyting á bæjunum sjálfum. Þeir vilja bara með þessu þurrka út endurminninguna um útlenda kúgun. Óþjóðlegu öflin stóðu þar kröftuglega á móti, en urðu í minni hluta. Það er af sömu ástæðu hér, að þjóðræknir menn vilja ekki lengur nota þetta danska skrípanafn, sem var á sínum tíma innlimað í okkar mál. — Annars finnst mér, að hv. 4. landsk. ætti að vera búinn að læra svo mikið af sínum eigin flokki, að hann ætti að skilja gildi nafnbreytinga. Sá flokkur tók til þess snjallræðis að reyna til að fleyta sér á nýju nafni, þegar þjóðin

var búin að fá ótrú á flokknum undir gamla nafninu. Nú byggir sá flokkur alla sína framtíðarvon einmitt á nafninu. Þetta ætti hv. þm. að geta skilið, þótt hann skilji ekki þær þjóðræknisástæður, sem eru þess valdandi, að Norðmenn vilja breyta nafni borga sinna og við viljum taka upp það nafn, sem minnir á lýðveldistímana, en kasta því nafni, sem minnir á danska kúgun.

Sama tilfinningaleysið fyrir fornöldinni, sem yfirleitt andaði út frá ræðu hv. þm., kom líka fram í því, að hann vildi ekki viðurkenna það, að fimmtardómurinn hefði í fornöld verið æðsti dómstóll þjóðarinnar. Það væri fróðlegt að heyra það í næstu ræðu hv. þm., hvaða dómstóll hafi verið æðri þá.

Þá kom það hjá hv. þm., að það væri miður heppilegt að hafa prófessorana við háskólann sem meðdómara. Það er nú vitanlegt, að hv. þm. er orðinn gamall málaflm., enda var ræða hans meira málaflutningur en leit að sannleikanum. Síðan hæstiréttur var fluttur inn í landið, hefir það ávallt verið þrautaúrræðið að láta prófessorana við háskólann dæma í forföllum aðaldómaranna. Og þetta er gert enn. Og þó 5 menn væru gerðir fastir dómendur, þá mundi þó enn vera fylgt sömu venju. Með því að hafa fasta dómendur ekki nema þrjá vinnst sparnaður á launum til dómaranna. En auk þess hefi ég bent á það í grg. frv., og því hefir ekki verið mótmælt, að það muni verða erfiðleikum bundið að fá á hverjum tíma svo marga fræðilega menntaða lögfræðinga sem til þess þyrfti að skipa 5 dómarasæti, auk prófessora háskólans. Þeir ungu menn, sem tekið hafa lögfræðipróf, hafa fæstir sýnt áhuga að prófi loknu fyrir öðru en að flytja mál, innheimta skuldir og græða á þann hátt peninga. Það er leiðinlegt fyrir þá stétt, sem hv. 4. landsk. skipar, að hún hefir sýnt svo mikið áhugaleysi innan síns verkahrings, að það, sem gert hefir verið til umbóta í réttarfarsefnum, hefir orðið að gerast fyrir tilverknað manna, sem standa utan við lögfræðingastéttina. Hv. þm. taldi vafasamt, að prófessorarnir væru heppilegir dómarar. Það ætti þó að felast nokkur trygging í því, að ekki séu aðrir en sæmilega hæfir menn látnir skipa prófessorsembætti við háskólann, enda eru þeir núna varadómendur í hæstarétti. Ég held því, að þeir ættu alltaf að geta orðið gjaldgengir.

Þá kem ég að dómaraskilyrðunum. Hv. þm. er mikið á móti því nýmæli, að fræðilega menntaður maður geti komið til greina sem aðaldómari. Einn af göllum hæstaréttarlaganna frá 1919 er einmitt það, hve þröng skilyrðin eru fyrir vali dómaranna og of gamaldags. Hér er gert ráð fyrir því, að takmörkin verði nokkuð rýmri. Það er t. d. ætlazt til, að málfærslumennirnir geti komið til greina. Þó lítið sé í þeirra hópi um fræðilega menntaða menn, þá fá þeir þó nú orðið mikla æfingu vegna fjölbreyttra mála, er þeir fást við. Það, sem var mestur galli að þessu leyti á lögunum frá 1919, var það, að eftir þeim gátu fyrst og fremst þeir orðið dómarar, sem sökum aldurs og lítillar kynningar af lífinu eins og það gerist nú á tímum voru hættir að skilja nútíðina. Þeir voru mótaðir af anda fyrri aldar. Þessir menn höfðu gegnt tiltölulega einhæfum verkum og höfðu því ekki fylgt þróun þjóðlífsins eins og skyldi. Ég vil máli mínu til sönnunar minnast á einn mann, sem nú er dáinn. Geri ég það þó ekki til þess að niðra honum á nokkurn hátt, heldur aðeins til að sýna, hvernig þessu er varið, jafnvel þó miklir hæfileikamenn eigi í hlut. Sá maður, er ég vil nefna, er Valtýr heit. Guðmundsson. Hann var bæði gáfaður og vel menntur maður og tók mikinn þátt í málefnum Íslands um síðastl. aldamót. En það var á allra vitorði, að síðustu árin, sem hann lifði, var hann alveg hættur að fylgjast með í þeirri þróun, sem hér varð á síðari árum. Einhæf fræðimennska leikur oft þannig hina mestu gáfumenn. Að vísu lá nokkuð af ástæðunni fyrir því, að svona fór fyrir V. G., í því, að hann var búsettur erlendis.

Eins og sjá má á frv. þá koma sýslumenn til greina og yfirburðafræðimenn meðal lögfræðinga. Það mun reynast svo, að mestur vandinn á hverjum tíma og hvaða stjórn, sem situr við stýrið í hvert sinn, er sá, úr hve fáum verður að velja, sem til greina geta komið vegna hæfileika. Er því ekki rétt að útiloka

neinn þann flokk lögfræðinga, sem hugsanlegt væri, að komið gæti til greina við það val.

Þrír af alþekktustu lögfræðingum okkar, Hannes Hafstein, Sveinn Björnsson og Sigurður Eggerz, hafa verið útilokaðir frá því að geta verið dómarar í hæstarétti, því að þeir höfðu ekki nema 2. einkunn. En þessi 1. eink. segir ekki svo ákaflega mikið. Það geta verið menn, sem eru móttækilegir fyrir skoðanir annara, en síðan er eftir að vita, hvernig þeir reynast í lífinu; þeir, sem höfðu lægri einkunnina, reynast oft sízt lakari, jafnvel öllu betri.

Ónotaþyrnir var það í auga hv. þm., að stungið var upp á, að dómari í fimmtardómi skyldi hafa nokkra þekkingu í siglingafræði. Hann vísaði þessu bara frá eins og hverri annari fjarstæðu, en hrakti jafnskjótt skoðun sjálfs sín með því að benda á mál, sem nú liggur fyrir hæstarétti og verður honum talsvert erfitt, af því að sérþekkingu vantar. Mér þykir alveg einsætt — eins og rök eru leidd að í grg. frv. (7. atriði) —, að þar sem mjög mikill hluti af málum hæstaréttar og oft stærstu málin hafa snert sjómennsku, en þessi mál hafa oft víðtækar afleiðingar, þá sé það barnaskapur að hafa á móti því, að dómarar eigi að hafa eitthvert vit á þessum hlutum. Það sýnist aðeins koma svo flatt upp á hv. þm., af því að hann hefir ekki vit á þeim hlutum sjálfur. Hann heldur, að veröldin spillist öll, ef örlítið gran af þekkingu kæmist þarna inn.

Í frv. er lítið tekið fram um þessar kröfur um kunnáttu í siglingafræði. En ég álít, að gera ætti töluvert strangar fræðilegar kröfur í framtíðinni. Hinsvegar er ekkert, sem gat gefið hv. þm. tilefni til að halda, að þeir hefðu átt að vera skipstjórar eins og Ögmundur Pálsson. Þessi tregða gegn þekkingunni verður hv. 4. landsk. þm. til minnkunar. Það væri helzt, að hann kynni að hafa sóma af því í þjóðfélagi, þar sem fáfræðin væri sérstaklega verðlaunuð í ábyrgðarmiklum stöðum.

Þá hélt hv. þm., að hann hefði ekki skilið ákvæðið, að dómarar ættu ekki að vera yngri en þrítugir og ekki eldri en sextugir. Hann hefir skilið það rétt, að ekki er hægt að skipa í embættið mann, sem er 61 árs eða 63—64 ára og hann geti svo farið frá um 65 ára aldur með fullum launum. Ef orðalag þarf gleggra, má laga það í nefnd.

Þá kom hv. þm. að sjálfsköpun réttarins. Því að það er það, sem fyrir honum vakir, að rétturinn eigi í öllum aðalatriðum að vera sjálfskipaður; hann eigi ekki að vera í neinu sambandi við framkvæmdarvaldið. Hv. þm. veit, að þessi skilgreining á skiptingu valdsins, frá 18. öldinni, hefir ekki haldizt betur en það, að framkvæmdarvaldið veitir nú öll þessi embætti, nema þar sem dómarar eru kosnir, eins og í Sviss. Það, sem fyrir hv. þm. vakir, er, að framkvæmdarvaldið hafi engin teljandi áhrif á dómsskipunina. Nú eru liðin 12 ár síðan hæstiréttur var skipaður, og mér er ekki kunnugt um annað en að allir þeir menn, sem þar hafa átt sæti, hafi komið inn óprófaðir og allt gengið ágætlega fyrir því. Það, sem gerðist 1918, var aðeins það, að Jón Magnússon veitti öll embættin, og þar var ekkert próf og engar vífilengjur. Eh hv. 4. landsk. þm. vill gera þessa veitingu Jóns Magnússonar eilífa, svo framarlega sem íslenzka ríkið verður eilíft. Það á að ganga eins og hjá kaþólskum mönnum, sem álíta, að blessun Péturs postula fylgi öllum hans eftirmönnum og breiðist frá þeim koll af kolli til allra vígðra þjóna kaþólskrar kirkju. Þessi blessun Jóns Magnússonar á þá að ná til allra dómara í hæstarétti og fimmtardómi um ókomnar aldir. Ég vildi, að hv. þm. útskýrði, hvaða guðdómlegt augnablik það var, þegar Jón Magnússon mátti festa í einu alla dómara réttarins, en að því vísdómsvali loknu mátti slá því föstu, að enginn annar ráðh. gæti gert neitt vit í vali dómara.

Ég vildi annars þakka blaði, sem ég vil ekki nefna, nokkur orð, sem það lét falla út af þessu máli nýlega, — og þó gera þau mig nálega feiminn. — Eftir þeim lítur út fyrir, að öll stjórnin muni sitja a. m. k. mannsaldur. Það er ekki einungis, að stjórnarskipti megi ekki verða. Það er ekki nóg, að sami flokkur haldist við völd; hann má ekki einu sinni skipta um mann í mínu starfi. Nokkuð svipað var að heyra á hv. 4. landsk. þm.

Það mundi helzt verða ég, sem um nokkuð langa framtíð veitti þessi embætti. Ég held, að þetta sé allt of mikið hól. Þó að ekki líti vel út fyrir flokki hv. þm nú sem stendur, býst ég við, að það muni lagast, áður en langt um líður, svo að ég skal hughreysta hann með því, að það er ákaflega líklegt, að íhaldsmenn komi kannske aðallega til að veita embættin. Og þeir hljóta að treysta sjálfum sér til þess.

Annars hafa máske hv. þdm. tekið eftir því, að hv. þm. var svo varasamur að segja ekki meira en að **flestar** þjóðir létu réttina skapa sjálfa sig. Undantekningarnar eru þó nokkuð margar. Fyrst þær þjóðir, sem kjósa dómara, eins og Svisslendingar, sem að vísu eru nokkuð fjarlægir okkur og óskyldir, en standa þó áreiðanlega á sízt lægra menningarstigi. En sú þjóðin, sem næst er, Norðmenn, hafa gert það hryllilega glapræði að velja í dómarasæti menn með hinar ólíkustu lífsskoðanir, og þeir hafa opinbera atkvæðagreiðslu. Það þykir þar svo sjálfsagt, að enginn maður er svo íhaldssamur, að honum detti í hug að breyta þessu. Svo mikil hætta þykir þar á, að þetta atriði, sjálfsköpun æðsta dómstólsins, geti orðið misbrúkað, er til lengdar líður, af fámennum hópi. En segjum nú t. d., að skipta þyrfti um alla dómara í einu, og hv. 4. landsk. þm. vildi ganga undir próf, og það álít ég sjálfsagt fyrir hann, — þá yrði að fá menn, sem ekki hefðu fengið þessa postullegu blessun, til að dæma um prófraunina og vígja hina nýju dómendur. Og raunar þyrfti alltaf, til þess að rétturinn væri ályktunarfær, að sækja þriðja manninn til að vera við prófið. Þannig yrði rétturinn ekki einfær um að endurskapa sig til lengdar. Hinsvegar getur mjög auðveldlega komið fram stjórnskipuleg deila, sem erfitt yrði að leysa. Ef rétturinn tæki sig til og felldi t. d. 5 menn í röð, sem stjórnin vildi setja í laust embætti þar, þá er rétturinn ekki einfær um að skapa dómara. Þá mundi enginn fást dómarinn. Það verður þá, þegar allt kemur til alls, framkvæmdarvaldið, sem hefir ráðin, því að það hefir undirskriftarvaldið. Það er aðeins hægt að tefja með þessu prófi. Og hvað er landsstjórnin á hverjum tíma? — Ekki annað en niðurstaðan af vilja þjóðarinnar við næstu kosningar á undan. Ef stjórnin stígur einhver óheppileg spor, líða ekki nema 2—3 ár, unz þau eru máð út. Aftur getur einn réttur haldið áfram að endurskapa sjálfan sig, þangað til hann er eins og leifar aftan úr fjarlægri fornöld. Tökum dæmið frá Þýzkalandi eftir ófriðinn. Dómarnir um eignir furstanna hefðu varla farið eins og þeir fóru, ef dómararnir hefðu ekki yfirleitt verið frá keisaratímabilinu. En það má kannske ekki móðga þýzku stórþjóðina með því að fjölyrða um þetta. Dæmið sýnir aðeins, að þótt dómararnir hafi fyrst og fremst lögin til að dæma eftir, hafa þeir líka lífsskoðanir, sem þeir hljóta að fara eftir. Yngri þýzkir dómarar líta nú allt öðruvísi á eignarrétt þessa tiginborna fólks. Ég ímynda mér, að hv. þm. viti, að úr þessu varð mikill pálitískur árekstur og vandamál, af því að þjóðlífið var í óeðlilega gömlum skorðum í dómsmálum, og að nú er varla nokkur maður, sem trúir eins og gömlu dómararnir, að Vilhjálmur annar hafi gert allt í nafni guðs almáttugs.

Í umr. um málið hefir verið bent á, hvernig Norðmenn haga þessum málum. Ummæli hv. 4. landsk. þm. um það ná ekki neinni átt, nema sannað sé, að Norðmenn séu heimskari en aðrar þjóðir.

Þá var hv. þm. mjög hneykslaður á því, að ég tók fram, að allir flokkar ættu að hafa fulltrúa í dóminum. Þetta hlyti að leiða af því, að stjórnir úr ýmsum flokkum sitja til skiptis og koma inn mönnum með ný sjónarmið. Og það þyrfti ekki að vera ofsókn né hlutdrægni, þótt hv. 4. landsk. þm. yrði veitt eitthvert embætti af stjórn úr flokki hans. Það væri aðeins eðlileg afleiðing, að ósjálfrátt hljóta að koma inn menn af ólíkustu flokkum og með ólíkustu lífsskoðanir. Hitt er meinloka, að nokkur einn flokkur geti haft sérstakt gagn af þessu. Það er tryggt með þessu, að fjölbreyttari hugsunarháttur verði í réttinum en með því, að dómurinn endurskapi sjálfan sig öld eftir öld. Annars féllu þau orð hjá hv. 4. landsk. þm., að hæstiréttur væri á móti núverandi stjórn. (PM: Hvaða orð voru það?). Fyrst hv. þm. tekur það aftur, skal ég ekki fara út

í það. En e. t. v. álítur hann, að hagsmunum stjórnarflokksins sé ekki sem bezt borgið í réttinum eins og hann er nú.

Hv. þm. minntist á, að í frv. í þeirri mynd, sem það var í í fyrra, var ákveðið, að dómarar í hæstarétti gætu farið í fimmtardóm eins og embættismönnum, sem sátu í æðstu stöðum Reykjavíkur, var gefinn kostur á, þegar breytt var skipun á embættum þeirra, og annar þeirra tók við því embætti, sem raunverulega var smíðað upp úr fyrra embætti hans. Ýmsar ráðstafanir miðuðust í fyrra við það, að þeir færu í réttinn; það var tekið fram, að ákvæðin um lögaldur næðu ekki til þeirra o. fl.

Um opinberu atkvæðagreiðsluna var hv. þm. mér alveg samdóma. Annars kom nokkur óróakippur á hv. þm., þegar hann var búinn með röksemdir sínar og fór að tala frá eigin brjósti. Ég ætla ekki að rekja stóryrði hans. En hann sagði, að ég hefði talað ógætilega um hæstarétt. Það er hreinasti misskilningur, að ekki megi tala um réttinn eins og aðrar þjóðfélagsstofnanir. Hv. þm. ætti að vita, að í stóru löndunum eru gefin út heil tímarit, sem er eingöngu „kritik" á dómum. En hér hefir það verið talin goðgá að halda því fram, að dómar hæstaréttar gætu verið gallaðir. Ég vil benda á, að einn háttsettur málfærslumaður hefir samt sagt, að ekkert réttlæti væri til í landinu, úr því hæstiréttur dæmdi eins og hann gerði í tilteknu máli. Og til þess að gera hv. þdm. ljóst, hver ágætismaður þetta er, ætla ég að geta þess, að hann er mjög stór hlutaeigandi í Mbl. Og flokksbræður hans hafa aldrei skelfzt yfir því, þó að svo kröftug orð hafi birzt á prenti eftir þennan mann.

Mér þótti hv. þm. seilast nokkuð langt um hurð til lokunnar, þegar hann tók upp hanzkann ekki aðeins fyrir núlifandi flokksbræður sína hér á landi og í Danmörku, heldur fyrir Estrupsstjórnina líka. Það er þó fullmikil ræktarsemi. Hann tekur þetta allt of hátíðlega. Sá ráðni og reyndi maður Zahle, sem nú er dómsmálaráðherra Dana, hefir nýlega „kritiserað" Bergs-dóminn frá tímum þeirrar gömlu íhaldsstjórnar, í tilefni af því, að farið var fram á, að atkvæðagreiðsla og rökstuðningur skyldu vera opinber í hæstarétti Dana. Í Danmörku er enginn, sem ver það mál lengur. En hv. 4. landsk. þm. vill nú verja það fyrir einhverja dána Dani, þetta sem Zahle leyfði sér með ákaflega sterkum rökum að fordæma. Ég ætla ekkert að fara út í deilurnar í Danmörku. Núverandi yfirmaður dansks réttarfars hefir látið uppi sinn dóm fyrir fáum mánuðum, og ég býst við, að ég lofi Zahle að vera einum um að gefa vottorðið um þetta afskaplega fullkomna réttlæti. Þegar hv. þm. segir, að Berg hafi lifað frjáls nokkur ár, eftir að hann missti heilsuna, þá er það líkt og með Hannes Hafstein, sem lifði nokkur ár, eftir að allir kraftar voru þrotnir.

Hv. þm. „fornermaðist" út af ummælum í grg. frv. um Pál Halldórsson. Hann lagði í þau þá merkingu, að Páll ætti að hafa svarið meinsæri, er hann tók að sér að verja mál togarans. Þá ætti hv. 4. landsk. þm. að hafa svarið eins mörg meinsæri og hann hefir flutt mörg mál. (PM: Þetta er nú illa „ræsonnerað"). Það er mjög leiðinlegt fyrir þennan mæta mann, stýrimannaskólastjórann, sem verið hafði ráðunautur hæstaréttar í slíkum málum sem þessu, að hann fór strax að blanda sér í það fyrir undirrétti. Skipið var ekki fyrr komið að landi en hann tók að bera fram málsvörn fyrir það. Ég segi ekki, að það hafi verið lagaskylda Páls Halldórssonar að bíða eftir óhlutdrægum upplýsingum áður en hann tæki afstöðu sína til þessa landhelgismáls, en það var siðferðisskylda, þar sem hæstiréttur hafði að jafnaði litið á upplýsingar hans sem óhlutdrægar í slíkum málum. Þá mátti hann ekki byrja á því að gefa Belgaum ráð fyrir undirrétti. — Ég bjóst alls ekki við því, að Páll Halldórsson hefði reynt að vera leiðbeinandi hæstaréttar í þessu máli, því að það gerði aðstöðu hans svo mikið tortryggilegri, eftir það sem á undan var komið.

Þetta allt sýnir enn betur, að rétturinn má ekki fara út í bæ til að leysa úr þeim málunum, sem eru algengust og þýðingarmest.

Það getur verið, að ég geri ráðstafanir til þess, að Páll Halldórsson eigi auðvelt

með að ganga að þessum orðum, að ég skrifi grein í opinbert blað, þar sem þessi orð standi, svo að hann geti farið í mál án þess að blanda Alþingi inn í það. En Páll Halldórsson má búast við að verða að standa fyrir sínu máli líka. Og raunar sé ég ekki, hvaða meiðyrði það eru, að segja, að hann hafi tekið að sér að verja mál íslenzks togara. Sé það saknæmt verk, liggur það ekki í orðunum, heldur í eðli verksins sjálfs.

Flm. (Ingvar Pálmason): Hv. 4. landsk. þm. hélt langa ræðu og sýndi málafærslumannshæfileika sína, sem flestum dm. munu hafa áður kunnir verið, ef ekki af eigin reynslu, þá af afspurn. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að um leið og ég skýrði frá, að frv. væri flutt eftir beiðni hæstv. dómsmrh., þá vildi ég með því skjóta mér undan allri ábyrgð á grg. fyrir frv. En ég var alls ekki að taka þetta fram af þeim hvötum, heldur til þess að segja sannleikann og ekkert annað. Ef hv. þm. finnur einhverja ábyrgð á mér hvíla, þá er ég fús að taka við henni. Þetta sýndi, að hann hélt meir fram vörnum málafærslumanns en að hann tæki málið óhlutdrægt. Ég býst við, ef málið fer frá þessari umr., þá sé aðstaðan svo í þinginu, að við eigum kost á að ræða það á öðrum stað, þ. e. í allshn., svo að smáatriði, sem okkur kann að greina á um, megi bíða. En ég taldi ekki rétt að taka þegjandi við ásökunum um, að ég hefði viljað koma mér undan ábyrgð.

Pétur Magnússon: Það er misskilningur hjá hv. flm., að ég hafi dróttað því að honum, að hann vildi skjóta sér undan lagaábyrgð með því að geta þess, að Jónas Jónsson dómsmrh. hefði samið grg. frv. Ég benti aðeins á, að hann gæti ekki komizt undan siðferðilegri ábyrgð á því að leggja slíkt plagg fyrir Alþingi, þó annar hefði samið það.

Það var ekki sérlega margt í ræðu hæstv. dómsmrh., sem ég þarf að svara við þessa umr. Nokkur atriði þó. Hann byrjaði ræðu sína með því að segja, að ég hefði gert sér greiða með því að sýna, hve mörgu væri ábótavant og hve lítið hefði verið gert til umbóta. Ég væri á sömu braut og hann. En ég hefi ekki séð neitt af umbótunum koma frá honum, engar bætur á göllunum, sem ég tel alvarlegasta á réttarfarinu.

Ég vissi vel um þær breytingar á hæstaréttarlögunum, sem fram komust í stjórnartíð Jóns Magnússonar og bornar voru fram af honum og samþ. með tilstyrk núv. hæstv. dómsmrh. og hans flokks. En í höfuðatriðum taldi ég þær til spillis, einkum fækkun dómaranna. Það hlýt ég að segja, þó að Jón heitinn Magnússon stæði í flokki með ýmsum sömu mönnum og ég nú. Ég fer eftir því, hvert málið er, en ekki eftir því, hver hefir flutt það.

Það er ástæðulaust á þessu stigi að þrátta um nafn réttarins. Hæstv. ráðh. sagði, að Norðmenn hefðu tekið upp aftur mörg forn nöfn. Það er rétt um heiti nokkurra borga, þó að nokkuð hafi skipt í tvö horn um ánægjuna. En þeir hafa tekið upp réttnefni, sömu nöfn og tíðkuðust í fornöld á sama bænum. Hér er að vísu reynt að taka upp fornt nafn, en gallinn er, að það átti við allt annarskonar stofnun en hér er um að ræða.

Hæstv. dómsmrh. þekkir það vel sem góður sögumaður, að hæstiréttur hefir allt aðra aðstöðu en fimmtardómur í fornöld, því að hann var þá hliðstæður dómstóll við fjórðungsdómana. Frá þeim var ekki hægt að áfrýja nokkru máli til fimmtardóms, ef þau höfðu orðið dæmd í þeim.

Nafnbreyting þess flokks, sem hæstv. dómsmrh. er tamt að tala um, kemur ekki mjög við málið. En þess má þó geta, að þegar hann fékk nafnið Sjálfstæðisflokkur, við það að tveir flokkar runnu saman, þá vakti það fyrir mönnum að skilgreina flokkinn rétt, láta flokkinn bera réttnefni, en ekki rangnefni.

Ég sé ekki ástæðu til fyrir okkur að þrátta mjög mikið um dómarafjölgunina. Við erum þar á nokkuð líkum vegi, þó að ég sé dálítið hikandi við leið hæstv. dómsmrh. Kostnaðurinn er svo hverfandi, að ef menn álíta á annað borð, að nokkurt aukið réttaröryggi verði að fjölgun dómara, þá tel ég sjálfsagt, að það verði fastir dómarar. Hæstv. dómsmrh. hafði það á móti því, að erfitt

mundi reynast að fá 5 hæfa menn í dóminn og í 3 prófessorsembætti. Þetta er á litlum rökum byggt, því að síðari árin hefir útskrifazt næsta margt af hæfileikamönnum í þessari grein, svo að enginn vandi væri að skipa allar þessar stöður vel. Í þessu sambandi benti hæstv. dómsmrh. á nauðsyn þess, að dómarar þekktu vel atvinnulífið. En það eru sannarlega nógu víðtæk ákvæði um skilyrðin fyrir því að verða hæstaréttardómari, til þess að tryggja, að unnt sé að fá menn sem þekki vel til atvinnulífsins. Þarf ekki annað en að benda á málflutningsmannastéttina. Málflm. ættu að þekkja atvinnulífið betur en flestir aðrir. Og það hlýtur alltaf að vera nokkuð mikið af þeim, sem eru „kvalificeraðir" hæstaréttardómarar.

Ég lagði ekki mikið upp úr ákvæðinu um 1. einkunn. Það er í mínum augum aukaatriði. Það eru mjög litlar líkur til þess, að ekki verði alltaf til nóg af hæfum mönnum með 1. einkunn. Þessir þrír 2. einkunnar menn, sem hæstv. dómsmrh. tók til dæmis, eru, tveir a. m. k., kunnari fyrir annað en sérstaka lögfræðiþekkingu; þeir eru góðkunnir allir sem stjórnmálamenn og atkvæðamenn í ýmsu öðru. En ákvæðin um að dómarar og málflutningsmenn við hæstarétt verði að hafa fyrstu einkunn hafa reynzt uppörvun fyrir menn til að reyna að ná þessari einkunn, og hafa í öllu falli á þann hátt gert nokkurt gagn.

Ég verð að trúa því, að hæstv. dómsmrh. sé full alvara með siglingafræðiprófið. Hann fór að vitna til þess, að í því margumtalaða Belgaumsmáli mundu dómararnir sjálfir hafa getað sett mælingar varðskipsforingjans út í sjókort, er þeir hefðu gengið á „námsskeið". Það er vitanlega ekkert annað en fjarstæða. Það er sem sé mjög vandasamt verk að setja mælingar út í sjókort, og ekki nema fyrir þaulæfða menn að gera það með fullkominni nákvæmni. Eftir sem áður mundu verða til þess fengnir færustu menn, sem völ er á.

Hæstv. dómsmrh. talaði um sjálfsköpun réttarins og hélt því fram, að ég vildi, að rétturinn væri ekki í neinu sambandi við framkvæmdarvaldið. Þetta er ekki rétt. Ég hefi ekki bent á þá leið, að hæstaréttardómarar einir réðu veitingu dómaraembættanna. Ég sagði, að heppilegasta lausnin væri það samstarf milli framkvæmdarvaldsins og dómstólsins, sem á að vera eftir núgildandi lögum. Annars er það nokkuð erfitt að ræða við hæstv. dómsmrh., af því að hann hugsar ekki eins og aðrir menn. Hann gerir ráð fyrir sem sjálfsögðu, að dómararnir myndu beita hlutdrægni við prófraunina. (Dómsmrh.: Nei, nei, sem möguleika). Hæstaréttardómarar ættu þó að hafa meiri æfingu en flestir aðrir í þá átt að líta hlutlaust á mál, og sé þeim ekki trúandi til að skera samvizkusamlega úr um það, hvort dómaraefni hafi leyst verkefni sitt á viðunandi hátt, þá er réttaröryggi landsins vissulega illa komið. Og það þarf sem sagt alveg sérstakan og, sem betur fer óvenjulegan hugsanagang til þess að bera mikinn kvíðboga út af þessu. Það er miklu meiri hætta, að pólitískur ráðherra, sem getur verið meira og minna réttlátur og meira og minna „fanatiskur", sé einráður um val dómara. Ég vænti þess, að flestir aðrir en hæstv. dómsmrh. sjái, að hættan er miklu meiri, ef framkvæmdarvaldið fær öll ráðin, alveg án tillits til þess, hvort dómsmrh. heitir Jónas Jónsson eða eitthvað annað.

Hæstv. ráðh. sagði, að allir núv. dómarar hefðu verið skipaðir í réttinn óprófaðir. Af hverju? Af því að þeir voru fyrstu dómararnir. Ekki gátu þeir farið að prófa hver annan. Hæstv. dómsmrh. taldi, að það vekti fyrir mér að gera þessa veitingu Jóns Magnússonar eilífa og fór eitthvað út í kirkjusögu máli sínu til skýringar. Ég hefi þegar svarað þessu að efni til og einnig þeirri aðdróttun um hlutdrægni dómaranna, sem felst bak við þessi ummæli.

Það er öðru nær en að ég geri ráð fyrir, að hæstv. núv. dómsmrh. sitji mjög lengi að völdum. En líkur benda til þess, að hann geti búizt við, í vetur og e. t. v. næstu árin, að geta veitt þau embætti, sem losna. Og þá telur hann þetta geta fallið saman við sína hagsmuni. Hitt er ekki annað en rangsnúningur hjá hæstv. ráðh., að ég hafi á nokkurn hátt gefið í skyn, að hagsmunum eins eða annars stjórnmálaflokks væri illa borgið með núv. skipulagi réttarins.

Þá minntist hæstv. dómsmrh. í þessu sambandi nokkuð á Noreg og sagði, að þar væri enginn maður, sem vildi breyta (**Dómsmrh.**: Ekki aftur á bak). Hann sagði einnig, að meðan ekki yrði bent á, að Norðmenn væru heimskari en aðrar þjóðir, væri ekki hægt að halda því fram, að regla þeirra væri röng. Þetta er nú vitanlega ákaflega hæpin röksemdaleiðsla. Jafnvel þó gengið væri út frá, að Norðmenn væru vitrastir allra þjóða, væri engin sönnun fyrir, að fyrirkomulag þeirra í þessu efni væri hið fullkomnasta, er þekktist. Annars skal því ekki neitað, að hjá þjóð, sem náð hefir allmiklum stjórnmálaþroska, er ekki svo mikil hætta á, að slíkum ákvæðum verði misbeitt, þó að þau séu í lögum. Hann minntist einnig á þýzka dómara og sagði, að furstarnir hefðu haldið eignum sínum af því, að dómararnir voru flestir frá keisaratímunum. Þessi aths. hefir komið frá hv. 2. landsk., að þurft hefði að breyta þýzkum dómstólum, af því að þeir dæmdu eftir gömlum — og gildandi — lögum. Fram að þessu hefir það þótt nauðsynlegt, að dómarar færu eftir lögunum einum, og samkv. stjskr. vorri ber þeim skylda til að gera það. En nú koma þessir góðu menn og segja, að dæma eigi eftir almenningsálitinu! Mundi það ekki geta orðið dálítið stopull mælikvarði?

Hæstv. dómsmrh. sagði, að það væri almennur misskilningur hér, að ekki mætti minnast á hæstarétt né dóma hans, en erlendis væru gefin út heil tímarit, sem aðeins „kritiseruðu" dóma og réttarfar. Mér hefir aldrei komið í hug, að ekki mætti með rökum „kritisera" hæstaréttardóma. En við getum ekki gengið inn á, að leyfilegt sé að bera fram órökstudda dóma, sem miða aðeins að því að vekja tortryggni gegn réttinum. Um það er deilan, en ekki hitt, hvort gagnrýna megi gerðir hans. — Það er hálf broslegt að heyra hæstv. ráðh. hvað eftir annað reyna að nota til ófrægingar réttinum staðhæfingu, sem málaflm. undir rekstri máls hafði borið fram um sakleysi skjólstæðings síns, sem rétturinn svo dæmdi sekan. Annað veifið virðist mér hæstv. ráðh. ekki liggja svo vel orð til málflm., að maður geti búizt við, að hann vildi taka sem „opinberun" hvert orð, sem framgengur af þeirra munni. Ég skal heldur ekki fjölyrða um árásirnar á hæstarétt Dana. Hæstv. dómsmrh. vitnaði til dómsmrh. danska. Ég hefi ekki getað séð orð Zahle ráðherra, en ekki hefi ég trú á, að þau séu á þá leið, sem hæstv. dómsmrh. bar þau fram til stuðnings sínu máli. Allt, sem hann sagði um málið, var að meira eða minna leyti rangsnúið, svo að mér þykir ekki heldur ósennilegt, að þessi orð Zahle séu líka rangfærð.

Þá kem ég að síðasta atriðinu í ræðu hæstv. dómsmrh., um Pál Halldórsson skólastjóra. Hæstv. dómsmrh. kom fyrst með þau einkennilegu rök, að ef orð hans í garð Páls Halldórssonar væru skilin á þá leið, að hann hefði borið ljúgvitni fyrir réttinum, þá mætti segja með sömu rökum, að málaflutningsmenn bæru ljúgvitni fyrir rétti, ef þeir flyttu mál, er töpuðust. Hæstv. dómsmrh. hlýtur nú að vita það, að málaflutningsmenn eru ekki leiddir sem vitni í málum, heldur halda þeir uppi sókn eða vörn í þeim. Aftur á móti var Páll Halldórsson leiddur sem vitni. Ég sé ekki, að hægt sé að skilja orð hæstvirts dómsmálaráðherra í greinargerðinni öðruvísi en að Páll Halldórsson hafi vísvitandi gefið rangar upplýsingar fyrir réttinum.

Það gleður mig, að hæstv. dómsmrh. skuli ætla að láta hefja rannsókn gegn Páli Halldórssyni. Bendir það til þess, að hæstv. ráðh. hafi einhverja trú á sínum málstað, og er það þó afsakanlegra heldur en að hann bæri fram ásakanirnar án þess að hafa hinn minnsta trúnað á málstað sínum.

Þá sagði hæstv. dómsmrh., að það hefði átt að vera skylda skólastjórans að bíða með að láta í ljós álit sitt á Belgaums-málinu, en hann hefði farið að skipta sér af því áður en það var komið fyrir hæstarétt. Ég veit nú ekki betur en að málinu væri áfrýjað strax eftir að dómur var upp kveðinn í undirréttinum, og getur skólastjórinn því ekki hafa haft afskipti af málinu fyrr en fyrir hæstarétti. Það er reglan, að málaflutningsmennirnir snúi sér til sérfróðra manna, til að fá upplýsingar um mál það, er þeir flytja, því að þeir hafa upplýsingarskyldu fyrir réttinum. Í þessu máli sneri verjandi sér til Páls Halldórssonar, og hann setti svo þær

mælingar á sjókortið, sem hann var beðinn um.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en mun tala um það nánar í einstökum atriðum við 2. umr.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég skal aðeins segja örfá orð, því ég er á sömu skoðun og hv. 4. landsk. um það, að sem stendur sé ekki ástæða til að bæta miklu við frá hvorri hlið.

Að því leyti, sem ég minntist á það, að Jón heitinn Magnússon hefði viljað breyta hæstaréttarl. árið 1924, þá gerði ég það vegna þess, að mér fundust það nokkrar upplýsingar um málið, að sá maður, sem fyrst og fremst skapaði réttinn árið 1919, skyldi vilja breyta honum eftir fáein ár.

Hv. 4. landsk. vildi ekki fallast á þá viðleitni, sem lýsir sér í frv., að fá íslenzk söguleg nöfn í stað danskra skrípanafna. Kom hv. þm. með þau rök, að fimmtardómurinn forni hefði verið allt annars eðlis en hæstiréttur er nú. En þessi rök ættu þá sérstaklega við Alþingi, því að meiri munur er á Alþingi til forna og nú heldur en á fimmtardóminum og hæstarétti. Samkv. þessu hefði Jóni Sigurðssyni og öðrum getað dottið í hug að kalla Alþingi lögþing, eða eitthvað slíkt. En þeir voru þjóðræknari menn en svo, að þeir létu sér detta það í hug. Og sá var munurinn hér og í Noregi, að Danir reyndu á engan hátt að spilla fyrir þessari þjóðernisviðleitni vorri, eins og þeir hafa gert í Noregi, þegar um nafnabreytingu er þar að ræða, þar sem dönskum nöfnum er byggt út.

En munur hins forna Alþingis og þingsins nú á dögum er geysimikill. Hafa flestir hv. þm. átt kost á að sjá þann mikla mun með eigin augum, því að á Þingvöllum í sumar var hvorttveggja gert: Haldnir almennir þingfundir og leikið atriði frá Alþingi hinu forna. Kom þá hinn mikli munur mjög greinilega í ljós.

Hvað viðvíkur tölu dómaranna, þá álít ég, að sá kostur, sem tekinn er í frv., sé mjög heppilegur. Því að til hæstaréttar ganga mjög mörg mál, sem eru svo lítil, að þau þarfnast alls ekki fimm dómara. Skal ég aðeins minna á mál eins og t. d. einföld áfengismál, bifreiðamál o. fl. slík mál. Væri ef til vill æskilegt, að til væri einskonar milliréttur til að dæma í slíkum málum. Í stórum dómstólum erlendra þjóða skipta dómendur sér jafnan í deildir, ef ekki er um stórmál að ræða, og kemur það sjaldan fyrir, að full tala dómenda dæmi.

Um sjófræðiþekkinguna vil ég endurtaka það, að ég álít, að engin vandræði séu hinum yngri mönnum að afla sér slíkrar þekkingar. Það er litið svo á, að hægt sér fyrir menn, sem enga undirstöðuþekkingu hafa, að ljúka skipstjóranámi á einum vetri. Það leiðir því af sjálfu sér, að menntamönnum, sem lært hafa mikið í stærðfræði og stjörnufræði, muni ekki veitast það sérstaklega erfitt að ljúka slíku námi, svo að þeir gætu dæmt í sjómálum og byggt á þekkingu. Og úr því að meiri hluti þeirra mála, sem koma fyrir hæstarétt, eru sjómál, þá verð ég að álíta, að slík þekking sé ekki ónauðsynlegri en þekking á löggjöf Rómverja.

Hv. 4. landsk. sagði, að það gæti ekki verið nein hætta að láta dómendurna ákveða sjálfa, hverjir teknir skuli í dóminn. Því hættu þá Norðmenn við það fyrirkomulag? Þeir hafa þó meiri þekkingu og reynslu í þessum málum en við.

Ég hefi þegar látið í ljós skoðun mína á Belgaums-málinu og skal ekki fjölyrða meir um það nú. Út af því geta sprottið eitt eða tvö mál. En ég verð að segja það, að ég álít það því verra fyrir hæstarétt að ætla að komast af án þekkingar á sjómálum ef hann verður að fara út í bæ og leita sér þar aðstoðar hjá misjafnlega heppilegum mönnum um vandamestu atriðin. En allra verst er þó það ástand, sem hv. 4. landsk. er svo ánægður með, að dómararnir hafi enga þekkingu á málunum, en verði eingöngu að byggja á málaflutningsmönnunum og þeirra kevptu aðstoðarmönnum.

Jón Þorláksson: Ég tek til máls aðallega vegna þeirra ummæla hv. 4. landsk., að nú væru burtu numin úr frv. þau ákvæði, sem verið höfðu í því í fyrra og brytu í bága við stjórnarskrána. Þetta verð ég að álíta vafasamt. Ég vil leiða athygli hv. dm. að því, að ef ákvæði 4. liðs 8. gr. frv. á að skilja svo, sem næst ligg-

ur, að ekki megi eldri dómarar en sextugir eiga sæti í réttinum, þá er alls ekki hægt að samræma það stjskr. eins og hún er nú. Sérstaklega er ákvæði þetta í fullu ósamræmi við stjskr., þar sem ákvæði vantar í löggjöfina um það, hvað verða skuli um þá dómara, sem verða að víkja úr dóminum vegna þess að þeir eru orðnir sextugir. Stjskr. tryggir sjálfstæði dómaranna, þar sem þar er ákveðið í 57. gr., að eigi sé hægt að víkja þeim úr embætti án saka, og að þeir skuli ekki bíða neitt fjárhagslegt tjón, er þeir víkja úr dóminum.

Ef á því að skilja þetta ákvæði frv. þannig, að dómarar megi ekki eiga sæti í dóminum eldri en sextugir, þá vil ég benda á það, að engin ákvæði eru til í löggjöfinni, sem tryggi það, að dómendur verði þá eins sjálfstæðir gagnvart umboðsvaldinu og þeir eru nú, engin ákvæði, sem tryggi það, að fjárhagur dómaranna verði eigi skertur.

Ég vildi aðeins taka þetta fram út af ummælum hv. 4. landsk. Hinsvegar skal ég taka það fram, að ef samkomulag fengist um að breyta 4. lið 8. gr. í það horf, að dómurum séu eigi veitt þessi embætti eldri en sextugum, þá hefði ég ekkert við það að athuga.

Nokkur deila hefir orðið hér um það, hvort skylda eigi dómara í hæstarétti til þess að ganga á námsskeið í siglingafræði. Hæstv. dómsmrh. hélt því fram, að það ætti ekki að vera neinum erfiðleikum bundið fyrir menn að taka próf í siglingafræði. Væri það ekki nema eins árs nám og óendanlega auðvelt nám fyrir menntamenn, sem numið hefðu öll undirstöðuatriði þessarar greinar.

Ég hefi ekki numið siglingafræði, en ég hefi numið undirstöðuatriði hennar, t. d. þríhyrningafræði og ýmsar aðrar greinar stærðfræðinnar. Og ég get sagt það, að jafnvel þó að einhver gæti lokið námi í siglingafræði á einum vetri, þá yrði honum sá lærdómur gagnslaus með öllu, nema hann fengi daglega tækifæri til þess að beita þekkingu sinni á þessu sviði. Ég veit það með vissu, að það er óhugsandi fyrir mann í öðru starfi en því, er að siglingum lýtur, að halda við og geyma þekkingu sína á siglingafræði, svo að hún geti komið honum að nokkru haldi. Mér dettur ekki í hug, að samvizkusamur dómari, sem tekið hefði próf í siglingafræði á þennan hátt, myndi leyfa sér að setja sjálfur mælingar á kort, sem svo ættu að skera úr um dómsúrslitin. Þau sönnunargögn, sem dómararnir verða að byggja á, fá þeir yfirleitt utan að frá. Og sú venja mundi sennilega vera áfram, þótt lögleitt yrði námskeið í siglingafræði. Slíkt ákvæði yrði aldrei annað en dauður bókstafur.

Þá vil ég aðeins minnast á fimmtardómsnafnið, enda þótt flest það, sem um það er hægt að segja, með eða móti, hafi komið fram á síðasta þingi. Hæstv. dómsmrh. bar fram þá gamalkunnu röksemd, að hann vildi með þessari nafnbreyt. tengja saman nútíð og fortíð. Benti hann í því sambandi á nafn Alþingis. En eins og hv. 4. landsk. er búinn að sýna fram á, hafði Alþingi hið forna sömu aðstöðu í þjóðlífinu og Alþingi nútímans, nema að því leyti, sem þjóðlífið var öðruvísi þá en nú. Það var því eðlilegt að tengja þar saman fortíð og nútíð. En þetta á ekki við um fimmtardóminn, eins og hv. 4. landsk. sýndi fram á. Þó má ef til vill finna eitt atriði, er gæti verið hliðstætt í þessum tveimur dómstólum. Fimmtardómurinn forni átti fyrst og fremst að dæma þau mál, sem ekki urðu útkljáð í fjórðungsdómum, en svo var bætt við flokk mála, um þingsafglöp og mútur, sem eingöngu var vísað til fimmtardóms. Nú teldi ég það vel viðeigandi, að upp úr þessu frv. risi dómstóll, hliðstæður hinum forna, sem hefði það hlutverk að dæma um þingsafglöp, því að flutningur samnefnds frv. í fyrra eru hin mestu þingsafglöp, sem orðið hafa hér á Alþingi. Ef hæstv. dómsmrh. heppnast að koma fimmtardómsnafninu á dóminn, þá verður sú breyting í meðvitund þjóðarinnar óleysanlega tengd við þingsafglöp hæstv. dómsmrh. Annars er nafnið á dómnum lítilfjörlegt atriði, og skal ég ekki tala meira um það.

Þegar frv. þetta var lagt fyrir Alþingi, þá lagði ég það til hliðar án þess að lesa grg. þess, vegna þess að ég hafði þá öðru að sinna. En þegar ég kom út í bæinn, var ég alstaðar spurður, hvort ég hefði lesið grg. fimmtardómsfrv. og hvort nokkurntíma hefði verið lagt svo

hneykslanlegt skjal fyrir Alþingi. Ég kvaðst ekki hafa lesið það, en ég tryði því varla, að hæstv. dómsmrh. gæti komizt öllu lengra í skorti á velsæmi en hann hefði áður komizt. En það verð ég að játa nú, er ég hefi lesið grg. frv., að hún tekur öllu öðru fram í skorti á velsæmi, sem sézt hefir frá hendi hæstv. dómsmrh., vegna hinna niðrandi ummæla um dómstóla erlendra ríkja, ásamt öðru, er ég mun víkja að síðar.

Það er sitt hvað, þótt ráðh. leyfi sér að rökræða um æðsta dómstól síns eigin lands, eða annara þjóða. Það er viðurkennd regla, að ráðh. má alls ekki viðhafa niðrandi ummæli um stofnanir annara þjóða. Auðvitað hefir hæstv. dómsmrh. enga þekkingu á því, hvað ráðh. sé leyfilegt og hvað ekki, heldur er hann vanur að gefa tilfinningum sínum lausan tauminn og verða sér til minnkunar, bæði utanlands og innan. Setur það stimpil smánar og ódugnaðar á hið unga þjóðfélag vort, að annar stærsti flokkurinn í landinu skuli velja sér svo óhæfan ráðh., að hann sé til minnkunar fyrir land og þjóð.

Þá hafa menn einnig hneykslazt mjög á árás þeirri á Pál Halldórsson skólastjóra, sem er í grg. frv. Er það einnig óvenjulegur skortur á velsæmi, að ráðh. skuli grípa til þess í grg. fyrir frv. að gera persónulega árás á nafngreindan heiðursmann. Og hverjar eru varnir hæstv. dómsmrh. í þessu máli? Já, hann segir, að ef Páll Halldórsson vilji ekki sætta sig við ummælin, þá skuli hann endurtaka ummælin í blaði, og svívirða hann þar aftur, svo að hann geti farið í mál. En Páll Halldórsson má vara sig! segir hæstv. dómsmrh., því að ég hefi valdið og máttinn!

Þessi maður er embættismaður stjórnarinnar og undir hennar vald gefinn. Hún getur því sjálfsagt vikið honum frá. En hæstv. ráðh. má vita það, að hann má vara sig á sínu eigin valdi, eins herfilega og hann hefir misbrúkað það. Ég veit varla, hversu lengi flokkur hans lætur honum haldast uppi að misbjóða svo öllu velsæmi eins og hann gerir. Sumir segja nú reyndar, að hæstv. ráðh. sé að versna. En mér fyrir mitt leyti finnst það allt á sömu bókina lært.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég þarf ekki mörg orð til þess að svara hv. 1. landsk. Hann virðist ekki skilja þá gr. frv., sem tekur fram skilyrðin fyrir því, að menn geti orðið aðaldómarar í fimmtardómi. Í þeirri gr. stendur ekkert annað en skilyrðin. Hið fyrsta er, að maðurinn hafi tekið lagapróf með 1. einkunn. Annað skilyrðið er um það, hver undirbúningsstörf hann skuli hafa af hendi leyst. Þriðja, að hann hafi tekið próf í siglingafræði. Fjórða, að hann sé ekki eldri en 60 og ekki yngri en 30 ára. Og fimmta skilyrðið er um skyldleika. Allt þetta á við, þegar um inntöku í dóminn er að ræða. Ég gat þess í svari mínu til hv. 4. landsk., að ég hefði ekkert á móti því, að þetta væri orðað enn nákvæmara, ef það er hægt. Getur nefndin bætt þarna í orði, ef teksti frv. og yfirlýsing þess, sem hefir undirbúið frv., er ekki talin nægja.

Það, sem hv. 1. landsk. sagði um, að dómarar hefðu oft enga þekkingu á því, sem þeir dæmdu um, held ég að stafi frá of mikilli bölsýni frá hans hálfu. Það, sem t. d. nú gerir nám lækna erfitt og setur þá út fyrir daglegt líf, er meiri og meiri sérfræði, sem af þeim er heimtuð. En þeir leggja það þó á sig. Lögfræðingar, sem vilja fullkomna sig fyrir dómarastarf, ættu að geta lagt það á sig að hæta við nám sitt siglingafræði. Dómari, sem tæki til starfa um 30 ára gamall og sæti í dómi minnst 30 ár, myndi á öllum þeim árum dæma mörg hundruð dóma, þar sem hann nyti þeirrar þekkingar. Ég held, að þeir verðu þeim tíma ekkert illa, sem þeir notuðu til þess að setja sig inn í siglingafræði. Ég held, að það séu ekki aðrir en sérstakir bjánar, sem setja sig á móti því, að þeir veiti sér þá þekkingu. Þeir ættu á engan hátt að geta spillzt neitt á því. Hv. 1. landsk. sagði, að þó þeir lærðu þetta, þá mundu þeir fljótlega gleyma því. Hann heldur það víst af þeirri ástæðu, að þeir verða ekki alltaf á sjó. Þessi rök hv. 1. landsk. sannfæra mig um það, að 1. einkunn í skólum er ekki alltaf einhlít. Hv. þm. tók víst 1. eink. og þótti allgóður námsmaður á sínum tíma. Þó ályktar hv. þm. nálega ávallt rangt. Nú er það svo, að maður, sem er 1—2 vetur á stýrimannaskólanum, getur tekið við skipi. Þó hefir ekki nema

brot af þessum tima farið til þess að nema siglingafræði, hinn hlutinn hefir farið til annars náms. En eftir þetta brot úr tiltölulega stuttu námsskeiði fá skipstjórarnir æfingu sína úti á sjó. Lögfræðingar, sem tækju sér tíma til þessa náms, mundu verða fullkomnari málfærslumenn. Þeir mundu svo, eins og skipstjórarnir, halda náminu við, eftir því sem staða þeirra heimtar, hvort heldur þeir eru dómarar eða málfærslumenn. Öll rök hv. þm. eru því út í loftið.

Hv. 1. landsk. vék að setningu fimmtardóms í fornöld og taldi, að hann hefði verið settur á stofn til að dæma í mútumálum. Sá, sem setti dóminn á stofn, hafði ekki mútað sjálfur. En það voru ýmsir aðrir, sem voru slæmir á þeim sviðum. Aðstaðan kann einmitt nú að vera lík að ýmsu leyti. Og það, sem komið hefir mönnum þeim í illt skap úti um bæ, sem tal áttu við hv. þm. um grg. frv., er vafalaust það, að einmitt í grg. er talað um ýmsar misfellur, sem átt höfðu sér stað í stjórnartíð hv. 1. landsk. Síðan hafa verið gerðar nokkrar umbætur, þótt meira þurfi að gera.

Hv. þm. fór að tala um það, að grg. frv. væri hneykslanleg og velsæmi þingsins ósamboðin. Mér datt í hug, að vandlæting hv. þm. væri eitthvað svipuð því og ef fullur maður færi að prédika bindindi. Sjálfur er hv. þm. frægur fyrir þingsafglöp. Mun ég þó ekki fara út í það nánar nú. Til þess gefst væntanlega tækifæri síðar.

Þá var hv. þm. eitthvað leiður yfir því, að minnzt er á hæstarétt Noregs og Danmerkur í grg. Hann þoldi ekki, að talað væri um hæstarétt Dana á Estrups-tímanum. Ég held þó, að þetta sé allt of mikil viðkvæmni hjá hv. þm. Hann þolir ekki, að minnzt sé á afglöp síns eigin flokks, og ekki heldur á hliðstæð afglöp íhaldsflokksins danska frá liðnum tíma. Þetta held ég, að sé alveg óþörf viðkvæmni, þótt um andlega skyldan flokk sé að ræða. Nú eru Norðmenn búnir að breyta þessum málum í annað horf hjá sér. Þeir hafa tekið valdið af réttinum sjálfum til að veita dómaraembættin og afnumið leynilega atkvgr. Í Danmörku er það orðið samkomulag flokkanna að breyta aðeins þessu atriði nú í ár.

Ég get nú varla stillt mig um, fyrst hv. 1. landsk. telur okkur svo vandfarið við aðrar þjóðir, að ekki má minnast á sögulega viðurkennda og sannaða atburði, að minna hann á eitt dæmi af því tægi. Ég er nú reyndar sammála hv. þm. um það, að vandfarið sé með sambandið við aðrar þjóðir. En ég get ekki stillt mig um að minna á eitt sérstakt atriði, er kom fyrir hv. þm. fyrir nokkrum árum. Þá gerði hv. þm. áberandi stjórnmálaafglöp gagnvart framandi þjóð. Það var þegar Reykjavík stóð í samningum um eldsvoðatryggingu fyrir bæinn við erlend félög. Þá talaði hv. þm. svo um Þýzkaland, að talið var mjög móðgandi fyrir þá þjóð. Hann taldi þá, að Þýzkaland væri svo illa statt fjárhagslega, að ekkert væri eigandi við þýzkt vátryggingarfélag, er þó stóð með sérstökum blóma. Og þótt fjárhagur ríkisins væri ekki sem allra beztur, þá var fávizka að telja, að ekki væri hægt að reka verzlun við þýzk firmu. Hann fór þar með fávísar og ósannaðar dylgjur, sem voru til skammar fyrir Ísland. Ég aftur á móti hefi aðeins getið um sögulega sannaða atburði.

Þá voru einkennileg rök hv. þm. út af Páli Halldórssyni skólastjóra. Skólastjórann langar til að fara í mál við mig, og ég fyrir mitt leyti vil lofa honum það. Jakob Möller mun líka einu sinni hafa fengið slíkt leyfi, en notaði það ekki. — Annars er það meiningin með ákvæði stjskr. um friðhelgi þingmanna, að þeir fái ekki alla á hálsinn, þótt þeir segi hispurslaust meiningu sína. En ég er nú svo frjálslyndur, að ég ætla að gera skólastjóranum enn léttara fyrir með því að endurtaka þessi ummæli mín utan þings. Annars ber þeim illa saman hv. 4 og hv. 1. landsk. Hv. 4. landsk. álítur sjálfsagt að setja af stað málshöfðun gegn skólastjóranum. En hv. 1. landsk. taldi það alveg voðalegt, ef slík rannsókn yrði hafin. En þeir mega gæta að því, að það er allt annað mál, hvort hann stýrir vel skóla sínum eða hvort hann hefir í þessu tilfelli brugðizt skyldu sinni sem trúnaðarmaður hæstaréttar í þessum málum.

Pétur Magnússon: Ég vil aðeins benda á, að það er misskilningur hjá hv. 1. landsk., ef hann heldur, að ég hafi ver-

ið á gagnstæðri skoðun við sig um aldurstakmarkið í sambandi við ákvæði stjskr. Ég einmitt sagði, að ef skilja bæri ákvæði frv. svo, að eldri maður en sextugur mætti ekki sitja dóminn, þá yrði samtímis að fara fram stjórnarskrárbreyting. En ef ákvæði frv. þar á móti þýddu það eitt, að ekki mætti veita eldri manni en sextugum, þá hefði ég ekkert við það að athuga. — Það er því ekkert ósamræmi milli skoðunar minnar og hv. 1. landsk. á þessu atriði.

Jón Þorláksson: Hæstv. ráðh. sagði, að það væru ekki aðrir en sérstakir bjánar, sem ekki væru sér sammála um það, að dómaraefni hefðu gott af að nema siglingafræði. Ég get nú tekið mér það létt, þótt hæstv. dómsmrh. tali um bjánaskap í minn garð, því það vita allir, að hæstv. ráðh. er ekki sjálfur dómbær á þeim sviðum, er hann talar um. En það, sem ég sagði, var, að þau fræði, sem til þess þyrfti að nema, að geta dregið upp á kort mælingar svo nákvæmt sé og dæmt um þær, væru svo þung, að ekkert gagn væri í því, þótt menn hefðu einhverntíma gengið á stutt námsskeið í siglingafræði. Ég hafði nú ekki sagt neitt meira en þetta, og það hefir ekki verið hrakið. Hér er því ekki um neitt annað að ræða en þekkingarskort hæstv. ráðh. sjálfs, sem eftir venju glepur honum sýn. Hæstv. ráðh. þóttist hafa heyrt fullan mann prédika bindindi. Ég hefi nú aldrei heyrt það. En ef slíkt getur átt sér stað, þá er það víst sambærilegast því, þegar hæstv. ráðh. talar um siðgæði í opinberu lífi eða spillingu í tíð annara stjórna en hans eigin, og þá einkum kringum hans eiginn stól. Ég hafði nú ekki ætlað mér að velja þessa stund til að tala um það atriði. En hæstv. ráðh. má vera viss um það, að þetta þing líður ekki svo til enda, að ég ekki, að mér lifandi og heilbrigðum, minnist á eitthvað af þeim stjórnarathöfnum, sem fram hafa farið og eru þess eðlis, að venjulegur borgari hefði framkvæmt þær, þá væri hann fyrir löngu dreginn fyrir lög og dóma og dæmdur til hegningar. (Dómsmrh.: En landsdómurinn!). Sá dómstóll heldur verndarhendi yfir öllum svívirðingum stj. og í því skjóli skákar hæstv. ráðh. (JBald: Það má ekki tala svona um dómstólana!). Sá dómstóll tekur ekki afbrot stjórnarinnar til meðferðar meðan meiri hl. þingsins gengur með lokuð augu. En ég skal gera mig ánægðan með að geyma mér þar til síðar að minnast á spillingu stj.

Ég get verið hæstv. ráðh. þakklátur fyrir það, að hann kom með lygasögu um mig inn í þingið, sem áður hafði staðið í blaði nákomnu hæstv. ráðh. og var þar merkt með dulnefni, sem ráðh. notar. Sagan er um það, að ég hafi á fundi hér í bænum farið slíkum óvirðingarorðum um Þýzkaland, að þýzki ræðismaðurinn hafi talið sig stórlega móðgaðan og gert ráðstöfun til þess, að mér væri veitt ofanígjöf. Þetta er allt saman uppspuni. Það sem þarna gerðist og saga þessi snýst sjáanlega um, er einungis þetta: Á fundi, þar sem rætt var um mismunandi tilboð, sem borizt höfðu um brunatryggingu fyrir Reykjavík, minnti ég á, hvernig þá stóð á fyrir Þýzkalandi. Svokallaður Versalasamningur stóð þá enn í gildi og skaðabótakröfur bandaþjóðanna voru slíkar, að engin von var til, að Þjóðverjar gætu innt þær af hendi. Ég benti á, að meðan engin linun fengist á þeim kröfum, þá gæti enginn vitað, hvort þýzk fyrirtæki héldu sinni gjaldgetu og gætu staðið í skilum til frambúðar. Þetta var ekki á nokkurn hátt móðgandi. Enda veit ég ekki til, að neinn aðili þýzka ríkisins hafi tekið það þannig upp, og enginn ræðismaður hefir stefnt til mín ákúrum fyrir þetta. — Þetta fór nú svo, að Þýzkaland fékk linun á skaðabótakröfunum og Reykjavík samdi um tryggingarnar við þýzkt félag. Mér detta í hug ummæli ríkisforsetans og ríkiskanzlarans þýzka, er þeir viðhöfðu, eftir að þessi linun var fengin, sem ég vildi bíða eftir. Þeir kváðu miklu fastar að orði um horfurnar fyrir Þýzkalandi, ef það hefði orðið að búa undir þeim skuldbindingum, sem þeir voru píndir til að gefa. — Mér þótti vænt um, að mér gafst tækifæri til þess að bera þessa sögusögn til baka hér í þinginu.

Ég hefi engu við að bæta það, sem ég hefi áður sagt, um þann skort, sem er á allri velsæmi í grg. frv. Hæstv. ráðh. hefir heldur engu orði af því getað haggað, sem ekki var heldur von.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég þarf aðeins að svara tveim litlum atriðum. — Fúkyrðum hv. 1. landsk., sem var í mjög æstu skapi, sé ég enga ástæðu til að svara. En ég vil aðeins benda á það, að hv. þm. viðhafði harðari orð um einn æðsta dómstólinn hér á landi, landsdóminn, en áður hafa heyrzt hér á þingi. Það var líka réttilega tekið fram í fyrir honum af einum hv. þm. og hann áminntur fyrir ógætilegt orðbragð. Þetta ætti að kenna hv. 1. landsk. að haga orðum sínum varlegar framvegis en í þetta skipti.

Hv. 1. landsk. lézt vera mér þakklátur fyrir að hafa minnst á afskipti hans af vátryggingu Reykjavíkur. Ég veit nú ekki, hvort hann hefir verið það í raun og veru, þótt hann léti svo. Hv. þm. játaði algerlega fásinnu sína í því máli. Og satt að segja vissi ég ekki áður, að fákænska hv. þm. væri á svona háu stigi, eins og hann lýsti sjálfur. Hann hefir, að eigin sögn, gert sig sekan um það, að blanda saman fjárhag ríkis og einstakra félaga. Það er einhver sú dæmalausasta glópska, að blanda saman fjárhag ríkis og einstakra fyrirtækja í landinu. Þó tók hitt út yfir, er hann hélt, að beðið hefði verið eftir sér með samþykkt Dawes-plansins. Sannleikurinn var sá, að enginn tók tillit til hans, hvorki utan lands né innan. Hv. 1. landsk. stóð í sérstöku sambandi við dönsk vátryggingarfélög, og mun það hafa valdið afstöðu hans til málsins. En bæjarstjórnin leit á framkomu hans eins og sérstakan fábjánahátt og hafði tillögur hans að engu og græddi á því 60 þús. kr. árlega.

Jón Þorláksson: Hæstv. dómsmrh. virðist vera allilla að sér, er hann telur það fásinnu að blanda saman fjárhag ríkis, sem hefir orðið undir í hinni ægilegustu styrjöld, sem yfir heiminn hefir komið, við hag einstakra fyrirtækja í sama ríki. Hvaðan heldur hæstv. ráðh., að ríkið fái fé sitt, nema frá fyrirtækjum og einstaklingum í landinu? Þegar kreppir alvarlega að ríkissjóði, verður að taka meira af fyrirtækjunum en þau eru fær um að greiða, svo að það getur jafnvel riðið þeim að fullu. Mér finnst, að sá ráðh., sem ekki getur skilið þetta, ætti ekki að vera að tala um fásinnu og glópsku hjá öðrum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það er í fyrsta lagi leiðinlegur misskilningur hjá hv. 1. landsk., að vita ekki, að enginn tók hið minnsta tillit til hans í þessu máli. Og í öðru lagi er ljóst, að hafi verið hættulegt að semja við þýzkt vátryggingarfélag áður en Dawes-samþykktirnar voru gerðar, þá var það jafnhættulegt eftir það, því að öllum er kunnugt um erfiðleika þýzka ríkisins síðan. En Reykjavíkurbær hefir grætt 60 þús. kr. árlega síðan í skjóli þess, að það hafi verið dæmalaus fásinna, sem hv. 1. landsk. hélt fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 : 1 atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 137, n. 317 og 350, 347).

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason): Svo sem hv. dm. er ljóst af þskj. 317 og 350, hefir allshn. ekki getað orðið allskostar sammála um frv. þetta. Það var rætt allítarlega í n., en fullkomið samkomulag gat ekki fengizt, þó að minni hl., eins og sjá má af nál., vilji ekki ganga alveg á móti frv.

Um málið í heild sinni sé ég ekki ástæðu til að ræða mikið að sinni, þar sem frv. er að mestu leyti shlj. frv. því, sem lá fyrir á síðasta þingi og þá allmikið rætt og að endingu afgr. frá d. En mér þykir samt rétt að geta þess, að þær höfuðbreyt., sem hér eru gerðar á núgildandi hæstaréttarlögum, eru að mestu leyti samhljóða gildandi lögum hæstaréttar í Noregi. Og eins og menn hafa séð í dönskum blöðum, sem hingað hafa borizt fyrir skemmstu, þá hefir einn af hæstaréttardómurum Noregs verið staddur í Kaupmannahöfn, og herma dönsk blöð, að hann hafi skýrt svo frá, að nú vilji enginn í Noregi breyta til hins fyrra skipu-

lags. Einnig þykir mér rétt að minnast þess hér, að það hefir verið til umræðu í Danmörku að breyta hæstaréttarlögunum þar, og virðist svo af þeim fregnum, sem menn hafa fengið af því máli, að Danir telji, að í hæstaréttarlögum Norðmanna sé fyrirmynd að finna. En ég skal geta þess, að bæði í Danmörku og Noregi hafa komið allsterkar mótbárur gegn þessum breytingum, og þá aðallega frá dómurum hæstaréttar. En hinir fróðustu menn í Danmörku virðast hallast að því að breyta sínum hæstaréttarlögum í svipað horf og í Noregi. Einn danskur prófessor hefir, eftir því sem dönsk blöð herma, látið þau orð falla, að andstaða gegn þessum breyt. væri ekki annað en juridisk íhaldssemi, og það væri það sem alltaf mætti búast við, þegar um slíkar breyt. væri að ræða, því að þessum mönnum, sem starfað höfðu undir eldra fyrirkomulaginu, væri þannig farið, að þeir væru alltaf hræddir við það nýja og óreynda. Mér þætti ekki ótrúlegt, að að einhverju leyti mætti segja hið sama um andstöðuna, sem komið hefir hér fram gegn þeim nýmælum, sem í frv. þessu felast.

Ég geri ráð fyrir, að ekki sé ástæða fyrir mig að fara lengra út í að ræða málið almennt. En mér þykir rétt að geta þess, að við í meiri hl. n. leggjum til, að gerðar séu lítilsháttar breyt. á frv. Í raun og veru er það aðeins ein breyt., seinni breytingin leiðir af hinni fyrri. Eins og við höfum tekið fram á þskj. 317, viðurkennum við, að það sé æskilegt, að hæstaréttardómarar hafi sérþekkingu í siglingafræði. En þar sem nú mun ekki vera kostur slíkrar sérfræðslu við háskólann, teljum við ekki rétt að gera þetta atriði að veitingarskilyrði að svo stöddu. Þess vegna leggjum við til, að 3. tölul. 8. gr. falli niður. Hinsvegar teljum við mjög æskilegt, að slíkri kennslu væri komið á í háskólanum í sambandi við lagakennsluna. — Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið; vil ekki að svo stöddu tala um brtt. minni hl., fyrr en honum hefir gefizt kostur á að gera grein fyrir þeim.

Frsm. minni hl. (Pétur Magnússon): Það gladdi mig, að hv. frsm. meiri hl. skyldi aðallega mæla með þeim nýmælum frv., sem við erum sammála um, og skoða ég það sem tákn þess, að hann muni ekki setja sig á móti þeim brtt., sem ég flyt við frv. Kemur mér þetta að vísu óvart, því að ef þessi nýmæli skipta mestu máli hjá hv. meiri hl., hefði aldrei þurft til þess að koma, að allshn. klofnaði í málinu. Hinsvegar kom það glöggt í ljós í n., að meiri hl. vildi ekki ganga inn á nokkrar breyt. á frv., og var ég af þeim ástæðum útilokaður frá samvinnu við meðnm. mína um málið, og flyt því sérstakt nál. á þskj. 350, og í sambandi við það brtt. á þskj. 347, þar sem ég ber fram brtt. við frv. í 18 liðum.

Mér þykir rétt að gera grein fyrir því strax, af hverju ég valdi þá leið að flytja brtt. við frv. í stað þess að flytja nýtt frv., þar sem upp væru tekin þau nýmæli þessa frv., sem ég get fallizt á. Hefði það síðara óneitanlega verið mér nær skapi, því að fæst nýmæli frv. eru þann veg vaxin, að ég geti léð þeim stuðning. En ástæðan til þess, að ég valdi þá leið að bera fram brtt. við frv., er sú, að ég tel meiri von til að fá samþ. brtt. við frv. en að koma fram nýju frv. Þó að ég óttist flokksfylgið, vænti ég þess, að stjórnarflokkarnir standi ekki á móti þeim brtt., sem horfa til bóta á frv. Ég treysti því, að í máli sem þessu, sem snertir hag og heill allrar þjóðarinnar, láti stjórnarflokkarnir réttsýnina sitja í fyrirrúmi fyrir flokksaganum.

Frv. var mikið rætt við 1. umr., og sé ég því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um málið almennt nú við þessa umr., en skal snúa mér að því að skýra brtt. mínar. — Fyrsta brtt. mín varðar nafn dómstólsins og gengur út á það, að það nafn, sem dómstóllinn nú ber, haldist. Til vara hefi ég lagt til, að dómstóllinn verði nefndur yfirdómur. Fyrir mér vakir það, að nafn dómstólsins feli í sér einhverja skilgreiningu á stofnuninni. Skiptir þetta að vísu ekki miklu máli hér innanlands, en út á við hefir það mikla þýðingu, að menn skilji það af nafni dómstólsins, að hér sé dómstóll, sem sé hliðstæður efstu dómstigum í öðrum löndum. Auk þessa hefir verið bent á það, að fimmtardómsheitið er rangnefni, því að fimmtardómur hinn forni átti í engu

sammerkt með æðsta dómstigi okkar nú. Mætti alveg eins taka upp heitið fjórðungsdómur í stað hæstaréttarheitisins, ef endilega á að seilast til fornaldarinnar eftir nafni á dóminn. Hvorttveggja er jafnfjarstætt. Að vísu er það ekki með öllu ástæðulaust, þó að því sé haldið fram, að orðið hæstiréttur sé ekki allskostar góð íslenzka. Á ég þar ekki aðeins við lýsingarorðið, sem myndar fyrra hl. þessa orðs, heldur við þá merkingu, sem hér er lögð í orðið réttur. Fer þar mjög frá hinni fornu merkingu orðsins, en þar sem orðið hinsvegar hefir komizt inn í málið í þessari merkingu í samböndum eins og sjóréttur, gestaréttur o. fl., býst ég ekki við, að hægt verði að útrýma því. En séu menn svo viðkvæmir í þessum efnum, að eyru þeirra þoli ekki að heyra orðið hæstiréttur, hefi ég lagt til, að tekið verði upp heitið yfirdómur. Hefir það heiti það til síns ágætis, að það segir rétt til um dómstigið í aðalatriðum. Að vísu ber það ekki með sér, að hér sé um æðsta dómstig að ræða, en af því má hinsvegar ráða, að til þessa dómstóls megi skjóta málum frá lægri dómstólum.

Næsta brtt. mín gengur út á það, að 2. gr. frv. falli niður. Eins og ljóst má vera, er þetta frv. ekki nema smávægileg breyting á hæstaréttarlögunum. Ég fæ því ekki skilið, að það þurfi að leggja hæstarétt niður, þó frv. verði samþ., því að rétturinn starfar áfram eftir sem áður, þó að undir breyttu nafni sé. Þótt breytt sé um nafn á réttinum, er hann ekki þar með lagður niður. Mætti þá eins halda því fram, að það yrði að hafa stjórnarskipti í för með sér, ef lagt væri niður ráðherraheitið og tekið upp heitið ráðgjafi í staðinn. Ég býst við, að þetta ákvæði hafi verið sett í frv. í fyrra með það fyrir augum, að hægt væri að skipta um dómara í réttinum. Nú er tilgangur frv. annar, og ætla ég, að það sé af vangá sprottið, að þetta ákvæði var ekki fellt niður úr frv., er það nú var lagt fyrir þingið í annað sinn. Hljóta allir að sjá, að þetta ákvæði er vitleysa ein, þar sem frv. að öðru leyti gerir ráð fyrir, að hæstaréttardómararnir, þeir sem nú eru, sitji áfram í réttinum eftir sem áður. Það er því sjálfsögð skylda þm. að fella þetta ákvæði frv. niður, enda vænti ég þess fastlega, að þessi brtt. mín verði samþykkt.

Þriðja brtt. mín er við 4. gr. frv. og er þess efnis, að hinum föstu dómurum réttarins verði fjölgað upp í fimm, í stað þess, sem frv. gerir ráð fyrir 3 fastadómurum, eins og er, og 2 aukadómurum, sem teknir séu frá lagadeild háskólans. — Ég tel varasamt að slá saman svo ólíkum störfum sem kennarastörfum og dómarastörfum. Þótt það sé gott, að lagakennarar háskólans komi í skörðin, er aðaldómarar forfallast, er varasamt að leiða út af því þá reglu, að þeir hljóti ex ipso að vera góðir dómarar. Þeir geta verið það, en það þarf ekki að gera ráð fyrir, að þeir séu það ávallt. Auk þessa er á það að líta, að ef lagakennarar háskólans eru teknir í hæstarétt sem fastir varadómarar, kemur til með að vanta þar dómara, þegar hinir venjulegu dómarar réttarins forfallast, en sú reynsla, sem fengizt hefir með starfsemi hæstaréttar, lætur engan í vafa um það, að oft muni þurfa á aukadómurum að halda. Og það er vitanlega mikils virði, hvernig um val þeirra fer, þegar svo ber undir. Auk þess alls ber einnig að líta á það, sem oft hefir verið bent á í þessu sambandi, hversu erfitt er að framkvæma þessa tilhögun. Þar sem rétturinn á sjálfur að ákveða það í hverju einstöku tilfelli, hvenær þessir aukadómarar skuli til kvaddir, er þar með vakin tortryggni gagnvart réttinum, enda er oft erfitt að segja um það fyrirfram, hvort mál verður flókið til úrskurðar eða ekki. Svo er yfirleitt um flest fógetamál og önnur mál, er litt hafa verið rædd fyrir undirréttinum. — Þessi tilhögun hefir verið rökstudd með því, að hér væri um sparnað að ræða. Kann það að vera rétt eins og sakir standa, en ég fyrir mitt leyti efast um, að svo verði, er til lengdar lætur. Hæstaréttardómum fer sífjölgandi með ári hverju. Síðastl. ár voru kveðnir upp ca. 100 hæstaréttardómar, og eftir aukningunni undanfarið má gera ráð fyrir, að kveðnir verði upp 130—150 dómar þegar á næstu árum, enda er skiljanlegt, að dómunum fjölgi eftir því, sem atvinnulífið verður margbrotnara og flóknara. Þó að erfitt sé að ákveða, í hve mörgum tilfellum af 100 aukadómarar verði til kvaddir, hygg ég, þar sem

ganga verður út frá, að þeirri reglu verði fylgt um kvaðningu þeirra, að þeir verði kvaddir til að taka sæti í réttinum, þegar vafi getur leikið á, hvort svo eigi að gera eða ekki, hvað þá, ef það er auðsýnt, að ekki sé of mikið í lagt, þó að gert sé ráð fyrir, að aukadómarar dæmi í öðruhverju máli. Yrðu það þá bráðlega um 60 mál á ári, sem aukadómarar væru kvaddir til dóms í, og þar sem það yfirleitt eru hin stærri mál, sem koma fyrir hæstarétt, er ekki um háa þóknun að ræða, þó að aukadómurunum væri ætlað 100 kr. að meðaltali fyrir hvert mál. Næmi þetta alls 12000 kr. á ári, og er þar komin hærri upphæð en nemur einum dómaralaunum. Nú hefir það komið til orða oft hér áður að leggja niður ritaraembættið við hæstarétt. Átti ég tal um þetta við einn af núv. dómurum hæstaréttar um daginn, og taldi hann, að þetta væri ekki frágangssök, þó nokkrir erfiðleikar væru á því. Ritari hæstaréttar hefir um 4000—5000 kr. laun á ári, og ef embætti hans væri lagt niður, væri þarna komið hátt upp í laun hins dómarans. En jafnvel þó útgjöld ríkissjóðs ykjust sem svaraði launum eins dómara við það, að fastadómarar réttarins yrðu fimm, má ekki taka svo mjög tilllit til þess, ef um aukið réttaröryggi er að ræða, eins og hlyti að leiða af dómarafjölguninni. Ég vænti þess því, að hv. þm. geti fallizt á þessa brtt. mína, þegar þeir hafa athugað, hve lítinn aukinn kostnað það hefir í för með sér fyrir ríkið, þó að dómurum hæstaréttar verði fjölgað eins og ég legg til.

Í þessari brtt., sem ég nú hefi verið að tala um, felst einnig önnur smávægileg breyting frá frv., og er hún sú, að forseti hæstaréttar sé ekki kosinn til skemmri tíma en eins árs í senn. Frv. gerir ráð fyrir, að forseti réttarins sé kosinn til eins árs. En nú getur það komið fyrir, að forsetastaðan losni á miðju starfsári, og er þá hentugra að rétturinn hafi heimild til að kjósa forseta fyrir það, sem eftir er af því ári, og næsta starfsár. Sjálfsagt virðist að forsetaval eða forsetastarf að jafnaði miðist við starfsár.

Næstu 3 brtt. mínar, við 5., 6. og 7. gr. frv., eru bein afleiðing af þessari brtt. minni við 4. gr., og þarf ég því ekkert um þær að segja. Kem ég þá að 7. brtt. minni, sem er við 8. gr. frv. Er hún í 4 stafliðum. Fyrsti stafliður er bein afleiðing 2. brtt. minnar, við 2. gr. frv., og þarf því ekki skýringar við, en í niðurlagi þeirrar málsgr., sem þessi brtt. á við, er nýmæli eitt, sem kveður svo á, að maður, sem sýnt hafi „verulega yfirburði í lögfræði með vísindalegri starfsemi“, skuli dómgengur í hæstarétt, enda þótt hann hafi aldrei gegnt þeim störfum, er annars veita aðgang að dómaraembættinu. Það verður því vitanl. ávallt vafasamt, að maður, þótt sýnt hafi „yfirburði í vísindalegri starfsemi“, hafi nokkra sérstaka dómarahæfileika til að bera. Ég vildi þó ekki leggja til, að þetta ákvæði frv. yrði fellt niður, þar sem það gerir hvorki til né frá, ef prófraunin er látin haldast, eins og till. mínar gera ráð fyrir. Sé prófraunin hinsvegar felld niður, er þetta ákvæði með öllu óhæft, því að það liggur í höndum veitingarvaldsins að skera úr því, hvort viðkomandi maður hefir sýnt yfirburði í vísindamennsku eða ekki.

Um siglingafræðina þarf ég ekki að ræða, þar sem hv. meiri hl. hefir lagt til, að það ákvæði frv. verði fellt niður, og ég því tel vafalaust, að svo verði gert. Hinsvegar get ég ekki fallizt á þau rök, sem hv. frsm. meiri hl. færði fyrir þessu. Hann sagðist ekki treysta sér til að fara þessa leið, fyrr en skipulag væri komið á kennslu í þessari grein við háskólann. Ég er þeirrar skoðunar, og ég hygg, að fleiri séu mér þar sammála, að námskeið í siglingafræði gefi minni tryggingu fyrir því, að þetta verði leyst vel af hendi, heldur en navigationsnróf. Væri og rétt afleiðing af þessu, að námskeið í lögfræði væri nægilegt til að gera menn hæfa til þess að gegna dómarastörfum. Er sérstakur hugsunarháttur á bak við þetta, sem ég skal ekki fara nánar inn á.

B-liður þessarar 7. brtt. minnar fer fram á það, að aftan við 4. lið 8. gr. frv. verði bætt orðunum: þegar þeir fá veitingu fyrir embættinu. — Skal ég geta þess, að hæstv. dómsmrh. lét svo um mælt við 1. umr., að það væri veitingarskilyrði um setu í hæstarétti, að umsækjandi væri ekki yngri en þrítugur og ekki eldri en sextugur, svo að þetta er ekki nema sjálfsögð leiðrétting, sem ég vænti, að verði

samþ. — C-liður þessarar brtt. er bein afleiðing brtt. minnar við 2. gr. frv. og þarf því ekki frekari skýringar við. Kem ég þá að d-lið brtt., um dómaraprófið. Er það sú brtt., sem mestu máli skiptir. Var þetta atriði rætt mjög ítarlega við 1. umr. og sé ég ekki ástæðu til þess að fara að taka hér upp aftur þau rök nú, sem þá voru færð fyrir nauðsyn dómaraprófsins.

Sumir hafa sagt, að ef dómaraprófið héldist, væri dómstóllinn einráður um það, hverjir yrðu dómarar. Þetta er mesti misskilningur. Það er mjög ólíklegt, að nokkurt dómaraefni falli við prófraunina, meðan framkvæmdarvaldið hefir þetta aðhald, því að það sendir vitaskuld ekki aðra til prófs en þá, sem líklegir eru til að standist prófið. Hæstaréttardómarar, sem eiga að sjá um prófið, eiga eingöngu að líta á hæfileika og kunnáttu dómaraefnis, en um skoðanir hans og mannkosti geta þeir ekki dæmt, heldur er það framkvæmdarvaldsins að gera það. Auðvitað gæti það komið fyrir, að menn sem skorti mannkosti kæmust í dóminn, en ef svo færi væri framkvæmdarvaldinu þar um að kenna, því því ber að sjá um, að svo verði ekki. Ég er sannfærður um, að hver heilvita maður, sem vill líta á þetta mál með sanngirni, hlýtur að sjá að það er heppilegra að gefa framkvæmdarvaldinu ekki of lausan tauminn í þessu efni. Það er ekki þar með sagt, að framkvæmdarvaldið þurfi endilega að misnota aðstöðu sína, þótt prófraunin verði afnumin, en það gæti óneitanlega komið fyrir, og það getur jafnvel verið sterk freisting fyrir það að gera það. Ég vænti þess því, að þegar hv. þdm. hafa gefið sér tíma til þess að athuga þessa brtt. til hlítar, þá sjái þeir sér fært að greiða henni atkv., ef þeir vilja meta réttlætið meira en flokksfylgið.

Um lok 8. gr. er það að segja, að ég sé ekki ástæðu til þess að gera brtt. við hana, meðan ekki er útséð um örlög dómaraprófsins. Ef það verður fellt, þá er sjálfsagt að víkja ekki frá hinu skilyrðinu, að dómaraefni skuli hafa fyrstu einkunn, því það er þó út af fyrir sig ofurlítil trygging fyrir betra mannvali í réttinn en ella. En ef dómaraprófið helzt, þá má þetta ákvæði standa, og þess vegna hefi ég ekki flutt brtt. við það að svo stöddu, en mun gera það síðar, ef brtt. mín um dómaraprófið verður felld.

Þá kemur næst örlítil brtt. við 14. gr., sem fjallar um launakjör dómara í hæstarétti. Er lagt til, að þau verði ákveðin 12000 kr. á ári, auk dýrtíðaruppbótar eftir gildandi launalögum. Í frv. í fyrra var lagt til að hækka launin upp í 12000 kr. auk dýrtíðaruppbótar. Það þarf nú ekki rök að því að leiða, að það er öldungis nauðsynlegt að launa þessar stöður svo vel, að þær verði heldur eftirsóttar en hitt. Það er nú einu sinni svo, að hæfir menn gefa ekki kost á sér til slíkra starfa, nema því aðeins, að þeir fái viðunanleg laun, því að þeim er í lófa lagið, ef um duglega lögfræðinga er að ræða, að ná í miklu hærri árstekjur en hæstaréttardómarar hafa. Þess vegna er þetta alveg sjálfsögð breyt. þegar það er athugað, hvað launakjörin eru mikið atriði í þessu máli. Þetta hefir verið þeim ljóst, sem sömdu frv. í fyrra, en síðan hafa orðið skoðanaskipti hjá hæstv. stj. um þetta atriði, og það með nokkuð einkennilegum hætti, eins og sjá má á grg. frv., þar sem færðar eru ástæður fyrir því, að ákvæði frv. í fyrra um launahækkun er fellt niður í frv. því, sem hér liggur fyrir. Í gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í frv. um fimmtardóm, sem lagt var fyrir Alþingi 1930, voru ákvæði um, að laun fimmtardómenda skyldu vera nokkru hærri en nú gerist í hæstarétti. Sömuleiðis að fimmtardómsritari skyldi vera fastur embættismaður. En með því að það kom í ljós, að það voru andstæðingar málsins, sem fúsastir voru að hækka laun dómenda og ritara, þykir ekki ástæða til að halda þeirri breytingu fram til þrautar nú. Má alltaf bæta launin síðar, einkum ef í ljós kæmi, að sæmilega álitlegir menn hliðruðu sér hjá að fara í réttinn, nema launakjörin væru bætt".

Með öðrum orðum er það beint tekið fram, að þetta ákvæði frv. hafi verið fellt niður af því, að það hafi komið í ljós, að andstöðuflokkur stj. væri því fylgjandi. Maður myndi nú ekki hneykslast á slíku, þótt maður heyrði það af vörum einhvers óvandaðs stjórnmálabullara, að hann væri með eða móti einhverju máli eftir

því, hvort andstæðingarnir væru móti því eða með. En þegar maður heyrir slíkt úr sæti dómsmálaráðherrans, þá er vissulega ástæða til alvarlegrar umhugsunar, og því fremur, sem þessi maður, sem svona hugsar, að minnsta kosti var leiðandi maður eins stærsta stjórnmálaflokksins í landinu. Slíkt vitnar um rotið stjórnarfar í landinu og lágar siðferðiskröfur flokksmanna hæstv. dómsmrh. En þetta skiptir ekki beint máli í þessu sambandi. Aðalatriði málsins er það, að það er varhugavert að hafa launin svo lág, að ekki sé full trygging fyrir því, að fullkomlega hæfir menn fáist í þessar stöður. Menn verða að gera sér það ljóst, að þegar um svo þýðingarmiklar og ábyrgðarmiklar stöður er að ræða, þá má ekki horfa í nokkur þúsund króna árlega, ef líkur eru fyrir því, að betur takist um mannaval í dóminn með því að hafa launin fremur rífleg. Ég vænti þess, að þegar menn hafa athugað það, að stj. dró þetta nýmæli til baka einungis fyrir þá sök, að andstöðuflokkurinn var því hlynntur, en ekki af því, að henni hefði að öðru leyti snúizt hugur um þetta atriði, þá muni menn geta greitt þessari brtt. minni atkv.

Næsta brtt. mín er um að fella niður 25.—27. gr. frv., þar sem svo er mælt fyrir, að málaflutningsmönnum við æðsta dómstól landsins beri að bindast félagssamtökum undir einskonar yfirstjórn dómsmálaráðherra. Ég fæ ekki séð, hvaða nauðsyn rekur til þess að lögbinda félagsskap innan þessarar stéttar fremur en annara, auk þess sem þessi stétt hefir sitt félag innbyrðis og hefir haft yfir 20 ár. Ég legg því til, að þessi ákvæði frv. verði felld niður. Ýms fleiri ákvæði eru í þessum gr. frv., sem verða að teljast mjög varhugaverð, vægast sagt, og hefi ég því lagt til, að greinarnar falli burt.

Mér sást yfir að gera brtt. við 24. gr. frv., síðari málsl., þar sem sagt er, að dómsmrh. „geti" svipt málaflutningsmann leyfi, ef dómstóllinn leggi það til. Ég mun síðar flytja brtt. um það, að í stað „getur" komi: skal.

Það, sem á yfirborðinu virðist vaka fyrir hæstv. dómsmrh. með því að lögskylda þessa stétt til félagssamtaka, er það, að skapa aðhald um almennt velsæmi innan stéttarinnar. Ég get ekki kannast við, að þessi stétt hafi gefið sérstaka ástæðu til slíkra varúðarráðstafana, enda hefir málaflutningsmannafélagið jafnan reynt að halda uppi velsæmi innan stéttarinnar og litið eftir því, eftir föngum, að félagsmenn ræki störf sín með samvizkusemi og ráðvendni. Ég hygg, að þessi starfsemi félagsins hafi borið tilætlaðan árangur, og ég sé því enga skynsamlega né frambærilega ástæðu til þess að lögskylda þessa stétt til nýrra félagssamtaka.

Eins og ég drap á áðan, eru ýms fleiri ákvæði í þessum gr. frv., sem eru mjög varhugaverð. T. d. er eitt ákvæði í 26. gr. frv., sem engri átt nær. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnin hefir og rétt til að ákveða þóknanir málaflutningsmanna eða málskostnað, ef slíkt er undir hana borið af málaflutningsmönnum eða viðskiptamönnum þeirra".

Með þessu er stjórn félagsins gefið úrslitavald um það, hvað málaflutningsmenn megi heimta fyrir starfa sinn; þetta er sérstaklega varhugavert, því að stjórn stéttarfélags er tæplega ætlandi að vera öldungis óhlutdrægur dómari um atriði, er snerta annarsvegar hagsmuni manna innan stéttarinnar. Auk þess er hér um hreint dómstólamál að ræða, og í senn ástæðulaust og ísjárvert að draga slík mál úr höndum dómsvaldsins.

Ennfremur er það stórlega athugavert ákvæði í 27. gr., þar sem segir, að stjórn slíks félags, sem um ræðir í þessum greinum, geti rekið menn úr félaginu, um skeið eða fyrir fullt og allt, sem út af fyrir sig er ekkert við að segja. En síðan segir svo í greininni, að málaflutningsmanni sé rétt að skjóta úrskurði félagsstjórnar um sekt eða missi réttinda til dómsmálaráðherra til fullnaðarúrskurðar. Þetta ákvæði er fjarri öllu viti. Hér er um hreint dómstólamál að ræða og mál, sem samkv. eðli sínu er almennt mannréttindamál. Það nær engri átt að draga slíkt mál undan úrskurðarvaldi dómstóla landsins. Yfirleitt er það mjög óeðlilegt að setja málaflutningsmenn undir eftirlit dómsmrh., því að störf þeirra eru ekki framkvæmdarvalds-eðlis, heldur heyra þau undir dómstólana, og ef setja ætti þessa stétt undir sérstakt eftirlit, þá eru

það dómstólarnir, sem ættu að hafa það eftirlit með höndum.

Næstu brtt. leiðir aðallega af þeim breyt., sem till. mínar vilja gera á frv. 10. brtt., við 37. gr., er afleiðing af brtt. við 1. og 2. gr. Sama er að segja um 11. brtt., við 39. gr.; hún er einnig afleiðing af brtt. við 1. og 2. gr. — 12. og 13. brtt. eru og afleiðingar af áður komnum brtt. Ennfremur er 14. brtt., við 64. gr., afleiðing af brtt. við 2. gr., og 15. brtt. leiðir af brtt. við 4. gr., ætla ég. Brtt. við 66. gr. er afleiðing af brtt. við 2. gr. Brtt. við fyrirsögn frv. hefi ég áður gert grein fyrir í sambandi við 1. brtt. mína við 1. gr.

Að lokum vil ég drepa á nokkur ákvæði í 10. kafla frv., sem ég er ekki viss um, hvernig skilja beri. Vildi ég mælast til þess við hæstv. dómsmrh., að hann gerði grein fyrir því, hvernig þessi ákvæði eru hugsuð. Fjallar kafli þessi um dómsuppkvaðningu, atkvæðagreiðslu og dóma. Eru það einkum 2. og 3. málsl. 53. gr., sem mér virðist mjög torskildir og tvíræðir. Segir þar svo, að ef atkvæði séu jöfn um niðurstöðu dóms, skeri forseti úr. Ég vonast til að hæstv. dómsmrh. upplýsi, hvernig þetta getur komið fyrir, og ennfremur, ef ágreiningur verður um upphæð peningagreiðslu, eins og 2. málsl. fjallar um og segir, að í þeim tilfellum skuli meðaltalið verða niðurstaðan. Þetta er mjög óákveðið og ef til vill mjög varasamt ákvæði, og má vel vera, að ég flytji brtt. við þessa gr. við 3. umr., ef mér þykir þess við þurfa.

Ég gleymdi að geta þess, að 13. brtt., sem fer fram á að fella burt úr 52. gr. orðin „og fimmtardómsritari", er ekki að því leyti einungis afleiðing af áður komnum brtt., eins og ég sagði áðan. Mér finnst þetta vera dálítið vafasamt, að leyfa ritara réttarins að vera við ráðagerðir, þegar af þeirri ástæðu, að ritarinn er hér ekki fastur embættismaður. Það er því ekki nægilegt að vísa til þess, að þetta er venja t. d. í Noregi. Í þessari sömu gr. er annað ákvæði, sem verður einnig að teljast mjög varhugavert, þar sem gert er ráð fyrir því, að varpa skuli hlutkesti um þá röð, sem dómarar skuli greiða atkvæði í. Það er vitanlegt, að aðalvinnan lendir hjá þeim, sem fyrstur greiðir atkv., því að dómararnir eru venjulega sammála. Ég held, að það verði betri regla, sem nú er, að forseti dómsins ákveði, hver skuli fyrstur greiða atkv.

Ég hefi þá drepið á brtt. mínar í aðaldráttum. Vænti ég þess, að þegar hv. þdm. hafa kynnt sér þetta mál til nokkurrar hlítar, þá muni þeir komast að þeirri niðurstöðu, að brtt. mínar séu til bóta yfirleitt, og sumar til stórbóta, og að þeir muni þess vegna greiða þeim atkv. þegar þar að kemur.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Ég hefi ástæðu til þess að þakka hv. meiri hl. n. fyrir afgreiðslu þessa máls, enda eru það nú hinir sömu menn, sem voru í n. í fyrra, og munu þeir því sennilega hafa getað byggt nokkuð á því, sem þeir gerðu þá, hvað athugun og undirbúning þessa máls snertir. Sú brtt., sem þeir gera um það, að ekki sé krafizt sérþekkingar í siglingafræði af dómaraefnum, fyrr en háskólinn getur veitt slíka fræðslu, má vel vera rétt sem stendur, en hv. meiri hl. viðurkennir þó, að þannig ætti þetta að vera, eins og frv. gerir ráð fyrir, alveg eins og með bókfærslumenntun lögfræðinga, sem til þessa hefir verið stórlega ábótavant, enda vanrækt að sjá fyrir sæmilegri kennslu í þessari grein í lagadeildinni, lögfræðingunum til stórskaða síðar meir. Það er áreiðanlegt, að það mun koma að því, að sjálfsagt þyki, að menntaður lögfræðingur beri skyn á sjófræði og siglingafræði, sem og bókfærslu. Hér er því einungis um tímaspursmál að ræða.

Þá kem ég að brtt. hv. minni hl. Þær eru margar og mynda nokkurnveginn samfellt kerfi innbyrðis, og ef þær verða samþ., gerbreyta þær frv. Í fyrra var íhaldsflokkurinn eindregið á móti opinberri atkvæðagreiðslu og barðist gegn því með offorsi. Nú hefir flokkurinn fallið frá því, líklega meðfram fyrir áhrif frá Dönum, sem eru í þann veginn að koma opinberri atkvgr. á hjá sér. Í Danmörku voru það einungis hæstaréttardómararnir í Kaupmannahöfn, sem beittu sér gegn þessari nýbreytni, enda er það mjög að vonum, því að gamlir menn eru jafnan lítið gefnir fyrir nýjungar og breytingar. Þegar um það var rætt hér, hvort taka skyldi upp munnlegan málaflutning, voru

yfirdómararnir hér mjög mótfallnir því, en þingið kom því fram, þrátt fyrir mótmæli þeirra. Ég bendi á þetta til þess að sýna, hvað þó hefir áunnizt síðan í fyrra í þessum efnum, og virðist íhaldsflokkurinn í þessu atriði hafa orðið fyrir áhrifum frá almenningsálitinu í landinu annarsvegar, og þetta til samans valdið því, að flokkurinn hefir látið undan og þar með stigið stórt spor í rétta átt. Ég held, að á sama veg fari um hin önnur nýmæli frv.; þau ná fram að ganga, þá er tímar líða. Ef t. d. að þessu sinni á að halda áfram að hafa æðsta dómstólinn „klíku" utan við þjóðfélagið, eða t. d. halda við röngu nafni dómsins, þá mun það kosta Alþingi langvinna baráttu hin næstu árin, en sem auðvitað endar með því, að þingið sigrar og kemur þeim umbótum fram, sem það telur nauðsynlegar.

Ég ætla nú ekki að fara nákvæmlega út í þessar brtt. Flest er þetta þrautrætt áður. Þó viðurkennir hv. minni hl., að hæstaréttarnafnið sé dálítið óviðfeldið, en honum finnst óhugsandi annað en að nafn æðsta dómstóls okkar Íslendinga verði að vera bergmál af heiti dönsku dómstólanna, ef ekki þýðing á orðinu „Højesteret", þá þýðing af orðinu „Overret". Ég held, að það sé dálítið óheppilegt fyrir þá menn og þann flokk, sem vill slá fast á strengi þjóðernis og sjálfstæðis, að beita sér svo mjög gegn þjóðlegum breytingum á nafni æðsta dómstólsins. Ég er viss um, að þjóðerniskennd Íslendinga mun ekki þagna fyrr en hún hefir unnið sigur í þessu efni, fyrr en að fullu er brúað milli nútíðarinnar og lýðveldistímabilsins. Sú kennd, sem ekki getur þolað óíslenzkt og óviðeigandi nafn á sínum æðsta dómstól, sú þjóðernislega réttlætistilfinning, sem studd er af heilbrigðri skynsemi, mun áreiðanlega vinna sigur í þessu efni, hvort sem það verður á þessu þingi eða síðar.

Ég vil ekki segja, að 2. gr. frv. sé í raun og veru stórt atriði, en það er hinsvegar einkennileg tilhneiging hv. frsm. minni hl. n. og annara flokksmanna hans að vilja halda í þetta ranga óíslenzka heiti á dómstólnum.

Um brtt. hv. minni hl. við 4. gr., á þá leið að fjölga þegar fastadómurum upp í 5, skal ég ekki fjölyrða, en það er áreiðanlegt, að fyrir því eru a. m. k. engar knýjandi ástæður, og það atriði mætti gjarnan bíða og takast til athugunar, en það eru a. m. k. tvær ástæður á móti því. Fyrst er það, að fjölgun dómaranna hefði áreiðanlega allmikinn kostnað í för með sér, einkum ef samtímis á að hækka laun dómaranna, en hin er sú, að í svo fámennu landi sem okkar, er ekki jafnan á hverjum tíma völ hæfra manna til að taka sæti í réttinum, er fullnægi þeim kröfum um fræðilega þekkingu og persónulega reynslu, sem gera verður til æðstu dómara þjóðarinnar.

Ef gengið er út frá því, að dómarar hætti störfum á 65 ára aldri og á það er litið, að allir dómarar hæstaréttar hafa innan skamms náð því aldurstakmarki, þá skiptir það ekki svo litlu máli frá fjárhagshlið skoðað, ef bæta á í hópinn, e. t. v. samhliða hækkuðum launum, kannske 4 mönnum á háum launum. Ennfremur hefir einmitt dómurinn sjálfur viðurkennt, að mörg mál séu svo einföld, að ekki sé ástæða til að hafa fleiri en 3 dómara. Það virðist, að alltaf sé opin leið síðar til þess að fjölga dómurunum, ef þörf er á, en að þessi leið sé varfærnari, sem frv. bendir á. Annars sýnist það einkennilegt, að maður úr þessum flokki skuli einmitt verða til þess að bera fram till. um fjölgun dómenda, og gera með því tilraun til að ónýta verk samflokksmanns síns, Jóns heitins Magnússonar, er barðist fyrir fækkun dómenda í hæstarétti niður í 3.

Allmargar breyt. hv. minni hl. eru afleiðing af till. um fjölgun dómenda, og verða því þeirri till. samferða.

Ef Alþingi treystir sér til að fjölga dómendum í hæstarétti, þá er náttúrlega ekkert við því að segja, en það kostar vitanlega sína peninga.

Sú leið, sem frv. bendir á í þessu máli, er skynsamleg millileið eins og nú standa sakir og virðist eðlilegt spor í áttina.

Hv. minni hl. vill í brtt. sínum við 8. gr. frv. ekki, að dómarar hæstaréttar séu undanþegnir þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir inngöngu í fimmtardóm, og er það dálítið einkennileg brtt. Þá vill hann endilega bæta skýringu við 30 og 60 ára aldursákvæðin, sem er að vísu óþörf, en

meinlaus, og skal ég ekki fjölyrða um það.

Þá vill hv. minni hl. halda við gildandi ákvæðum um dómaraprófið, þó að flestir fróðir menn í þeim efnum líti svo á, að niðurfelling þess sé eitt hinna sjálfsögðustu umbóta. Það er fyrir löngu þrautreynt, að það er ekki mikið hægt að leggja upp úr úrskurðum réttarins sjálfs í þessum efnum. Landsyfirrétturinn skildi ekki á sínum tíma yfirburði munnlegs málflutnings fram yfir skriflegan, en Alþingi skildi það; aldarhátturinn krafðist þess. Hjá nágrannaþjóð okkar, Norðmönnum, eru þessi íhaldsákvæði um dómarapróf felld úr lögum og samskonar ákvæði og í frv. tekin í staðinn, og einnig ákvæði um opinbera atkvæðagreiðslu dómenda í málum. Eins og hv. minni hl. tók fram, er hæstiréttur Dana sá dómstóll, sem heldur fast í ákvæðin um dómarapróf og leynilega atkvgr., en slíkur afturhaldsandi er í beinni andstöðu við siðferðiskröfur nútímamenningarinnar.

Hver þjóð hlýtur að eiga kröfu til þess að fylgjast með gerðum svo þýðingarmikillar stofnunar sem hennar æðsti dómstóll er. Hún sættir sig ekki við það, að hann sé slitinn úr lífrænu sambandi við hana, sé lík í lestinni. Þetta veit ég, að hv. minni hl. skilur, en ég skil það á hinn bóginn, að hann eigi erfitt með að gefast upp og viðurkenna þennan sjálfsagða rétt, eftir það sem á undan er gengið, er hann hefir orðið að beita sér fyrir skilningi síns flokks, er stendur á þessu úrelta menningarstigi.

Hv. minni hl. hélt því fram, að dómstóllinn mundi helzt aldrei nota sjálfsköpunarrétt sinn með því að fella mann við dómarapróf. En hvert gagn er þá að dómaraprófi? Það kom ljóst fram hjá hv. 4. landsk., að dómurinn mundi, þegar um próf væri að ræða, aðeins líta á ytri hlið á störfum mannsins, á viss formsatriði, en ekki á manngildi hans eða hæfileika. Annars er það undarlegt, að stjórn og dómstóll skuli líta á málið frá svo ólíkum sjónarmiðum og úrskurða eftir gagnólíkum forsendum.

Eins og hver maður getur skilið, getur engin frjáls þjóð búið við þá stofnun, sem ekki má breyta, sem ekki má skapa í samræmi við aldarhátt og menningu.

Ég tók í fyrra það dæmi við umr. um þetta mál, að ef það kæmi fyrir, að dómurum í hæstarétti dytti í hug að taka sem innlegg í máli fyrir dómstólnum skýrslu frá framliðnum mönnum, ef þeir kannske fengju í sig þær „grillur", að koma mætti með málsvörn í máli handan um haf dauðans, þá gerðu þeir sig vitanlega seka í hlægilegri vitleysu, en við því væri samt ekkert að segja eins og nú standa sakir.

Stjórn eða hæstiréttur eru hvorugt alfullkomnar stofnanir, en munurinn er sá, að stjórnir fara og koma, þær standa undir aðhaldi almenningsálitsins og atkvæði borgaranna, en dómarar í hæstarétti, eins og fyrirkomulagið er nú, eru slitnir úr lífrænu sambandi við sitt þjóðfélag. Þeir eiga sem minnst að hafa saman við það að sælda, þeir mega ekki hafa afskipti af þjóðmálum, ekki taka þátt í opinberum störfum, sem raunar er kannske ekki að lasta, en svo eiga þessir menn að velja sína samverkamenn mann fram af manni. Þessir dómarar, sem ekki telja sér skylt eða ekki vilja rökstyðja sína dóma, þeir mundu áreiðanlega ekki frekar telja þörf á að rökstyðja það, hvers vegna þeir felldu mann frá dómaraprófi.

Ég býst við, að hv. minni hl. segi, að Norðmenn hafi valið illa sína dómara, en ef hann væri kunnugur skoðunum Norðmanna sjálfra, þá fengi hann að vita það, að norski hæstirétturinn þykir betri nú en meðan dómaraprófið var í lögum. Óánægjan var orðin þar svo hávær yfir skipun réttarins og fyrirkomulagið svo dautt fyrir þjóðinni, að ekki einu sinni hinum afturhaldssömustu hægrimönnum dettur í hug að halda fram dómaraprófi.

Norska fyrirkomulagið er nýtt og sniðið eftir kröfum tímans; það er fyrirkomulag, sem þjóð okkur náskyld tekur upp og reynist vel. En okkar fyrirkomulag er sniðið eftir fyrirkomulagi hjá fjarskyldari þjóð og hennar úreltu reynslu.

Þá skal ég koma að brtt. hv. minni hl. við 14. gr., þar sem hann er að heimta hærri laun fyrir dómarana. Hann vill fá hærri laun, enga aðra breytingu. Mér dettur ósjálfrátt í hug frásögn úr frægu

skáldriti eftir Ibsen, um mann, sem er að drukkna. Hann vill biðja til guðs og ætlar að hafa vfir „faðir vor", en hann man það ekki; hann man ekkert nema orðin „gef oss í dag vort daglegt brauð". Eða þarf hæstiréttur máske meira daglegt brauð fyrir umhyggju sína með dánar- og þrotabúum?

Hv. minni hl. biður aðeins um hærri laun; hann sér ekki, að þurfi neinar umbætur — aðeins hærri laun. Ég fyrirlít þennan lága hugsunarhátt og ég vil álita, að lágum hugsunum hæfi lág laun.

Þá vill hv. minni hl. ekki hafa ákvæði frv. um félag málaflutningsmanna. Þau eru sett í frv. til þess að reyna að hafa bætandi áhrif á siðferði innan þessarar stéttar og eru sniðin eftir fyrirmyndum í nærliggjandi löndum. Með þessum ákvæðum eru málaflutningsmennirnir við fimmtardóm settir undir eftirlit stjórnar síns félags og félagið undir eftirlit landsstjórnarinnar. Þetta fyrirkomulag yrði vafalaust til stórbóta, því þó að því verði ekki neitað, að margir nýtir menn eru innan þessarar stéttar, þá eru til ýmsar misfellur þar, sem þörf væri að laga og félagi málaflutningsmanna væri auðvelt að leiðrétta. Það getur verið, að stjórn félagsins sé í frv. gefið fullmikið vald til þess að ákveða taxta málaflutningsmanna, og er ég fús til þess að eiga samstarf við hv. minni hl. um breytingu á þeim ákvæðum.

Brtt. hv. þm. við 64., 65. og 66. gr. eru afleiðing af öðrum brtt., sem falla, ef þær brtt. verða felldar, og þarf ég ekki að fjölyrða um þær.

Mín niðurstaða af athugunum á afstöðu meiri og minni hl. n. er sú, að nefndarhlutarnir geti orðið sammála um eitt þýðingarmikið atriði, og það er hin opinbera atkvgr. Hinar brtt. minni hl., hv. 4. landsk., miða allar að því, að breyta frv. í hið úrelta, gamla form, og er því ekki hægt að fallast á neitt af þeim. Hann segir, að ekki sé fært að breyta neinu öðru í núverandi fyrirkomulagi fyrir utan opinbert dómsatkvæði, nema að hækka laun dómaranna.

Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason) [óyfirl.]: Ég get að sjálfsögðu stytt svar mitt til hv. minni hl., þar sem hæsty. dómsmrh. hefir nú farið yfir flestar brtt. minni hl. og aths. hans fara að mestu leyti saman við mínar skoðanir.

Hv. minni hl. vildi halda því fram, að ég hefði í fyrstu aðallega lagt áherzlu á eitt atriði frv., og það var opinbera atkvæðagreiðslan. Ég tilfærði þetta atriði ekki sérstaklega, en ég vitnaði til samskonar ákvæða í hliðstæðum lögum í Noregi og að því væri ekki rétt að sleppa því að taka þau atriði með, eins og niðurfellingu dómaraprófsins. Það er heldur ekki rétt, að meiri hl. hafi ekki viljað ganga inn á neinar breyt.; hann lét í ljós, að samkomulag gæti orðið um viss atriði, og hv. þm. man, að við umr. n. var samkomulag um mörg atriði. Ég skal upplýsa það, að samkomulagið sprakk aðallega á einu atriði, og það var dómaraprófið, en hitt er ekki rétt, að samkomulag hafi verið ófáanlegt um nokkurt atriði, eins og hv. þm. hélt fram. En þegar það var séð, hvernig fara mundi um þetta þýðingarmikla atriði, var meiri hl. það ljóst, að n. hlaut að klofna.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um brtt. minni hl., en ætla fyrst að minnast á ummæli hans um brtt. meiri hl. Mér finnst hann gera tilraun til þess að snúa út úr afstöðu okkar viðvíkjandi ákvæðum um þekkingu dómaranna í siglingafræði, þar sem hann sagði, að við vildum koma upp einskonar námskeiði við háskólann í þessum efnum. Það er ekkert hægt að finna í nál. meiri hl., sem bendir á það. Við leggjum til, að ákvæði 8. og 64. gr. frv. um siglinganámskeið falli niður, þar til séð verður fyrir fræðslu í því efni við háskólann, sem þykir eiga við. Ég sveigði einmitt að því í framsöguræðu minni, að ég teldi þessa fræðslugrein nauðsynlega í háskólanum, og að ég vonaði, að það yrði séð fyrir fræðslu í henni, er háskólinn þroskaðist betur.

Um 7. brtt. við 4. lið 8. gr. frv., þar sem lagt er til, að tekin séu upp í frv. ákvæði um dómarapróf, notaði hv. þm. svipuð rök hér í hv. þd. og í n. Hann sagði, að engin hætta fylgdi því að fá dómstólnum þetta vald, því að hann mundi ekki nota það með því að fella umsækjanda frá prófi.

Ég verð að játa það, að þetta er utan

við það svið, sem mín þekking nær yfir.

Ég get ekki séð, hvaða sanngirni það er, að framkvæmdarvaldið fari með þetta, að láta það tilnefna menn til hæstaréttar. Því ef það misnotar þetta vald sitt, hvar stöndum við þá? En minni hl. staðhæfir, að það komi ekki til, að valdir séu menn, sem hætta er á, að falli. Ég get ekki samrýmt þetta. Svo er eitt enn, sem líka er í mótsögn; frsm. minni hl. sagði, að auðvitað væri ekki útilokað, að óhæfir menn gætu komizt í hæstarétt, en það yrði að vera á valdi framkvæmdavaldsins að koma í veg fyrir þetta.

Mér finnst þessi röksemdaleiðsla þannig, að ég skilji hana ekki. Ég get sagt og skýrt ástæðuna, sem gerir skiljanlegt, að ég skil þetta ekki, en hún er sú, að ég hefi litla þekkingu á þessu sviði, en þar sem ég get komið minni þekkingu á góðum prófum að, þá legg ég lítið upp úr prófum yfirleitt, en þetta er prófraun, og út frá þessari þekkingu minni á öðrum prófum á lægri stigum álít ég þetta próf til hæstaréttar lítilsvirði; því þó ég sem óbreyttur almúgamaður hafi komizt á þing, og hafi ekki sérbekkingu á þessu atriði, þá finnst mér eðlilegt, að ég álykti út frá þeim sviðum, sem ég hefi reynslu af.

Ég vil taka það fram, að ég byggi ekki lítið á, að Norðmenn hafa haft þetta ákvæði í lögum sínum yfirleitt, og hefi sagt, að það er einn hæstaréttardómari þar, sem ekki vill skipta um lögin yfirleitt. — Annars er ekki ástæða til að deila um þetta. Hér er um svo mikinn meiningarmun að ræða, að á þessu atriði strandaði allt, og sprakk samkomulagið á því.

Svo var það 2. brtt., sem ég vildi segja örfá orð um. Það er brtt. um hækkun launa. Hv. frsm. minni hl. sagði, að það þyrfti að launa þessar stöður svo vel, að ekki væru aðrar stöður betur launaðar. Ég veit heldur ekki til, að aðrar stöður séu betur launaðar, nema ef vera skyldi ráðherrastaðan. Það getur verið, að ýmsir „forretningsmenn“ og málaflutningsmenn geti skapað sér betri laun, og öllum er ljóst, að bankastjórar hafa hærri laun, en þjóðfélagið getur ekki elt það. Það verður að miða embættismannalaun við eitthvert fast kerfi; og nú stendur svo á, að embættismannalaunin okkar hér eiga ekki við. Það liggur fyrir endurskoðun á þeim; ég álít ekki rétt að taka þessa sérstöku embættismenn út úr og hækka laun þeirra. Hv. frsm. minni hl. vildi láta skína í það, að fyrir okkur meirihl.mönnum hefði ekki vakað annað í grg. en það, að þar sem þetta atriði sé það eina, sem andstæðingar frv. viðurkenna, að sé rétt, þá sé ekki ástæða til að halda því fram, en það er ekki rétt af honum að halda þessu fram, að þetta hafi verið eina ástæðan til, að meiri hl. var með þessu, því ástæðan var sú, að meiri hl. fannst ekki ástæða til að breyta löggjöfinni í þá átt að hækka launin. Í þessu felst engin umsögn um það, hvort hæstaréttarlaunin séu sæmileg eða ekki; við látum það mál liggja milli hluta, en álítum aðeins, að þau beri að endurskoða sem önnur laun.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða till. minni hl. Þar eru margar afleiðingar af fáum breytingum. Ég vil aðeins geta þess, að ég skildi hv. frsm. minni hl. þannig í n., að fimmtardómsnafnið væri frekar tilfinningamál en að það hefði mikla þýðingu. Mér virtist, að ef það hefði ekki verið annað, sem á milli bar, þá hefði samkomulagið ekki sprungið á því, en hitt skil ég vel, að úr því hann gerði brtt. á annað borð, þá yrðu þær sem róttækastar, og lái ég honum það ekki, en geri ráð fyrir, að hann mundi þó ekki ganga á móti frv., þó þær yrðu ekki allar samþ. En mér þykja líkur til þess, að það velti á því, hvernig fer um ákvæðið um prófin; það kom fram í n., og þarf hv. frsm. minni hl. ekki að koma það á óvart, þó að við höldum fast við okkar skoðanir um það.

Ég læt svo útrætt um þetta mál að öðru leyti en því, að hér í brtt. eru orðabreytingar, sem ég tel, að skipti ekki miklu máli, hvort verða samþ. eða felldar. Þær hafa ekki verulega þýðingu, og tel ég að þær raski ekki mikið ákvæðum frv.

Um það, sem hv. 4. landsk. gaf í skyn, að þetta mál væri flutt og fylgt með flokksfylgi einu saman, er það að segja, að ég tel hann standa höllum fæti með slíka aðdróttun. Ég hygg, að þegar á sögu þessa máls er litið og hún skráð, þá komi í ljós, að þessi ásökun eigi ekki síður við

flokksmegin hjá honum. Nú er svo komið, að hv. frsm. viðurkennir, að eitt atriði þessa frv. sé rétt og gott, en í fyrra komst það ekki svo langt.

Ég tel, að hv. frsm. minni hl. hafi ekki ástæðu til að vefengja, að það er trú okkar meirihl.manna, að þessi breyt. verði til bóta fyrir þjóðina. Ég átti ekki von á því, að hv. frsm. minni hl. færi að staðhæfa, sínu máli til hagsmuna, að við héldum fram þessu máli af flokksfylgi.

Frsm. minni hl. (Pétur Magnússon): Ég skildi frumræðu hv. frsm. meiri hl. þannig, að sú breyting frá núv. skipulagi, er hann lagði mest upp úr, væri hin opinbera atkvgr. Það var því ekki af neinni löngun til að hártoga orð hans, að ég gat þess, að n. hefði getað haldið áfram samstarfi, ef þetta væri höfuðatriði. Annars get ég ekki kannast við, að meiri hl. hafi gefið í skyn, að samkomulag gæti orðið um vissar breyt. á frv. Á þeim 2 sameiginlegu fundum, sem haldnir voru um þetta mál í n., skildi ég hv. samnefndarmenn mína þannig, að þeir vildu engu breyt. á frv. gera, þó þeir síðar kæmust að þeirri niðurstöðu, að „siglinganámsskeiðið" væri ekki allskostar tímabært. Um það atriði vil ég eigi þrátta meira við hv. frsm. meiri hl. Ég vil aðeins benda honum á, að jafnvel þó samskonar náms væri krafizt af dómurum eins og þeim mönnum, sem ætla að gera siglingar að æfistarfi sínu, þá mundi þá vanta æfinguna, leiknina í að beita kunnáttunni, sem vissulega er eigi minna verð en hin bóklega kunnátta.

Ég skal þá fyrst víkja að dómaraprófinu. Mér þykir undarlegt, með jafngreindan mann og hv. frsm., ef hann í raun og veru á svo erfitt með að skilja það, sem ég held fram um þetta atriði, sem hann vill vera láta. Honum fannst mótsögn í því hjá mér, að ég vildi halda fast við dómaraprófið, en teldi þó, að sjaldan mundi koma fyrir, að dómaraefni féllu á prófi, og kannaðist auk þess við, að dómaraprófið væri eigi einhlítt til að fyrirbyggja, að óheppilegir menn kæmist í réttinn. Ég skal nú reyna að skýra þetta nánar.

Við getum verið sammála um það, að skilyrðin fyrir því, að menn geti orðið góðir dómarar, eru í fyrsta lagi, að þeir hafi góða dómgreind; ennfremur að þeir hafi þekkingu til að bera, og í síðasta en ekki sízta lagi, að þeir séu mannkostum búnir. Dómaraprófið á að fyrirbyggja það, að þeir menn, sem ekki uppfylla tvö fyrstu skilyrðin, geti orðið dómarar, því það er ekki líklegt, að maður, sem ekki hefir hæfileika eða þekkingu, geti staðizt þá prófraun, og ráðh., sem veit, að dómaraefnin verða að ganga undir þessa raun, hlýtur að líta á það, að senda aðeins þann, sem hann treystir til að standast raunina. Það væri gagnslaust fyrir ráðh. að senda til prófsins mann, sem skorti þessi skilyrði, þó hann annars hefði freistingu til að veita honum embættið. Dómaraprófið er hinsvegar útilokun þess, að miður heppilegir menn komizt í þetta sæti, því það nær aðeins til hæfileika og kunnáttu, en getur ekki skorið úr um, hvort maðurinn hafi mannkosti til að bera, því ekki er hægt að leggja próf á mannkosti. Þá hlið málsins verður því að fela framkvæmdavaldinu og misnotkun í þeim efnum verður eigi fyrirbyggð, fremur en á öðrum sviðum framkvæmdavaldsins.

Annars er það einkennilegt, að það er eins og komið sé við hjartað í meirihl.-mönnum, þegar talað er um hættu á misnotkun við veitingu dómaraembætta. Það er eins og þeim finnist nærri sér höggið, eða einhver þeim nákominn hafður í huga í því sambandi. Ég hefi ekki gefið neitt slíkt í skyn. Það eru aðeins þeirra eigin hugrenningar, sem leiða þá að ákveðnum persónum. Ég vil aðeins benda þeim hv. mönnum, sem mest eru á móti prófinu, á það, að fyrir hverja stj. getur verið mikil freisting að velja ekki endilega þann manninn, sem hún álítur hæfastan, t. d. að hún vilji losna við flokksbróður út úr pólitíkinni, — sem alltaf getur komið fyrir; hann gæti verið sæmilegur maður, þótt hann væri ekki sá hæfasti. En að þetta komi fyrir, á að fyrirbyggja eftir því sem mögulegt er.

Úr því farið er að tala um þetta atriði, vil ég minnast á það, sem dómsmrh. sagði um það, þó það sé hin mesta fjarstæða. Hann komst svo að orði, að í öðrum löndum væru afturhaldssamir hæstaréttardómarar þeir einu menn, sem ekki

skildu þörfina á þessum breytingum um afnám dómaraprófsins. Ég undrast það, ef dómsmrh. skilur ekki, að í þessu sambandi er það hann, sem er sá afturhaldssami. Hann vill draga þetta í það sama horf og það var í fyrir löngu síðan, og reyna að draga dómsvaldið aftur undir framkvæmdavaldið; hann vill gera dómsvaldið pólitískt.

Það er bent á það í áliti hæstaréttardómara, sem prentað er í þingtíðindunum 1930, þskj. 374, að í nýlegum hæstaréttarlögum sé alstaðar tekið upp dómarapróf utan einræðislandanna, því það er lífsskilyrði fyrir einvaldsherrana að geta haft ítök í dómsvaldinu. Að tala um sjálfsköpun réttarins í þessu sambandi, er aðeins firra. Reynslan hefir alstaðar sýnt, að það er hrein undantekning, að dómaraefni falli á prófi, og hefi ég sýnt fram á, hvernig í því liggur. Það er erfitt að rökræða þetta við dómsmrh., því hann gengur út frá því, að dómarar eigi að vera rangsleitnir.

Ég tók eftir því, að hann sagði í ræðu í fyrra, að ef allir hæstaréttardómarar væru adventistar, myndu þeir ekki hleypa öðrum inn í réttinn en þeim, sem líka væru adventistar. En ef allir ráðh. hugsa svona, hvar stöndum við þá? Það má þá ganga út frá því, að ráðh. setji í réttinn aðeins sína þægustu vikapilta, sem hann getur ráðið við. Öll ummæli dómsmrh. um það, að verið sé að slíta réttinn úr lífrænu sambandi, eru út í hött og fjarstæða, sem á upptök sín í hans eigin heila. Ætla ég svo ekki að ræða frekar um dómaraprófið að sinni.

Hæstv. dómsmrh. og hv. frsm. meiri hl. minntust báðir á launaspursmálið, en þó hvor á sinn veg. Hv. frsm. sagði, að ég hefði dróttað því að sér, að hann væri á móti hækkun launanna, af þeirri ástæðu, sem tilgreind er í grg. Þetta er ekki rétt hjá honum, enda væri það alveg ástæðulaust hjá mér, þar sem grg. er samin af öðrum, og ég veit, að hann er allt of vandaður og skynsamur maður til þess að hugsa á þann veg. En ég varð að benda á þetta, þar sem þessi röksemdafærsla er tekin upp í grg. og þar framsett af manni, sem kemur málinu inn í þing.

Hæstv. dómsmrh. gerði enga tilraun til að hnekkja því, sem ég sagði um þetta atriði. Hann sagði, að lágum hugsunarhætti hæfðu lág laun. Það má vel vera, að þetta væri góð regla, hve heppileg sem hún væri fyrir ráðh. sjálfan.

Hv. frsm. sagði, að engir starfsmenn hins opinbera hefðu hærri laun en hæstaréttardómarar. En þetta er misskilningur. Hv. frsm. nefndi sjálfur bankastjóra, er allir eru beint eða óbeint starfsmenn hins opinbera. Nú eru nýstofnaðar stöður við Landsspítalann og eru launin þar 15 þús. kr., en auk þess geta læknarnir haft allmiklar aukatekjur, svo að þeir hafa a. m. k. helmingi hærri laun en dómarar hæstaréttar. Svo eru og ekki fáir embættismenn, sem með aukatekjum komast upp úr þessu. Ég vil náttúrlega ekki halda því fram, að það eigi að launa dómara hæstaréttar betur en alla aðra. En launin verða að vera svo góð, að þessar stöður séu frekar eftirsóknarverðar en hitt. Og menn, sem búa yfir hæfileikum, sem dómarar hæstaréttar þurfa að hafa, eiga auðvelt með að útvega sér stöður með hærri tekjum, þó þeim kunni að fylgja meiri störf. En með þeirri útgjaldabyrði, sem ríkissjóður hefir, þá er þessi upphæð sem krækiber í ámu. Þetta ætti ekki að skipta svo miklu máli, þegar um er að ræða réttaröryggið í landinu.

Ég skal vera fáorður viðvíkjandi flokksfylginu, sem hv. frsm. meiri hl. minntist á í niðurlagi ræðu sinnar. Hann hélt því fram, að ég hefði enga ástæðu til að halda, að þeir sem fylgdu frv. óbreyttu, gerðu það af flokksfylgi. Það má sjálfsagt um það deila, hvort svo er. En fyrir mér stendur það svo, að sum af ákvæðum frv. séu svo augljós afturför frá því, sem nú er, að ég get ekki hugsað mér aðra ástæðu fyrir að menn fylgja því en flokksfylgi.

Þá eru örfá atriði í ræðu hv. dómsmrh., sem ég vildi víkja nokkrum orðum að. Hann sagði, að það væru áhrif frá frv. hans og „agitationinni“ í fyrra, sem væru þess valdandi, að ég væri orðinn fylgjandi opinberri atkvgr. í hæstarétti. Það lítur út fyrir, að hæstv. ráðh. sé illa að sér í þessu efni. Ég hygg þó, að hæstv. ráðh. viti, að í flestöllum löndum hafa staðið deilur um þetta atriði, þó að það hafi hvergi verið gert að því sáluhjálparatriði, sem hæstv. ráðh. vill gera það hér.

Þeir, sem með þessu ákvæði hafa verið, hafa sagt, að það sé svo mikill fróðleikur í því að sjá, hvernig dómarar, sem verða í minni hl., rökstyðji sitt álit, að það sé réttmætt, að menn fái að kynna sér það. Því að vitanlega kann það að koma fyrir, að dómari, sem er í minni hl., hafi meiri rök fyrir sínu máli. Menn eru ósammála um svo margt, því að enginn maður er fullkominn. En ég skal fræða hæstv. ráðh. á því, að það eru liðin 7 ár síðan félag málaflutningsmanna lét það álit sitt í ljós, að það teldi heppilegt að hafa opinbera atkvgr. í hæstarétti. Ég var þá þegar á þessari skoðun og hefi verið það síðan. En ég get þó engan veginn fallizt á, að þetta sé nokkurt höfuðatriði, þó að ég álíti það til hins betra. Það er því alger misskilningur hjá hæstv. dómsmrh., að hann eigi nokkurn þátt í því, hvernig ég hefi tekið í þetta mál nú. Enda hefi ég ekki hugmynd um, hvort flokksbræður mínir í þessari hv. d. eru mér sammála um þetta eða ekki.

Um nafnið á réttinum þýðir víst ekki að deila meira. Ég og hæstv. dómsmrh. höfum báðir sett fram rök okkar um það atriði. En spaugilegt finnst mér það, þegar hæstv. ráðh. segir, að réttlætistilfinning þjóðarinnar muni krefjast þess, að tekið verði upp gamalt heiti á dómstóli, sem var allt annars eðlis, og klína því á þennan dómstól. Nafnið verður aldrei annað en ambaga á þessum rétti.

Það er ekki svo mikið, sem skilur milli mín og hæstv. dómsmrh. hvað dómarafjölgun snertir. Hæstv. ráðh. játaði, að *mín till. um það væri betri*, en sagðist ekki geta gengið að henni af tveimur ástæðum. Var það þá fyrst og fremst vegna kostnaðar. Ég sýndi fram á það, að kostnaðarmunurinn er lítill, og ef sömu laun verða látin haldast, þá verður hann enginn. Það getur farið svo, að það verði dýrara með því fyrirkomulagi, sem frv. fer fram á.

Hin ástæðan var sú, að ekki væri völ á nógu mörgum hæfum dómurum. Þetta er ástæðulaus ótti hjá hæstv. ráðh., því að hér er sægur af upprennandi efnilegum lögfræðingum, sem væru mjög líklegir til þessa starfa, þegar þeim vex aldur og þroski.

Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að hæstv. ráðh. ætli að setja sig á móti brtt. minni við 4. lið. Það er nefnilega ekki rétt hjá honum, að greinin beri það með sér, að þetta sé veitingarskilyrðið. Upphaf gr. sýnir, að svo er ekki. Þar stendur: „Aðaldómarar í fimmtardómi skulu, auk almennra skilyrða, fullnægja eftirfarandi skilyrðum". Og svo kemur í 4. lið: „Séu eigi yngri en þrítugir og eigi eldri en sextugir". Eftir orðanna hljóðan er það svo, að dómari, sem orðinn er 60 ára, fullnægir ekki skilyrðinu til að sitja í dómi. Fjöldi manna, sem talað hafa við mig, *skilur þetta svo*, að dómari missi rétt til að sitja í dóminum, þegar hann er orðinn 60 ára. Auðvitað getur það ekki verið meiningin, því að það væri brot á stjórnarskránni.

Ég held það hafi verið í sambandi við dómarafjölgunina, sem hæstv. ráðh. gat þess, að reglan mundi vera sú, að dómarar vikju úr embætti 60 ára gamlir. Ég held, að hvergi í veröldinni sé sett svo lágt aldurshámark, og geri ég ekki ráð fyrir, að við höfum ástæðu til að ganga lengra í því efni en allir aðrir, enda hefi ég bent á, að flestir munu hvað hæfastir til þessa starfa einmitt nálægt 60 ára aldri.

Hæstv. ráðh. er farinn út úr deildinni, en það atriði, sem ég átti eftir, skiptir hann svo miklu, að ég sé mér ekki fært að tala um það nema hann sé við. Mun ég því ljúka máli mínu nú.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

106. Einkasöluheimild bæjar- og sveitarfélaga.

Á 23. fundi í Ed., 13. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um einkasöluheimild bæjar- og sveitarfélaga (þmfrv., A. 149).

Á 26. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Á þingi 1929 flutti ég frv. um heimild bæjar- og sýslufélaga til þess að taka upp einka-

sölu á ýmsum nauðsynjavörum. Þetta frv. er víðtækara en frv. 1929, því þar var ekki gert ráð fyrir, að heimildin yrði notuð nema ef um siglingateppu af völdum hafíss væri að ræða, eða öðrum siglingahindrunum. Hér í þessu frv. er gert ráð fyrir í tveimur fyrstu gr., að bæjarfélög taki einkasölu á nýjum fiski, brauðum, salti, kolum, sementi og trjávið, án þess að sú einkasala sé tekin vegna hættu, er stafi af siglingateppu. M. ö. o., sú heimild getur gert þessa verzlun fasta, ef bæjarfélögin nota heimildina á þessum vörutegundum. Það virðist því full ástæða til, að gengið sé lengra en frv. 1929 gerði ráð fyrir, um það, að koma betra skipulagi á sölu þeirra vörutegunda, sem telja má þarfar og nauðsynlegar og almenningur þarf að geta fengið með sem hagkvæmustum kjörum. Og ég býst við, að menn hafi almennt tekið eftir því, að sú vörutegund, sem menn nota mjög mikið til fæðu, fiskur, er einkennilega dýr hér á landi, miðað við það, sem fyrir hann fæst á erlendum markaði.

Það mun láta nærri, að fast verð á fiski hér á götunum í Rvík sé ekki undir 30 aur. kg. Þetta er venjulega sú tegund fiskjar, sem mjög lítið verð fæst fyrir á erl. markaði, þ. e. ýsa. En miðað við þetta smásöluverð fá sölumennirnir 165 kr. fyrir skpd. Tæplega er hægt að gera ráð fyrir, að meira fengist í útlöndum en sem svarar 12 aurum fyrir kg. af nýrri ýsu, eða 60—70 kr. fyrir skpd. Á þessu dæmi sést, að meira en lítið ólag er á fyrirkomulaginu, að svo mikið notuð vara skuli kosta þrefalt hærra verði hér en á erl. markaði. Það mun einnig vera til, að verð á ýsu komist upp í 50 aura kg. eða 250 kr. skpd. Í báðum þessum dæmum er miðað við fiskinn eins og hann kemur upp úr sjónum með haus og slógi. Til þess að ráða bót á þessu væri auðvitað hægt að fá fisk lægra verði, ef bæjarfélögin gera sjálf út fiskiskipin. Og ég held að óhætt sé að gera ráð fyrir, að nógur fiskur fáist á fiskimiðunum kringum landið til þess að fullnægja eftirspurn höfuðstaðarins og annara kaupstaða. Og ekki þarf að efast um að sú útgerð myndi bera sig eins vel, sem rekin væri til þess að selja fisk innanlands fyrir jafngott verð og fengist á útlendum markaði, eins og sú, sem byggir eingöngu á útlenda markaðnum. Ráðið til þess að bæta úr þessu háa verði er það, að bæjarfélögin sjái um, að nógur fiskur sé til fyrirliggjandi með því verði, sem fyrir hann fengist á erl. markaði. Það er í alla staði óeðlilegt, að þessi vara sé dýrari hér á landi en hún er seld á erl. markaði eftir að vera flutt héðan.

Ég efast heldur ekki um, að hægt sé að framleiða brauð ódýrar en á sér stað með þeim dreifðu kröftum, sem að brauðgerðinni vinna. Eftirtektarvert er það, að brauð munu dýrari hér í Rvík en í sumum öðrum kaupstöðum landsins þó hér muni ekki skorta þau vinnubrögð, er tilheyra hinni frjálsu samkeppni. Sömuleiðis er mjólkurverð afar hátt. Hér í Rvík kostar mjólkin 44 aura lítrinn, þó framleiðendurnir fái ekki meira en 20 aura fyrir lítra, með því að breyta henni í smjör, skyr og osta. Hér er óreiða, sem þarf að lagfæra. Ég efast ekki um, að sveitarfélögin geti kippt þessu í lag (ég á hér við kauptúnin). Það er og næsta óeðlilegt, að vörutegund, sem fæst rétt við landsteinana, skuli kosta meira hér en framleiðendurnir fá fyrir hana á erlendum markaði, eins og ég hefi áður bent á um fiskinn. Ég ætla að nefna sem dæmi upp á skipulagsleysið, sem ríkir við sölu þessara vörutegunda, að nú eru í Rvík einni saman um 80 mjólkursölubúðir. Hvað skyldi sölukostnaður mjólkur verða miklu minni ef þeim væri fækkað þannig, að enginn væri óþörf?

Þessar þrjár vörutegundir, sem ég hefi minnzt á, eru vitanlega þær vörutegundir, sem almenningur notar mjög mikið. Þó má telja fleira, sem er svo að segja jafnnauðsynlegt. Skal ég í því sambandi nefna kol, sement og trjávið. Hér í frv. hefi ég að vísu nefnt salt, en það er ekki eins mikið notað og kol eða byggingarefni. Yfirleitt má gera ráð fyrir, að bæjar- og sveitarfélög reyndu að sjá fyrir þessum vörum sem beztum og ódýrustum, og gættu þess einnig að hafa alltaf nægilegt fyrirliggjandi á markaðinum.

Ég skal nú ekki fara fleiri orðum um þann hluta frv., sem er nýr. Hér á þingi árið 1929 urðu nokkrar umr. um þá einkasöluhugmynd, sem kemur fram í þessu frv. og miðuð er við siglingateppu

af völdum hafíss eða annars, og hefi ég í því sambandi fá ný rök fram að færa með frv., þó ég láti nokkur orð fylgja til áréttingar.

Það er ekki úr vegi að geta þess, að síðan þetta frv. lá hér fyrir 1929 hafa komið fram raddir í líka átt og rök mín hnigu þá. A. m. k. mun ýmsum góðum mönnum og gegnum orðið ljóst, hversu slæmt ástandið er orðið innan verzlunarinnar. Og allt fyrirkomulag byggist á því, að engin teppa verði á samgöngunum — að skip komi mánaðarlega — og enginn forði er til fyrirliggjandi, þó um ísahættu sé að ræða. Menn hafa ekkert öryggi gegn þessari yfirvofandi hættu, a. m. k. ekki á Norðurlandi, meðan skipulag verzlunarinnar er svona. Og í þessari hv. deild hafa komið raddir frá 2 ráðherrastólum, sem látið hafa svo um mælt, að Norðurlandi stafaði mikil hætta af ísum, og geti slíkt jafnvel haft hungur í för með sér.

Þessir ráðherrar, sem ég ætla að minna á umr. eftir, könnuðust við, að afarmikil hætta gæti verið á siglingateppu við Norðurland. Er rætt var um ástæðuna fyrir því, að stj. skipti sér af deilunum milli sjómannafél. Rvíkur og Eimskipafél. Íslands árið 1929, en það var undir umr. um dýrtíðaruppbót embættismanna ríkisins hér í deildinni, þá hafði hæstv. fjmrh. þau ummæli um ástæðuna fyrir því, að stj. tók í taumana, sem hér segir: „Það er enginn maður bær um að stöðva samgöngurnar við Norðurland þegar það er bjargarlaust, en hafís getur lokað siglingarleiðunum", og er ég samþykkur ráðh. í því, að fyrirhyggjulaust var af Eimskipafél. að ætla að stöðva samgöngur við Norðurland í byrjun árs 1929, því ef hafís hefði þá stöðvað siglingarnar, var landið efalaust í mikilli hættu.

Við 2. umr. sama máls sagði hæstv. forsrh., að vegna yfirvofandi matvælaskorts á Norðurlandi hafi hann tekið þátt í að leiða til lykta deiluna milli Sjómannafél. og Eimskipafél., og áleit, að svo mikil hætta hefði stafað af siglingateppu, að ríkisstj. hefði átt að taka til sinna ráða.

Það er öllum ljóst, að þótt siglingateppa í byrjun ársins 1929 hafi átt sér stað af því að stj. Eimskipafél. vildi ekki láta skipin sigla, þá er víst, að hafísinn hafði eins mikil völd og stj. Eimskipafél. til að taka fyrir siglingar, engin máttarvöld geta afstýrt því, ekki stjórn Eimskipafélagsins frekar en aðrir.

Ég býst ekki við að þurfa að tala um, að hætt sé við, að hafís geti lokað siglingaleiðum við Norðurland og víðar, en þó vil ég minna á dæmi, þó langt sé síðan, að í lok 17. aldar lukti hafís næstum allt Ísland. Lagðist hafís þá að Norðurlandi og Austurlandi og að sunnan fór hann fyrir Reykjanes seint í apríl og lá í Faxaflóa fram í vertíðarlok, og þá var hægt að ganga á ís frá Akranesi til Rvíkur um krossmessu, segir í Ísl. annálum. Að norðan komst ísinn vestur fyrir Látrabjarg, svo Breiðafjörður var einn að nokkru leyti ísi laus. Eldri menn muna ísaárin 1880—88. Þá var hafís við Norðurland næstum á hverju ári. Þá tók þjóðin hallærislán í landssjóði um 90 þús. kr., og myndi sennilega skipta milljónum nú, sem þjóðin þyrfti að taka að láni, ef eins stæði á og þá. Þá naut þjóðin styrks frá útlendum þjóðum, um ½ millj. kr., og á þeim árum flúðu um 2 þús. Íslendingar til Vesturheims.

Hvar ættum við að taka lán nú, ef önnur eins ár kæmu og 1880—88, og hvert ættum við að flýja, eins og forfeður vorir þurftu að gera á þessum árum? Þó okkur gæti vitanlega hent það, að lenda í slíkum ísárum og kreppu og 1880—88, og ekki sé fullkomin lausn í frv. mínu, en ég hefi hugsað mér með frv. að fluttur væri inn forði á haustin, er nægði um vetrartímann, þá er það leið til að forðast ísahættuna að nokkru a. m. k. um það leyti árs, er ísahættan væri mest.

Ég hefi gert ráð fyrir, að tekin væri upp sú aðferð, að fluttar væru á haustin inn vörur, er nægðu fram á vor, ég tel meiri hættu nú, að fólk líði harðrétti af siglingateppu en fyrir síðustu aldamót, því nú er byggt meira á stöðugum ferðum frá útlöndum en þá. Það er hér um bil víst, að þó við fengjum aðeins kafla úr ári siglingateppu, þá færi svo, að þær verzlanir, sem hefðu litlar birgðir, myndu þrjóta að vistum á svipstundu, og þau heimili, sem sækja allar nauðsynjar sínar í verzlanirnar næstum daglega, eins og títt er orðið í kaupstöðum og kauptún-

um, yrðu bjargarlaus á sama tíma. Af þessu leiðir, að almennur skortur verður á brýnum nauðsynjavörum, sem sóttar eru til útlanda ef teppa yrði á í siglingum. Það getur farið svo, að teppa verði á siglingum í hálft ár, og er þá um mjög alvarlegar afleiðingar að ræða.

Ég lýsi ekki frekar þeim afleiðingum, og af því ég ræddi um þetta mál 1929, þá fjölyrði ég ekki meira um það að sinni. Ég vil svo óska þess, að frv. verði vísað til allshn., að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PH, EF, GL, IP, JBald, JónJ, JónasJ, GÓ,

nei: PM, BK, HSteins, JóhJóh, JÞ,

Einn þm. (EÁ) fjarstaddur.

Frv. vísað til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 9. apríl, var útbýtt nál. frá meiri hl. allshn., á þskj. 341, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

107. Varnir gegn kynsjúkdómum.

Á 25. fundi í Ed., 16. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16. 20. júní 1923, um varnir gegn kynsjúkdómum (þmfrv., A. 266).

Á 27. fundi í Ed., 18. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Steinsson): Þetta frv. er flutt að mestu óbreytt eins og Hannes Guðmundsson hefir samið það.

Þessir sjúkdómar, kynsjúkdómarnir, eru erfiðir kvillar og eru að því leyti erfiðari, að mörgum, sem hefir þá, hættir við að draga það að leita læknis. En það hefir það í för með sér, að lengri tíma tekur að lækna þá og að með því orsakast ný og ný smitun. Þess vegna liggur í augum uppi, að þetta eru alvarlegir kvillar, sem verður að stemma stigu fyrir eftir mætti.

Vegna einangrunar landsins var lengi svo, að lítið bar á kvillum þessum; en nú á seinni árum, síðan samgöngurnar urðu tíðari og viðskipti þjóða á milli hafa aukizt, hafa þessir sjúkdómar færzt mikið í vöxt, og síðan þeir urðu landlægir, hafa þeir breiðzt mikið út. Á síðustu árum hefir tala þessara sjúklinga aukizt um helming.

Það er langt síðan þinginu var ljóst, að hér var alvarleg hætta á ferðum, og það var með tilliti til þess, að lögin voru samþ. hér á þinginu 1923 um varnir gegn kynsjúkdómum. Í þessum lögum er ákveðið, að sjúklingar með kynsjúkdóma njóti ókeypis lækningar og nokkurs kostnaðar. En þó að megi segja, að allmikið gagn hafi orðið af þessum lögum og útbreiðslan hefði sjálfsagt orðið miklu örari, ef þau hefði ekki verið, þá hafa þau ekki náð verulega tilgangi sínum, sem m. a. sést á þeirri aukningu, sem orðið hefir á þessum 5 árum, sem lögin hafa staðið. Og aðalástæðan til þessa er sú, að mjög margir sjúklingar með þessa sjúkdóma eru kærulausir með að leita læknis, þá kemur og oft misskilin blygðunarsemi til greina, því að það er eins og menn fyrirverði sig fyrir að leita lækningar með þessa sjúkdóma. Önnur orsök er sú, að ekki hefir verið hægt að fá ókeypis spítalavist fyrir þessa sjúklinga, en oft bráðnauðsynlegt að leggja þá á sjúkrahús, því að oft hagar svo til, að húsakynni og aðbúnaður er svo bágborinn, að ekki er hægt að hafa sjúklinga í heimahúsum, og þá tvöföld hætta á, að þeir fái seint bata og smiti heimilisfólkið.

Þess vegna er það, að þetta frv. er flutt, til þess að reyna að ráða bót á þeim göllum, sem virðast vera á vörnunum gegn kynsjúkdómum.

Aðalbreytingin er sú, að ekki færri en 10 sjúklingum með þessa sjúkdóma skuli tryggð vist á sjúkrahúsi. En það hefir verið svo á undanförnum árum, að það hefir varla verið hægt að fá vist fyrir þessa sjúklinga. Þessu fylgir nokkur kostnaður, sem ekki verður þó svo tilfinnanlegur, því að þó tryggt sé rúm fyrir 10 sjúklinga, má gera ráð fyrir því, að sumir þeirra geti greitt spítalavist sína. Hin breytingin, sem í sjálfu sér er minni, er sú, að fella það niður, sem hingað til hefir gilt, að sjúklingar verði

að skrifa undir það og leggja drengskap sinn við, að þeir geti ekki greitt kostnaðinn við lækningu sjúkdómsins. Þessu er líka sleppt í lögum annara þjóða um þetta efni.

Eins og sést á grg., er í flestum löndum Norðurálfu komin alþjóðahjálp í þessum málum. Íslendingar hafa notið góðs af þessu, og er því óviðkunnanlegt, að ekki gildi sama regla um útlenda sjómenn hér.

Mér finnst vera mikið alvörumál hér á ferð og vona því, að hv. d. sjái sér fært að samþykkja það. Legg ég svo til, að því verði vísað til allshn.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Það er alveg rétt, sem hv. flm. sagði, að þetta er orðið talsvert alvarlegt mál fyrir okkur Íslendinga. Sú breyt., sem hér er aðallega farið fram á, er að koma kostnaðinum meira á almenning en verið hefir, og er það miðað við það, að þá verði hægt að halda sjúkdóminum í skefjum.

Ég verð að játa, að ég álít, að þetta sé þýðingarmikið mál, en hinsvegar finnst mér, að það verði að aðgætast vandlega, áður en mörgum hundruðum sjúklinga er varpað að meira eða minna leyti upp á ríkissjóð. Annarsvegar verður að líta á nauðsynina, en hinsvegar á getuna. Og ég sé í sjálfu sér enga ástæðu til þess, að menn, sem sæmilega eru efnaðir, borgi ekki læknishjálp fyrir sig. Það getur ekki orðið fyrr en út úr ítrustu nauðsyn, að slíkar ráðstafanir séu teknar upp, eins og t. d. með berklavarnir.

En ég álít heppilegt, að frv. hefir komið fram, af því málið er svo stórt, að nauðsynlegt er, að bæði Alþingi og eins borgarar landsins viti, hvað hér er á ferðum. Ég er ekki alveg viss um, að það eina, sem gera þarf í þessu máli, sé það, sem hv. flm. þessa frv. stinga upp á, en það er ef til vill einfaldast.

Ég vil svo styðja það, að þessu frv. verði vísað til n. til ítarlegrar meðferðar.

Flm. (Halldór Steinsson): Ég held, að það sé misskilningur hjá hæstv. dómsmrh., að allir sjúklingar með kynsjúkdóma skuli fá læknishjálp greidda að öllu leyti af opinberu fé. Aukinn kostnaður eftir þessu frv. verður eingöngu sá, að ætlazt er til, að eigi færri en 10 sjúkrarúm séu tryggð þessum sjúklingum. Kostnaður getur því ekki orðið tilfinnanlegur frá því, sem nú er, því að vitanlega er ætlazt til, að þeir borgi lækningarkostnað, sem hafa efni á því, alveg eins og hæstv. dómsmrh. sagðist álíta, að rétt væri, en úr því verður læknir að skera, hverjir borga og hverjir ekki. Kostnaður sá, sem þetta frv. hefir í för með sér, eykur því mjög lítið á þann kostnað, sem nú er í þessum efnum.

Dómsmrh. (Jónas Jónsson): Eins og hv. flm. hefir tekið fram, er mismunurinn á frv. og núgildandi lögum sá, að í lögunum er ætlazt til þess, að þeir, sem ekki geta borgað læknishjálpina, skuli senda ríkissjóði reikning yfir kostnaðinn og verði að gefa vottorð um, að þeir séu ekki færir um að greiða hann. En ef þessi ákvæði, sem hér ræðir um, koma til framkvæmda, þá mundi sú breyt. verða á, að öll slík borgun mundi koma niður á því opinbera, hvort sem sjúklingar væru fátækir eða ekki.

Flm. (Halldór Steinsson): Þetta er misskilningur hjá hæstv. dómsmrh. Eftir lögunum eins og þau eru nú, þá er það svo, að þeir sjúklingar, sem þurfa að fá ókeypis læknishjálp, skuli gefa drengskaparvottorð um, að þeir séu ekki færir til þess. En samkv. þessum ákvæðum á læknir að geta úrskurðað um það, hvort þessir menn séu færir um að borga eða ekki. Og það er fullt eins tryggt, að læknir gefi vottorð um þetta eins og að sjúklingarnir geri það sjálfir. Í framkvæmdinni verður þetta engu dýrara fyrir ríkissjóð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

108. Hjúskapur, ættleiðing og lögráð.

Á 30. fundi í Ed., 21. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta koma í gildi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, snertandi hjúskap, ættleiðingu og lögráð (þmfrv., A. 240).

Á 32. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil þakka hv. allshn. fyrir að bera fram þetta frv. og það frv., sem er hér 4. mál á dagskrá (innheimta meðlaga), en ég sé enga ástæðu til þess að ræða um efni þess hér í hv. deild. Samningurinn sjálfur er prentaður sem fylgiskjal með frv., og þar má sjá, að málið hefir fengið þann undirbúning, sem því bar.

Samkv. 17. gr. Stjskr. er rétt, að þetta mál sé lagt fyrir Alþingi.

Þarf ég svo ekki að fara um frv. fleiri orðum.

Jón Þorláksson: Ég hafði búizt við, að hæstv. forsrh. myndi gera fyllri grein fyrir ástæðunni til þess, að þetta frv. er borið hér fram á Alþingi. Ég gat ekki fundið neina ástæðu til þess í grg. frv., að þessa leið skuli fara til þess að koma í gildi milliríkjasamningum, slíkum sem þessum. Það er a. m. k. mjög óvenjuleg leið, að slíkir samningar séu gerðir gildandi með lögum. Hæstv. forsrh. vísaði í 17. gr. stjskr., án þess að gera grein fyrir, hvers vegna frv. er borið fram. Fyrst í 17. gr. stjskr. segir svo: „Konungur gerir samninga við önnur ríki". — Fyrst eftir að sambandsl. gengu í gildi og stjskr. var sett, þótti mönnum leika nokkur vafi á, hvernig þessu ákvæði skyldi fullnægt, þar sem það er tekið fram í sambandsl., að Danmörk skuli fara með utanríkismál Íslands í umboði þess. En sú venja varð þó fljótt ráðandi, að í hvert sinn og ráðh. vill, að gerðir séu slíkir samningar við eitthvert ríki, þá er ákvæði 17. gr. stjskr. fullnægt með því, að útvegaður er konungsúrskurður þar að lútandi, með undirskrift íslenzks ráðherra.

Ég gat ekki fundið neitt það í þessum samningum, er gerði nauðsynlegt að víkja frá þessari reglu. Þó eru til samningar, sem skylt er að leggja fyrir Alþingi, en um það segir svo í 17. gr. stjskr.:

„Þó getur konungur enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til".

Í þessum málum er gert ráð fyrir samþykki Alþingis, en ég get ekki fundið, að þessara ákvæða vegna þurfi að leggja þau mál, sem hér eru til umr., fyrir Alþingi.

Eins og kunnugt er, er jafnan í þingbyrjun kosin utanríkismálan. til eins árs, og mun ætlazt til, að slík mál sem þessi séu borin undir hana. Mér þykir það ærið undarlegt, ef það er ætlun hæstv. stj. að breyta þeirri venju, sem hefir verið fylgt hingað til, og láta samþ. þessi frv., án þess að bera þau að neinu leyti undir utanríkismálanefnd.

Ég vil svo vona, að þessi orð mín gefi hæstv. forsrh. ástæðu til frekari skýringa.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ástæðan til þess, að frv. þetta er borið fram, er sú, að lögfræðingar stjórnarráðsins litu svo á, að það bæri að gera með tilliti til 17. gr. stjskr.

Mér er næst að halda, að leitað hafi verið álits utanríkismn. um þetta mál. (**JÞ:** Nei). Það getur verið, að hv. þm. hafi ekki verið þá á fundi. En annars er sjálfsagt að leita umsagnar hv. n., og má koma því fyrir eins og þegar rætt var um uppt'öku Íslands í Þjóðabandalagið í Nd. Þá var málinu vísað til allshn. samkv. þingsköpum, en hún beðin um að leita umsagnar utanríkismn. Legg ég til, að eins verði farið að um þetta mál.

Jón Þorláksson: Það er engin skýring hjá hæstv. forsrh., þótt hann segi, að lögfræðingar stjórnarráðsins hafi lagt til,

að svona væri farið að, þegar ekki er greint frá þeim ástæðum, sem þessir lögfræðingar hafa fært fyrir máli sínu. En ég álít það varhugavert, bæði vegna þingstarfa og samningagerða, ef á að festa þá venju, að milliríkjasamningar verði ekki gerðir nema samþykki Alþingis komi til. Ég skal t. d. benda á, að það útilokar, að samningar verði gerðir milli þinga.

Ég þori auðvitað ekki að fullyrða, að aldrei hafi verið minnzt á þetta mál í utanríkismn., en samkv. dagskrá og fundarboði hefir það aldrei verið þar til umræðu.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Þar sem ég geng út frá því, að sú málsmeðferð verði höfð, sem ég áður gat um, tel ég óþarfa að ræða málið frekar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

109. Innheimta meðlaga.

Á 30. fundi í Ed., 21. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta koma í gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga (þmfrv., A. 241).

Á 32. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Fors.- og atvmrh. (Tryggvi Þórhallsson): Ég vil aðeins óska þess, að þetta mál fái sömu afgreiðslu og 3. mál (hjúskapur, ættleiðing og lögráð), að því verði vísað til 2. umr. og allshn., sem síðan leiti umsagnar utanríkismálan. um málið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

110. Merking á útfluttum saltfiski.

Á 34. fundi í Ed., 26. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um merking á útfluttum saltfiski (þmfrv., A. 249).

Á 37. fundi í Ed., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Erlingur Friðjónsson): Ég hefi leyft mér að flytja þetta frv. um merkingu á útfluttum saltfiski. Ástæður mínar eru þær, að ég tel rétt, að hið opinbera hafi afskipti af því, hvernig sú vara er merkt. Fyrst og fremst er nú orðin lögfest merking á kjöti og ull, og sérstaklega er þörf að fá fastar reglur um merkingu á þessari vöru, sem merkja þarf með tilliti til tegundar, stærðar, verkunarstigs og gæða, og verður því merkingin að vera mjög margbrotin, til þess að sundurgreining sé nægileg, og skiptir því miklu, að fundin sé sem auðveldust leið í málinu. Fram á síðustu ár hefir ekki nema tiltölulega lítill hluti saltfiskjar verið merktur við útflutning. Merki er ekki hægt að setja á annan fisk en þann, sem fluttur er út í umbúðum. Og eins og kunnugt er, eru ekki nema ein 2—3 ár síðan tekin var upp sú regla að flytja fiskinn út í umbúðum.

Það hefir verið svo og mun verða áfram, ef þingið hefir ekki afskipti af, að útflytjendur skipa fyrir um merkingu á fiskinum, eftir því sem þeir telja haganlegast fyrir sig. Útflytjendur hafa sitt merkið hver og breyta tíðum um merki frá ári til árs. Kemur það tíðum fyrir, að sami framleiðandi selur jafnvel 4 útflytjendum fisk sama árið, og verður seljandinn þá að breyta um merkingu á fiskinum eftir vilja hvers útflytjanda. Aðaltilgangur þessa frv. er að samræma merkingu á fiskinum og að sama aðalmerki geti gilt fyrir alla útflytjendur, þó svo, að útflytjendur geti sett sitt merki á hvern pakka, 2—3 stafi, í stað þess að þeir hafa sett heilt orð eða tvö orð auk tölustafa á hvern pakka. Merkingin, sem

hér er gert ráð fyrir, er þannig t. d., að stórfiskur nr. 1, fullþurr, sé merktur: „1. A. 1." og þar undir orðið „Ísland" á miðjum pakka, til þess að sýna, að hér sé um íslenzka vöru að ræða. Útflytjandi hefir þá rétt til að setja merki sitt á efra horn pakkans til vinstri handar, en sé annar seljandi en útflytjandi, má setja merki seljanda í efri horn pakkans til hægri handar. Annars gæti komið þar merki landsfjórðungs eða útflutningsstaðar.

Sama gildir um aðra flokka fiskjar. Breyting verður aðeins á tölustöfum og bókstöfum, þegar flokkað er eftir tegund, stærð, verkunarstigi eða gæðum. Þarna er um að ræða merkingu, sem getur orðið föst að öðru leyti en breyta þarf til um merki seljanda, sem oftast er sama og framleiðandi, og merki útflytjanda.

Ég held, að það verði ekki varið, að það fyrirkomulag, sem nú ríkir í þessum efnum, er ekki hagstætt fyrir þá, sem fisk hafa til sölu, og þyrfti að bæta úr því. Hitt, að ég hafi fundið réttu leiðina að öllu leyti, er sjálfsagt vafamál, en þá stendur til bóta að finna aðra hagkvæmari merkingu. En ég skal geta þess, að þessi aðferð er fundin upp af manni, sem mjög mikið hefir fengizt við útflutning á fiski, og það tel ég talsvert mikla tryggingu fyrir því, að hér sé stigið í rétta átt. Eftir eðli málsins geri ég ráð fyrir, að þetta frv. ætti að lokinni umr. að fara til sjútvn., og legg ég til, að því verði vísað þangað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 249, n. 365).

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): N. hefir orðið sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ. með lítilsháttar breytingum.

Fyrsta breyt. er sú, að í staðinn fyrir, að í 3. gr. frv. 3. málsgr. er gert ráð fyrir, að útflytjandi fiskjar hafi rétt til að setja merki sitt á fiskpakka, sem út eru fluttir, þá sé hann skyldur til þess. — Breyt. af sama tægi er við 4. málsgr. sömu gr., þar sem talað er um, að sé annar seljandi en útflytjandi, þá megi hann setja sitt merki á fiskpakkana, en n. vill, að hann sé einnig skyldugur til þess.

N. hefir athugað frv. gaumgæfilega og telur bót að því að ákveða fast um merkingu á þeim fiski, sem út er fluttur, og láta það ekki vera háð vilja hvers útflytjanda, eins og verið hefir.

Í 2. gr. frv. er lagt til, hvernig fiskinn skuli merkja eftir tegund, þurrkunarstigi og gæðum. N. hefir ekki talið ástæðu til að gera breyt. við það. Vegna þess að þetta er á byrjunarstigi, mun e. t. v. þykja hentara að taka upp önnur merki síðar, en það verður ekki fundið út, hvað hentast er í þessum efnum, nema með því að reyna eitthvað.

Við 1. umr. málsins talaði ég um nauðsynina á því, að hið opinbera hefði afskipti af merkingu fiskjar, og sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það frekar en ég gerði þá, ef ekki koma fram raddir, sem gefa mér tilefni til þess að fara ítarlegar út í þá hugmynd, sem stendur hér á bak við. Ég gat þess þá, að till. í frv. hefðu verið samdar af manni, sem hefði unnið að fisksölu og merkingu á fiski um margra ára bil, og eru það því nokkuð sterk meðmæli með frv., að það er byggt upp eftir till., manns, sem hefir þekkingu í þessum efnum.

Jón Þorláksson: Ég sakna þess mjög, að n. hefir ekki leitað álits yfirfiskimatsmanna, sérstaklega hér í Rvík. Hv. flm. sagði, að frv. væri samið af manni, sem væri vanur að fást við merkingu og útflutning á fiski. Ég fyrir mitt leyti er ekki um það fær að dæma um, hvort þetta merkjakerfi er hentugt, en hefði gjarnan viljað hafa um það umsögn þeirra manna, sem vegna embættisstöðu sinnar eiga fyrst og fremst um það að fjalla fyrir landsins hönd.

Ég ætla samt að greiða atkv. með frv., en vonast til, að þetta verði upplýst, annaðhvort fyrir 3. umr. eða við meðferð málsins í Nd.

Frsm. (Erlingur Friðjónsson): Ef ætti að fá umsögn fiskimatsmanna um þetta frv., yrði eðlilega að vísa því til stj., með ósk um, að hún sendi það til fiskimats-

manna úti um land. Það væri kannske bót að því að leita til yfirfiskimatsmannsins hér í Rvík, en með því móti næðist þó aðeins til eins þeirra. Mér þykir rétt að geta þess, að sá maður, sem ég hefi nefnt hér, er töluvert hátt settur meðal fiskimatsmanna, þótt ég sjái ekki ástæðu til að nefna nafn hans hér.

Ef hv. 1. landsk. varpar því fram sem ósk sinni, að n. leiti umsagnar yfirfiskimatsmannsins í Rvík, býst ég við, að hún taki það til greina. En ég held, að n. hafi álitið, að málið ætti að ganga fram á þessu þingi og mætti ekki bíða, en þá mætti ráða bót á þessu á næsta þingi. Það stendur engin hætta af því að taka þessa aðferð upp nú, því að hér er ekki svo mikil breyt. frá því, sem verið hefir, að nein vandræði geti hlotizt af.

Jón Þorláksson: Ég get eftir atvikum alveg sætt mig við það, ef n. leitar umsagnar yfirfiskimatsmannsins í Rvík og lætur þá umsögn koma fram við umr. En viðvíkjandi hinu, að breyta mætti þessu á næsta þingi, ef miður þætti fara, þá tel ég óheppilegt að breyta oft svona merkingu, og mér finnst, að nú ætti að leggja þá vinnu í frv., að sú merking, sem upp yrði tekin, gæti haldizt óbreytt um nokkurt skeið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 365,a. samþ. með 10 shlj. atkv.
— 365,b. samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

111. Laun embættismanna.

Á 32. fundi í Ed., 24. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16, 19. maí 1930 [Laun embættismanna] (þmfrv., A. 256).

Á 34. fundi í Ed., 26. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það er fjhn., sem hefir tekið þetta mál til flutnings samkv. beiðni hæstv. fjmrh. Efnið er það, að framlengja nú enn til ársloka 1933 lög um laun embættismanna. Þetta er fram komið af þeirri ástæðu, að ekki hefir ennþá unnizt tími til að gera neina þá skipun á launum embættismanna, sem geti komið í stað þess, sem nú er. En þau skilaboð fylgja frá fjhn. til hæstv. stj., að n. ætlast til, að þetta mál verði sem allra fyrst tekið til undirbúnings, svo að ekki þurfi oftar að grípa til þessarar framlengingar. N. hefir ekki rætt, hvernig skyldi haga þessum undirbúningi. Ég hefi áður á það minnzt, að eðlilegt væri, að starfsmenn og embættismenn ríkisins hefðu nokkra hlutdeild þar í, og þó að mikið sé nú um starfandi nefndir, teldi ég réttast, að stj. skipaði n. til rannsóknar á þessu máli, sem fyrst og fremst væri skipuð trúnaðarmönnum stj. og ennfremur ættu starfsmenn ríkisins þar fulltrúa. Félagsskapur þeirra hefir undirbúið þetta mál, þótt tillögur þeirra hafi hingað til ekki þótt svo skipulega samdar, að hægt væri að taka þær til flutnings.

N. leggur til, að stj. taki þetta til ítarlegrar íhugunar, svo að málið geti orðið leyst ekki síðar en á árinu 1933. Um það er ekki gott að spá, hverjir verða í stjórn þá, þar sem kosningar eru í milli, en áskoranir n. gilda fyrir hvern þann ráðh., sem með þessi mál fer á þessu tímabili.

Fjmrh. (Einar Árnason): Ég vil þakka hv. fjhn. fyrir það, að hún hefir orðið við tilmælum mínum um að flytja þetta frv.

Frv. sjálft þarf engra skýringa við; allir dm. kannast við það frá fyrri þingum. Flutningur þess sýnir, að ekkert hefir verið gert í því enn að undirbúa ný launalög. Ég hefi nú gegnum hv. frsm. fengið skilaboð frá n. um, að nauðsynlegt væri að undirbúa þetta mál, svo að það gæti hlotið afgreiðslu 1933. Ég get vit-

anlega engin loforð gefið um það, þar sem kosningar eru fyrir dyrum, eins og hv. frsm. drap á.

Viðvíkjandi því, að einstakar n. og ýmsir þm. hafi hvatt til að hraða þessu máli, vil ég geta þess, að í fyrra mun ég hafa látið í ljós, að ég sæi mjög mikla agnúa á því að ráða þessu máli til lykta, meðan ekki er fengin lausn á gengismálinu. E. t. v. kann sú lausn að fást á þessu þingi.

Ég vænti þess, að hv. d. taki þessu frv. vel. Ég tel enga ástæðu til að vísa því til n., þar sem það er flutt af n., og legg til, að það gangi til 2. umr. nefndarlaust.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það, sem hæstv. ráðh. sagði viðvíkjandi kröfu n. um undirbúning launalaganna, fannst mér varla frambærilegt. Hann sagðist engu geta lofað, þar sem kosningar færu í hönd. En þetta er mál, sem hver stj. á að vinna að, án tillits til þess, hvort kosningar eru í nánd. Færi svo, að ný stj. tæki við, vildi ég einnig láta það verða skilaboð til hennar, ef þetta frv. nær samþykki, að hún undirbúi þetta mál. Það eru tilmæli fjhn. til hverrar stj., sem situr að völdum, að láta ekki þannig standa með eilífum framlengingum.

Annað var það, sem hæstv. ráðh. nefndi, og gæti verið ástæða, en það er, að gengismálið er ekki enn leyst. Ég skal engu spá um, hvort það mál verður afgr. á þessu þingi, en þó tel ég sennilegt, að því verði skipað einhverntíma á þessu tímabili. Það er því alveg óhætt að byrja á undirbúningnum, því að miklum gögnum þarf að safna, til þess að launalögin komi réttlátlega niður.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 256).
Á 40. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 41. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 : 1 atkv.

Á 45. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 256, n. 358).

Frsm. (Sigurður Eggerz): Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál. N. telur sjálfsagt, að það verði samþ. Frv. þetta er flutt af stj. í Ed. Læt ég mér nægja að mæla með því, að frv. verði látið ganga fram.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 15 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið framar, með því að næsta dag var á fundi í Sþ. lýst yfir þingrofi.

---

112. Framfærslulög.

Á 34. fundi í Ed., 26. marz, var útbýtt:
Frv. til framfærslulaga (þmfrv., A. 274).

Á 36. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin

leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Höfuðbreytingin, sem þetta frv. gerir á núgildandi fátækralögum, er fólgin í því, að landið skuli vera eitt framfærsluhérað. Með því falla niður öll viðskipti, sem sveitarstjórnir hafa þurft að hafa sín á milli út af framfærslu manna, sem fengið hafa styrk frá því opinbera; niður fellur öll sú skriffinnska, allt vafstur og öll þau hrekkjabrögð, sem sveitarstjórnir og hreppsnefndir hafa beitt hver við aðra til að toga, teygja og smjúga fátækralögin.

Þessi hugmynd, að gera landið að einu framfærsluhéraði, er ekki ný; hún hefir oft komið fram áður á Alþingi og átt þar nokkuð fylgi, en öllu meira fylgi þó utan þings, eftir því að dæma, sem fram hefir komið í blöðum og á fundum.

Með þessu fellur niður sú krafa, sem sveitarstjórnir eiga hver á aðra, að geta flutt menn milli hreppa, eftir því hvar þeir hafa reynzt sveitfastir, sem kallað er. Allur fátækraflutningur hverfur þar með úr sögunni; en hann hefir verið þyrnir í augum allra þeirra, sem hafa haft opin augu fyrir mannúðlegri meðferð á olbogabörnum þjóðfélagsins. Eftir þessu frv. fær hver maður framfærslustyrk þar, sem hann er búsettur. Ég ætla, að það muni vera fastur skilningur, að dvalarsveit þýði þann hrepp eða bæjarfélag, sem maðurinn er búsettur í. Hitt gæti vitanlega ekki komið til mála, að menn, fengju styrk þar, sem þeir eru staddir; að maður gæti t. d. farið í annan hrepp til að sækja styrk handa sér og sinni fjölskyldu. Eftir frv. á dvalarsveit að veita þann styrk, sem menn þarfnast og nauðsyn er talin að veita.

Nokkuð af núgildandi fátækralögum helzt óbreytt í þessu frv. Þannig er t. d. haldið framfærsluskyldu ættingja. Það þykir ekki rétt að draga úr henni, því að ekkert er eðlilegra en að foreldrar sjái fyrir börnum sínum og börnin aftur fyrir foreldrunum, þó að sú skylda sé raunar ekki eins sterk. Talsvert er breytt orðalagi núgildandi fátækralaga um það, hvernig veita skuli styrkinn. Í þessu frv. er lögð áherzla á, að í stað bess að veita beinan styrk skuli sveitarfélögin reyna að útvega mönnum vinnu, og ráðast sjálf í framkvæmdir til þess að veita þeim mönnum atvinnu, sem styrks þurfa og færir eru til starfs. Í raun og veru er þetta alveg eðlilegt og sjálfsagt. Jafnvel þó að arður af þeirri vinnu yrði minni en við aðrar framkvæmdir, vegna þess að það yrði oft unnið á óhentugum tíma, að vetrarlagi, ætti það þó að vera margsinnis betra en að veita stórar fjárhæðir til fátækraframfæris og fá ekkert í aðra hönd, nema þá veiku von að fá endurgreiðslu einhverntíma löngu síðar. En það vill ganga treglega. Venjulegast er það svo, að það, sem búið er að greiða í sveitarstyrk, fæst aldrei aftur. Mönnum finnst, þegar þeir hafa orðið að leita á náðir sveitarinnar, að þeir hafi orðið svo miklu minni menn, þeir hafa misst svo mikinn siðferðislegan stuðning, að þeir sleppa allri von um að geta séð fyrir sér sjálfir. Þetta er þeim tilfinnanlegt, einkum þar sem núgildandi fátækralög hafa svipt þá öllum mannréttindum. Að vísu var lítilsháttar linun gerð á þessu með lögunum frá 1927, svo að sextugir menn verða nú ekki fyrir réttindamissi, þó að þeir þiggi styrk, og einnig var fátækrastjórnum gefið vald til að ákveða, hvort sveitarstyrkur skuli afturkræfur eða ekki. Þessu er að vísu að nokkru leyti haldið, en rýmkað svo um, að einnig megi gefa eftir eldri sveitarskuldir. En í núgildandi lögum er talað um 2 ára gamlar skuldir, sem sveitarstjórn geti hvenær sem er gefið eftir.

Það er náttúrlega dálítið erfitt að segja fyrir um, hvernig slíkt nýmæli, sem hér er, mundi reynast í framkvæmd fyrst í stað. Það er alltaf svo með ný lög, sem grípa jafnmikið inn í þjóðlífið og fátækralögin gera, að framkvæmd þeirra er í fyrstu erfiðari, einkum vegna mótstöðu hinna íhaldssamari manna við allt það, sem nýtt er. Sennilegt er og, að menn mundu reka sig á ýmsa agnúa á frv., ef það verður að lögum. En ég skal minna á, að þegar lögin um slysatryggingu voru sett, spáðu margir þm. illa fyrir þeim og héldu, að lenda mundi í mesta klúðri með framkvæmd þeirra, af því að þar var um nýja og yfirgripsmikla löggjöf að ræða. Þó hefir það nú sýnt sig, að þau gefast

vel í framkvæmd, þó að þau að mínu áliti séu ekki nærri eins víðtæk og þyrfti, þar sem þau grípa aðeins til atvinnutrygginganna. Það hefir verið hægt að auka tryggingarnar að mun og auk þess að safna nálega 1 millj. kr. í sjóði, sem nú eru handbært fé. Þetta er nú að vísu útúrdúr. Helzt gæti orðið vandi við niðurjöfnun á sveitarstyrk eftir framfærslulögunum. Það er ætlazt til, að atvinnumálaráðuneytið jafni niður fátækrakostnaði eins og segir í 43. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnumálaráðuneytið jafnar síðan niður samanlögðum fátækrakostnaði allra sveita landsins á hverja sveit, að hálfu eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sveitinni, í samanburði við samanlagt skattmat allra fasteigna í landinu, að hálfu eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausra eigna og tekna af eign og atvinnu í sveitinni, í samanburði við samanlagðar tilsvarandi fjárhæðir á öllu landinu. Atvinnumálaráðuneytið innheimtir síðan eftirstöðvar fátækrakostnaðar hjá þeim sveitum, sem greitt hafa minna en þeim ber. samkv. þessari niðurjöfnun, og endurgreiðir þeim sveitum mismuninn, sem hafa greitt of mikið. Skal þeim innheimtum og endurgreiðslum lokið fyrir 1. júlí vegna undanfarandi árs.

Atvinnumálaráðuneytið hefir úrskurðarvald um sérstaka reikninga yfir veittan framfærslustyrk og um reikninga sveitarfélaga yfir framfærslukostnað í heild sinni.

Við niðurjöfnun fátækrakostnaðar skal fara eftir gildandi fasteignamati og tekju- og eignaframtali ársins á undan".

Við niðurjöfnun fátækrakostnaðar mætti raunar fleira taka til greina, þótt ekki sé það gert í frv. Eðlilegt væri t. d., að útgjöld til þjóðfélagsmála og atvinnubóta, sem sveitarfélögin leggja fram og miða til þess að draga úr opinberum styrk, kæmu til greina við niðurjöfnunina. Það gæti verið rétt að leyfa sveitunum að leggja þann kostnað ofan á framfærslukostnaðinn að einhverju leyti. Þegar bæir t. d. ráðast í að halda uppi atvinnu tímunum saman til þess að komast hjá að veita sveitarstyrk, þá eru þau útgjöld í rauninni vegna fátækramála. Ég verð að játa, að það væri talsvert réttlátt að taka þetta með í niðurjöfnun. Sveit, sem ekkert borgar út nema fátækrastyrk, og önnur, sem hefir mikil útgjöld vegna atvinnuráðstafana, geta orðið mjög misjafnt úti, nema tekið sé tillit til hvorstveggja. Þessu ákvæði mætti bæta við í frv.

Ætlazt er til, að allir reikningar séu komnir til stjórnarráðsins fyrir 1. marz árið eftir að styrkur er veittur. Þetta er engri sveitarstjórn ofætlun, því að nú hverfa öll viðskipti milli sveitarfélaga innbyrðis, svo að sveitarstjórnirnar ættu að geta verið búnar að semja sína eigin reikninga fyrir þann tíma. Síðan er ætlazt til, að stjórnarráðið hafi lokið endurskoðun reikninganna 1. júní. Þá er endurskoðun er lokið og niðurjöfnun fátækrakostnaðar, skal atvinnumálaráðuneytið krefjast eftirstöðva fátækrakostnaðar hjá þeim sveitarfélögum, sem greitt hafa of lítið eftir þessum lögum, og endurgreiðir hinum, sem greitt hafa of mikið. Er þannig hægt að koma á jöfnuði milli sveitarfélaganna.

Við flm. frv. höfum látið ýmislegt haldast úr núgildandi fátækralögum. Meðal þess má telja það ákvæði, að taka skuli skýrslu af þeim, er þiggja af sveit. Þær skýrslur gætu og verið fylgiskjöl til stjórnarráðsins, til þess að sýna, hverjir fái styrk og hvaða ástæður valda. Er það lítilsháttar aðhald fyrir þá, er styrk þurfa að þiggja.

Ég hefi nú minnzt á öll helztu atriði frv., a. m. k. þau, sem telja má nýmæli. Ég vil svo mælast til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til allshn.

Guðrún Lárusdóttir: Ég finn mér skylt að taka til máls um þetta frv. — Hv. flm. hefir nú gert grein fyrir aðalatriðum þess, og hefi ég þar engu við að bæta. En mér finnst, að úr því að svo róttækar breytingar eru bornar fram á fátækralögunum, þá sé full ástæða til þess að taka ýmislegt fleira með í frv.

Ég get ekki varizt þeirri hugsun, að frv. þetta hefði ekki komið fram nú, frekar en á síðustu undanförnum þingum, hefði ég ekki orðið fyrri til að flytja frv. um breyt. á fátækralögunum, og í öðru lagi flytur þetta frv. þær róttæku breytingar, sem ég vék að í grg. fyrir mínu

frv. Ég skal taka það fram, að ég gæti vel fallizt á þær, ef unnt væri jafnframt að tryggja það, að framfærslukostnaður aukist ekki að stórum mun, og ef nokkur líkindi væru til þess, að frv. næði samþykki þessa þings. En sé nú svo, sem mig grunar, að jafnvel hv. flm. sjálfir hafi litla eða enga trú á því, að frv. þetta nái samþykki þessa þings, þá vona ég, að þeir stuðli að því, að frv. það, sem ég þegar hefi flutt, nái fram að ganga, svo að olnbogabörn þjóðfélagsins geti notið góðs af því, unz aðrar stærri og fullkomnari bætur fást á fátækralögunum. Mér finnst það alveg ástæðulaust að óttast það, sem hv. flm. sagði, er frv. mitt var til umr., að frv. mitt myndi tefja fyrir meiri réttarbótum í þessum efnum. Leyfi ég mér að skjóta því til hv. þdm., hvort nokkur þeirra myndi vera ófúsari til að greiða atkv. sitt því frv., sem hér liggur fyrir, þó að áður væri úr lögum numinn nauðungarflutningur gamalmenna.

En áður en frv. fer til n. vil ég leyfa mér að benda á það, hv. n. til íhugunar, að úr því að farið er að gera svo róttækar breytingar á fátækralögunum, þá virðist mér sjálfsagt að bæta við ýmsum ákvæðum, sem myndu bæta lögin og aðstöðu þeirra manna, sem eiga að njóta þeirra.

Vil ég þá fyrst biðja hv. nefnd að athuga, hvort hún telur ekki réttmætt að taka upp í þessi lög ýms ákvæði um meðlög sveitarstjórna og framfærslu óskilgetinna barna. Þau ákvæði eru í lögum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna frá 1921. Væri og ekki úr vegi að endurskoða þau ákvæði um leið.

Vil ég leyfa mér í þessu sambandi að benda á 26. gr. laga nr. 46 frá 1921 og 19. gr. laga nr. 43 frá 1927. Sömuleiðis vil ég leiða athygli að 31. gr. laga nr. 46 frá 1921. Virðist mér, að sú grein eigi heima í fátækralögunum sjálfum.

Minna mætti og á það, að fyrir seinasta Alþingi lágu tvö frv., sem fjölluðu um þessi mál, borin fram að tilhlutun mæðrastyrksnefndar. Mér hefði því fundizt það æskilegt og eðlilegt, að hv. flm. hefði tekið tillit til þeirra við samningu frv. síns. Hefði það áreiðanlega verið vel þegið af mæðrastyrksnefnd, sem hefir um nokkurt skeið leitazt við að afla sér kynna af högum einstæðra og fátækra mæðra, í því augnamiði að reyna að bæta kjör þeirra, enda gengu frv. í þá átt. Ég efast ekki um, að hv. þdm. viti, að þessi n. er hópur kvenna, sem hafa tekið þetta verk að sér ótilkvaddar og unnið ókeypis. Og mæðrastyrksnefndin hefir ekki aðeins mæðurnar í huga, heldur börnin engu síður, og vill hún því láta kveða skýrt á um það, að fátækrastjórn sé ekki heimilt að taka börn, sem gefið er með af sveitarfé, frá góðum heimilum, þar sem vel fer um þau, þótt lægra meðlag kynni að fást með þeim annarsstaðar. Mér finnst, að sú viðbót hefði farið mjög vel við 24. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir.

Þar sem talað er um í 26. gr. frv., að fátækrastjórn sé heimilt að taka börn frá foreldrum, þar sem heimilislífið geti talizt siðspillandi, virðist mér, að þá viðbót vanti, sem banni slíkum foreldrum að taka börn sín heim til sín aftur frá góðum heimilum án leyfis fátækrastjórnar. En það kemur oft fyrir, og gerir í rauninni síðari villuna verri en hina fyrri.

Í l. nr. 46 frá 1921 er svo fyrir mælt, að prestar og skólanefndir skuli hafa eftirlit með börnum framfærsluþurfa, en þetta frv. gerir ráð fyrir, að prestar og kennarar hafi þetta eftirlit með höndum. Býst ég við, að þar muni vera átt við barnakennara, þótt ekki sé það tekið fram.

Síðari málsgr. 28. gr. frv. tekur ekki nærri nógu djúpt í árinni að mínu áliti. Í stað þess, að þar er sagt, að innansveitarmenn hafi rétt til að kæra yfir vanrækslu á meðferð barna, þá þyrfti það að vera lögboðin skylda sérhvers manns eða konu, sem veit um vítaverða meðferð á börnum eða framfærsluþurfa mönnum, að kæra það fyrir hlutaðeigandi valdsmanni, og láta varða sektum, ef út af væri brugðið. Veit ég, að hv. þdm. mun ekki ókunnugt, að oft er talað um slæma meðferð á börnum og þurfamönnum, en þegar á að fara að rannsaka slík mál, þá draga menn sig vanalega í hlé og vilja ekki bera vitni; en það ætti að skylda menn til að gera með lögum.

34. gr. frv. gerir að vísu ráð fyrir því, að ekkja, sem hefir skylduómaga, skuli losna alveg við sveitarskuld, sem hún hefir komizt í í hjónabandinu. En haldi

ekkjan áfram að þiggja sveitarstyrk vegna ómegðar eða annara ástæðna, þá er ætlazt til þess eftir núgildandi lögum, að ef hún giftist öðru sinni, þá takist maður hennar á hendur að greiða sveitarskuldina.

Á þessu þyrfti að verða breyting. Það virðist vera ærinn léttir fyrir sveitarfélagið að losna við þá skylduómaga, sem því ber að framfæra, á þann hátt, að ekkjan giftist, og maður hennar tekur börnin að sér til forsjár og framfærslu allt til 16 ára aldurs, svo sem lög mæla fyrir. Virðist það því vera mjög óréttlátt að bæta gömlum skuldum honum á hendur að auki. (**JBald:** Þetta er að nokkru leyti tekið fram í 33. gr. frv.). Já, en aðeins að nokkru leyti.

Þá held ég það nauðsynlegt að bæta nýrri málsgr. við 46. gr. frv., til þess að koma í veg fyrir það, að sveitarstjórnir geti tekið sjúkling frá lækni, sem hefir hann undir hendi til lækninga og telur honum batavon. Það munu dæmi þess, að slíkt hafi verið gert, þvert ofan í vilja og sárustu löngun sjúklingsins og þvert á móti læknisráði, og hlotizt mjög illt af.

Þessi fáu dæmi vil ég benda þeirri hv. nefnd á, sem fær frv. þetta til meðferðar. Hefi ég þó talið fátt eitt af því, sem mætti vera frv. þessu til bóta og bæta myndi aðstöðu smælingjanna, ef frv. yrði að lögum.

Ég vil endurtaka þau ummæli mín, að ég er fús til að fylgja fram hinum fyllstu réttarbótum handa þeim, sem búa forsælumegin í lífinu. Ég læt það ekki aftra mér, þó að ég komist ekki alla leiðina í einu. Og þeim, sem er það einlægt alvöru- og hjartansmál að ráða bætur á kjörum bágstaddra manna, kemur ekki til hugar að amast við neinni viðleitni, sem gengur í þá átt. Mér kemur í hug arabiski málshátturinn: „Ef fjallið vill ekki koma til Múhameðs, þá verður Múhameð að fara til fjallsins". Ef kringumstæður og atvik leyfa ekki, að tekin séu stór skref, þá verður að nota smærri. Aðalatriðið verður því jafnan það, að missa ekki sjónar á takmarkinu, — að stefna í rétta átt!

Jón Jónsson: Ég álít, að svo mikill lagabálkur sem þessi er, komi of seint fram og ekki sé tími til að afgreiða hann nú. Það eru engin vinnubrögð, að vera að tefja þingið með því að bera fram frv., sem vitanlegt er um, að ekki er hægt að afgreiða á þessu þingi, og sem er svo umfangsmikið, að það krefst rækilegrar athugunar.

Það er líka annað atriði, sem ég álít að mæli á móti því, að frv. sé borið fram nú. Ég veit nefnil. ekki betur en að nefnd sitji nú á rökstólum, sem vinnur að því að undirbúa alþýðutryggingar. Ég býst við því, að þetta vandræðamál yrði leyst að miklu leyti, ef hægt væri að setja l. um alþýðutryggingar.

Ég skal nú játa, að ég hefi ekki kynnt mér frv. þetta mikið, enda býst ég líka við, að hv. flm. flytji málið aðallega til þess að sýnast, og þeir búist ekki við því, að frv. verði afgr. á þessu þingi.

Aðalbreytingin frá núgildandi lögum, sem farið er fram á í þessu frv., er sú, að gera landið allt að einu framfærsluhéraði. Er það mjög stórt atriði, og má um það deila og færa fyrir því ástæður bæði með og móti. Mér þykir undarlegt, að hv. flm. skuli ekki gera fulla grein fyrir þessari breytingu. Það, sem mér finnst helzt mæla með henni, er það, að framfærslukostnaður sveitarfélaganna mundi þá verða jafnari, en hann er nú mjög misjafn, sem kunnugt er. Aftur á móti mælir það mjög í gegn þessari breytingu, að framfærslukostnaðurinn, sem nú er geysimikill, um 1600 þús. kr., myndi aukast að mun, ef þessi breyt. yrði gerð. Vér vitum, að hin einstöku sveitarfélög beita hinni mestu hagsýni og varfærni í þessum sökum. Ef framfærslukostnaðurinn hinsvegar væri lagður á öll bök landsmanna í einu, myndi minni sparnaðar og hagsýni verða gætt. Þá myndi þessi breyting auka mjög á störf atvinnumálaráðaneytisins. Býst ég helzt við, að stofna þyrfti sérstaka deild innan þess til að annast um þessi mál. Yrði því mikill kostnaður að þessari breytingu.

Ekki er hægt að segja, að frágangur frv. sé góður. Í 20. gr. er gert ráð fyrir því, að landið verði allt eitt framfærsluhérað. En í 46. gr. stendur þessi klausa:

„Ef framfærsluþurfi fer eftir læknisráði í sjúkrahús, annað en holdsveikraspítala eða geðveikrahæli, þá greiðir dval-

arsveit hans ⅖ hluta meðlagskostnaðarins, þar með talin lyf og læknishjálp, þó aldrei yfir 400 kr. á ári. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, en aldrei nema fyrir 4 sjúklinga á ári úr sama sveitar- eða bæjarfélagi".

Hér er gert ráð fyrir, að sjúkrakostnaðurinn verði ekki sameiginlegur. Þetta er ósamræmi og sýnir ljóslega, að ekki er vel frá frv. gengið.

Þá vil ég og minna á ákvæði 43. gr. frv. um niðurjöfnun fátækrakostnaðar á sveitarfélögin. Þar segir, að jafna skuli niður kostnaðinum á hverja sveit, að hálfu eftir samanlögðu skattmati fasteigna í sveitinni og að hálfu eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausra eigna og tekna af eign og atvinnu í sveitinni. Þetta er nú hægt að kalla gott fyrirkomulag! Að fara að leggja saman tekjur og eignir sveitar, þar sem utansveitarmenn eða félög eiga fasteignirnar, finnst mér líkast því að leggja saman íslenzkar og danskar krónur sem samkynja stærðir. Allt bendir þetta til þess, að það sé ekki hugmynd hv. flm., að frv. gangi fram á þessu þingi.

Í 30. gr. fara hv. flm. fram á, að verkalýðsfélögin skuli ráða kaupgjaldi við vinnu handa þurfalingum. Þykir mér heldur hart, ef á að lögfesta það, að verkalýðsfélögin skuli vera einráð um kaupgjald í landinu. Kemur þessi stefna þó víða fram í þessu frv.

Skal ég svo ekki fjölyrða meir um frv. Mér finnst, að frv. sé ekki svo vel undirbúið sem skyldi, að réttara hefði verið að bíða eftir áliti alþýðutryggingarnefndarinnar, og því ekki tímabært að bera frv. fram nú. Frágangur þessa frv. er heldur ekki nærri því svo góður og vandaður sem skyldi.

Flm. (Jón Baldvinsson): Tveir hv. þm. hafa nú rætt um þetta frv., og hefir andað heldur köldu frá þeim báðum í garð þess.

Hv. 6. landsk. lét svo, sem taka þyrfti fleiri atriði með í frv. en í því eru. En þegar til kom, þá voru það aðallega ýmiskonar breytingar á orðalagi frv., sem ég get ekki séð, að geti skipt nokkru máli. Auðvitað hefði mátt orða ýmislegt öðruvísi og betur en gert er í frv., og dettur okkur flm. ekki í hug að halda því fram, að við höfum alstaðar fundið bezta orðalagið, sem hægt væri að finna. Ég held, að hv. þm. geti yfirleitt sagt það sama um frv. þau, er þeir flytja, nema ef til vill hv. 3. landsk., — en ég man bara ekki í svipinn eftir því, að hann hafi flutt nokkurt frv.

Hv. 6. landsk. hélt því fram, að þetta frv. hefði ekki verið borið fram, ef hann hefði ekki orðið fyrri til og flutt brtt. við fátækralögin nú á þessu þingi. Ég hélt, að það myndi gleðja hv. 6. landsk., ef hið smávægilega frv. hans gæti knúið fram svo umfangsmikið og róttækt frv., sem þetta. En hv. þm. hefir auðsjáanlega ekki kynnt sér þingsögu þessa máls. Öll meginatriði þessa frv. hafa legið fyrir Alþingi áður sem brtt. við fátækralögin. Sú getsök hv. þm., að frv. þetta sé fram komið til þess að spilla fyrir frv. hans, hefir því ekki við nein rök að styðjast. Síðan árið 1922 hafa flestar þær till. til breytinga á fátækralögum, sem felast í frv., legið fyrir flestöllum þingum, að vísu ekki nákvæmlega eins orðaðar, en eins í öllum höfuðatriðum. Svo að hv. 6. landsk. getur séð, að við flm. þessa frv. höfum ekki farið að hlaupa til að semja frv. vegna hins lítilsverða frv. hv. þm.

Auðvitað höfum við látið ýms ákvæði í öðrum lögum, sem snerta framfærslu og ekki komu í bága við frv., haldast óbreytt, og má þar nefna t. d. sifjalög o. fl. Hinsvegar skal ég geta þess út af aths. hv. þm., að í þessu frv. er frekar að orði kveðið viðvíkjandi uppeldi barna og eftirliti með þeim heldur en er í núgildandi lögum. Annars heyra þær umr. um orðalag einstakra gr. undir 2. umr. málsins. Þegar að því kemur, skal ég fús ræða við hv. þm. um orðalag einstakra greina. Eiginlega voru engar efnisbreytingar, sem hv. þm. vildi gera. Viðvíkjandi því, að taka upp ýms ný ákvæði, sem snerta tryggingar, t. d. mæðratryggingar, þá álít ég, að þær eigi ekki heima í framfærslulögunum, heldur á sá lagabálkur heima í alþýðutryggingunum.

Mér skildist af niðurlagsorðum hv. 6. landsk., að með frv. væri tekið of stórt stökk; hv. þm. vill, að því er mér skildist, heldur taka smáu skrefin en þau stóru. Ég vil taka stóru skrefin, til að leiðrétta og bæta það, sem aflega fer. Ég vil taka

þau, ef hægt er að koma þeim við, en þó vil ég ekki slá hendinni móti smærri umbótum. Nú höfum við fengið ýmsar smábreytingar á fátækralögunum, en í rauninni er það herzlumunur, hvort fullkomin leiðrétting fæst á þeim eða ekki. Það er takmarkið að koma þessum lögum í það horf, að fullkomlega sé séð fyrir rétti þeirra, sem minni máttar eru í þjóðfélaginu, og að þeir hafi kröfu til þess, að fyrir þeim sé séð, en þó ekki á þann hátt, að þeir séu sviptir öllum réttindum. Og eins hvað snertir börn þau, sem eru á vegum þess opinbera, þá er í frv. lögð rík skylda á hendur fátækrastjórnum að sjá um, að börn séu alin þannig upp, að þau geti fullkomlega séð fyrir sér sjálf, þegar þau hafa náð aldri til þess. Ég vil ekki fylgja þeirri reglu hv. þm. að tína þetta í smáum skrefum, ef hægt er að ná því stóra í einu. Mér sýnist ekki nein ástæða fyrir hv. þm. að ganga móti þessu frv., þó að hún viti, að einhverjir kunni að vera á móti því, heldur frekar ástæða fyrir hv. þm. að taka þá höndum saman við okkur flm. til að koma málinu til sigurs, ef nokkur alvara er hjá hv. þm., t. d. með að afnema sveitarflutninga og annað ranglæti fátækralaganna. En hv. þm. er máske á móti því að taka nema smáu skrefin, litlu umbæturnar, eins og í frv. því, er hv. þm. flutti. Það er máske í samræmi við stefnu Íhaldsins. Ég hélt einmitt, að með kosningu hv. 6. landsk. hefðum við fengið áhugasaman þm., sem mundi vilja vinna fyrir þessi mál.

Ég bjóst aldrei við, að hv. 3. landsk. mundi veita þessu frv. góðar viðtökur, enda var hann hornóttur við það. Ég get trúað því, að nauð og nag milli sveitarfélaga sé búið að festa svo rætur í huga hans, eins og einstaka þeirra, sem við hreppstjórn hafa lengi fengizt, að hann vilji ekki missa tækifærin, sem núgildandi fátækralög veita honum til þessa. Það er máske orðinn hluti úr lífi hans, og honum því nauðsynlegt. Ég gæti því trúað, að hv. þm. vildi ekki missa þetta þjark milli sveitarstjórnanna og öll þau hrekkjabrögð, sem slungnir hreppsnefndarmenn finna upp á til að leika á hina hreppana, með því að kosta ómaga í öðrum hreppum, þangað til þeir eru orðnir þar sveitfastir. Er alveg yfirganganlegt, hve mikið þeir leggja oft á sig til að finna upp brögð til að leika hver á annan í fátækramálum.

Það þarf ekki að bíða eftir nál. um alþýðutryggingarnar. Það kemur ekki þessu máli við, að öðru leyti en að það kann að draga úr kostnaði sveitarfélaganna.

Ég tek mér létt, þó að hv. þm. segi, að við höfum ekki vandað til frv. og borið það meira fram til að sýnast. Hv. þm. minntist á 46. gr. frv. Þessir ⅔, sem sveitin greiðir af sjúkrahúskostnaði framfærsluþurfa, verða vitanlega fátækrakostnaður og koma fram í niðurjöfnun. Það er tóm vitleysa, þegar hv. þm. er að finna að grundvellinum að niðurjöfnuninni. Grundvöllurinn undir matið í hverju sveitarfélagi er jafngóður, þótt utanhreppsmaður eigi eign, sem matið er byggt á. Fasteignamatið í krónutölu er jafnhátt, hvort sem jörð er eign utanhreppsmanns eða ekki.

Það var rétt hjá hv. þm. og það eina, sem rétt var í ræðu hans, að ekki er tekið fram í ástæðum frv., að betur stæðu hrepparnir tækju þátt í framfærslukostnaði. Það er rétt hjá þm.; en ég skal bæta úr því með því að telja það eina af ástæðunum fyrir frv. og það, sem sérstaklega mælir með því, að betur stæðu hrepparnir styðji hina fátækari til að bera þennan kostnað.

Hv. þm. var að hnýta í verklýðsfélögin. Hann getur aldrei staðið hér upp án þess. Ég veit ekki, við hvað sveitarfélögin ættu að miða kaupgjald við vinnu þá, sem þau þurfa að láta gera, ef ekki við taxta verklýðsfélaganna. Ég sé ekki að það sé meiri vansi fyrir sveitarfélögin að fara eftir þeim kauptaxta en atvinnurekendur. Hv. þm. býr langt frá kaupstað og hefir þess vegna haft lítil kynni af verklýðsfélögunum, nema það sem hann hefir lesið í Morgunblaðinu. En hann hefði átt að reyna að afla sér upplýsinga um þau. Þetta er svipað því og þegar Morgunbl. er að skamma Rússland, eitt af stórveldum heimsins, með hálft annað hundrað millj. íbúa. Það talar eins og orð þess séu afgerandi fyrir Rússland. Eins er með hv. 3. landsk. gagnvart verklýðsfélögunum. Hann er álíka lítill gagnvart verklýðsamtökunum og Morgunbl. er

gagnvart Rússlandi. Hann getur engu ráðið um, hvað félögin gera, þótt hann beiti öllum sínum sterka vilja til þess. Þau hafa jafnan rétt eftir sem áður. Þau eru það voldug og svo stór hluti í þjóðlífinu, að hv. þm. getur ekki knésett þau.

Guðrún Lárusdóttir: Ég fer að halda, að erfitt sé að haga orðum sínum í þessari hv. deild, þegar hv. flm. þykir út af orðum mínum hafa andað kalt til hans. Ég veit ekki, fyrir hvað það er; mér fannst ég bera frv. fram af hlýjum hug. En ég hlýt að hafa hagað orðum mínum klaufalega. Mér þætti leitt að fá grein í Alþýðubl. á morgun, sem segði, að ég hefði viljað rífa þetta niður. Ég treysti hv. þm. til að sjá um, að ég fái ekki slíka grein. (**JBald:** Það er ekki hætta á því, að Alþýðubl. segi ekki rétt frá). Já, eins og vant er náttúrlega.

Hv. þm. var að tala um það, að ég hefði ekki komið með neina efnisbreytingu. Það kann vel að vera. En það eru til fleiri breytingar en efnisbreytingar, og ég veit, að orðabreytingar geta oft haft svo mikla þýðingu, að næst gengur efnisbreytingu.

Ég fullyrði, að það, sem ég benti á, á fullkominn rétt á sér og mundi geta bætt fyrir mörgum fátæklingum, ef það næði innígöngu í fátækralögin.

Hv. þm. sagði, að ég hefði ekki kynnt mér nægilega forsögu málsins. Það er vel til, að ég hafi ekki kynnt mér hana nóg, en þó nokkuð. Ég veit það, að fátækralögin voru endurskoðuð 1927. Og ég veit það líka, að hv. þm. hefir aldrei fyrri borið fram frv. um þetta. En ég veit það líka, að hv. þm. talaði vel og vinsamlega um þetta og hefir ef til vill komið með góðar brtt., sem ég er raunar ekki viss um, þegar það var til umr. 1927, og lasta ég hann sízt fyrir það.

Ég vil ekki tefja tímann með því að tala frekar um þetta nú, þar sem það á víst ekki við. Ég tek með þakklæti góðum leiðbeiningum af hv. þm., þar sem hann segir, að ekki hafi átt við að tala um einstök atriði fyrr en við 2. umr. Það er ekki nema eðlilegt, að hann kunni sig betur hér á Alþingi en ég, þar sem hann hefir nú setið mörg ár á þingi, en ég ekki nema 1½ mán. — Ég geri ráð fyrir, að við séum nokkurnveginn sammála og að fyrir okkur báðum vaki það sama, að bæta kjör þeirra manna, sem verst hafa orðið úti í lífsbaráttunni. En ég tel varhugavert, þegar maður vill koma einhverju máli fram, að spenna bogann svo hátt, að hætta geti orðið á, að ekkert náist fram að ganga. Ég hefi þá trú, að heppilegra sé, að þessar breytingar komi smátt og smátt. Mér þykir leiðinlegt, ef hv. þm. hefir misskilið mig þannig, að hann álíti, að ég sé mótfallin því, að rýmka kjör þeirra, sem hafa orðið svo ólánssamir að verða minni máttar í lífinu, því það er engan veginn. Mér myndi þvkja ánægjulegt, ef ég gæti fengið tækifæri til að sýna honum, að mér er fyllsta alvara í þessu efni.

Jón Jónsson: Hv. 2. landsk. ætlaði að veita mér rothögg með því, að hann þekkti ekki mörg frv. frá mér. Ég játa, að ég hefi ekki komið með eins mörg frv. eins og hann. Ég hefi yfirleitt ekki lagt í vana minn að bera fram mál til þess að sýnast, hefi látið mér nægja að bera fram eitt frv. hvert ár, sem ég hefi setið á þingi, og þótt þau séu ekki stór, þá ætla ég, að þau hafi komið flestum sveitum landsins að gagni að meira og minna leyti. En hitt hefi ég ekki lagt í vana minn, að fylla öll þingborð með till. og frv. meira og minna fljóthugsuðum og fyrirfram vitandi það, að þau gangi ekki fram.

Þá var hv. þm. að tala um það, að ég væri orðinn samgróinn naggi og nagi sveitarfélaganna. Mér virðist á lýsingum hv. þm., að hann muni vera þessu naggi kunnugri en ég. Ég hefi að vísu fengizt nokkur ár við sveitarstjórn, en hefi sloppið mikið við allt stríð út af fátæklingum. Ég held, að ég hafi orðið að skrifa eitt einasta bréf í því máli. Það var ofur einfalt mál og ég held, að það hafi heldur ekki farið lengra en að málið varð klárt með því bréfi. Ég held, að ég verði að frábiðja mér það, að hafa nokkuð fengizt við fátækraflutning. (**JBald:** Ég bar það ekki upp á hv. þm.). Nei, en hv. þm. gaf það þá í skyn. Ég býst við, að nú sé orðið tiltölulega lítið um fátækraflutning. Náttúrlega mætti draga enn meira úr honum með stytting sveitfestistímans. Aðaltil-

gangur frv. er þá það, að landið eigi að bera kostnaðinn, en þá skil ég ekki, að einstakar sveitir eigi að bera kostnaðinn að nokkru leyti.

Þá hélt hv. þm. því fram, að eignir væru jafngóður grundvöllur fyrir niðurjöfnun, hvort sem hún væri eign utansveitarmanns eða ekki. Ég skil ekki, hvað hann hugsar. Eftir núgildandi lögum getur sveitarfélag ekki lagt útsvar á eignir utansveitarmanna, og skil ég því ekki, að þær séu tiltakanlega góður mælikvarði á gjaldþol sveitarfélagsins.

Hv. þm. talaði um það, að ég gæti aldrei staðið hér upp án þess að ráðast á kaupgjaldið og verklýðsfélögin. Ég veit ekki til þess, að ég hafi ráðizt mikið að þeim, enn mér þykir þeim fullhátt undir höfði gert, ef þau eiga að ráða fyrir um kaupgjaldstaxta við vinnu, sem hið opinbera veitir.

Þá var hann að ógna mér með því, að ég væri lítill í samanburði við verklýðsfélögin. Það er ekki neitt við því að segja, þó að maður verði að láta í minni pokann fyrir einhverju og einhverju ofbeldi. Sem sagt, ég get ekki séð, að hv. þm. hafi hrakið neitt af því, sem ég sagði áðan. Það er flaustursbragur á þessu frv. og margt, sem bendir til, að lítil alvara sé að láta frv. ganga fram á þessu þingi, að það sé meira borið fram til að sýnast.

Flm. (Jón Baldvinsson): Við hv. 6. landsk. þarf ég fátt að ræða. Í síðustu ræðu sinni fór hv. þm. að afsaka þau kuldalegu orð, sem mér fannst hann beina til frv. Hv. þm. getur átt von á því, að ummæli hans komi alveg rétt í Alþýðubl., og tíðindamaður blaðsins, sem hér situr, er næg trygging fyrir því. En skili aðrir ummæli hv. þm. eins og ég, gæti ég trúað, að morgum hefði fundizt anda kalt til frv. í fyrstu ræðu þm. Og sérstaklega í niðurlagi ræðu sinnar gerðist þm. málsvari fyrir því, að taka smáu skrefin, og að mér fannst, andmæla því, að taka svo stór stökk, sem frv. fer fram á. (GL: Það hefir þá bara verið tilfinning.). Já, en þá tilfinning eða álit, sem mér fannst ég geta dregið af orðum hv. þm.

Við hv. 3. landsk. vil ég segja það, að engin ástæða er til að ætla, að þetta frv. sé borið fram til að sýnast. Þetta er 7. árið, sem við höfum borið fram breytingar þessu svipaðar við fátækralögin, og þessar brtt. og þetta frv. hefir inni að halda þær skoðanir, sem Alþýðuflokkurinn hefir haldið fram í þessum málum, bæði á þingi og utan þings. Og þær lítilsháttar breytingar til bóta, er gerðar voru á fátækralögunum 1927, voru fram knúðar af umr. þeim, er Alþýðuflokkurinn hefir komið á stað um þetta mál. Bæði íhöldin hafa orðið að beygja sig fyrir því almenningsáliti, sem Alþýðuflokkurinn hefir skapað í þessu og fleiri málum. Svo er þessu t. d. farið um 21 árs kosningarétt. Sú krafa hefir verið borin fram af Alþýðuflokknum frá upphafi, og nú er svo komið, að hinir flokkarnir hafa ekki þorað annað en ljá henni fylgi sitt líka. Það er almenningsálitið utan þings, sem úrslitum ræður. Það má vel vera, að í því efni, sem hér um ræðir, sé það ekki enn nægilega sterkt til þess að allt landið verði gert að einu framfærsluhéraði, en það almenningsálit skapast fyrr eða síðar með því að bera málið fram á þingi og tala um það í tíma og ótíma og halda því sívakandi. Það má vel vera, að málið nái ekki fram að ganga á þessu þingi. En það vantar áreiðanlega ekki nema herzlumuninn til þess að stefna Alþýðuflokksins sigri í þessu máli, og því teljum við varhugavert að vera að stíga smáskref til endurbóta á fátækralöggjöfinni, því að slíkt er ekki til annars en að tefja fyrir gagngerðum umbótum. Það er rétt, að frv. kemur seint fram á þessu þingi, en hvorki hv. 3. landsk. né hv. 6. landsk. hefir leyfi til að segja, að við berum það fram til að sýnast. (GL: Ég hefi aldrei sagt það.). Nei, ekki beint, en mér fannst vera hægt að lesa það á milli línanna.

Hv. 3. landsk. hafði þá sömu aðferð og hann er vanur, að segja, að allt standi ómótmælt, sem hann hefir sagt, hversu oft sem búið er að hrekja öll hans rök. Þetta er venja málaflutningsmanna fyrir rétti, og þykja þar ef til vill góðar og gildar, en í þingsalnum eiga þær miður við.

Hv.3. landsk. sagði, að flaustursbragur væri á frv. Ég skal ekki deila við hann um þetta, en þó að einhver smíðalýti kunni að vera á frv., eru þau ekki meiri

en svo, að hægðarleikur væri að laga frv. svo í n., að innihald og efnisniðurröðun þyrfti engum misskilningi að valda. Hv. 3. landsk. á sæti í þeirri nefnd, sem væntanlega fær frv. til meðferðar, og hann er svo góður nefndarmaður, er hann vill það við hafa, að með hans aðstoð ætti að vera hægt að gera frv. vel og greinilega úr garði.

Því heyrist oft fleygt, að stjórnarfrv. séu með nokkrum flaustursbrag, og er aðstaða til samningar þó betri þar en hjá einstökum þm. Stjfrv. eru oftast samin af nefndum eða sérfróðum mönnum, er hafa nægan tíma fyrir sér, en þingmannafrv. hinsvegar samin í hjáverkum á stuttum tíma. Ég held, að við flm. getum því látið okkur þessa aðfinnslu hv. 3. landsk. í léttu rúmi liggja.

Hv. 3. landsk. var að afsaka afskipti sín af fátækramálum og sagði, að frá sér hefði farið aðeins eitt bréf um þessi efni. Ég skal ekki deila um þetta við hann, en ótrúlegt þykir mér, að ekki liggi meira eftir hann í þessum efnum en eitt bréf, eftir svo langa hreppsstjórn. Ætli hér geti ekki staðið líkt á og segir í sögunni um prestinn, þegar biskupinn lagði galdrabækurnar fyrir hann og spurði hann, hvort hann þekkti stafina. Prestur kvaðst ekki þekkja einn staf, en gaf síðar þá skýringu, að þetta hefði hann sagt af því, að hann hefði ekki þekkt einn staf, heldur alla. Það getur vel verið, þótt hv. 3. landsk. hafi ekki skrifað nema eitt bréf, að hann hafi lagt á hundrað ráð til að losa sína sveit við fátæklinga og koma þeim á aðrar sveitir.

Út af ummælum hv. 3. landsk. um verklýðsfélögin vil ég segja það eitt, að það er ósköp þýðingarlítið fyrir hann að vera að ýfast við þeim, því að þau standa nákvæmlega jafnrétt eftir sem áður fyrir það. Þau skapa kauptaxtann ýmist í samráði við atvinnurekendur eða þá hvað sem atvinnurekendur segja. Þetta er þeirra valdsvið, sem nú orðið er viðurkennt af flestum hér og alstaðar í öðrum löndum. Það er því miður viturlegt hjá hv. 3. landsk., að ætla að fara að setja sig upp á móti taxta verkalýðsfélaganna. Eftir kosningum að dæma, er Alþýðuflokkurinn ⅕ hluti þjóðarinnar, og eru þó fleiri í verklýðsfélögunum en flokknum. Mér þætti gaman að vita, hvort hv. 3. landsk. er alvara með það, að vilja ganga fram hjá allt að ⅓ landsmanna í löggjöfinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

113. Tannlækningar.

Á 36. fundi í Ed., 28. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7, 14. júní 1929, um tannlækningar (þmfrv., A. 295).

Á 38. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Jónsson): Eins og flestum er kunnugt, hafa tannsjúkdómar færzt mjög í vöxt með þjóðinni á síðari árum, og því meiri þörf er nú orðin á tannlæknum en áður og miklu meiri brögð að því, að menn þurfa að fá gervitennur. En það hefir reynzt torvelt fyrir flest héruð að fá þessa lækningu, því að það er ekki nema í þremur stærstu kaupstöðum landsins, sem tannlæknar eru, og engar horfur á því, að útlærðir tannlæknar setjist víða að úti um land. Afleiðingin af þessu er sú, að á stöku stað hafa einstakir menn farið utan til þess að læra tannsmíði, en eftir lögunum frá 1929 hafa þeir því miður ekki rétt til að stunda þetta, því að samkv. þessum lögum hefir enginn rétt til að stunda þetta starf nema útlærðir tannlæknar.

Ástæðan til þess, að ég rak augun í þetta, er sú, að norður í Húnavatnssýslu er stúlka, sem hefir verið ytra og lært tannsmíði til fullnustu. Hér á landi hefir hún lítið eitt stundað þetta starf, og hefir það gefizt mjög vel. Hún hefir nú fengið tilmæli, sérstaklega frá Austfjörðum, að koma þangað og stunda þetta starf. Þess

vegna fór hún þess á leit við dómsmálaráðuneytið, að sér yrði leyft að stunda þetta starf. Landlæknir mælti með því, en vegna laganna frá 1929 var ekki hægt að veita leyfið. Þess vegna finnst mér rétt að lina svo á þessum ákvæðum, að leyfa megi einstöku mönnum að stunda tannsmíði í samráði við héraðslækni. Þetta hefir líka tíðkazt ytra, þar sem margir tannlæknar eru, t. d. í Danmörku.

Ég vona því, að hv. d. taki þessu máli vel og leyfi því að ganga til nefndar, sem ætti þá að vera allshn. Ég vil svo að síðustu biðja hv. þdm. að afsaka, að frv. er svo seint fram komið, en það stafar af því, að mér varð það fyrst ljóst nú fyrir nokkrum dögum, að eftir núgildandi lögum er ekki hægt að veita svona leyfi.

Halldór Steinsson: Ég veit ekki nema það geti verið dálítið athugaverð braut, sem hér á að ganga inn á, sem sé að veita undanþágu frá lögum um tannlækningar. Það er ekki heldur nein veruleg ástæða til að veita þessar undantekningar, því að hér á landi eru tannlæknar margir. Ég hefi ekki heldur hevrt kvartað undan, að ekla væri á þeim, þó að þeir séu flestir búsettir í Reykjavík, því að þeir fara einatt lækningaferðir út um land. Mér getur ekki heldur fundizt rétt, að verið sé að draga úr þeirri sérþekkingu, sem krefjast verður af þeim, sem við tannlækningar fást. Það getur líka oft verið svo, að það sé alls ekki á færi þeirra, sem ekki eru læknislærðir, að dæma um, hvort setja skuli í menn gervitennur eða nýja tanngarða. Menn geta haft ýmsa sjúkdóma í munni og koki, sem gera það að verkum, að ekki er ráðlegt að setja nýja tanngarða í slíkum tilfellum. Ég þekki slíks dæmi, en um slíkt geta ólærðir menn ekki dæmt.

Hv. flm. sagði, að í öðrum löndum væri það alltítt, að svona mönnum væru leyfðar tannlækningar, en eftir því sem ég bezt veit, þá er þetta alls ekki títt. Það getur verið, að það sé á einstöku stað í Danmörku, en það er ekki í öðrum löndum.

Yfirleitt finnst mér rétt að heimta fullkomna sérþekkingu á þessu sviði sem öðrum, og þess vegna get ég ekki fallizt á þessa breytingu. Annars geri ég ráð fyrir, að nefnd sú, sem þetta mál fær til meðferðar, leiti álits sérfróðra manna um frv. áður en hún afgr. það.

Flm. (Jón Jónsson): Hv. þm. Snæf. hélt því fram, að fólk mundi ekki eiga illt með að leita tannlækna, þó að þeir væru ekki búsettir úti um land, vegna þess að þeir væru oft á ferð, en ég hefi nú litið svo til, að þeir væru aðeins einstöku sinnum á ferð, og þá aðeins þar, sem mest er að gera og helzt um háþjargræðistímann, þegar fólk hefir mest að gera og á óhægast með að hitta þá. Og það er mikill munur á því fyrir fólk, hvenær þeir eru á ferð.

Hv. þm. sagði, að það væri ekki á færi slíkra manna að ákveða, hvenær skyldi setja gervitennur í menn. En ég vil benda hv. þm. á það, að í frv. er fyrirbyggð hætta af þessu, því að þar er gert ráð fyrir, að þetta skuli gert í samráði við viðkomandi héraðslækni. Það atriði er því með öllu tryggt, þar sem líka þarf leyfi landlæknis, og það er hart, ef menn trúa honum ekki til að veita þessar undanþágur réttilega. Þessu er því svo í hóf stillt, að það er alveg óhætt að lofa frv. að ganga áfram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

114. Almannafriður á helgidögum.

Á 37. fundi í Ed., 30. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45, 15. júní 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (þmfrv., A. 300).

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Guðrún Lárusdóttir): Um gervallan kristinn heim er þessi vika kölluð

kyrra vikan. Bendir nafnið eitt til þess, að kyrrð og friður eigi að vera henni samfara. Dagarnir tveir, skírdagur og föstudagurinn langi, hafa öldum saman verið óaðskiljanlegir, friðhelgaðir helgidagar í lúterskum og kaþólskum löndum. Margir menn eiga bernskuminningar um þá daga, yfir þeim hvílir kyrrlátur blær, sem vekur lotning í huganum allt fram á efri ár.

Helgidagalöggjöfin frá 1901 tekur það skýrt fram, að skírdagur skuli vera helgur dagur eins og föstudagurinn langi og hinn fyrri dagur stórhátíða, og er þá bönnuð hverskonar vinna og allar almennar skemmtanir. En árið 1926 er helgidagalöggjöfinni breytt, og m. a. á þá lund, að skírdagur er undanfelldur þeirri friðhelgi, er hann áður hafði, og settur við hlið sunnudaganna, sem því miður eru of lítið notaðir til helgihalds vor á meðal. En þrátt fyrir þessa breytingu laganna er hefðin í hugum manna um helgi skírdags svo óröskuð, að árum saman lætur enginn sér það til hugar koma, að svipta skírdag þeirri helgun, svo að hvergi á sér stað opinber skemmtun þann dag, svo sem leiksýning eða kvikmyndasýning eða dansleikir, og munu einnig opinberir gildaskálar hafa verið lokaðir á skírdagskvöld. Það mun hafa verið í fyrra að í fyrsta skipti var brugðið út af þeirri venju hér í bæ, en hvorki var það kvikmyndahús eða leikfélagið, sem þar rann á vaðið, heldur nýja hótelið, sem siðmennir unga fólkið með því að kenna því að dansa á milli borðanna.

Roskið fólk man það vel, að í sveitum t. d. þótti það mjög óviðeigandi, að sinnt væri öðrum störfum en nauðsynlegustu heimilisstörfum eftir miðaftan á skírdag. Skírdagskvöld og aðfaranótt föstudagsins langa voru álitin jafnhelg páskunum sjálfum, og yfir allri kyrru vikunni hvíldi einskonar hátíðleg kyrrð, sem væri sú vika öðruvísi en allar aðrar vikur ársins. Vafalaust hefir þetta staðið í nokkru sambandi við Passíusálmana, sem þá voru um hönd hafðir á hverjum bæ á föstunni. Þeir höfðu leitt hugsanirnar að liðnum atburðum og skýrt þá svo, að þeir urðu sem lifandi myndir fyrir hugskotssjónum fólksins. Og hví skyldi þá ekki kyrra vikan verða eðlileg afleiðing þeirra hugsana?

Um undanfarna áratugi munu fáar opinberar skemmtanir hafa átt sér stað hér í bæ í kyrru vikunni, eða páskavikunni, eins og sumir nefna hana. Það var eins og óskrifað lögmál, að þá skyldi ekkert það aðhafzt, er truflaði kyrrð og alvöru þeirra daga, sem fara á undan minningardögunum miklu, skírdegi og föstudeginum langa.

Er vér minnumst alls þessa, þykir oss það engin furða, þótt þeir kynnu að verða æði margir vor á meðal, sem kynnu því illa, að þær helgistundir, sem tengdar eru hinum hrikalegasta harmleik, er veraldarsagan hermir, yrðu óvirtar með hávaða og gauragangi samkvæmis, sem sízt af öllu getur talizt þjóðinni til sóma eða siðbótar.

Ef vér hinsvegar virðum fyrir oss það, sem gerist sumstaðar annarsstaðar í þessum efnum, þá sjáum vér fljótt, að þar er víða lögð sérstök rækt við þetta tímabil, fyrir páskana.

Þar sem því verður við komið, fara menn um þær mundir í stórhópum til Jórsala, og aðalerindi margra þessara manna er að dvelja um kyrru vikuna og yfir páskana á þeim stöðum, þar sem Kristur leið og dó. Erlend stórblöð hafa hvað eftir annað stofnað til Jórsalaferða fyrir kaupendur sína, og ávallt hafa svo margir tekið þátt í förinni, að orðið hefir að taka á leigu stóreflis farþegaskip, og þó hafa auðvitað verið miklu fleiri, sem ekki komust, þótt þeir æsktu þess, heldur en hinir, sem fóru. En þeir, sem urðu svo lánssamir að geta tekið þátt í þvílíku ferðalagi, hafa allir sem einn lýst ósegjanlegri gleði sinni og hrifningu, er þeir dvöldu á þeim stöðum, þar sem hinir stórfenglegu atburðir gerðust, er guðspjöllin segja oss frá og sérstaklega eru tengdir Getsemane og Golgata. Og mörgum mun hafa farið líkt og munki einum á 13. öldinni, sem lagði leið sína um þessa staði og komst þannig að orði um ferðina: „Ég fór yfir höf og lönd, til þess að sjá staðina, þar sem Kristur lifði og starfaði, en sérstaklega þó staðinn, þar sem hann dó. Endurminningar mínar um stundirnar, er ég dvaldi þar, munu héðan af verma hjarta mitt og styrkja trú mína".

Annars segir það sig sjálft, að fyrir kristinn alvörumann, hlýtur dvöl í Getsemanegarði á skírdagskvöld að vera ógleymanleg hátíðarstund. Og þar er mannmargt á skírdagskvöld, en þó svo undurhljótt. Altítt er, að landsstjórnin eða borgarstjórinn tali þar með einhverjum biskupinum við guðsþjónustur, sem haldnar eru ýmist í sjálfum Getsemanegarði eða í hlíðum Olíufjallsins. Áheyrendur eru af ýmsum þjóðflokkum og óskyldir með öllu, en hér verða þeir sem einn maður, á hinum helgu stundum minninga, sem þeim eru öllum jafnkærar.

Líklega eiga mennirnir ekkert dýrmætara til heldur en kyrrlátar, heilagar og góðar minningar, og allt það, sem styður þær og eflir, horfir oss til góðs. Þær auðga oss, þær gleðja oss, þær lyfta huga vorum og ljá oss þrótt. Vér megum því ekki missa þær.

Er þess skemmst að minnast, er íslenzka þjóðin kom saman á 1000 ára afmæli Alþingis síns. Þess er ég fullviss, að engum þeim, er svo var lánsamur að eiga þess kost að mega taka þátt í þeirri tilkomumiklu hátíð, muni nokkru sinni gleymast sú hrifning og lotning, sem þá greip huga manna andspænis sameiginlegum þjóðarminningum.

Hið fornkveðna orð: Drag þú skó þína af fótum þér, því sá staður, er þú stendur á, er heilög jörð — hljómaði til mannfjöldans frá eldgömlu, hrufóttu klettaborgunum, — og vissulega hefði það verið vítavert að fótumtroða þær helgu minningar. Hið sama má segja um margar aðrar dýrmætar minningar, og þá fyrst og fremst þær, sem tengdar eru dögunum, sem ég hefi aðallega rætt hér um. Það yrði áreiðanlega mörgum sársaukablandið áhyggjuefni, ef skírdagur, og þá einkanlega skírdagskvöld, ættu eftirleiðis að verða almennt rall- og gleðskaparkvöld, og féþúfa fyrir þá, sem vilja græða á skemmtanafýsn fólksins. En á því er einmitt mikil hætta verði dagurinn ekki varinn með því að friðhelga hann á ný.

Frv. fer að vísu fram á það, að allur dagurinn sé friðhelgaður, en ég gæti vel fallizt á, ef það yrði heillavænlegra til samkomulags, að friðhelgi dagsins byrjaði eins og á aðfangadagskvöld jóla, kl. 6 síðd. Aðalatriðið er að koma í veg fyrir allt það, sem raskar helgi skírdagskvölds, sem er réttnefnt aðfangadagskvöld föstudagsins langa, og ætti því að vera kyrrlátasta og alvarlegasta kvöld ársins.

Að lokum vil ég geta þess, að við sjálft lá, að allir skemmtistaðir borgarinnar yrðu hafðir opnir annað kvöld, en við nánari athugun hættu allir hlutaðeigendur við það (nema húsbóndinn á Hótel Borg) og sýndu með því lofsverða sanngirni, sem vafalaust verður vel metin hjá öllum þorra manna.

Jón Baldvinsson: Ef á að fara að hreyfa við helgidagalöggjöfinni á annað borð, hefði legið nær að tryggja betur en nú er gert, að sunnudagur sé almennur hvíldardagur, en að koma með það frv., sem hér liggur fyrir. Það er ef til vill af því, að ég legg ekki eins mikið upp úr helgi skírdags og hv. flm., að mér finnst miklu meira máli skipta, að fólk sé ekki látið vinna á hinum lögboðnu hvíldardögum en þótt einhverjir skemmtistaðir séu opnir á skírdagskvöld. Ég get hugsað mér þann möguleika, að losa þyrfti hér 20 togara á skírdag og sú vinna gæti dregizt fram á kvöld. Þetta getur vel verið óhjákvæmilegt. Páskavikan er á þeim tíma, þegar langmest verðmæti koma á land hér, eða um hávertíðina. Ég hygg einmitt, að þetta hafi verið haft í huga, er breytingin á helgidagalöggjöfinni frá 1901 var gerð 1926.

Það getur nú verið, að ég verði kallaður trúníðingur fyrir þessar hugleiðingar, en ég læt mér það í léttu rúmi liggja; og ég vildi benda á, að mér fyndist miklum mun hagfelldara, að felldir væru niður þessir 4—5 helgidagar páskavikunnar og fólk fengi vikufrí að sumrinu í staðinn. Ég segi þetta þó ekki af því, að ég ætli að fara að koma með till. um þetta í frv.-formi nú. Það er auðvitað ekkert við því að segja, þótt margir tengi minningar við daga páskavikunnar og haldi þá heilaga, en vafasamt er, hvort þeir hafa rétt til að leggja höft á aðra vegna sinna tilfinninga. Ég geri ekki ráð fyrir að greiða atkv. á móti frv., því að mér finnst það ósköp smávægilegt atriði, hvort Hótel Borg hefir dans á milli borða þetta kvöld eða ekki. Það er ósköp hætt við, að þeir,

sem ekki fá að „syndga“ þar, nái sér þá niðri á annan hátt, ef til vill ekki betri, ef þeir eru svo gerðir. Frv. kemur ekki í veg fyrir, að unnið verði allan daginn, ef á þarf að halda, og truflunin á andaktinni yrði varla minni af uppskipun úr 20 togurum og bílaskrölti um messutímann hjá kirkjunum en þótt húsbóndinn á Borg taki á móti gestum sínum eins og hann er vanur.

Að síðustu vildi ég beina því til hv. flm., hvort hún sjái sér ekki fært að beita sér fyrir því meðal atvinnurekenda innan síns flokks, að þeir stuðli ekki að því að rjúfa helgi hvíldardagsins með því að láta vinna á sunnudögum. Ég játa það, að oft getur staðið svo á, að sunnudagarnir séu dýrmætir til vinnu, en þó ætti að vera auðveldara að komast hjá að vinna þá daga heldur en um skírdagshelgar og páska, þegar svo margir helgidagar eru í röð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

115. Opinber greinargerð starfsmanna ríkisins.

Á 39. fundi í Ed., 1. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins (þmfrv., A. 319).

Á 40. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 8 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er fram komið í tilefni af því, að svo sem öllum er kunnugt hefir nú verið reist útvarpsstöð hér á landi, allfullkomin, og eitt af því, sem menn vænta, að hún færi landsmönnum, er ekki sízt meiri fræðsla um þjóðmálin sjálf. Um byggðir landsins er mönnum oft býsna lítið kunnugt um dagskrármálin og þau verk, sem eru í framkvæmd á hverjum tíma. Það stafar ekki af því, að opinberir starfsmenn gefi ekki sínar skýrslur á réttan hátt til viðkomandi yfirvalda, en þær koma seint eða ekki fyrir sjónir almennings og eru ekki aðgengilegar. Þetta frv. gerir embættis- og sýslunarmönnum landsins að skyldu að gefa ekki aðeins þessa skýrslu til yfirboðara sinna, heldur veita landsmönnum kost á að fræðast um störf þeirra, framkvæmdir hinna ýmsu mála og framtíðarfyrirætlanir um þau. Þetta ætti ekki að valda mikilli fyrirhöfn fyrir þessa starfsmenn. Maður getur hugsað sér, að þetta verði aðeins yfirlit um það, sem skýrslan fjallar um. Því verður ekki neitað, að í þessu er talsverður fróðleikur fyrir íbúa landsins. Ég þarf ekki að nefna dæmi um slíka starfsmenn. Það má benda á þá mörgu stjóra, sem hér eru nú starfandi og hafa verið um langt skeið, svo sem vegamálastjóra, vitamálastjóra o. s. frv.

Ég veit ekki, hver ástæða mætti vera til þess, að þetta frv. mætti mótspyrnu. Ég get ekki séð annað en að krafan sé í fyllsta máta sanngjörn, og kostnaður af þessu getur aldrei orðið svo mikill, að það gefi ástæðu til andmæla. Hér er í 3. gr. frv. gert ráð fyrir því, að starfsmenn, sem búa úti um land, verði fengnir til að flytja slík erindi sem þessi í útvarpið. Það mundi að líkum ekki verða oft, en gæti þó komið fyrir, að það þætti nauðsynlegt. En þá er vitanlega ekki rétt, að starfsmaðurinn þurfi að greiða ferðakostnað úr eigin vasa, og því gerir frv. ráð fyrir, að hann fái greiddan ferðakostnað úr ríkissjóði samkv. reikningi, er atvmrh. úrskurðar. En þetta verður svo sjaldan, að það getur aldrei bakað mikil útgjöld.

Ég sé ekki ástæðu til að eyða fleiri orðum að því, að þessi fróðleikur verði landsbúum nokkuð uppbyggilegri en dansmúsikin, sem nú er þó talið nauðsynlegt að útvarpa. Og því vil ég vona, að hv. d. lofi frv. ekki aðeins að ganga til n., heldur láti það ganga fram. Ég legg til, að frv. verði vísað til allshn. að lokinni umræðu. Það gæti líka komið til mála að vísa því til menntmn., og læt ég hv.

d. ráða því, þó að ég geri hitt að tillögu minni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Frv. var sett til 2. umr. (A. 319, n. 375) á dagskrá 46. fundar í Ed., sem halda skyldi 14. apríl kl. 5 síðd., En sá fundur féll niður, með því að þing var rofið á fundi í Sþ. kl. 1 sama dag.

116. Dragnótaveiðar í landhelgi (frv. sjútvn. Ed.).

Á 41. fundi í Ed., 8. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 55, 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi (þmfrv., A. 332).

Á 43. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Svo sem grg. sýnir, er frv. þetta flutt af sjútvn. eftir tilmælum hæstv. dómsmrh. Að öðru leyti sýnir grg., hvernig á því stendur, að frv. þetta er flutt, og hefi ég litlu við það að bæta.

Hinsvegar skal ég geta þess, að þó að sjútvn. flytji frv., þá er eitt atriði í því, sem n. getur ekki fellt sig við, og mun hún flytja brtt. við það við 2. umr., ef það kemur í ljós, að frv. fer ekki til n. aftur, sem ég tel alveg óþarft.

Þetta atriði, sem n. vill breyta, er um sektirnar. Frv. gerir ráð fyrir, að lágmark þeirra sé fært niður, en n. sér ekki ástæðu til þess.

Sé ég svo ekki ástæðu til að segja fleira um þetta, en lít svo á, að ekki sé ástæða til að láta það fara til nefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 8 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7 shlj. atkv.

Frv. var aldrei tekið til 3. umr., með því að þing var rofið næsta dag, og varð þessi síðastur fundur deildarinnar.

117. Innheimta skulda.

Á 42. fundi í Ed., 9. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um innheimtu skulda (þmfrv., A. 334).

Á 44. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Þorláksson): Þó að ég sé flm. þessa frv., þá er ég ekki höfundur þess, eins og grg. ber vitni um. En ég hefi tekið að mér að koma því á þing fyrir þá, sem gengizt hafa fyrir samningu þess. Frv. fer fram á að gera innheimtu óvefengdra skulda einfaldari og kostnaðarminni en nú er. Og hafa ákvæði um þetta í frv. verið sniðin að miklu leyti eftir útlendum, aðallega þýzkum fyrirmyndum. Ég skal taka fram, að ég er ekki sérstaklega kunnugur því sviði réttarfarsins, sem frv. grípur inn á, og vil því engan veginn, þó að ég sé flm. frv., taka ábyrgð á því, að sú leið, sem frv. gerir ráð fyrir, falli að öllu leyti við þá réttarfarslöggjöf, sem við höfum nú. Þetta frv. er tilraun til bóta á þessum göllum réttarfarslöggjafarinnar á tilteknu sviði. Og má vænta þess, eins og alltaf, þegar sett er ný bót á gamalt fat, að það geti þótt sem einhver missmíði verði eftir. Ég vil ekki fara lengra út í umr. um þetta að sinni, en vil leyfa mér að óska eftir því, að frv. verði að loknum umr.

vísað til allshn. Ég taldi rétt að greiða fyrir frv., til þess að það gæti komizt til athugunar á þessu þingi, þó að það bærist mér svo seint í hendur; en ég get naumast búizt við að fá fullnaðarafgreiðslu á því.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

118. Sveitarstjórnarlög.

Á 41. fundi í Ed., 8. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 12, 31. maí 1927 (þmfrv., A. 337).

Á 43. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 11 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Í núv. sveitarstjórnarlögum er ákvæði um það, að 300 íbúar í kauptúni eða þorpi geti ákveðið að verða hreppur út af fyrir sig. Hefir þetta staðið um mörg ár og oft verið notað. Þetta er ósköp eðlilegt og sjálfsagt, því að í sjávarþorpum og kauptúnum þarf svo margt að gera, sem ekki er nauðsynlegt í sveitunum í kring. Má þar til nefna götugerð og holræsa, vatnsleiðslur o. fl.

Þó að þetta lágmark íbúafjölda sé ekki hátt, þá er það samt svo, að á nokkrum stöðum eru kauptún, sem ekki hafa svo marga íbúa, en hafa þó áhuga á því, að verða sérstök kauptún.

Með tilliti til þess og skv. óskum manna um þetta er hér flutt sú breyt. á lögunum, að lágmarkið verði fært niður í 200 íbúa, og verði þá takmörk þessara hreppa eða þorpa ákveðin í samráði við atvmrh.

Þetta er svo lítil breyt., að ég sé enga ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Legg ég svo til, að frv. verði vísað til allshn. þessarar hv. d.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

119. Óskilgetin börn.

Á 43. fundi í Ed., 10. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna (þmfrv., A. 351).

Á 45. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Guðrún Lárusdóttir): Ég þakka hv. deild fyrir leyfið.

Frv. þetta lá fyrir síðasta þingi. Kom það þá, eins og nú, of seint fram og náði ekki fram að ganga. Var það þá, eins og nú, borið fram að tilhlutun mæðrastyrksnefndarinnar, sem hefir nokkuð kynnt sér hagi fátækra barnsmæðra og orðið þess vör, að þeim gengur oft allerfiðlega að fá goldin meðlögin með börnum sínum.

Það getur átt sér margar orsakir og ekki æfinlega víst, að þær séu fyrst og fremst viljaleysi eða kæruleysi hlutaðeigandi manna, þó að það eigi sér vitanlega stað, en það geta líka verið aðrar orsakir, svo sem fjarvera mannsins, fjárþröng, heilsubilun eða ómegð. Undir öllum slíkum kringumstæðum er augljóst, að erfitt getur verið að fá greidd meðlög hjá þessum mönnum, og hefir mæðrastyrksnefndin orðið þess áskynja, að mörg móðirin hefir liðið bjargarleysi fyrir sig og barn sitt af þessari ástæðu. Þótt lög mæli svo fyrir, að barnsmeðlag skuli greitt af sveitarsjóði, þegar faðirinn bregzt skyldu sinni af einhverri ástæðu eða er ófær til að greiða meðlagið, þá mun mörg stúlkan hafa veigrað sér við því í lengstu lög að fara þá leiðina, ekki sízt á meðan þau ákvæði lag-

anna eru gildandi, að sveitinni væri ekki skylt að greiða barnsmeðlagið, fyrr en leitað hefði verið eftir meðlagsgreiðslu á meðal framfærsluskyldra vandamanna barnsómagans og gengið úr skugga um, að ómaginn kæmist ekki af án styrks.

Hér var um mjög óviðkunnanlegt ákvæði að ræða, sem ennþá stendur í 19. gr. fátækralaganna, og töfin, sem oft og einatt leiddi af því, og þjarkið, sem því var samfara oftast nær, kom sér venjulega mjög illa, eins og skiljanlegt er, þegar þess er gætt, að hér var jafnan brýn og bráð þörf, þar eð hlutaðeigandi er svo að segja blásnauð, munaðarlaus og úrræðalaus stúlka með smábarnið í fanginu. Það var því mikil bót í máli, er stjórnarráðið gaf í fyrra gildandi úrskurð um, að sveitasjóðir skyldu hlaupa undir bagga og leggja út barnsmeðlögin án þess að leita eftir getu vandamanna, sem alloft reyndist árangurslítið.

Ég gæti nefnt dæmi, sem sýndu, hvaða vandræði stöfuðu af þessu ákvæði 19. gr. fátækralaganna fyrir utan þá ósanngirni að ætlast til þess, að t. d. lúnir foreldrar eða móðir stæði straum af tilkostnaði við framfærslu barnabarnsins, en faðir þess losnaði við sínar sjálfsögðu skyldur.

Sem betur fer, er nú bætt úr þessu misrétti með fyrrnefndum úrskurði stjórnarráðsins.

En það, sem þetta frv. fer fram á, er að breyta því lagaákvæði, að meðlagsfúlga, sem sveitin greiði barnsmóður fyrir hönd barnsföður, sé miðuð við meðalmeðlag í þeirri sveit, sem barnið dvelur í.

En eins og kunnugt er, er það meðlag ákveðið fyrir þrjú ár í senn af atvinnumálaráðuneytinu eftir tillögum sýslu- og bæjarstjórna.

Við það væri þó ekkert að athuga, ef þessi meðalmeðlög væru nokkurnveginn rífleg. En það eru þau venjulega ekki, heldur þvert á móti.

Fyrir síðastl. 3 ár voru þau ákveðin hér í bænum:

Fyrir börn frá	1— 4	ára	....	270 kr.
— — —	4— 9	—	....	215 —
— — —	9—14	—	....	250 —
— — —	14—16	—	....	60 —

Hér ræðir um helming meðgjafarinnar, þann helming sem föðurnum er gert að greiða. Að sjálfsögðu ber þó móðurinni að annast um hinn helminginn.

Nú vita það allir, að verkakaup karls og konu er harla ólíkt, þar sem konan ber oftast meira en helmingi minna úr býtum en karlmaðurinn. Virðist það því allórétt, að hún eigi að bera sömu gjöld sem hann, og það er mjög eðlilegt, að móðurinni veitizt erfitt að greiða meðlag með barni sínu af sínu lága kaupi, enda veit ég, að margar barnsmæður hafa reytt sig og rúið og gengið alls á mis til þess að geta staðið í skilum með barnsmeðgjöfina. Og þar að auki verða þær að borga hærri meðgjöf heldur en faðirinn, þegar meðlag hans er miðað við meðalmeðgjöfina.

Segjum t. d., að stúlka ráðstafi barni sínu á barnaheimilið hérna í bænum. Þar er mánaðarmeðgjöfin 60 kr. á mánuði. Upp í þessar 60 kr. koma svo kr. 22.70 á mánuði, meðalmeðgjöf sveitarinnar. Er þá ekki um annað að gera en að móðirin borgi mismuninn, og er fljótséð, að hann verður alls ekki svo lítill yfir allt árið. M. ö. o., barnsmóðirin greiðir allt að því helmingi meira með barni sínu en barnsfaðirinn, þegar meðlag hans er miðað við það meðalmeðlag, sem ég hefi hér talað um. Að vísu má til sanns vegar færa, að það megi ráðstafa barni á ódýrari hátt en hér er gert ráð fyrir, en að því er ég bezt veit, mun það ekki vera hægt hér í grennd að koma barni í góðan stað fyrir öllu minna en 50 kr. á mánuði.

Hafi stúlkan hinsvegar barn sitt sjálf og veiti viðtöku þessum 22 kr. og 70 au. mánuð hvern, þá mun ekki þurfa að lýsa því fyrir hv. þdm. hvaða býlífi hún lifir í, því að ekki er þess að vænta, að stúlka, sem bundin er yfir barni, geti unnið sér mikið inn. En af þessu getur hæglega leitt sitt af hverju, sem ég eyði ekki orðum að að sinni.

Nú munu allflestir meðlagsúrskurðir hljóða upp á eitthvað riflegri upphæð en meðalmeðgjöf tiltekur, enda þótt einhver hliðsjón kunni að vera höfð af henni. Það yrði því líklega í mörgum tilfellum nokkur bót fyrir þær stúlkur, sem hér eiga í hlut, ef sveitinni yrði gert að greiða meðlagið eftir úrskurði valdsmanns, en ekki eftir meðalmeðgjöf.

Nú kann einhver að óttast, að með þess-

ari breyt. yrði sveitarsjóðum bundinn baggi aukinna útgjalda, og í sumum tilfellum játa ég, að svo kunni að verða. En með henni yrði betur tryggður réttur og tilvera vesalings barnanna, þeirra þjóðfélagsborgara, sem eiga sér ekki annars úrkosta en að flýja á náðir sveitarinnar þegar á morgni æskunnar, og ef það yrði örlítil hjálp til þess að gera þá að nýtari og hraustari mönnum en ella myndi, þá virðist mér hér vera lagt í sjóð, sem á sínum tíma mun geta borið þjóðinni góða vexti.

2. gr. frv. fer fram á, að frestur til að krefjast barnsfararkostnaðar verði lengdur úr 6 mánuðum í 12 mánuði.

Það hefir komið fyrir, ekki ósjaldan, að stúlkur hafa misst af barnsfararfúlgunni sökum þess, að þær höfðu ekki varað sig á því, að gjaldfrestur á greiðslu barnsfararkostnaðar er aðeins 6 mánuðir, en barnsfaðernismál má draga að höfða í eitt ár eftir að barnið fæðist. Sýnist því öll sanngirni mæla með því, að frestur þessi verði lengdur eins og frv. fer fram á.

Ég orðlengi þá ekki meira um málið að sinni, en óska, að því verði vísað til hv. allshn. að lokinni 1. umr. Sú hv. nefnd hefir þegar með höndum mál svipað þessu, og vil ég þá jafnframt láta í ljós þá eindregnu ósk, að hv. nefnd fari sem fyrst að skila af sér þeim málum. Ég álít að þau mál séu ekki þýðingarminni fyrir þjóð vora en önnur mál, sem hafa verið til umræðu í þessari hv. deild og allmiklum tíma varið til.

Ingvar Pálmason: Ég vil geta þess út af síðustu ummælum hv. flm., að til allshn. hefir komið allmikið af málum og hefir verið reynt að afgreiða þau eftir fremsta megni. En viðvíkjandi fátækramálunum er það að segja, að allshn. væri þökk á að hún fengi bráðum að sjá fyrir endann á frv. af því tagi, því að hún hefir hugsað sér að taka þau öll fyrir í einu. Ef svo má skilja hv. flm., að ekki sé von á fleiri slíkum frv., býst ég við, að allshn. athugi þessi mál bráðlega. Annars tel ég ekki ástæðu til að væna nefndina um, að hún afgreiði ekki störf sín.

Flm. (Guðrún Lárusdóttir): Ég var ekki að ávíta nefndina, heldur að brýna hana, af því mér virðist það engin vanþörf að því er þetta mál snertir. Annars þakka ég hv. form. n. fyrir undirtektir hans við orð mín.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Með því að þing var rofið næsta dag varð þessi hinztur fundur deildarinnar.

---

120. Einkasala á steinolíu.

Á 43. fundi í Ed., 10. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um einkasöluheimild ríkisstjórnarinnar á steinolíu (þmfrv., A. 356).

Á 45. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 9 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jón Baldvinsson): Á undanförnum þingum hafa verið fluttar þáltill., þar sem hefir verið skorað á stj. að nota sér heimild um einkasölu á steinolíu skv. lögum nr. 77 1917. Þessi lög voru sett eftir allmikið þjark á sínum tíma, eftir að landsmenn höfðu séð, hve herfilega þeir höfðu verið flegnir af því olíufélagi, sem hér hafði haft tögl og hagldir. Reynslan hafði og sýnt á stríðstímunum, að kaupmennirnir, bjargvættir hjóðarinnar, höfðu ekki reynzt einhlítir á þessu sviði fremur en öðrum.

Heimild þessi var þó ekki notuð fyrr en í byrjun ársins 1923. Stóð einkasalan fram til 1925, en þá var hún lögð niður fyrir tilstilli íhaldsmanna. Þó að deilt væri um olíuverzlunina á sínum tíma, þá var þó víst, að hún naut vinsælda útvegsmanna, enda fundu þeir bezt muninn frá því, sem áður var.

Landsverzluninni tókst að lækka olíuverðið allverulega. Hún tók upp þá nýbreytni að flytja hingað steinolíu í stáltunnum. Áður var öll olía flutt hingað í trétunnum og ódrýgðist við það að stór miklum mun, jafnvel eftir því sem sagt

hefir verið, að einum fjórða hluta, en landsmenn urðu að borga brúsann. Þessar framfarir voru mikils virði út af fyrir sig. En þrátt fyrir það, þótt hinir smærri útvegsmenn fylktu sér utan um olíuverzlunina meðan hún var í höndum ríkisins, var hún þó lögð niður vegna fárra manna, sem höfðu umboð fyrir steinolíufélög.

Við jafnaðarmenn höfum flutt þáltill. í 3 ár um að taka einkasöluna upp aftur. Margir framsóknarmenn hafa og verið þessu hlynntir, og einn ráðh. þess flokks, Magnús heit. Kristjánsson, var jafnan ákveðinn fylgismaður einkasölunnar.

Tillögur okkar jafnaðarmanna hafa verið felldar. Ýmsu hefir verið borið við, og sumt af því hefir haft við rök að styðjast. M. a. hefir verið sagt, að nú væri svo breytt um fyrirkomulag á olíusölunni, þar sem nú væru hér komnir olíutankar, að ekki væri hægt að nota heimildina. Þetta hefir við rök að styðjast, og til að bæta úr þessu, höfum við hv. þm. Ak. flutt frv. á þskj. 356, þess efnis, að bætt sé inn í heimildina ákvæði um, að taka megi olíugeyma eignarnámi af steinolíufélögunum. Það er ekki hægt að ganga framhjá því, að óhugsandi er, að ríkið geti samþ. að taka að sér einkasölu á steinolíu, án þess að gera um leið ráðstafanir, sem yrðu þess valdandi, að þeim olíufélögum, sem hér eiga stöðvar, sé gefinn þess kostur að koma þeim í peninga. Enda getur það vel hugsast, að landsmönnum sé full þörf á því að eignast 2 stærstu stöðvarnar, sem hér eru nú. Ég fyrir mitt leyti tel því ekki neitt til fyrirstöðu, að ríkið annaðhvort kaupi eða leigi þær stöðvar.

Þá er ekki hægt að sjá annað en að farið verði að nota olíuvélar í skip í framtíðinni, svo þar kemur allmikil aukin sala á olíu; auk þess eru hér nú eitthvað 1000 mótorbátar, og allir vita, að þeir nota mikla olíu, enda ekkert útlit fyrir, að þeir verði lagðir niður eða þeim fækkað.

Þá má og telja bíla. Þeir nota sem kunnugt er mikið af benzíni, en í frv. er einnig gert ráð fyrir einkasölu á því. Það má telja líklegt, að bílar verði mjög tengdir við framtíðarsamgöngur á landi hér.

Eignir steinolíufél. og það, sem bundið er í þessari verzlun, skiptir millj. kr. Ég skal ekki að svo stöddu fullyrða, hve mikið það er, en ég veit, að það eru margar millj. kr. Og þó um margar millj. sé að ræða, þá hika ég ekki við að bera fram frv. um þetta og greiða því atkv. Ég hika ekki við þetta, þar eð ég vil, að landsmenn fái olíu með sannvirði á hverjum stað og tíma. Enda er þetta, eins og öllum er kunnugt, afarmikið atriði fyrir sjávarútveginn og samgöngur á landi.

Hjá olíufél. er engin samkeppni. Ef eitt þeirra breytir verði, þá breyta hin því líka, samtímis og jafnmikið. Ef ekki er tekin upp einkasala, þá verður hér á engin breyting. Ég er ekki að halda því fram, að steinolíukaupmenn séu verri en aðrir menn, en þeir hafa réttinn og nota sér hann auðvitað eins ítarlega og þeir geta og þora.

Mörg lönd stynja undir þessari sömu byrði. Það eru og fleiri lönd en Ísland, sem reynt hafa að koma upp einkasölu á steinolíu, og losna undan oki olíuhringanna. Þjóðverjar ætluðu um skeið að taka einkasölu á steinolíu, en þá voru þeir sigruð þjóð, en olíufélögin svo sterk þar í landi, að ekkert varð úr því.

Hér virðist olíusala vera mjög arðberandi fyrirtæki, og ríkinu ætti ekki að veitast erfiðara að veita sölunni forstöðu en félögunum, og ég sé ekki, að olíuhringar heimsins hafi hér nein þau völd, að þeir geti kúgað okkur.

Hvernig sem þessu er velt fyrir sér, þá býst ég við, að allir viðurkenni nauðsyn þess að hafa hönd í bagga um verðlag þessarar nauðsynjavöru. Og ég sé ekki neitt annað ráð þar til en að ríkið taki einkasölu á olíu í sínar hendur.

Þetta mál er nú að vísu orðið þaulrætt þing eftir þing, en ég vona samt, að hv. d. láti rannsaka það í nefnd. Ég veit ekki gerla, hvar það á bezt heima. Það er sjávarútvegsmál, samgöngumál og fjárhagsatriði. En af því að mig minnir, að það hafi áður legið fyrir sjútvn. þingsins, þá vildi ég mælast til, að því yrði vísað þangað að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 7 : 1 atkv. og til sjútvn. með 7 shlj. atkv.

Með því að þing var rofið næsta dag, varð þessi hinztur fundur deildarinnar.

121. Kosningar í sveitamálum og kaupstaða.

Á 44. fundi í Ed., 11. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 59 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða (þmfrv., A. 368).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

122. Fasteignamat.

Á 44. fundi í Ed., 11. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat (þmfrv., A. 370).

Frv. var aldrei á dagskrá tekið.

123. Lokunartími sölubúða.

Á 45. fundi í Ed., 13. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum (þmfrv., A. 383).

Frv. var aldrei tekið á dagskrá.

124. Berklavarnir.

Á fyrirhuguðum 46. fundi í Nd., 14. apríl, skyldi útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 80, 14. júní 1929, um varnir gegn berklaveiki (A. 392),
en sá fundur féll niður vegna þingrofsins.

125. Kosning þingmanns fyrir Siglufjörð.

Sama gildir um:
Frv. til l. um kosning þingmanns fyrir Siglufjarðarkaupstað (A. 398).

126. Kosning þingmanns fyrir Neskaupstað.

Sama gildir og um:
Frv. til l. um kosning þingmanns fyrir Neskaupstað (A. 399).